ÍSLENSK útgáfa

EES-viðbætir

ISSN 1022-9337

við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins

Nr. 4

20. árgangur

24.1.2013

I EES-STOFNANIR

1. Sameiginlega EES-nefndin

2013/EES/4/01 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 4. ágúst 2006 um samþykkt greiningarhandbókar um fuglainflúensu eins og kveðið er á um í tilskipun ráðsins 2005/94/EB (2006/437/EB) 1

2013/EES/4/02 Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2455/2001/EB frá 20. nóvember 2001 um að taka saman skrá yfir forgangsefni að því er varðar stefnu í vatnsmálum og um breytingu á tilskipun 2000/60/EB 28

2013/EES/4/03 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 24. júlí 2002 um leiðbeiningar sem bætast við II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB um sleppingu erfðabreyttra lífvera út í umhverfið og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 90/220/EBE (2002/623/EB)..... 33

2013/EES/4/04 Ákvörðun ráðsins frá 3. október 2002 um leiðbeiningar sem bætast við VII. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB um sleppingu erfðabreyttra lífvera út í umhverfið og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 90/220/EBE (2002/811/EB) 45

2013/EES/4/05 Ákvörðun ráðsins frá 3. október 2002 um eyðublað, samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB, fyrir samantekt upplýsinga í tengslum við að setja erfðabreyttar lífverur á markað sem vörur eða hluta af vörum (2002/812/EB) 55

2013/EES/4/06 Ákvörðun ráðsins frá 3. október 2002 um eyðublað, samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB, fyrir samantekt tilkynninga um sleppingu erfðabreyttra lífvera út í umhverfið í öðrum tilgangi en að setja þær á markað (2002/813/EB)..... 80

2013/EES/4/07 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 29. september 2003 um eyðublað, samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB, fyrir niðurstöður er varða sleppingu erfðabreyttra háplantna út í umhverfið í öðrum tilgangi en að setja þær á markað (2003/701/EB)..... 102

2013/EES/4/08 Tilskipun ráðsins 2006/96/EB frá 24. nóvember 2008 um aðlögun tiltekinna tilskipana á sviði frjálsra vöruflutninga vegna aðildar Búlgaríu og Rúmeníu 110

2013/EES/4/09 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 12. maí 2003 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 að því er varðar fóðrun tiltekinna hræfugla á tilteknum efnum úr 1. flokki (2003/322/EB)..... 137

2013/EES/4/10 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 12. maí 2003 um undanþágu frá banni við endurvinnslu, þegar um er að ræða eina og sömu loðdýrategundina, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 (2003/324/EB) 140

2013/EES/4/11 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 17. janúar 2003 um röðun tiltekinna byggingarvara í flokka eftir nothæfi með tilliti til viðbragða við bruna (2003/43/EB) ... 143

2013/EES/4/12 Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/14/EB frá 8. mars 2007 um nákvæmar reglur til framkvæmdar tilteknum ákvæðum tilskipunar 2004/109/EB um samhæfingu krafna um gagnsæi í tengslum við upplýsingar um útgefendur verðbréfa sem eru skráð á skipulegan markað ... 145

2013/EES/4/13 Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar frá 11. október 2007 um rafrænt net opinberra kerfa til miðlægrar geymslu upplýsinga sem reglur kveða á um og um getur í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EBE (tilkynnt með númer C(2007) 4607) (2007/657/EB) ... 155

2013/EES/4/14 Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/48/EB frá 14. júní 2006 um stofnun og rekstur lánastofnana (endursamin) ... 162

2013/EES/4/15 Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/49/EB frá 14. júní 2006 um eiginfjárkröfur fjárfestingarfyrirtækja og lánastofnana (endursamin) ... 362

2013/EES/4/16 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 8/2008 frá 11. desember 2007 um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 að því er varðar sameiginlegar tæknikröfur og stjórnsýslumeðferð sem gilda um flutningaflug ... 417

2013/EES/4/17 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 331/2008 frá 11. apríl 2008 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 474/2006 um að stofna skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins ... 623

2013/EES/4/18 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 6. júní 2001 um að koma á fót samstarfsnefnd evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila (2001/527/EB) ... 637

2013/EES/4/19 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 6. júní 2001 um að koma á fót evrópskri verðbréfanefnd (2001/528/EB) ... 639

2013/EES/4/20 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 29. október 2007 um breytingu á ákvörðun 2007/116/EB með tilliti til þess að fjölga fráteknum númerum sem byrja á „116“ (2007/698/EB) ... 641

2013/EES/4/21 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 16. maí 2007 um samhæft aðgengi að upplýsingum um notkun tíðnirófsins innan Bandalagsins (2007/344/EB) ... 643

2013/EES/4/22 Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 294/2008 frá 11. mars 2008 um stofnun Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu ... 647

2013/EES/4/23 Túlkunarorðsending um aðferðir við skráningu vélknúinna ökutækja sem upprunnin eru í öðru aðildarríki ... 659

2013/EES/4/24 Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 109/2008 frá 15. janúar 2008 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1924/2006 um næringar- og heilsufullyrðingar er varða matvæli ... 669

2013/EES/4/25 Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/17/EB frá 19. febrúar 2008 um breytingu á tilteknum viðaukum við tilskipanir ráðsins 86/362/EBE, 86/363/EBE og 90/642/EBE að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir asefat, asetamípríð, asíbensólar-S-metýl, aldrín, benalaxýl, benómýl, karbendasím, klórmekvat, klórþalóníl, klórpýrifos, klófentesín, sýflútrín, sýpermetrín, sýrómasín, díeldrín, dímetóat, díþíókarbamöt, esfenvalerat, famoxadón, fenhexamíð, fenítróþíón, fenvalerat, glýfosat, indoxakarb, lambda-sýhalótrín, mepanípýrim, metalaxýl-M, metídaþíón, metoxýfenósíð, pýmetrósín, pýraklóstróbín, pýrimetaníl, spíroxamín, þíaklópríð, þíófanatmetýl og trífloxýstróbín ... 671

2013/EES/4/26	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 61/2008 frá 24. janúar 2008 um breytingu á II. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu að því er varðar dínóprostón	705
2013/EES/4/27	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 715/2008 frá 24. júlí 2008 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 474/2006 um að stofna skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins	707
2013/EES/4/28	Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar frá 5. júní 2008 um takmörkun á einkaréttarábyrgð löggiltra endurskoðenda og endurskoðunarfyrirtækja (2008/473/EB)	723
2013/EES/4/29	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 21. febrúar 2008 um viðbótarábyrgðir í viðskiptum innan Bandalagsins með svín í tengslum við Aujeszkys-veiki og um viðmiðanir fyrir upplýsingar sem skal veita um sjúkdóminn (2008/185/EB)	725
2013/EES/4/30	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 5. ágúst 2008 um samræmda notkun tíðnirófs fyrir þráðlausar sendingar á tíðnisviðinu 5 875-5 905 MHz til öryggistengdrar notkunar í skynvæddum flutningakerfum (2008/671/EB)	737
2013/EES/4/31	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 13. ágúst 2008 um breytingu á ákvörðun 2005/928/EB um samræmingu á tíðnisviðinu 169,4-169,8125 MHz í Bandalaginu (2008/673/EB)	740
2013/EES/4/32	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 30. júní 2008 um samráðsvettvang um visthönnun (2008/591/EB)	741
2013/EES/4/33	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 3. febrúar 2009 um breytingu á ákvörðun 2002/364/EB um sameiginlegar tækniforskriftir fyrir lækningabúnað til sjúkdómsgreiningar í glasi (2009/108/EB)	746
2013/EES/4/34	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 21. desember 2006 um að ákveða samræmdar nýtniviðmiðanir við aðskilda framleiðslu raforku og varma við beitingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/8/EB (2007/74/EB)	762
2013/EES/4/35	Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar frá 23. janúar 2009 um viðmiðunarreglur um bestu starfsvenjur við framkvæmd að því er varðar eftirlit með skráningarbúnaði sem á að fara fram við vegaeftirlit eða á viðurkenndu verkstæði (2009/60/EB)	768
2013/EES/4/36	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 17. desember 2008 um breytingu á ákvörðun 2007/589/EB í því skyni að fella inn í hana viðmiðunarreglur um vöktun og skýrslugjöf vegna losunar á nituroxíði (2009/73/EB)	781
2013/EES/4/37	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 16. apríl 2009 um breytingu á ákvörðun 2007/589/EB í því skyni að fella inn í hana viðmiðunarreglur um vöktun og skýrslugjöf vegna losunar og upplýsinga um tonnkílómetra í tengslum við flugstarfsemi (2009/339/EB)	793
2013/EES/4/38	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 504/2008 frá 6. júní 2008 um framkvæmd tilskipana ráðsins 90/426/EBE og 90/427/EBE að því er varðar aðferðir til að auðkenna dýr af hestaætt	813
2013/EES/4/39	Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/54/EB frá 18. júní 2009 um hagnýtingu og setningu ölkelduvatns á markað (endurútgáfa)	843
2013/EES/4/40	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 20. nóvember 2008 um skilgreiningu sniðs fyrir upplýsingarnar sem aðildarríkin senda í samræmi við iii. lið b-liðar 4. mgr. 7. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 850/2004 (2009/63/EB)	857

2013/EES/4/41 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 479/2007 frá 27. apríl 2007 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2076/2005 um bráðabirgðafyrirkomulag vegna framkvæmdar reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004, (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004 og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 853/2004 og (EB) nr. 854/2004 859

2013/EES/4/42 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1023/2008 frá 17. október 2008 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2076/2005 að því er varðar framlengingu aðlögunartímabilsins sem veitt er stjórnendum matvælafyrirtækja er flytja inn fisklýsi, ætlað til manneldis 861

2013/EES/4/43 Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/28/EB frá 29. apríl 1998 um undanþágu frá tilteknum ákvæðum tilskipunar 93/43/EBE um hollustuhætti í matvælaiðnaði að því er varðar sjóflutninga á hrásykri í lausri vigt..... 863

2013/EES/4/44 Tilskipun ráðsins 2008/120/EB frá 18. desember 2008 um lágmarkskröfur er varða vernd svína 865

2013/EES/4/45 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 18. mars 2009 um breytingu á ákvörðun 2008/185/EB að því er varðar skilyrði á sviði heilbrigðis dýra fyrir viðskipti með svín milli aðildarríkja eða héraða þeirra sem eru laus við Aujeszkys-veiki (2009/248/EB) ... 874

2013/EES/4/46 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 20. mars 2009 um breytingu á ákvörðun 2003/135/EB að því er varðar áætlanir um útrýmingu og neyðarbólusetningu gegn svínapest í villtum svínum á tilteknum svæðum í sambandslöndunum Nordrhein-Westfalen og Rheinland-Pfalz (Þýskalandi) (2009/255/EB) 875

2013/EES/4/47 Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/128/EB frá 22. desember 2008 um sérstök hreinleikaskilyrði fyrir litarefni til notkunar í matvæli..... 879

2013/EES/4/48 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 26. október 2009 sem leysir Breska konungsríkið undan tilteknum skuldbindingum um að beita tilskipun ráðsins 66/402/EBE að því er varðar *Avena strigosa* Schreb. (2009/786/EB) 923

2013/EES/4/49 Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/64/EB frá 13. júlí 2009 um deyfingu rafsegultruflana frá dráttarvélum fyrir landbúnað eða skógrækt (rafsegulsviðssamhæfi) 924

2013/EES/4/50 Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar frá 29. júní 2009 um ráðstafanir til að bæta starfsemi innri markaðarins (2009/524/EB)..... 999

2013/EES/4/51 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 20. desember 2007 um breytingu á ákvörðun 2004/407/EB um bráðabirgðareglur varðandi hreinlæti og vottun samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 að því er varðar innflutning á gelatíni til ljósmyndunar frá tilteknum þriðju löndum (2008/48/EB) 1009

2013/EES/4/52 Ákvörðun ráðsins frá 23. júní 2008 um skipun helmings stjórnarmanna í stjórn Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (2008/486/EB)..... 1015

2013/EES/4/53 Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/62/EB frá 13. júlí 2009 um flöt til að festa skráningarmerki að aftan á vélknúin ökutæki sem eru á tveimur eða þremur hjólum..... 1017

2013/EES/4/54 Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/79/EB frá 13. júlí 2009 um handföng fyrir farþega á vélknúnum ökutækjum sem eru á tveimur hjólum 1025

2013/EES/4/55 Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/80/EB frá 13. júlí 2009 um merkingu stjórnrofa, gaumljósa og merkjabúnaðar á vélknúnum ökutækjum sem eru á tveimur eða þremur hjólum 1032

2013/EES/4/56 Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/63/EB frá 13. júlí 2009 um tiltekna hluta og eiginleika dráttarvéla á hjólum fyrir landbúnað eða skógrækt 1045

2013/EES/4/57 Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/66/EB frá 13. júlí 2009 um stýrisbúnað dráttarvéla á hjólum fyrir landbúnað eða skógrækt 1056

2013/EES/4/58 Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/76/EB frá 13. júlí 2009 um hávaðamörk fyrir ökumenn dráttarvéla á hjólum fyrir landbúnað eða skógrækt 1063

2013/EES/4/59 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 4. júní 2009 um breytingu á viðaukanum við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/95/EB, að því er varðar undanþágur varðandi notkun blýs sem íbótarefni í Faraday-snúð af RIG-gerð, sem notaður er í fjarskiptakerfi með ljósleiðurum, í því skyni að laga hann að tækniframförum (2009/428/EB)..... 1074

2013/EES/4/60 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 10. júní 2009 um breytingu á viðaukanum við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/95/EB, að því er varðar undanþágur varðandi notkun blýs, kadmíums og kvikasilfurs, í því skyni að laga hann að tækniframförum (2009/443/EB)..... 1076

2013/EES/4/61 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 14. desember 2009 um breytingu á ákvörðun 2007/230/EB um eyðublað varðandi ákvæði félagsmálalöggjafarinnar er varða flutninga á vegum (2009/959/ESB) 1078

2013/EES/4/62 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 2. október 2009 um fyrirkomulag upplýsingaskipta með rafrænum hætti milli aðildarríkjanna skv. VI. kafla tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/123/EB um þjónustu á innri markaðnum (2009/739/EB)..... 1080

2013/EES/4/63 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/543/EB frá 13. ágúst 2008 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis Bandalagsins fyrir utanhússmálningu og –lökk (2009/543/EB) 1083

2013/EES/4/64 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 13. ágúst 2008 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis Bandalagsins fyrir innanhússmálningu og –lökk (2009/544/EB)..... 1095

2013/EES/4/65 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/563/EB frá 9. júlí 2009 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis Bandalagsins fyrir skófatnað (2009/563/EB)..... 1105

2013/EES/4/66 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 9. júlí 2009 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis Bandalagsins fyrir tjaldstæði (2009/564/EB) 1114

2013/EES/4/67 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 9. júlí 2009 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis Bandalagsins fyrir textílvörur (2009/567/EB)..... 1137

2013/EES/4/68 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 9. júlí 2009 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis Bandalagsins fyrir gistiaðstöðu í ferðaþjónustu (2009/578/EB)..... 1154

2013/EES/4/69 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 9. júlí 2009 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis Bandalagsins fyrir harðar klæðningar (2009/607/EB) 1177

2013/EES/4/70 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 22. september 2008 um útlit staðlaðs eyðublaðs sem um getur í 17. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 561/2006 (2009/810/EB) 1195

2013/EES/4/71 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 30. júlí 2008 um breytingu á tilskipun ráðsins 82/894/EBE um tilkynningu dýrasjúkdóma innan Bandalagsins í því skyni að færa tiltekna sjúkdóma á skrána yfir tilkynningarskylda sjúkdóma og fella lömunarveiki í svínum brott úr sömu skrá (2008/650/EB) 1202

2013/EES/4/72 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 26. mars 2009 um lengingu á gildistíma ákvörðunar 2006/502/EB þar sem þess er krafist að aðildarríkin geri ráðstafanir til að tryggja að einungis barnheldir kveikjarar verði settir á markað og banni að kveikjarar með óhefðbundið útlit verði settir á markað (2009/298/EB)..... 1207

2013/EES/4/73 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 12. mars 2010 um lengingu á gildistíma ákvörðunar 2006/502/ESB þar sem þess er krafist að aðildarríkin geri ráðstafanir til að tryggja að einungis barnheldir kveikjarar verði settir á markað og banni að kveikjarar með óhefðbundið útlit verði settir á markað (2010/157/ESB) 1208

2013/EES/4/74 Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB frá 13. júlí 2009 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum að því er varðar verðbréfasjóði (UCITS) (endurútgefin) 1209

2013/EES/4/75 Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/83/EB frá 27. júlí 2009 um breytingu á tilteknum viðaukum við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/48/EB að því er varðar tæknileg ákvæði um áhættustýringu..... 1274

2013/EES/4/76 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 8. febrúar 2010 um undanþágu frá því að færa díasínón á skrá í I. viðauka, I. viðauka A eða I. viðauka B við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB um markaðssetningu sæfiefna (2010/71/ESB)..... 1282

2013/EES/4/77 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 8. febrúar 2010 um að færa tiltekin efni ekki á skrá í I. viðauka, I. viðauka A eða I. viðauka B við tilskipun vrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB um markaðssetningu sæfiefna (2010/72/ESB)..... 1284

2013/EES/4/78 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 9. febrúar 2010 um nýjan frest til að leggja fram málsskjöl fyrir tiltekin efni sem rannsökuð verða í 10 ára vinnuáætluninni sem um getur í 2. mgr. 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB (2010/84/ESB)..... 1299

2013/EES/4/79 Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 392/2009 frá 23. apríl 2009 um bótaábyrgð flutningsaðila vegna slysa við farþegaflutninga á sjó 1301

2013/EES/4/80 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 388/2010 frá 6. maí 2010 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 998/2003 að því er varðar hámarksfjölda gæludýra af tilteknum tegundum, sem kunna að sæta flutningum sem ekki eru viðskiptalegs eðlis..... 1324

2013/EES/4/81 Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 438/2010 frá 19. maí 2010 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 998/2003 um kröfur um heilbrigði dýra, sem gilda um flutninga, sem ekki eru viðskiptalegs eðlis, á gæludýrum..... 1325

2013/EES/4/82 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 29. mars 2010 um breytingu á III. viðauka við ákvörðun 2003/467/EB að því er varðar yfirlýsingu þess efnis að tiltekin stjórnsýslusvæði í Póllandi og Portúgal séu opinberlega laus við smitandi hvítblæði í nautgripum (2010/188/ESB)..... 1333

2013/EES/4/83 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 29. mars 2010 um breytingu á ákvörðun 2003/135/EB að því er varðar áætlanir um útrýmingu svínapestar og neyðar-bólusetningu gegn henni í villtum svínum á tilteknum svæðum í sambandslöndunum Nordrhein-Westfalen og Rheinland-Pfalz (Þýskalandi) (2010/193/ESB) 1336

2013/EES/4/84 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 11. maí 2010 um breytingu á II. viðauka við ákvörðun 2008/185/EB að því er varðar það að færa Írland á skrána yfir svæði þar sem samþykkt, landsbundin varnaráætlun gegn Aujeszkys-veiki liggur fyrir (2010/271/ESB) 1339

2013/EES/4/85 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 6. ágúst 2010 um breytingu á I. og II. viðauka við ákvörðun 2008/185/EB að því er varðar það að bæta Slóveníu við á skrá yfir aðildarríki sem eru laus við Aujeszkys-veiki og að bæta Póllandi og tilteknum svæðum á Spáni við á skrá yfir aðildarríki þar sem samþykkt, landsbundin varnaráætlun vegna sjúkdómsins er fyrir hendi (2010/434/ESB) 1341

2013/EES/4/86 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 15. október 2009 um breytingu á ákvörðun 2009/821/EB að því er varðar skrána yfir skoðunarstöðvar á landamærum (2009/822/EB) 1345

2013/EES/4/87 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 20. nóvember 2009 um breytingu á ákvörðun 2005/176/EB um kerfisbundið eyðublað og kóða fyrir tilkynningu um dýrasjúkdóma samkvæmt tilskipun 82/894/EBE (2009/847/EB) 1346

2013/EES/4/88 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 17. mars 2010 um breytingu á ákvörðun 2005/176/EB um kerfisbundið eyðublað og kóða fyrir tilkynningu um dýrasjúkdóma samkvæmt tilskipun ráðsins 82/894/EBE (2010/160/ESB) 1347

2013/EES/4/89 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 25. maí 2010 um breytingu á ákvörðun 2001/672/EB að því er varðar þau tímabil þegar nautgripir eru fluttir til sumarbeitilanda (2010/300/ESB) 1348

2013/EES/4/90 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 25. maí 2010 um breytingu á ákvörðun 2004/407/EB að því er varðar leyfi til innflutnings á gelatíni til ljósmyndunar til Tékklands (2010/301/ESB) 1349

2013/EES/4/91 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1142/2010 frá 7. desember 2010 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1266/2007 að því er varðar gildistímabil aðlögunarráðstafananna varðandi skilyrðin fyrir því að undanþiggja tiltekin dýr brottfararbanninu sem kveðið er á um í tilskipun ráðsins 2000/75/EB 1352

2013/EES/4/92 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 1. október 2010 um leyfi fyrir tiltekna rannsóknarstofu í Rússlandi til að framkvæma sermiprófanir til að vakta skilvirkni bóluefna við hundaæði (2010/591/ESB) 1354

2013/EES/4/93 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 17. desember 2009 um leyfi fyrir heilsufullyrðingu um áhrif vatnsleysanlegs tómatþykknis á blóðflagnaþyrpingar og um að veita gögnum, sem njóta einkaleyfisverndar, vernd samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1924/2006 (2009/980/ESB) 1355

2013/EES/4/94 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 24. september 2010 um breytingu á viðaukanum við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/95/EB, að því er varðar undanþágur varðandi búnað sem inniheldur blý, kvikasilfur, kadmíum, sexgilt króm, fjölbrómuð bífenýl eða fjölbrómaða dífenýletera, í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði vísinda og tækni (2010/571/ESB) 1358

2013/EES/4/95 Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB frá 25. nóvember 2009 um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði vátrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) (endurútgefin) 1365

2013/EES/4/96 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 5. febrúar 2010 um föst samningsákvæði vegna flutnings persónuupplýsinga til vinnsluaðila með staðfestu í þriðju löndum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB (2010/87/ESB) 1520

2013/EES/4/97 Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB frá 19. nóvember 2008 um úrgang og um niðurfellingu tiltekinna tilskipana 1534

2013/EES/4/98 Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar frá 13. janúar 2010 um örugg skipti á rafrænum gögnum milli aðildarríkjanna til að ganga úr skugga um að ökumannskort, sem þau gefa út, séu aðeins til í einu eintaki (2010/19/ESB) 1562

2013/EES/4/99 Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/1/EB frá 15. janúar 2008 um samþættar ráðstafanir til að fyrirbyggja og takmarka mengun 1566

2013/EES/4/100 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 11. desember 2007 um að samþykkja áætlanir um varnir gegn salmonellu í hópum undaneldisfugla af tegundinni *Gallus gallus* í tilteknum þriðju löndum í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2160/2003 og um breytingu á ákvörðun 2006/696/EB að því er varðar tilteknar kröfur á sviði lýðheilsu við innflutning á alifuglum og útungunareggjum (2007/843/EB) 1588

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna

2. Eftirlitsstofnun EFTA

3. EFTA-dómstóllinn

III ESB-STOFNANIR

1. Framkvæmdastjórnin

ESB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2013/EES/4/01**

frá 4. ágúst 2006

um samþykkt greiningarhandbókar um fuglainflúensu eins og kveðið er á um í tilskipun ráðsins 2005/94/EB (*)

(tilkynnt með númeri C(2006) 3477)

(2006/437/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2005/94/EB frá 20. desember 2005 um ráðstafanir Bandalagsins um varnir gegn fuglainflúensu og niðurfellingu tilskipunar 92/40/EBE ([1]), einkum annarrar undirgreinar 1. mgr. 50. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 2005/94/EB er kveðið á um tilteknar forvarnarráðstafanir varðandi eftirlit og snemmbúna greiningu á fuglainflúensu og einnig um lágmarksvarnarráðstafanir sem grípa skal til ef sjúkdómurinn kemur upp hjá alifuglum og öðrum fuglum sem eru í haldi.

2) Nauðsynlegt er að mæla á vettvangi Bandalagsins fyrir um greiningaraðferðir, sýnatökuaðferðir og viðmiðanir fyrir mat á niðurstöðum úr prófunum á rannsóknarstofu til staðfestingar á uppkomu fuglainflúensu.

3) Í VII. viðauka við tilskipun 2005/94/EB er mælt fyrir um verkefni og skyldur tilvísunarrannsóknarstofu Bandalagsins fyrir fuglainflúensu til að samræma, í samráði við framkvæmdastjórnina, þær aðferðir sem eru notaðar í aðildarríkjunum til að greina sjúkdóminn. Þessi verkefni og skyldur fela m.a. í sér skipulagningu á reglubundnum samanburðarprófunum og útvegun á stöðluðum prófefnum innan Bandalagsins.

4) Nýlega hafa verið þróaðar prófanir á rannsóknarstofum til að tryggja skjóta greiningu á fuglainflúensu.

5) Á grundvelli þeirrar reynslu, sem fengist hefur með vörnum gegn fuglainflúensu á undanförnum árum, hafa verið skilgreindar þær sýnatökuaðferðir og viðmiðanir fyrir mat á niðurstöðum úr prófunum á rannsóknarstofum sem henta best til þess að fá fram rétta greiningu á þessum sjúkdómi við mismunandi aðstæður.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Greiningarhandbókin, sem kveðið er á um í tilskipun 2005/94/EB og sett er fram í viðaukanum við þessa ákvörðun, er samþykkt.

2. gr.

Aðildarríkin skulu nota greiningarhandbókina frá þeim degi þegar þau lögleiða tilskipun 2005/94/EB eða frá og með 1. júlí 2007, eftir því hvora dagsetninguna ber fyrr að.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 237, 31.8.2006, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 72/2007 frá 6. júlí 2007 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 60, 13.12.2007, bls. 1.

(1) Stjtíð. ESB L 10, 14.1.2006, bls. 16.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 4. ágúst 2006.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Markos KYPRIANOU

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

GREININGARHANDBÓK UM FUGLAINFLÚENSU

I. KAFLI

Inngangur, markmið og skilgreiningar

1. Til að tryggja samræmdar verklagsreglur við greiningu á fuglainflúensu í Bandalaginu eru í þessari greiningarhandbók settar fram:

   a) viðmiðunarreglur og lágmarkskröfur varðandi greiningaraðferðir, sýnatökuaðferðir og viðmiðanir við mat á niðurstöðum úr prófunum á rannsóknarstofu til að fá fram rétta greiningu á fuglainflúensu,

   b) prófanir á rannsóknarstofum, sem nota skal við greiningu á fuglainflúensu, og aðferðir,sem nota skal á rannsóknarstofum við arfgerðargreiningu á veirueinangrum fuglainflúensu,

   c) lágmarkskröfur um líföryggi og gæðastaðlar fyrir rannsóknarstofur, er annast greiningar, og fyrir flutning á sýnum.

2. Þessi greiningarhandbók er ætluð yfirvöldum sem bera ábyrgð á vörnum gegn fuglainflúensu. Hún fjallar því einkum um meginreglur og framkvæmd prófana á rannsóknarstofum og mat á niðurstöðum úr þeim ásamt aðferðum sem eru notaðar á rannsóknarstofum.

3. Auk skilgreininganna í 2. gr. tilskipunar 2005/94/EB gildir, að því er varðar þessa greiningarhandbók, einnig eftirfarandi skilgreining:

   „greiningarsýni“: allur efniviður úr dýrum, þ.m.t. heill skrokkur sem er fluttur til greiningar eða rannsóknar, að undanskildum lifandi, sýktum dýrum.

4. Staðfesting á fuglainflúensu í alifuglum og öðrum fuglum, sem eru í haldi, skal vera í samræmi við verklagsreglur, sýnatökuaðferðir og viðmiðanir við mat á niðurstöðum úr prófunum á rannsóknarstofum sem settar eru fram í þessari greiningarhandbók og hún skal byggjast á einni eða fleiri viðmiðunum í a-, b- eða c-lið:

   a) að smitandi veira, ónæmisvaki eða sérstakt erfðaefni greinist í sýnum úr vefjum, líffærum, blóði eða saur alifugla eða annarra fugla,

   b) að klínísk sjúkdómseinkenni greinist og að við skoðun eftir dauða komi vefjaskemmdir í ljós hjá fuglunum,

   c) að sértæk mótefnasvörun sé staðfest í blóðsýnum úr fuglunum.

5. Staðfesting á því að spendýr séu sýkt af völdum inflúensuveiru af stofni A úr fuglum, sem er annaðhvort mjög alvarleg eða, ef hún er væg af undirtegund H5 eða H7, skal byggjast á einni eða fleiri viðmiðunum í a- eða b-lið:

   a) greiningu á smitandi fuglainflúensuveiru, ónæmisvaka eða sértæku erfðaefni í sýnum úr vefjum, líffærum, blóði eða saur spendýra,

   b) staðfestingu á sértækri mótefnasvörun gegn fuglainflúensu í blóðsýnum úr spendýrum.

6. Verklagsreglur, sýnatökuaðferðir og viðmiðanir við mat á niðurstöðum úr prófunum á rannsóknarstofum skulu vera:

   a) þær sem settar eru fram í þessari greiningarhandbók eða

   b) þær sem lögbær yfirvöld leyfa, að því tilskildu að:

      i. sýnt hafi verið fram á, með samanburðarprófunum sem tilvísunarrannsóknarstofa Bandalagsins á sviði fuglainflúensu skipuleggur (tilvísunarrannsóknarstofa Bandalagsins), að leyfðar prófanir á rannsóknarstofum séu árangursríkar að því er varðar næmi og sérhæfni eða

      ii. ef tilvísunarrannsóknarstofa Bandalagsins hefur ekki unnið slíkt mat á tiltekinni tegund prófunar á rannsóknarstofu: næmi og sérhæfni leyfðu prófunarinnar á rannsóknarstofunni hafi verið fullgilt hjá tilvísunarrannsóknarstofu viðkomandi lands sem staðfestir að rannsóknarstofuprófunin skili tilætluðum árangri; niðurstöður slíkrar fullgildingar skal leggja fyrir tilvísunarrannsóknarstofu Bandalagsins sem fer yfir þær.

II. KAFLI

Lýsing á fuglainflúensu með áherslu á samanburðargreiningu

1. **Uppruni og meinvirkni**

Fuglainflúensa er bráðsmitandi veirusýking af völdum ortómýxóveira, veira af ættinni *Orthomyxoviridae*, ættkvíslinni *Influenzavirus A*. Inflúensuveirur af stofni A eru einu ortómýxóveirurnar sem vitað er að sýki fugla. Komið hefur í ljós að margar fuglategundir eru næmar fyrir inflúensuveirum af stofni A; vatnafuglar eru helstu smithýslar (e. *reservoir*) slíkra veira en langflestu einangrin hafa verið væg í kjúklingum og kalkúnum sem eru efnahagslega mikilvægustu fuglarnir sem sjúkdómurinn hefur áhrif á.

Inflúensuveirur af stofni A hafa kjarnprótín og ónæmisfræðilega tengd möttulprótín (e. *matrix proteins*) en þær eru flokkaðar í undirtegundir á grundvelli skyldleika ónæmisvaka á yfirborði í flokki rauðkornakekkisglýkóprótínanna (e. *glycoprotein haemagglutinin (HA)*) og nevramínídasa (NA). Eins og sakir standa þekkjast 16 undirtegundir rauðkornakekkis (HA) (H1–H16) og 9 undirtegundir nevramínídasa (NA) (N1–N9). Hver inflúensuveira af stofni A er með einn ónæmisvaka fyrir rauðkornakekki (HA) og einn ónæmisvaka fyrir nevramínídasa (NA) og allar samsetningar virðast vera hugsanlegar.

Inflúensuveirur af stofni A skiptast í tvo hópa eftir getu þeirra til að valda sjúkdómi hjá smitnæmum alifuglum:

a) **veirur alvarlegrar fuglainflúensu (HPAI)** sem valda mjög alvarlegum sjúkdómi sem einkennist af útbreiddri sýkingu í smituðum alifuglum og getur haft í för með sér mjög hátt dánarhlutfall í hópnum (allt að 100%) og

b) **veirur vægrar fuglainflúensu (LPAI)** sem valda vægum sjúkdómi í alifuglum, sem leggst aðallega á öndunarfæri, nema um sé að ræða elnun af völdum annarra samhliða sýkinga eða þátta.

Villtir fuglar, einkum vatnafuglar, sem eru farfuglar, eru afar þýðingarmiklir smithýslar fyrir inflúensuveirur af stofni A, eins og sést af því að nær allar hugsanlegar samsetningar HA- og NA-undirtegunda hafa verið einangraðar úr villtum fuglum. Að jafnaði greinast eingöngu veirur vægrar fuglainflúensu í villtum fuglum, nema þegar smitflæðis (e. *spill-over*) gætir frá alvarlegri fuglainflúensuveiru í smituðum alifuglum.

Fyrsta smit af völdum veira fuglainflúensuveira á alifuglabúum má að öllum líkindum rekja til beinnar eða óbeinnar snertingar við villta fugla.

Mögulegt er að vægar fuglainflúensuveirur af þessu tagi, sem koma að úr villtum smithýslum, geti verið í alifuglum án þess að þær greinist, þar eð klínísk einkenni eru oft væg eða engin.

Eftir að veirustofnar vægrar fuglainflúensuveiru af undirtegundum H5 og H7 hafa borist í alifugla geta þeir stökkbreyst í veirustofna alvarlegrar fuglainflúensu. Hingað til hefur eingöngu verið sýnt fram á að veirur af undirtegundunum H5 og H7 valdi alvarlegri fuglainflúensu.

Þótt svo virðist sem ýmis gangvirki kunni að valda stökkbreytingu vægrar fuglainflúensuveiru yfir í alvarlega fuglainflúensuveiru er ekki vitað hvaða þættir valda þessari stökkbreytingu. Í sumum tilvikum virðist stökkbreytingin hafa gerst mjög hratt á upphafsstaðnum eftir smitun frá villtum fuglum, en í öðrum tilvikum hefur væga fuglainflúensuveiran verið í alifuglunum mánuðum saman áður en hún stökkbreyttist. Því er ómögulegt að spá fyrir um hvort og þá hvenær slík stökkbreyting verður. Þó má sennilega gera ráð fyrir því að eftir því sem væg fuglainflúensuveira verður útbreiddari í alifuglum þeim mun meiri verði líkurnar á stökkbreytingu yfir í alvarlega fuglainflúensuveiru.

Erfitt er að áætla meðgöngutíma veirunnar og hann er líklega breytilegur eftir veirustofnum og hýslum; yfirleitt eru tilgreindir fimm til sex dagar, en tímalengdin fyrir einstaka fugla er líklega frá nokkrum klukkustundum til u.þ.b. sjö daga.

2. **Klínísk einkenni hjá fuglum sem eru sýktir af alvarlegri fuglainflúensuveiru (HPAI)**

Klínísk einkenni eru mjög breytileg og þau ráðast t.d. af eftirfarandi þáttum: meinvirkni veirunnar, sem veldur sýkingunni, tegundinni, sem verður fyrir áhrifum, aldri, kyni, samverkandi sjúkdómum og umhverfinu.

Fyrstu einkenni geta m.a. verið lystarleysi, minni vatnsdrykkja og tiltölulega lág dánartíðni. Sjúkdómurinn getur þó einnig komið upp skyndilega í tilteknum hópi og margir fuglar kunna að drepast, annaðhvort án nokkurs fyrirvara eða fram koma minni háttar einkenni, s.s. deyfð, lystarleysi, úfið fiður og sótthiti. Að jafnaði verða klínísku einkennin meira áberandi eftir því sem fuglarnir lifa lengur. Tímalengdin að því er varðar þróun einkenna fer eftir veiru, hýsli og upphaflegum smitskammti, ásamt því kerfi sem er notað við ræktunina. Veiran breiðist hægar út hjá varphænum í búrum eða hjá fuglum, sem eru úti, en í húsum fyrir holdakjúklinga.

Hænur, sem eru smitaðar af veiru alvarlegrar fuglainflúensu kunna í fyrstu að verpa eggjum með mjúkri skurn en þær hætta fljótt að verpa. Veikir fuglar sitja oft eða standa í hálfgerðu dái og höfuðið snertir jörðina. Á kambi og hálssepa eru blámi og bjúgur og á endum þeirra geta sést depil- eða flekkblæðingar. Ákafur, vatnskenndur niðurgangur er algengur og fuglarnir eru ákaflega þyrstir. Öndun getur verið erfið og táramyndun mikil. Blæðing getur komið í ljós á ófiðruðum svæðum húðarinnar. Dánartíðni í hópnum er á bilinu 50 til 100%.

Hjá holdakjúklingum eru einkenni alvarlegrar fuglainflúensu iðulega minna áberandi en hjá öðrum alifuglum og felast yfirleitt í mikilli deyfð og lystarleysi og fyrsta afbrigðilega einkennið, sem kemur fram, getur verið hækkuð dánartíðni. Bjúgur í andliti og á hálsi og taugafræðileg einkenni, s.s. hálssveigur (e. *torticollis*) og slingur, geta einnig komið fram.

Alvarleg fuglainflúensa í kalkúnum er áþekk því sem sést hjá alihænsnum en sumar veirur alvarlegrar fuglainflúensu virðast meinvirkari í kalkúnum en aðrar.

Í gæsum, sem sýktar eru af veiru alvarlegrar fuglainflúensu, eru einkenni deyfðar, lystarleysis og niðurgangs áþekk þeim sem sjást hjá varphænum en gæsir eru þó oft með bólgna skúta (e. *sinuses*). Hjá ungum fuglum geta komið fram taugafræðileg einkenni.

Endur, sem eru sýktar af veiru alvarlegrar fuglainflúensu, kunna að vera án klíniskra einkenna en fram hefur komið að nokkrir stofnar kalla fram einkenni sem líkjast einkennum hjá gæsum og því fylgja einhver dauðsföll.

Ekki er víst að nein klínísk einkenni komi fram hjá strútum sem eru smitaðir af alvarlegri fuglainflúensu og vægri fuglainflúensu. Við uppkomu alvarlegrar fuglainflúensu, s.s. á Ítalíu 1999 og 2000, kom í ljós að perluhænsni og japanskar kornhænur voru næmar fyrir sýkingum en einkenni og dánartíðni voru svipuð og þegar sjúkdómurinn lagðist á kjúklinga eða kalkúna. Í nokkrum tilraunarannsóknum hefur þó komið í ljós að kornhænur hafa þol gegn sumum stofnum veirunnar sem veldur alvarlegri fuglainflúensu. Hjá öllum fuglum getur tilvist mótefna gegn sömu H-undirtegundinni, hvort sem um bólusetningu eða náttúrulega sýkingu er að ræða, haft í för með sér að sýking af veiru alvarlegrar fuglainflúensu leiðir ekki til augljósra klíniskra einkenna.

3. **Vefjaskemmdir eftir dauða hjá fuglum sem eru sýktir af veiru alvarlegrar fuglainflúensu**

Hjá fuglum, sem drepast snögglega, kunna að greinast ósértækar, stórsæjar vefjaskemmdir sem eru afleiðingar vessaþurrðar og blóðsóknar í innyflum og vöðvum.

Hjá fuglum, sem drepast eftir langvinnt, klínískt ferli, verða depil- og flekkblæðingar á öllum líkamanum, einkum í barkakýli, barka og kirtlamaga (e. *proventriculus*) og hjartahimnufitu (e. *epicardial fat*) og á háluhjúp (e. *serosal surfaces*) við bringubeinið. Fram kemur mikill bjúgur í húðbeði, einkum á höfði og við hækla Skrokkurinn kann að vera vessaþurr (e. *dehydrated*). Gul eða grá drepsvæði (e. *necrotic foci*) kunna að vera í milta, lifur, nýrum og lungum. Vilsa getur verið í loftsekk. Miltað kann að hafa stækkað og vera blæðandi.

Fuglainflúensa einkennist vefjafræðilega af æðabreytingum (e. *vascular disturbances*) sem leiða til bjúgs, blæðinga og bólgu umhverfis æðar (e. *perivascular cuffing*), einkum í hjartavöðva, milta, lungum, heila, brisi og hálssepum. Drepsvæði eru í lungum, lifur og nýrum. Tróðfrumufjölgun (e. *gliosis*), æðafjölgun (e. *vascular proliferation*) og taugafrumuhrörnun (e. *neuronal degeneration*) kann að vera í heila.

4. **Samanburðargreining**

Við samanburðargreiningu á alvarlegri fuglainflúensu skal einkum taka tillit til eftirfarandi sjúkdóma:

a) annarra sjúkdóma, sem valda skyndilegri og hárri dánartíðni, s.s.:

   i. Newcastle-veiki,

   ii. smitandi kverka- og barkabólgu,

iii. veirugarnabólgu í öndum (e. *duck plague)*,

iv. bráðaeitrun,

b) annarra sjúkdóma, sem valda bólgu í kambi og hálssepa, s.s.:

i. bráðrar fuglakóleru og annarra sýklablæðissjúkdóma,

ii. húðbeðsbólgu, sem er af völdum baktería, í kambi og hálssepum.

5. **Klínísk einkenni hjá fuglum sem eru sýktir af veirum vægrar fuglainflúensu (LPAI)**

Alvarleiki sjúkdómsins, sem stafar af veirum vægrar fuglainflúensu, ræðst að stórum hluta af:

a) stofni veirunnar,

b) tegund og aldri hýsilsins,

c) ónæmisástandi hýsilsins gagnvart veirunni og einkum smiti með öðrum sýklum á borð við:

i. *Pasteurella* spp.,

ii. veirur Newcastle-veikinnar (þ.m.t. bóluefnisstofnar),

iii. öndunarfæraveira í fuglum (e. *avian pneumovirus*), veira, sem veldur smitandi berkjubólgu,

iv. *E. coli*,

v. *Mycoplasma* spp.,

d) ástandi vegna ónæmisbrests,

e) umhverfisþáttum (s.s. ofgnótt ammoníaks, ryk, hátt eða lágt hitastig).

Annars vegar geta sýnileg, klínísk einkenni sjúkdómsins verið ógreinileg eða hverfandi og eingöngu kallað fram væg einkenni í öndunarfærum eða vandkvæði við eggjaframleiðslu hjá varpfuglum. Hins vegar geta sýkingum af völdum veira, sem valda vægri fuglainflúensu, fylgt alvarleg, klínísk einkenni sjúkdómsins, einkum í kalkúnum, yfirleitt með hryglu, hósta, bólgu í neðanaugntóttarskútum (e. *infraorbital sinuses*), hita og lystarleysi ásamt hárri dánartíðni.

Vægri fuglainflúensu má rugla saman við marga sjúkdóma með einkenni frá öndunarfærum eða görnum eða sjúkdómsgreiningin verður flóknari vegna þeirra. Við uppkomu hvers kyns sjúkdóma hjá alifuglum, sem eru viðvarandi þrátt fyrir fyrirbyggjandi ráðstafanir og læknismeðferð við öðrum sjúkdómum, verður alltaf að gera ráð fyrir því að um fuglainflúensu geti verið að ræða.

6. **Klínísk einkenni hjá fuglum sem eru í haldi**

Klínísk einkenni geta verið mjög margvísleg og t.d. hjá alifuglum geta þau verið allt frá því að vera ógreinileg til alvarlegra sjúkdómseinkenna sem leiða til hárrar dánartíðni.

Að jafnaði breiðist sýking hægar út hjá fuglum í haldi þar eð um er að ræða mismunandi tegundir með mismunandi næmi, mismikla losun veirunnar og oft tiltölulega hægfara smit vegna lítillar snertingar og tiltölulega lítils þéttleika dýranna.

III. KAFLI


Viðmiðunarreglur sem hafa þarf í huga þegar grunur leikur á um fuglainflúensu á bújörð

Þar eð klínísk einkenni, bæði alvarlegrar og vægrar fuglainflúensu, geta verið breytileg er ekki unnt að veita skýrar leiðbeiningar þegar grunur leikur á um sjúkdómsuppkomu. Rannsaka skal skyndilega, háa dánartíðni hjá alifuglum, með eða án einhverra þeirra klínísku einkenna, sem lýst er í II. kafla, með því að leggja fram sýni til rannsóknar á rannsóknarstofum en ef dánartíðni er ekki há er erfiðara að staðfesta eða útiloka tilvist fuglainflúensu.

Þar eð skjót greining á alvarlegri fuglainflúensu eða vægri fuglainflúensu, sem orsakast af undirtegundum H5 eða H7, hefur grundvallarþýðingu með tilliti til skjótra varna gegn sjúkdómnum og upprætingar hans skal ávallt gera ráð fyrir því að um fuglainflúensu geti verið að ræða þegar samanburðargreining er gerð í tengslum við vandamál við öndun eða varp og hækkaða dánartíðni hjá alifuglum og leggja fram viðeigandi sýni til rannsókna á rannsóknarstofum.

Mynd

Skýringaryfirlit yfir þrep við greiningu til staðfestingar á fuglainflúensu



IV. KAFLI

Almennar aðferðir við töku og flutning sýna

1. **Tilskipun 2005/94/EB og greiningarhandbókin**

Ef vísað er í tilskipun 2005/94/EB til greiningarhandbókarinnar verður að gera þær rannsóknir, taka þau sýni og beita þeim eftirlitsaðferðum, eins og fram kemur í þessum kafla greiningarhandbókarinnar.

2. **Verklagsreglur sem fylgja skal ef grunur leikur á um að fuglainflúensa hafi komið upp**

Ef opinberan dýralækni grunar að klínísk einkenni bendi til uppkomu fuglainflúensu eða ef niðurstöður hvers kyns prófunar á rannsóknarstofu í tengslum við sjúkdóminn eru ekki neikvæðar skal lögbært yfirvald sjá til þess að rannsókn, eins og lýst er í þessum kafla greiningarhandbókarinnar, fari fram í samræmi við 7. gr. tilskipunar 2005/94/EB og að henni sé lokið á fullnægjandi hátt áður en tilvist sjúkdómsins hefur verið útilokuð.

3. **Túlkun veirufræðilegra prófana**

Lögbært yfirvald getur litið svo á að tilvist fuglainflúensuveiru hafi verið útilokuð þegar hæfilegum fjölda veikra eða dauðra fugla og stroksýna úr barka, koki eða munni eða þarfagangi hefur verið skilað, í samræmi við þennan kafla, til greiningar á þessari veiru eða genamengi hennar, og greiningarnar hafa gefið neikvæðar niðurstöður við prófun með einni af tilgreindum veirugreiningaraðferðum sem um getur í V. eða VI. kafla eða sem lögbær yfirvöld hafa samþykkt í samræmi við b-lið 6. liðar í I. kafla.

4. **Staðlað sett af sýnum til veirufræðilegra prófana eða sermiprófana á rannsóknarstofu**

Við rannsókn á bújörð, þar sem grunur leikur á um fuglainflúensusmit, skal taka staðlað sett af sýnum til veirufræðilegra prófana eða sermiprófana, eins og um getur í a- og b-lið (stöðluð sýni), og senda þau beint á rannsóknarstofu til veirufræðilegra prófana og sermiprófana.

a) Staðlað sett af sýnum til veirufræðilegrar prófunar er:

i. a.m.k. fimm veikir/dauðir fuglar, ef þeir eru tiltækir, og/eða

ii. a.m.k. tuttugu stroksýni úr barka, munni eða koki og 20 stroksýni úr þarfagangi.

Taka skal skrokka af fuglum sem hafa drepist nýlega eða sem eru alvarlega veikir eða dauðvona og hafa verið aflífaðir á mannúðlegan hátt.

Taka skal stroksýni úr þeim fjölda fugla sem um getur í a-lið eða, ef fuglarnir eru færri, úr öllum fuglum á bújörðinni þar sem grunur leikur á um smit. Fuglar, sem sýna klínísk sjúkdómseinkenni, skulu markvisst valdir til sýnatöku.

Stroksýni úr þarfagangi verða að vera þakin saur (helst 1 g). Ef erfitt er, af einhverri ástæðu, að taka sýni úr þarfagangi lifandi fugla má í staðinn nota sýni úr nýjum saur sem hefur verið safnað saman af varkárni.

Yfirleitt er hagkvæmast að safna stroksýnum úr barka eða munni/koki úr munnholinu.

Um leið og vaxtareiginleikar veirunnar eru þekktir getur lögbært yfirvald ákveðið að velja annaðhvort stroksýni úr barka og koki/munni eða þarfagangi fremur en að taka hvor tveggja sýnin, eftir því hvort veiran fjölgar sér betur í öndunarvegi eða meltingarvegi og einnig að teknu tilliti til viðkomandi tegundar.

b) Staðlað sett af sýnum til sermiprófana er að lágmarki 20 blóðsýni.

Taka skal sýni úr þeim fjölda fugla sem um getur í b-lið eða úr öllum fuglum á bújörðinni, ef fuglarnir eru færri. Til sýnatöku skal markvisst velja fugla sem líta út fyrir að vera veikir eða þá sem virðast hafa náð sér.

Lögbært yfirvald getur ákveðið að ekki sé þörf á að taka öll stöðluðu sýnin en þess í stað megi taka hluta stöðluðu sýnanna.

5. **Flutningur sýna**

Sýna skal sérstaka aðgæslu við geymslu og flutning sýna til rannsóknar á rannsóknarstofu.

Stroksýnin skal þegar í stað kæla á ís eða með frosnum gelkælipokum og senda á rannsóknarstofuna eins fljótt og unnt er. Ekki má frysta sýnin nema algera nauðsyn beri til. Ef ekki er tryggður skjótur flutningur á rannsóknarstofuna, innan 24 klukkustunda, skal frysta sýnin tafarlaust, geyma þau og flytja þau síðan á þurrís.

Til viðbótar, og ekki í stað kælingar, skal setja stroksýnin í vökva með sýklalyfi (antibiotic medium) eða sérstakan vökva til veiruflutninga við 4 °C þannig að fljóti alveg yfir þau. Ef slíkt efni er e ekki tiltækt skal setja stroksýnin aftur í hlífarnar utan af þeim og senda þau þurr til rannsóknar á rannsóknarstofuna.

Fjölmargir þættir geta haft áhrif á geymslu og flutning sýnanna og aðferðin, sem valin er til flutnings, verður því að henta í þeim tilgangi.

6. **Vökvi með sýklalyfi**

Vökvinn með sýklalyfi, sem um getur í 5. lið, verður að vera að stofni fosfatöfnuð saltlausn við pH-gildið 7,0 til 7,4 (athugað eftir að sýklalyfjunum hefur verið bætt út í).

Æti, sem eru að stofni til úr prótínum, s.s. heila- og hjartaæti (e. *brain-heart-infusion*) eða tris-jöfnuð tryptósavökvaæti, kunna að stuðla að auknum stöðugleika veirunnar, einkum meðan á flutningi stendur. Það getur verið breytilegt hvaða sýklalyf eru notuð og í hvaða styrkleika eftir staðbundnum aðstæðum og tiltækileika.

Mikill styrkur sýklalyfja kann að reynast nauðsynlegur fyrir saursýni og hæfileg gildi eru: 10 000 a.e./ml penisillín, 10 mg/ml streptómýsín, 0,25 mg/ml gentamýsín, and 5 000 a.e./ml nýstatín. Þessi gildi má lækka niður í fimmtung fyrir vefi og stroksýni úr barka.

Til að halda *Chlamydophila í* skefjum skal bæta 0,05 til 0,1 mg/ml af oxýtetrasýklíni út í.

7. **Heila- og hjartaæti**

Lausnin skal útbúin í vatni og innihalda 15% (massi miðað við rúmmál) af heila- og hjartaætisdufti (e. *brain-heart-infusion broth powder*), áður en dauðhreinsun fer fram (í gufusæfi við 121 °C í 15 mínútur).

Eftir dauðhreinsun skal bæta sýklalyfjunum við eins og hér segir: 10 000 a.e./ml penisillín G, 20 µg amfóterisín B og 1 000 µg/ml gentamýsín. Vökvana má geyma við 4 °C í mesta lagi í tvo mánuði.

8. **Verklagsreglur sem fylgja skal að því er varðar viðeigandi ákvæði tilskipunar 2005/94/EB**

8.A. Grunur um uppkomu sjúkdóms

8.1. *Ákvæði 1. mgr. 7. gr. — Ráðstafanir sem grípa skal til á bújörðum þar sem grunur leikur á sjúkdómsuppkomu*

Þegar opinber dýralæknir skoðar bújörð þar sem grunur leikur á um sjúkdómsuppkomu skal gera eftirfarandi ráðstafanir:

a) kanna skal framleiðslu- og heilsufarsskýrslur bújarðarinnar, ef slíkar skýrslur eru til. Opinber dýralæknir skal skrá í skoðunarskýrslu gögn um dagleg dauðsföll og daglega eggjaframleiðslu og inntöku fóðurs og/eða vatnsdrykkju á tímabili sem hefst einni viku fyrir þann dag þegar klínísk einkenni fuglainflúensu greindust fyrst og nær til þess dags þegar opinber dýralæknir skoðar bújörðina,

b) framkvæma skal klíníska skoðun í hverri framleiðslueiningu, m.a. leggja mat á sjúkrasögu hennar og klínískar skoðanir á alifuglum eða öðrum fuglum, sem eru í haldi, einkum þeim sem virðast vera veikir,

c) taka skal stöðluð sýni úr hverri framleiðslueiningu, nema lögbært yfirvald telji fullvíst að eyða megi grun um uppkomu sjúkdóms á grundvelli klínískrar skoðunar í samræmi við a- og b-liði,

d) hvað sem líður neikvæðum niðurstöðum prófana á stöðluðum sýnum og með fyrirvara um staðbundna þætti skal klínísk skoðun á alifuglum í hverri framleiðslueiningu fara fram áður en hægt er að aflétta opinberu eftirliti.

8.2. *Ákvæði 3. mgr. 10. gr. — Viðbótarráðstafanir á grundvelli faraldsfræðilegrar rannsóknar*

Í hverri framleiðslueiningu skal taka stöðluð sýni úr alifuglum eða öðrum fuglum, sem eru í haldi, sem eru aflífaðir.

8.B. Alvarleg fuglainflúensa

8.3. *Ákvæði 4. mgr. 11. gr. — Ráðstafanir sem skal grípa til þegar um er að ræða alifugla sem klakist hafa úr eggjum sem eru frá bújörðum þar sem uppkoma alvarlegrar fuglainflúensu hefur verið staðfest*

Þegar opinber dýralæknir skoðar bújörð þar sem haldnir eru alifuglar, sem klakist hafa úr eggjum sem voru tekin á meðgöngutíma veirunnar á bújörð þar sem alvarleg fuglainflúensa hefur verið staðfest, skal gera eftirfarandi ráðstafanir:

a) kanna skal framleiðslu- og heilsufarsskýrslur bújarðarinnar. Opinber dýralæknir skal skrá í skoðunarskýrslu bújarðarinnar gögn um dagleg dauðsföll og daglega inntöku fóðurs og/eða vatnsdrykkju, ef slíkt liggur fyrir, á tímabili sem hefst einni viku fyrir þann dag þegar klínísk einkenni um alvarlega fuglainflúensu greinast fyrst og nær til þess dags þegar opinber dýralæknir skoðar bújörðina,

b) framkvæma skal klíníska skoðun í hverri framleiðslueiningu og klíníska skoðun á alifuglum, einkum þeim sem líta út fyrir að vera veikir eða sem stækka ekki eins og búast hefði mátt við,

c) taka skal stöðluðu sýnin úr alifuglum sem eru tveggja til þriggja vikna gamlir,

d) heimilt er að aflétta opinberu eftirliti með bújörðinni í kjölfar klínískrar rannsóknar á alifuglum sem eru eldri en 21 dags gamlir og í kjölfar neikvæðrar niðurstöðu á prófunum á stöðluðum sýnum.

8.4. *Ákvæði b-liðar 2. mgr. 13. gr. Undanþágur varðandi tilteknar bújarðir*

Þegar opinber dýralæknir skoðar bújörð, sem hefur hlotið undanþágu frá fyrstu undirgrein 2. mgr. 11. gr. tilskipunar 2005/94/EB, skal gera eftirfarandi ráðstafanir:

a) kanna skal framleiðslu- og heilsufarsskýrslur bújarðarinnar, ef slíkar skýrslur eru til,

b) framkvæma skal klíníska skoðun í hverri framleiðslueiningu, m.a. leggja mat á sjúkrasögu hennar og klínískar skoðanir á alifuglum eða öðrum fuglum, sem eru í haldi, einkum þeim sem virðast vera veikir,

c) í stað staðlaðra sýna skal taka eftirfarandi sýni úr hverri framleiðslueiningu til prófunar á rannsóknarstofu 21 degi eftir þann dag þegar síðustu jákvæðu niðurstöður um alvarlega fuglainflúensu voru staðfestar og með 21 dags millibili:

   i. sýni úr öllum alifuglum eða öðrum fuglum í haldi sem eru dauðir þegar sýni eru tekin,

   ii. ef því verður við komið skal taka stroksýni úr barka eða munni/koki og þarfagangi a.m.k. 60 alifugla eða annarra fugla, sem eru í haldi, eða úr öllum alifuglum eða öðrum fuglum, sem eru í haldi, ef færri en 60 fuglar eru á bújörðinni; ef fuglarnir eru litlir, framandi og ekki vanir meðhöndlun eða ef meðhöndlun þeirra stofnar fólki í hættu skal taka sýni úr nýjum saur.

   Lögbæru yfirvaldi er þó heimilt að veita undanþágur frá sýnafjöldanum sem um getur í i. og ii. lið á grundvelli niðurstöðunnar úr áhættumati,

d) sýnatökunni, sem um getur í c-lið, og prófunum á slíkum sýnum á rannsóknarstofum skal haldið áfram þar til tvær neikvæðar niðurstöður rannsóknarstofu fást, hvor á eftir annarri, sem verða að vera með a.m.k. 21 dags millibili.

8.5. *Ákvæði 1. og 3. mgr. 15. gr. — Ráðstafanir sem skal grípa til á smithættubújörðum*

Þegar opinber dýralæknir skoðar smithættubújörð skal gera eftirfarandi ráðstafanir:

a) kanna skal framleiðslu- og heilsufarsskýrslur bújarðarinnar, ef slíkar skýrslur eru til. Opinber dýralæknir skal skrá í skoðunarskýrslu bújarðarinnar gögn um dagleg dauðsföll og daglega inntöku fóðurs og/eða vatnsdrykkju, ef slíkt liggur fyrir, á því tímabili sem hefst einni viku fyrir fyrsta dag snertingar við hópinn sem grunur leikur á um að sé smitaður af fuglainflúensu og nær til þess dags þegar opinber dýralæknir skoðar bújörðina,

b) framkvæma skal klíníska skoðun í hverri framleiðslueiningu, m.a. leggja mat á sjúkrasögu hennar og klínískar skoðanir á alifuglum eða öðrum fuglum, sem eru í haldi, einkum þeim sem virðast vera veikir,

c) ef klínísk einkenni koma fram í alifuglum eða öðrum fuglum, sem eru í haldi, eða vísbendingar um hækkun daglegrar dánartíðni (> þreföld eðlileg dánartíðni í hópnum) eða minnkun á daglegri eggjaframleiðslu (> 5%) eða minnkun í daglegri inntöku fóðurs og/eða vatnsdrykkju (>5%) skal samstundis taka stöðluð sýni úr hverri framleiðslueiningu,

d) ef engin einkenni, sem um getur í b- og c-lið, koma fram skal taka stöðluð sýni 21 degi eftir þann dag þegar grunur leikur á um síðustu snertingu við smitaða bújörð eða þegar alifuglarnir eða aðrir fuglar, sem eru í haldi, voru aflífaðir.

8.6. *Ákvæði b- og c-liðar 18. gr. — Talning og skoðanir opinbers dýralæknis og eftirlit á bújörðum á verndarsvæðinu*

Þegar opinber dýralæknir skoðar bújörð, sem rekin er í atvinnuskyni, skal gera eftirfarandi ráðstafanir:

a) kanna skal framleiðslu- og heilsufarsskýrslur bújarðarinnar. Ef vísbendingar eru um hækkun á daglegri dánartíðni (> þreföld eðlileg dánartíðni í hópnum) eða minnkun á daglegri eggjaframleiðslu (>5%) eða minnkun í daglegri inntöku fóðurs og/eða vatnsdrykkju (> 5%) skal taka stöðluð sýni úr hverri framleiðslueiningu,

b) framkvæma skal klíníska skoðun í hverri framleiðslueiningu, m.a. leggja mat á sjúkrasögu hennar og klínískar skoðanir á alifuglum og öðrum fuglum, sem eru í haldi, einkum þeim sem virðast vera veikir,

c) ef þess er ekki vænst að alifuglategundir eða aðrir fuglar, sem eru í haldi, sýni greinileg, klínísk einkenni sjúkdóms, eða ef um er að ræða fugla sem hafa verið bólusettir, getur lögbært yfirvald ákveðið, á grundvelli niðurstöðunnar úr áhættumati, að taka skuli stöðluð sýni úr hverri framleiðslueiningu,

d) lögbært yfirvald skal, á grundvelli niðurstöðunnar úr áhættumati, taka ákvörðun um opinbert viðbótareftirlit með tilgreindum bújörðum, afmörkuðum svæðum eða framleiðslutegundum, með klínískum skoðunum og sýnatöku fyrir prófanir á rannsóknarstofum.

8.7. *Ákvæði f-liðar 19. gr. — Ráðstafanir sem skal beita á bújörðum á verndarsvæðum*

Þegar opinber dýralæknir skoðar bújörð, þar sem greint hefur verið frá fjölgun sjúkdómstilvika eða dauðsfalla eða um breytingar á framleiðslugögnum, skal gera eftirfarandi ráðstafanir:

a) kanna skal framleiðslu- og heilsufarsskýrslur bújarðarinnar. Ef vísbendingar eru um hækkun á daglegri dánartíðni (> þreföld eðlileg dánartíðni í hópnum) eða minnkun á daglegri eggjaframleiðslu (>5%) eða minnkun í daglegri inntöku fóðurs og/eða vatnsdrykkju (>5%) skal taka stöðluð sýni úr hverri framleiðslueiningu,

b) framkvæma skal klíníska skoðun í hverri framleiðslueiningu, m.a. leggja mat á sjúkrasögu hennar og klínískar skoðanir á alifuglum eða öðrum fuglum, sem eru í haldi, einkum þeim sem virðast vera veikir.

8.8. *Ákvæði b-liðar 23. gr. — Undanþágur fyrir beinum flutningi á alifuglum til tafarlausrar slátrunar*

Þegar opinber dýralæknir skoðar bújörð, sem hefur hlotið undanþágu frá 22. gr. tilskipunar 2005/94/EB, skal gera eftirfarandi ráðstafanir:

a) kanna skal framleiðslu- og heilsufarsskýrslur bújarðarinnar,

b) framkvæma skal klíníska skoðun í hverri framleiðslueiningu, m.a. leggja mat á sjúkrasögu hennar og klínískar skoðanir á öllum alifuglum, einkum þeim sem virðast vera veikir, eigi síðar en 24 klukkustundum áður en alifuglarnir eru fluttir brott,

c) taka skal, á grundvelli niðurstöðunnar úr áhættumati lögbærra yfirvalda og í stað stöðluðu sýnanna, a.m.k. 60 stroksýni úr barka eða munni/koki og/eða 60 stroksýni úr þarfagangi alifugla í hverri framleiðslueiningu, sem á að senda til slátrunar, eigi síðar en 48 klukkustundum áður en alifuglarnir eru fluttir brott.

8.9. *Ákvæði b-liðar 25. gr. — Undanþágur fyrir beinum flutningi á alifuglum sem komnir eru að varpi*

Þegar opinber dýralæknir skoðar bújörð, sem hefur hlotið undanþágu frá 22. gr., áður en beinir flutningar á alifuglum, sem komnir eru að varpi, fara fram skal gera eftirfarandi ráðstafanir:

a) kanna skal framleiðslu- og heilsufarsskýrslur bújarðarinnar,

b) framkvæma klíníska skoðun í hverri framleiðslueiningu, m.a. leggja mat á sjúkrasögu hennar og klínískar skoðanir á alifuglunum, einkum þeim sem virðast vera veikir, eigi síðar en 24 klukkustundum áður en alifuglarnir eru fluttir brott,

c) taka skal, á grundvelli niðurstöðunnar úr áhættumati lögbærra yfirvalda og í stað stöðluðu sýnanna, a.m.k. 60 stroksýni úr barka eða munni/koki og/eða 60 stroksýni úr þarfagangi alifugla í hverri framleiðslueiningu, sem á að flytja, eigi síðar en 48 klukkustundum áður en alifuglarnir eru fluttir brott.

8.10. *Ákvæði a-liðar 1. mgr. 26. gr. — Undanþága fyrir beinum flutningi á útungunareggjum og neyslueggjum*

Þegar opinber dýralæknir skoðar bújörð með foreldrahópi, sem hefur hlotið undanþágu frá 22. gr., áður en beinir flutningar á útungunareggjum fara fram skal gera eftirfarandi ráðstafanir:

a) kanna skal framleiðslu- og heilsufarsskýrslur bújarðarinnar,

b) framkvæma skal klíníska skoðun í hverri framleiðslueiningu á 15 daga fresti,

c) taka skal stöðluð sýni úr hverri framleiðslueiningu.

8.11. *Ákvæði 1. mgr. 29. gr. — Gildistími ráðstafana*

Þeim ráðstöfunum, sem gilda á verndarsvæðinu í samræmi við 3. þátt IV. kafla tilskipunar 2005/94/EB, má í fyrsta lagi aflétta 21 degi eftir bráðabirgðahreinsun og sótthreinsun á sýktu bújörðunum, að því tilskildu:

a) að opinber dýralæknir hafi skoðað allar bújarðir á verndarsvæðinu, sem eru reknar í atvinnuskyni, og allt eftirlit, klínískar skoðanir og prófanir á rannsóknarstofum, sem sett eru fram í a- og b-lið í liðum 8.6 og 8.7, hafi gefið neikvæðar niðurstöður,

b) að opinber dýralæknir hafi skoðað allar skilgreindar bújarðir á verndarsvæðinu, sem ekki eru reknar í atvinnuskyni, og að hvorki klínísk rannsókn né niðurstöður rannsóknarstofuprófana hafi leitt til þess að grunur hafi vaknað um sýkingu af völdum fuglainflúensu,

c) að allt opinbert viðbótareftirlit, sem fram fór og sett er fram í d-lið í lið 8.6, hafi gefið neikvæðar niðurstöður.

8.12. *Ákvæði g-liðar 30. gr. — Ráðstafanir á eftirlitssvæðum*

Þegar opinber dýralæknir skoðar bújörð, þar sem tilkynnt hefur verið um fjölgun sjúkdómstilvika eða dauðsfalla eða um breytingar á gögnum um framleiðslu, skal gera eftirfarandi ráðstafanir:

a) kanna skal framleiðslu- og heilsufarsskýrslur bújarðarinnar,

b) framkvæma skal klíníska skoðun í hverri framleiðslueiningu, m.a. leggja mat á sjúkrasögu hennar og klínískar skoðanir á alifuglum eða öðrum fuglum, sem eru í haldi, einkum þeim sem virðast vera veikir,

c) taka skal stöðluð sýni úr hverri framleiðslueiningu.

8.13. *Ákvæði 35. gr.— Rannsókn þegar grunur leikur á um alvarlega fuglainflúensu í sláturhúsum og í flutningatækjum*

Þegar opinber dýralæknir skoðar upprunabújörð fugla, sem eru í sláturhúsum eða í flutningatækjum, skal gera eftirfarandi ráðstafanir:

a) kanna skal framleiðslu- og heilsufarsskýrslur bújarðarinnar, ef slíkar skýrslur eru til,

b) framkvæma skal klíníska skoðun í hverri framleiðslueiningu, m.a. leggja mat á sjúkrasögu hennar og klínískar skoðanir á alifuglum eða öðrum fuglum, sem eru í haldi, í samráði við opinberan dýralækni sláturhússins sem skal láta í té upplýsingar um öll gögn úr fyrra eftirliti og niðurstöður úr rannsóknum fyrir og eftir slátrun,

c) taka skal stöðluð sýni úr hverri framleiðslueiningu, nema lögbært yfirvald telji fullvíst, á grundvelli rannsóknar dýralæknis í samræmi við a- og b-lið, að eyða megi grun um tilvist alvarlegrar fuglainflúensu,

d) auk staðlaðra sýna skal senda sýni úr a.m.k. fimm veikum, dauðum eða aflífuðum fuglum í sláturhúsinu ásamt meinafræðilegum niðurstöðum til prófana á rannsóknarstofu.

8.14. *Ákvæði 1. mgr. 36. gr. — Ráðstafanir sem varða sláturhús*

Þegar rannsóknum, sem um getur í lið 8.13, er lokið og ef niðurstöður prófana á rannsóknarstofu eru neikvæðar og engin klínísk einkenni benda til alvarlegrar fuglainflúensu á bújörðinni eða í sláturhúsinu er heimilt að aflétta opinberu eftirliti.

8.15. *Ákvæði 1. og 2. mgr. 37. gr. — Ráðstafanir sem varða skoðunarstöðvar á landamærum eða flutningatæki*

8.15.1. Þegar opinber dýralæknir skoðar alifugla eða aðra fugla, sem eru í haldi og haldið er í einangrun, sem fluttir hafa verið frá skoðunarstöð á landamærum eða úr flutningatæki vegna grunsemda um eða staðfestingar á alvarlegri fuglainflúensu, skal gera eftirfarandi ráðstafanir:

a) kanna skal viðeigandi skjöl og skýrslur, ef slík skjöl eða skýrslur eru til,

b) framkvæma skal klíníska skoðun á slíkum alifuglum eða öðrum fuglum, sem eru í haldi, sem haldið er í einangrun, og klíníska skoðun á öllum öðrum alifuglum eða öðrum fuglum, sem eru í haldi, einkum þeim sem virðast vera veikir,

c) taka skal stöðluð sýni úr alifuglum eða öðrum fuglum, sem eru í haldi, og valdir eru úr mismunandi flutningakössum eða -búrum.

8.15.2. Þegar opinber dýralæknir skoðar tilgreinda upprunabújörð alifugla eða annarra fugla, sem eru í haldi, sem er slátrað skal gera eftirfarandi ráðstafanir:

a) kanna skal framleiðslu- og heilsufarsskýrslur bújarðarinnar, ef slíkar skýrslur eru til,

b) framkvæma skal klíníska skoðun í hverri framleiðslueiningu, m.a. leggja mat á sjúkrasögu hennar og klínískar skoðanir á alifuglum eða öðrum fuglum, sem eru í haldi, í samráði við opinberan dýralækni sláturhússins sem skal láta í té upplýsingar um öll gögn frá fyrra eftirliti og niðurstöður úr rannsóknum fyrir og eftir slátrun,

c) taka skal stöðluð sýni úr hverri framleiðslueiningu, nema lögbært yfirvald telji fullvíst, á grundvelli rannsóknar dýralæknis í samræmi við a- og b-lið, að eyða megi grun um tilvist alvarlegrar fuglainflúensu,

d) auk staðlaðra sýna, sem um getur í c-lið, skal senda sýni úr a.m.k. fimm veikum, dauðum eða aflífuðum fuglum í sláturhúsinu ásamt meinafræðilegum niðurstöðum til prófana á rannsóknarstofu,

e) ef niðurstöður prófana á rannsóknarstofu á þeim sýnum, sem um getur í c- og d-lið, eru neikvæðar og engin klínísk einkenni benda til alvarlegrar fuglainflúensu á upprunabújörðinni eða í sláturhúsinu er heimilt að aflétta opinberu eftirliti.

8.C. Væg fuglainflúensa

8.16. *Ákvæði b- og h-liðar 6. mgr. 39. gr. — Ráðstafanir á bújörðum þar sem uppkoma vægrar fuglainflúensu hefur verið staðfest*

Þegar opinber dýralæknir skoðar bújörð, áður en alifuglarnir eru fluttir í sláturhús, eða bújörð, þar sem haldnir eru alifuglar, sem komu úr eggjum sem voru tekin á meðgöngutíma veirunnar, skal gera eftirfarandi ráðstafanir:

a) kanna skal framleiðslu- og heilsufarsskýrslur bújarðarinnar,

b) framkvæma skal klíníska skoðun í hverri framleiðslueiningu, m.a. leggja mat á sjúkrasögu hennar og klínískar skoðanir á alifuglum eða öðrum fuglum, sem eru í haldi,

c) taka skal stöðluð sýni úr fuglum í hverri framleiðslueiningu, sem á að senda til slátrunar, eigi síðar en 48 klukkustundum áður en alifuglarnir eru fluttir brott,

d) taka skal úr hverri framleiðslueiningu stöðluð sýni úr alifuglum sem hafa þegar klakist úr eggjum sem voru tekin á meðgöngutíma veirunnar.

8.17. Ákvæði b-liðar 2. mgr. 40. gr. — Undanþága fyrir tilteknar bújarðir að því er varðar ráðstafanir sem beita skal þar sem uppkoma sjúkdóms hefur verið staðfest

Þegar opinber dýralæknir skoðar bújörð, sem hefur hlotið undanþágu frá 2. mgr. 39. gr. tilskipunar 2005/94/EB og b-lið 5. mgr. 39. gr. tilskipunar 2005/94/EB, skal gera eftirfarandi ráðstafanir:

a) kanna skal framleiðslu- og heilsufarsskýrslur bújarðarinnar, ef slíkar skýrslur eru til,

b) framkvæma klíníska skoðun í hverri framleiðslueiningu með reglulegu millibili, þ.m.t. mat á sjúkrasögu hennar og klínískum skoðunum á alifuglum eða öðrum fuglum, sem eru í haldi, einkum þeim sem líta út fyrir að vera veikir,

c) í stað staðlaðra sýna skal taka eftirfarandi sýni úr hverri framleiðslueiningu til rannsókna á rannsóknarstofu, 21 degi eftir þann dag þegar síðustu jákvæðu niðurstöður um væga fuglainflúensu eru staðfestar og með 21 dags millibili:

i. sýni úr öllum dauðum alifuglum eða öðrum fuglum, sem eru í haldi og eru fyrir hendi við sýnatökuna,

ii. stroksýni úr barka eða munni/koki og þarfagangi 60 alifugla og annarra fugla, sem eru í haldi, eða úr öllum alifuglum og öðrum fuglum, sem eru í haldi, ef færri en 60 fuglar eru á bújörðinni; ef fuglarnir eru litlir, framandi og ekki vanir meðhöndlun eða ef meðhöndlun þeirra stofnar fólki í hættu skal taka sýni úr nýjum saur.

Lögbæru yfirvaldi er þó heimilt að veita undanþágur frá sýnafjöldanum, sem um getur í i. og ii. lið, á grundvelli niðurstöðunnar úr áhættumati,

d) sýnatökunni, sem um getur í c-lið, og prófunum á slíkum sýnum á rannsóknarstofum skal haldið áfram þar til tvær neikvæðar niðurstöður rannsóknarstofu fást, hvor á eftir annarri, sem verða að vera með a.m.k. 21 dags millibili.

8.18. *Ákvæði 1. og 3. mgr. 42. gr. — Ráðstafanir á smithættubújörðum*

Þegar opinber dýralæknir skoðar smithættubújörð skal gera eftirfarandi ráðstafanir:

a) kanna framleiðslu- og heilsufarsskýrslur smithættubújarðarinnar, ef slíkar skýrslur eru til,

b) framkvæma klíníska skoðun í hverri framleiðslueiningu, þ.m.t. mat á sjúkrasögu hennar og klínískum skoðunum á alifuglum eða öðrum fuglum, sem eru í haldi, einkum þeim sem líta út fyrir að vera veikir,

c) taka stöðluð sýni úr hverri framleiðslueiningu eða þegar alifuglar eða aðrir fuglar, sem eru í haldi, eru aflífaðir.

8.19. *Ákvæði b-liðar 1. mgr. 44. gr. — Ráðstafanir á takmörkunarsvæðum*

Þegar opinber dýralæknir skoðar bújörð á takmörkunarsvæði, sem rekin er í atvinnuskyni, skal gera eftirfarandi ráðstafanir:

a) kanna framleiðslu- og heilsufarsskýrslur bújarðarinnar,

b) framkvæma klíníska skoðun í hverri framleiðslueiningu, þ.m.t. mat á sjúkrasögu hennar og klínískum skoðunum á alifuglum eða öðrum fuglum, sem eru í haldi, einkum þeim sem líta út fyrir að vera veikir,

c) taka skal stöðluð sýni úr hverri framleiðslueiningu,

d) Lögbært yfirvald skal, á grundvelli niðurstöðunnar úr áhættumati, taka ákvörðun um opinbert viðbótareftirlit með tilgreindum bújörðum, afmörkuðum svæðum eða framleiðslutegundum, með klínískum skoðunum og sýnatöku fyrir prófanir á rannsóknarstofum.

8.20. *Ákvæði a- og b-liðar 45. gr. — Gildistími ráðstafana*

Þeim ráðstöfunum, sem gilda á takmörkunarsvæði í samræmi við 3. þátt V. kafla tilskipunar 2005/94/EB, má í fyrsta lagi aflétta 21 degi eftir bráðabirgðahreinsun og sótthreinsun á sýktu bújörðunum, í kjölfar niðurskurðar dýranna á bújörðinni, eða eigi fyrr en 42 dögum eftir þann dag þegar væg fuglainflúensa hefur verið staðfest, að því tilskildu:

a) að opinber dýralæknir hafi skoðað allar bújarðir á takmörkunarsvæði sem eru reknar í atvinnuskyni og að allar prófanir á rannsóknarstofum á sýnum, sem um getur í c- og d-lið í lið 8.13, hafi verið framkvæmdar og niðurstöðurnar úr þeim liggi fyrir,

b) að niðurstöður allra klínískra viðbótarskoðana og viðbótarprófana á rannsóknarstofu, sem geta náð yfir bújarðir sem eru ekki reknar í atvinnuskyni, til að ákvarða hættuna á útbreiðslu vægrar fuglainflúensu, liggi fyrir,

c) að lögbært yfirvald telji fullvíst, á grundvelli niðurstöðunnar úr áhættumati og að teknu tilliti til faraldsfræðilegra aðstæðna og niðurstaðna prófana á rannsóknarstofum sem um getur í a- og b-lið, að áhætta á útbreiðslu vægrar fuglainflúensu sé óveruleg; slíkt mat getur leitt til þeirrar niðurstöðu að aflétta megi takmörkunum, ef um er að ræða jákvæðar serminiðurstöður og neikvæðar, veirufræðilegar niðurstöður.

8.D. Ráðstafanir sem miða að því að koma í veg fyrir útbreiðslu fuglainflúensuveirunnar til annarra tegunda

8.21. *Ákvæði 1. og 6. mgr. 47. gr. — Prófanir á rannsóknarstofu og aðrar ráðstafanir sem varða svín og aðrar dýrategundir*

Þegar opinber dýralæknir skoðar bújörð þar sem svín eru haldin, eftir að uppkoma fuglainflúensu hefur verið staðfest, skal gera eftirfarandi ráðstafanir:

a) kanna framleiðslu- og heilsufarsskýrslur bújarðarinnar, ef slíkar skýrslur eru til,

b) klíníska skoðun í hverri framleiðslueiningu, þ.m.t. mat á sjúkrasögu hennar og klínískum skoðunum á svínum, einkum þeim sem líta út fyrir að vera veik,

c) taka skal stroksýni úr nefi eða munni/koki a.m.k. 60 svína úr hverri framleiðslueiningu eða úr öllum svínum, ef færri en 60 svín eru í framleiðslueiningunni, áður en sýktu alifuglarnir eða aðrir fuglar, sem eru í haldi, eru aflífaðir eða sama dag og það á sér stað. Taka skal a.m.k. 60 blóðsýni úr svínunum tveimur til fjórum vikum frá aflífunardegi fuglanna. Sýni skuli tekin þannig að a.m.k. eitt sýni sé úr hópi svína sem eru í beinni snertingu hvert við annað.

d) leyfa má flutning svína til annarra bújarða ef a.m.k. 60 stroksýni úr nefi eða munni/koki og 60 blóðsýni úr svínum í hverri framleiðslueiningu reynast gefa neikvæðar niðurstöður 14 dögum eftir að jákvæðar niðurstöður úr sýnum staðfestu væga fuglainflúensu,.

leyfa má flutning svína í sláturhús ef a.m.k. 60 stroksýni úr nefi eða munni/koki úr hverri framleiðslueiningu reynast gefa neikvæðar niðurstöður 14 dögum eftir að jákvæðar niðurstöður úr sýnum staðfestu væga fuglainflúensu,

Ef niðurstöður úr prófunum á rannsóknarstofu eru ófullnægjandi eða jákvæðar er þörf fyrir frekari rannsóknir til að útiloka smit eða yfirfærslu fuglainflúensu hjá svínum,

e) ef opinber dýralæknir hefur grun um að önnur tamin spendýr á bújörðinni, einkum þau sem vitað er að eru næm fyrir sýkingu af völdum fuglainflúensu af undirtegundum H5 og H7, kunni að hafa komist í snertingu við smituðu alifuglana eða aðra fugla, sem eru í haldi, skal taka sýni til prófana á rannsóknarstofu.

8.E. Endurnýjun stofna

8.22. *Ákvæði b- og c-liðar 3. mgr. 49. gr. Endurnýjun stofna á bújörðum*

Þegar opinber dýralæknir skoðar bújörð sem rekin er í atvinnuskyni, þar sem stofnar hafa verið endurnýjaðir, skal gera eftirfarandi ráðstafanir:

a) kanna framleiðslu- og heilsufarsskýrslur bújarðarinnar,

b) framkvæma klíníska skoðun í hverri framleiðslueiningu, þ.m.t. mat á sjúkrasögu hennar og klínískum skoðunum á alifuglum eða öðrum fuglum, sem eru í haldi, einkum þeim sem líta út fyrir að vera veikir,

c) í stað staðlaðra sýna skal taka eftirfarandi sýni úr hverri framleiðslueiningu:

i. a.m.k. 20 blóðsýni um leið og alifuglunum hefur verið komið fyrir á bújörðinni, nema um sé að ræða dagsgamla kjúklinga; ef við á má taka slík sýni á upprunabújörð alifuglanna áður en þeir eru fluttir á bújörðina til stofnendurnýjunar,

ii. sýni úr dauðum alifuglum eða stroksýni af skrokkum alifugla, að hámarki úr 10 dauðum fuglum á viku á 21 dags tímabilinu sem hefst með stofnendurnýjuninni,

d) ef smit af völdum alvarlegrar fuglainflúensu hefur áður komið upp á bújörðinni skal einnig taka 20 stroksýni úr barka og munni/koki og 20 úr þarfagangi vatnafugla (endur/gæsir) í hverri framleiðslueiningu, eftir því sem við á, í síðustu viku 21 dags tímabilsins sem hefst með stofnendurnýjuninni,

e) ef smit af völdum vægrar fuglainflúensu hefur áður komið upp á bújörðinni skal taka 20 stroksýni úr barka og munni/koki og 20 úr þarfagangi fugla og 20 blóðsýni úr fuglum í hverri framleiðslueiningu.

8.F. Bólusetning

8.23. *Ákvæði i-liðar, 2. mgr. 56. gr. — Forvarnarbólusetning alifugla og annarra fugla sem eru í haldi*

Prófanir á rannsóknarstofum, sem kveðið er á um í IX. kafla tilskipunar 2005/94/EB, skulu gerðar á bólusettum alifuglum eða öðrum fuglum, sem eru í haldi, með viðurkenndri aðferð til þess að greina á milli smitaðra og bólusettra dýra (DIVA-greining), ef vitað er að veiran finnst í umhverfinu.

Þegar vísbendifuglar eru notaðir verða þeir að vera í hverjum hópi bólusettra fugla, þeir verða að hafa verið klínískt skoðaðir og prófaðir með hömluprófun með rauðkornakekkjun (e *haemagglutination inhibition test*) (HI-prófun). Í þessu skyni skal taka eigi sjaldnar en á 60 daga fresti 20 blóðsýni úr óbólusettum vísbendifuglum á hverri bújörð þar sem bólusetning hefur farið fram.

8.24. *IX. viðauki — Kröfur varðandi flutninga á alifuglum eða öðrum fuglum, sem eru í haldi, og alifuglaafurðum í tengslum við neyðarbólusetningu*

Beita verður ströngum vöktunarráðstöfunum við flutning á lifandi alifuglum og öðrum fuglum, sem eru í haldi, og eggjum þeirra til þess að draga úr áhættu á frekari útbreiðslu fuglainflúensusmits.

Í þessu skyni skal í upphafi neyðarbólusetningarherferðar beita sömu vöktunarráðstöfunum í tengslum við flutninga á lifandi alifuglum og öðrum fuglum, sem eru í haldi, og eggjum þeirra til þess að draga úr áhættu á frekari útbreiðslu fuglainflúensusmits, innan bólusetningarsvæðisins og utan þess.

a) Áður en fyrsti flutningur á útungunar- og neyslueggjum hefst á og frá bólusetningarsvæðinu og eftir það á a.m.k. 30 daga fresti skal opinber dýralæknir gera eftirfarandi ráðstafanir:

   i. framkvæma klíníska skoðun á óbólusettum undaneldisalifuglum eða varpfuglum í hverri framleiðslueiningu, þ.m.t. mat á sjúkrasögu hennar og klínískum skoðunum á alifuglum, einkum þeim sem líta út fyrir að vera veikir; taka skal stöðluð sýni úr alifuglum í hverri framleiðslueiningu eða

   ii. framkvæma klíníska skoðun á bólusettum undaneldisalifuglum eða varpfuglum í hverri framleiðslueiningu, þ.m.t. mat á sjúkrasögu hennar og klínískum skoðunum á vísbendifuglum sem eru í þessum hópum; taka skal stöðluð sýni úr vísbendifuglunum,

b) að því er varðar flutning bólusettra, lifandi alifugla eða annarra fugla, sem eru í haldi, til annarra bújarða eða að því er varðar flutning bólusettra, lifandi alifugla á og frá bólusetningarsvæðinu skal opinber dýralæknir gera eftirfarandi ráðstafanir:

   i. kanna framleiðslu- og heilsufarsskýrslur bújarðarinnar,

   ii. framkvæma klíníska skoðun í hverri framleiðslueiningu, þ.m.t. mat á sjúkrasögu hennar og klínískum skoðunum á alifuglum eða öðrum fuglum, sem eru í haldi, síðustu 72 klukkustundirnar fyrir brottflutning og gefa skal sérstakan gaum að vísbendifuglunum,

   iii. ef niðurstöður eftirlits og klínískra skoðana og rannsókna í i. og ii. lið eru ekki fullnægjandi skal taka stöðluð sýni úr vísbendifuglunum; ef þessar niðurstöður eru fullnægjandi skal þó taka eftirfarandi sýni úr:

      — bólusettum alifuglum eða öðrum fuglum, sem eru í haldi: a.m.k. 20 stroksýni úr barka eða munni/koki og 20 úr þarfagangi og 20 blóðsýni til notkunar í viðeigandi DIVA-greiningu innan 72 klukkustunda fyrir brottflutning og

      — vísbendifuglar: 20 stroksýni úr barka eða munni/koki og 20 úr þarfagangi og 20 blóðsýni fyrir mótefnagreiningu þar sem notuð er hömluprófun með rauðkornakekkjun (HI-prófun) fyrir brottflutning.

V. KAFLI

Veirufræðilegar greiningarprófanir og mat á niðurstöðum

1. Fyrir tilkomu og þróun sameindafræðilegra prófana var veirueinangrun með sáningu í frjóvguð hænuegg talin langnæmasta greiningarprófunin fyrir fuglainflúensu og nauðsynleg til síðari sanngreiningar og lýsingar á smitveirunni. Gerð er grein fyrir nauðsynlegum ráðstöfunum í þessum kafla.

2. **Meðferð sýna**

Ef stroksýnum er skilað „þurrum“ skal setja þau í nægilegan vökva með sýklalyfi til að tryggja að fljóti algerlega yfir þau. Hópa má fimm sýni saman í lotu, að því tilskildu að þau séu öll úr sömu dýrategundinni, séu tekin á sama tíma og úr sömu faraldsfræðilegu einingunni.

Skrokkar, sem sendir eru til rannsóknarstofunnar, skulu rannsakaðir og taka skal sýni úr eftirfarandi: saur eða þarmainnihaldi, heilavef, barka, lungum, lifur, milta og öðrum líffærum sem greinilega eru sýkt. Þessi líffæri og vefi má setja saman í lotu en nauðsynlegt er að meðhöndla saurefni sérstaklega.

Saursýni og líffæri skulu gerð einsleit (í lokuðum blandara eða með mortéli og stauti með dauðhreinsuðum sandi) í lausn með sýklalyfi og búin til 10 til 20% sviflausn (massi miðað við rúmmál) í vökvanum.

Stroksýnin, sem flýtur yfir, og sviflausnina skal geyma í um það bil tvær klukkustundir við stofuhita (eða til lengri tíma við 4 °C) og þau síðan gerð tær með skiljun í skilvindu (við t.d. 800 til 1000 x g í 10 mínútur).

3. **Veirueinangrun í frjóvguðu hænueggi**

Af tæra flotinu skal sá sem nemur 0,1–0,2 ml inn í þvagbelgshol minnst fjögurra frjóvgaðra hænueggja sem hafa verið í klaki í níu til ellefu daga. Helst eiga þessi egg að vera úr sérstökum hópum sem eru lausir við smitvalda, en ef því verður ekki við komið má nota egg úr hópi sem sýnt hefur verið fram á að hafi ekki mótefni gegn fuglainflúensu.

Eggin, sem sáð hefur verið í, skulu látin vera við 37 °C og þau skulu skyggnd daglega. Egg með dauða eða deyjandi fósturvísa og öll hin eggin skulu kæld niður í 4 °C sex dögum eftir sáningu og þvagbelgs-/líknarbelgsvökvinn prófaður til að athuga virkni rauðkornakekkjunar. Finnist engin merki um rauðkornakekkjun skal endurtaka ofangreinda aðferð með því að nota óþynntan þvagbelgs-/líknarbelgsvökva sem sáningarefni. Ef rauðkornakekkjun greinist skal útiloka tilvist baktería með ræktun. Ef bakteríur finnast má láta vökvana fara í gegnum 450 nm himnusíu, bæta frekari sýklalyfjum út í og sá þeim í frjóvguðu eggin eins og lýst er að framan.

Til að hraða greiningu hafa sumar rannsóknarstofur notað tvær þriggja daga umsáningar eða tveggja og fjögurra daga umsáningu og greint frá niðurstöðum sem eru sambærilegar við tvær sex daga umsáningar en þetta hefur enn ekki verið metið til fulls.

Jákvæða vökva þarf að prófa til að ganga úr skugga um að þeir séu lausir við bakteríur. Ef bakteríur finnast má láta vökvana fara í gegnum 450 nm himnusíu eða skilja þá í skilvindu til að fjarlægja bakteríur og setja þá aftur í egg eftir að frekari sýklalyfjum hefur verið bætt út í.

4. **Mismunargreining**

a) *Bráðabirgðagreining*

Þar eð nauðsynlegt er að grípa svo fljótt sem auðið er til varnarráðstafana, sem miða að því að takmarka útbreiðslu fuglainflúensuveirunnar, verður hver landsbundin tilvísunarrannsóknarstofa, sem hefur einangrað rauðkornakekkjandi veirur, að geta greint hvort um er að ræða inflúensuveiru af stofni A af undirtegund H5 eða H7 eða veiru Newcastle-veikinnar. Nota skal rauðkornakekkjandi vökvana í hömluprófunum með rauðkornakekkjun sem lýst er í IX. kafla. Jákvæð hömlun, s.s. títri sem er innan við 2 til 3 $\log_2$ í jákvæðum samanburði með fjölklóna mótsermi, sem er sértækt fyrir inflúensuveiru A af undirtegund H5 eða H7, gæti gengið sem bráðabirgðasanngreining svo að grípa megi til varnarráðstafana til bráðabirgða.

b) *Staðfestingarsanngreining*

Þar eð um er að ræða 16 undirtegundir m.t.t. rauðkornakekkis og 9 undirtegundir m.t.t. nevramínídasa af inflúensuveirum, auk þess sem finna má afbrigði innan hverrar undirtegundar, er hvorki framkvæmanlegt né kostnaðarhagkvæmt að hver landsbundin tilvísunarrannsóknarstofa geymi mótsermi sem gerir kleift að sanngreina til fulls undirtegundir inflúensueinangra.

However, each national reference laboratory must as a minimum:

Þó skal hver landsbundin tilvísunarrannsóknarstofa að lágmarki:

i. staðfesta að einangrið sé inflúensuveira af stofni A með því að nota ónæmisfelliprófun (e. *immunodoublediffusion* til að greina hópónæmisvaka,

ii. ákvarða hvort einangrið er af undirtegundinni H5 eða H7 eða ekki; jákvæð sanngreining felur í sér kröfu um að gripið verði til varnarráðstafana vegna alvarlegrar fuglainflúensu af undirtegundum H5 og H7,

iii. senda samstundis öll einangur alvarlegrar fuglainflúensu og öll H5- og H7-einangur til tilvísunarrannsóknarstofu Bandalagsins til staðfestingar og nákvæmrar lýsingar á eiginleikum þeirra nema veitt sé undanþága í samræmi við d-lið. Til viðbótar er æskilegt að rannsóknarstofur með viðeigandi aðstöðu:

iv. framkvæmi prófun á stuðli fyrir smithæfni í bláæð sex vikna gamalla kjúklinga eins og lýst er í VII. kafla. Stuðlar fyrir smithæfni í bláæð, sem eru hærri en 1,2, eru vísbending um tilvist veirunnar og útheimta að öllum varnarráðstöfunum vegna alvarlegrar fuglainflúensu verði hrint að fullu í framkvæmd.

Landsbundnar tilvísunarrannsóknarstofur skulu einnig vega það og meta að koma sér upp sérþekkingu og búnaði sem gerir kleift að raðgreina fyrir allar H5- eða H7-veirur vægrar fuglainflúensu núkleótíðaröð rauðkornakekkisgensins til að ákvarða hvort fjölbasískar amínósýrur séu á skerðiseti forstigsprótíns rauðkornakekkisins. Þótt tilvísunarrannsóknarstofa Bandalagsins setji það sem brýnt forgangsverkefni að ákvarða smithæfni, sem hluta af þeim skyldum sem um getur í b-lið 2. liðar VII. viðauka við tilskipun 2005/94/EB, styttir slík veirulýsing á landsvettvangi mjög þann tíma sem greining tekur og, reynist þær jákvæðar, þann tíma sem það tekur að hrinda varnarráðstöfunum vegna alvarlegrar fuglainflúensu að fullu í framkvæmd.

c) Nánari greining og lýsing á eiginleikum einangra

Senda skal til tilvísunarrannsóknarstofu Bandalagsins allar rauðkornakekkjandi veirur frá landstilvísunarrannsóknarstofum til frekari rannsókna á ónæmisvökum þeirra og erfðafræði til að auka skilning á faraldsfræði sjúkdómsins eða sjúkdómanna innan Bandalagsins í samræmi við verkefni og skyldur tilvísunarrannsóknarstofu Bandalagsins sem settar eru fram í VII. viðauka við tilskipun 2005/94/EB.

Til viðbótar við þessi verkefni og skyldur skal tilvísunarrannsóknarstofa Bandalagsins annast fullnaðargreiningu á ónæmisvökum allra inflúensuveira sem hún tekur við. Að því er varðar H5- og H7-veirur, sem ekki hafa hærri stuðul fyrir smithæfni í bláæð en 1,2, skal einnig raðgreina tafarlaust núkleótíðaröð rauðkornakekkisgena til að ákvarða hvort fjölbasískar amínósýrur séu á skerðiseti forstigsprótíns rauðkornakekkisins og upplýsa skal tilvísunarrannsóknarstofu viðkomandi ríkis og lögbært yfirvald upprunalandsins um niðurstöðurnar um leið og þær liggja fyrir þannig að unnt sé að hrinda varnarráðstöfunum vegna alvarlegrar fuglainflúensu að fullu í framkvæmd.

d) Í ljósi breytilegra, faraldsfræðilegra aðstæðna í tengslum við alvarlega og væga fuglainflúensu kann að reynast nauðsynlegt, í samkomulagi við framkvæmdastjórnina og tilvísunarrannsóknarstofu Bandalagsins, að veita rannsóknarstofum, sem hafa fulla getu til að gefa skjóta lýsingu á eiginleikum veiru, undanþágu til að senda inn hlutmengi af þessum veirum eftir rannsókn á gögnum og þannig getur tilvísunarrannsóknarstofa Bandalagsins valið það sem máli skiptir. Þessa undanþágu má einungis veita ef landstilvísunarrannsóknarstofan getur aflað gagna á skjótvirkan hátt og deilt þeim með tilvísunarrannsóknarstofu Bandalagsins.

VI. KAFLI

Sameindafræðilegar prófanir og mat á niðurstöðum

Núverandi skilgreining á alvarlegri fuglainflúensu gerir það kleift að sanngreina meinvirkniþætti á grundvelli sameindagerðar og staðfestir notagildi sameindafræðilegra aðferða við greiningu fuglainflúensu. Notkun þessara aðferða við að greina og lýsa eiginleikum fuglainflúensuveirunnar beint úr klínískum sýnum úr sýktum fuglum hefur verið að þróast undanfarið. Hefðbundin víxlritakjarnsýrumögnun (RT-PCR), sem beitt er á klínísk sýni, getur leitt, með rétt skilgreindum lyklum (e. *primers*), til skjótrar greiningar og sanngreiningar undirtegunda (a.m.k. H5 og H7) til viðbótar við kjarnsýrumögnuðu magnröðina (e. *PCR-amplicon*) sem unnt er að nota til núkleótíðraðgreiningar og sem sýnt hefur verið fram á að er mikilvæg við að sanngreina skjótt síðari uppkomur þegar frumsýkti staðurinn hefur verið sanngreindur og eiginleikum veirunnar hefur verið lýst. Víxlritakjarnsýrumögnun á „rauntíma“ í einu skrefi þar sem vísar/flúrljómandi þreifarakerfi (e. *fluorogenic probe systems*) (rRT-PCR) gera það kleift að koma við hraðari og næmari greiningu með því að greina fuglainflúensuveirur og ákvarða undirtegund H5 eða H7 í klínískum sýnum.

Það hefur verið vandamál varðandi kerfi með víxlritakjarnsýrumögnun og víxlritakjarnsýrumögnun á rauntíma að fram að þessu hafa mismunandi rannsóknarstofur þróað mismunandi kerfi sem hafa, þótt þau séu fullkomlega lögmæt, ekki verið fullgilt eða gengist undir prófanir með miklum fjölda sýna á mismunandi rannsóknarstofum. Tilvísunarrannsóknarstofa Bandalagsins og tilteknar landstilvísunarrannsóknarstofur hafa fengist við þennan vanda sem hluta af verkefni, sem kostað er af Bandalaginu (ESB AVIFLU), til að taka saman fullgiltar aðferðarlýsingar fyrir hefðbundna víxlritakjarnsýrumögnun og víxlritakjarnsýrumögnun á rauntíma sem aðrar landstilvísunarrannsóknarstofur geta tekið upp. Ef prófunarbreytur, s.s. sá tími, sem lotan tekur, og hitabreytingatími (e. *ramp time*), eru aðrar en þær sem mælt er með í tilgreindu aðferðarlýsingunum skal sýna fram á það fyrir notkun að þær séu heppilegar miðað við fyrirhugaða notkun í samræmi við 6. lið I. kafla í þessari greiningarhandbók.

Staðlaðar aðferðarlýsingar fyrir þessar sameindafræðilegu prófanir og mat á þeim, sem tilvísunarrannsóknarstofa Bandalagsins notar, má finna á eftirfarandi vefsetri:

http://www.defra.gov.uk/corporate/vla/science/science-viral-ai-reflab.htm

VII. KAFLI

Smithæfnisprófun í lífi og mat á niðurstöðum

Fyrir inflúensuveiru af stofni A, sem hefur verið einangruð úr fuglum, skal meta meinvirknina fyrir kjúklinga með prófun á stuðli fyrir smithæfni í bláæð (IVPI) sem skal framkvæmd sem hér segir:

a) ferskur, smitandi þvagbelgsvökvi með rauðkornakekkistítra > 1/16 (> 24 eða > $\log_2$ 4 þegar hann er gefinn upp sem öfugt gildi) af lægsta, hugsanlega umsáningarþrepi, helst úr upphaflegu einangruninni án nokkurs vals, skal þynntur 1/10 í dauðhreinsaðri, jafnþrýstinni saltlausn,

b) 0,1 ml af þynntu veirunni er dælt í bláæð á 10 sex vikna gömlum kjúklingum sem eru lausir við tiltekna smitvalda eða hafa ekki tiltekin mótefni gegn fuglainflúensu (SPF- eða SAN-kjúklingar),

c) rannsaka skal fuglana á 24 stunda fresti í 10 daga. Við hverja skoðun skal skrá fuglana, þ.e. hvort þeir eru: eðlilegir (0), sjúkir (1), alvarlega sjúkir (2) eða dauðir (3). Mat á því hvort fuglarnir eru sjúkir eða alvarlega sjúkir er huglægt, klínískt mat.

„Sjúkir“ fuglar sýna alla jafna eitt eftirfarandi einkenna og „alvarlega sjúkir“ sýna fleiri en eitt eftirfarandi einkenna: öndunarerfiðleikar, deyfð, niðurgangur, blámi á óvarinni húð eða hálssepum, bjúgur í andliti og/eða á höfði, merki um taugaveiklun. Dauðir fuglar skulu fá einkunnina 3 við allar daglegar skoðanir sem eru gerðar eftir að staðfest hefur verið að þeir séu dauðir

Þegar fuglar eru of sjúkir til að éta eða drekka skal, vegna velferðar dýrsins, aflífa þá á mannúðlegan hátt og skrá þá dauða við næstu skoðun þar eð þeir hefðu drepist innan 24 klukkustunda hefði þeim ekki verið lógað. Þessa aðferð telja faggildingaryfirvöld viðunandi.

d) Smithæfnistuðull í bláæð (IVPI) er meðaltalseinkunn hvers fugls við hverja skoðun á 10 daga tímabilinu. Stuðullinn 3,00 merkir að allir fuglarnir drápust innan 24 klukkustunda og stuðullinn 0,00 merkir að enginn fuglanna sýndi nein klínísk einkenni á 10 daga tímabilinu.

Í eftirfarandi dæmi er sýnd einföld aðferð til að skrá niðurstöður og reikna út stuðla:

Klínísk einkenni	Dagar eftir smit										Heildarstig
	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	
Eðlilegir	10	2	0	0	0	0	0	0	0	0	12 × 0 = 0
Sjúkir	0	4	2	0	0	0	0	0	0	0	6 × 1 = 6
Alvarlega sjúkir	0	2	2	2	0	0	0	0	0	0	6 × 2 = 12
Dauðir	0	2	6	8	10	10	10	10	10	10	76 × 3 = 228
											Alls = 246

Athugasemdir:

10 fuglar skoðaðir í 10 daga = 100 skoðanir

Stuðull = meðaltalsstig hvers fugls við hverja skoðun = 246/100 = 2,46

Allar inflúensuveirur A, án tillits til undirtegundar, sem fá hærra gildi en 1,2 í prófun á smithæfnistuðli í bláæð skulu teljast veirur alvarlegrar fuglainflúensu.

VIII. KAFLI

Sermifræðilegar prófanir og mat á niðurstöðum

Ákjósanlegasta aðferðin til að staðfesta tilvist inflúensuveiru af stofni A er að sýna fram á tilvist kjarnaprótíns eða möttulónæmisvaka (e. *matrix antigens*) sem eru sameiginlegir öllum inflúensuveirum af stofni A.

Þetta má gera með ónæmisfelliprófun, þar sem notaðar eru annaðhvort styrktar veirublöndur eða útdrættir úr sýktum þvag- og æðabelgshimnum.

Ákjósanlegustu aðferðirnar við sermifræðilegar prófanir til að staðfesta mótefni gegn veiru fuglainflúensu eru rauðkornakekkisprófun (HA) og hömlunarprófun með rauðkornakekkjun (H1).

Í kafla 2.7.12 í Handbók Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar (OIE) um greiningarprófanir og bóluefni fyrir landdýr eru ítarlegar upplýsingar um rannsóknarstofutækni og mat á niðurstöðum.

Staðlaðar aðferðarlýsingar fyrir sermifræðilegar prófanir og mat á niðurstöðum þeirra, sem eru notaðar á tilvísunarrannsóknarstofu Bandalagsins, má finna á eftirfarandi vefsetri:

http://www.defra.gov.uk/corporate/vla/science/science-viral-ai-reflab.htm

IX. KAFLI

Vöktunarkerfi í tengslum við bólusetningu

1. Tilskipun 2005/94/EB og greiningarhandbókin

Í 2. og 3. þætti IX. kafla tilskipunar 2005/94/EB eru neyðar- og forvarnarbólusetningar leyfðar með tilteknum skilyrðum. Eitt þessara skilyrða er að notuð sé DIVA-aðferð (til að greina á milli smitaðra og bólusettra dýra).

Bólusetning skal miða að því að koma í veg fyrir sýkingu og í kjölfarið útbreiðslu veirunnar milli hópa. Til eru óhrekjanlegar sannanir fyrir því að bólusetning eykur það veirumagn sem þarf til að sýkja fugla og dregur úr því magni veirunnar sem skilst út. Þótt bólusettir fuglar sýni ekki lengur klínísk einkenni geta þeir haldið áfram að breiða veiruna út við tilteknar aðstæður. Veirur alvarlegrar fuglainflúensu af undirtegundum H5 og H7 geta með því móti dreifst um nokkurn tíma, án þess að eftir því sé tekið, í hópi þar sem ónæmi er minna en ákjósanlegt er, á sama hátt og veira vægrar fuglainflúensu getur dreifst í hópi sem ekki hefur verið bólusettur. Því þarf að vera unnt að sanngreina veirujákvæða, bólusetta hópa, sem hafa smitast af veirum í umhverfinu, svo að unnt sé að grípa til annarra varnarráðstafana, s.s. niðurskurðar (e. *stamping out*).

2. **Notkun vísbendifugla til að vakta sýkingu**

Fyrir hvern hóp er einföld aðferð að vakta reglulega vísbendifugla sem hafðir eru óbólusettir í hverjum bólusettum hópi en þessari aðferð fylgja viss stjórnunarvandkvæði, einkum við að sanngreina vísbendifuglana og þá sérstaklega í stórum hópum. Tryggja skal að snerting verði milli vísbendifuglanna og bólusettu fuglanna.

3. **DIVA-prófun á rannsóknarstofu til að vakta sýkingu**

Sem staðgöngukost eða til viðbótar má framkvæma prófun til að kanna náttúrulegt smitálag á bólusettu fuglana með því að nota DIVA-prófanir á rannsóknarstofu. Undanfarin ár hafa verið þróuð nokkur prófunarkerfi sem einnig gera það kleift að greina náttúrulegt álag á bólusetta fugla. Aðferð, sem hefur reynst nothæf, er að nota bóluefni sem inniheldur veiru af sömu undirtegund rauðkornakekkis (H) og ríkjandi veira í umhverfinu en af annarri undirtegund m.t.t. nevramínídasa (N). Mótefni gegn nevramínídasa í veirunni í umhverfinu gegna hlutverki náttúrulegra smitvísa.

Slíkt kerfi var notað á Ítalíu í kjölfar enduruppkomu vægrar fuglainflúensu, veiru H7N1, árið 2000. Til viðbótar við beinar varnarráðstafanir var gripið til DIVA-áætlunar þar sem notað var bóluefni sem inniheldur H7N3 gegn smiti af völdum H7N1 í umhverfinu. Bólusettir fuglar og fuglar, sem smituðust í náttúrunni, voru aðgreindir með sermifræðilegri prófun til að greina sértæk mótefni gegn N1. Sama aðferð var notuð til varnar gegn vægri fuglainflúensu af völdum H7N3 á Ítalíu á árunum 2002 til 2003 en þá var notað H7N1-bóluefni og sermifræðileg prófun til að greina sérstaklega mótefni gegn N3. Í báðum tilvikum tókst að uppræta veiruna í náttúrunni með bólusetningu ásamt niðurskurði og með því að nota þessa DIVA-aðferð.

Vandamál koma upp í tengslum við þetta kerfi ef fram kemur veira í umhverfinu sem hefur sama N-ónæmisvaka og veiran, sem fyrir er í umhverfinu, en hún er af annarri H-undirtegund en H5 eða H7 eða ef undirtegund með sömu N-ónæmisvakana er þegar fyrir í umhverfinu. Endur eru þekktir smitberar fyrir fleiri en eina undirtegund. Einnig var þörf á að þróa viðeigandi prófun sem myndi gera kleift að vakta hópana kerfisbundið m.t.t. mótefna gegn nevramínídasa. Á Ítalíu var þróuð og notuð sérstök sermiprófun, byggð á óbeinni mótefnagreiningu með flúrljómun, þar sem N-prótín eru notuð sem ónæmisvakar, tjáð af raðbrigði af baculo-veirum. Notagildi þessa kann að verða meira og notkunin auðveldari þegar ELISA-prófunin hefur verið þróuð.

Notkun bóluefna, sem eingöngu innihalda rauðkornakekki (HA), s.s. endurraðaðra genaferjubóluefna (e. *recombinant vector vaccines*), gera kleift að nota hefðbundnar AGID-prófanir eða ELISA-prófanir, sem byggjast á kjarnprótínum, prótínum, sem eru ekki byggingarefni, eða möttulprótínum, til að greina sýkingu í bólusettum fuglum.

Að því er varðar óvirkjuð bóluefni hefur prófun, sem greinir mótefni gegn veiruprótínum sem ekki eru byggingarefni, sem myndast eingöngu við náttúrulega sýkingu, verið lýst. Slíkt kerfi hefur enn ekki verið fullgilt til notkunar, en það hefur þær takmarkanir að náttúruleg sýking með einhverri inflúensuveiru í tilteknum hópi, án tillits til undirtegundar hennar, veldur framleiðslu mótefna gegn prótínunum sem ekki eru byggingarefni.

Þróun skjótvirkra og næmra veirugreiningaaðferða, einkum þeirra sem hægt er að gera sjálfvirkar, s.s. víxlritakjarnsýrumögnunar á rauntíma, merkir að þær mætti nota við einfaldar, víðtækar og reglulegar prófanir til að kanna hvort veira úr umhverfinu er fyrir hendi í bólusettum fuglum. Þó er greining sýkils takmörkuð við stuttan tíma í bráðafasa sýkingarinnar og greiningin verður ekki notuð til að draga þá ályktun að tiltekinn hópur hafi ekki áður komist í snertingu við veiruna. Þessi aðferð hentar best til prófunar á bólusettum fuglum áður en þeir eru fluttir, til að sýna fram á að þeir séu lausir við virka sýkingu.

Fjöldi sýna, sem skal greina með þessum kerfum, verður að vera nægur til að útiloka að algengi sýkingar af völdum fuglainflúensuveirunnar í viðkomandi hópi sé yfir 15% með 95% öryggismörkum.

X. KAFLI

Aðferðir við greiningu fuglainflúensu

Eins og sett er fram í IV. viðauka við tilskipun 2005/94/EB kunna ákvarðanir um að beita ráðstöfunum á tilteknum svæðum eða smithættubújörðum og alvarleiki þessara ráðstafana að vera mismunandi eftir því hve áhættan er mikil. Á sama hátt má vænta þess að tilskilin staðfesting á greiningu sjúkdóms sé vegin og metin með hliðsjón af ríkjandi ástandi, umfangi hættunnar og áhættustigi. Heilbrigðisyfirvöld á sviði dýra og dýraafurða verða að taka ákvarðanir um sannanir í tengslum við greiningu þar sem skjótar varnir gegn sjúkdóminum og útrýming hans eru vegnar og metnar á móti hugsanlegum áhrifum af rangri greiningu. Við slíkt mat þarf að taka tillit til margra þátta samtímis, en spá má fyrir um tilteknar aðstæður.

Sjúkdómsástand	Hugsanlegur vandi	Greiningarviðmiðanir
Engin sérstök einkenni, enginn opinber grunur	Einangruð bújörð	Fram fer skjót greining á grundvelli víxlritakjarnsýrumögnunar á M-geni. Samanburðargreining eftir þörfum
Grunur um frumuppkomu	Einangruð bújörð	Fram fer full greiningarprófun, veirueinangrun og lýsing á eiginleikum
Grunur um frumuppkomu	Bújörð á þéttbýlu alifuglasvæði	Fram fer full greiningarprófun, veirueinangrun og lýsing á eiginleikum en með áherslu á aðferðir til skjótrar greiningar og lýsingar á eiginleikum, einkum á grundvelli víxlritakjarnsýrumögnunar og raðgreiningar°([1]).
Grunur um aðra og síðari uppkomu	Einangraðar bújarðir, faraldsfræðilega tengdar gruni um frumuppkomu	Leggja skal áherslu á aðferðir til skjótrar greiningar og lýsingar á eiginleikum, einkum á grundvelli víxlritakjarnsýrumögnunar og raðgreiningar°([1]).
Grunur um aðra og síðari uppkomu	Bújarðir á þéttbýlu alifuglasvæði eða með margvísleg, faraldsfræðileg tengsl	Treysta skal á aðferðir til skjótrar greiningar sem gefa fyrstu vísbendingu um tilvist fuglainflúensuveiru ([1]).
Grunur um margar uppkomur eða hraða útbreiðslu sjúkdómsins, þrátt fyrir eftirlit	Útbreiðsla verður stjórnlaus án skjótrar íhlutunar	Treysta skal á aðferðir til skjótrar greiningar sem gefa fyrstu vísbendingu um tilvist fuglainflúensuveiru eða treysta skal á klínísk einkenni°([1]).

([1]) Að því er þetta varðar skal fullkomin sýnataka eiga sér stað og geyma skal sýnin svo að unnt verði að meta þau síðar.

XI. KAFLI

Greining á sýkingum af völdum fuglainflúensuveira í svínum og öðrum spendýrum

1. **Fuglainflúensa í svínum**

Veirur fuglainflúensu smita svín auðveldlega og þótt eftirmyndun sé í flestum tilvikum tiltölulega takmörkuð er hugsanlegt að sýkt svín beri sjúkdóminn í alifugla og önnur smitnæm dýr. Hingað til hafa ekki komið fram neinar sannanir fyrir því að sýkt svín hafi borið fuglainflúensuveirur af undirtegundum H5 og H7.

Fengin reynsla af uppkomunni í Hollandi árið 2003 bendir til þess að svín, sem eru sýkt af H7N7, sýni ekki klínísk einkenni sem hægt er að rekja til H7N7-sýkingarinnar. Auk þess virðist sem hingað til hafi ekki verið tilkynnt um nein sýkt svín í uppkomu H5N1 í Asíu eða á öðrum stöðum.

Því er ekki hægt að reiða sig á klínísk einkenni sem vísbendingu um að svín séu sýkt; ef svín eru sýkt af öðrum fuglainflúensuveirum geta klínísk einkenni þó komið fram þegar veiran hefur lagað sig að hýslinum. Greining á sýkingum í svínum af völdum fuglainflúensuveiru er í meginatriðum eins og greining hjá fuglategundum og stuðst er við veirueinangrun, sameindatækni og greiningu sértækra mótefna þar sem hömluprófun með rauðkornakekkjun er notuð. Þó er þarna tiltekinn munur á og engin þessara prófana hefur að öllu leyti verið fullgilt til notkunar í svínum til þess að staðfesta smit af völdum fuglainflúensuveira.

2. **Sýni til veirueinangrunar**

Sýking af völdum fuglainflúensuveiru í svínum er yfirleitt bundin við öndunarveg og því skal taka sýni úr öndunarvegi og, eftir því sem við á, stroksýni úr nefi eða munni/koki, helst úr svínum sem sýna einkenni þessa sjúkdóms. Vefjasýnin og stroksýnin má meðhöndla til veirueinangrunar eða sameindagreiningar á veiru með sömu tækni og lýst er hér að framan fyrir sýni úr fuglum. Þegar kjarnsýrumögnunartækni er notuð skal þó beita viðeigandi ráðstöfunum til að tryggja að efni í sýnunum úr svínunum hindri ekki mögnunina.

3. **Sáning og klak eggja**

Til að einangra inflúensuveirur úr spendýrum í 9 til 11 daga gömlum, frjóvguðum hænueggjum er yfirleitt sáð í hvert egg fyrir sig gegnum þvagbelgsholið og inn í líknarbelgsholið. Við prófanir á svínum, sem eru í snertingu við fuglainflúensuveirur, þar sem veiran hefur haft litla möguleika til að aðlaga sig, er sáning í þvagbelgshol sennilega fullnægjandi. Á sama hátt er 35 °C yfirleitt ráðlagt sem sáningarhitastig til að einangra inflúensuveirur af stofni A í spendýrum en að því er varðar veirur, sem laga sig illa að svínum, er 37 °C ekki skaðlegur hiti fyrir veirueinangrunina.

4. **Greining á sértækum mótefnum í hömluprófunum með rauðkornakekkjun**

Veirueinangrun eða sameindagreining er að öllum líkindum næmust til að staðfesta sýkingu í svínum af völdum fuglainflúensuveiru. Sermifræðileg svörun hefur þó greinst í svínum án þess að til veirueinangrunar eða -greiningar hafi komið. Hömluprófun með rauðkornakekkjun með notkun svínasermis krefst einhverra breytinga á prófuninni sem notuð er fyrir fuglasermi og um getur í VIII. kafla. Svínasermi er þekkt fyrir þann eiginleika að gefa ekki sértæka hömlun í hömluprófun með rauðkornakekkjun og því þarf að meðhöndla hvert sermisýni með viðtakaeyðandi ensími (RDE) til að koma í veg fyrir slíkt. Nota skal eftirfarandi aðferð:

a) bæta skal 400 µl af viðtakaeyðandi ensími (fyrirfram ákveðin vinnuþynning) við 100 µl af svínamótsermi og blanda þessu vel saman,

b) haft við 37 °C í eina klukkustund,

c) því næst látið standa í 30 mínútur við 56 °C,

d) sýnin kæld við 4 °C í a.m.k. 15 mínútur,

e) bæta skal við 10 µl af 30% rauðkornum úr kjúklingafrumum (pakkaðar frumur, rúmmálshlutfall) og blanda rækilega saman,

f) haft við 4 °C yfir nótt. Ef nauðsynlegt er að nota sýnin sama dag er annar kostur að láta þetta standa við 37 °C í eina klukkustund og skilja í skilvindu við 300 x g í fimm mínútur.

Meðhöndlaða sermið er síðan notað við hömluprófun með rauðkornakekkjun eins og lýst er fyrir fuglasermi í lið [...], upphaflega lausnin er 1:10. Nota skal sett af svínasermi með þekkta sermineikvæða stöðu að því er varðar fuglainflúensu til þess að meta sérhæfni hömluprófunar með rauðkornakekkjun sem skal nota fyrir veirustofna (sjá notkun veirustofna úr uppkomunni til sermifræðilegra rannsókna; VIII. kafli). Í uppkomunni í Hollandi árið 2003 reyndust allt að 2,6% gefa ósértæka svörun með hömluprófun með rauðkornakekkjun þar sem notað var svínasermi sem var tekið óháð uppkomunni.

5. **Taka sýna úr svínum**

Á bújörðum, þar sem eru bæði svín og alifuglar, annaðhvort saman eða í aðskildum húsum, er sú áhætta fyrir hendi að svín sýkist beint eða óbeint af fuglainflúensu vegna snertingar við alifugla eða afurðir úr þeim. Til að útiloka slíka sýkingu skal taka stroksýni úr munni/koki eða nefi, svo og blóðsýni í samræmi við aðferðirnar sem lýst er í lið 8.21 í IV. kafla. Taka skal sýni úr svínum sem sýna klínísk einkenni sjúkdómsins. Ef þau sýna ekki nein klínísk einkenni er þó heimilt að taka sýni af handahófi úr öllum hlutum hússins. Prófa skal stroksýni með skjótvirkum sameindaprófunum og/eða veirueinangrun, ef unnt er að koma því við á rannsóknarstofunni. Víxlritakjarnsýrumögnun verður að hafa verið fullgilt á viðeigandi hátt og næmi hennar skal hið minnsta samsvara veirueinangrun í eggjum til að greina inflúensuveirur af stofni A.

Tveimur til fjórum vikum eftir aflífun alifuglanna, sem eru sýktir af fuglainflúensu, skal taka a.m.k. 60 blóðsýni úr svínum á þann hátt að a.m.k. hluti sýnanna komi úr svínahópum sem eru í beinni snertingu hver við annan. Sýnin skulu prófuð með hömluprófum með rauðkornakekkjun þar sem notuð er veira úr uppkomunni í alifuglunum. Bæði skal prófa sýni úr bráðafasa og afturbatafasa í sömu prófuninni. Unnt er að staðfesta jákvæð sýni með veiruhlutleysingu og/eða vesturþrykksgreiningu (e. *Western blot analyses*).

Ef einhver þessara sýna greinast jákvæð skal fara fram faraldsfræðileg rannsókn á öllum svínabúum innan verndarsvæðisins, án tillits til þess hvort um blandaða stofna er að ræða eða ekki.

6. **Fuglainflúensuveirur í spendýrum, öðrum en svínum**

Rannsókn skal fara fram á öðrum spendýrum en svínum, sem eru næm fyrir fuglainflúensu, þar á meðal köttum. Þegar kettir eru prófaðir tilliti til alvarlegrar fuglainflúensu af undirtegund H5N1 skal gera eftirfarandi:

Stórsæjar, meinafræðilegar skemmdir, sem tengjast veirueftirmyndun, koma einkum fram í lungum og lifur; því skal helst taka sýni til veirufræðilegra prófana úr þessum líffærum í dauðum dýrum. Úr lifandi dýrum skal helst taka stroksýni úr barka og munni/koki til veirugreiningar. Til viðbótar er hægt að taka sérstök stroksýni úr saur.

Blóðsýni, sem á að rannsaka með hömluprófun með rauðkornakekkjun, verður að hita í 56 °C í 30 mínútur og sleppa má meðhöndlun með viðtakaeyðandi ensími.

XII. KAFLI

Lágmarkskröfur um öryggi við flutninga á sýnum

1. Flutningur á sýnum, sem vitað er að sýklar finnast í eða grunur leikur á um það, fellur undir strangar landsreglur og alþjóðlegar reglur sem ætíð verður að fylgja. Veirueinangur eru ekki flokkuð sem greiningarsýni en þeim skal pakkað í samræmi við alþjóðlega staðla.

Leiðbeiningarnar í þessum kafla gilda um flutninga í lofti en nota skal svipaðar umbúðir fyrir flutninga á sýnum á landi eða sjó.

2. **Pökkun greiningarsýna til flutninga**

Greiningarsýni, sem flutt eru samkvæmt reglum IATA, eru sett undir UN-númer 2814, 2900 eða 3373, eftir því sem við á.

Það er sendandinn, ekki flutningafyrirtækið, sem ber ábyrgð á sendingunni þangað til pakkinn nær til viðtakandans.

3. **Grunnumbúðir**

a) Grunnílátið eða -ílátin verða að vera vatnsþétt, skrúfuð lok verða t.d. að vera innsigluð með parafilmu eða límbandi eða gera skal svipaðar verndarráðstafanir.

b) Ef grunnílát eru mörg verður að pakka hverju fyrir sig til að koma í veg fyrir að þau brotni.

c) Þegar tekin er ákvörðun um rúmmál greiningarsýna til sendingar skal taka tillit til flutningsefnis veirunnar.

d) Grunnílát má eða mega ekki innihalda meira en 500 ml eða 500 g. Grunnílát má ekki innihalda neitt annað en greiningarsýnið.

4. **Milliumbúðir**

a) Nota skal nægilega mikið af ídrægu efni í milliumbúðir til að þær dragi í sig allt innihald allra grunníláta ef leki eða skemmdir verða.

b) Milliumbúðir verða að uppfylla kröfur IATA um pökkun á greiningarsýnum, þ.m.t. 1,2 metra (3,9 feta) fallprófun. Þar eð kröfur um umbúðir um smitefni eru strangari en kröfur um umbúðir um greiningarefni, í fyrirmælum IATA um pökkun 602, má nota þær.

c) Á umbúðum smitefna verða að vera allar tilskildar sérmerkingar á pakkanum (með bókstöfunum „UN“ í hring), t.d.:

„UN 4G/CLASS 6.2/99/GB/2450“

d) Milliumbúðir verða að vera vatnsþéttar. Fara skal eftir leiðbeiningum um pökkun, sem fylgja milliumbúðunum, frá framleiðanda eða öðrum viðurkenndum aðila.

e) Minnsta, ytra mál aukaumbúða verður að vera a.m.k. 100 mm.

f) Milliumbúðir verða að vera svo stórar að flutningsskjöl, s.s. flugfarmbréf, komist þar fyrir.

5. **Ystu umbúðir:**

a) Í ystu umbúðum mega ekki vera meira en 4 l eða 4 kg.

b) Ef þörf krefur skal annaðhvort setja þurrís eða ís utan við milliumbúðirnar. Ef þurrís er notaður verður koltvísýringur að geta losnað úr umbúðunum og ekki má byggjast upp þrýstingur sem gæti rofið umbúðirnar. Ef ís er notaður verða umbúðirnar að vera lekaþéttar.

Hver pakki og hvert flugfarmbréf verður að vera merkt með eftirfarandi texta:

„UN 3373 DIAGNOSTIC SPECIMEN PACKED IN COMPLIANCE WITH IATA PACKING INSTRUCTION 650“

c) Sundurliðuð skrá yfir innhald verður að fylgja með, utan milliumbúða og innan ystu umbúða.

d) Ystu umbúðum verður að koma fyrir í lokuðum plastpoka til að verja þær raka.

e) Ekki er nauðsynlegt að láta flutningsskjalið, „Yfirlýsing sendanda um hættulegan varning“ (e. *Shipper's Declaration for Dangerous Goods*), fylgja.

XIII. KAFLI

Sending veira og sýna til tilvísunarrannsóknarstofu Bandalagsins

1. Sýnin, sem senda á til tilvísunarrannsóknarstofu Bandalagsins, verða að vera í samræmi við tilmæli um flutning hættulegra sýkla innan Bandalagsins og einnig í samræmi við reglugerðir og löggjöf sem eru í gildi í Breska konungsríkinu.

Fylgja skal fyrirmælunum í þessum kafla.

2. **Sending veira eða annars efniviðar til tilvísunarrannsóknarstofu Bandalagsins**

a) Pakka skal öllum efnum í samræmi við fyrirmælin í þessum kafla.

b) Ystu umbúðir skal merkja sem hér segir:

„ANIMAL PATHOGEN — PACKAGE ONLY TO BE OPENED AT THE AVIAN VIROLOGY SECTION, VLA, WEYBRIDGE. IMPORTATION AUTHORISED BY LICENCE NUMBER ....*..... ISSUED UNDER THE IMPORTATION OF ANIMAL PATHOGENS ORDER.“

c) Annað af eftirfarandi leyfisnúmerum verður að fylgja:

i. fyrir fuglainflúensuveirur: **„AHZ/2232/2002/5*“**

ii. fyrir vefi og annan efnivið: **„AHZ/2074C/2004/3***“

Þar eð þessum leyfisnúmerum er breytt öðru hverju verða rannsóknarstofur, sem senda sýni, að ganga úr skugga um það áður en þær senda pakka að þær noti gildandi leyfisnúmer.

d) Á pakkanum skal vera eftirfarandi utanáskrift:

Avian Virology
VLA Weybridge,
New Haw, Addlestone,
Surrey KT15 3NB
United Kingdom

e) Með pakkanum skal fylgja bréf með eins miklum upplýsingum um einangrin og mögulegt er, s.s. tegund og aldur, svæði/land þar sem einangrun átti sér stað, öll sjúkrasagan.

f) Pakkar skulu sendir með flugpósti eða vöruflutningum í lofti.

Ef pakkar eru sendir með vöruflutningum í lofti verður að senda tilvísunarrannsóknarstofu Bandalagsins númer flugfarmbréfsins með bréfsíma, símleiðis eða í tölvupósti áður en efniviðurinn berst þangað.

Pakkar, sem sendir eru með vöruflutningum í lofti, skulu merktir greinilega sem hér segir:

„CARE OF TRANSGLOBAL“ til að tryggja skjóta afgreiðslu á flugvellinum.

Tengiliðir tilvísunarrannsóknarstofu Bandalagsins

Ian H. Brown, framkvæmdastjóri tilvísunarrannsóknarstofunnar
Beinn sími (44-1932) 35 73 39,
Beinn bréfasími (44-1932) 35 72 39,
Tölvupóstfang: i.h.brown@vla.defra.gsi.gov.uk

Ruth Manvell, forstöðumaður tilvísunarrannsóknarstofunnar
Beinn sími (44-1932) 35 77 36 eða (44-1932) 35 77 08
Beinn bréfasími (44-1932) 35 78 56
Tölvupóstfang: r.manvell@vla.defra.gsi.gov.uk

XIV. KAFLI

Lágmarksöryggiskröfur fyrir greiningarstofu fyrir fuglainflúensu

1. Öryggiskröfur á greiningarrannsóknarstofum, sem vinna með fuglainflúensuveirur, verða bæði að ná yfir afmörkun veiranna að því leyti sem hún er ógn við heilbrigði dýra og til að vernda þá sem starfa á rannsóknarstofunni (og þeirra sem eru þar fyrir utan) gegn hvers kyns áhættu af völdum sjúkdóma sem berast milli manna og dýra.

Í Bandalaginu eru lágmarksöryggiskröfur fyrir rannsóknarstofur settar fram í mörgum tilskipunum. Að auki er þáttum starfseminnar lýst og þeir settir fram í tengdum Evrópustöðlum (EN). Að því er varðar starfsemi rannsóknarstofa á sviði greininga liggja fyrir frekari reglur (EN) á borð við góðar starfsvenjur við rannsóknir.

2. Tilskipanir Bandalagsins um rannsóknarstofur

Tilskipun ráðsins 89/391/EBE frá 12. júní 1989 um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum (Stjtíð. EB L 183, 29.6.1989, bls. 1).

Tilskipun ráðsins 90/679/EBE frá 26. nóvember 1990 um verndun starfsmanna gegn áhættu vegna líffræðilegra áhrifavalda á vinnustöðum (sjöunda sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE) (Stjtíð. EB. L 374, 31.12.1990, bls. 1).

Ef um er að ræða kjarnsýrumögnun (PCR) og klónun kjarnsýrumögnunarafurða í bakteríuplasmíð til fjölgunar, t.d. til DNA-raðgreiningar, gilda eftirfarandi tilskipun og Evrópustaðlar (EN) til viðbótar þessum tveimur tilskipunum:

Tilskipun ráðsins 90/219/EBE frá 23. apríl 1990 um afmarkaða notkun erfðabreyttra örvera (Stjtíð. EB L 117, 8.5.1990, bls. 1).

3. Til viðbótar við tilskipanir Bandalagsins skal hafa eftirfarandi Evrópustaðla (EN) í huga:

EN 12128 Líftækni. Rannsóknarstofur fyrir rannsóknir, þróun og greiningu. Hömlunarstig rannsóknarstofa í örverufræði, áhættusvið, húsnæði og tæknilegar öryggiskröfur.

EN 12738 Biotechnology. Laboratories for research, development and analysis. Guidance for containment of animals inoculated with micro-organisms in experiments

EN 12740 Biotechnology. Laboratories for research, development and analysis. Guidance for handling, inactivating and testing of waste

EN 12741 Biotechnology. Laboratories for research, development and analysis. Guidance for biotechnology laboratory operations

Eftirfarandi skilyrði gilda um starfsemi/stjórnun rannsóknarstofu:

4. **Kröfur fyrir rannsóknarstofur (afmörkunarstig 1 til 4)**

Í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/54/EB frá 18. september 2000 um verndun starfsmanna gegn áhættu vegna líffræðilegra áhrifavalda á vinnustöðum (sjöunda sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE) (Stjtíð. EB. L 262, 17.10.2000, bls. 21), tilskipun 90/219/EBE og Evrópustaðlana: EN 12128, EN 12740 og EN 12741.

Afmörkunarráðstafanir	Afmörkunarstig			
	1	2	3	4
Rannsóknarstofa: einangruð	nei	já	já	já
Rannsóknarstofur aðskildar með hurðum	nei	já	já	já
Hafa skal skoðunarglugga eða nota aðrar aðferðir til að unnt sé að sjá þá sem eru á svæðinu	valfrjálst	valfrjálst	valfrjálst	já
Starfsfólk skal hafa aðgang að aðstöðu til handþvottar	já	já	já	já
Veita skal aðgang að aðstöðu til sótthreinsunar (hendur)	valfrjálst	já	já	já
Takmarkaður aðgangur	nei	já	já	já
Sértækar ráðstafanir til að verjast úðamyndun	nei	Já haldið í lágmarki	Já hindruð	Já hindruð
Skilti á hurðum sem varar við hættu af líffræðilegum toga	nei	já	já	já
Sturta	nei	nei	valfrjálst	já
Augnskolun	já	já	já	já
Rannsóknarstofa: þéttanleg fyrir svælingu	nei	nei	já	já
Yfirborðsfletir skulu vera þolnir gagnvart vatni, sýrum, bösum, leysum, sótthreinsandi efnum og afmengandi efnum og auðveldir í þrifum	Já (bekkur)	Já (bekkur)	Já (bekkur, gólf)	Já (bekkur, gólf)
Aðgangur að rannsóknarstofu um slúsu (e. *airlock*)	nei	nei	valfrjálst	já
Undirþrýstingur miðað við þrýsting í næsta umhverfi	nei	nei	valfrjálst	já
Loft, sem er dregið út úr rannsóknarstofunni og blásið er inn í hana, skal vera síað með bakteríu- og veiruþéttri loftsíu (HEPA)	nei	nei	Já (útdregið loft)	já
Gufusæfir	á staðnum	í byggingunni	í rými sem liggur að rannsóknarstofunni	á rannsóknarstofunni, sæfir með tvíhliða opnun (e. double ended)

Afmörkunarráðstafanir	Afmörkunarstig			
	1	2	3	4
Hlífðarfatnaður	Viðeigandi hlífðarfatnaður	Viðeigandi hlífðarfatnaður	Viðeigandi hlífðarfatnaður (valfrjáls skófatnaður)	Algerlega skipt um fatnað
Hanskar	nei	valfrjálst	já	já
Skilvirkar varnir gegn smitberum (t.d. gegn nagdýrum og skordýrum)	valfrjálst	já	já	já
Líffræðilegur áhrifavaldur er geymdur á öruggan hátt	já	já	já	já
Rannsóknarstofan skal eiga sinn eigin búnað	nei	nei	Ráðlagt	já

Til eru fleiri Evrópustaðlar sem fjalla um stjórnun og skipulagningu rannsóknarstofa.

Til eru aðrar landsbundnar og alþjóðlegar reglur og tilmæli sem ber að fylgja. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur birt á vefsíðu sinni 3. útgáfu handbókar um líföryggi á rannsóknarstofum:

http://www.who.int/csr/resources/publications/biosafety/WHO_CDS_CSR_LYO_2004_11/en/

5. **Afmörkun sem skiptir máli fyrir heilbrigði dýra**

Heilbrigðisyfirvöld á sviði dýra og dýraafurða í aðildarríkjunum skulu setja reglur um afmörkun fuglainflúensuveira, einkum veiru alvarlegrar fuglainflúensu, en einnig allar fuglainflúensuveirur af undirtegundum H5 og H7. Í kafla 1.4.5 í heilbrigðisreglum Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar (OIE) um landdýr 2005 eru veittar nokkrar leiðbeiningar og alvarleg fuglainflúensa (HPNAI) er flokkuð sem sýkill í afmörkunarhópi 4 hjá Alþjóðadýraheilbrigðisstofnuninni.

Það er heilbrigðisyfirvalda á sviði dýra og dýraafurða í aðildarríkinu að setja reglur um meðhöndlun fuglainflúensuveira.

Lágmarksöryggiskröfur, sem tilvísunarrannsóknarstofa Bandalagsins styðst við og eru landsreglur í Breska konungsríkinu, má sjá á eftirfarandi vefsetri:

http://www.defra.gov.uk/corporate/vla/science/science-viral-ai-reflab.htm

6. **Afmörkun sem skiptir máli fyrir heilbrigði manna**

Á rannsóknarstofum, þar sem unnið er með fuglainflúensuveirur, verða menn alltaf að hafa í huga að um er að ræða hugsanlega sjúkdómsvalda fyrir menn og stýra rekstri rannsóknarstofunnar þannig að komist sé hjá því að þeir sýkist sem vinna á rannsóknarstofunni og að komið sé í veg fyrir að veiran berist til þeirra sem eru fyrir utan.

Leiðbeiningar um meðhöndlun sýna, sem grunur leikur á um að innihaldi fuglainflúensuveiru af stofni A, er að finna á vefsetri Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar:

http://www.who.int/csr/disease/avian_influenza/guidelines/handlingspecimens/en/

ÁKVÖRÐUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS nr. 2455/2001/EB **2013/EES/4/02**

frá 20. nóvember 2001

um að taka saman skrá yfir forgangsefni að því er varðar stefnu í vatnsmálum og um breytingu á tilskipun 2000/60/EB (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 1. mgr. 175. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([2]),

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Tilskipun ráðsins 76/464/EBE frá 4. maí 1976 um mengun af völdum tiltekinna, hættulegra efna, sem losuð eru í vatn í Bandalaginu ([4]) og tilskipanirnar, sem samþykktar voru innan ramma hennar, eru nú helstu lagagerningar Bandalagsins að því er varðar eftirlit með punktlosun og dreifðri losun hættulegra efna.

2) Í stað eftirlits Bandalagsins samkvæmt tilskipun ráðsins 76/464/EBE hefur með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB frá 23. október 2000 um aðgerðaramma Bandalagsins um stefnu í vatnsmálum ([5]) verið tekið upp samræmt og enn þróaðra eftirlit.

3) Samkvæmt tilskipun 2000/60/EB skulu Evrópuþingið og ráðið samþykkja á vettvangi Bandalagsins sérstakar ráðstafanir gegn mengun vatns af völdum stakra mengunarvalda eða flokka mengunarvalda sem skapa verulega áhættu fyrir vatnsumhverfi eða í gegnum það, þ.m.t. áhætta fyrir vatn þ ar sem neysluvatn er tekið. Þessar ráðstafanir miða að minnkun í áföngum og, að því er varðar hættuleg forgangsefni sem eru skilgreind í öðrum málslið 30. liðar 2. gr. tilskipunar 2000/60/EB, að því stöðva eða minnka smám saman sleppingu, losun og tap á innan við 20 árum frá samþykkt ráðstafananna á vettvangi Bandalagsins, með það að lokamarkmiði, eins og viðurkennt er í tengslum við að ná markmiðum viðkomandi, alþjóðlegra samninga, að styrkur náttúrulegra efna í sjávarumhverfi verði sem næst bakgrunnsstyrk þeirra og styrkur manngerðra gerviefna í sjávarumhverfi verði nálægt núlli. Með hliðsjón af samþykkt þessara ráðstafana er nauðsynlegt að taka saman skrána yfir forgangsefni, þ.m.t. hættuleg forgangsefni, sem X. viðauka við tilskipun 2000/60/EB. Skráin hefur verið tekin saman með hliðsjón af tilmælunum sem um getur í 5. mgr. 16. gr. tilskipunar 2000/60/EB.

4) Að því er varðar efni sem finnast í náttúrunni eða verða til í náttúrulegum ferlum, s.s. kadmíum, kvikasilfur og fjölarómatísk vetniskolefni (PAH), er útilokað að draga í áföngum úr losun þeirra, sleppingu eða tapi frá öllum hugsanlegum upptökum. Þegar einstakar tilskipanir, sem skipta máli í þessu tilliti, eru samdar verður að taka fullt tillit til þessara aðstæðna og ráðstafanir skulu miða að því að stöðva losun, sleppingu og tap hættulegra forgangsefna, sem stafa af starfsemi manna, í vatn.

5) Í 2. mgr. 16. gr. tilskipunar 2000/60/EB er tilgreint hvernig velja skuli á vísindalegum grundvelli þau forgangsefni sem skapa umtalsverða áhættu fyrir vatnsumhverfi eða í tengslum við það.

6) Með aðferðinni, sem sett er fram í tilskipun 2000/60/EB, er gert kleift — og það er jafnframt raunhæfasti kosturinn — að beita einfölduðu, áhættumiðuðu mati, sem byggist á vísindalegum meginreglum, þar sem einkum er tekið tillit til:

— vísbendinga um eðlislæga hættu af viðkomandi efnum, einkum að því er varðar visteiturhrif þeirra í vatni og eiturhrif á menn vegna váhrifaleiða í tengslum við vatn,

— vísbendinga, sem fengnar eru með vöktun á útbreiddri umhverfismengun, og

— annarra staðfestra þátta, sem geta bent til að um útbreidda umhverfismengun sé að ræða, s.s. magns viðkomandi efnis, sem framleitt er eða notað, og notkunarmynsturs viðkomandi efnis.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2001, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 126/2007 frá 28. september 2007 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 9, 21.2.2008, bls. 43.

([1]) Stjtíð . EB C 177 E, 27.6.2000, bls. 74 og Stjtíð. EB C 154 E, 29.5.2001, bls. 117.

([2]) Stjtíð. EB C 268, 19.9.2000, bls. 11.

([3]) Álit Evrópuþingsins frá 15. maí 2001 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 8. október 2001.

([4]) Stjtíð. EB L 129, 18.5.1976, bls. 23. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB (Stjtíð. EB L 327, 22.12.2000, bls. 1).

([5]) Stjtíð. EB L 327, 22.12.2000, bls. 1.

7) Á grundvelli þessa hefur framkvæmdastjórnin þróað samþætta áætlun um vöktunar- og líkanamiðaða forgangsröðun (COMMPS) í samvinnu við sérfræðinga á vegum hagsmunaaðila og í samstarfi við vísindanefndina um eiturhrif, eiturhrif í umhverfinu og umhverfið, aðildarríkin, EFTA-löndin, Umhverfisstofnun Evrópu, evrópsk viðskiptasamtök, þ.m.t. samtök lítilla og meðalstórra fyrirtækja, og evrópsk umhverfissamtök.

8) Framkvæmdastjórnin skal leita eftir þátttöku þeirra landa í COMMPS-aðferðinni sem hafa sótt um aðild að Evrópusambandinu, og setja í forgang þau lönd þar sem svo háttar til að um yfirráðasvæði þeirra rennur vatnsfall sem jafnframt fellur gegnum yfirráðasvæði aðildarríkis eða mynni þess er á yfirráðasvæði aðildarríkis.

9) Í fyrstu skrána hafa verið valin fyrstu 33 forgangsefnin eða flokkar efna á grundvelli COMMPS-aðferðarinnar í kjölfar almennrar, opinnar og gagnsærrar umræðu með þátttöku hagsmunaaðila.

10) Æskilegt er að þessi skrá verði samþykkt fljótt svo að unnt sé að innleiða á réttum tíma og halda áfram eftirliti Bandalagsins með hættulegum efnum samkvæmt þeirri aðferð sem sett er fram í 16. gr. tilskipunar 2000/60/EB, einkum tillögunum um eftirlit sem fram koma í 6. mgr. 16. gr. og tillögunum um gæðakröfur í 7. mgr. 16. gr., í því skyni að ná markmiðum tilskipunarinnar.

11) Skráin yfir forgangsefni, sem samþykkt er með þessari ákvörðun, kemur í stað skrárinnar yfir efni í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar til ráðsins frá 22. júní 1982 um hættuleg efni sem taka mætti með í I. skrá tilskipunar ráðsins 76/464/EBE ([1]).

12) Samkvæmt 3. mgr. 16. gr. tilskipunar 2000/60/EB skal við tilgreiningu á hættulegum forgangsefnum taka mið af vali efna, sem ástæða er til að hafa áhyggjur af, í viðeigandi löggjöf Bandalagsins að því er varðar hættuleg efni eða viðkomandi alþjóðasamningum. Hættuleg efni eru skilgreind í þeirri tilskipun sem „efni eða flokkar efna sem eru eitruð, þrávirk og geta safnast fyrir í lífverum, svo og önnur efni eða flokkar efna sem eru tilefni til jafnmikilla áhyggna“.

13) Meðal alþjóðasamninga sem skipta máli eru OSPAR-samningurinn um verndun Norðaustur-Atlantshafsins, HELCOM-samningurinn um verndun Eystrasaltsins, Barselónasamningurinn um verndun Miðjarðarhafsins gegn mengun, samningar samþykktir á vegum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar, samningur Umhverfisstofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNEP) (Stokkhólmssamningurinn) um þrávirk, lífræn efni og bókunin um þrávirk lífræn efni, samningur efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu (UN-ECE) um loftmengun sem berst langar leiðir milli landa.

14) Val forgangsefna og sanngreining hættulegra forgangsefna í þeim tilgangi að hafa eftirlit með losun, sleppingu og tapi á þessum efnum stuðlar að því að Bandalagið geti náð markmiðum sínum og staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt alþjóðasamningum um vernd hafsvæða, einkum framkvæmd áætlunarinnar um hættuleg efni sem samþykkt var á OSPAR-ráðherrafundinum árið 1998 í tengslum við samninginn um verndun Norðaustur-Atlantshafsins samkvæmt ákvörðun ráðsins 98/249/EB ([2]).

15) Tilgreining hættulegra forgangsefna á skrá yfir forgangsefni skal m.a. fara fram með hliðsjón af hættulegum efnum, sem samþykkt hefur verið í alþjóðlegum samningum að hætta skuli notkun á í áföngum eða stöðva skuli sleppingu, losun og tapi á, s.s. hættulegum efnum, sem samþykkt hefur verið að hætta skuli notkun á í áföngum á alþjóðavettvangi, þ.m.t. hjá Alþjóðasiglingamálastofnuninni, Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna og efnahagsnefnd Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu; hættulegum efnum, þar sem stöðvun, losun og tap hefur verið sett í forgang samkvæmt OSPAR-samningnum, þ.m.t. hættuleg efni, sem tilgreind eru með valaðferðunum DYNAMEC I ([3]) eða III ([4]) í OSPAR-samningnum; hættulegum efnum sem „gefa tilefni til jafnmikilla áhyggna“ og efni sem eru þrávirk, eitruð og geta safnast fyrir í lífverum (PTB-efni), s.s. innkirtlatruflandi íðefnum, sem tilgreind eru í OSPAR-áætluninni, og loks þungmálmum, sem falla undir bókun um þungmálma í samningi efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu um loftmengun sem berst langar leiðir milli landa og voru valdir til forgangsaðgerða samkvæmt OSPAR 1998 og 2000, og sem eru taldir „gefa tilefni til jafnmikilla áhyggna“ og PTB-efni.

16) Í því skyni að gera ráðstafanir í baráttunni gegn vatnsmengun skilvirkar verður framkvæmdastjórnin að auka samstillingu rannsókna, sem fram fara innan ramma OSPAR-samningsins og COMMPS-aðferðarinnar, og niðurstaðna úr þeim.

17) COMMPS-aðferðin er sett upp sem virkt tæki til að forgangsraða hættulegum efnum og stöðugt er unnt að bæta hana og þróa með það fyrir augum að endurskoða og aðlaga fyrstu skrána yfir forgangsefni eigi síðar en fjórum árum eftir gildistöku tilskipunar 2000/60/EB og hið minnsta fjórða hvert ár eftir það. Til að tryggt sé að öll hugsanleg forgangsefni verði tekin með í næsta valferli er brýnt að engin efni séu kerfisbundið undanskilin, að besta, fáanlega þekking sé höfð til hliðsjónar og að öll íðefni og öll varnarefni á markaði í Evrópusambandinu og öll efni, sem eru tilgreind sem „hættuleg“ í OSPAR-samningnum, verði tekin með í valferlinu.

([1]) Stjtíð. EB C 176, 14.7.1982, bls. 3.

([2]) Stjtíð. EB L 104, 3.4.1998, bls. 1.

([3]) Í eðli sínu ekki lífbrjótanleg og log K_{ow} (deilistuðull oktanóls og vatns ≥ 5 eða lífþéttnistuðull (BCF) ≥ 5000 og bráð eiturhrif í vatni ≤ 0,1 mg/l eða flokkuð sem krabbameinsvaldandi eða stökkbreytandi eða sem efni sem hefur skaðleg áhrif á æxlun fyrir spendýr.

([4]) Ekki í eðli sínu lífbrjótanleg log K_{ow} ≥ 4 eða lífþéttnistuðull ≥ 500 og bráð eiturhrif í vatni ≤ 1 mg/l eða flokkuð sem krabbameinsvaldandi eða stökkbreytandi eða sem efni sem hefur skaðleg áhrif á æxlun fyrir spendýr.

18) Skilvirkni COMMPS-aðferðarinnar ákvarðast að miklu leyti af þeim gögnum sem liggja fyrir og skipta máli. Komið hefur í ljós að í tengslum við núgildandi löggjöf Bandalagsins skortir tilfinnanlega gögn um hrein efni (e. chemical substances). Markmiðið með tilskipun 2000/60/EB næst því aðeins til fulls að löggjöf Bandalagsins um hrein efni verði endurskoðuð og að þannig verði tryggt að næg gögn verði tiltæk.

19) Tilvísunin í COMMPS-aðferðina útilokar ekki að framkvæmdastjórnin geti notað aðferðir við mat á skaðsemi tiltekinna efna sem þegar hafa verið þróaðar eða notaðar í tengslum við aðrar ráðstafanir gegn mengun.

20) Í samræmi við c-lið 1. gr. tilskipunar 2000/60/EB stuðlar fyrirhuguð endurskoðun á skránni yfir forgangsefni skv. 4. mgr. 16. gr. að því að árið 2020 hafi náðst að stöðva sleppingu, losun og tap á öllum hættulegum efnum vegna þess að fleiri efnum hafi smám saman verið bætt í skrána.

21) Við endurskoðun og aðlögun á skránni yfir forgangsefni skal hafa hliðsjón af COMMPS-aðferðinni endurbættri en auk þess, og eftir því sem við á, einnig af niðurstöðum úr endurskoðuninni samkvæmt tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna ([1]), reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 frá 23 mars 1993 um mat og eftirlit með áhættu skráðra efna ([2]), tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna ([3]) og hugsanlega öðrum vísindalegum upplýsingum sem komið hafa fram við endurskoðun á gildandi eða nýjum tilskipunum, einkum innan ramma löggjafarinnar um íðefni. Forðast verður tvítekningu við endurskoðun efna vegna kostnaðarins sem af því hlýst. Við aðlögun skránna verður bæði að vera unnt að breyta forgangsröðun og raða efni í hærri flokk.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Skráin yfir forgangsefni, þ.m.t. efni sem greind eru sem hættuleg forgangsefni og kveðið er á um í 2. og 3. mgr. 16. gr. tilskipunar 2000/60/EB, er hér með samþykkt. Þessari skrá, eins og hún birtist í viðaukanum við þessa ákvörðun, skal bætt við tilskipun 2000/60/EB sem X. viðauka.

2. gr.

Skráin yfir forgangsefni, sem er tekin saman í þessari ákvörðun, kemur í stað efnaskrárinnar í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 22. júní 1982.

3. gr.

Til að tryggja að tekið sé tillit til allra hugsanlegra forgangsefna skulu framkvæmdastjórnin og aðildarríkin sjá til þess að efnið og þau gögn um váhrif, sem þörf er á fyrir framkvæmd COMMPS-aðferðarinnar, verði gerð aðgengileg.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

5. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 20. nóvember 2001.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
N. FONTAINE	A. NEYTS−UYTTEBROECK
forseti.	*forseti.*

([1]) Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/49/EB (Stjtíð. EB L 176, 29.6.2001, bls. 61).
([2]) Stjtíð. EB L 84, 5.4.1993, bls. 1.
([3]) Stjtíð. EB L 123, 24.4.1998, bls. 1.

VIÐAUKI

„X. VIÐAUKI

SKRÁ YFIR FORGANGSEFNI Í TENGSLUM VIÐ STEFNU Í VATNSMÁLUM (*)

	CAS-númer:	ESB-númer [2]	Heiti forgangsefnis	Tilgreint sem hættulegt forgangsefni
(1)	15972-60-8	240-110-8	Alaklór	
(2)	120-12-7	204-371-1	Antrasen	(X) (***)
(3)	1912-24-9	217-617-8	Atrasín	(X) (***)
(4)	71-43-2	200-753-7	Bensen	
(5)	Á ekki við	Á ekki við	Brómaður difenýleter (PBDE) ([12])	X (****)
(6)	7440-43-9	231-152-8	Kadmíum og efnasambönd þess	X
(7)	85535-84-8	287-476-5	$C_{10–13}$-alkýlafleiður klórs (**)	X
(8)	470-90-6	207-432-0	Klórfenvinfos	
(9)	2921-88-2	220-864-4	Klórpýrifos	(X) (***)
(10)	107-06-2	203-458-1	1,2-díklóretan	
(11)	75-09-2	200-838-9	Díklórmetan	
(12)	117-81-7	204-211-0	Dí(2-etýlhexýl)þalat (DEHP)	(X) (***)
(13)	330-54-1	206-354-4	Díúrón	(X) (***)
(14)	115-29-7	204-079-4	Endósúlfan	(X) (***)
	959-98-8	á ekki við	(Alfa-endósúlfan)	
(15)	206-44-0	205-912-4	Flúoranten (*****)	
(16)	118-74-1	204-273-9	Hexaklórbensen	X
(17)	87-68-3	201-765-5	Hexaklórbútadíen	X
(18)	608-73-1	210-158-9	Hexaklórsýklóhexan	X
	58-89-9	200-401-2	(Gamma-hverfa, lindan)	
(19)	34123-59-6	251-835-4	Ísóprótúrón	(X) (***)
(20)	7439-92-1	231-100-4	Blý og efnasambönd þess	(X) (***)
(21)	7439-97-6	231-106-7	Kvikasilfur og efnasambönd þess	X
(22)	91-20-3	202-049-5	Naftalen	(X) (***)
(23)	7440-02-0	231-111-4	Nikkel og efnasambönd þess	

	CAS-númer [1]	ESB-númer [2]	Heiti forgangsefnis	Tilgreint sem hættulegt forgangsefni
(24)	25154-52-3	246-672-0	Nónýlfenól	X
	104-40-5	203-199-4	(4-(para)-nónýlfenól)	
(25)	1806-26-4	217-302-5	Oktýlfenól	(X) (***)
	140-66-9	á ekki við	(Para-tert-oktýlfenól	
(26)	608-93-5	210-172-5	Pentaklórbensen	X
(27)	87-86-5	201-778-6	Pentaklórfenól	(X) (***)
(28)	á ekki við	á ekki við	Fjölarómatísk vetniskolefni	X
	50-32-8	200-028-5	Bensó(a)pýren	
	205-99-2	205-911-9	(Bensó(b)flúoranten)	
	191-24-2	205-883-8	(Bensó(g,h,i)perýlen)	
	207-08-9	205-916-6	(Bensó(k)flúoranten)	
	193-39-5	205-893-2	(Indenó(1,2,3-cd)pýren)	
(29)	122-34-9	204-535-2	Símasín	(X) (***)
(30)	688-73-3	211-704-4	Tríbútýltinsambönd	X
	36643-28-4	á ekki við	(Tríbútýltinplúsjón)	
(31)	12002-48-1	234-413-4	Tríklórbensen	(X) (***)
	120-82-1	204-428-0	(1,2,4-tríklórbensen)	
(32)	67-66-3	200-663-8	Tríklórmetan (klóróform)	
(33)	1582-09-8	216-428-8	Tríflúralín	(X) (***)

(*) Ef valdir hafa verið flokkar efna eru dæmigerð efni tilgreind fyrir flokkana sem vísiefni (í svigum og án númers). Þegar eftirliti hefur verið komið á beinist það að þessum tilteknu efnum en það útilokar ekki að önnur efni úr flokknum verði tekin með, eftir því sem við á.

(**) Í þessum flokkum efna er umtalsverður fjöldi efnasambanda. Eins og sakir standa er ekki unnt að tilgreina þau vísiefni sem við eiga.

(***) Þetta forgangsefni sætir endurskoðun og verður hugsanlega tilgreint sem „hættulegt forgangsefni“. Framkvæmdastjórnin mun leggja tillögu fyrir Evrópuþingið og ráðið um endanlega flokkun eigi síðar en 12 mánuðum eftir samþykkt þessarar skrár. Þessi endurskoðun hefur ekki áhrif á tímaáætlunina sem mælt er fyrir um í 16. gr. tilskipunar 2000/60/EB að því er varðar tillögur framkvæmdastjórnarinnar um eftirlit.

(****) Aðeins pentabrómbífenýleter (CAS-númer: 32534-81-9).

(*****) Flúoranten er í skránni sem vísir fyrir önnur, hættulegri fjölarómatísk vetniskolefni.

([1]) CAS: Chemical Abstract Services (Upplýsingaþjónusta um íðefni).

([2]) ESB-númer: Evrópuskrá yfir íðefni á markaði (EINECS) eða Evrópuskrá yfir tilkynnt efni (ELINCS).“

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2013/EES/4/03**

frá 24. júlí 2002

um leiðbeiningar sem bætast við II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB um sleppingu erfðabreyttra lífvera út í umhverfið og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 90/220/EBE (*)

(tilkynnt með númeri C(2002) 2715)

(2002/623/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB frá 12. mars 2001 um sleppingu erfðabreyttra lífvera út í umhverfið og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 90/220/EBE ([1]), einkum fyrstu málsgrein II. viðauka við hana,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt tilskipun 2001/18/EB verða aðildarríkin, og framkvæmdastjórnin, eftir því sem við á, að sjá til þess að hugsanleg, skaðleg áhrif á heilbrigði manna og umhverfið, sem rekja má beint eða óbeint til genaflutnings frá erfðabreyttum lífverum til annarra lífvera, séu metin nákvæmlega og í hverju einstöku tilviki í samræmi við II. viðauka við þá tilskipun.

2) Tilkynningum um sleppingu eða setningu erfðabreyttra lífvera á markað verður, skv. b-lið 2. mgr. 6. gr. og b-lið 2. mgr. 13. gr. tilskipunar 2001/18/EB, að fylgja mat á umhverfisáhættu og niðurstöður um hugsanleg umhverfisáhrif við sleppingu eða setningu þessara erfðabreyttu lífvera á markað í samræmi við II. viðauka við þá tilskipun.

3) Við II. viðauka við tilskipun 2001/18/EB skal bæta nákvæmum leiðbeiningum um markmið, þætti, almennar meginreglur og aðferðafræði við mat á umhverfisáhættu sem um getur í þeim viðauka.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 1. mgr. 30. gr. tilskipunar 2001/18/EB.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Leiðbeiningarnar, sem eru settar fram í viðaukanum við þessa ákvörðun, skulu koma sem viðbót við II. viðauka við tilskipun 2001/18/EB.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 24. júlí 2002.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Margot WALLSTRÖM

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 200, 30.7.2002, bls. 22. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 127/2007 frá 28. september 2007 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 9, 21.2.2008, bls. 44.

([1]) Stjtíð. EB L 106, 17.4.2001, bls. 1.

VIÐAUKI

LEIÐBEININGAR UM MARKMIÐ, ÞÆTTI, ALMENNAR MEGINREGLUR OG AÐFERÐAFRÆÐI VIÐ MAT Á UMHVERFISÁHÆTTU SEM UM GETUR Í II. VIÐAUKA VIÐ TILSKIPUN 2001/18/EB

1. INNGANGUR

Mat á umhverfisáhættu er skilgreint í 8. mgr. 2. gr. tilskipunar 2001/18/EB sem „úttekt á áhættu fyrir heilbrigði manna og umhverfi, hvort sem áhættan er bein eða óbein og hvort sem hún kemur fram þegar í stað eða síðar, sem getur hlotist af sleppingu eða markaðssetningu erfðabreyttra lífvera“. Í samræmi við almennu skuldbindingarnar í 3. mgr. 4. gr. tilskipunarinnar er gerð sú krafa að aðildarríkin, og framkvæmdastjórnin eftir því sem við á, sjái til þess að hugsanleg, skaðleg áhrif á heilbrigði manna og umhverfið, bein eða óbein, séu metin nákvæmlega og í hverju einstöku tilviki og að tillit sé tekið til umhverfisáhrifa í samræmi við eðli þeirrar lífveru sem er sleppt og viðtökuumhverfið. Mat á umhverfisáhættu er unnið í samræmi við II. viðauka við tilskipunina og einnig er fjallað um það í B- og C-hluta í þeim viðauka. Í II. viðauka er almenn lýsing á því markmiði sem ná þarf, þeim þáttum sem huga þarf að og þeim almennu meginreglum og aðferðum sem fylgja skal við framkvæmd mats á umhverfisáhættu, þar sem tillit er tekið til umhverfisáhrifa í samræmi við eðli þeirrar lífveru sem er sleppt og viðtökuumhverfið.

Tilkynnendur verða að senda tilkynningu sem inniheldur mat á umhverfisáhættu vegna sleppingar skv. 2. mgr. 6. gr. eða vegna setningar á markað skv. 2. mgr. 13. gr.

Þessar leiðbeiningar skulu koma sem viðbót við II. viðauka við tilskipun 2001/18/EB og í þeim er gerð grein fyrir markmiðum og meginreglum, svo og aðferðum við mat á umhverfisáhættu, í því skyni að aðstoða tilkynnendur og auðvelda lögbærum yfirvöldum að vinna ítarlegt og viðeigandi mat á umhverfisáhættu samkvæmt tilskipun 2001/18/EB og til að gera matsferlið á umhverfisáhættu gagnsætt fyrir almenning.

Áfangarnir sex við mat á umhverfisáhættu eru settir fram í kafla 4.2.

2. MARKMIÐ

Í samræmi við II. viðauka við tilskipun 2001/18/EB *er markmiðið með mati á umhverfisáhættu að greina og meta í hverju einstöku tilviki hugsanleg, skaðleg áhrif erfðabreyttu lífverunnar á heilbrigði manna eða umhverfið, hvort sem þau eru bein eða óbein, tafarlaus eða tafin, sem geta hlotist af sleppingu eða markaðssetningu erfðabreyttra lífvera. Matið á umhverfisáhættu skal fara fram með það í huga að kanna hvort þörf sé á áhættustjórnun og hvaða aðferðir beri helst að nota ef sú verður niðurstaðan* ([1]).

Matið á umhverfisáhættu tekur því til sleppingar (B-hluti) og setningar á markað (C-hluti) eins og um getur í tilskipun 2001/18/EB. Setning á markað felur mjög oft í sér, en þó ekki nauðsynlega, sleppingu út í umhverfið en hún er ávallt vísvitandi innleiðing á markað (t.d. landbúnaðarafurðir, sem innihalda erfðabreyttar lífverur eða samanstanda af erfðabreyttum lífverum, sem eru aðeins til nota sem matvæli eða fóður eða til vinnslu). Í þessum tilvikum verður mat á umhverfisáhættu að vera hluti af tilkynningaferlinu. Að jafnaði getur verið munur á mati á umhverfisáhættu vegna sleppingar og sams konar mati vegna setningar á markað, t.d. vegna þess að fyrirliggjandi gögn, tímarammi og svæði eru mismunandi.

Auk þess taka þessar leiðbeiningar til allra erfðabreyttra lífvera, þ.m.t. örverur, plöntur og dýr. Þó svo að flestar erfðabreyttar lífverur, sem hefur verið sleppt eða sem hafa verið settar á markað fram til þessa, séu háplöntur getur það breyst í framtíðinni.

Matið á umhverfisáhættu verður grundvöllur að því að greina þörfina fyrir áhættustjórnun og, ef sú verður niðurstaðan, hvaða aðferðir beri helst að nota, svo og að markvissri vöktun (sjá 3. kafla).

Heildarmatið í hverju tilviki fyrir sig tekur til viðkomandi erfðabreyttrar lífveru eða erfðabreyttra lífvera (mat á hverri erfðabreyttri lífveru fyrir sig) og umhverfisins sem erfðabreyttu lífverunni verður sleppt út í (t.d. mat á hverjum stað fyrir sig og mat á hverju svæði fyrir sig, eftir því sem við á).

Frekari þróun á sviði erfðabreytingar getur kallað á aðlögun II. viðauka og þessara leiðbeininga að tækniframförum. Frekari sérhæfing, að því er varðar kröfur um upplýsingar vegna mismunandi tegunda erfðabreyttra lífvera, s.s. einfrumunga, fiska eða skordýra, eða að því er varðar sérstaka notkun erfðabreyttra lífvera, s.s. við þróun á bóluefnum, gæti orðið möguleg þegar nægileg reynsla hefur fengist innan Bandalagsins af tilkynningum vegna sleppingar sérstakra, erfðabreyttra lífvera (fjórða málsgrein III. viðauka og 6. kafli).

Áhættumat sem varðar notkun gena fyrir sýklalyfjaóþoli sem merkigena er mjög sérstakt tilvik og ráðlegt getur verið að veita frekari leiðbeiningar um þetta atriði.

([1]) Skáletraði textinn er tekinn beint úr II. viðauka við tilskipun 2001/18/EB.

Í II. viðauka við tilskipun 2001/18/EB er lýsing á mismunandi „flokkum áhrifa“ erfðabreyttra lífvera á heilbrigði manna eða umhverfið. Til að tryggja sameiginlega túlkun er skilgreiningunum, sem eru gefnar í tilskipuninni, á eftirfarandi hugtökum lýst nánar sem hér segir:

— *„bein áhrif“ vísa til frumáhrifa á heilbrigði manna eða umhverfið sem stafa af áhrifum erfðabreyttu lífverunnar sjálfrar og verða ekki rakin til orsakatengdrar atburðarásar* (t.d. bein áhrif Bt-eiturefnisins á marklífverur eða sjúkdómsvaldandi áhrif erfðabreyttrar örveru á heilbrigði manna),

— *„óbein áhrif“ vísa til áhrifa á heilbrigði manna eða umhverfið sem stafa af orsakatengdri atburðarás, m.a. af víxlverkunum við aðrar lífverur, flutningi erfðaefnis eða breytingum á notkun eða meðhöndlun. Líklegt er að óbein áhrif verði ekki staðfest fyrr en síðar* (t.d. þegar fækkun í markstofni skordýra hefur áhrif á stofn annarra skordýra eða þegar þróun fjölónæmis eða útbreidd áhrif krefjast mats á langtímavíxlverkun; sum óbein áhrif, t.d. minni notkun varnarefna, geta þó komið fram strax),

— *„tafarlaus áhrif“ vísa til áhrifa á heilbrigði manna eða umhverfið sem koma fram á þeim tíma sem slepping erfðabreyttu lífveranna á sér stað. Tafarlaus áhrif geta verið hvort sem er bein eða óbein* (t.d. dauði skordýra sem eru í fæðuleit á genskeyttum plöntum sem eru þolnar gagnvart meindýrum eða myndun ofnæmis hjá móttækilegum mönnum vegna váhrifa af völdum tiltekinnar, erfðabreyttrar lífveru),

— *„tafin áhrif“ vísa til áhrifa á heilbrigði manna eða umhverfið sem koma hugsanlega ekki fram á þeim tíma sem slepping erfðabreyttu lífveranna á sér stað en koma í ljós sem bein eða óbein áhrif annaðhvort á síðara stigi eða eftir að sleppingu hefur verið hætt* (t.d. erfðabreytt lífvera sem tekur sér bólfestu eða verður ágeng nokkrum kynslóðum eftir sleppingu, sem er mjög mikilvægt ef erfðabreytta lífveran lifir lengi, t.d. erfðabreyttar trjátegundir eða blendingar náskyldra, genskeyttra nytjaplantna sem verða ágengir í náttúrulegum vistkerfum).

Einkum getur reynst erfitt að ákvarða tafin áhrif, sérstaklega ef þau koma aðeins fram á löngum tíma. Viðeigandi ráðstafanir, s.s. vöktun (sjá að neðan), geta hjálpað við að greina þessi áhrif.

3. **ALMENNAR MEGINREGLUR**

Í samræmi við varúðarregluna skal mat á umhverfisáhættu byggjast á eftirfarandi, almennum meginreglum:

— *bera skal staðfesta eiginleika erfðabreyttu lífverunnar og notkun hennar, sem geta leitt til skaðlegra áhrifa, saman við eiginleika óbreyttu lífverunnar, sem sú erfðabreytta er leidd af, og notkun hennar við samsvarandi aðstæður.*

Ákvarða skal grunnástand fyrir viðtökuumhverfið (receiving environment), þ.m.t. lífverur þess og víxlverkun þeirra og þekktan breytileika, áður en unnt er að tilgreina öll (skaðleg) einkenni erfðabreyttu lífverunnar. Grunnástandið verður viðmiðunarpunktur sem unnt er að bera breytingar í framtíðinni saman við. Ef um er að ræða t.d. nytjaplöntur sem er fjölgað á kynlausan hátt skal samanburðargreining ná til móðurtegundarinnar sem var notuð til að fá fram genskeyttu línurnar. Ef um er að ræða nytjaplöntur sem er fjölgað með kynæxlun skal samanburðurinn ná til viðeigandi, samgena lína. Ef bakvíxlun er notuð til þess að fá fram nytjaplöntur er mikilvægt að í slíkum tilvikum sé gerð víðtæk jafngildisprófun með þeim samanburðarhópum sem henta best og að prófunin byggist ekki aðeins á samanburði við upprunalega móðurefnið.

Ef fyrirliggjandi gögn eru ekki fullnægjandi verður að skilgreina grunnástand út frá öðrum viðmiðunarpunktum svo að unnt sé að gera samanburð. Grunnástandið veltur að talsverðu leyti á viðtökuumhverfinu, þ.m.t. lífrænir og ólífrænir þættir (t.d. vernduð, náttúruleg búsvæði, land til landbúnaðar eða mengað land) eða samsetning með mismunandi umhverfi.

— *Matið á umhverfisáhættu skal unnið á traustan og gagnsæjan, vísindalegan hátt og byggjast á fyrirliggjandi, vísindalegum og tæknilegum gögnum*.

Mat á hugsanlegum, skaðlegum áhrifum skal byggjast á vísindalegum og tæknilegum gögnum og á sameiginlegum aðferðum fyrir sanngreiningu, söfnun og túlkun á viðeigandi gögnum. Gögnum, mælingum og prófunum skal lýst skilmerkilega. Auk þess má hugsanlega afla gagna sem vantar og eru gagnleg fyrir mat á umhverfisáhættu með því að beita vísindalega traustum líkanreikningi.

Við mat á umhverfisáhættu verður að taka tillit til óvissu á ýmsum stigum. Vísindaleg óvissa stafar alla jafna af fimm eiginleikum vísindalegu aðferðarinnar: breytunni sem er valin, mælingunum sem eru gerðar, sýnunum sem eru tekin, líkönunum sem eru notuð og orsakatengslunum sem lögð eru til grundvallar. Vísindaleg óvissa getur einnig komið upp vegna misræmis í fyrirliggjandi gögnum eða vegna skorts á einhverjum gögnum sem skipta máli. Óvissan getur hvort sem er tengst eigindlegum eða megindlegum þáttum greiningarinnar. Þekkingin eða gögnin fyrir grunnástandið endurspeglast af umfangi þeirrar óvissu sem tilkynnandinn verður að greina frá (mat á óvissu, þ.m.t. skortur á gögnum, gloppur í þekkingu, staðalfrávik, það hversu flókið málið er o.s.frv.) í samanburði við vísindalega óvissu í venjulegu, vísindalegu starfi.

Skortur á gögnum getur orðið til þess að mat á umhverfisáhættu getur ekki alltaf veitt endanleg svör við öllum spurningum sem fjallað er um. Fyrirliggjandi gögn geta verið af skornum skammti, einkum ef um er að ræða hugsanleg langtímaáhrif. Í þessum tilvikum þarf einkum að huga að viðeigandi áhættustjórnun (öryggisráðstafanir) í samræmi við varúðarregluna í því skyni að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði manna og umhverfið.

Almennt gildir að í mati á umhverfisáhættu skuli koma fram niðurstöður fullnægjandi rannsóknar á hugsanlegri áhættu sem tengist sleppingu erfðabreyttra lífvera eða setningu þeirra á markað, ásamt allri nákvæmlega skjalfestri, sambærilegri reynslu.

Gagnlegt getur verið að nota áfangaaðferðina (þ.e. alla áfanga, allt frá tilraunum með afmarkaða notkun til markaðssetningar, að sleppingum meðtöldum). Safna skal gögnum úr hverjum áfanga eins snemma á ferlinu og unnt er. Umhverfisaðstæður sem hermt er eftir í afmörkuðu kerfi gætu gefið niðurstöður sem kunna að skipta máli fyrir sleppingu (t.d. er að einhverju marki unnt að herma eftir atferli örvera í örheimi eða eftir atferli plantna í gróðurhúsum).

Að því er varðar erfðabreyttar lífverur sem á að setja á markað ætti slepping að veita upplýsingar sem skipta máli og eru tiltækar um þá tegund umhverfis þar sem erfðabreytta lífveran verður notuð.

— *Matið á umhverfisáhættu skal unnið á grundvelli hvers einstaks tilviks, sem merkir að umbeðnar upplýsingar geta verið mismunandi eftir viðkomandi tegund erfðabreyttra lífvera, fyrirhugaðri notkun þeirra og hugsanlegu viðtökuumhverfi þar sem m.a. er tekið tillit til erfðabreyttra lífvera sem fyrir eru í umhverfinu.*

Mat á umhverfisáhættu ætti að lúta meginreglunni um mat í hverju tilviki fyrir sig vegna margra mismunandi eiginleika hinna ýmsu lífvera (hver erfðabreytt lífvera fyrir sig) og mismunandi umhverfis (hver staður og hvert svæði fyrir sig).

Áhrif erfðabreyttra örvera á umhverfið geta verið mjög mismunandi (vegna smæðar þeirra og oft óþekktra víxlverkana), sömuleiðis áhrif plantna (t.d. háplantna, sem eru notaðar í matvæli eða fóður, eða trjáa vegna þess hve langlíf þau geta verið) og dýra (t.d. skordýra, vegna smæðar þeirra og mikillar hæfni þeirra til að yfirstíga hindranir, eða sjávarfiska vegna mikillar hæfni þeirra til útbreiðslu).

Enn fremur getur þurft að taka tillit til mikils fjölda umhverfiseinkenna (staðar- eða svæðissértækra). Til að renna stoðum undir tilviksbundið mat getur verið gagnlegt að flokka svæðisbundin gögn eftir búsvæðum sem endurspegla þá þætti viðtökuumhverfisins sem skipta máli fyrir erfðabreyttar lífverur (t.d. grasafræðileg gögn um útbreiðslu villtra, skyldra tegunda erfðabreyttra plantna á mismunandi landbúnaðarbúsvæðum eða náttúrulegum búsvæðum í Evrópu).

Tilkynnandinn verður einnig að taka tillit til hugsanlegrar, skaðlegrar víxlverkunar milli erfðabreyttu lífverunnar og annarra viðeigandi erfðabreyttra lífvera sem kann að hafa verið sleppt eða verið settar á markað áður, þ.m.t. endurteknar sleppingar sömu erfðabreyttu lífverunnar, t.d. í tengslum við notkun plöntuvarnarefna. Endurteknar sleppingar geta með tímanum valdið meiri bakgrunnsstyrk erfðabreyttu lífverunnar en ef um stakar sleppingar er að ræða þannig að hún verður viðvarandi í umhverfinu.

Komi nýjar upplýsingar fram um erfðabreyttu lífveruna og áhrif hennar á heilbrigði manna og umhverfið er hugsanlegt að endurtaka þurfi matið á umhverfisáhættu í því skyni að:

— ákvarða hvort áhættan hafi breyst,

— ákvarða hvort breyta þurfi áhættustjórnuninni til samræmis við það.

Ef um er að ræða nýjar upplýsingar, án tillits til þess hvort grípa þurfi til tafarlausra ráðstafana, verður að vinna nýtt mat á umhverfisáhættu til að meta hvort þörf er á að breyta skilmálum leyfis fyrir sleppingu erfðabreyttu lífverunnar eða setningu hennar á markað eða til að aðlaga ráðstafanir við áhættustjórnun (sjá einnig 6. kafla). Nýjar upplýsingar geta komið fram við rannsóknir eða vöktunaráætlanir eða byggst á viðeigandi reynslu úr annarri átt.

Mat á umhverfisáhættu og vöktun eru nátengd. Mat á umhverfisáhættu skapar grunn fyrir vöktunaráætlanirnar sem beinast að skaðlegum áhrifum á heilbrigði manna og umhverfið. Kröfur fyrir vöktunaráætlanir að því er varðar sleppingu erfðabreyttra lífvera (B-hluti í samræmi við viðeigandi hluta III. viðauka) og setningu erfðabreyttra lífvera á markað (C-hluti í samræmi við VII. viðauka) eru mismunandi. Vöktunin samkvæmt C-hluta, þ.m.t. almennt eftirlit, getur einnig gegnt mikilvægu hlutverki við öflun gagna um hugsanleg, skaðleg langtímaáhrif erfðabreyttra lífvera. Niðurstöður vöktunar geta staðfest matið á umhverfisáhættu eða þær geta leitt til endurmats á matinu á umhverfisáhættu.

— *Almenn meginregla, að því er varðar mat á umhverfisáhættu, er einnig að fram fari greining á „uppsöfnuðum langtímaáhrifum“ sem varða sleppingu og markaðssetningu. „Uppsöfnuð langtímaáhrif“ vísa til samanlagðra áhrifa, sem rekja má til veittra leyfa, á heilbrigði manna og umhverfið, m.a. á plöntu- og dýraríkið, frjósemi jarðvegs, niðurbrot lífrænna efna í jarðvegi, fæðukeðjuna, fjölbreytni lífríkisins, heilbrigði dýra og vanda sem tengist þoli gegn sýklalyfjum.*

Þegar hugsanleg, uppsöfnuð langtímaáhrif eru höfð í huga skal mat á umhverfisáhættu taka tillit til atriða á borð við:

— langtímavíxlverkana milli erfðabreyttu lífverunnar og viðtökuumhverfisins,

— eiginleika erfðabreyttrar lífveru sem verða mikilvægir þegar til lengri tíma er litið,

— endurtekinna sleppinga eða setningar á markað á löngu tímabili,

— erfðabreyttra lífvera sem hefur verið sleppt eða sem hafa verið settar á markað áður.

Frekari upplýsingar geta verið nauðsynlegar, einkum um langtímaáhrif (t.d. margþætt þol gegn illgresiseyði) og fyrir hendi verða að vera fullnægjandi rannsóknir, að hluta innan ramma vöktunaráætlananna, sem geta veitt mikilvæg gögn til að meta uppsöfnuð langtímaáhrif. Frekari leiðbeiningar um þennan lið geta verið æskilegar.

4. **AÐFERÐAFRÆÐI**

4.1. **Eiginleikar erfðabreyttra lífvera og slepping þeirra**

Við mat á umhverfisáhættu skal taka tillit til viðeigandi tæknilegra og vísindalegra upplýsinga sem varða eiginleika:

— *arfþega eða móðurlífveru eða móðurlífvera,*

— *erfðabreytingar eða -breytinga, ef um viðbót eða úrfellingu erfðaefnis er að ræða, ásamt viðeigandi upplýsingum um genaferjuna og arfgjafann,*

— *erfðabreyttu lífverunnar,*

— *áformaðrar sleppingar eða notkunar og einnig umfang þessa,*

— *hugsanlegs viðtökuumhverfis og*

— *víxlverkunarinnar milli þessara þátta.*

Upplýsingar um sleppingu svipaðra lífvera og lífvera með svipuð einkenni og um víxlverkun þeirra við svipað umhverfi geta reynst gagnlegar við mat á umhverfisáhættu.

Áður en erfðabreyttri lífveru eða samsetningu slíkra lífvera er sleppt samkvæmt B-hluta tilskipunarinnar eða áður en kemur til setningar þeirra á markað samkvæmt C-hluta hennar skal leggja tilkynningu með upplýsingunum, sem eru settar fram í III. viðauka A og III. viðauka B við tilskipunina (upplýsingar um erfðabreyttu lífveruna, arfgjafann, arfþegann, genaferjuna, skilyrðin við sleppingu og umhverfið, víxlverkanir milli erfðabreyttu lífveranna og umhverfisins og vöktun erfðabreyttu lífveranna), fyrir lögbært yfirvald í aðildarríkinu þar sem sleppingin eða setningin á markað skal fara fram í fyrsta sinn.

Þær tilkynningar skulu hafa að geyma tækniskjöl með upplýsingum um ítarlegt mat á umhverfisáhættu í samræmi við 2. mgr. 6. gr. og 2. mgr. 13. gr. tilskipunarinnar og það hversu nákvæmar upplýsingarnar þurfa að vera veltur á því hversu mikilvægar þær eru í matinu á umhverfisáhættu. Tilkynnendur skulu leggja fram bókfræðilegar tilvísanir og tilgreina þær aðferðir sem var beitt.


Upplýsingarnar um arfþega, arfgjafa, genaferju, erfðabreytingu og erfðabreyttu lífveruna, sem farið er fram á í III. viðauka A og III. viðauka B við tilskipunina, eru óháðar umhverfinu þar sem erfðabreyttu lífverunni verður sleppt eða sett á markað í tilraunaskyni og skilyrðunum við sleppingu eða setningu á markað í tilraunaskyni. Út frá þessum upplýsingum verða allir hugsanlegir, skaðlegir eiginleikar (hugsanleg hætta) erfðabreyttu lífverunnar greindir. Þekking og reynsla, sem fæst við sleppingu sömu eða sambærilegra erfðabreyttra lífvera, getur veitt mikilvægar upplýsingar um hugsanlega hættu við tiltekna sleppingu.

Upplýsingar um fyrirhugaða sleppingu, viðtökuumhverfi og víxlverkunina milli þeirra, sem krafist er í III. viðauka A og III. viðauka B við tilskipunina, tengjast því tiltekna umhverfi sem erfðabreyttu lífverunni verður sleppt út í og skilyrðunum við sleppinguna, þ.m.t. umfang hennar. Með þessum upplýsingum verður unnt að ákvarða umfang hvers kyns hugsanlegra, skaðlegra eiginleika erfðabreyttu lífverunnar.

4.2. **Áfangar í greiningu á mati á umhverfisáhættu**

Þegar unnið er úr niðurstöðum úr mati á umhverfisáhættu, sem um getur í 4., 6., 7. og 13. gr. tilskipunar 2001/18/EB, skal taka tillit til eftirfarandi atriða sem helstu áfanga í matinu á umhverfisáhættu.

Skýringarmynd 1: Sex áfangar í greiningu við mat á umhverfisáhættu



„Hætta“ (skaðlegur eiginleiki) er skilgreind sem geta lífveru til að valda skaða eða hafa skaðleg áhrif á heilbrigði manna og/eða umhverfið.

„Áhætta“ er sett saman úr umfangi afleiðinga af hættu, komi hún fram, og líkunum á því að afleiðingarnar komi fram.

4.2.1. *1. áfangi: Greining eiginleika sem geta haft skaðleg áhrif*

Greina verður alla eiginleika í fari erfðabreyttu lífveranna sem tengjast erfðabreytingunni og geta haft skaðleg áhrif á heilbrigði manna eða umhverfi. Samanburður á eiginleikum erfðabreyttu lífverunnar eða lífveranna og eiginleikum óbreyttu lífverunnar við svipuð skilyrði við sleppingu eða notkun getur reynst gagnlegur við greiningu á þeim sérstöku, hugsanlegu, skaðlegu áhrifum sem stafa af erfðabreytingunni í erfðabreyttu lífverunni. Miklu varðar að ekki sé litið fram hjá neinum hugsanlegum, skaðlegum áhrifum á þeirri forsendu að ólíklegt sé að þau muni koma fram.

Hugsanleg, skaðleg áhrif af völdum erfðabreyttra lífvera eru mismunandi í hverju tilviki um sig og geta m.a. verið:

— *sjúkdómar í mönnum, s.s. ofnæmisvaldandi áhrif eða eitrunaráhrif,*

— *sjúkdómar í dýrum og plöntum, s.s. eitrunaráhrif og, eftir því sem við á, ofnæmisvaldandi áhrif,*

— *áhrif á stofnstærðarbreytingar (dynamics of populations) hjá tegundum lífvera í viðtökuumhverfinu og erfðafræðilegan fjölbreytileika hvers þessara stofna,*

— *breytt næmi gagnvart sjúkdómsvöldum þannig að smitsjúkdómar breiðast greiðlegar út og/eða til verða nýir smitgeymar eða smitberar,*

— *neikvæð áhrif á úrræði eða fyrirbyggjandi meðferðarúrræði á sviði læknis- eða dýralæknisfræði eða plöntuvarna, t.d. með flutningi gena sem veita þol gegn sýklalyfjum sem eru notuð við lækningar manna eða dýra,*

— *áhrif á lífjarðefnafræði (lífjarðefnafræðilegar hringrásir), einkum á hringrás kolefnis og köfnunarefnis vegna breytinga sem verða á niðurbroti lífræns efnis.*

Dæmi um ofangreind, hugsanleg, skaðleg áhrif eru tilgreind í III. viðauka A og III. viðauka B við tilskipun 2001/18/EB.

Flestar greinanlegar hættur (skaðlegir eiginleikar), sem geta valdið skaðlegum áhrifum, tengjast því geni eða þeim genum sem voru af ásettu ráði sett inn í erfðabreyttu lífveruna og því prótíni eða þeim prótínum sem þessi gen tjá. Skaðleg viðbótaráhrif, t.d. fjölvirk áhrif, gætu hafa orðið til vegna þeirrar aðferðar sem var notuð til að fá aðfluttu genin fram og vegna þess staðar í genamengi erfðabreyttu lífverunnar sem aðfluttu genin voru felld inn í. Ef fleiri en eitt aðflutt gen er flutt í arfþega eða ef aðflutt gen er flutt í erfðabreytta lífveru skal taka tillit til hugsanlegrar víxlverkunar milli mismunandi, aðfluttra gena, þar á meðal hugsanlegra áhrifa á sviperfðir (epigenetic effects) og stýriáhrifa.

Þótt mikilvægt sé að skilgreina hættuna eins nákvæmlega og unnt er mun í mörgum tilvikum reynast gagnlegt að hafa í huga hætturnar undir fyrirsögnunum sem settar eru fram hér á eftir og tilgreina síðan þá sérstöku hættu sem hefur verið tilgreind með tilliti til mats á umhverfisáhættu (t.d. ef í sérstöku tilviki væri sýnt fram á hugsanleg, skaðleg áhrif á heilbrigði manna — ofnæmisvirkni og eitrunargeta — ætti að skoða þau hvert fyrir sig í matinu á umhverfisáhættu).

Ef hætta er tengd erfðabreyttu lífverunni er hún ávallt fyrir hendi og líta má á hana sem eðlislægan eiginleika. Hættur geta — með tilteknum líkum (3. áfangi) — haft neikvæðar afleiðingar og þær afleiðingar geta síðan verið mismunandi að umfangi (2. áfangi). Loks verður að taka saman hverja þá hættu sem stafar af erfðabreyttu lífverunni.

Á þessu stigi mats á umhverfisáhættu er þó aðeins nauðsynlegt að hafa í huga hætturnar sem eru til komnar vegna erfðabreytingar sem gæti haft skaðleg áhrif í för með sér. Í 1. áfanga er lagður vísindalegur grunnur að áföngunum sem á eftir fara í matinu á umhverfisáhættu. Jafnvel á þessu stigi er mikilvægt að greina, að því er varðar hverja hugsanlega hættu, sértækt gildi vísindalegrar óvissu svo að unnt sé að taka tillit til hennar á síðara stigi.

Skaðleg áhrif geta komið fram beint eða óbeint, t.d. á eftirfarandi hátt:

— *Með dreifingu erfðabreyttrar lífveru eða lífvera í umhverfinu*

Dreifingarleiðir sýna hugsanlegar leiðir sem erfðabreytta lífveran eða möguleg hætta getur dreifst eftir út í umhverfið og innan þess (t.d. eituráhrif á menn: innöndun á eitruðum örverum eða eitruðum prótínum).

Það hvort erfðabreytt lífvera dreifir sér út í umhverfið veltur t.d. á:

— líffræðilegu hæfi hennar (erfðabreyttar lífverur sem eru þannig gerðar að þær standa sig betur í viðkomandi umhverfi með þ ví að tjá eiginleika sem leiða til aukinnar samkeppnishæfni í náttúrulegu umhverfi eða með eigindlegri og megindlegri breytingu á samsetningu innihaldsefna, eða erfðabreyttar lífverur sem hafa þol gagnvart náttúrulegum valþrýstingi á borð við sjúkdóma eða ólífrænu álagi, s.s. hita, kulda, salti eða framleiðslu á örverueyðandi efnum í örverum),

— skilyrðunum við sleppingu eða setningu á markað (einkum sleppingarstaðurinn og umfang sleppingarinnar, þ.e.a.s. fjöldi þeirra erfðabreyttu lífvera sem er sleppt),

— líkunum á sleppingu eða setningu á markað eða óviljandi losun út í umhverfið (t.d. erfðabreyttar lífverur sem eru ætlaðar til vinnslu),

— dreifingarleiðum lífvænlegs efnis (t.d. fræja, gróa o.s.frv.) með vindi, vatni, dýrum o.s.frv.,

— sérstökum umhverfissjónarmiðum (staðarsértækum eða svæðissértækum): til að unnt sé að vinna staðarbundið eða svæðisbundið mat getur verið gagnlegt að flokka gögn eftir búsvæðum til að endurspegla þá þætti viðtökuumhverfisins sem skipta máli fyrir erfðabreyttu lífveruna (t.d. grasafræðileg gögn um útbreiðslu kynblöndunarhæfra, villtra ættingja erfðabreyttra plantna á mismunandi landbúnaðarbúsvæðum eða náttúrulegum búsvæðum í Evrópu).

Einnig er mikilvægt að meta hversu lengi stök, erfðabreytt lífvera eða tiltekinn fjöldi erfðabreyttra lífvera af tiltekinni tegund eru líkleg til að halda lífi og hversu auðveldlega þau dreifa sér og taka sér bólfestu á margs konar búsvæðum. Nauðsynlegt verður að taka tillit til æxlunarforms, lifunarforms og dvalaforms, t.d.:

— að því er varðar plöntur: lífvænleika frjókorna, fræja og plöntuhluta til kynlausrar fjölgunar (vegetative structures),

— að því er varðar örverur: lífvænleika gróa sem lifunarforma eða getu örveranna til að komast á það stig að verða lífvænlegar en ekki hæfar til ræktunar.

Heildargetan til dreifingar getur verið mjög mismunandi og ræðst af tegundinni, erfðabreytingunni og viðtökuumhverfinu, t.d. plönturæktun í eyðimörk eða fiskeldi í sjó.

— *Með flutningi innskotins erfðaefnis til annarra lífvera eða til sömu lífveru hvort sem hún er erfðabreytt eða ekki*

Hætta gæti valdið skaðlegum áhrifum við genaflutning innan sömu tegundar eða til annarra tegunda (lóðréttur og láréttur genaflutningur). Hraði og umfang genaflutnings til annarra tegunda (að jafnaði tegundir sem geta kynblandast, þegar um er að ræða æðri lífverur) veltur t.d. á:

— þeim eiginleikum erfðabreyttu lífverunnar sjálfrar er varða æxlun, þ.m.t. breyttar raðir,

— skilyrðum við sleppingu og sérstökum umhverfisþáttum, s.s. loftslagi (t.d. vindi),

— mismunar í æxlunarlíffræði,

— starfsvenjum í landbúnaði,

— framboði á hugsanlegum einstaklingum sem geta tekið þátt í æxlun,

— dýrum sem koma að flutningi og frævun (t.d. skordýrum eða fuglum, dýrum almennt),

— framboði á hýslum fyrir sníkla.

Tilvist sérstakra, skaðlegra áhrifa fyrir tilstilli genaflutnings getur haldist í hendur við þann fjölda erfðabreyttra lífvera sem hefur verið sleppt. Geta til genaflutnings á stórum ökrum með erfðabreyttum plöntum getur verið mjög frábrugðin því sem gerist á litlum ökrum, jafnvel hlutfallslega. Að auki eru eigindlegar og megindlegar upplýsingar um tilvist einstaklinga sem geta hugsanlega tekið þ átt í kynblöndun eða arfþega (að þ ví er varðar plöntur innan viðeigandi fjarlægðar) mjög mikilvægar.

Að því er varðar æðri plöntur og dýr skal gera frekari greinarmun á hugsanlegum genaflutningi til einstaklinga sömu tegundar, náskyldrar tegundar, fjarskyldrar tegundar og óskyldrar tegundar.

Þegar um er að ræða örverur gegnir láréttur genaflutningur mikilvægara hlutverki. Auðveldar er að flytja tiltekið erfðaefni milli lífvera eftir því sem þær eru skyldari, t.d. með plasmíðum eða fögum. Mikill vaxtarhraði, sem getur verið hjá örverum, getur valdið því að genaflutningur verður umtalsvert meiri hjá þeim en hjá æðri lífverum.

Flutningur á aðfluttum genum getur með tímanum leitt til blandaðs stofns erfðabreyttra lífvera eða til ólíkra samsetninga gena og plantna en það getur síðan valdið flóknu mynstri skaðlegra áhrifa, einkum langtímaáhrifa. Þessi skaðlegu áhrif verða flóknari eftir því sem meira genskeytt efni er flutt inn í stofn (t.d. genastöflun (gene stacking)).

Í sumum tilvikum getur erfðabreytingaraðferðin breytt getunni til genaflutnings, t.d. ef um er að ræða ósamþættanleg plasmíð eða veirugenaferju. Erfðabreytingaraðferðin getur einnig dregið úr getunni til genaflutnings, t.d. grænukornaummyndun.

Genaflutningur getur valdið því að nýja erfðaefnið nái þráfestu í náttúrulegum stofnum. Ef erfðabreytt lífvera getur flutt gen þýðir það ekki endilega eðlislæga áhættu eða breytingu á getunni til að lifa af, taka sér bólfestu eða hafa skaðleg áhrif. Þetta veltur á innskotna erfðaefninu, tegundinni og viðtökuumhverfinu, m.a. hugsanlegum arfþegum.

— *Óstöðugleiki að því er varðar svipgerð og erfðir*

Taka skal tillit til þess að hve miklu leyti erfðafræðilegur stöðugleiki/óstöðugleiki getur leitt til stöðugleika/óstöðugleika í svipgerð og valdið hættu. Óstöðugleiki vegna erfðabreytingarinnar getur í vissum tilvikum leitt til afturhvarfs til villtu svipgerðarinnar. Hafa skal önnur tilvik í huga, t.d.:

— ef aðflutt gen í erfðabreyttri plöntulínu, sem hefur fleiri en eitt aðflutt gen, skiptast á milli afkvæmanna í aðgreiningarferlinu, sem fylgir í kjölfarið, geta orðið til plöntur með færri aðflutt gen en með nýjar svipgerðir,

— ef veikluð stökkbrigði geta, sakir óstöðugleika (vegna gerðar tilteknu stökkbreytingarinnar), orðið meinvirk á ný,

— ef tvítekning aðfluttra gena veldur því að gen verða óvirk,

— ef fjöldi afrita er mjög mikill,

— ef endurísetning stökkla hefur í för með sér nýjar svipgerðir vegna þess að aðflutta genið hefur orðið óvirkt við ísetningu hreyfanlegra erfðafræðilegra eininga (mobile genetic elements),

— ef tjáning aðflutta gensins er mikilvæg (t.d. ef tjáning eiturefnis er mjög lítil) getur erfðafræðilegur óstöðugleiki stýriþáttarins/-þáttanna valdið aukinni tjáningu aðflutta gensins.

Óstöðugleiki að því er varðar svipgerð getur hlotist af víxlverkun við umhverfið við ræktun og því skal hafa í huga áhrif umhverfisþátta og ræktunarfræðilegra þátta á tjáningu aðfluttra gena í matinu á umhverfisáhættu.

Ef tjáning aðflutts gens takmarkast við tiltekinn hluta erfðabreyttu lífverunnar (s.s. tiltekinn plöntuvef) getur óstöðugleiki í stýringu leitt til tjáningar aðflutta gensins í allri lífverunni. Í þessu samhengi gegna stýrimerki (s.s. stýrlar (promoters)) mikilvægu hlutverki og skal hafa þau í huga.

Einnig skal hafa í huga tjáningu aðflutta gensins á tilteknum tíma á lífsferli lífverunnar eða við sérstök umhverfisskilyrði.

Sérstök, aðflutt gen, sem valda ófrjósemi, kunna að hafa verið sett í erfðabreyttu lífveruna til að gera hana ófrjóa (t.d. til að koma í veg fyrir flutning og dreifingu tiltekinna, aðfluttra gena). Óstöðugleiki aðfluttu genanna, sem valda ófrjósemi, getur orðið til þess að plantan verður aftur frjó sem gerir henni kleift að dreifa aðfluttu genunum, sem gæti haft skaðleg áhrif í för með sér.

Stöðugleiki mismunandi, aðfluttra gena, ekki aðeins í upprunalegu, erfðabreyttu lífverunni heldur einnig í afkvæmum hennar, er mikilvægur, einkum að því er varðar langtímaáhrif.

— *Víxlverkun við aðrar lífverur (önnur en skipti á erfðaefni/frjódufti)*

Meta verður hugsanlegar víxlverkanir við aðrar lífverur, þ.m.t. aðrar erfðabreyttar lífverur, vandlega og taka tillit til hinna flóknu víxlverkana á mörgum fæðuþrepum (multitrophic interactions). Víxlverkanir sem eru með beinum hætti hættulegar og geta haft skaðleg áhrif eru m.a.:

— váhrif á menn (s.s. bændur, neytendur),

— váhrif á dýr,

— samkeppni um náttúrugæði á borð við jarðveg, rými, vatn, ljós,

— tilfærsla náttúrulegra stofna annarra lífvera,

— losun eiturefna,

— mismunandi vaxtarmynstur.

Ef líffræðilegt hæfi eykst almennt við erfðabreytingu getur erfðabreytta lífveran fest sig í sessi í nýju umhverfi og komið í stað núverandi tegunda. Tilkoma sérstakra, skaðlegra áhrifa er oft í réttu hlutfalli við umfang sleppingarinnar.

— *Breytingar í stjórnun, m.a. að því er varðar starfsvenjur í landbúnaði, eftir því sem við á*

Meta þarf mikilvægi breytinga í stjórnunaraðferðum, sem eru óumflýjanlegar afleiðingar af sleppingu erfðabreyttu lífverunnar, í samræmi við gildandi aðferðir. Breytingar í bústjórnun geta t.d. tengst:

— sáningu, plöntun, ræktun, uppskeru eða flutningi á nytjaplöntum (t.d. plöntun á litlum eða stórum ökrum), tímasetningu,

— skiptiræktun (t.d. að rækta sömu plöntutegundina á hverju ári eða fjórða hvert ár),

— vörnum gegn sjúkdómum og skaðvöldum (t.d. tegund og skammtur skordýraeiturs fyrir plöntur eða sýklalyfja fyrir dýr eða aðrar ráðstafanir),

— aðgerðum ef upp kemur þol (t.d. gerð og skammtur illgresiseyðis fyrir plöntur sem hafa myndað þol gegn illgresiseyði eða breyting á beitingu líffræðilegra varna, þar sem Bt-prótín eru notuð, eða áhrif veira),

— einangrun í ræktunar- og eldiskerfum á landi og í vatni (t.d. fjarlægð vegna einangrunar í ræktun plantna eða gæði einangrunar í fiskeldisstöðvum),

— starfsvenjum í landbúnaði (ræktun erfðabreyttra lífvera og landbúnaður án erfðabreyttra lífvera, þ.m.t. lífrænn búskapur),

— stjórnun í kerfum sem tengjast ekki landbúnaði (t.d. einangrunarfjarlægð náttúrulegra búsvæða frá svæðum þar sem erfðabreyttum lífverum hefur verið plantað).

4.2.2. *2. áfangi: Mat á hugsanlegum afleiðingum hverra hinna skaðlegu áhrifa, komi þau fram*

Meta skal umfang afleiðinga hverra hinna hugsanlegu, skaðlegu áhrifa .

Ef frá eru taldar líkurnar á að eiginleikar, sem eru hugsanlega skaðlegir, komi fram (sjá kafla 4.2.3, 3. áfanga) er mat á umfangi afleiðinganna mikilvægur hluti mats á áhættu. Með umfangi er átt við í hve miklum mæli afleiðingarnar af hugsanlegri hættu af erfðabreyttu lífverunum, sem á að sleppa eða setja á markað, koma fram.

Skoða ber umfangið í tengslum við grunnástandið og líklegt er að það verði fyrir áhrifum af:

— erfðafræðilegri byggingu,

— hverjum þeim skaðlegu áhrifum sem greinast,

— fjölda erfðabreyttra lífvera sem hefur verið sleppt (umfang),

— umhverfinu sem erfðabreyttu lífverunni/lífverunum verður sleppt út í,

— skilyrðunum við sleppingu, þ.m.t. varnarráðstafanir,

— samsetningu framangreindra atriða.

Í hverju tilviki, þar sem skaðleg áhrif hafa verið greind, verður að meta afleiðingarnar fyrir aðrar lífverur, stofna, tegundir eða vistkerfi sem verða fyrir váhrifum af erfðabreyttu lífverunni. Þetta krefst nákvæmrar þekkingar á umhverfinu sem erfðabreyttu lífverunni verður sleppt út í (staðnum, svæðinu) og aðferðinni við sleppingu. Afleiðingarnar eru frá því að vera „óverulegar“ eða ómarktækar og sjálftakmarkandi til þess að vera „miklar“ eða marktækar og hafa annaðhvort tafarlaus og skaðleg áhrif eða leiða e.t.v. til stöðugra og langvinnra, skaðlegra áhrifa.

Umfangið skal gefið upp í megindlegum hugtökum sem „mikið“, „í meðallagi“, „lítið“ eða „óverulegt“, ef því verður við komið. Í sumum tilvikum er ekki unnt að greina skaðleg áhrif í tilteknu umhverfi. Í slíkum tilvikum væri unnt að meta áhættuna sem tengist þeim tilteknu, skaðlegu áhrifum sem „óverulega“ eða ómarktæka.

Hér á eftir eru sett fram mjög almenn, lýsandi og eigindleg skýringardæmi. Þeim er ekki ætlað að vera endanleg eða tæmandi heldur eiga þau að gefa vísbendingu um þau atriði sem tillit kann að verða tekið til þegar afleiðingarnar eru vegnar og metnar:

— „Miklar afleiðingar“ geta verið umtalsverðar breytingar á fjölda einnar eða fleiri tegunda annarra lífvera, þ.m.t. tegundir í útrýmingarhættu og gagnlegar tegundir til lengri eða skemmri tíma. Slíkar breytingar geta falið í sér fækkun hjá tiltekinni tegund eða algjöra útrýmingu hennar sem hefur í för með sér neikvæð áhrif á starfsemi vistkerfisins og/eða tengdra vistkerfa. Slíkar breytingar myndu að öllum líkindum ekki ganga greiðlega til baka og allt í tengslum við endurheimt vistkerfisins myndi líklega gerast hægt.

— „Afleiðingar í meðallagi“ geta verið umtalsverðar breytingar á þéttleika annarra lífvera en ekki breyting sem gæti leitt til allsherjarútrýmingar tegundar eða haft umtalsverð áhrif á tegund í útrýmingarhættu eða gagnlega tegund. Skammvinnar og verulegar breytingar á stofnum geta fallið undir þetta ef líklegt þykir að þær muni ganga til baka. Undir þetta geta langtímaáhrif líka fallið, að því tilskildu að ekki sé um að ræða nein alvarleg, neikvæð áhrif á starfsemi vistkerfisins.

— „Litlar afleiðingar“ geta verið ómarktækar breytingar á þéttleika annarra lífvera og sem leiða ekki til algjörrar útrýmingar stofns eða tegundar annarra lífvera og hafa ekki nein neikvæð áhrif á starfsemi vistkerfisins. Einu lífverurnar, sem geta orðið fyrir áhrifum, eru tegundir sem eru ekki í útrýmingarhættu og sem eru ekki gagnlegar, til skemmri eða lengri tíma.

— „Óverulegar afleiðingar“ þýðir að engar umtalsverðar breytingar hafi orðið á neinum stofnum í umhverfinu eða á neinum vistkerfum.

Ofangreind dæmi endurspegla hugsanleg, skaðleg áhrif erfðabreyttra lífvera á stofna, þó svo að í sumum tilvikum geti verið heppilegra að hafa í huga líkleg áhrif á einstakar lífverur. Hver stök hætta getur haft fleiri en ein skaðleg áhrif og í raun getur umfang einstakra, skaðlegra áhrifa verið mismunandi. Skaðleg áhrif einnar stakrar hættu á heilbrigði manna og landbúnaðarbúsvæði og náttúruleg búsvæði geta verið með ýmsu móti.

Taka má saman hugsanlegar afleiðingar þannig að þær taki til allra vistfræðilegra eininga sem gætu orðið fyrir áhrifum (s.s. tegunda, stofna, fæðuþrepa og vistkerfa), þ.m.t. hugsanleg áhrif og sú óvissa sem tengist þeim.

4.2.3. *3. áfangi: Mat á líkum á því að hver hinna tilgreindu, hugsanlegu, skaðlegu áhrifa komi fram*

Þeir þættir, sem vega þyngst að því er varðar líkur á að skaðleg áhrif komi fram, eru eiginleikar þess umhverfis þar sem fyrirhugað er að sleppa erfðabreyttu lífverunni eða lífverunum og hvernig staðið er að sleppingunni.

Auk umfangs afleiðinga af hættunum (sjá kafla 4.2.2, 2. áfanga) er mat á líkunum á því að skaðleg áhrif komi fram annar mikilvægur þáttur í mati á áhættu. Í þessum áfanga er metið hversu líklegt það er að skaðleg áhrif komi í raun fram. Í sumum tilvikum þarf að fjalla bæði um líkurnar og tíðnina. Eins og í 2. áfanga (mat á hugsanlegum afleiðingum allra skaðlegra áhrifa, komi þau fram) er fjöldi erfðabreyttra lífvera, viðtökuumhverfið og skilyrðin við sleppingu, auk hættunnar sjálfrar, mikilvæg fyrir skilgreiningu á líkunum. Veðurfarsleg, landfræðileg, jarðvegsfræðileg og lýðfræðileg skilyrði, svo og tegundir plantna og dýra í hugsanlegu viðtökuumhverfi, eru meðal mikilvægra atriða sem taka þarf tillit til.

Að því er varðar getu til lifunar er því rétt að meta hlutfall þeirra erfðabreyttu lífvera sem líklegt er að lifi af, án tillits til þeirra ráðstafana til áhættustjórnunar sem hafa verið lagðar til vegna sleppingar eða setningar á markað. Ef genaflutningur er líklegur skal hafa í huga líklegan fjölda slíkra atburða eða í hvaða umfangi má ætla að flutningur verði. Ef erfðabreytta lífveran býr yfir sjúkdómsvaldandi eiginleikum eða eitureiginleikum skal meta það hlutfall marklífvera í umhverfinu sem líklegt er að verði fyrir áhrifum.

Auk þess ráðast líkurnar á því að áhrif komi fram af sérstökum ráðstöfunum til áhættustjórnunar sem geta komið í veg fyrir að þau áhrif komi fram (t.d. ef útilokað er að frjóduft dreifist vegna þess að blómskipunin hefur verið eyðilögð).

Líklega er ekki unnt að meta á megindlegan hátt, að því er varðar tiltekin, skaðleg áhrif, sem hafa verið greind, hlutfallslegar líkur á afleiðingunum en unnt er að gefa líkurnar upp sem „miklar“, „í meðallagi“, „litlar“ eða „óverulegar“.

Framangreind dæmi endurspegla hugsanleg, skaðleg áhrif erfðabreyttu lífverunnar á stofna, þó svo að í sumum tilvikum geti verið heppilegra að hafa í huga líkleg áhrif á einstakar lífverur. Hver stök hætta getur haft fleiri en ein skaðleg áhrif svo að líkurnar á einstökum, skaðlegum áhrifum geta einnig verið mismunandi. Skaðleg áhrif einnar stakrar hættu á heilbrigði manna, landbúnaðarbúsvæði og náttúruleg búsvæði getur verið með ýmsu móti.

Taka má líkurnar saman þannig að þær taki til allra vistfræðilegra eininga sem geta orðið fyrir áhrifum (s.s. tegunda, stofna, fæðuþrepa og vistkerfa), þ.m.t. ráðstafanir vegna hugsanlegra áhrifa og umfang óvissunnar.

4.2.4. *4. áfangi: Mat á hættu sem skapast vegna hvers og eins eiginleika sem er tilgreindur hjá erfðabreyttu lífverunum*

Mat á þeirri hættu, sem heilbrigði manna og umhverfinu stafar af hverjum tilgreindum eiginleika erfðabreyttu lífverunnar sem getur haft skaðleg áhrif, skal fara fram, að svo miklu leyti sem unnt er og þekking leyfir, með því að tengja saman líkurnar á að skaðlegu áhrifin komi fram og umfang afleiðinganna komi þær fram.

Á grundvelli niðurstaðnanna úr 2. og 3. áfanga skal vinna mat á áhættunni á skaðlegum áhrifum að því er varðar hverja hættu sem hefur greinst í 1. áfanga. Líkt og áður er ólíklegt að unnt sé að vinna megindlegt mat. Við mat á tiltekinni hættu skal hafa í huga:

— umfang afleiðinganna („miklar“, „í meðallagi“, „litlar“ eða „óverulegar“),

— líkurnar á skaðlegum áhrifum („miklar“, „í meðallagi“, „litlar“ eða „óverulegar“),

— ef hætta hefur fleiri en ein skaðleg áhrif, umfang og líkur á öllum stökum, skaðlegum áhrifum.

Fjalla skal um hverja erfðabreytta lífveru í hverju tilviki fyrir sig. Fara verður mjög varlega í allar tilraunir til að magngreina það sem hefur verið lýst hér að framan. Í einu tilviki getur t.d. umfang afleiðinga af skaðlegu áhrifunum verið mikið en líkurnar á að áhrifin komi fram aftur á móti verið óverulegar, sem hins vegar veldur því að áhættan getur verið mismunandi, allt frá því að vera mikil til þess að vera óveruleg. Niðurstaðan veltur á aðstæðum hverju sinni og á því hvernig tilkynnandi vegur og metur tiltekna þætti en allt skal þetta vera skýrt sett fram og rökstutt í skráða matinu á umhverfisáhættu.

Lýsa ber heildaróvissunni að því er varðar hverja greinda áhættu og, ef kostur er, láta fylgja með gögn um:

— ályktanir og framreikninga, sem voru gerð á ýmsum stigum matsins á umhverfisáhættu,

— mismunandi vísindalegt mat og sjónarmið,

— óvissu,

— þekkt mörk ráðstafana til að draga úr áhættu,

— ályktanir sem draga má af gögnunum.

Þótt mat á umhverfisáhættu skuli grundvallast á megindlegum niðurstöðum er líklegt að margar af niðurstöðum matsins á umhverfisáhættu verði að vera eigindlegar. En hvar sem því verður við komið er nauðsynlegt að fá hlutfallslegar niðurstöður úr matinu á umhverfisáhættu (t.d. með samanburði við lífverur sem eru ekki erfðabreyttar), jafnvel þótt þær séu eigindlegar.

4.2.5. *5. áfangi: Beiting aðferða að því er varðar áhættustjórnun við sleppingu eða setningu erfðabreyttrar lífveru eða lífvera á markað*

Með matinu á umhverfisáhættu er unnt að sýna fram á áhættuþætti sem stjórna verður með því að gera ráðstafanir og því skal skilgreina áætlun við áhættustjórnun.

Áður en áhættustjórnun er beitt skal hafa í huga, í forvarnarskyni, að breyta sleppingu, helst þar til áhættan er orðin óveruleg. Sem dæmi má nefna að forðast skal að nota erfðastök, sem geta haft skaðleg áhrif eða sem eru óskilgreindar, í smíðaferli gensins. Ef ekki er unnt að gera þetta ætti helst að fjarlægja þessi erfðastök úr erfðabreyttu lífverunni á síðari stigum, áður en henni er sleppt eða hún er sett á markað.

Taka skal tillit til þessa í 1.–4. áfanga. Með áhættustjórnun skal leitast við að stjórna tilgreindri áhættu og taka skal tillit til óvissunnar. Verndarráðstafanir skulu vera í réttu hlutfalli við áhættustigið og óvissustigið. Þegar gögn, sem skipta máli, koma fram á síðari stigum skal laga áhættustjórnunina að þessum nýju gögnum.

Til að draga úr áhættu með stjórnun verða ráðstafanirnar augljóslega að vera til þess fallnar. Ef hætta er t.d. á því að gen, sem veldur eituráhrifum á skordýr og hefur verið fellt inn í nytjaplöntu, færist í skylda nytjaplöntutegund geta viðeigandi stjórnunarráðstafanir falist í einangrun í tíma og rúmi frá þessum skyldu tegundum eða e.t.v. í því að flytja sleppingarstaðinn á svæði þar sem tiltekna áhættan (s.s. plöntutegund) er ekki fyrir hendi.

Í stjórnunaráætlunum geta falist einangrunarráðstafanir í hverju þrepi sem skiptir máli við meðhöndlunina og notkun erfðabreyttra lífvera. Í þeim geta einnig falist fjölbreyttar ráðstafanir, þ.m.t. ýmsar leiðir til einangrunar við æxlun, líkamlegar eða líffræðilegar hindranir og hreinsun véla eða íláta sem hafa komist í snertingu við erfðabreyttar lífverur o.s.frv.

Nákvæmar áhættustjórnunaraðferðir velta á:

— notkun erfðabreyttu lífverunnar (tegund og umfang sleppingar eða setningar á markað),

— gerð erfðabreyttu lífverunnar (t.d. erfðabreyttar örverur, einær háplanta, fjölær háplanta eða langlíft dýr, erfðabreytt lífvera með staka eða margar breytingar, ein eða fleiri mismunandi gerðir erfðabreyttra lífvera),

— almennri gerð búsvæðis (t.d. lífjarðefnafræðilegt ástand, loftslag, framboð á einstaklingum sömu tegundar og annarra tegunda, sem geta tekið þátt í æxlun, upprunaheimkynni, tengsl mismunandi búsvæða),

— gerð landbúnaðarbúsvæðis (t.d. landbúnaður, skógrækt, lagareldi, dreifbýli, stærð staða, fjöldi mismunandi, erfðabreyttra lífvera),

— tegund náttúrulegs búsvæðis (t.d. staða verndaðra svæða).

Það verður að koma skýrt fram hvað felst í áhættustjórnun, með tilliti til nauðsynlegrar aðlögunar á tilraunum, skilyrðum fyrir setningu á markað o.s.frv., og hversu mikið verður væntanlega dregið úr áhættu í framhaldi af því.

4.2.6. *6. áfangi: Ákvörðun heildaráhættu vegna erfðabreyttrar lífveru eða lífvera*

Við mat á heildaráhættu vegna erfðabreyttrar lífveru eða lífvera skal taka tillit til allra fyrirhugaðra áætlana um áhættustjórnun.

Á grundvelli 4. áfanga og, eftir því sem við á, 5. áfanga skal vinna lokamat á heildaráhættunni, þ.m.t. umfang og líkur á skaðlegum áhrifum af völdum erfðabreyttu lífverunnar, sem byggist á samsetningu áhættuþátta vegna hverra einstakra skaðlegra áhrifa, þ.m.t. uppsöfnuð áhrif frá öðrum erfðabreyttum lífverum. Þetta lokamat skal sett fram í formi samantektar á heildaráhættu af sleppingu eða setningu á markað, þ.m.t. heildaróvissa.

5. ÁLYKTANIR SEM DRAGA MÁ UM HUGSANLEG UMHVERFISÁHRIF AF SLEPPINGU ERFÐABREYTTRA LÍFVERA EÐA SETNINGU ÞEIRRA Á MARKAÐ

Á grundvelli mats á umhverfisáhættu, sem unnið er í samræmi við almennar meginreglur og aðferðir sem lýst er í 3. og 4. þætti, skulu upplýsingar um þá liði sem eru taldir upp í liðum D1 og D2 í II. viðauka við tilskipun 2001/18/EB koma fram, eftir því sem við á, í tilkynningum með það að markmiði að auðveldara verði að álykta um hugsanleg umhverfisáhrif vegna sleppingar eða setningar erfðabreyttra lífvera á markað.

Frekari þróun, einkum í tengslum við aðrar erfðabreyttar lífverur en plöntur, getur veitt nánari leiðbeiningar um þær upplýsingar sem eiga að koma fram í tilkynningunum.

6. ENDURSKOÐUN OG AÐLÖGUN

6.1. **Endurskoðun og aðlögun mats á umhverfisáhættu**

Ekki skal líta á mat á umhverfisáhættu sem endanlegt. Það skal endurskoðað og uppfært reglulega eða ef til vill breytt til að taka tillit til mikilvægra, nýrra gagna (í samræmi við 8. eða 20. gr. tilskipunar 2001/18/EB). Við alla endurskoðun skal hafa í huga árangur, skilvirkni og nákvæmni matsins á umhverfisáhættu og áhættustjórnunarinnar, með hliðsjón af gögnum úr rannsóknum, öðrum sleppingum og vöktunargögnum. Þetta veltur einnig á umfangi þeirrar óvissu sem er ákvörðuð með matinu á umhverfisáhættu.

Í kjölfar allrar slíkrar endurskoðunar skal aðlaga eða uppfæra matið á umhverfisáhættu og áhættustjórnunina eftir því sem við á.

6.2. **Endurskoðun og aðlögun á leiðbeiningum um mat á umhverfisáhættu**

Með frekari þróun á sviði erfðabreytinga getur reynst nauðsynlegt að laga II. viðauka og þessar leiðbeiningar að tækniframförum. Frekari sérhæfing krafna um upplýsingar fyrir mismunandi tegundir erfðabreyttra lífvera, s.s. einfrumunga, fiska eða skordýra, eða að því er varðar sérstaka notkun erfðabreyttra lífvera, s.s. notkun þeirra við þróun á bóluefnum, er möguleg þegar nægileg reynsla hefur fengist innan Bandalagsins af tilkynningum vegna sleppingar sérstakra, erfðabreyttra lífvera (fjórða málsgrein III. viðauka).

Við endurskoðun og aðlögun á leiðbeiningum um mat á umhverfisáhættu skal, eftir því sem við á, taka tillit til þarfarinnar á aðlögun að tækniframförum og þarfarinnar til að þróa frekari leiðbeiningar sem byggjast á reynslu — þar sem hún er fullnægjandi — af sleppingu tiltekinna, erfðabreyttra lífvera í tilteknum vistkerfum, í samræmi við viðmiðanirnar sem eru settar fram í 1. mgr. 7. gr. í V. viðauka við tilskipunina, svo og á reynslu og vísindalegum gögnum sem lúta að öryggi fyrir heilbrigði manna og umhverfið í tengslum við setningu tiltekinna erfðabreyttra lífvera á markað (2. mgr. 16. gr.).

ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS **2013/EES/4/04**

frá 3. október 2002

um leiðbeiningar sem bætast við VII. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB um sleppingu erfðabreyttra lífvera út í umhverfið og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 90/220/EBE (*)

(2002/811/EB)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB ([1]), einkum fyrstu málsgrein VII. viðauka við hana,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 2001/18/EB er mælt fyrir um að áður en vörur, sem eru að öllu leyti eða að hluta úr erfðabreyttum lífverum, eru settar á markað verður að senda tilkynningu til lögbærs yfirvalds í því aðildarríki þar sem setja á slíka erfðabreytta lífveru á markað í fyrsta sinn.

2) Samkvæmt tilskipun 2001/18/EB verður tilkynnandinn að tryggja að vöktun og skýrslugjöf um sleppingu erfðabreyttra lífvera sé háttað í samræmi við þau skilyrði sem eru tilgreind í leyfinu fyrir setningu erfðabreyttrar lífveru á markað skv. 13. gr. (2. mgr.), 19. gr. (3. mgr.) og 20. gr. þeirrar tilskipunar. Í slíkri tilkynningu verður því að vera vöktunaráætlun, m.a. tillaga um gildistíma vöktunaráætlunarinnar, í samræmi við VII. viðauka við tilskipun 2001/18/EB.

3) Við VII. viðauka við tilskipun 2001/18/EB skal bæta nákvæmum leiðbeiningum um markmið, almennar meginreglur og tilhögun vöktunaráætlunarinnar sem um getur í þeim viðauka.

4) Hinn 12. júní 2002 var haft samráð við nefndina sem var sett á laggirnar skv. 2. mgr. 30. gr. tilskipunar 2001/18/EB og hefur hún ekki skilað áliti um tillögu framkvæmdastjórnarinnar að ákvörðun.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Leiðbeiningarnar, sem eru settar fram í viðaukanum við þessa ákvörðun, skulu koma sem viðbót við VII. viðauka við tilskipun 2001/18/EB.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 3. október 2002.

Fyrir hönd ráðsins,

F. HANSEN

forseti.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 280, 18.10.2002, bls. 27. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 127/2007 frá 28. september 2007 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 9, 21.2.2008, bls. 44.

([1]) Stjtíð. EB L 106, 17.4.2001, bls. 1.

VIÐAUKI

INNGANGUR

Í tilskipun 2001/18/EB er lögð sú skylda á tilkynnendur að þeir komi á vöktunaráætlunum til þess að rekja og sanngreina öll bein eða óbein áhrif sem vörur, sem eru að hluta eða öllu leyti úr erfðabreyttum lífverum, hafa á heilbrigði manna eða umhverfið, eftir að þær hafa verið settar á markað, hvort sem áhrifin eru tafarlaus eða tafin og þótt þau séu ófyrirséð.

Tilkynnendum er, skv. e-lið 2. mgr. 13. gr. þeirrar tilskipunar, skylt að leggja fram vöktunaráætlun í samræmi við VII. viðauka við þá tilskipun sem hluta af tilkynningu um setningu erfðabreyttrar lífveru á markað. Í henni skal vera tillaga um það tímabil sem vöktunaráætlunin skal vara sem getur verið frábrugðið tillögðum gildistíma samþykkisins. Í VII. viðauka er almenn lýsing á þeim markmiðum sem ná þarf og þeim almennu meginreglum sem fylgja skal þegar mótuð er sú vöktunaráætlun sem um getur í 13. gr. (2. mgr.), 19. gr. (3. mgr.) og 20. gr.

Þessar leiðbeiningar bætast við þær upplýsingar sem eru veittar í VII. viðauka og innan ramma tilskipunarinnar og markmiðið með þeim er að:

— útlista nánar markmið vöktunarinnar,

— útlista nánar almennu meginreglurnar um vöktunina,

— gera grein fyrir almennum ramma að því er varðar þróun viðeigandi vöktunaráætlana að lokinni setningu á markað.

Í kjölfar setningar erfðabreyttrar lífveru á markað ber tilkynnandanum lagaleg skylda, skv. 1. mgr. 20. gr. tilskipunarinnar, að sjá til þess að vöktun og skýrslugjöf sé háttað í samræmi við þau skilyrði sem eru tilgreind í samþykkinu. Í f-lið 3. mgr. 19. gr. eru nákvæm fyrirmæli þess efnis að í skriflegu samþykki skuli í öllum tilvikum tilgreina skilmerkilega kröfur um vöktun í samræmi við VII. viðauka, þ.m.t. skylda til að leggja skýrslu fyrir framkvæmdastjórnina og lögbær yfirvöld.

Í því skyni að tryggja gagnsæi í samræmi við 4. mgr. 20. gr. skulu niðurstöður vöktunarinnar auk þess einnig vera öllum aðgengilegar.

Augljóslega þarf að þróa vöktunaráætlanir fyrir erfðabreyttar lífverur, sem á að setja á markað, í hverju tilviki fyrir sig þar sem tillit er tekið til mats á umhverfisáhættu, breyttu eiginleikanna, sem eru sértækir fyrir viðkomandi erfðabreyttu lífveru, fyrirhugaðrar notkunar þeirra og viðtökuumhverfisins. Þessar leiðbeiningar vísa til almenns ramma en í þeim er ekki gerð tilraun til að veita nákvæmar upplýsingar um þróun vöktunaráætlana sem ná til allra erfðabreyttra lífvera.

Nauðsynlegt getur reynst að bæta við þennan ramma sértækari viðbótarleiðbeiningum um vöktunaráætlanir eða gátlista að því er varðar sérstaka eiginleika, nytjaplöntur eða hópa erfðabreyttra lífvera.

Vöktun má skilgreina almennt sem kerfisbundnar mælingar á breytum og ferlum á tilteknu tímabili og hún gengur út frá því að sérstakar ástæður séu fyrir öflun slíkra gagna, t.d. til að tryggja að tilteknir staðlar eða skilyrði séu uppfyllt eða til að rannsaka hugsanlegar breytingar að því er varðar tiltekið grunnástand. Með þetta í huga er mikilvægt að greina þá tegund áhrifa eða breytna sem skal vakta og þá sérstaklega tækin og kerfin til að mæla þau og viðeigandi tímabil fyrir mælingar. Niðurstöður vöktunar geta þó verið mikilvægar við þróun frekari rannsókna.

Árangursrík vöktun og almennt eftirlit krefst þess að viðeigandi aðferðir hafi verið þróaðar og að þær liggi fyrir áður en vöktunaráætlanir koma til framkvæmdar. Ekki skal líta á vöktun sem rannsóknir í sjálfu sér heldur sem aðferð til að meta eða sannreyna þær niðurstöður og forsendur sem hafa komið fram í fyrri rannsóknum og mati á hugsanlegri áhættu og rannsóknum.

A. **MARKMIÐ**

Áður en vörur, sem eru að hluta eða öllu leyti úr erfðabreyttum lífverum eða samsetningu erfðabreyttra lífvera, eru settar á markað verður að senda tilkynningu til lögbærs yfirvalds í því aðildarríki þar sem setja á erfðabreyttu lífveruna á markað í fyrsta sinn. Í samræmi við 2. mgr. 13. gr. ættu tækniskjöl með upplýsingum um ítarlegt mat á umhverfisáhættu að fylgja tilkynningunni.

Markmiðið með mati á umhverfisáhættu er að greina og meta í hverju einstöku tilviki hugsanleg, skaðleg áhrif erfðabreyttu lífverunnar á heilbrigði manna eða umhverfið, hvort sem þau eru bein eða óbein, tafarlaus eða tafin, sem geta hlotist af setningu hennar á markað. Einnig getur reynst nauðsynlegt í þessu mati að taka tillit til hugsanlegra langtímaáhrifa sem tengjast víxlverkun við aðrar lífverur og umhverfið. Mat á slíkum hugsanlegum, skaðlegum áhrifum skal grundvallast á sameiginlegri aðferðafræði sem byggir á vísindalegum gögnum sem unnt er að sannreyna á óháðan hátt.

Líklegt er að erfðabreyttar lífverur séu verulega frábrugðnar hver annarri með tilliti til eðlislægra eiginleika breyttu tegundarinnar og með tilliti til sértæku breytingarinnar og eiginleikanna sem af henni hljótast. Þessir eiginleikar ákvarða að miklu leyti eðli allra hugsanlegra áhrifa sem hljótast af setningu erfðabreyttrar lífveru á markað.

Einnig er nauðsynlegt að staðfesta, eftir að erfðabreytt lífvera hefur verið sett á markað, að áhættumatið, sem var gert áður en hún var sett á markað, sé nákvæmt. Ekki er heldur unnt að líta fram hjá þeim möguleika að hugsanleg, skaðleg áhrif, sem voru ekki fyrirséð í matinu, komi fram. Af þeim sökum er mælt fyrir um vöktun eftir setningu á markað, eins og krafist er skv. 20. gr. tilskipunarinnar.

Með þetta í huga er markmiðið með vöktun eftir setningu á markað, eins og nánar er mælt fyrir um í VII. viðauka, að:

— staðfesta að allar forsendur í matinu á umhverfisáhættu, sem varða tilvist og afleiðingar hugsanlegra, skaðlegra áhrifa af völdum erfðabreyttu lífverunnar og notkunar hennar, séu réttar og

— greina tilvist skaðlegra áhrifa, sem ekki var gert ráð fyrir í matinu á umhverfisáhættu og stafa af erfðabreyttu lífverunni eða notkun hennar, á heilbrigði manna eða umhverfið.

B. **ALMENNAR MEGINREGLUR**

Vöktunin, sem mælt er nánar fyrir um í 13., 19. og 20. gr. tilskipunar 2001/18/EB og í þessum leiðbeiningum, vísar til vöktunar eftir setningu á markað sem fer fram eftir að samþykki hefur verið veitt fyrir setningu erfðabreyttu lífverunnar á markað.

Í e-lið 2. mgr. 13. gr. tilskipunarinnar er sett fram sú krafa að tilkynnendur leggi fram með tilkynningum sínum áætlun um vöktun í samræmi við VII. viðauka.

Í samþykkinu skal, skv. f-lið 3. mgr. 19. gr., tilgreina tímabilið sem vöktunaráætlunin varir og, eftir því sem við á, allar skyldur sem hvíla á þeim sem selja vöruna eða nota hana, m.a. við ræktun erfðabreyttra lífvera að því er varðar þær upplýsingar um staðsetninguna sem rétt þykir að gefa.

Á grundvelli skýrslna, sem tilkynnendur leggja fram í samræmi við samþykkið og innan ramma tilgreindu vöktunaráætlunarinnar, skal það lögbæra yfirvald, sem tók við upphaflegu tilkynningunni, gera framkvæmdastjórninni og lögbærum yfirvöldum grein fyrir niðurstöðunum og það getur, eins og nánar er mælt fyrir um í 1. mgr. 20. gr. og í samráði við hin aðildarríkin ef nauðsyn krefur, aðlagað vöktunaráætlunina að loknu fyrsta vöktunartímabilinu.

Áætlanagerð er mikilvæg að því er varðar allar gerðir vöktunar og við gerð vöktunaráætlana skal hafa í huga bæði tilvikssértæka vöktun og almennt eftirlit. Auk þess ætti vöktun hugsanlegra, uppsafnaðra, skaðlegra langtímaáhrifa að teljast lögboðinn hluti vöktunaráætlunarinnar.

Þegar tilvikssértæk vöktun er hluti af vöktunaráætluninni skal hún beinast að hugsanlegum áhrifum sem hljótast af setningu erfðabreyttrar lífveru á markað sem athygli hefur verið vakin á í niðurstöðum og forsendum matsins á umhverfisáhættu. Þótt unnt sé að spá fyrir um tiltekin áhrif á grundvelli áhættumats og fyrirliggjandi, vísindalegra upplýsinga er allmiklu erfiðara að gera áætlun með tilliti til hugsanlegra áhrifa eða breytna sem ekki er unnt að sjá fyrir eða spá fyrir um. Það getur þó verið mögulegt að auka líkurnar á að greina slík áhrif snemma með viðeigandi skipulagningu vöktunar- og eftirlitsáætlana. Tilhögun vöktunaráætlunarinnar skal því fela í sér almennt eftirlit með skaðlegum áhrifum sem eru bæði óvænt og ófyrirséð.

Taka skal tillit til kostnaðarhagkvæmni tilvikssértækrar vöktunar og almenns eftirlits í þessu samhengi. Enn fremur skal vöktunaráætlunin vera í samræmi við nýjustu vísindalegu hugmyndir og starfsvenjur.

Aðildarríkin sjálf geta einnig lagt sitt af mörkum við vöktunina fyrir tilstilli almennu skyldunnar skv. 5. mgr. 4. gr. þar sem gerð er krafa um að lögbært yfirvald skipuleggi skoðun og aðrar viðeigandi eftirlitsaðgerðir til þess að tryggja að farið sé að tilskipuninni. Aðildarríkin eiga raunar rétt á því , í samræmi við sáttmálann, að grípa til frekari ráðstafana sem varða vöktun og eftirlit, t.d. yfirvalda í viðkomandi ríki, með vörum sem eru settar á markað og eru að hluta eða öllu leyti úr erfðabreyttum lífverum. Það skal þó viðurkennt að slíkar aðgerðir geta ekki komið í stað vöktunaráætlunarinnar sem tilkynnendur eru ábyrgir fyrir (þótt þær geti verið hluti af henni, með samþykki viðeigandi aðila).

Við túlkun á gögnum, sem fást við vöktun, skal taka tillit til ríkjandi umhverfisskilyrða og starfsemi til að ákvarða viðeigandi grunnástand. Almennt eftirlit og umhverfisvöktunaráætlanir almennt geta einnig komið að gagni í þessu samhengi. Ef vart verður við óvæntar breytingar á umhverfinu getur reynst nauðsynlegt að vega og meta hvort vinna þurfi frekara áhættumat til að ákvarða hvort þær séu til komnar vegna setningar erfðabreyttu lífverunnar á markað eða vegna annarra þátta. Í ljósi þessa getur einnig þurft að huga að nauðsynlegum ráðstöfunum til að vernda heilbrigði manna og umhverfið.

C. **TILHÖGUN VÖKTUNARÁÆTLUNAR**

Tilhögun vöktunaráætlana skal byggjast á ramma í þremur lykilþáttum, þ.e.:

1. vöktunaraðferð,

2. aðferðafræði við vöktun,

3. greiningu, skýrslugjöf og endurskoðun.

1. **Vöktunaraðferð**

Mikilvægur grunnþáttur vöktunaraðferðarinnar er að greina hugsanleg áhrif, sem geta hlotist af setningu erfðabreyttrar lífveru á markað, að hve miklu leyti þarf að vakta þau og hvaða aðferðir skuli notaðar og hversu lengi vöktunin skuli vara.

Fyrst og fremst skal hafa í huga líkurnar á hugsanlegum, beinum, óbeinum, tafarlausum eða töfðum, skaðlegum áhrifum sem hljótast af erfðabreyttu lífverunni, í samræmi við fyrirhugaða notkun hennar og viðtökuumhverfið.

Bein áhrif vísa til frumáhrifa á heilbrigði manna eða umhverfið sem stafa af áhrifum erfðabreyttu lífverunnar sjálfrar og verða ekki rakin til orsakatengdrar atburðarásar. Ef um er að ræða nytjaplöntu, sem hefur verið breytt til að mynda þol gegn tilteknu skordýri, geta bein áhrif t.d. falið í sér dauða og breytingar á stofni bæði markskordýra og skordýra utan markhóps vegna eiturefnis sem erfðabreytta lífveran framleiðir.

Óbein áhrif vísa til áhrifa á heilbrigði manna eða umhverfið sem stafa af orsakatengdri atburðarás. Í framangreinda tilvikinu geta óbein áhrif t.d. komið til ef fækkun í stofni markskordýra hefur áhrif á stofna annarra lífvera sem alla jafna lifa á þessum skordýrum.

Óbein áhrif geta falið í sér víxlverkanir milli fjölda lífvera og umhverfisins þannig að erfiðara verður að spá fyrir um hvers kyns hugsanleg áhrif. Þá er líklegt að ekki verði vart við óbein áhrif fyrr en síðar. Í aðferðinni verður þó að taka tillit til þessara þátta.

Tafarlaus áhrif vísa til áhrifa á heilbrigði manna eða umhverfið sem koma fram á þeim tíma sem slepping erfðabreyttu lífveranna á sér stað. Tafarlaus áhrif geta verið hvort sem er bein eða óbein.

Tafin áhrif vísa til áhrifa á heilbrigði manna eða umhverfið sem koma hugsanlega ekki fram á þeim tíma sem slepping erfðabreyttu lífveranna á sér stað en koma í ljós sem bein eða óbein áhrif annaðhvort á síðara stigi eða eftir að sleppingu hefur verið hætt. Þolmyndun skordýra gagnvart Bt-eitrinu vegna endurtekinna váhrifa er dæmi um tafin áhrif.

Tafarlaus og tafin áhrif geta hvort heldur verið bein eða óbein en munurinn á þeim felst í því hvenær þau koma fram. Bein áhrif eru líklegri til að koma í ljós þegar í stað eða innan skamms tíma og í greinanlegu umfangi. Það getur tekið lengri tíma fyrir óbein áhrif að koma fram en engu að síður getur þurft að taka tillit til þeirra.

Mjög erfitt, ef ekki útilokað, er að spá fyrir um hvenær hugsanleg, ófyrirséð eða óvænt áhrif, sem ekki var vakin athygli á í áhættumatinu, koma fram. Almennt eftirlit í því skyni að staðfesta hugsanleg, ófyrirséð eða óvænt áhrif ætti því að vera þáttur í vöktunaraðferðinni.

1.1. Áhættumat

Með vöktunaraðferðinni skal tilgreina hvernig niðurstöður, sem fást úr áhættumatinu, verða staðfestar í samræmi við notkun viðkomandi erfðabreyttrar lífveru og viðtökuumhverfið. Í þessu sambandi skal taka tillit til niðurstaðna og forsendna áhættumatsins, á grundvelli vísindalegs mats og tilmæla sérfræðinganefnda. Auk þess getur þess verið krafist að atriði, sem koma til vegna áhættumatsins og eru óvissu háð að einhverju marki, t.d. hugsanleg áhrif sem geta einungis komið fram ef sleppingar eru umfangsmiklar, séu þáttur í vöktunaraðferðinni. Tilvísun í leiðbeiningarnar, sem bætast við II. viðauka við reglugerð 2001/18/EB um meginreglurnar að því er varðar mat á umhverfisáhættu, getur verið gagnleg í þessu tilliti.

1.2. Bakgrunnsupplýsingar

Að því er varðar skipulagningu og tilhögun vöktunaráætlunarinnar má nota allar bakgrunnsupplýsingar sem varða viðkomandi erfðabreytta lífveru, þ.m.t. gögn og upplýsingar úr sleppingum í tilraunaskyni, vísindarit og sambærileg gögn sem skipta máli úr öðrum sleppingum. Einkum geta gögn, sem fengin eru úr fyrirliggjandi áhætturannsóknum og vöktun á sleppingum í tilraunaskyni, komið að miklu gagni í þessu sambandi.

1.3. Nálgun

Lýsa skal hvaða nálgun er notuð í vöktunaraðferðinni. Líklegt er að í mörgum tilvikum verði áhersla lögð á meginákvörðunarefni (sem nauðsynlegt er að finna svör við) og á það að komið verði á fót lotubundnu vöktunarferli til að unnt sé að auka gæði áætlunarinnar stöðugt.

Með nálguninni skal vera unnt að greina hugsanleg, skaðleg áhrif fljótlega eftir að þau koma fram. Ef skaðleg áhrif, sem rekja má til erfðabreyttrar lífveru, greinast fljótt verður fyrr unnt að koma við endurmati og grípa til ráðstafana til að draga úr hvers kyns afleiðingum þessa fyrir umhverfið.

Tilhögun vöktunaráætlana er varða erfðabreyttar lífverur skal þróuð í áföngum og með tilliti til fyrirliggjandi gagna og aðferðafræði við vöktun. Með áfangaskiptri nálgun þarf í mörgum tilvikum að taka tillit til umfangs sleppingarinnar. Fyrsti áfanginn getur byggst á niðurstöðum úr tilraunaprófunum en næstu áfangar á eftir á umfangsmiklum vettvangsprófunum og loks á könnunum á reitum sem eru nýttir í viðskiptaskyni. Sú reynsla og þær upplýsingar, sem aflað er við vöktun í tengslum við tilraunasleppingu erfðabreyttra lífvera, eru því líklegar til að koma að gagni þegar ákveða skal tilhögun vöktunarkerfisins sem nota skal eftir setningu á markað og krafist er vegna setningar erfðabreyttra lífvera á markað.

Einnig væri unnt að laga núverandi athugunaráætlanir að því að vakta þarf erfðabreyttar lífverur til að tryggja samanburðarhæfi og til að takmarka fjárútlát við þróun á nálgunaraðferðinni. Þetta tekur til fyrirliggjandi umhverfisathugunaráætlana á sviði landbúnaðar, matvælakannana, náttúruverndar, vistfræðilegra vöktunaráætlana til langs tíma, jarðvegsathugunar og kannana sem varða heilbrigði dýra og dýraafurða. Til að slíkar áætlanir geti orðið þáttur í vöktunaráætluninni þurfa tilkynnendur í fyrsta lagi að komast að viðeigandi samkomulagi við þá aðila eða stofnanir, þ.m.t. yfirvöld í viðkomandi ríkjum, sem taka að sér slík verkefni.

Í þessum þætti er lögð áhersla á tilvikssértæka vöktun og almennt eftirlit í samræmi við almennu markmiðin tvö skv. VII. viðauka en aðrar gerðir vöktunarkerfa koma engu að síður til greina.

1.3.1. *Tilvikssértæk vöktun*

Tilvikssértæk vöktun þjónar þeim tilgangi að staðfesta að vísindalega traustar forsendur í matinu á umhverfisáhættu varðandi hugsanleg, skaðleg áhrif af erfðabreyttri lífveru og notkun hennar séu réttar.

Með nálgunaraðferðinni skal:

— áherslan beinast að öllum hugsanlegum áhrifum á heilbrigði manna og umhverfið sem hafa verið greind í áhættumatinu, þar sem tillit er tekið til mismunandi staðsetningar, jarðvegstegundar, loftslagsskilyrða og

— tilgreindur tiltekinn frestur til að fá fram niðurstöður.

Fyrsti áfanginn í þróun vöktunaráætlunar fyrir tilvikssértæka vöktun er að ákvarða tilvikssértæk markmið vöktunaraðferðarinnar. Meðal annars þarf að ákvarða hvaða forsendur, sem varða tilvist og afleiðingar af hugsanlegum, skaðlegum áhrifum erfðabreyttu lífverunnar eða af notkun hennar, voru settar fram í matinu á umhverfisáhættu og sem staðfesta skal með tilvikssértæku vöktuninni. Ef niðurstöður áhættumatsins eru hins vegar þær að ekki sé um neina áhættu að ræða eða að hún sé óveruleg kann tilvikssértæk vöktun að vera óþörf.

Hugsanleg, skaðleg áhrif, sem greinast í matinu á umhverfisáhættu, skulu því aðeins vera tekin með í vöktunaráætluninni að vöktunin stuðli að því að forsendurnar, sem tengjast þessum áhrifum, séu staðfestar eða þeim hafnað.

Ef fyrirhuguð notkun erfðabreyttrar lífveru felur í sér ræktun getur verið nauðsynlegt að vega og meta vöktun á hugsanlegri áhættu vegna frjókornaflutnings, útbreiðslu og þráfestu þessara erfðabreyttu lífvera. Líkurnar á að þessi fyrirbæri komi fram veltur einnig á umfangi þessarar notkunar og á viðtökuumhverfinu, m.a. á nálægðinni við framleiðslu á hefðbundnum nytjaplöntutegundum, sem geta kynblandast, og á villtum, skyldum tegundum, og umfangi framleiðslunnar.

Á hinn bóginn er líklegt að hugsanleg umhverfisáhætta, sem hlýst af erfðabreyttum lífverum, sem hafa aðeins verið samþykktar til innflutnings og vinnslu, verði oft metin sem afar takmörkuð þar eð þessum erfðabreyttu lífverum verður ekki sleppt út í umhverfið og ólíklegt er að þær breiðist út.

Hugsanleg áhrif á heilbrigði manna eða umhverfið, sem hljótast af sleppingu eða setningu erfðabreyttrar lífveru á markað, velta í fyrsta lagi á eðli erfðabreyttrar lífveru og á sértækri erfðabreytingu hennar. Sem dæmi má nefna að hugsanleg áhrif, sem hljótast af flutningi frjókorna frá erfðabreyttum nytjaplöntum í nytjaplöntur, sem eru ekki erfðabreyttar, eða í skyldar, villtar plöntur, munu fyrst og fremst velta á því hvort erfðabreytta nytjaplantan útæxlast (out-crossing) eða er sjálffrævandi. Í þessu samhengi getur einnig verið þörf á að huga að tilvist villtra, skyldra tegunda.

Öll síðkomin áhrif, t.d. hugsanleg þróun á þoli skordýra gagnvart Bt-eitrinu, tengjast þó aðeins þeim erfðabreyttu lífverum sem hefur verið breytt til að tjá þetta sérstaka eitur. Sú yrði ekki raunin að því er varðar erfðabreyttar lífverur sem hefur verið breytt til að þola aðeins illgresiseyði, þar eð þessar erfðabreyttu lífverur hafa ekki í sér gen Bt-eitursins.

Á sama hátt skiptir það aðeins máli að vakta hugsanlegan flutning á genum sem valda þoli gegn sýklalyfjum og hugsanlegar afleiðingar þess að því er varðar erfðabreyttar lífverur ef breytingin tengist merkigeni fyrir sýklalyf.

Þegar markmiðin hafa verið sett fram á grundvelli hugsanlegra, skaðlegra áhrifa skal í næsta áfanga tilgreina þættina sem þarf að mæla í því skyni að ná fram þessum markmiðum. Bæði þættirnir og aðferðirnar, sem eru notaðar til að mæla og meta þá, verða að vera gild og henta til fyrirhugaðrar notkunar.

1.3.2. *Almennt eftirlit*

Almennt eftirlit byggist að miklu leyti á venjubundinni athugun (sem byggist á því að fara og skoða) og með því skal greina tilvist ófyrirséðra, skaðlegra áhrifa sem hljótast af erfðabreyttu lífverunni eða notkun hennar á heilbrigði manna og umhverfið sem ekki var spáð fyrir um í áhættumatinu. Líklegt er að þetta feli í sér athugun á svipfarseiginleikum en nákvæmari greining er ekki útilokuð.

Öfugt við það sem á við um tilvikssértæka vöktun skal almennt eftirlit:

— leitast við að greina og skrá öll óbein, tafin og/eða uppsöfnuð, skaðleg áhrif sem ekki hafði verið gert ráð fyrir í áhættumatinu,

— fara fram á lengra tímabili og e.t.v. á stærra svæði.

Tegund almenns eftirlits, þ.m.t. staðir, svæði og allir þættir sem verða mældir, veltur að miklu leyti á því á eðli þeirra ófyrirséðu, skaðlegu áhrifin sem eru til skoðunar. Sem dæmi má nefna að nauðsynlegt getur verið að beita annars konar nálgun á öll ófyrirséð, skaðleg áhrif á ræktuð vistkerfi, s.s. breytingar á líffræðilegri fjölbreytni, uppsöfnuð umhverfisáhrif vegna fjölda sleppinga og víxlverkana, en almennu eftirliti með öðrum áhrifum sem hljótast af genaflutningi.

Við almennt eftirlit er unnt að notast við fastsett, kerfisbundið eftirlit, þegar við á, s.s. vöktun nytjaplantna í landbúnaði, plöntuvarnarefna og lyfja fyrir dýr og menn, svo og áætlanir um vistfræðilega vöktun, athuganir á umhverfinu og náttúruvernd. Í vöktunaráætluninni geta einnig verið ítarlegar upplýsingar um það hvernig handhafi samþykkisins leggur fram eða fær aðgang að upplýsingum sem skipta máli og þriðji aðili hefur aflað með fastsettu, kerfisbundnu eftirliti.

Ef fastsett, kerfisbundið eftirlit er notað við almenna eftirlitið skal þeirri aðferð lýst, svo og breytingum á aðferðinni sem eru nauðsynlegar til að sinna viðeigandi, almennu eftirliti.

1.4. Grunnástand (baselines)

Ákvörðun á grunnástandi viðtökuumhverfisins er forsenda þess að unnt sé að greina og meta breytingar sem koma í ljós við vöktun. Grunnástandið er í stuttu máli viðmiðunarpunktur sem unnt er að bera öll áhrif, sem stafa af setningu erfðabreyttrar lífveru á markað, saman við. Þetta grunnástand skal því ákvarðað áður en gerð verður tilraun til að greina og vakta nokkur slík áhrif. Samhliða vöktun á „svæðum með erfðabreyttum lífverum“ og sambærilegum „svæðum þar sem ekki eru erfðabreyttar lífverur“ getur verið staðgönguaðferð og hún getur verið mikilvæg þar sem umhverfið er mjög virkt (dynamic).

Af þessum sökum geta áreiðanlegar upplýsingar um stöðu viðtökuumhverfisins, á grundvelli fullnægjandi umhverfisathugunarkerfa, reynst nauðsynlegar áður en kemur til framkvæmdar eftirlitsáætlana og aðgerða til að framfylgja stefnu í umhverfismálum. Umhverfisathugunaráætlunum er ætlað að taka tillit til sannreyndra eða væntra og líklegra vistkerfistengsla og geta auðveldað ákvörðun á:

— stöðu umhverfisins og breytingum þar á,

— ástæðunum fyrir slíkum breytingum og

— væntri þróun umhverfisins.

Vísar um stöðu viðtökuumhverfisins geta t.d. verið dýr, plöntur og örverur úr mismunandi lífveruhópum og vistkerfum. Viðeigandi vísa má velja á grundvelli eiginleika viðkomandi erfðabreyttrar lífveru og þáttanna sem á að vakta. Geta annarra lífvera til að kynblandast erfðabreyttu lífverunni getur einnig skipt máli í þessu sambandi. Að því er varðar tiltekna vísitegund er til fjöldi hugsanlegra þátta til mælingar eða hæfibreytna, t.d. fjöldi, vaxtarhraði, lífmassi, fjölgun, hraði fjölgunar/fækkunar í stofni og erfðafræðileg fjölbreytni.

Einnig getur verið rétt að huga að grunnástandi í tengslum við breytingar á stjórnunarvenjum sem notkun erfðabreyttra lífvera hefur í för með sér. Í þessu geta falist breytingar á notkun varnarefna að því er varðar ræktun nytjaplöntutegunda sem hefur verið breytt til að mynda þol gegn illgresiseyði og þol gegn skordýrum. Ef vöktunaráætlunin varðar erfðabreyttar nytjaplöntur, sem hafa þol gegn illgresiseyði, getur einnig verið rétt að líta á notkun illgresiseyðis fyrir hefðbundnar nytjaplöntur sem þátt í viðeigandi grunnástandi.

1.5. Tímabil

Vöktun skal standa yfir í svo langan tíma að unnt sé að greina ekki aðeins tafarlaus, hugsanleg áhrif, þar sem við á, heldur einnig tafin áhrif sem hafa verið greind í matinu á umhverfisáhættu. Einnig skal hafa í huga samspilið milli áætlaðs áhættustigs og þess hve lengi sleppingin varir. Langur sleppingartími getur aukið áhættuna af uppsöfnuðum áhrifum. Ef tafarlaus áhrif koma á hinn bóginn ekki í ljós í langan tíma er unnt að beina vöktuninni að töfðum og óbeinum áhrifum. Einnig skal vega og meta hvort nauðsynlegt er að framlengja vöktunaráætlunina umfram gildistíma samþykkisins. Það getur t.d. átt við ef þráfesta erfðabreyttu lífveranna í umhverfinu getur orðið umtalsverð.

Tilgreina skal ráðgert tímabil vöktunaráætlunarinnar og einnig skal gera grein fyrir líklegri tíðni heimsókna/skoðana og hléa vegna endurskoðunar vöktunaráætlunarinnar. Í því sambandi skal taka tillit til þess hve líklegt það er að hugsanleg áhrif, sem vakin var athygli á í matinu, komi fram. Huga skal t.d. að öllum skaðlegum áhrifum sem stafa af dreifingu, fjölgun og þráfestu/lifun erfðabreyttrar lífveru í umhverfinu eftir að hún var sett á markað. Þetta getur tekið daga eða mánuði þegar um er að ræða erfðabreyttar örverur sem hefur verið sleppt innan ramma lífhreinsunaráætlana (bio-remediation programmes) en þegar um er að ræða tilteknar tegundir nytjaplantna getur þ etta tekið nokkur ár. Einnig skal vega og meta líkurnar á útbreiðslu og þráfestu breyttu raðanna sjálfra við kynblöndun með tegundum sem geta kynblandast.

Skipulagning skoðana veltur að miklu leyti á því hvers kyns áhrif á að vakta. Áhrif, sem stafa af frjókornaflutningi, koma t.d. aðeins í ljós eftir blómgun þó svo að það væri viðeigandi að heimsækja stað fyrir blómgun til að ganga úr skugga um að hve miklu leyti tegundir, sem geta kynblandast, eru fyrir hendi í nágrenninu. Á sama hátt skal tengja vöktun á sjálfsánum tegundum á síðari vaxtartímabilum því hvenær þær fella fræ og lifun þessara fræja og spírun.

Heimsóknir áður en vöktun hefst geta einnig reynst nauðsynlegar, ef við á, í því skyni að fastsetja viðeigandi grunnástand.

Vöktunaráætlanir og tímabil þeirra skulu ekki vera fastbundin í ótakmarkaðan tíma heldur skal endurskoða þær og breyta í ljósi niðurstaðna sem fást meðan vöktunaráætlunin varir.

1.6. Úthlutun ábyrgðar

Þegar upp er staðið er það tilkynnandinn/samþykkishafinn sem er ábyrgur fyrir því, samkvæmt tilskipuninni, að sjá til þess að tilkynningunni fylgi vöktunaráætlun, að henni sé komið á og að hún sé framkvæmd á viðeigandi hátt.

Sú ábyrgð er fyrst og fremst lögð á herðar tilkynnendum að leggja fram, sem hluta af tilkynningu þeirra skv. e-lið 2. mgr. 13. gr. tilskipunarinnar, vöktunaráætlun í samræmi við VII. viðauka. Hæfi fyrirhugaðrar vöktunaráætlunar er ein þ eirra viðmiðana sem allar umsóknir um setningu erfðabreyttrar lífveru á markað skulu dæmdar eftir. Eingöngu skal dæma áætlunina út frá því hvort hún er fullnægjandi eður ei en það krefst þess að hún uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í tilskipuninni sjálfri en ekki endilega að þessum leiðbeiningum sé fylgt strangt eftir.

Í 1. mgr. 20. gr. er síðan gerð krafa um að í kjölfar setningar vöru, sem er að hluta eða öllu leyti úr erfðabreyttri lífveru, á markað skuli tilkynnandinn sjá til þess að vöktun og tilheyrandi skýrslugjöf sé háttað í samræmi við þau skilyrði sem eru sett í samþykkinu. Þessu skal náð fram með viðeigandi framkvæmd vöktunaráætlunarinnar.

Í tilkynningunni skal það því koma skýrt og greinilega fram hver ber ábyrgðina á hverjum áfanga vöktunaráætlunarinnar. Þetta gildir bæði um tilvikssértæka vöktun og einnig um almennt eftirlit sem þátt í vöktunaráætluninni. Þótt sú ábyrgð hvíli áfram á tilkynnandanum að sjá til þess að vöktunaráætluninni sé framfylgt útilokar það ekki að þriðju aðilar, s.s. ráðgjafar og notendur, geti verið aðilar að vöktuninni með því að taka að sér ýmis verkefni sem krafist er í vöktunaráætluninni. Ef er um að ræða almennt eftirlit getur þetta m.a. átt við framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og/eða lögbær yfirvöld. Ef þriðju aðilar eru ráðnir til að annast rannsóknir í tengslum við vöktun eða samningur gerður við þá um slíkt skal útlista nákvæmlega hvernig þátttöku þeirra er háttað. Tilkynnandinn/samþykkishafinn er ábyrgur fyrir því að taka saman gögnin úr vöktuninni og niðurstöður hennar og hann verður að sjá til þess að þessar upplýsingar séu sendar til framkvæmdastjórnarinnar og lögbærra yfirvalda í samræmi við vöktunaráætlunina, einkum að því er varðar greiningu hvers kyns skaðlegra áhrifa.

Jafnframt skal geta þess að þetta útilokar ekki að aðildarríkin sinni viðbótarvöktun í formi tilvikssértækrar vöktunar eða almenns eftirlits. Markmiðið með slíku eftirliti er að gera þeim aðila, sem fer með áhættustjórnun, kleift að grípa tafarlaust til viðeigandi ráðstafana ef upp koma einhver óæskileg og ógreind áhrif innan ramma fyrra áhættumats. Ekki skal þó líta svo á að þetta geti komið í stað vöktunaráætlunarinnar en framkvæmd hennar er áfram á ábyrgð tilkynnandans (þótt það geti, með samþykki viðeigandi aðila, verið þáttur í henni).

1.7. Fyrirliggjandi kerfi

Rýmka má fyrirliggjandi vöktunar- og eftirlitskerfi þannig að þau fjalli um hugsanleg, skaðleg áhrif sem hljótast af setningu erfðabreyttra lífvera á markað. Þessi kerfi geta m.a. verið athugunaráætlanir á sviði landbúnaðar, matvælarannsókna, náttúruverndar, vistfræðilegra vöktunarkerfa til langs tíma, áætlana um athugun á umhverfinu og kannana sem varða heilbrigði dýra og dýraafurða.

Fræframleiðslukerfi, þar sem vottunarreglum Efnahags- og framfarastofnunarinnar er fylgt og sem fela þar af leiðandi í sér kerfisbundnar skoðanir á ökrum og nærliggjandi svæðum, má t.d. laga að vöktun sérstakra þátta á ökrum.

Í aðildarríkjunum fer þegar fram vöktun og eftirlit með hefðbundnum nytjaplöntum, sem eru ræktaðar í viðskiptaskyni, að því er varðar útreikning á notkun áburðar, svo og varnir gegn skaðvöldum, sjúkdómum og illgresi. Á vaxtartímanum annast ráðgjafar, sem selja viðkomandi landbúnaðarafurðir, og ræktendurnir sjálfir þessa tegund reglulegrar vöktunar og eftirlits.

Af þessum sökum getur verið unnt að tengja sambærilega þjónustu við sölu á erfðabreyttu fræi þar sem fulltrúar fyrirtækisins eða samningsbundnir ráðgjafar annast a.m.k. einhvers konar almennt eftirlit. Koma má leiðbeiningum varðandi eftirlit, vöktun og skýrslugjöf til ræktenda sem kaupa erfðabreytt fræ og eitt af sölu- eða notkunarskilyrðum getur verið að samningur sé gerður um vöktun.

Ræktendur eða landbúnaðarráðgjafar geta vissulega gert kannanir á stórfelldum, ófyrirséðum breytingum eða áhrifum, s.s. útbreiðslu og bólfestu sjálfsáinna plantna á aðliggjandi svæðum, ef skýrar leiðbeiningar eru gefnar. Við þær kringumstæður er gert ráð fyrir að vöktun og eftirlit með skaðlegum áhrifum geti orðið þáttur í venjubundnum starfsvenjum við ákvörðun á magni og tegund varnarefna við eyðingu skaðvalda og illgresis.

2. **Aðferðafræði við vöktun**

Í þessum þætti eru leiðbeiningar um þá þætti og þau atriði sem getur þurft að greina og vakta innan ramma vöktunaráætlunarinnar, svo og um leiðir til að framkvæma þess háttar vöktun, þ.m.t. svæði sem á að vakta og tíðni vöktunar.

2.1. Þættir/atriði við vöktun

Í upphafi er nauðsynlegt að tilgreina þætti/atriði sem skipta máli og á að vakta, með viðeigandi rökstuðningi fyrir vali þeirra. Þetta veltur að miklu leyti á niðurstöðum matsins á umhverfisáhættu. Taka verður ákvarðanir, að því er varðar þætti eða atriði sem á að vakta í hverju einstöku tilviki, í samræmi við breytta eiginleika erfðabreyttu lífverunnar, sem um er að ræða. Þetta á m.a. við um vöktun á ætluðum áhrifum breytingarinnar á marklífverur, t.d. vöktun á stofnum maísmöls að því er varðar ræktun á Bt-maísyrkjum.

Á hinn bóginn getur líka reynst nauðsynlegt að vega og meta ósértæk atriði sem þátt í vöktunaráætluninni og dæmi um slík atriði eru sett fram hér á eftir, þótt önnur séu ekki útilokuð:

— áhrif af breytingunni á lífverur sem ekki eru í markhópi, þar á meðal þróun á þoli í villtum, skyldum tegundum eða skaðlegum lífverum, breyting á hýsilsviði eða á dreifingu skaðlegra lífvera og veira og þróun nýrra veira,

— dreifing, bólfesta og þráfesta í umhverfi eða vistkerfum sem eru ekki markumhverfi eða markvistkerfi,

— útæxlun/kynblöndun (t.d. tilvist, aðferðir og tíðni útæxlunar/kynblöndunar) með villtum ættingjum í náttúrulegum stofnum sem geta kynblandast,

— ótilætlaðar breytingar á grunnatferli lífverunnar, t.d. breytingar á fjölgun, fjölda afkvæma, vaxtaratferli og lifunarhæfni fræsins,

— breytingar í líffræðilegri fjölbreytni (t.d. á fjölda eða samsetningu tegunda).

2.2. Svæði/sýni

Í vöktunaráætluninni geta verið nánari upplýsingar um hvar vöktun eigi að fara fram og til hvaða svæðis hún tekur. Þar getur verið um að ræða tiltekið aðildarríki, landsvæði, einstaka staði, reiti eða önnur svæði sem teljast heppileg.

Svæðin og/eða sýnin sem á að vakta að því er varðar hugsanleg áhrif vegna setningar erfðabreyttu lífverunnar á markað skulu tilgreind, þ.m.t. svæðin sem þjóna sem viðmiðun eða til samanburðar. Öll viðmiðunar- eða samanburðarsvæði og/eða -sýni verða að vera nægilega dæmigerð með tilliti til umhverfis og aðstæðna við notkun ef unnt á að vera að draga sannfærandi ályktanir. Auk þess skulu allar aðferðir við sýnatöku byggjast á traustum vísindalegum og tölfræðilegum grunni. Á þessum grundvelli geta slík gögn veitt mikilvægar upplýsingar um breytingar á vísum og treyst greininguna á áhrifunum.

Þegar það er vegið og metið hvaða svæði á að vakta, að því er varðar t.d. erfðabreytta tegund nytjaplantna, má við ákvörðun á því hvaða búsvæði eru valin til vöktunar taka tillit til eiginleika hennar (bæði eðlislægra og breyttra), svo og fjölgunar hennar og útbreiðslu og tegunda vistkerfa sem geta orðið fyrir áhrifum. Svæði sem máli skiptir að vakta geta m.a. verið valdir akrar þar sem nytjaplöntur eru ræktaðar til sölu, svo og nærliggjandi búsvæði.

Einnig getur reynst nauðsynlegt að rýmka vöktun/eftirlit þannig að taki til ræktaðra eða óræktaðra, aðliggjandi eða nærliggjandi svæða, til svæða þar sem sjálfsánar plöntur eru líklegar til að skjóta upp kollinum eftir uppskeru og til verndaðra svæða. Tilteknar tegundir búsvæða, s.s. svæði, sem hefur verið hreyft við, og tegundaauðug plöntusamfélög, eru líklegri en önnur til að verða fyrir innrás. Röskuð svæði með litlum gróðri og með ríkulegu úrvali jurta og grasa eru einkar heppileg til vöktunar. Í fyrsta lagi finnast svona svæði víða og þau eru oft nærri landbúnaðarsvæðum þar sem ræktun er þéttbærari. Í öðru lagi eru þessi svæði oft við akvegi, skurði og útjaðra akra þar sem mestar líkur eru á að fræ fari niður og dreifist fyrir slysni.

Einnig er vert að vega og meta nauðsyn vöktunar vegna möguleika á flutningi erfðaefnis í lífrænt ræktaðar og hefðbundnar nytjaplöntur sem geta kynblandast. Slíkt krefst könnunar á því í hve miklum mæli slíkar nytjaplöntur eru ræktaðar á aðliggjandi eða nærliggjandi svæðum.

2.3. Skoðun

Í vöktunaráætluninni skal tilgreina líklega tíðni skoðana. Þetta getur falið í sér tímaáætlun til að gefa til kynna tímasetningu og fjölda fyrirhugaðra vettvangsheimsókna. Í þessu samhengi skal, eins og þegar hefur verið útlistað í þáttum 1.5 og 2.2, taka tillit til þess hvenær hugsanleg, skaðleg áhrif eru líklegust til að koma fram og hvaða svæði skuli vakta.

2.4. Sýnataka og greining

Tilgreina skal þá aðferð sem notuð er til að vakta síðar þessa þætti/atriði og lýsa henni nákvæmlega, þ.m.t. tækni við sýnatöku og greiningu. Fylgja skal staðlaðri aðferðafræði, eins og t.d. er kveðið á um í Evrópustöðlum Staðlasamtaka Evrópu og aðferðum Efnahags- og framfarastofnunarinnar við vöktun lífvera í umhverfinu, eftir því sem við á, og gefa skal tilvísun í heimildir um aðferðafræðina. Aðferðir, sem eru notaðar við vöktun, skulu vera vísindalega traustar og gildar við þau tilraunaskilyrði þar sem á að beita þeim; því skal vega og meta eiginleika aðferðanna, eins og valvísi, sérhæfni, samanburðarnákvæmni, allar takmarkanir, greiningarmörk og hvort viðeigandi samanburður sé fyrir hendi.

Í vöktunaráætluninni skal einnig tilgreina hvernig búist er við að aðferðin verði uppfærð, ef við á, í samræmi við þá nálgun/aðferð við vöktunina sem hefur verið valin.

Einnig má beita tölfræðilegri greiningu við ákvörðun á tilhögun viðeigandi aðferðar við sýnatöku og prófun, í því skyni að ákvarða heppilegustu sýnastærð og lágmarksvöktunartímabil við ákvörðun á tölfræðilega marktækum áhrifum.

2.5. Öflun gagna og samanburður þeirra

Í vöktunaráætluninni skal tilgreint, bæði hvað varðar tilvikssértæka vöktun og almennt eftirlit, hvernig afla skal gagna og hvernig þau eru borin saman, hver gerir það og hversu oft. Þetta getur verið sérlega mikilvægt ef þriðju aðilar eru ráðnir til gagnaöflunar eða samið er við þá um það verkefni. Tilkynnendur geta þurft að leggja fram staðlaðar aðferðir, eyðublöð og aðferðarlýsingar við öflun og skráningu gagna til að tryggja samræmi. Til dæmis er unnt að leggja fram stöðluð skráningarblöð eða færa eða skrá gögnin beint inn í staðlaðan töflureikni í fartölvu. Tilkynnandinn getur einnig þurft að greina nánar frá því hvernig gögnin verða borin saman og ekki síður hvernig upplýsingar verða fengnar frá þriðju aðilum, s.s. ráðgjöfum eða notendum.

Einnig skal tilgreina skilafrest fyrir skýrslur með nákvæmum upplýsingum um niðurstöður vöktunarinnar og hve oft þær skulu birtast.

3. **Greining, skýrslugjöf, endurskoðun**

Í vöktunaráætluninni skal tilgreint hversu oft gögnin eru endurskoðuð og rædd í heildargreiningu.

3.1. Mat

Mat á gögnum skal, eftir því sem við á, fela í sér tölfræðilega greiningu með viðeigandi gildum fyrir staðalskekkju til að unnt sé að taka síðar ákvarðanir á traustum grunni. Þessar ákvarðanir snúast t.d. um hvort mat, sem athygli er vakin á í áhættumati, sé rétt. Í þessu sambandi er rétt grunnástand og/eða samanburður, sem tengist stöðu viðtökuumhverfisins, einnig afar mikilvægur fyrir nákvæmt mat. Með notkun tölfræðilegrar greiningar fást einnig upplýsingar um hvort aðferðin, þ.m.t. sýnataka og prófun, sé við hæfi.

Mat á niðurstöðum úr vöktun og könnunum getur leitt í ljós hvort vakta skuli aðra þætti samkvæmt áætluninni. Einnig getur þurft að kanna viðeigandi viðbrögð við öllum bráðabirgðaniðurstöðum, einkum ef þær benda til hugsanlegra, neikvæðra áhrifa á viðkvæm búsvæði og lífveruhópa.

Við túlkun á gögnum, sem aflað er með vöktun, getur þurft að hafa hliðsjón af öðrum umhverfisskilyrðum og annarri starfsemi sem fram fer. Verði breytinga vart á umhverfinu getur frekara mat reynst nauðsynlegt til að skera úr um hvort þær megi rekja til erfðabreyttu lífverunnar eða notkunar hennar eða hvort slíkar breytingar geti stafað af öðrum umhverfisþáttum en setningu erfðabreyttu lífverunnar á markað. Nauðsynlegt getur verið í þessu sambandi að endurmeta grunnástandið sem er notað til samanburðar.

Vöktunaráætlunin skal vera þannig úr garði gerð að niðurstöður bæði tilvikssértækrar vöktunar og almenns eftirlits, svo og viðbótarrannsókna, geti hæglega nýst í ferlinu við ákvarðanatöku að því er varðar endurnýjun á samþykki fyrir vörur.

3.2. Skýrslugjöf

Í kjölfar setningar erfðabreyttrar lífveru á markað er tilkynnandanum lagalega skylt, skv. 1. mgr. 20. gr. tilskipunarinnar, að sjá til þess að vöktun og skýrslugjöf sé háttað samkvæmt þeim skilyrðum sem eru tilgreind í samþykkinu. Leggja verður skýrslur um þessa vöktun fyrir framkvæmdastjórnina og lögbær yfirvöld aðildarríkjanna, þó svo að ekki sé mælt fyrir um tímaramma fyrir framlagningu þeirra. Þessar upplýsingar skulu einnig gerðar aðgengilegar öllum í samræmi við kröfur 4. mgr. 20. gr. tilskipunarinnar. Með þ etta í huga skulu tilkynnendur gera grein fyrir skilyrðunum um skýrslugjöf í vöktunaráætluninni.

Auk þess skal það koma fram í vöktunaráætluninni hvernig viðkomandi upplýsingum, sem aflað er með fastsettu eða kerfisbundnu eftirliti, er komið á framfæri við leyfishafann og lögbær yfirvöld.

Tilkynnendur/samþykkishafar skulu sjá til þess að niðurstöður og ráðstafanir vöktunaráætlunarinnar séu gagnsæjar og í vöktunaráætluninni skal tilgreina hvernig skýrt er frá upplýsingunum, sem hefur verið aflað, eða hvernig þær eru birtar. Það má t.d. gera með:

— upplýsingablöðum til notenda og annarra hagsmunaaðila,

— vinnufundum þar sem upplýsingar eru kynntar og hagsmunaaðilar geta miðlað reynslu sinni,

— skjölum sem eru geymd innan fyrirtækisins,

— skráningu á vefsetrum fyrirtækja,

— birtingu upplýsinga í fag- og vísindaritum.

Ákvæði 20. gr. tilskipunarinnar tengjast einnig skýrslugjöf. Ef nýjar upplýsingar varðandi áhættu berast frá notendum eða úr öðrum áttum skal tilkynnandinn, í samræmi við 2. mgr. 20. gr., grípa þegar í stað til nauðsynlegra ráðstafana til að vernda heilbrigði manna og umhverfið og upplýsa lögbært yfirvald þar um.

Auk þess þarf tilkynnandinn einnig að endurskoða upplýsingarnar og skilyrðin sem tilgreind eru í tilkynningunni.

3.3. Endurskoðun og aðlögun

Ekki skal líta á vöktunaráætlanir sem endanlegar. Mjög mikilvægt er að endurskoða vöktunaráætlunina og tilheyrandi aðferðir með viðeigandi millibili og uppfæra hana eða aðlaga eftir því sem nauðsyn krefur.

Samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 20. gr. tilskipunarinnar getur lögbært yfirvald, sem tekur við upphaflegu tilkynningunni, á grundvelli skýrslna, sem tilkynnendur hafa lagt fram og í samræmi samþykkið og rammann um tilgreindu vöktunaráætlunina, aðlagað vöktunaráætlunina að loknu fyrsta vöktunartímabilinu. Tilkynnandinn ber þó áfram ábyrgð á framkvæmd endurskoðuðu vöktunaráætlunarinnar.

Við endurskoðun skal kanna hversu árangursríkar og skilvirkar mælingar og öflun gagna eru, þ.m.t. sýnataka og greining. Við endurskoðunina skal einnig meta hvort ráðstafanir við vöktunina séu árangursríkar í tengslum við áhættumatið og öll álitaefni sem koma upp vegna áhættumatsins.

Ef tiltekin spálíkön eru t.d. notuð má fullgilda þau á grundvelli gagna sem hefur verið aflað og mats sem unnið er í kjölfarið. Á sama hátt skal einnig taka tillit til nýmæla og framfara í sýnatöku- og greiningartækni, eftir því sem við á.

Í kjölfar slíkra endurskoðana getur reynst nauðsynlegt að lagfæra aðferðirnar, markmið vöktunarinnar og vöktunaráætlunina og skal aðlaga þær eða uppfæra eftir því sem við á.

ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS **2013/EES/4/05**

frá 3. október 2002

um eyðublað, samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB, fyrir samantekt upplýsinga í tengslum við að setja erfðabreyttar lífverur á markað sem vörur eða hluta af vörum (*)

(2002/812/EB)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB frá 12. mars 2001 um sleppingu erfðabreyttra lífvera út í umhverfið og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 90/220/EBE ([1]), einkum h-lið 2. mgr. 13. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt C-hluta tilskipunar 2001/18/EB skal fyrirframtilkynning send lögbæru yfirvaldi í aðildarríki þegar fyrirhugað er að setja erfðabreytta lífveru eða samsetningu slíkra lífvera á markað.

2) Í tilkynningunni er m.a. að finna samantekt úr viðeigandi málsskjölum, sem lögbæra yfirvaldið skal senda lögbærum yfirvöldum í öðrum aðildarríkjum auk framkvæmdastjórnarinnar og skal framkvæmdastjórnin þegar í stað gera hana aðgengilega almenningi. Samantektin skal sett fram á sérstöku eyðublaði.

3) Eyðublaðið skal tryggja að unnt sé að skiptast í sem ríkustum mæli á þeim upplýsingum sem skipta máli og eru settar fram á staðlaðan og auðskiljanlegan hátt en upplýsingarnar, sem þannig eru látnar í té, má þó ekki leggja til grundvallar mati á umhverfisáhættu.

4) Hinn 12. júní 2002 var haft samráð við nefndina, sem var sett á laggirnar skv. 2. mgr. 30. gr. tilskipunar 2001/18/EB, og hefur hún ekki skilað áliti um tillögu framkvæmdastjórnarinnar að ákvörðun.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Við samantekt málsskjalanna, sem leggja skal fyrir lögbært yfirvald í aðildarríki skv. h-lið 2. mgr. 13. gr. tilskipunar 2001/18/EB, skal tilkynnandinn nota eyðublað fyrir samantekt upplýsinga sem sett er fram í viðaukanum við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 3. október 2002.

Fyrir hönd ráðsins,

F. HANSEN

forseti.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 280, 18.10.2002, bls. 37. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 127/2007 frá 28. september 2007 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 9, 21.2.2008, bls. 44.

([1]) Stjtíð. EB L 106, 17.4.2001, bls. 1.

VIÐAUKI

EYÐUBLAÐ FYRIR SAMANTEKT UPPLÝSINGA Í TENGSLUM VIÐ SETNINGU ERFÐABREYTTRAR LÍFVERU EÐA SAMSETNINGU ERFÐABREYTTRA LÍFVERA Á MARKAÐ SEM VÖRUR EÐA HLUTA AF VÖRUM

INNGANGUR

Nota skal eftirfarandi eyðublað við samantekt málsskjalanna sem fylgja tilkynningu til lögbærs yfirvalds í aðildarríkinu að því er varðar setningu erfðabreyttrar lífveru eða samsetningu erfðabreyttra lífvera á markað sem vörur eða hluta af vörum.

Þegar þetta skjal hefur verið fyllt út inniheldur það samantekt um upplýsingarnar sem skráðar hafa verið í tilheyrandi reiti í heildarskjalinu. Því verður áhættumatið, sem krafist er samkvæmt tilskipun 2001/18/EB, ekki unnið á grundvelli þessa skjals einvörðungu.

Ekki er samsvörun milli lengdar bilsins á eftir hverri spurningu og þess hversu ítarlegra upplýsinga er krafist á eyðublaði fyrir samantekt upplýsinga.

Eyðublað fyrir samantekt upplýsinga skiptist í 1. og 2. hluta.

1. hluti gildir um vörur sem eru að hluta til eða öllu leyti úr erfðabreyttum lífverum, öðrum en háplöntum, og skiptist í eftirtalda þætti:

A Almennar upplýsingar

B Eðli erfðabreyttu lífveranna sem varan inniheldur

C Áætluð hegðun vörunnar

D Upplýsingar um fyrri sleppingar

E Upplýsingar um vöktunaráætlunina

2. hluti gildir um vörur sem eru að hluta eða öllu leyti úr erfðabreyttum háplöntum. Hugtakið „háplöntur“ nær yfir fræplöntur sem skiptast í berfrævinga (Gymnospermae) og dulfrævinga (Angiospermae). 2. hluti skiptist í eftirtalda þætti:

A Almennar upplýsingar

B Eðli erfðabreyttu háplantnanna sem varan inniheldur

C Upplýsingar um fyrri sleppingar

D Upplýsingar um vöktunaráætlunina

1. HLUTI

EYÐUBLAÐ FYRIR SAMANTEKT UPPLÝSINGA UM VÖRUR SEM INNIHALDA ERFÐABREYTTAR LÍFVERUR, AÐRAR EN HÁPLÖNTUR

A. **Almennar upplýsingar**

1. *Upplýsingar í tilkynningunni*

a) Tilkynningaraðildarríki	
b) Númer tilkynningar	
c) Heiti vörunnar (verslunarheiti og önnur heiti)	
d) Dagsetning staðfestingar á móttöku tilkynningar	

2. *Tilkynnandi/framleiðandi/innflytjandi*

a) Nafn tilkynnanda		
b) Heimilisfang tilkynnanda		
c) Tilkynnandinn er	innlendur framleiðandi	☐
	innflytjandi	☐
d) Þegar um er að ræða innflutning i. Nafn framleiðanda ii. Heimilisfang framleiðanda		

3. *Lýsing á eiginleikum erfðabreyttu lífveranna sem varan inniheldur*

Tilgreinið heiti og eðli hverrar tegundar erfðabreyttrar lífveru sem varan inniheldur

4. *Almenn lýsing á vörunni*

a) Tegund vöru
b) Samsetning vörunnar
c) Sérvirkni vörunnar
d) Notendahópar

e) Sérstök skilyrði fyrir notkun og meðhöndlun sem lagt er til að verði sett varðandi leyfið sem sótt er um
f) Landsvæði, ef við á, innan ESB sem varan á að takmarkast við samkvæmt skilmálum leyfisins sem sótt er um
g) Umhverfi sem varan hentar ekki fyrir
h) Áætluð eftirspurn á ári i. í Bandalaginu ii. á útflutningsmörkuðum fyrir vörur EB
i) Sérstakur auðkenniskóði erfðabreyttu lífverunnar eða lífveranna

5. *Hefur verið tilkynnt um samsetningu erfðabreyttu lífveranna í vörunni samkvæmt B-hluta tilskipunar 2001/18/EB á vegum sama tilkynnanda?*

Já ☐	Nei ☐
i. Ef svarið er já: gefið upp land og númer tilkynningar	
ii. Ef svarið er nei: vísið til gagna um áhættugreiningu á grundvelli þáttanna í B-hluta tilskipunar 2001/18/EB.	

6. *Er öðru aðildarríki tilkynnt um vöruna á vegum sama tilkynnanda á sama tíma?*

Já ☐	Nei ☐
Ef svarið er já: tilgreinið nánar:	

7. *Hefur önnur vara með sömu samsetningu erfðabreyttra lífvera verið sett á markað EB á vegum annars tilkynnanda?*

Já ☐	Nei ☐	Ekki vitað ☐
Ef svarið er já: tilgreinið nánar:		

8. *Samantekt á gögnum, sem aflað er við sleppingu sömu erfðabreyttu lífveranna eða sömu samsetningar þeirra sem hefur farið fram áður eða fer fram við skilyrði sem eru dæmigerð fyrir mismunandi umhverfi þar sem hugsanlegt er að nota erfðabreyttar lífverur*

9. *Tilgreinið fyrirmæli og/eða tilmæli varðandi geymslu og meðhöndlun, þ.m.t. lögboðnar takmarkanir sem lagt er til að settar verði sem skilyrði fyrir leyfinu sem sótt er um*

10. *Tillaga um umbúðir*

11. *Tillaga að kröfum varðandi merkingar til viðbótar þeim sem krafist er samkvæmt lögum*

12. *Ráðstafanir sem tilkynnandi leggur til að verði gerðar ef um óviljandi sleppingu eða rangnotkun er að ræða*

13. *Ráðstafanir vegna förgunar og meðhöndlunar úrgangs (ef við á)*

B. **Eðli erfðabreyttu lífveranna sem varan inniheldur**

UPPLÝSINGAR UM ARFÞEGA EÐA MÓÐURLÍFVERU(R) SEM ERFÐABREYTTA LÍFVERAN ER LEIDD AF

14. *Vísindaheiti og almenn heiti*

15. *Svipfars- og erfðaeinkenni*

16. *Landfræðileg dreifing og náttúrulegt búsvæði lífverunnar*

17. *Erfðafræðilegur stöðugleiki lífverunnar og þættir sem hafa áhrif á hann*

18. *Möguleiki á genaflutningi og skiptum við aðrar lífverur og líklegar afleiðingar genaflutnings*

19. *Upplýsingar um æxlun og þætti sem hafa áhrif á hana*

20. Upplýsingar um lifun og þætti sem hafa áhrif á hana

21. *Útbreiðsluleiðir og þættir sem hafa áhrif á þær*

22. *Víxlverkanir við umhverfið*

23. a) Greiningaraðferðir

23. b) Sanngreiningaraðferðir

24. *Flokkun samkvæmt gildandi reglum Bandalagsins um vernd heilbrigðis manna og/eða umhverfisins*

25. a) Sjúkdómsvaldandi eiginleikar

25. b) Aðrir skaðlegir eiginleikar lífveranna, lifandi eða dauðra, þ.m.t. utanfrumuafurðir

26. *Eðli þekktra, erfðafræðilegra eininga utan litninga og lýsing á þeim*

27. *Samantekt á þekktri sögu fyrri erfðabreytinga*

UPPLÝSINGAR UM ERFÐABREYTINGUNA

28. *Aðferðir sem notaðar eru við erfðabreytinguna*

29. *Eiginleikar genaferjunnar*

a) Eðli og uppruni genaferjunnar

b) Lýsing á byggingu genaferjunnar
c) Genakort og/eða skerðikort genaferjunnar
d) Gögn um röð
e) Upplýsingar um það að hve miklu leyti raðir, þar sem framleiðslan eða starfsemin er óþekkt, eru í genaferjunni
f) Genaflutningshæfni genaferjunnar
g) Hreyfanleikatíðni genaferjunnar
h) Sá hluti genaferjunnar sem verður eftir í erfðabreyttu lífverunni

30. *Upplýsingar um innskotið*

a) Aðferðir sem notaðar eru til að mynda innskotið

b) Skerðiset
c) Röð innskotsins
d) Uppruni og hlutverk hvers erfðafræðilegs þáttar innskotsins í erfðabreyttu lífverunni
e) Upplýsingar um það að hve miklu leyti innskotið takmarkast við þá starfsemi sem krafa er gerð um
f) Staðsetning innskotsins í erfðabreyttu lífverunni

UPPLÝSINGAR UM LÍFVERU(R) SEM INNSKOTIÐ ER FENGIÐ ÚR (ARFGJAFA)

31. *Vísindaheiti og önnur heiti*

32. *Tilgreinið hvort arfgjafinn hefur sjúkdómsvaldandi eða skaðlega eiginleika; tilgreinið eðli þessara eiginleika ef um þá er að ræða*

33. *Tilgreinið, ef arfgjafinn býr yfir sjúkdómsvaldandi eða skaðlegum eiginleikum, hvort gjafaraðirnar séu á einhvern hátt tengdar þeim*

34. *Flokkun samkvæmt gildandi reglum Bandalagsins um vernd heilbrigðis manna og umhverfisins*

35. *Tilgreinið hvort náttúruleg skipti á erfðaefni milli arfgjafa og arfþega séu hugsanleg eða hafi verið sannreynd*

UPPLÝSINGAR UM ERFÐABREYTTA(R) LÍFVERU(R) Í VÖRUNNI

36. *Lýsing á erfðaeinkennum eða svipfarseiginleikum ef þau eru önnur en hjá arfþega eða arfþegum eða móðurlífveru(m)*

37. *Erfðafræðilegur stöðugleiki erfðabreyttu lífverunnar ef hann er annar en hjá arfþega eða arfþegum eða móðurlífveru(m)*

38. *Hraði og stig tjáningar hins nýja erfðaefnis*

39. *Virkni tjáðu prótínanna*

40. a) Lýsing á greiningaraðferðum fyrir erfðabreyttu lífveruna í umhverfinu, ef þær eru aðrar en fyrir arfþega eða móðurlífveru(r)

40. b) Lýsing á sanngreiningaraðferðum til að greina erfðabreyttu lífveruna frá arfþeganum eða móðurlífverunni

41. *Heilbrigðissjónarmið*

a) Eiturhrif eða ofnæmisvaldandi áhrif erfðabreyttu lífveranna og/eða efnaskiptaafurða þeirra, ef þau eru verulega frábrugðin eiturhrifum og ofnæmisvaldandi áhrifum arfþegans/móðurlífverunnar.
b) Hætta sem tengist vörunni, ef hún er umtalsverð
c) Samanburður á erfðabreyttu lífverunni og arfgjafanum, arfþeganum eða móðurlífverunni að því er varðar meinvirkni, sé verulegur munur á
d) Geta til að ná bólfestu, ef verulega frábrugðin getu arfþega eða móðurlífveru/-lífvera
e) Ef lífveran veldur fremur sjúkdómum í mönnum með heilbrigt ónæmiskerfi en arfþeginn/arfþegarnir eða móðurlífveran/-lífverurnar skal leggja fram upplýsingarnar sem tilgreindar eru í i. og iv. lið 2. liðar C-liðar í II. hluta III. viðauka A

VÍXLVERKUN ERFÐABREYTTU LÍFVERUNNAR OG UMHVERFISINS

42. *Lifun, fjölgun og útbreiðsla erfðabreyttu lífverunnar eða lífveranna í umhverfinu, ef annað en hjá arfþeganum eða móðurlífverunni*

43. *Umhverfisáhrif erfðabreyttu lífveranna, ef önnur en áhrif arfþegans eða móðurlífverunnar*

C. **Áætluð hegðun vörunnar, ef önnur en hegðun arfþega eða móðurlífvera**

UMHVERFISÁHRIF VÖRUNNAR

ÁHRIF VÖRUNNAR Á HEILBRIGÐI MANNA, EF ÖNNUR EN ÁHRIF ARFÞEGA EÐA MÓÐURLÍFVERA

D. **Upplýsingar um fyrri sleppingar**

SÖGULEGT YFIRLIT YFIR FYRRI SLEPPINGAR SEM TILKYNNT HEFUR VERIÐ UM SAMKVÆMT B-HLUTA TILSKIPUNARINNAR (EF VIÐ Á)

1. *Númer tilkynningar*

2. *Sleppingarstaður*

3. *Markmiðið með sleppingunni*

4. *Lengd þess tíma sem sleppingin varir*

5. *Lengd þess tíma sem vöktun varir eftir sleppingu*

6. *Markmiðið með vöktun eftir sleppingu*

7. *Niðurstöður úr vöktun eftir sleppingu*

8. *Niðurstöður úr sleppingunni að því er varðar áhættu fyrir heilbrigði manna og umhverfið skv. 8. gr. tilskipunar 90/220/EBE eða 10. gr. tilskipunar 2001/18/EB*

SÖGULEGT YFIRLIT YFIR FYRRI SLEPPINGAR Í BANDALAGINU EÐA UTAN ÞESS

1. *Sleppingarland*

2. *Yfirvald sem hefur umsjón með sleppingunni*

3. *Sleppingarstaður*

4. *Markmiðið með sleppingunni*

5. *Lengd þess tíma sem vöktun varir eftir sleppingu*

6. Markmiðið með vöktun eftir sleppingu

7. Niðurstöður úr vöktun eftir sleppingu

8. Niðurstöður úr sleppingunni að því er varðar áhættu fyrir heilbrigði manna og umhverfið

SÖGULEGT YFIRLIT YFIR FYRRI SLEPPINGAR Í BANDALAGINU EÐA UTAN ÞESS

E. **Upplýsingar um vöktunaráætlunina tilgreind einkenni, eiginleikar og óvissuþættir sem varða erfðabreyttu lífveruna eða víxlverkun hennar við umhverfið og fjalla skal um í vöktunaráætluninni eftir setningu á markað**

2. HLUTI

EYÐUBLAÐ FYRIR SAMANTEKT UPPLÝSINGA UM VÖRUR SEM INNIHALDA ERFÐABREYTTAR HÁPLÖNTUR

A. **Almennar upplýsingar**

1. *Upplýsingar í tilkynningunni*

a) Tilkynningaraðildarríki
b) Númer tilkynningar
c) Heiti vörunnar (verslunarheiti og önnur heiti)
d) Dagsetning staðfestingar fyrir móttöku tilkynningar

2. *Tilkynnandi*

a) Nafn tilkynnanda
b) Heimilisfang tilkynnanda
c) Er tilkynnandinn innlendur framleiðandi ☐ innflytjandi ☐
d) Gefa skal upp nafn og heimilisfang framleiðanda ef um innflutning er að ræða

3. *Almenn lýsing á vörunni*

a) Heiti arfþega eða móðurplöntu og fyrirhugað hlutverk erfðabreytingarinnar
b) Tiltekið form vörunnar sem ekki má setja á markað (fræ, afskorin blóm, plöntuhlutar til kynlausrar fjölgunar o.s.frv.) sem lagt er til að settar verði sem skilyrði fyrir leyfinu sem sótt er um
c) Fyrirhuguð notkun vörunnar og notendahópar
d) Sértæk fyrirmæli og/eða tillögur um notkun, geymslu og meðhöndlun, þ.m.t. lögboðnar takmarkanir, sem lagt er til að settar verði sem skilyrði fyrir leyfinu sem sótt er um
e) Landsvæði, ef við á, innan ESB sem varan á að takmarkast við samkvæmt skilmálum leyfisins sem sótt er um
f) Umhverfi sem varan hentar ekki fyrir
g) Tillaga um kröfur varðandi umbúðir

h) Tillaga um kröfur varðandi merkingar til viðbótar þeim sem krafist er samkvæmt lögum
i) Áætluð möguleg eftirspurn i. í Bandalaginu ii. á útflutningsmörkuðum fyrir vörur EB
j) Sérstakur auðkenniskóði erfðabreyttu lífverunnar eða lífveranna

4. *Hefur verið tilkynnt um erfðabreytta háplöntu í þessari vöru samkvæmt B-hluta tilskipunar 2001/18/EB og/eða tilskipun 90/220/EBE?*

Já ☐	Nei ☐
i) Ef svarið er nei: vísið til gagna um áhættugreiningu á grundvelli þáttanna í B-hluta tilskipunar 2001/18/EB	

5. Er öðru aðildarríki tilkynnt um vöruna á sama tíma?

Já ☐	Nei ☐
i) Ef svarið er nei: vísið til gagna á grundvelli þáttanna í B-hluta tilskipunar 2001/18/EB	

eða

Hefur varan verið tilkynnt í þriðja landi áður eða á sama tíma?

Já ☐	Nei ☐
Ef svarið er já: gefið upp númer tilkynningar og aðildarríki	

6. Hefur verið tilkynnt um sömu erfðabreyttu háplöntu áður að því er varðar setningu á markað í Bandalaginu?

Já ☐	Nei ☐
Ef svarið er já: gefið upp númer tilkynningar og aðildarríki	

7. *Ráðstafanir sem tilkynnandinn leggur til að verði gerðar ef um óviljandi sleppingu eða rangnotkun er að ræða, svo og ráðstafanir varðandi förgun og meðhöndlun*

B. **Eðli erfðabreyttu háplöntunnar í vörunni**

UPPLÝSINGAR SEM VARÐA ARFÞEGA EÐA (EFTIR ÞVÍ SEM VIÐ Á) MÓÐURPLÖNTUR

8. *Nákvæmt heiti*

a) Ættarheiti
b) Ættkvísl
c) Tegund
d) Undirtegund
e) Ræktunarafbrigði/ræktunarlína
f) Almennt heiti

9. a) Upplýsingar um æxlun

i. Æxlunarmáti
ii. Sérstakir þættir sem hafa áhrif á æxlun, ef um þá er að ræða
iii. Kynslóðartími

9. b) Geta til að kynblandast öðrum ræktuðum eða villtum tegundum plantna

10. *Lifunarhæfni*

a) Hæfileiki til að mynda þolin lífform eða dvalastig
b) Sérstakir þættir sem hafa áhrif á lifunarhæfni, ef um þá er að ræða

11. *Útbreiðsla*

a) Útbreiðsluleiðir og umfang útbreiðslu
b) Sérstakir þættir sem hafa áhrif á lifunarhæfni, ef um þá er að ræða

12. *Landfræðileg dreifing plöntunnar*

13. *Lýsing á náttúrulegu búsvæði plöntunnar, þ.m.t. upplýsingar um lífverur sem nærast á henni í náttúrunni og náttúrulega sníkla, keppinauta og samlífisverur ef um er að ræða tegund plantna sem er að öllu jöfnu ekki ræktuð í aðildarríkinu eða -ríkjunum*

14. *Verulegar víxlverkanir sem hugsanlega geta orðið milli plöntunnar og annarra lífvera í vistkerfinu þar sem hún er að öllu jöfnu ræktuð, þ.m.t. upplýsingar um eiturhrif á menn, dýr og aðrar lífverur*

15. *Svipfars- og erfðaeinkenni*

UPPLÝSINGAR UM ERFÐABREYTINGUNA

16. *Lýsing á þeim aðferðum sem notaðar eru við erfðabreytinguna*

17. *Eðli og uppruni genaferjunnar sem er notuð*

18. *Stærð, uppruni [heiti arfgjafa] og fyrirhuguð starfsemi hvers efnishluta á því svæði sem til stendur að skjóta inn*

UPPLÝSINGAR UM ERFÐABREYTTU HÁPLÖNTUNA

19. *Lýsing á þeim einkennum og eiginleikum sem hefur verið bætt við eða breytt*

20. *Upplýsingar um þær raðir sem hefur í raun verið skotið inn, hafa verið felldar brott eða hefur verið breytt*

a) Stærð og gerð innskotsins og þær aðferðir sem eru notaðar við að lýsa því, þ.m.t. upplýsingar um hvern þann hluta genaferjunnar sem er skotið inn í erfðabreyttu háplöntuna eða sérhvern DNA-bera eða framandi DNA sem eftir verður í erfðabreyttu háplöntunni
b) Stærð og hlutverk brottfellda svæðisins eða svæðanna ef um úrfellingu er að ræða

c) Staðsetning innskots í plöntufrumunum (samþætt í litninginn, grænukornið eða hvatberann eða þau eru ósamþætt) og aðferðir við ákvörðun á henni
d) Fjöldi afrita og erfðafræðilegur stöðugleiki innskotsins
e) Lýsið starfsemi breytta erfðaefnisins á undan breytingunni og eftir hana ef um aðrar breytingar en innskot eða úrfellingu er að ræða, svo og beinum breytingum á tjáningu gena í kjölfar breytingarinnar

21. *Upplýsingar um tjáningu innskotsins*

a) Upplýsingar um tjáningu innskotsins og aðferðir sem notaðar eru til að lýsa því
b) Plöntuhlutarnir þar sem innskotið er tjáð (rætur, stöngull, frjókorn o.s.frv.)

22. *Upplýsingar um að hvaða leyti erfðabreytta háplantan er frábrugðin arfþegaplöntunni að því er varðar*

a) æxlunarmáta og/eða æxlunarhraða
b) útbreiðslu
c) lifunarhæfni
d) annan mun

23. *Geta til færslu erfðaefnis úr erfðabreyttu háplöntunni yfir í aðrar lífverur*

24. *Upplýsingar um hvers kyns skaðleg áhrif á heilbrigði manna og umhverfið sem stafa af erfðabreytingunni*

25. *Upplýsingar um öryggi erfðabreyttu háplöntunnar með tilliti til heilbrigðis dýra ef fyrirhugað er að nota erfðabreyttu háplöntuna í dýrafóðri, ef munur er á háplöntunni og arfþeganum/móðurlífverunni í því tilliti*

26. *Gangvirki víxlverkunar milli erfðabreyttu háplöntunnar og marklífveranna (ef við á), ef munur er á háplöntunni og arfþeganum/móðurlífverunni í því tilliti*

27. *Verulegar víxlverkanir við lífverur utan markhóps, séu þær aðrar en við arfþega eða móðurlífveru(r).*

28. *Lýsing á greiningar- og sanngreiningaraðferðum til að greina erfðabreyttu háplöntuna frá arfþeganum eða móðurlífverunni*

UPPLÝSINGAR UM HUGSANLEG UMHVERFISÁHRIF AF SLEPPINGU ERFÐABREYTTU HÁPLÖNTUNNAR

29. *Hugsanleg umhverfisáhrif af sleppingu erfðabreyttra háplantna eða af setningu þeirra á markað (liður D.2 í II. viðauka við tilskipun 2001/18/EB), ef þau eru frábrugðin áhrifum af svipaðri sleppingu arfþegans eða móðurlífverunnar eða setningu þeirra á markað*

30. *Hugsanleg umhverfisáhrif af víxlverkun milli erfðabreyttu háplöntunnar og marklífveranna (ef við á), ef munur er á háplöntunni og arfþeganum/móðurlífverunni í því tilliti*

31. *Möguleg umhverfisáhrif sem stafa af hugsanlegum víxlverkunum við lífverur utan markhóps, ef munur er á þeim lífverum og arfþeganum/móðurlífverunni í því tilliti*

a) Áhrif á líffræðilega fjölbreytni á ræktunarsvæðinu
b) Áhrif á líffræðilega fjölbreytni á öðrum búsvæðum
c) Áhrif á frjóbera
d) Áhrif á tegundir í útrýmingarhættu

C. **Upplýsingar um fyrri sleppingar**

32. *Sögulegt yfirlit yfir fyrri sleppingar sem tilkynnt hefur verið um samkvæmt B-hluta tilskipunar 2001/18/EB og B-hluta tilskipunar 90/220/EBE á vegum sama tilkynnanda*

a) Númer tilkynningar
b) Niðurstöður úr vöktun eftir sleppingu
c) Niðurstöður sleppingarinnar að því er varðar áhættu fyrir heilbrigði manna og umhverfið (lagt fyrir lögbært yfirvald skv. 10. gr. tilskipunar 2001/18/EB)

33. *Sögulegt yfirlit yfir fyrri sleppingar sem hafa farið fram innan eða utan Bandalagsins á vegum sama tilkynnanda*

a) Sleppingarland
b) Yfirvald sem hefur umsjón með sleppingunni
c) Sleppingarstaður
d) Markmiðið með sleppingunni
e) Lengd þess tíma sem sleppingin varir
f) Markmiðið með vöktun eftir sleppingu
g) Lengd þess tíma sem vöktun varir eftir sleppingu

h) Niðurstöður úr vöktun eftir sleppingu
i) Niðurstöður úr sleppingunni að því er varðar áhættu fyrir heilbrigði manna og umhverfið

D. **Upplýsingar um vöktunaráætlunina — einkenni, eiginleikar og óvissuþættir sem hafa verið staðfest og varða erfðabreyttu lífveruna eða víxlverkun hennar við umhverfið og fjalla skal um í vöktunaráætluninni eftir setningu á markað**

ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS **2013/EES/4/06**

frá 3. október 2002

um eyðublað, samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB, fyrir samantekt tilkynninga um sleppingu erfðabreyttra lífvera út í umhverfið í öðrum tilgangi en að setja þær á markað (*)

(2002/813/EB)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB frá 12. mars 2001 um sleppingu erfðabreyttra lífvera út í umhverfið og niðurfellingu tilskipunar 90/220/EBE ([1]), einkum 1. mgr. 11. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt B-hluta tilskipunar 2001/18/EB skal fyrirframtilkynning send lögbæru yfirvaldi í aðildarríki þegar fyrirhugað er að sleppa erfðabreyttri lífveru eða samsetningu slíkra lífvera í öðrum tilgangi en að setja þær á markað.

2) Innan ramma um upplýsingaskipti milli lögbærra yfirvalda og framkvæmdastjórnarinnar, sem settur var með tilskipun 2001/18/EB, skal yfirvaldið senda framkvæmdastjórninni samantekt um tilkynninguna á sérstöku eyðublaði og framkvæmdastjórnin skal síðan framsenda öðrum aðildarríkjum afrit af samantektinni.

3) Eyðublaðið skal tryggja að unnt sé að skiptast í sem ríkustum mæli á þeim upplýsingum sem skipta máli og eru settar fram á staðlaðan og auðskiljanlegan hátt en upplýsingarnar, sem þannig eru látnar í té, má þó ekki leggja til grundvallar mati á umhverfisáhættu.

4) Hinn 12. júní 2002 var haft samráð við nefndina, sem var sett á laggirnar skv. 2. mgr. 30. gr. tilskipunar 2001/18/EB, og hefur hún ekki skilað áliti um tillögu framkvæmdastjórnarinnar að ákvörðun.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Lögbær yfirvöld, sem aðildarríkin hafa tilnefnt skv. tilskipun 2001/18/EB, skulu nota eyðublað fyrir samantekt tilkynninga, sem sett er fram í viðaukanum við þessa ákvörðun, þegar þau senda framkvæmdastjórninni samantekt tilkynninga sem borist hafa skv. 6. gr. þessarar ákvörðunar.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 3. október 2002.

Fyrir hönd ráðsins,

F. HANSEN

forseti.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 280, 18.10.2002, bls. 62. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 127/2007 frá 28. september 2007 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 9, 21.2.2008, bls. 44.

([1]) Stjtíð. EB L 106, 17.4.2001, bls. 1.

VIÐAUKI

EYÐUBLAÐ FYRIR SAMANTEKT TILKYNNINGA UM SLEPPINGU ERFÐABREYTTRAR LÍFVERU EÐA SAMSETNINGAR ERFÐABREYTTRA LÍFVERA Í ÖÐRUM TILGANGI EN AÐ SETJA HANA Á MARKAÐ

INNGANGUR

Eyðublað fyrir samantekt tilkynninga um sleppingu erfðabreyttrar lífveru eða samsetningu erfðabreyttra lífvera hefur verið sett fram í þágu þeirrar málsmeðferðar sem fjallað er um í 11. gr. tilskipunar 2001/18/EB og samkvæmt henni.

Viðurkennt er að þessu eyðublaði er ekki ætlað að taka til allra þeirra upplýsinga sem krafist er þegar mat á umhverfisáhættu er unnið.

Ekki er samsvörun milli lengdar bilsins á eftir hverri spurningu og þess hversu ítarlegra upplýsinga er krafist á eyðublaði fyrir samantekt tilkynninga.

Eyðublað fyrir samantekt tilkynninga skiptist í 1. og 2. hluta.

1. hluti gildir um vörur sem eru að hluta eða öllu leyti úr erfðabreyttum lífverum, öðrum en háplöntum, og skiptist í eftirtalda þætti:

A Almennar upplýsingar

B Upplýsingar um arfþegann eða móðurlífverurnar sem erfðabreytta lífveran er leidd af

C Upplýsingar um erfðabreytinguna

D Upplýsingar um lífveru(r) sem innskotið er leitt af (arfgjafa)

E Upplýsingar um erfðabreyttu lífveruna

F Upplýsingar um sleppinguna

G Víxlverkun erfðabreyttu lífverunnar og umhverfisins og hugsanleg áhrif á umhverfið

H Upplýsingar um vöktun

I Upplýsingar um ráðstafanir eftir sleppingu og meðhöndlun úrgangs

J Upplýsingar um áætlanir um viðbúnað í neyðartilvikum

Í 1. hluta skulu upplýsingarnar, sem skráðar eru, þó endurspegla nægilega vel (í samandregnu formi) upplýsingarnar sem lagðar eru fyrir lögbæra yfirvaldið í samræmi við 6. og 7. gr. tilskipunar 2001/18/EB með þeim skilyrðum sem tilgreind eru í formála III. viðauka A.

2. hluti gildir um vörur sem eru að hluta eða öllu leyti úr erfðabreyttum háplöntum. Hugtakið „háplöntur“ nær yfir fræplöntur sem skiptast í berfrævinga (Gymnospermae) og dulfrævinga (Angiospermae). 2. hluti skiptist í eftirtalda þætti:

A Almennar upplýsingar

B Upplýsingar um erfðabreyttu plöntuna

C Upplýsingar um tilraunasleppinguna

D Samantekt á hugsanlegum umhverfisáhrifum af sleppingu erfðabreyttu háplantnanna

E Stutt lýsing á ráðstöfunum sem eru gerðar til áhættustýringar

F Samantekt á fyrirhuguðum vettvangsprófunum sem ætlaðar eru til að afla nýrra gagna um áhrif sleppingarinnar á umhverfið og heilbrigði manna.

Í 2. hluta skulu upplýsingarnar, sem skráðar eru, þó endurspegla nægilega vel (í samandregnu formi) upplýsingarnar sem lagðar eru fyrir lögbæra yfirvaldið í samræmi við 6. og 7. gr. tilskipunar 2001/18/EB með þeim skilyrðum sem tilgreind eru í formála III. viðauka B.

1. HLUTI

EYÐUBLAÐ FYRIR SAMANTEKT TILKYNNINGA UM SLEPPINGU ERFÐABREYTTRA LÍFVERA, ANNARRA EN HÁPLANTNA, Í SAMRÆMI VIÐ 11. GR. TILSKIPUNAR 2001/18/EB

A. Almennar upplýsingar

1. *Upplýsingar í tilkynningunni*

a) Tilkynningaraðildarríki	
b) Númer tilkynningar	
c) Dagsetning staðfestingar á móttöku tilkynningar	
d) Heiti verkefnisins	
e) Fyrirhugað sleppingartímabil	

2. *Tilkynnandi*

Heiti stofnunar eða fyrirtækis

3. *Lýsing á eiginleikum erfðabreyttu lífverunnar*

a) Tilgreinið hvort erfðabreytta lífveran er:	veirungur		☐
	RNA-veira		☐
	DNA-veira		☐
	baktería		☐
	sveppur		☐
	dýr		☐
	— spendýr	☐	
	— skordýr	☐	
	— fiskur	☐	
	— annað dýr	☐	tilgreinið fylkingu og flokk
annað, tilgreinið (ríki, fylkingu og flokk)			
b) Auðkenni erfðabreyttu lífverunnar (ættkvísl og tegund)			
c) Erfðafræðilegur stöðugleiki skv. 10. lið í A-lið II. liðar í III. viðauka A.			

4. *Er slepping sömu erfðabreyttu lífverunnar fyrirhuguð annars staðar í Bandalaginu (í samræmi við 1. mgr. 6. gr.) á vegum sama tilkynnanda?*

Já ☐	Nei ☐
Ef svarið er já: færið inn landskóða:	

5. *Hefur verið tilkynnt um sleppingu sömu erfðabreyttu lífverunnar annars staðar í Bandalaginu á vegum sama tilkynnanda?*

Já ☐	Nei ☐
Ef svarið er já: — tilkynningaraðildarríki — númer tilkynningar	

6. *Hefur sama erfðabreytta lífveran verið tilkynnt vegna sleppingar eða setningar á markað utan Bandalagsins á vegum sama eða annars tilkynnanda?*

Já ☐	Nei ☐
Ef svarið er já: — tilkynningaraðildarríki — númer tilkynningar	

7. *Samantekt á hugsanlegum umhverfisáhrifum af sleppingu erfðabreyttu lífveranna*

B. **Upplýsingar um arfþegann eða móðurlífverurnar sem erfðabreytta lífveran er leidd af**

1. *Lýsing á eiginleikum arfþega eða móðurlífveru:*

a) Tilgreinið hvort arfþeginn eða móðurlífveran er:

veirungur	☐	
RNA-veira	☐	
DNA-veira	☐	
baktería	☐	
sveppur	☐	
dýr	☐	
— spendýr	☐	
— skordýr	☐	
— fiskur	☐	
— annað dýr	☐	(tilgreinið fylkingu og flokk)

annað, tilgreinið

2. *Heiti*

i. ættbálkur og/eða stærri flokkunareining (fyrir dýr)
ii. ættkvísl
iii. tegund
iv. undirtegund
v. stofn
vi. sýkigerð (lífmynd, staðbrigði, kyn o.s.frv.)
vii. almennt heiti

3. *Landfræðileg dreifing lífverunnar*

a) Lífvera sem er fyrir í náttúrunni eða hefur á annan hátt náð fótfestu í landinu þar sem tilkynningin er sett fram:

Já ☐ Nei ☐ Ekki vitað ☐

b) Lífvera sem er fyrir í náttúrunni eða hefur á annan hátt náð fótfestu í öðrum EB-löndum:

i. Já ☐

Ef svarið er já: tilgreinið tegund vistkerfisins sem hún finnst í:

vistkerfi við Atlantshaf ☐

vistkerfi við Miðjarðarhaf ☐

norðlæg vistkerfi ☐

fjallavistkerfi ☐

meginlandsvistkerfi ☐

vistkerfi í Makarónesíu ☐

ii. Nei ☐

iii. Ekki vitað ☐

c) Er hún oft notuð í tilkynningarríkinu?

Já ☐ Nei ☐

d) Er hún oft haldin í tilkynningarríkinu?

Já ☐ Nei ☐

4. *Náttúrulegt búsvæði lífverunnar*

a) Ef lífveran er örvera	
vatn	☐
jarðvegur, lifir frjáls	☐
jarðvegur, í tengslum við rótarkerfi plantna	☐
í tengslum við kerfi laufblaða/stöngla	☐
í tengslum við dýr	☐
annað, tilgreinið	
b) Ef lífveran er dýr: náttúrulegt búsvæði eða venjulegt landbúnaðarvistkerfi:	

5. a) Greiningaraðferðir

5. b) Sanngreiningaraðferðir

6. *Er arfþeginn flokkaður samkvæmt gildandi reglum Bandalagsins um vernd heilbrigðis manna og/eða umhverfisins?*

Já ☐	Nei ☐
Ef svarið er já: tilgreinið nánar	

7. *Er arfþeginn skæður sjúkdómsvaldur eða skaðlegur á einhvern annan hátt (þ.m.t. utanfrumuafurðir hans), lifandi eða dauður?*

Já ☐	Nei ☐	Ekki vitað ☐
Ef svarið er já:		
a) fyrir hverjar eftirtalinna lífvera:	menn ☐	
	dýr ☐	
	plöntur ☐	
	aðrar ☐	
b) veitið þær upplýsingar sem máli skipta og tilgreindar eru í d-lið 11. liðar í A-lið II. liðar III. viðauka A við tilskipun 2001/18/EB		

8. *Upplýsingar um æxlun*

a) Kynslóðartími í náttúrulegum vistkerfum:		
b) Kynslóðartími í vistkerfinu þar sem sleppingin verður:		
c) Æxlunarmáti:	Kynæxlun ☐	Kynlaus æxlun ☐
d) Þættir sem hafa áhrif á æxlun:		

9. *Lifunarhæfni*

a) hæfileiki til að mynda þolin lífform eða dvalastig:	
i. dvalagró	☐
ii. þolhjúpuð lífsform	☐
iii. drjólar	☐
iv. kynlaus gró (sveppir)	☐
v. kyngró (sveppir)	☐
vi. egg	☐
vii. púpur	☐
viii. lirfur	☐
ix. annað, tilgreinið	
b) þættir sem hafa þýðingu fyrir lifunarhæfni:	

10. a) Útbreiðsluleiðir

10. b) Þættir sem hafa áhrif á útbreiðslu

11. Fyrri erfðabreytingar á arfþeganum eða móðurlífverunni sem þegar hefur verið tilkynnt til sleppingar í landinu þar sem tilkynningin er sett fram (tilgreinið númer tilkynningar)

C. **Upplýsingar um erfðabreytinguna**

1. *Tegund erfðabreytingar*

i. innskot erfðaefnis	☐
ii. úrfelling erfðaefnis	☐
iii. basaskipti	☐
iv. frumusamruni	☐
v. annað, tilgreinið	

2. *Áætluð niðurstaða erfðabreytingarinnar*

3. a) Hefur genaferja verið notuð við breytinguna?

Já ☐	Nei ☐
Ef svarið er nei: svarið næst 5. spurningu.	

3. b) Ef svarið er já: er genaferjan að öllu leyti eða að hluta fyrir hendi í erfðabreyttu lífverunni?

Já ☐	Nei ☐
Ef svarið er nei: svarið næst 5. spurningu.	

4. *Ef svarið er já: veitið upplýsingar um eftirfarandi:*

a) Tegund genaferju	
plasmíð	☐
bakteríuveira	☐
veira	☐
kosmíð	☐
stökkull	☐
annað, tilgreinið	

b) Auðkenni genaferjunnar
c) Hýsilsvið genaferjunnar
d) Inniheldur genaferjan raðir þannig að velja eða sanngreina megi svipgerð? Já ☐ Nei ☐ þol gegn sýklalyfjum ☐ annað, tilgreinið Upplýsingar um hvaða gen með þol gegn sýklalyfi það er sem skotið er inn
e) Hlutar sem genaferjan er gerð úr
f) Aðferð til að færa genaferjuna inn í arfþegann i. ummyndun ☐ ii. rafgötun ☐ iii. innsetning með stórrennipípu (macroinjection) ☐ iv. innsetning með örrennipípu (microinjection) ☐ v. smitun ☐ vi. önnur, tilgreinið

5. *Ef svarið við spurningunum í liðum 3a og 3b í C-lið er nei: hvaða aðferð var notuð við breytinguna?*

i. ummyndun ☐ ii. innsetning með örrennipípu ☐ iii. notkun örhylkis ☐ iv. innsetning með stórrennipípu ☐ v. önnur, tilgreinið

6. *Samsetning innskotsins*

a) Samsetning innskotsins
b) Uppruni hvers efnishluta innskotsins
c) Fyrirhugað hlutverk hvers efnishluta innskotsins í erfðabreyttu lífverunni

d) Staðsetning innskotsins í hýsillífverunni — á óbundnu plasmíði ☐ — samþætt litningnum ☐ — önnur, tilgreinið
e) Inniheldur innskotið hluta sem hefur óþekkt hlutverk eða sem framleiðir afurð með óþekkta verkun? Já ☐ Nei ☐ Ef svarið er já: tilgreinið nánar

D. **Upplýsingar um lífveru(r) sem innskotið er leitt af**

1. *Tilgreinið hvort lífveran er:*

veirungur	☐	
RNA-veira	☐	
DNA-veira	☐	
baktería	☐	
sveppur	☐	
dýr	☐	
— spendýr	☐	
— skordýr	☐	
— fiskur	☐	
— annað dýr	☐	(tilgreinið fylkingu, flokk)
annað, tilgreinið		

2. *Nákvæmt heiti*

i. ættbálkur og/eða æðri flokkunareining (ef um dýr er að ræða)
ii. ættarheiti (ef um plöntur er að ræða)
iii. ættkvísl
iv. tegund
v. undirtegund
vi. stofn
vii. ræktunarafbrigði/ræktunarlína

viii. sýkigerð
ix. almennt heiti

3. *Er lífveran skæður sjúkdómsvaldur eða skaðleg á einhvern annan hátt (þ.m.t. utanfrumuafurðir hennar), lifandi eða dauð?*

Já ☐	Nei ☐	Ekki vitað ☐
Ef svarið er já: tilgreinið eftirfarandi a) fyrir hverjar eftirtalinna lífvera? menn ☐ dýr ☐ plöntur ☐ aðrar ☐		
b) eru gjafaraðirnar á einhvern hátt tengdar sjúkdómsvaldandi eða skaðlegum eiginleikum lífverunnar? Já ☐ Nei ☐ Ekki vitað ☐		
Ef svarið er já: veitið þær upplýsingar sem skipta máli og eru tilgreindar í d-lið 11. liðar í A-lið II. liðar III. viðauka A:		

4 *Er arfgjafinn flokkaður samkvæmt gildandi reglum Bandalagsins um vernd heilbrigðis manna og umhverfisins, s.s. tilskipun 90/679/EBE um verndun starfsmanna gegn áhættu vegna líffræðilegra áhrifavalda á vinnustöðum?*

Já ☐	Nei ☐
Ef svarið er já: tilgreinið nánar	

5. Skiptast arfgjafinn og arfþeginn á erfðaefni í náttúrunni?

Já ☐	Nei ☐	Ekki vitað ☐

E. Upplýsingar um erfðabreyttu lífveruna

1. *Erfðaeinkenni og svipfarseiginleikar arfþegans eða móðurlífverunnar sem hafa tekið breytingum vegna erfðabreytingarinnar*

a) Er erfðabreytta lífveran frábrugðin arfþeganum að því er varðar lifunarhæfni? Já ☐ Nei ☐ Ekki vitað ☐ Tilgreinið
b) Er erfðabreytta lífveran á einhvern hátt frábrugðin arfþeganum að því er varðar æxlunarmáta og/eða tíðni æxlunar? Já ☐ Nei ☐ Ekki vitað ☐ Tilgreinið

c)	Er erfðabreytta lífveran á einhvern hátt frábrugðin arfþeganum að því er varðar *útbreiðslu?* Já ☐ Nei ☐ Ekki vitað ☐ Tilgreinið
d)	Er erfðabreytta lífveran á einhvern hátt frábrugðin arfþeganum að því er varðar *smithæfni?* Já ☐ Nei ☐ Ekki vitað ☐ Tilgreinið

2. *Erfðafræðilegur stöðugleiki erfðabreyttu lífverunnar*

3. *Er erfðabreytta lífveran skæður sjúkdómsvaldur eða skaðleg á einhvern hátt (þ.m.t. utanfrumuafurðir hennar), lifandi eða dauð?*

Já ☐		Nei ☐	Ekki vitað ☐
a)	fyrir hverjar eftirtalinna lífvera?	menn	☐
		dýr	☐
		plöntur	☐
		aðrar	☐
b)	veitið þær upplýsingar, sem skipta máli og eru tilgreindar skv. d-lið 11. liðar í A-lið og i-lið 2. liðar í C-lið II. liðar III. viðauka A		

4. *Lýsing á greiningar- og sanngreiningaraðferðum*

a)	Aðferðir sem eru notaðar til að greina erfðabreyttu lífveruna í umhverfinu
b)	Aðferðir sem eru notaðar til að sanngreina erfðabreyttu lífveruna

F. **Upplýsingar um sleppinguna**

1. *Tilgangurinn með sleppingunni (þ.m.t. hvers kyns veruleg, jákvæð áhrif á umhverfið sem gera má ráð fyrir)*

2. *Er sleppingarstaðurinn frábrugðinn náttúrulega búsvæðinu eða vistkerfinu þar sem arfþeginn eða móðurlífveran eru alla jafna notuð eða haldin eða þar sem þau finnast?*

Já ☐	Nei ☐
Ef svarið er já: tilgreinið nánar	

3. *Upplýsingar um sleppinguna og næsta umhverfi*

a) Landfræðileg staðsetning (stjórnsýslusvæði og, eftir því sem við á, reitahnit):
b) Stærð svæðisins (m^2): i. raunverulegur sleppingarstaður (m^2): ii. svæðið sem sleppingin tekur til (m^2):
c) Nálægð við alþjóðlega viðurkenndar lífvistir eða vernduð svæði (þ.á m. drykkjarvatnsból) sem gætu orðið fyrir áhrifum:
d) Jurta- og dýralíf, þ.m.t. nytjaplöntur, búfénaður og fartegundir dýra, sem getur haft víxlverkandi áhrif á erfðabreyttu lífveruna

4 *Aðferð við sleppingu og umfang hennar*

a) Fjöldi (magn) erfðabreyttra lífvera sem ráðgert er að sleppa:
b) Lengd þess tíma sem aðgerðin varir:
c) Aðferðir og tilhögun sem miðar að því að forðast og/eða draga sem mest úr útbreiðslu erfðabreyttu lífveranna út fyrir sleppingarstaðinn

5 *Stutt lýsing á umhverfisskilyrðum eins og þau eru að meðaltali (veðri, hitastigi o.s.frv.)*

6 *Gögn sem skipta máli varðandi fyrri sleppingar sömu erfðabreyttu lífverunnar, ef við á, einkum að því er varðar hugsanleg áhrif sleppingarinnar á umhverfið og heilbrigði manna*

G. **Víxlverkanir erfðabreyttu örverunnar og umhverfisins og hugsanleg áhrif á umhverfið, séu þau verulega frábrugðin víxlverkunum og áhrifum arfþegans eða móðurlífverunnar**

1 *Heiti marklífvera (ef við á)*

i. ættbálkur og/eða æðri flokkunareining (ef um dýr er að ræða)
ii. ættarheiti (ef um plöntur er að ræða)
iii. ættkvísl
iv. tegund
v. undirtegund
vi. stofn
vii. ræktunarafbrigði/ræktunarlína
viii. sýkigerð
ix. almennt heiti

2 *Væntanlegt gangvirki og niðurstöður víxlverkana milli erfðabreyttu lífveranna, sem sleppt hefur verið, og marklífverunnar (ef við á)*

3 *Aðrar víxlverkanir, sem hugsanlega skipta máli, við aðrar lífverur í umhverfinu*

4 *Er líklegt að val, s.s. bætt samkeppnishæfni eða aukin ífærð, eigi sér stað að því er erfðabreyttu lífveruna varðar eftir sleppingu?*

Já ☐	Nei ☐	Ekki vitað ☐
Veitið nákvæmar upplýsingar		

5 *Tegundir vistkerfa sem erfðabreytta lífveran gæti borist í frá sleppingarstaðnum og tekið sér bólfestu í*

6 *Nákvæmt heiti lífvera utan markhóps sem (að teknu tilliti til eðlis viðtökuumhverfisins) kann að verða fyrir verulegum óviljandi skaða af völdum sleppingar erfðabreyttu lífverunnar*

i. ættbálkur og/eða æðri flokkunareining (ef um dýr er að ræða)
ii. ættarheiti (ef um plöntur er að ræða)
iii. ættkvísl
iv. tegund
v. undirtegund
vi. stofn
vii. ræktunarafbrigði/ræktunarlína
viii. sýkigerð
ix. almennt heiti

7 *Líkur á skiptum á erfðaefni í lífi (in vivo)*

a) úr erfðabreyttu lífverunni og yfir í aðrar lífverur í vistkerfinu þar sem sleppingin á sér stað:
b) úr öðrum lífverum og yfir í erfðabreyttu lífveruna:
c) líklegar afleiðingar genaflutnings:

8 *Tilgreinið tilvísanir í viðeigandi niðurstöður (ef við á) úr rannsóknum á atferli og eiginleikum erfðabreyttu lífverunnar og vistfræðilegum áhrifum af völdum hennar sem gerðar hafa verið í líkani af náttúrulegu umhverfi (t.d. örheimi o.s.frv.):*

9 *Hugsanlegar víxlverkanir við lífjarðefnafræðileg ferli, sem hafa þýðingu fyrir umhverfið (séu þær aðrar en arfþegans eða móðurlífverunnar)*

H. **Upplýsingar um vöktun**

1. *Aðferðir við vöktun erfðabreyttu lífveranna*

2. *Aðferðir til að vakta áhrif á vistkerfi*

3. *Aðferðir við að greina flutning innsetta erfðaefnisins úr erfðabreyttu lífverunni yfir í aðrar lífverur*

4 *Stærð vöktunarsvæðisins (m^2)*

5 *Lengd þess tíma sem vöktunin varir*

6 *Tíðni vöktunar*

I. **Upplýsingar um ráðstafanir eftir sleppingu og meðhöndlun úrgangs**

1 *Meðhöndlun vettvangs eftir sleppingu*

2 *Meðhöndlun erfðabreyttu örveranna eftir sleppingu*

3. a) Tegund og magn úrgangs sem verður til

3. b) Meðhöndlun úrgangs

I. **Upplýsingar um áætlanir um viðbúnað í neyðartilvikum**

1 *Aðferðir og tilhögun við að hefta útbreiðslu erfðabreyttu lífveranna ef þær breiðast óvænt út*

2 *Aðferðir við að fjarlægja erfðabreyttu lífverurnar af svæðum sem hugsanlega hafa orðið fyrir áhrifum*

3 *Aðferðir við förgun eða hreinsun jurta, dýra, jarðvegs o.s.frv. sem kunna að verða fyrir mengun meðan útbreiðslan á sér stað eða eftir hana*

4 *Áætlanir um að vernda heilbrigði manna og umhverfið ef óæskileg áhrif koma fram*

2. HLUTI

EYÐUBLAÐ UM SAMANTEKT TILKYNNINGA UM SLEPPINGU ERFÐABREYTTRA HÁPLANTNA

(DULFRÆVINGAR OG BERFRÆVINGAR)

A. Almennar upplýsingar

1. *Upplýsingar í tilkynningunni*

a) Númer tilkynningar
b) Dagsetning staðfestingar á móttöku tilkynningar
c) Heiti verkefnisins
d) Fyrirhugað sleppingartímabil

2. *Tilkynnandi*

a) Heiti stofnunar eða fyrirtækis

3. *Er slepping á sömu erfðabreyttu háplöntunni fyrirhuguð annars staðar, innan eða utan Bandalagsins [í samræmi við 1. mgr. 6. gr.], á vegum sama tilkynnanda?*

Já ☐	Nei ☐
Ef svarið er já: færið inn landskóða:	

4. *Hefur verið tilkynnt um sleppingu sömu erfðabreyttu háplöntunnar annars staðar, innan eða utan Bandalagsins, á vegum sama tilkynnanda?*

Já ☐	Nei ☐
Ef svarið er já: númer tilkynningar:	

B. Upplýsingar um erfðabreyttu plöntuna

1. *Auðkenni arfþegans eða móðurlífverunnar*

a) Ættarheiti
b) Ættkvísl
c) Tegund
d) Undirtegund (ef við á)
e) Ræktunarafbrigði/ræktunarlína (ef við á)
f) Almennt heiti

2. *Lýsing á einkennum og eiginleikum sem hafa bæst við eða breyst, þ.m.t. merkigen og fyrri breytingar*

3. *Tegund erfðabreytingar*

a) Innskot erfðaefnis
b) Úrfelling erfðaefnis
c) Basaskipti
d) Frumusamruni
c) Önnur, tilgreinið

4. *Veitið upplýsingar, ef um er að ræða innskot erfðaefnis, um uppruna og ætlaða starfsemi hvers efnishluta á því svæði sem til stendur að skjóta inn*

5. *Veitið upplýsingar, ef um er að ræða úrfellingu eða aðra breytingu á erfðaefni, um starfsemi raðanna sem felldar hafa verið brott eða þeirra sem hefur verið breytt*

6. *Stutt lýsing á þeirri aðferð sem notuð er við erfðabreytinguna*

7. *Lýsið útbreiðsluleiðum og umfangi útbreiðslunnar ef arfþeginn eða móðurlífveran er skógartrjátegund og sértækum þáttum sem hafa áhrif á útbreiðsluna*

C. Upplýsingar um tilraunasleppinguna

1. *Tilgangur sleppingarinnar (þ.m.t. hvers kyns upplýsingar sem skipta máli og liggja fyrir á þessu stigi), s.s. búvísindalegur tilgangur, prófun á kynblöndun, breytt lifunarhæfni eða útbreiðsla, prófun á áhrifum á marklífverur eða lífverur utan markhóps*

2. *Landfræðileg staðsetning sleppingarstaðarins*

3. *Stærð svæðisins (m^2)*

4. *Gögn sem skipta máli varðandi fyrri sleppingar sömu erfðabreyttu plöntunnar, hafi þær átt sér stað, einkum að því er varðar hugsanleg áhrif sleppingarinnar á umhverfið og heilbrigði manna*

D. **Samantekt á hugsanlegum umhverfisáhrifum af sleppingu erfðabreyttu háplantnanna í samræmi við lið D.2 í II. viðauka við tilskipun 2001/18/EB**

Tilgreinið sérstaklega ef eiginleikarnir, sem bæst hafa við, geta beint eða óbeint stuðlað að auknum, valtengdum ávinningi í náttúrulegu umhverfi; útskýrið einnig hvers kyns jákvæð áhrif á umhverfið, sem skipta máli og búist er við

E. **Stutt lýsing á hvers kyns ráðstöfunum sem tilkynnandi hefur gert til að hafa stjórn á áhættu, þ.m.t. einangrun sem er ætlað að takmarka dreifingu, t.d. vegna vöktunar og vöktunar að lokinni uppskeru**

F. **Samantekt á fyrirhuguðum vettvangstilraunum sem ætlaðar eru til að afla nýrra gagna um áhrif sleppingarinnar á umhverfið og heilbrigði manna (eftir því sem við á)**

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2013/EES/4/07**

frá 29. september 2003

um eyðublað, samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB, fyrir niðurstöður er varða sleppingu erfðabreyttra háplantna út í umhverfið í öðrum tilgangi en að setja þær á markað (*)

(2003/701/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB frá 12. mars 2001 um sleppingu erfðabreyttra lífvera út í umhverfið og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 90/220/EBE ([1]), einkum öðrum málslið 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Að því er varðar sleppingu erfðabreyttra örvera í öðrum tilgangi en að setja þær á markað er sú krafa sett fram í 10. gr. tilskipunar 2001/18/EB að tilkynnandi slíkrar sleppingar sendi lögbæru yfirvaldi, að lokinni sleppingu og svo oft þaðan í frá sem mælt er fyrir um í samþykkinu, á grundvelli niðurstaðna úr mati á umhverfisáhættu, niðurstöður er varða sleppinguna með tilliti til hvers kyns áhættu fyrir heilbrigði manna eða umhverfið og, eftir því sem við á, með sérstakri tilvísun til hvers kyns vöru sem tilkynnandinn hyggst tilkynna um síðar.

2) Flestar erfðabreyttar örverur, sem sleppt hefur verið í Bandalaginu fram til þessa samkvæmt B-hluta tilskipunar 2001/18/EB, eru erfðabreyttar háplöntur. Því er nauðsynlegt, að því er varðar þessar plöntur, að setja fram það eyðublað sem tilkynnandinn skal nota þegar hann leggur niðurstöður er varða sleppinguna fyrir lögbæra yfirvaldið. Eyðublaðið skal tryggja að unnt sé að skiptast í sem ríkustum mæli á þeim upplýsingum sem skipta máli og á staðlaðan og auðskiljanlegan hátt. Eyðublaðið skal vera eins almennt og unnt er þannig að ein skýrsla geti, eftir því sem við á, verið fyrir marga staði, sleppingu margra ára eða sleppingu margra erfðabreyttra lífvera.

3) Þar eð erfðatækni einskorðast ekki við háplöntur verður nauðsynlegt að setja fram eyðublöð fyrir aðrar tegundir erfðabreyttra lífvera, s.s. erfðabreytt dýr (m.a. erfðabreytt skordýr), dýralyf og lyf (sem innihalda erfðabreyttar lífverur eða eru gerð úr þeim) eða erfðabreyttar plöntur sem nota má til að framleiða úr lyfjavörur. Frekari þróun getur einnig kallað á aðlögun á þeim skýrslueyðublöðum sem hafa þegar verið sett fram.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 30. gr. tilskipunar 2001/18/EB.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Tilkynnandinn skal nota eyðublaðið, sem birt er í viðaukanum við þessa tilskipun, hér á eftir nefnt „skýrslueyðublaðið“ til þess að leggja fyrir lögbært yfirvald niðurstöður úr sleppingu erfðabreyttra háplantna út í umhverfið skv. 10. gr. tilskipunar 2001/18/EB.

2. gr.

Skýrslueyðublað skal aðeins varða eitt samþykki sem lögbæra yfirvaldið hefur gefið út og skal auðkennt með einu tilkynningarnúmeri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 254, 8.10.2003, bls. 21. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 127/2007 frá 28. september 2007 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 9, 21.2.2008, bls. 44.

([1]) Stjtíð. EB L 106, 17.4.2001, bls. 1.

3. gr.

1. Tilkynnandi skal leggja fram lokaskýrslu fyrir hvert tilkynningarnúmer og einnig skal leggja fram lokaskýrslu og áfangaskýrslu, eina eða fleiri, um vöktun eftir sleppingu, eftir því sem við á. Báðar skýrslurnar skulu gerðar í samræmi við skýrslueyðublaðið.

2. Lokaskýrslan skal lögð fram eftir síðustu uppskeru erfðabreyttu háplantnanna. Ef ekki er krafist vöktunar eftir sleppingu í tengslum við tilkynningu er engin frekari skýrslugjöf nauðsynleg.

3. Lokaskýrsla um vöktun eftir sleppingu skal lögð fram að lokinni þeirri vöktun. Lögbæra yfirvaldið skal, eftir því sem við á, taka fram í samþykkinu hve lengi vöktun eftir sleppingu skuli vara og tilgreina tímaáætlun um skil áfangaskýrslnanna um vöktun eftir sleppingu.

4. Lögbært yfirvald skal hvetja tilkynnendur til að leggja fram skýrsluna á rafrænu formi.

4. gr.

Lögbært yfirvald getur krafist viðbótarupplýsinga frá tilkynnandanum, einkum í formi færslubókar eða bráðabirgðaskýrslna sem leggja skal fram meðan á rannsóknaráætluninni stendur og áður en sleppingu er lokið.

5. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 29. september 2003.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Margot WALLSTRÖM

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

EYÐUBLAÐ FYRIR NIÐURSTÖÐUR ER VARÐA SLEPPINGU ERFÐABREYTTRA HÁPLANTNA ÚT Í UMHVERFIÐ Í SAMRÆMI VIÐ 10. GR. TILSKIPUNAR 2001/18/EB

KENNIMERKI FYRIRTÆKISINS EÐA RANNSÓKNARSTOFNUNARINNAR (VALKVÆTT)

Tilkynnandinn skal fylla út skýrslueyðublaðið.

Tilkynnandinn skal fylla út skýrsluna samkvæmt tillögðu eyðublaði (merkja við í reiti og/eða tilgreina, eftir því sem unnt er, sérstök lykilorð til að nota i textareitum).

Tilkynnandinn skal skýra gögnin í skýrslunni, eftir því sem unnt er, með teikningum, myndum og töflum. Einnig má leggja fram tölfræðileg gögn þar sem við á.

Ef um er að ræða marga staði, margar erfðaummyndanir (multi-events) og/eða sleppingu eða sleppingar margra ára skal tilkynnandinn leggja fram almennt yfirlit yfir ráðstafanirnar sem hafa verið gerðar og áhrifin sem verður vart svo lengi sem samþykkið gildir.

Ekki er samsvörun milli lengdar bilsins á eftir hverjum lið og þess hversu ítarlegra upplýsinga er krafist í þessari skýrslu.

1. ***Almennar upplýsingar***

1.1. **Evrópskt tilkynningarnúmer: B/XX/YY/ZZ**

1.2. **Tilkynningaraðildarríki:** .....

1.3. **Dagsetning og númer samþykkis:** .....

2. ***Staða skýrslu***

2.1. **Vinsamlegast tilgreinið hvort þessi skýrsla er, samkvæmt 3. gr. þessarar ákvörðunar:**

— lokaskýrsla

— skýrsla um vöktun eftir sleppingu

— ○ lokaskýrsla ○ áfangaskýrsla

3. ***Lýsing á sleppingunni***

3.1. **Vísindaheiti arfþegans:** .....

3.2. **Erfðaummyndanir (transformation events) (upphafsstafaorð) eða genaferjur ([1]) sem notaðar eru (ef auðkenni erfðaummyndunar liggur ekki fyrir)**

3.3. **Sértákn, ef fyrir liggur:** .....

3.4. **Vinsamlegast veitið upplýsingar um eftirfarandi atriði og tilgreinið skipulag svæðisins eða svæðanna:**

Landfræðileg staðsetning (stjórnsýslusvæði og, eftir því sem við á, reitahnit)	Stærð sleppingarsvæðis eða –svæða ([1]) (m^2)	Auðkenni ([1]) og áætlaður fjöldi erfðabreyttra háplantna sem sleppt er fyrir hverja erfðaummyndun (fjöldi fræja/plantna á m^2)	Lengd þess tíma sem slepping varir (frá...*(dagur/mánuður/ár)*.... .til.....*(dagur/mánuður/ár)*)

([1]) Tilgreinið stærð svæðisins þar sem erfðabreyttu háplöntunum er sleppt og, eftir því sem við á, stærð svæðisins þar sem þær er ekki að finna (t.d. jaðarsvæði þar sem þær er ekki að finna).

([2]) Genaferjur sem notaðar eru.

([1]) Þegar um er að ræða minni háttar tilraunir á vettvangi þar sem unnt er að prófa ýmsar línur skal tilgreina genaferjurnar, enda veita þær innsýn í þá eiginleika og/eða erfðaefni sem hafa bæst við. Þegar um er að ræða umfangsmiklar tilraunir takmarkast fjöldi tilkynntra erfðaummyndana við eina eða fáeinar erfðaummyndanir.

4. ***Hvers kyns vara sem tilkynnandinn hyggst tilkynna um síðar***

4.1. **Hyggst tilkynnandinn tilkynna slepptu erfðaummyndanirnar sem vörur sem síðar verða settar á markað samkvæmt löggjöf Bandalagsins?**

☐ Já ☐ Nei ☐ Ekki vitað enn

Ef svarið er já: tilgreinið tilkynningarlandið/-löndin: .....

Ef svarið er já: tilgreinið þá notkun sem um er að ræða:

— Innflutningur

— Ræktun (t.d. framleiðsla á fræi/plöntunarefni)

— Matvæli

— Fóður

— Lyfjafræðileg notkun (eða vinnsla fyrir lyfjafræðilega notkun)

— Vinnsla m.t.t.

  — notkunar í matvælum

  — notkunar í fóðri

  — notkunar í iðnaði

— Annað (tilgreinið):

5. ***Tegund(ir) sleppinga(r)***

Vinsamlegast veljið aðaltegund(ir) (í reitum) og undirtegund(ir) sleppinga(r). Ef um er að ræða marga staði, margar ummyndanir og/eða sleppingu eða sleppingar margra ára vinsamlegast leggið fram almennt yfirlit um tegund(ir) sleppinga(r) sem átt hefur/hafa sér stað meðan samþykkið hefur verið í gildi. Vinsamlegast merkið við viðeigandi tegund(ir):

5.1. **Slepping(ar) í rannsóknarskyni** ☐

5.2. **Slepping(ar) í þróunarskyni** ☐

— Skimun fyrir erfðaummyndun

— Staðfesting á verkun ([2])

— Búvísindalegir þættir (t.d. virkni/valvísi plöntuvarnarefnisins, afrakstursgeta, spírunarhæfni, það hversu vel plönturnar festa sig í sessi, þróttur plantnanna, hæð plantnanna, næmi fyrir veðurfarslegum þáttum/sjúkdómum o.s.frv.) (tilgreinið nánar)

— Breyttir búvísindalegir eiginleikar (t.d. þol gegn sjúkdómum/meindýrum/þurrkum/frosti o.s.frv.) (tilgreinið nánar)

— Breyttir eigindlegir eiginleikar (aukið geymsluþol, aukið næringargildi, breytt samsetning o.s.frv.) (tilgreinið nánar)

— Stöðugleiki tjáningarinnar

— Fjölgun lína

— Rannsókn á blendingsþrótti

— Sameindaræktun (molecular farming) ([3])

— Hreinsun með plöntum

— Aðrar ..... (lýsið nánar) .....

5.3. **Opinberar prófanir** ☐

— Skráning yrkja í landsskrá yfir yrki

  — Aðgreinanleiki, einsleitni og stöðugleiki

  — Ræktunar- og notagildi)

— Aðrar: (tilgreinið nánar) .....

([2]) Til dæmis prófun á nýja eiginleikanum við umhverfisaðstæður.

([3]) *„Sameindaræktun“* merkir framleiðslu efna (t.d. prótína eða lyfja) fyrir tilstilli plantna sem hefur verið erfðabreytt m.t.t. sérstaks eiginleika. *„Sameindaræktun"* má skilgreina á sama hátt og framleiðslu lyfja sem plöntur efnasmiða, framleiðslu lyfja sem eru unnin úr plöntum, framleiðslu prótína sem eru að stofni til úr plöntum o.s.frv.

5.4. **Leyfi fyrir illgresiseyði** ☐

5.5. **Slepping(ar) í staðfestingarskyni** ☐

5.6. **Fjölgun fræs** ☐

5.7. **Slepping(ar) í þágu rannsókna vegna lífverndar/áhættumats** ☐

— Rannsóknir á lóðréttum genaflutningi

  — Útæxlun með hefðbundnum tegundum nytjaplantna

  — Útæxlun með villtum, skyldum tegundum

— Rannsóknir á láréttum genaflutningi (genaflutningi til örvera)

— Meðhöndlun liðhlaupa

— Hugsanlegar breytingar á þráfestu eða dreifingu

— Hugsanleg ífærð

— Hugsanleg áhrif á marklífverur

— Hugsanleg áhrif á lífverur utan markhóps

— Athugun á þolnum, skyldum tegundum

— Athugun á þolnum skordýrum

— Annað: (lýsið nánar) .....

5.8. **Aðrar tegundir sleppinga:** ☐

(lýsið nánar) .....

6. ***Aðferð(ir), niðurstöður er varða sleppinguna, ráðstafanir til stjórnunar og vöktunar að því er varðar hvers kyns áhættu fyrir heilbrigði manna eða umhverfið***

6.1. **Ráðstafanir við áhættustjórnun**

Vinsamlegast tilgreinið ráðstafanir við áhættustjórnun sem gerðar hafa verið til að forðast eða lágmarka útbreiðslu erfðabreyttu lífverunnar eða lífveranna utan sleppingarstaða(r), einkum þær ráðstafanir

— sem ekki voru tilgreindar í umsókninni á sínum tíma,

— sem voru gerðar til viðbótar skilyrðunum í samþykkinu,

— sem einungis var krafist í samþykkinu við tilteknar aðstæður (t.d. í þurrkum eða flóðum),

— þar sem tilkynnandanum var, samkvæmt samþykkinu, heimilt að velja milli mismunandi ráðstafana.

Merkið við þar sem við á:

6.1.1. *Áður en sáð er/plantað:*

— Skýr merking framleiðslulotna erfðabreytta fræsins/plöntunarefnisins (aðgreint frá öðru fræi/öðrum hnýðum o.s.frv.) (lýsið nánar)

— Aðgreining við meðhöndlun og flutning fræsins/plöntunarefnisins (lýsið aðferðinni; gefið dæmi um afmörkun til að koma í veg fyrir að eitthvað fari til spillis við meðhöndlun og flutning)

— Förgun umframfræs/-plöntunarefnis (lýsið aðferðinni)

— Tímabundin einangrun (tilgreinið nánar)

— Sáðskipti (tilgreinið fyrri nytjaplöntu(r))

— Annað: (tilgreinið nánar) .....

6.1.2. Við sáninguna/plöntunina:

— Aðferð við sáningu/plöntun

— Tæming og hreinsun sáningar-/plöntunarvéla á sleppingarsvæðinu

— Aðgreining við sáningu/plöntun (gefið dæmi um afmörkun til að koma í veg fyrir að eitthvað fari til spillis við sáningu/plöntun)

— Annað: (tilgreinið nánar) .....

6.1.3. *Meðan sleppingartímabilið varir:*

— Einangrunarfjarlægð (x metrar)

  — frá plöntutegundum sem geta kynblandast þeim og eru til sölu,

  — frá villtum, skyldum tegundum sem geta kynblandast þeim.

— Jaðarröð eða jaðarraðir (með sömu nytjaplöntu eða annarri nytjaplöntu, með nytjaplöntu sem ekki er genskeytt, x metrar o.s.frv.)

— Búr/net/girðing/skilti (tilgreinið nánar)

— Frjókornagildra (tilgreinið nánar)

— Fjarlæging á blómskipun erfðabreyttra plantna fyrir blómgun (tilgreinið hversu oft hún er fjarlægð)

— Fjarlæging njólaðra plantna/skyldra tegunda/blendingsmaka (hybrid partner) (tilgreinið hversu oft fjarlægt er, x metra umhverfis akurinn með erfðabreyttu plöntunum o.s.frv.)

— Annað: (tilgreinið nánar): .....

6.1.4. *Við lok sleppingar:*

— Uppskeru- eða förgunaraðferðir (á nytjaplöntu eða hluta hennar)/aðrar aðferðir (t.d. sýnataka og greining sykurrófumauks) (lýsið nánar)

— Uppskera/förgun fyrir fræþroska

— Skilvirk fjarlæging plöntuhluta

— Aðgreind geymsla og flutningur á nytjaplötum/úrgangi (tilgreinið dæmi um afmörkun til að koma í veg fyrir að fræ/nytjaplöntur/úrgangur, sem safnað hefur verið, fari til spillis)

— Hreinsun véla á sleppingarstaðnum

— Ákvörðunarstaður úrgangsins, meðhöndlun úrgangs/umframuppskeru/plöntuleifa (lýsið nánar)

— Meðhöndlun eftir uppskeru og ræktunarráðstafanir á sleppingarstaðnum (lýsið aðferðinni eða aðferðunum sem eru notaðar til að undirbúa sleppingarstaðinn og hafa umsjón með honum við lok sleppingar, þ.m.t. ræktunaraðferðir)

— Annað: (lýsið nánar): .....

6.1.5. *Ráðstafanir eftir söfnun*

Vinsamlegast tilgreinið hvaða ráðstafanir voru gerðar á sleppingarstaðnum eftir uppskeru:

Tíðni heimsókna (meðaltal): .....

— Nytjaplöntur í síðari ræktun (tilgreinið nánar)

— Skiptiræktun (tilgreinið nánar)

— Hvíldarland/engin ræktun (tilgreinið nánar)

— Vinnsla yfirborðsjarðvegs/engin djúpplæging

— Falskir sáðreitir (false-sowing beds)

— Varnir gegn liðhlaupum (tilgreinið hlé milli aðgerða og tímalengd)

— Viðeigandi efnameðhöndlun (tilgreinið nánar)

— Viðeigandi jarðvegsmeðhöndlun (tilgreinið nánar)

— Annað (tilgreinið nánar)

6.1.6. *Aðrar ráðstafanir (lýsið nánar)*

6.1.7. *Neyðaráætlanir*

Tilgreinið:

a) hvort sleppingin fór fram eins og ráðgert var:

  — Já

  — Nei (tilgreinið ástæðuna, t.d. skemmdarverk, veðurfarsskilyrði o.s.frv.):

b) hvort grípa þurfti til ráðstafana samkvæmt neyðaráætlunum (vi. liður a-liðar í 2. mgr. 6. gr. og viðauki III B við tilskipun 2001/18/EB).

  — Nei

  — Já (lýsið nánar): .....

6.2. **Vöktunarráðstafanir eftir sleppingu**

Þar eð unnt er að nota skýrslueyðublaðið bæði fyrir lokaskýrslur og vöktunarskýrslur eftir sleppingu er tilkynnandi beðinn um að greina skýrt á milli þessara tveggja skýrslutegunda hér í lið 6.2. Vinsamlegast tilgreinið hvort:

— **vöktunaráætlun eftir sleppingu verði hrundið í framkvæmd** (eftir síðustu uppskeru erfðabreyttu háplantnanna, sé um að ræða lokaskýrslu),

— **vöktunaráætlun eftir sleppingu sé í gangi** (sé um að ræða áfangaskýrslu um vöktun eftir sleppingu),

— **vöktunaráætlun eftir sleppingu sé lokið** (sé um að ræða lokaskýrslu um vöktun eftir sleppingu),

— **ekki þurfi að fylgja vöktunaráætlun eftir sleppingu.**

Niðurstöður úr vöktuninni eiga að staðfesta eða ógilda fyrri forsendur í áhættumatinu.

Vinsamlegast tilgreinið, samkvæmt framangreindum atriðum, hvaða vöktunarráðstafanir verða gerðar, hafa verið gerðar eða standa yfir og þá hvar (á sleppingarstað/nálægt sleppingarstað (t.d. á jöðrum svæðanna)). Vinsamlegast hafið í huga að tilgreina skal allar vöktunarráðstafanir eftir sleppingu sem gerðar eru á öllu tímabilinu eftir sleppinguna.

Tilgreinið:

— vöktunarráðstafanir á staðnum:

  lengd:

  tíðni heimsókna (meðaltal):

  — athugun á þolnum, skyldum tegundum

  — athugun á þolnum skordýrum

  — varnir gegn liðhlaupum (tilgreinið hlé milli aðgerða og tímalengd)

  — vöktun á genastreymi (tilgreinið nánar)

  — viðeigandi efnameðhöndlun og/eða jarðvegsmeðhöndlun

  — annað (tilgreinið nánar)

— vöktunarráðstafanir á aðliggjandi svæðum

  lengd:

  tíðni heimsókna (meðaltal):

  vöktunarsvæði:

  — athugun á þolnum, skyldum tegundum

  — athugun á þolnum skordýrum

  — varnir gegn liðhlaupum og/eða vöktun á villingsstofnum (feral populations) (tilgreinið hlé milli aðgerða og tímalengd)

  — vöktun á genastreymi (tilgreinið nánar)

  — viðeigandi efnameðhöndlun og/eða jarðvegsmeðhöndlun

  — annað (tilgreinið nánar)

6.3. **Áætlun um athuganir/aðferðir**

Í þessum lið þarf að tilgreina áætlun um athuganir og nefna til aðferðirnar sem notaðar eru við öflun gagna um áhrifin sem skylt er að tilkynna samkvæmt næsta lið (lið 6.4). Allar breytingar á áætluninni eins og lagt er til að hún verði í umsókninni og B-hluta sniðs samantektarskýrslu um tilkynningu (SNIF) ([4]) skulu tilgreindar nákvæmlega.

Frá tilkynningardegi og fram að framlagningu lokaskýrslu er hugsanlegt að ný, vísindaleg sýn fáist eða nýjar aðferðir komi til sem breyti aðferðunum sem beitt er. Það er fyrst og fremst í þessum lið sem tilgreina skal slíkar breytingar.

6.4. **Áhrif sem koma fram**

6.4.1. *Til skýringar*

Greina skal frá öllum niðurstöðum er varða sleppinguna eða sleppingarnar m.t.t. áhættu fyrir heilbrigði manna eða umhverfið, án tillits til þess hvort niðurstöðurnar bendi til þess að áhætta aukist, minnki eða sé óbreytt.

Meginmarkmiðið með upplýsingunum, sem veittar eru í þessum lið, er að:

— staðfesta eða ógilda allar forsendur að því er varðar tilvist og afleiðingar hugsanlegra áhrifa af völdum erfðabreyttu lífverunnar eða lífveranna sem greindar voru í matinu á umhverfisáhættu,

— greina áhrif erfðabreyttu lífverunnar eða lífveranna sem ekki var vænst í matinu á umhverfisáhættu.

([4]) Snið samantektarskýrslu um tilkynningu (SNIF).

Áhrif/víxlverkanir sem koma til vegna erfðabreyttu lífverunnar eða lífveranna,

— að því er varðar hvers kyns áhættu fyrir heilbrigði manna,

— að því er varðar hvers kyns áhættu fyrir umhverfið,

skulu tilgreind í þessum lið.

Sérstakur gaumur skal gefinn óvæntum og ótilætluðum áhrifum.

Upplýsingar um áhrif, sem tilkynnandinn kann að þurfa að gera grein fyrir, eru veittar hér á eftir. Áhrifin þarf vitaskuld að skoða í ljósi viðkomandi nytjaplöntu, nýja eiginleikans og viðtökuumhverfisins, svo og niðurstaðna úr mati á umhverfisáhættu sem fer fram í hverju tilviki fyrir sig.

Til að koma skipulagi á upplýsingarnar og auðvelda árangursríka leit í þeim skal tilkynnandinn nota, svo sem framast er kostur, sérstök lykilorð til að setja inn í textareitina í 6. lið, einkum í liðum 6.4.2, 6.4.3 og 6.4.4. Nýjasta uppfærsla skrárinnar yfir þessi sérstöku lykilorð finnst á Netinu á slóðinni http://gmoinfo.jrc.it.

6.4.2. *Áhrif sem vænta má*

Þessi liður snertir „áhrif sem vænta má“, það er að segja hugsanleg áhrif sem voru greind í matinu á umhverfisáhættu sem fylgdi tilkynningunni og mátti því búast við.

Tilkynnendur skulu leggja fram gögn er varða sleppinguna eða sleppingarnar sem staðfesta forsendurnar í matinu á umhverfisáhættu.

6.4.3. *Óvænt áhrif ([5])*

„Óvænt áhrif“ vísa til áhrifa á heilbrigði manna eða umhverfið **sem voru hvorki fyrirsjáanleg né greind í matinu á umhverfisáhættu** sem fylgdi tilkynningunni. Í þessum hluta skýrslunnar skulu vera allar upplýsingar sem varða óvænt áhrif eða athuganir sem skipta máli fyrir upphaflega matið á umhverfisáhættu. Að því er varðar óvænt, fram komin áhrif eða athuganir skal þessi liður vera svo ítarlegur sem framast er unnt til að túlka megi gögnin rétt.

6.4.4. *Aðrar upplýsingar*

Tilkynnendur eru hvattir til að leggja fram upplýsingar sem eru utan gildissviðs tilkynningarinnar en sem gætu skipt máli fyrir þær vettvangstilraunir sem um er að ræða. Undir þetta gætu einnig fallið athuganir á jákvæðum áhrifum.

7. **Niðurstöður**

Í þessum kafla skal tilkynnandinn tilgreina ályktanirnar sem hafa verið dregnar og ráðstafanirnar sem hafa verið gerðar eða verða gerðar á grundvelli niðurstaðna er varða sleppinguna með tilliti til frekari sleppinga(r) og, eftir því sem við á, vísa til hvers kyns vara sem hann hyggst tilkynna á síðara stigi.

Upplýsingarnar í þessari skýrslu teljast ekki trúnaðarmál í skilningi 25. gr. tilskipunar 2001/18/EB.

Það kemur ekki í veg fyrir að lögbært yfirvald krefjist viðbótarupplýsinga frá tilkynnandanum, bæði trúnaðargagna og upplýsinga sem ekki bundnar trúnaði.

Ef um trúnaðargögn er að ræða skulu þau lögð fram í viðauka við skýrslueyðublaðið ásamt samantekt, sem ekki er bundin trúnaði, eða almennri lýsingu á gögnunum sem gerð verður aðgengileg almenningi.

DAGSETNING:

([5]) Með fyrirvara um 8. gr. tilskipunar 2001/18/EB að því er varðar meðferð breytinga eða nýrra upplýsinga.

TILSKIPUN RÁÐSINS 2006/96/EB **2012/EES/4/08**

frá 24. nóvember 2008

um aðlögun tiltekinna tilskipana á sviði frjálsra vöruflutninga vegna aðildar Búlgaríu og Rúmeníu (*)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af aðildarsáttmála Búlgaríu og Rúmeníu ([1]), einkum 3. mgr. 4. gr.,

með hliðsjón af lögum um aðild Búlgaríu og Rúmeníu, einkum 56. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Ef gerðir stofnananna gilda fram yfir 1. janúar 2007 og þarfnast aðlögunar vegna aðildar en ekki hefur verið mælt fyrir um nauðsynlega aðlögun í lögum um aðild eða viðaukum við þau skal ráðið, skv. 56. gr. aðildarlaganna, samþykkja nauðsynlegar gerðir nema framkvæmdastjórnin hafi samþykkt upprunalegu gerðina.

2) Í lokagerð ráðstefnunnar, þar sem aðildarsáttmálinn var gerður, kemur fram að hinir háu samningsaðilar hafa náð pólitísku samkomulagi um röð aðlagana á gerðum stofnananna, sem eru nauðsynlegar vegna aðildarinnar, og að ráðið og framkvæmdastjórnin eru hvött til að samþykkja þessar aðlaganir áður en til aðildar kemur, fullgerðar og uppfærðar, ef þörf krefur, með tilliti til þróunar á lögum Sambandsins.

3) Tilskipanir 69/493/EEC ([2]), 70/156/EBE ([3]), 70/157/EBE ([4]), 70/220/EBE ([5]), 70/221/EBE ([6]), 70/388/EBE ([7]), 71/127/EBE ([8]), 71/316/EBE ([9]), 71/320/EBE ([10]), 71/347/EBE ([11]), 72/245/EBE ([12]), 74/61/EBE ([13]), 74/408/EBE ([14]), 74/483/EBE ([15]), 75/322/EBE ([16]), 76/114/EBE ([17]), 76/757/EBE ([18]), 76/758/EBE ([19]), 76/759/EBE ([20]), 76/760/EBE ([21]), Því ber að breyta tilskipunum 76/761/EBE ([22]), 76/762/EBE ([23]), 76/767/EBE ([24]), 77/536/EBE ([25]), 77/538/EBE ([26]), 77/539/EBE ([27]), 77/540/EBE ([28]), 77/541/EBE ([29]), 78/318/EBE ([30]), 78/764/EBE ([31]), 78/932/EBE ([32]), 79/622/EBE ([33]), 86/298/EBE ([34]), 87/402/EBE ([35]), 89/173/EBE ([36]), 91/226/EBE ([37]), 94/11/EB ([38]), 94/20/EB ([39]), 95/28/EB ([40]), 96/74/EB ([41]), 98/34/EB ([42]), 1999/45/EB ([43]), 2000/25/EB ([44]), 2000/40/EB ([45]), 2001/56/EB ([46]), 2001/85/EB ([47]), 2002/24/EB ([48]), 2003/37/EB ([49]), 2003/97/EB ([50]), 2004/22/EB ([51]) og 2005/66/EB ([52]) til samræmis við það.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Breyta skal tilskipunum 69/493/EBE, 70/156/EBE, 70/157/EBE, 70/220/EBE, 70/221/EBE, 70/388/EBE, 71/127/EBE, 71/316/EBE, 71/320/EBE, 71/347/EBE, 72/245/EBE, 74/61/EBE, 74/408/EBE, 74/483/EBE, 75/322/EBE, 76/114/EBE, 76/757/EBE, 76/758/EBE, 76/759/EBE, 76/760/EBE, 76/761/EBE, 76/762/EBE, 76/767/EBE, 77/536/EBE, 77/538/EBE, 77/539/EBE, 77/540/EBE, 77/541/EBE, 78/318/EBE, 78/764/EBE, 78/932/EBE, 79/622/EBE, 86/298/EBE, 87/402/EBE, 89/173/EBE, 91/226/EBE, 94/11/EB, 94/20/EB, 95/28/EB, 96/74/EB, 98/34/EB, 1999/45/EB, 2000/25/EB, 2000/40/EB, 2001/56/EB, 2001/85/EB, 2002/24/EB, 2003/37/EB, 2003/97/EB, 2004/22/EB og 2005/66/EB eins og fram kemur í viðaukanum.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 363, 20.12.2006, bls. 81. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 132/2007 frá 26. október 2007 um breytingu á ýmsum viðaukum og bókunum við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 19, 10.4.2008, bls.1.

([1]) Stjtíð. ESB L 157, 21.6.2005, bls. 11.
([2]) Stjtíð. EB L 326, 29.12.1969, bls. 36.
([3]) Stjtíð. EB L 42, 23.2.1970, bls. 1.
([4]) Stjtíð. EB L 42, 23.2.1970, bls. 16.
([5]) Stjtíð. EB L 76, 6.4.1970, bls. 1.
([6]) Stjtíð. EB L 76, 6.4.1970, bls. 23.
([7]) Stjtíð. EB L 176, 10.8.1970, bls. 12.
([8]) Stjtíð. EB L 68, 22.3.1971, bls. 1.
([9]) Stjtíð. EB L 202, 6.9.1971, bls. 1.
([10]) Stjtíð. EB L 202, 6.9.1971, bls. 37.
([11]) Stjtíð. EB L 239, 25.10.1971, bls. 1.
([12]) Stjtíð. EB L 152, 6.7.1972, bls. 15.
([13]) Stjtíð. EB L 38, 11.2.1974, bls. 22.
([14]) Stjtíð. EB L 221, 12.8.1974, bls. 1.
([15]) Stjtíð. EB L 266, 2.10.1974, bls. 4.
([16]) Stjtíð. EB L 147, 9.6.1975, bls. 28.
([17]) Stjtíð. EB L 24, 30.1.1976, bls. 1.
([18]) Stjtíð. EB L 262, 27.9.1976, bls. 32.
([19]) Stjtíð. EB L 262, 27.9.1976, bls. 54.
([20]) Stjtíð. EB L 262, 27.9.1976, bls. 71.
([21]) Stjtíð. EB L 262, 27.9.1976, bls. 85.
([22]) Stjtíð. EB L 262, 27.9.1976, bls. 96.
([23]) Stjtíð. EB L 262, 27.9.1976, bls. 122.
([24]) Stjtíð. EB L 262, 27.9.1976, bls. 153.
([25]) Stjtíð. EB L 220, 29.8.1977, bls. 1.
([26]) Stjtíð. EB L 220, 29.8.1977, bls. 60.
([27]) Stjtíð. EB L 220, 29.8.1977, bls. 72.
([28]) Stjtíð. EB L 220, 29.8.1977, bls. 83.
([29]) Stjtíð. EB L 220, 29.8.1977, bls. 95.
([30]) Stjtíð. EB L 81, 28.3.1978, bls. 49.
([31]) Stjtíð. EB L 255, 18.9.1978, bls. 1.
([32]) Stjtíð. EB L 325, 20.11.1978, bls. 1.
([33]) Stjtíð. EB L 179, 17.7.1979, bls. 1.
([34]) Stjtíð. EB L 186, 8.7.1986, bls. 26.
([35]) Stjtíð. EB L 220, 8.8.1987, bls. 1.
([36]) Stjtíð. EB L 67, 10.3.1989, bls. 1.
([37]) Stjtíð. EB L 103, 23.4.1991, bls. 5.
([38]) Stjtíð. EB L 100, 19.4.1994, bls. 37.
([39]) Stjtíð. EB L 195, 29.7.1994, bls. 1.
([40]) Stjtíð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 1.
([41]) Stjtíð. EB L 32, 3.2.1997, bls. 38.
([42]) Stjtíð. EB L 204, 21.7.1998, bls. 37.
([43]) Stjtíð. EB L 200, 30.7.1999, bls. 1.
([44]) Stjtíð. EB L 173, 12.7.2000, bls. 1.
([45]) Stjtíð. EB L 203, 10.8.2000, bls. 9.
([46]) Stjtíð. EB L 292, 9.11.2001, bls. 21.
([47]) Stjtíð. EB L 42, 13.2.2002, bls. 1.
([48]) Stjtíð. EB L 124, 9.5.2002, bls. 1.
([49]) Stjtíð. EB L 171, 9.7.2003, bls. 1.
([50]) Stjtíð. EB L 25, 29.1.2004, bls. 1.
([51]) Stjtíð. EB L 135, 30.4.2004, bls. 1.
([52]) Stjtíð. EB L 309, 25.11.2005, bls. 37.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en þann dag sem Búlgaría og Rúmenía fá aðild að Evrópusambandinu. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða og samsvörunartöflu milli viðkomandi ákvæða og þessarar tilskipunar.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi með fyrirvara um aðildarsáttmála Búlgaríu og Rúmeníu og á gildistökudegi hans.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 12. nóvember 2009.

Fyrir hönd ráðsins,

J. KORKEAOJA

forseti.

VIÐAUKI

FRJÁLSIR VÖRUFLUTNINGAR

A. VÉLKNÚIN ÖKUTÆKI

1. 31970 L 0156: Tilskipun ráðsins 70/156/EBE frá 6. febrúar 1970 um samræmingu laga aðildarríkjanna um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra (Stjtíð. EB L 42, 23.2.1970, bls. 1), eins og henni var breytt með:

— 11972 B: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Konungsríkisins Danmerkur, Írlands og Breska konungsríkisins (Stjtíð. EB L 73, 27.3.1972, bls. 14),

— 31978 L 0315: tilskipun ráðsins 78/315/EBE frá 21.12.1977 (Stjtíð. EB L 81, 28.3.1978, bls. 1),

— 31978 L 0547: Tilskipun ráðsins 78/547/EBE frá 12.6.1978 (Stjtíð. EB L 168, 26.6.1978, bls. 39),

— 11979 H: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum

— aðild Lýðveldisins Grikklands (Stjtíð. EB L 291, 19.11.1979, bls. 17),

— 31980 L 1267: tilskipun ráðsins 80/1267/EBE frá 16.12.1980 (Stjtíð. EB L 375, 31.12.1980, bls. 34),

— 11985 I: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum,

— aðild Konungsríkisins Spánar og Lýðveldisins Portúgals (Stjtíð. EB L 302, 15.11.1985, bls. 23)

— 31987 L 0358: tilskipun ráðsins 87/358/EBE frá 25. 6.1987 (Stjtíð. EB L 192, 11.7.1987, bls. 51),

— 31987 L 0403: tilskipun ráðsins 87/403/EBE frá 25.6.1987 (Stjtíð. EB L 220, 8.8.1987., bls. 44),

— 31992 L 0053: tilskipun ráðsins 92/53/EBE frá 18.6.1992.. (Stjtíð. EB L 225, 10.8.1992., bls. 1),

— 31993 L 0081: tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 93/81/EBE frá 29.9.1993. (Stjtíð. EB L 264, 23.10.1993, bls. 49),

— 11994 N: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Finnlands og Konungsríkisins Svíþjóðar (Stjtíð. EB C 241, 29.8.1994, bls. 21),

— 31995 L 0054: tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/54/EB frá 31.10.1995 (Stjtíð. EB L 266, 8.11.1995, bls. 1),

— 31996 L 0027: tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 96/27/EB frá 20.5.1996. (Stjtíð. EB L 169, 8.7.1996., bls. 1),

— 31996 L 0079: tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/79/EB frá 16.12.1996 (Stjtíð. EB L 18, 21.1.1997, bls. 7),

— 31997 L 0027: tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 97/27/EB frá 22.7.1997 (Stjtíð. EB L 233, 25.8.1997, bls. 1),

— 31998 L 0014: tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/14/EB frá 6.2.1998 (Stjtíð. EB L 91, 25.3.1998., bls. 1),

— 31998 L 0091: tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/91/EB frá 14.12.1998 (Stjtíð. EB L 11, 16.1.1999, bls. 25),

— 32000 L 0040: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/40/EB frá 26.6.2000 (Stjtíð. EB L 203, 10.8.2000, bls. 9),

— 32001 L 0056: tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/56/EB frá 27.9.2001. (Stjtíð. EB L 292, 9.11.2001., bls. 21),

— 32001 L 0085: tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2001/85/EB frá 20.11.2001 (Stjtíð. EB L 42, 13.2.2002, bls. 1),

— 32001 L 0092: tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/92/EB frá 30.10.2001 (Stjtíð. EB L 291, 8.11.2001, bls. 24),

— 32001 L 0116: tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/116/EB frá 20.12.2001 (Stjtíð. EB L 18, 21.1.2002, bls. 1),

— 12003 T: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum,

— aðild Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu, (Stjtíð. ESB L 236, 23.9.2003, bls. 33),

— 32003 L 0097: tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2003/97/EB frá 10.11.2003 (Stjtíð. EB L 25, 29.1.2004, bls. 1),

— 32003 L 0102: tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2003/102/EB frá 17.11.2003 (Stjtíð. ESB L 321, 6.12.2003, bls. 15).

— 32003 R 0807: reglugerð ráðsins (EB) nr. 807/2003 frá 14.4.2003 (Stjtíð. ESB L 122, 16.5.2003, bls. 36).

— 32004 L 0003: tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/3/EB frá 11.2.2004 (Stjtíð. ESB L 49, 19.2.2004, bls. 36).

— 32004 L 0078: tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/78/EB frá 29.4.2004 (Stjtíð. ESB L 153, 30.4.2004, bls. 103),

— 32004 L 0104: tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/104/EB frá 14.10.2004 (Stjtíð. ESB L 337, 13.11.2004, bls. 13),

— 32005 L 0049: tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/49/EB frá 25.7.2005 (Stjtíð. ESB L 194, 26.7.2005, bls. 12),

— 32005 L 0064: tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2005/64/EB frá 26.10.2005 (Stjtíð. ESB L 310, 25.11.2005, bls. 10),

— 32005 L 0066: tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/66/EB frá 26.10.2005 (Stjtíð. ESB L 309, 25.11.2005, bls. 37),

— 32006 L 0028: tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/28/EB frá 6.3.2006 (Stjtíð. ESB L 65, 7.3.2006, bls. 27).

— 32006 L 0040: tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2006/40/EB frá 17.5.2006 (Stjtíð. ESB L 161, 14.6.2006, bls. 12).

a) Eftirfarandi bætist við I. þátt VII. viðauka:

„34 fyrir Búlgaríu, 19 fyrir Rúmeníu“,

b) Í stað 47. liðar á 2. síðu I. hluta og á 2. síðu II. hluta IX. viðauka komi eftirfarandi:

„47. Gjaldskylda eða innlent/innlend kenninúmer ef við á:

Belgía:	Búlgaría:	Tékkland: .....
Danmörk:	Þýskaland:	Eistland: .....
Grikkland:	Spánn:	Frakkland: .....
Írland:	Ítalía:	Kýpur: .....
Lettland:	Litháen:	Lúxemborg: .....
Ungverjaland:	Malta:	Holland: .....
Austurríki:	Pólland:	Portúgal: .....
Rúmenía:	Slóvenía:	Slóvakía: .....
Finnland:	Svíþjóð:	Breska konungsríkið: .....

2. 31970 L 0157: tilskipun ráðsins 70/157/EBE frá 6. febrúar 1970 um samræmingu laga aðildarríkjanna um leyfilegt hljóðstig og útblásturskerfi vélknúinna ökutækja (Stjtíð EB L 42, 23.2.1970, bls. 16) eins og henni var breytt með:

— 11972 B: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum,

— lögum um aðild Konungsríkisins Danmerkur, Írlands og Breska konungsríkisins (Stjtíð. EB L 73, 27.03.1972, bls. 14)

— 31973 L 0350: tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 73/350/EBE frá 7.11.1973. (Stjtíð. EB L 321, 22.11.1973, bls. 33),

— 31977 L 0212: tilskipun ráðsins 77/212/EBE frá 8.3.1977 (Stjtíð. EB L 66, 12.3.1977, bls. 33),

— 31981 L 0334: tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 81/334/EBE frá 13.4.1981 (Stjtíð. EB L 131, 18.5.1981, bls. 6),

— 31984 L 0372: tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 84/372/EBE frá 3.7.1984 (Stjtíð. EB L 196, 26.7.1984, bls. 47),

— 31984 L 0424: tilskipun ráðsins 84/424/EBE frá 3.9.1984 (Stjtíð. EB L 238, 6.9.1984, bls. 31),

— 11985 I: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum,

— aðild Konungsríkisins Spánar og Lýðveldisins Portúgals (Stjtíð. EB L 302, 15.11.1985, bls. 23),

— 31987 L 0354: tilskipun ráðsins 87/354/EBE frá 25. 6.1987 (Stjtíð. EB L 192, 11.7.1987, bls. 43),

— 31989 L 0491: tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 89/491/EBE frá 17.7.1989 (Stjtíð. EB L 238, 15.8.1989, bls. 43),

— 31992 L 0097: tilskipun ráðsins 92/97/EBE frá 10.11.1992 (Stjtíð. EB L 371, 19.12.1992, bls. 1),

— 11994 N: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum,

— aðild Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Finnlands og Konungsríkisins Svíþjóðar (Stjtíð. EB C 241, 29.8.1994, bls. 21),

— 31996 L 0020: tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/20/EB frá 27.3.1996 (Stjtíð. EB L 92, 13.4.1996, bls. 23),

— 31999 L 0101: tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/101/EB frá 15.12.1999 (Stjtíð. EB L 334, 28.12.1999, bls. 41),

— 12003 T: Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu (Stjtíð. ESB L 236, 23.9.2003, bls. 33),

Eftirfarandi bætist við lið 4.2 í II. viðauka:

„34 fyrir Búlgaríu“, „19 fyrir Rúmeníu“

3. 31970 L 0220: tilskipun ráðsins 70/220/EBE frá 20. mars 1970 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi ráðstafanir gegn loftmengun frá vélknúnum ökutækjum (Stjtíð EB L 76, 6.4.1970, bls. 1) eins og henni var breytt með:

— 11972 B: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Konungsríkisins Danmerkur, Írlands og Breska konungsríkisins (Stjtíð. EB L 73, 27.3.1972, bls. 14),

— 31974 L 0290: tilskipun ráðsins 74/290/EBE frá 28.5.1974 (Stjtíð. EB L 159, 15.6.1974, bls. 61),

— 31977 L 0102: tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 77/102/EBE frá 30.11.1976 (Stjtíð. EB L 32, 3.2.1977, bls. 32),

— 31978 L 0665: tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 78/665/EBE frá 14.7.1978 (Stjtíð. EB L 223, 14.8.1978, bls. 48),

— 31983 L 0351: tilskipun ráðsins 83/351/EBE frá 16.6.1983 (Stjtíð. EB L 197, 20.7.1983, bls. 1),

— 31988 L 0076: Tilskipun ráðsins 88/76/EBE frá 3.12.1987 (Stjtíð. EB L 36, 9.2.1988, bls. 1),

— 31988 L 0436: Tilskipun ráðsins 88/436/EBE frá 16.6.1988 (Stjtíð. EB L 214, 6.8.1988, bls. 1),

— 31989 L 0458: tilskipun ráðsins 89/458/EBE frá 18.7.1989 (Stjtíð. EB L 226, 3.8.1989, bls. 1),

— 31989 L 0491: tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 89/491/EBE frá 17.7.1989 (Stjtíð. EB L 238, 15.8.1989, bls. 43),

— 31991 L 0441: tilskipun ráðsins 91/441/EBE frá 26.6.1991 (Stjtíð. EB L 242, 30.8.1991, bls. 1),

— 31993 L 0059: tilskipun ráðsins 93/59/EBE frá 28.6.1993 (Stjtíð. EB L 186, 28.7.1993., bls. 21),

— 31994 L 0012: tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/12/EB frá 23.3.1994 (Stjtíð. EB L 100, 19.4.1994, bls. 42),

— 31996 L 0044: tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/44/EB frá 1.7.1996 (Stjtíð. EB L 210, 20.8.1996, bls. 25),

— 31996 L 0069: tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/69/EB frá 8.10.1996 (Stjtíð. EB L 282, 1.11.1996, bls. 64),

— 31998 L 0069: tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/69/EB frá 13.10.1998 (Stjtíð. EB L 350, 28.12.1999, bls. 1),

— 31998 L 0077: tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/77/EB frá 2.10.1998 (Stjtíð. EB L 286, 23.10.1998, bls. 34),

— 31999 L 0102: tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/102/EB frá 15.12.1999 (Stjtíð. EB L 334, 28.12.1999, bls. 43),

— 32001 L 0001: tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/1/EB frá 22.1.2001 (Stjtíð. EB L 35, 6.2.2001, bls. 34),

— 32001 L 0100: tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/100/EB frá 7. 12. 2001 (Stjtíð. EB L 16, 18.1.2002, bls. 32).

— 32002 L 0080: tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/80/EB frá 3.10.2002 (Stjtíð. EB L 291, 28.10.2002, bls. 20),

— 12003 T: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum,

— aðild Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu, (Stjtíð. ESB L 236, 23.9.2003, bls. 33),

— 32003 L 0076: tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/76/EB frá 11.8.2003 (Stjtíð. ESB L 206, 15.8.2003, bls. 29).

Eftirfarandi er bætt inn í dálkinn undir lið 5.2 í XIII. viðauka:

„34 fyrir Búlgaríu“, „19 fyrir Rúmeníu“.

4. 31970 L 0221: Tilskipun ráðsins 70/221/EBE frá 20. mars 1970 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi eldsneytisgeyma fyrir fljótandi eldsneyti og undirakstursvörn á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra (Stjtíð EB L 76, 6.4.1970, bls. 23) eins og henni var breytt með:

— 11972 B: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Konungsríkisins Danmerkur, Írlands og Breska konungsríkisins (Stjtíð. EB L 73, 27.3.1972, bls. 14),

— 31979 L 0490: tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 79/490/EBE frá 18.4.1979. (Stjtíð. EB L 128, 26.5.1979, bls. 22),

— 31981 L 0333: tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 81/333/EBE frá 13.4.1981 (Stjtíð. EB L 131, 18.5.1981, bls. 4),

— 31997 L 0019: tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/19/EB frá 18.4.1997 (Stjtíð. EB L 125, 16.5.1997, bls. 1),

— 32000 L 0008: tlskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/8/EB frá 20.3.2000 (Stjtíð. EB L 106, 3.5.2000, bls. 7),

— 12003 T: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum,

— aðild Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu, (Stjtíð. ESB L 236, 23.9.2003, bls. 33),

— 32006 L 0020: tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/20/EB frá 17.2.2006 (Stjtíð. ESB L 48, 18.2.2006, bls. 16).

Eftirfarandi er bætt inn í dálkinn undir lið 6.2 í II. viðauka:

„34 fyrir Búlgaríu“, „19 fyrir Rúmeníu“.

5. 31970 L 0388: Tilskipun ráðsins 70/388/EBE frá 27. júlí 1970 um samræmingu laga aðildarríkjanna um hljóðmerkjabúnað vélknúinna ökutækja (Stjtíð. ESB L 176, 10.8.1970, bls. 12), eins og henni var breytt með:

— 11972 B: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum,

— lögum um aðild Konungsríkisins Danmerkur, Írlands og Breska konungsríkisins (Stjtíð. EB L 73, 27.3.1972, bls. 14)

— 11979 H: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum,

— aðild Lýðveldisins Grikklands (Stjtíð. EB L 291, 19.11.1979, bls. 17),

— 11985 I: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum,

— lög um aðild Konungsríkisins Spánar og Lýðveldisins Portúgals (Stjtíð. EB L 302, 15.11.1985, bls. 23)

— 31987 L 0354: tilskipun ráðsins 87/354/EBE frá 25. 6.1987 (Stjtíð. EB L 192, 11.7.1987, bls. 43),

— 11994 N: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum,

— aðild Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Finnlands og Konungsríkisins Svíþjóðar (Stjtíð. EB C 241, 29.8.1994, bls. 21),

— 12003 T: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum,

— aðild Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu, (Stjtíð. ESB L 236, 23.9.2003, bls. 33),

Eftirfarandi bætist við textann í sviganum á eftir lið 1.4.1 í I. viðauka:

„34 fyrir Búlgaríu“, „19 fyrir Rúmeníu“.

6. 31971 L 0127: tilskipun ráðsins 71/127/EBE frá 1. mars 1971 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi baksýnisspegla í vélknúnum ökutækjum (Stjtíð. ESB L 68, 22.3.1971, bls. 1), eins og henni var breytt með:

— 11972 B: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum, — lögum um aðild Konungsríkisins Danmerkur, Írlands og Breska konungsríkisins (Stjtíð. EB L 73, 27.3.1972, bls. 14)

— 31979 L 0795: tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 79/795/EBE frá 20.7.1979. (Stjtíð. EB L 239, 22.9.1979, bls. 1),

— 11979 H: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum, — aðild Lýðveldisins Grikklands (Stjtíð. EB L 291, 19.11.1979, bls. 17),

— 31985 L 0205: tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 85/205/EBE frá 18.2.1985. (Stjtíð. EB L 90, 29.3.1985, bls. 1),

— 11985 I: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum, — lög um aðild Konungsríkisins Spánar og Lýðveldisins Portúgals (Stjtíð. EB L 302, 15.11.1985, bls. 23)

— 31986 L 0562: tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 86/562/EBE frá 6.11.1986. (Stjtíð. EB L 327, 22.11.1986, bls. 49),

— 31987 L 0354: tilskipun ráðsins 87/354/EBE frá 25. 6.1987 (Stjtíð. EB L 192, 11.7.1987, bls. 43),

— 31988 L 0321: tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 88/321/EBE frá 16.5.1988. (Stjtíð. EB L 147, 14.6.1988, bls. 77),

— 11994 N: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum, — aðild Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Finnlands og Konungsríkisins Svíþjóðar (Stjtíð. EB C 241, 29.8.1994, bls. 21),

— 12003 T: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum, — aðild Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu, (Stjtíð. ESB L 236, 23.9.2003, bls. 33),

Í 2. viðbæti við II. viðauka bætist eftirfarandi við upptalningu auðkennistalna í lið 4.2:

„34 fyrir Búlgaríu“, „19 fyrir Rúmeníu“.

7. 31971 L 0320: tilskipun ráðsins 71/320/EBE frá 26. júlí 1971 um samræmingu laga aðildarríkjanna um hemlabúnað á vissum tegundum vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra (Stjtíð EB L 202, 6.9.1971, bls. 37) eins og henni var breytt með:

— 11972 B: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Konungsríkisins Danmerkur, Írlands og Breska konungsríkisins (Stjtíð. EB L 73, 27.3.1972, bls. 14),

— 31974 L 0132: tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 74/132/EBE frá 11.2.1974. (Stjtíð. EB L 74, 19.3.1974, bls. 7),

— 31975 L 0524: tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 75/524/EBE frá 25.7.1975. (Stjtíð. EB L 236, 8.9.1975, bls. 3),

— 31979 L 0489: tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 79/489/EBE frá 18.4.1979. (Stjtíð. EB L 128, 26.5.1979, bls. 12),

— 31985 L 0647: tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 85/647/EBE frá 23.12.1985. (Stjtíð. EB L 380, 31.12.1985, bls. 1),

— 31988 L 0194: tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 88/194/EBE frá 24.3.1988. (Stjtíð. EB L 92, 9.4.1988, bls. 47),

— 31991 L 0422: tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 91/422/EBE frá 15.7.1991. (Stjtíð. EB L 233, 22.8.1991, bls. 21),

— 31998 L 0012: tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/12/EB frá 27.1.1998 (Stjtíð. EB L 81, 18.3.1998, bls. 1),

— 32002 L 0078: tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/78/EB frá 1.10.2002 (Stjtíð. EB L 267, 4.10.2002, bls. 23),

— 12003 T: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu (Stjtíð. ESB L 236, 23.9.2003, bls. 33).

Eftirfarandi er bætt inn í dálkinn undir lið 4.4.2 í XV. viðauka:

„34 fyrir Búlgaríu“, „19 fyrir Rúmeníu“.

8. 31972 L 0245: tilskipun ráðsins 72/245/EBE frá 20. júní 1972 um rafsegultruflanir (rafsegulsviðssamhæfi) í ökutækjum (Stjtíð. 152, 6.7.1972, bls. 15) eins og henni var breytt með:

— 31989 L 0491: tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 89/491/EBE frá 17.7.1989 (Stjtíð. EB L 238, 15.8.1989, bls. 43),

— 31995 L 0054: tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/54/EB frá 31.10.1995 (Stjtíð. EB L 266, 8.11.1995, bls. 1),

— 12003 T: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum, — aðild Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu, (Stjtíð. ESB L 236, 23.9.2003, bls. 33),

— 32004 L 0104: tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/104/EB frá 14.10.2004 (Stjtíð. ESB L 337, 13.11.2004, bls. 13),

— 32005 L 0049: tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/49/EB frá 25.7.2005 (Stjtíð. EB L 194, 26.7.2005, bls. 12),

— 32005 L 0083: tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/83/EB frá 23.11.2005 (Stjtíð. EB L 305, 24.11.2005, bls. 32),

— 32006 L 0028: tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/28/EB frá 6.3.2003 (Stjtíð. ESB L 65, 7.3.2006, bls. 27).

Eftirfarandi er bætt inn í dálkinn undir lið 5.2 í I. viðauka:

„34 fyrir Búlgaríu“, „19 fyrir Rúmeníu“.

9. 31974 L 0061: tilskipun ráðsins 74/61/EBE frá 17. desember 1973 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi búnað til að koma í veg fyrir notkun vélknúins ökutækis án leyfis (Stjtíð. ESB L 38, 11.2.1974, bls. 22), eins og henni var breytt með:

— 31995 L 0056: tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/56/EB, KBE frá 8.11.1995 (Stjtíð. EB L 286, 29.11.1995, bls. 1),

— 12003 T: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu (Stjtíð. ESB L 236, 23.9.2003, bls. 33).

Eftirfarandi er bætt inn í dálkinn undir lið 5.1.1 í I. viðauka:

„34 fyrir Búlgaríu“, „19 fyrir Rúmeníu“.

10. 31974 L 0408: tilskipun ráðsins 74/408/EBE frá 22. júlí 1974 um sæti, sætisfestingar og höfuðpúða í vélknúnum ökutækjum (Stjtíð. EB L, 12.8.1974, bls. 1), eins og henni var breytt með:

— 31981 L 0577: tilskipun ráðsins 81/577/EBE frá 20.7.1981 (Stjtíð. EB L 209, 29.7.1981, bls. 34),

— 31996 L 0037: tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/37/EB frá 17.6.1996 (Stjtíð. EB L 186, 25.7.1996, bls. 28),

— 12003 T: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum, — aðild Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu, (Stjtíð. ESB L 236, 23.9.2003, bls. 33),

— 32005 L 0039: tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/39/EB frá 7.9.2005 (Stjtíð. ESB L 255, 30.9.2005, bls. 143).

Eftirfarandi er bætt inn í dálkinn undir lið 6.2.1 í I. viðauka:

„34 fyrir Búlgaríu“, „19 fyrir Rúmeníu“.

11. 31974 L 0483: Tilskipun ráðsins 74/483/EBE frá 17. september 1974 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi útstæða hluta vélknúinna ökutækja (Stjtíð. ESB L 266, 2.10.1974, bls. 4), eins og henni var breytt með:

— 31979 L 0488: tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 79/488/EBE frá 18.4.1979. (Stjtíð. EB L 128, 26.5.1979, bls. 1),

— 11985 I: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum, — lög um aðild Konungsríkisins Spánar og Lýðveldisins Portúgals (Stjtíð. EB L 302, 15.11.1985, bls. 23)

— 31987 L 0354: tilskipun ráðsins 87/354/EBE frá 25.6.1987 (Stjtíð. EB L 192, 11.7.1987, bls. 43),

— 11994 N: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Finnlands og Konungsríkisins Svíþjóðar (Stjtíð. EB C 241, 29.8.1994, bls. 21),

— 12003 T: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu (Stjtíð. ESB L 236, 23.9.2003, bls. 33).

Eftirfarandi liður bætist við neðanmálsgreinina við lið 3.2.2.2 í I. viðauka:

„34 fyrir Búlgaríu“, „19 fyrir Rúmeníu“.

12. 31975 L 0322: tilskipun ráðsins 75/322/EBE frá 20. maí 1975 um deyfingu rafsegultruflana af völdum landbúnaðardráttarvéla (rafsegulsviðssamhæfi) (Stjtíð. EB L 147, 9.6.1975, bls. 28), eins og henni var breytt með:

— 31982 L 0890: tilskipun ráðsins 82/890/EBE frá 17.12.1982 (Stjtíð. EB L 378, 31.12.1982, bls. 45),

— 31997 L 0054: tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/54/EB frá 23.9.1997 (Stjtíð. EB L 277, 10.10.1997 bls. 24),

— 32000 L 0002: tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/2/EB frá 14.1.2000 (Stjtíð. EB L 21, 26.1.2000, bls. 23),

— 32001 L 0003: tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/3/EB frá 8.1.2001 (Stjtíð. EB L 28, 30.1.2001, bls. 1),

— 12003 T: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum, — aðild Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu, (Stjtíð. ESB L 236, 23.9.2003, bls. 33),

Eftirfarandi er bætt inn í lið 5.2 í I. viðauka:

„34 fyrir Búlgaríu“, „19 fyrir Rúmeníu“.

13. 31976 L 0114: Tilskipun ráðsins 76/114/EBE frá 18. desember 1975 um samræmingu laga aðildarríkjanna um lögboðnar merkiplötur og áletranir á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra, staðsetningu þeirra og uppsetningu (Stjtíð. EB L 24, 30.1.1976, bls. 1), eins og henni var breytt með:

— 31978 L 0507: tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 78/507/EBE frá 19.5.1978 (Stjtíð. EB L 155, 13.6.1978, bls. 31),

— 11979 H: Lög um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild lýðveldisins Grikklands (Stjtíð. EB L 291, 19.11.1979, bls. 17),

— 11985 I: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Konungsríkisins Spánar og Lýðveldisins Portúgals (Stjtíð. EB L 302, 15.11.1985, bls. 23),

— 31987 L 0354: tilskipun ráðsins 87/354/EBE frá 25. 6.1987 (Stjtíð. EB L 192, 11.7.1987, bls. 43),

— 11994 N: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Finnlands og Konungsríkisins Svíþjóðar (Stjtíð. EB C 241, 29.8.1994, bls. 21),

— 12003 T: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu (Stjtíð. ESB L 236, 23.9.2003, bls. 33).

Eftirfarandi bætist við textann í sviganum á eftir lið 2.1.2 í viðaukanum:

„34 fyrir Búlgaríu“, „19 fyrir Rúmeníu“.

14. 31976 L 0757: tilskipun ráðsins 76/757/EBE frá 27. júlí 1976 varðandi endurskin frá glitmerkjum á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra (Stjtíð. EB L 262, 27.9.1976, bls. 32), eins og henni var breytt með:

— 11979 H: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild lýðveldisins Grikklands (Stjtíð. EB L 291, 19.11.1979, bls. 17),

— 11985 I: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Konungsríkisins Spánar og Lýðveldisins Portúgals (Stjtíð. EB L 302, 15.11.1985, bls. 23),

— 31987 L 0354: tilskipun ráðsins 87/354/EBE frá 25. 6.1987 (Stjtíð. EB L 192, 11.7.1987, bls. 43),

— 11994 N: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Finnlands og Konungsríkisins Svíþjóðar (Stjtíð. EB C 241, 29.8.1994, bls. 21),

— 31997 L 0029: tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/29/EB frá 11.6.1997 (Stjtíð. EB L 171, 30.6.1997, bls. 11),

— 12003 T: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu, (Stjtíð. ESB L 236, 23.9.2003, bls. 33).

Eftirfarandi bætist við textann í lið 4.2.1 í I. viðauka:

„34 fyrir Búlgaríu“, „19 fyrir Rúmeníu“.

15. 31976 L 0758: tilskipun ráðsins 76/758/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi breiddarljósker, stöðuhliðarljósker að aftan og framan, hemlaljósker, ljósker fyrir dagljósabúnað og hliðarljósker á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra (Stjtíð. EB L 262, 27.9.1976, bls. 54), eins og henni var breytt með:

— 11979 H: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild lýðveldisins Grikklands (Stjtíð. EB L 291, 19.11.1979, bls. 17),

— 11985 I: lög um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Konungsríkisins Spánar og Lýðveldisins Portúgals (Stjtíð. EB L 302, 15.11.1985, bls. 23),

— 31987 L 0354: tilskipun ráðsins 87/354/EBE frá 25.6.1987 (Stjtíð. EB L 192, 11.7.1987, bls. 43),

— 31989 L 0516: tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 89/516/EBE frá 1.8.1989. (Stjtíð. EB L 265, 12.9.1989, bls. 1),

— 11994 N: lög um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Finnlands og Konungsríkisins Svíþjóðar (Stjtíð. EB C 241, 29.8.1994, bls. 21),

— 31997 L 0030: tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/30/EB frá 11.6.1997 (Stjtíð. EB L 171, 30.6.1997, bls. 25),

— 12003 T: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu (Stjtíð. ESB L 236, 23.9.2003, bls. 33),

Eftirfarandi bætist við lið 5.2.1 í I. viðauka:

„34 fyrir Búlgaríu“, „19 fyrir Rúmeníu“.

16. 31976 L 0759: tilskipun ráðsins 76/759/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi stefnuljósabúnað vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra (Stjtíð. EB L 262, 27.9.1976, bls. 71), eins og henni var breytt með:

— 11979 H: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild lýðveldisins Grikklands (Stjtíð. EB L 291, 19.11.1979, bls. 17),

— 11985 I: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Konungsríkisins Spánar og Lýðveldisins Portúgals (Stjtíð. EB L 302, 15.11.1985, bls. 23),

— 31987 L 0354: tilskipun ráðsins 87/354/EBE frá 25. 6.1987 (Stjtíð. EB L 192, 11.7.1987, bls. 43),

— 31989 L 0277: tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 89/277/EBE frá 28.3.1989. (Stjtíð. EB L 109, 20.4.1989, bls. 25),

— 11994 N: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Finnlands og Konungsríkisins Svíþjóðar (Stjtíð. EB C 241, 29.8.1994, bls. 21),

— 31999 L 0015: tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/15/EB frá 16.3.1999 (Stjtíð. EB L 97, 12.4.1999, bls. 14),

— 12003 T: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu (Stjtíð. ESB L 236, 23.9.2003, bls. 33).

Í I. viðauka bætist eftirfarandi við lið 4.2.1:

„34 fyrir Búlgaríu“, „19 fyrir Rúmeníu“.

17. 31976 L 0760: Tilskipun ráðsins 76/760/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi númersljós vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra (Stjtíð. ESB L 262, 27.9.1976, bls. 85), eins og henni var breytt með:

— 11979 H: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild lýðveldisins Grikklands (Stjtíð. EB L 291, 19.11.1979, bls. 17),

— 11985 I: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Konungsríkisins Spánar og Lýðveldisins Portúgals (Stjtíð. EB L 302, 15.11.1985, bls. 23),

— 31987 L 0354: tilskipun ráðsins 87/354/EBE frá 25. 6.1987 (Stjtíð. EB L 192, 11.7.1987, bls. 43),

— 11994 N: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Finnlands og Konungsríkisins Svíþjóðar (Stjtíð. EB C 241, 29.8.1994, bls. 21),

— 31997 L 0031: tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/31/EB frá 11.6.1997 (Stjtíð. EB L 171, 30.6.1997, bls. 49),

— 12003 T: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu (Stjtíð. ESB L 236, 23.9.2003, bls. 33).

Í I. viðauka bætist eftirfarandi við lið 4.2.1:

„34 fyrir Búlgaríu“, „19 fyrir Rúmeníu“.

18. 31976 L 0761: tilskipun ráðsins 76/761/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi aðalljós vélknúinna ökutækja sem virka sem háljós og/eða lágljós og varðandi ljósgjafa (glóþráðarperur og aðra ljósgjafa) til nota í viðurkenndar ljóskerseiningar vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra (Stjtíð. EB L 262, 27.9.1976, bls. 96), eins og henni var breytt með:

— 11979 H: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild lýðveldisins Grikklands (Stjtíð. EB L 291, 19.11.1979, bls. 17),

— 11985 I: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Konungsríkisins Spánar og Lýðveldisins Portúgals (Stjtíð. EB L 302, 15.11.1985, bls. 23),

— 31987 L 0354: tilskipun ráðsins 87/354/EBE frá 25.6.1987 (Stjtíð. EB L 192, 11.7.1987, bls. 43),

— 31989 L 0517: tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 89/517/EBE frá 1.8.1989. (Stjtíð. EB L 265, 12.9.1989, bls. 15),

— 11994 N: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Finnlands og Konungsríkisins Svíþjóðar (Stjtíð. EB C 241, 29.8.1994, bls. 21),

— 31999 L 0017: tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/17/EB frá 18.3.1999 (Stjtíð. EB L 97, 12.4.1999, bls. 45),

— 12003 T: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu (Stjtíð. ESB L 236, 23.9.2003, bls. 33).

Eftirfarandi bætist við skrána í liðum 5.2.1 og 6.2.1 í I. viðauka:

„34 fyrir Búlgaríu“, „19 fyrir Rúmeníu“.

19. 31976 L 0762: tilskipun ráðsins 76/762/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi þokuljósker að framan á vélknúnum ökutækjum (Stjtíð. ESB L 262, 27.9.1976, bls. 122), eins og henni var breytt með:

— 11979 H: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild lýðveldisins Grikklands (Stjtíð. EB L 291, 19.11.1979, bls. 17),

— 11985 I: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Konungsríkisins Spánar og Lýðveldisins Portúgals (Stjtíð. EB L 302, 15.11.1985, bls. 23),

— 31987 L 0354: tilskipun ráðsins 87/354/EBE frá 25.6.1987 (Stjtíð. EB L 192, 11.7.1987, bls. 43),

— 11994 N: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Finnlands og Konungsríkisins Svíþjóðar (Stjtíð. EB C 241, 29.8.1994, bls. 21),

— 31999 L 0018: tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/18/EB frá 18.3.1999 (Stjtíð. EB L 97, 12.4.1999, bls. 82),

— 12003 T: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu (Stjtíð. ESB L 236, 23.9.2003, bls. 33).

Eftirfarandi bætist við lið 4.2.1 í I. viðauka:

„34 fyrir Búlgaríu“, „19 fyrir Rúmeníu“.

20. 31977 L 0536: Tilskipun ráðsins 77/536/EBE frá 28. júní 1977 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi veltigrindur á landbúnaðardráttarvélum á hjólum (Stjtíð. ESB L 220, 29.8.1977, bls. 1), eins og henni var breytt með:

— 11979 H: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild lýðveldisins Grikklands (Stjtíð. EB L 291, 19.11.1979, bls. 17),

— 11985 I: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Konungsríkisins Spánar og Lýðveldisins Portúgals (Stjtíð. EB L 302, 15.11.1985, bls. 23),

— 31987 L 0354: tilskipun ráðsins 87/354/EBE frá 25.6.1987 (Stjtíð. EB L 192, 11.7.1987, bls. 43),

— 31989 L 0680: tilskipun ráðsins 89/680/EBE frá 21.12.1989 (Stjtíð. EB L 398, 30.12.1989, bls. 26),

— 11994 N: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Finnlands og Konungsríkisins Svíþjóðar (Stjtíð. EB C 241, 29.8.1994, bls. 21),

— 31999 L 0055: tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/55/EB frá 1.6.1999 (Stjtíð. EB L 146, 11.6.1999, bls. 28),

— 12003 T: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu (Stjtíð. ESB L 236, 23.9.2003, bls. 33).

Eftirfarandi bætist við VI. viðauka:

„34 fyrir Búlgaríu“, „19 fyrir Rúmeníu“.

21. 31977 L 0538: Tilskipun ráðsins 77/538/EBE frá 28. júní 1977 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi þokuljós að aftan á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra (Stjtíð. EB L 220, 29.8.1977, bls. 60), eins og henni var breytt með:

— 11979 H: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild lýðveldisins Grikklands (Stjtíð. EB L 291, 19.11.1979, bls. 17),

— 11985 I: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Konungsríkisins Spánar og Lýðveldisins Portúgals (Stjtíð. EB L 302, 15.11.1985, bls. 23),

— 31987 L 0354: tilskipun ráðsins 87/354/EBE frá 25.6.1987 (Stjtíð. EB L 192, 11.7.1987, bls. 43),

— 31989 L 0518: tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 89/518/EBE frá 1.8.1989. (Stjtíð. EB L 265, 12.9.1989, bls. 24),

— 11994 N: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Finnlands og Konungsríkisins Svíþjóðar (Stjtíð. EB C 241, 29.8.1994, bls. 21),

— 31999 L 0014: tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/14/EB frá 16.3.1999 (Stjtíð. EB L 97, 12.4.1999, bls. 1),

— 12003 T: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu (Stjtíð. ESB L 236, 23.9.2003, bls. 33).

Eftirfarandi bætist við lið 4.2.1 í I. viðauka:

„34 fyrir Búlgaríu“, „19 fyrir Rúmeníu“.

22. 31977 L 0539: Tilskipun ráðsins 77/539/EBE frá 28. júní 1977 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi bakkljós á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra (Stjtíð. EB L 220, 29.8.1977, bls. 72), eins og henni var breytt með:

— 11979 H: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild lýðveldisins Grikklands (Stjtíð. EB L 291, 19.11.1979, bls. 17),

— 11985 I: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Konungsríkisins Spánar og Lýðveldisins Portúgals (Stjtíð. EB L 302, 15.11.1985, bls. 23),

— 31987 L 0354: tilskipun ráðsins 87/354/EBE frá 25.6.1987 (Stjtíð. EB L 192, 11.7.1987, bls. 43),

— 11994 N: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Finnlands og Konungsríkisins Svíþjóðar (Stjtíð. EB C 241, 29.8.1994, bls. 21),

— 31997 L 0032: tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/32/EB frá 11.6.1997 (Stjtíð. EB L 171, 30.6.1997, bls. 63),

— 12003 T: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu (Stjtíð. ESB L 236, 23.9.2003, bls. 33).

Eftirfarandi bætist við lið 4.2.1 í I. viðauka:

„34 fyrir Búlgaríu“, „19 fyrir Rúmeníu“.

23. 31977 L 0540: tilskipun ráðsins 77/540/EBE frá 28. júní 1977 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi stöðuljós á vélknúnum ökutækjum (Stjtíð. ESB L 220, 29.8.1977, bls. 83), eins og henni var breytt með:

— 11979 H: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild lýðveldisins Grikklands (Stjtíð. EB L 291, 19.11.1979, bls. 17),

— 11985 I: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Konungsríkisins Spánar og Lýðveldisins Portúgals (Stjtíð. EB L 302, 15.11.1985, bls. 23),

— 31987 L 0354: tilskipun ráðsins 87/354/EBE frá 25.6.1987 (Stjtíð. EB L 192, 11.7.1987, bls. 43),

— 11994 N: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Finnlands og Konungsríkisins Svíþjóðar (Stjtíð. EB C 241, 29.8.1994, bls. 21),

— 31999 L 0016: tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/16/EB frá 16.3.1999 (Stjtíð. EB L 97, 12.4.1999, bls. 33),

— 12003 T: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu (Stjtíð. ESB L 236, 23.9.2003, bls. 33).

Eftirfarandi bætist við lið 4.2.1 í I. viðauka:

„34 fyrir Búlgaríu“, „19 fyrir Rúmeníu“.

24. 31977 L 0541: Tilskipun ráðsins 77/541/EBE frá 28. júní 1977 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi öryggisbelti og aðhaldsbúnað í vélknúnum ökutækjum (Stjtíð EB L 220, 29.8.1977, bls. 95), eins og henni var breytt með:

— 11979 H: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild lýðveldisins Grikklands (Stjtíð. EB L 291, 19.11.1979, bls. 17),

— 31981 L 0576: tilskipun ráðsins 81/576/EBE frá 20.7.1981 (Stjtíð. EB L 209, 29.7.1981, bls. 32),

— 31982 L 0319: tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 82/319/EBE frá 2.4.1982 (Stjtíð. EB L 139, 19.5.1982, bls. 17),

— 11985 I: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Konungsríkisins Spánar og Lýðveldisins Portúgals (Stjtíð. EB L 302, 15.11.1985, bls. 23),

— 31987 L 0354: tilskipun ráðsins 87/354/EBE frá 25.6.1987 (Stjtíð. EB L 192, 11.7.1987, bls. 43),

— 31990 L 0628: tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 90/628/EBE frá 30.10.1990 (Stjtíð. EB L 341, 6.12.1990, bls. 1),

— 11994 N: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Finnlands og Konungsríkisins Svíþjóðar (Stjtíð. EB C 241, 29.8.1994, bls. 21),

— 31996 L 0036: tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/36/EB frá 17.6.1996 (Stjtíð. EB L 178, 17.7.1996, bls. 15),

— 32000 L 0003: tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/3/EB frá 22.2.2000 (Stjtíð. EB L 53, 25.2.2000, bls. 1),

— 12003 T: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu (Stjtíð. ESB L 236, 23.9.2003, bls. 33),

— 32005 L 0040: tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/40/EB frá 7.9.2005 (Stjtíð. ESB L 255, 30.9.2005, bls. 146).

Eftirfarandi bætist við lið 1.1.1 í III. viðauka:

„34 fyrir Búlgaríu“, „19 fyrir Rúmeníu“.

25. 31978 L 0318: Tilskipun ráðsins 78/318/EBE frá 21. desember 1977 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi þurrku- og sprautubúnað vélknúinna ökutækja (Stjtíð EB L 81, 28.3.1978, bls. 49), eins og henni var breytt með:

— 31994 L 0068: tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/68/EB frá 16.12.1994 (Stjtíð. EB L 354, 31.12.1994, bls. 1),

— 12003 T: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu (Stjtíð. ESB L 236, 23.9.2003, bls. 33).

Eftirfarandi er bætt inn í dálkinn undir lið 7.2 í I. viðauka:

„34 fyrir Búlgaríu“, „19 fyrir Rúmeníu“.

26. 31978 L 0764: Tilskipun ráðsins 78/764/EBE frá 25. júlí 1978 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi ökumannssæti í landbúnaðardráttarvélum á hjólum (Stjtíð. EB L 255, 18.9.1978, bls. 1), eins og henni var breytt með:

— 11979 H: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild lýðveldisins Grikklands (Stjtíð. EB L 291, 19.11.1979, bls. 17),

— 31982 L 0890: tilskipun ráðsins 82/890/EBE frá 17.12.1982 (Stjtíð. EB L 378, 31.12.1982, bls. 45),

— 31983 L 0190: tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 83/190/EBE frá 28.3.1983. (Stjtíð. EB L 109, 26.4.1983, bls. 13),

— 11985 I: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Konungsríkisins Spánar og Lýðveldisins Portúgals (Stjtíð. EB L 302, 15.11.1985, bls. 23),

— 31987 L 0354: tilskipun ráðsins 87/354/EBE frá 25.6.1987 (Stjtíð. EB L 192, 11.7.1987, bls. 43),

— 31988 L 0465: tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 88/465/EBE frá 30.6.1988. (Stjtíð. EB L 228, 17.8.1988, bls. 31),

— 11994 N: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Finnlands og Konungsríkisins Svíþjóðar (Stjtíð. EB C 241, 29.8.1994, bls. 21),

— 31997 L 0054: tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/54/EB frá 23.9.1997 (Stjtíð. EB L 277, 10.10.1997 bls. 24),

— 31999 L 0057: tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/57/EB frá 7.6.1999 (Stjtíð. EB L 148, 15.6.1999, bls. 35),

— 12003 T: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu (Stjtíð. ESB L 236, 23.9.2003, bls. 33).

Eftirfarandi bætist við lið 3.5.2.1 í I. viðauka:

„34 fyrir Búlgaríu“, „19 fyrir Rúmeníu“.

27. 31978 L 0932: Tilskipun ráðsins 78/932/EBE frá 16. október 1978 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi höfuðpúða á sætum vélknúinna ökutækja (Stjtíð. EB L 325, 20.11.1978, bls. 1), eins og henni var breytt með:

— 11979 H: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild lýðveldisins Grikklands (Stjtíð. EB L 291, 19.11.1979, bls. 17),

— 11985 I: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Konungsríkisins Spánar og Lýðveldisins Portúgals (Stjtíð. EB L 302, 15.11.1985, bls. 23),

— 31987 L 0354: tilskipun ráðsins 87/354/EBE frá 25.6.1987 (Stjtíð. EB L 192, 11.7.1987, bls. 43),

— 11994 N: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Finnlands og Konungsríkisins Svíþjóðar (Stjtíð. EB C 241, 29.8.1994, bls. 21),

— 12003 T: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu (Stjtíð. ESB L 236, 23.9.2003, bls. 33).

Eftirfarandi bætist við lið 1.1.1 í VI. viðauka:

„34 fyrir Búlgaríu“, „19 fyrir Rúmeníu“.

28. 31979 L 0622: Tilskipun ráðsins 79/622/EBE frá 25. júní 1979 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi veltigrindur á landbúnaðardráttarvélum á hjólum (kyrrstöðuprófun) (Stjtíð. EB L 179, 17.7.1979, bls. 1), eins og henni var breytt með:

— 31982 L 0953: tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 82/953/EBE frá 15.12.1982. (Stjtíð. EB L 386, 31.12.1982, bls. 31),

— 11985 I: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Konungsríkisins Spánar og Lýðveldisins Portúgals (Stjtíð. EB L 302, 15.11.1985, bls. 23),

— 31987 L 0354: tilskipun ráðsins 87/354/EBE frá 25.6.1987 (Stjtíð. EB L 192, 11.7.1987, bls. 43),

— 31988 L 0413: tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 88/413/EBE frá 22.6.1988. (Stjtíð. EB L 200, 26.7.1988, bls. 32),

— 11994 N: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Finnlands og Konungsríkisins Svíþjóðar (Stjtíð. EB C 241, 29.8.1994, bls. 21),

— 31999 L 0040: tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/40/EB frá 6.5.1999 (Stjtíð. EB L 124, 18.5.1999, bls. 11),

— 12003 T: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu (Stjtíð. ESB L 236, 23.9.2003, bls. 33).

Eftirfarandi bætist við VI. viðauka:

„34 fyrir Búlgaríu“, „19 fyrir Rúmeníu“.

29. 31986 L 0298: Tilskipun ráðsins 86/298/EBE frá 26. maí 1986 um aftanásettar veltigrindur fyrir landbúnaðardráttarvélar á hjólum með lítilli sporvídd (Stjtíð. EB L 186, 8.7.1986, bls. 26), eins og henni var breytt með:

— 31989 L 0682: tilskipun ráðsins 89/682/EBE frá 21.12.1989 (Stjtíð. EB L 398, 30.12.1989, bls. 29),

— 11994 N: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Finnlands og Konungsríkisins Svíþjóðar (Stjtíð. EB C 241, 29.8.1994, bls. 21),

— 32000 L 0019: tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/19/EB frá 13.4.2000 (Stjtíð. EB L 94, 14.4.2000, bls. 31),

— 12003 T: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu (Stjtíð. ESB L 236, 23.9.2003, bls. 33),

— 32005 L 0067: tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/67/EB frá 18.10.2005 (Stjtíð. ESB L 273, 19.10.2005, bls. 17),

Eftirfarandi bætist við VI. viðauka:

„34 fyrir Búlgaríu“, „19 fyrir Rúmeníu“.

30. 31987 L 0402: tilskipun ráðsins 87/402/EBE frá 25. júní 1987 um veltigrindur framan við ökumannssæti á landbúnaðardráttarvélum á hjólum með lítilli sporvídd (Stjtíð. EB L 220, 8.8.1987, bls. 1), eins og henni var breytt með:

— 31989 L 0681: tilskipun ráðsins 89/681/EBE frá 21.12.1989 (Stjtíð. EB L 398, 30.12.1989, bls. 27),

— 11994 N: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Finnlands og Konungsríkisins Svíþjóðar (Stjtíð. EB C 241, 29.8.1994, bls. 21),

— 32000 L 0022: tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/22/EB frá 28.4.2000 (Stjtíð. EB L 107, 4.5.2000, bls. 26),

— 12003 T: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu (Stjtíð. ESB L 236, 23.9.2003, bls. 33),

— 32005 L 0067: tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/67/EB frá 18.10.2005 (Stjtíð. ESB L 273, 19.10.2005, bls. 17),

Eftirfarandi bætist við VII. viðauka:

„34 fyrir Búlgaríu“, „19 fyrir Rúmeníu“.

31. 31989 L 0173: Tilskipun ráðsins 89/173/EBE frá 21. desember 1988 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi tiltekna íhluta og eiginleika landbúnaðardráttarvéla á hjólum (Stjtíð. EB L 67, 10.3.1989, bls. 1), eins og henni var breytt með:

— 11994 N: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Finnlands og Konungsríkisins Svíþjóðar (Stjtíð. EB C 241, 29.8.1994, bls. 21),

— 31997 L 0054: tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/54/EB frá 23.9.1997 (Stjtíð. EB L 277, 10.10.1997 bls. 24),

— 32000 L 0001: tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/1/EB frá 14.1.2000 (Stjtíð. EB L 21, 26.1.2000, bls. 16),

— 12003 T: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu (Stjtíð. ESB L 236, 23.9.2003, bls. 33),

— 32006 L 0026: tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/26/EB frá 2.3.2006 (Stjtíð. ESB L 65, 7.3.2006, bls. 22).

a) Eftirfarandi bætist við 1. neðanmálsgrein við lið 5.4.1 í III. viðauka A:

„34 fyrir Búlgaríu“, „19 fyrir Rúmeníu“

b) Eftirfarandi bætist við fyrsta undirlið 4. viðbætis í IV. viðauka:

„34 fyrir Búlgaríu“, „19 fyrir Rúmeníu“

c) Eftirfarandi bætist við þriðju mgr. liðar 2.1.3 í V. viðauka:

„34 fyrir Búlgaríu“, „19 fyrir Rúmeníu“.

32. 31991 L 0226: Tilskipun ráðsins 91/226/EBE frá 27. mars 1991 um samræmingu laga aðildarríkjanna um fyrirkomulag hjól- og aurhlífa á tilteknum gerðum vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra (Stjtíð EB L 103, 23.4.1991, bls. 5) eins og henni var breytt með:

— 11994 N: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum,

— aðild Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Finnlands og Konungsríkisins Svíþjóðar (Stjtíð. EB C 241, 29.8.1994, bls. 21),

— 12003 T: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu (Stjtíð. ESB L 236, 23.9.2003, bls. 33).

Eftirfarandi bætist við lið 3.4.1 í II. viðauka:

„34 fyrir Búlgaríu“, „19 fyrir Rúmeníu“.

33. 31994 L 0020: tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/20/EB frá 30. maí 1994 um vélrænan tengibúnað vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra og festingu hans við ökutækin (Stjtíð. EB L 195, 29.7.1994, bls. 1), eins og henni var breytt með:

— 12003 T: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu (Stjtíð. ESB L 236, 23.9.2003, bls. 33).

Eftirfarandi bætist við lið 3.3.4 í I. viðauka:

„34 fyrir Búlgaríu“, „19 fyrir Rúmeníu“.

34. 31995 L 0028: tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/28/EB frá 24. október 1995 varðandi brunaeiginleika efna sem eru notuð við innréttingar á ökutækjum í tilteknum flokkum (Stjtíð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 1), eins og henni er breytt með:

— 12003 T: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu (Stjtíð. ESB L 236, 23.9.2003, bls. 33).

Eftirfarandi er bætt inn í lið 6.1.1 í I. viðauka:

„34 fyrir Búlgaríu“, „19 fyrir Rúmeníu“.

35. 32000 L 0025: tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/25/EB frá 22. maí 2000 um aðgerðir gegn losun mengandi lofttegunda og agna frá hreyflum dráttarvéla fyrir landbúnað eða skógrækt og um breytingu á tilskipun ráðsins 74/150/EBE (Stjtíð. EB L 173, 12.7.2000, bls. 1), eins og henni er breytt með:

— 12003 T: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu (Stjtíð. ESB L 236, 23.9.2003, bls. 33),

— 32005 L 0013: tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/13/EB frá 21.2.2005 (Stjtíð. ESB L 55, 1.3.2005, bls. 35),

Eftirfarandi bætist við í 1. þætti 1. liðar í 4. viðbæti I. viðauka:

„34 fyrir Búlgaríu“, „19 fyrir Rúmeníu“.

36. 32000 L 0040: tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/40/EB frá 26. júní 2000 um samræmingu laga aðildarríkjanna um undirakstursvörn að framan fyrir vélknúin ökutæki og um breytingu á tilskipun ráðsins 70/156/EBE (Stjtíð. EB L 203, 10.8.2000, bls. 9), eins og henni var breytt með:

— 12003 T: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu (Stjtíð. ESB L 236, 23.9.2003, bls. 33).

Í I. viðauka bætist eftirfarandi við í dálknum undir lið 3.2:

„34 fyrir Búlgaríu“, „19 fyrir Rúmeníu“.

37. 32001 L 0056: tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/56/EB frá 27. september 2001 um hitakerfi fyrir vélknúin ökutæki og eftirvagna þeirra, breytingu á tilskipun ráðsins 70/156/EBE og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 78/548/EBE (Stjtíð. EB L 292, 9.11.2001, bls. 21), eins og henni var breytt með:

— 12003 T: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu (Stjtíð. ESB L 236, 23.9.2003, bls. 33),

— 32004 L 0078: tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/78/EB frá 29.4.2004 (Stjtíð. ESB L 153, 30.4.2004, bls. 103),

Í I. viðauka bætist eftirfarandi við í lið 1.1.1 í 5. viðbæti:

„34 fyrir Búlgaríu“, „19 fyrir Rúmeníu“.

38. 32001 L 0085: tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/85/EB frá 20. nóvember 2001 um sérákvæði fyrir ökutæki sem eru ætluð til farþegaflutninga og taka fleiri en átta manns í sæti auk ökumanns og um breytingu á tilskipunum 70/156/EBE og 97/27/EB (Stjtíð. EB L 42, 13.2.2002, bls. 1).

a) Í lið 7.6.11.1 í I. viðauka bætist eftirfarandi við skrána á eftir ‘Nödutgång’ : 'Аварием изход’ ‘Ieşire de siguranţă’;

b) ‘Спиране на автобуса’ ‘Oprire’.

Í lið 7.7.9.1 í I. viðauka bætist eftirfarandi við skrána á eftir ‘stannar’

39. 32002 L 0024: tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/24/EB frá 18. mars 2002 um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum á tveimur eða þremur hjólum og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 92/61/EBE (Stjtíð. EB L 124, 9.5.2002, bls. 1), eins og henni var breytt með:

— 12003 T: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu (Stjtíð. ESB L 236, 23.9.2003, bls. 33),

— 32003 L 0077: tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/77/EB frá 11.8.2003 (Stjtíð. ESB L 211, 21.8.2003, bls. 24).

— 32005 L 0030: tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/30/EB frá 22.4.2005 (Stjtíð. ESB L 106, 27.4.2005, bls. 17),

a) Í stað 47. liðar á 2. síðu fyrirmyndarinnar í A-hluta IV. viðauka komi eftirfarandi:

„47. Gjaldskylda eða innlent/innlend kenninúmer ef við á:

Belgía:.....	Búlgaría:.....	Tékkland:.....
Danmörk:.....	Þýskaland:.....	Eistland:.....
Grikkland:	Spánn:.....	Frakkland:.....
Írland:.....	Ítalía:.....	Kýpur:.....
Lettland:.....	Litháen:.....	Lúxemborg:.....
Ungverjaland:.....	Malta:.....	Holland:.....
Austurríki:.....	Pólland:.....	Portúgal:.....
Rúmenía:.....	Slóvenía:.....	Slóvakía:.....
Finnland:.....	Svíþjóð:.....	Breska konungsríkið:.....„:

b) Eftirfarandi bætist við í 1. lið í 1. þætti V. viðauka A:

„34 fyrir Búlgaríu“, „19 fyrir Rúmeníu“

c) Í lið 1.1 í V. viðauka bætist eftirfarandi inn í skrána :

„34 fyrir Búlgaríu“, „19 fyrir Rúmeníu“.

40. 32003 L 0037: tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/37/EB frá 26. maí 2003 um gerðarviðurkenningu á dráttarvélum fyrir landbúnað eða skógrækt, eftirvögnum þeirra og útskiptanlegum, dregnum tækjum ásamt kerfum þeirra, íhlutum og aðskildum tæknieiningum og um niðurfellingu á tilskipun 74/150/EBE (Stjtíð. ESB L 171, 9.7.2003, bls. 1) eins og henni var breytt með:

— 32004 L 0066: tilskipun ráðsins 2004/66/EB frá 26.4.2004 (Stjtíð. ESB L 168, 1.5.2004, bls. 35),

— 32005 L 0013: tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/13/EB frá 21.2.2005 (Stjtíð. ESB L 55, 1.3.2005, bls. 35),

— 32005 L 0067: tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/67/EB frá 18.10.2005 (Stjtíð. ESB L 273, 19.10.2005, bls. 17),

a) Í II. viðauka, C-kafla, 1. viðbæti, 1. lið bætist eftirfarandi við fyrsta undirlið:

„34 fyrir Búlgaríu“, „19 fyrir Rúmeníu“

b) Í III. viðauka, I. hluta, „A – Fullbúnar dráttarvélar/dráttarvélar sem eru fullbúnar í áföngum“ komi eftirfarandi í stað 16. liðar:

„16. Gjaldskylda á grundvelli hestafla eða gjaldflokkur/flokkar

Belgía:.....	Búlgaría:.....	Tékkland:.....
Danmörk:.....	Þýskaland:.....	Eistland:.....
Grikkland:	Spánn:.....	Frakkland:.....
Írland:.....	Ítalía:.....	Kýpur:.....
Lettland:.....	Litháen:.....	Lúxemborg:.....
Ungverjaland:.....	Malta:.....	Holland:.....
Austurríki:.....	Pólland:.....	Portúgal:.....
Rúmenía:.....	Slóvenía:.....	Slóvakía:.....
Finnland:.....	Svíþjóð:.....	Breska konungsríkið:.....„:

c) Í III. viðauka, I. hluta, „B – Eftirvagnar fyrir landbúnað eða skógrækt - fullbúnir/fullbúnir í áföngum“ komi eftirfarandi í stað 16. liðar:

„16 Gjaldskylda á grundvelli hestafla eða gjaldflokkur/flokkar (ef við á)

Belgía:.....	Búlgaría:.....	Tékkland:.....
Danmörk:.....	Þýskaland:.....	Eistland:.....
Grikkland:	Spánn:.....	Frakkland:.....
Írland:.....	Ítalía:.....	Kýpur:.....
Lettland:.....	Litháen:.....	Lúxemborg:.....
Ungverjaland:.....	Malta:.....	Holland:.....
Austurríki:.....	Pólland:.....	Portúgal:.....
Rúmenía:.....	Slóvenía:.....	Slóvakía:.....
Finnland:.....	Svíþjóð:.....	Breska konungsríkið:.....„:

d) Í III. viðauka, I. hluta, „C – Útskiptanleg dregin tæki – fullbúin/fullbúin í áföngum“ komi eftirfarandi í stað 16. liðar:

„16. Gjaldskylda á grundvelli hestafla eða gjaldflokkur/flokkar (ef við á)

Belgía:.....	Búlgaría:.....	Tékkland:.....
Danmörk:.....	Þýskaland:.....	Eistland:.....
Grikkland:	Spánn:.....	Frakkland:.....
Írland:.....	Ítalía:.....	Kýpur:.....
Lettland:.....	Litháen:.....	Lúxemborg:.....
Ungverjaland:.....	Malta:.....	Holland:.....
Austurríki:.....	Pólland:.....	Portúgal:.....
Rúmenía:.....	Slóvenía:.....	Slóvakía:.....
Finnland:.....	Svíþjóð:.....	Breska konungsríkið:.....„:

e) Í III. viðauka, II. hluta, „A – Eftirvagnar fyrir landbúnað eða skógrækt - ófullbúnir“ komi eftirfarandi í stað 16. liðar:

„16. Gjaldskylda á grundvelli hestafla eða gjaldflokkur/flokkar (ef við á)

Belgía:.....	Búlgaría:.....	Tékkland:.....
Danmörk:.....	Þýskaland:.....	Eistland:.....
Grikkland:	Spánn:.....	Frakkland:.....
Írland:.....	Ítalía:.....	Kýpur:.....
Lettland:.....	Litháen:.....	Lúxemborg:.....
Ungverjaland:.....	Malta:.....	Holland:.....
Austurríki:.....	Pólland:.....	Portúgal:.....
Rúmenía:.....	Slóvenía:.....	Slóvakía:.....
Finnland:.....	Svíþjóð:.....	Breska konungsríkið:.....„:

f) Í III. viðauka, II. hluta, „B – Útskiptanleg dregin tæki – ófullbúin“ komi eftirfarandi í stað 16. liðar:

„16. Gjaldskylda á grundvelli hestafla eða gjaldflokkur/flokkar (ef við á)

Belgía:.....	Búlgaría:.....	Tékkland:.....
Danmörk:.....	Þýskaland:.....	Eistland:.....
Grikkland:	Spánn:.....	Frakkland:.....
Írland:.....	Ítalía:.....	Kýpur:.....
Lettland:.....	Litháen:.....	Lúxemborg:.....
Ungverjaland:.....	Malta:.....	Holland:.....
Austurríki:.....	Pólland:.....	Portúgal:.....
Rúmenía:.....	Slóvenía:.....	Slóvakía:.....
Finnland:.....	Svíþjóð:.....	Breska konungsríkið:.....„:

41. 32003 L 0097: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/97/EB frá 10. nóvember 2003 um samræmingu laga aðildarríkjanna um gerðarviðurkenningu á búnaði til að auka sjónsvið og ökutækjum með slíkum búnaði, um breytingu á tilskipun 70/156/EBE og niðurfellingu á tilskipun 71/127/EBE (Stjtíð. ESB L 25, 29.1.2004, bls. 1), eins og henni var breytt með:

— 32005 L 0027: tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/27/EB frá 29.3.2005 (Stjtíð. ESB L 81, 30.3.2005, bls. 44),

Í 5. viðbæti I. viðauka bætist eftirfarandi við lið 1.1 milli færslnanna fyrir Danmörku og Pólland:

„19 fyrir Rúmeníu“,

og, milli færslnanna fyrir Lettland og Litháen:

„34 fyrir Búlgaríu“.

42. 32005 L 0066: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/66/EB frá 26. október 2005 um notkun varnarbúnaðar framan á vélknúnum ökutækjum og um breytingu á tilskipun ráðsins 70/156/EBE (Stjtíð. ESB L 309, 25.11.2005, bls. 37).

Í II. viðauka bætist eftirfarandi við lið 3.2.1:

„34 fyrir Búlgaríu“, „19 fyrir Rúmeníu“.

B. LÖGMÆLIFRÆÐI OG FORPÖKKUN

1. 31971 L 0316: Tilskipun ráðsins 71/316/EBE frá 26. júlí 1971 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi sameiginleg ákvæði um mælitæki og aðferðir við mælifræðilegt eftirlit (Stjtíð. EB L 202, 6.9.1971, bls. 1), eins og henni var breytt með:

— 11972 B: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Konungsríkisins Danmerkur, Írlands og Breska konungsríkisins (Stjtíð. EB L 73, 27.3.1972, bls. 14),

— 31972 L 0427: tilskipun ráðsins 72/427/EBE frá 19.12.1972 (Stjtíð. EB L 291, 28.12.1972., bls. 156),

— 11979 H: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild lýðveldisins Grikklands (Stjtíð. EB L 291, 19.11.1979, bls. 17),

— 31983 L 0575: tilskipun ráðsins 83/575/EBE frá 26.10.1983 (Stjtíð. EB L 332, 28.11.1983, bls. 43),

— 11985 I: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Konungsríkisins Spánar og Lýðveldisins Portúgals (Stjtíð. EB L 302, 15.11.1985, bls. 23),

— 31987 L 0354: tilskipun ráðsins 87/354/EBE frá 25.6.1987 (Stjtíð. EB L 192, 11.7.1987, bls. 43),

— 31987 L 0355: tilskipun ráðsins 87/355/EBE frá 25.6.1987 (Stjtíð. EB L 192, 11.7.1987, bls. 46),

— 31988 L 0665: tilskipun ráðsins 88/665/EBE frá 21.12.1988 (Stjtíð. EB L 382, 31.12.1988, bls. 42),

— 11994 N: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Finnlands og Konungsríkisins Svíþjóðar (Stjtíð. EB C 241, 29.8.1994, bls. 21),


— 12003 T: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu (Stjtíð. ESB L 236, 23.9.2003, bls. 33),

— 32003 R 0807: reglugerð ráðsins (EB) nr. 807/2003 frá 14. 4. 2003 (Stjtíð. ESB L 122, 16.5.2003, bls. 36).

a) Í fyrsta undirlið liðar 3.1. í I. viðauka og í fyrsta undirlið a-liðar í lið 3.1.1.1 í II. viðauka bætist eftirfarandi við svigagreinina: „BG fyrir Búlgaríu, RO fyrir Rúmeníu“,

b) Við teikningarnar sem vísað er til í lið 3.2.1 í II. viðauka bætast eftirfarandi teikningar: „

„



2. 31971 L 0347: Tilskipun ráðsins 71/347/EBE frá 12. október 1971 um samræmingu laga aðildarríkjanna um að ákvarða hektólítraþyngd kornvöru (Stjtíð. EB L 239, 25.10.1971, bls. 1), eins og henni var breytt með:

— 11972 B: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum,

— lögum um aðild Konungsríkisins Danmerkur, Írlands og Breska konungsríkisins (Stjtíð. EB L 73, 27.3.1972, bls. 14)

— 11979 H: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild lýðveldisins Grikklands (Stjtíð. EB L 291, 19.11.1979, bls. 17),

— 11985 I: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Konungsríkisins Spánar og Lýðveldisins Portúgals (Stjtíð. EB L 302, 15.11.1985, bls. 23),

— 11994 N: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Finnlands og Konungsríkisins Svíþjóðar (Stjtíð. EB C 241, 29.8.1994, bls. 21),

— 12003 T: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu (Stjtíð. ESB L 236, 23.9.2003, bls. 33).

Í a-lið 1. gr. bætist eftirfarandi við á milli sviganna:

„хектолитрова маса ЕИО“

„masă hectolitrică CEE“.

3. 32004 L 0022: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/22/EB frá 31. mars 2004 um mælitæki (Stjtíð. ESB L 135, 30.4.2004, bls. 1).

Eftirfarandi málsgrein bætist við 23. gr.:

„Á þessu aðlögunartímabili skal verðgildi gjaldmiðla Búlgaríu og Rúmeníu, samkvæmt lið 4.8.1 í IV. kafla viðaukans við tilskipun 71/348/EBE, vera eftirfarandi:

1 стотинка (1 stotinka)

1 ný leva“

C. ÞRÝSTIHYLKI

31976 L 0767: Tilskipun ráðsins 76/767/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi sameiginleg ákvæði um þrýstihylki og aðferðir við eftirlit með þeim (Stjtíð. EB L 262, 27.9.1976, bls. 153), eins og henni var breytt með:

— 11979 H: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild lýðveldisins Grikklands (Stjtíð. EB L 291, 19.11.1979, bls. 17),

— 11985 I: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Konungsríkisins Spánar og Lýðveldisins Portúgals (Stjtíð. EB L 302, 15.11.1985, bls. 23),

— 31987 L 0354: tilskipun ráðsins 87/354/EBE frá 25.6.1987 (Stjtíð. EB L 192, 11.7.1987, bls. 43),

— 31988 L 0665: tilskipun ráðsins 88/665/EBE frá 21.12.1988 (Stjtíð. EB L 382, 31.12.1988, bls. 42),

— 11994 N: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Finnlands og Konungsríkisins Svíþjóðar (Stjtíð. EB C 241, 29.8.1994, bls. 21),

— 12003 T: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu (Stjtíð. ESB L 236, 23.9.2003, bls. 33),

— 32003 R 0807: reglugerð ráðsins (EB) nr. 807/2003 frá 14. 4. 2003 (Stjtíð. ESB L 122, 16.5.2003, bls. 36).

Í fyrsta undirlið í lið 3.1 í I. viðauka og fyrsta undirlið í lið 3.1.1.1.1 í II. viðauka bætist eftirfarandi við svigagreinina:

„BG fyrir Búlgaríu,

RO fyrir Rúmeníu“.

D. TEXTÍLEFNI OG SKÓFATNAÐUR

1. 31994 L 0011: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/11/EB frá 23. mars 1994 um samræmingu laga og stjórnsýslufyrirmæla aðildarríkjanna um merkingu efnis í aðalhlutum skófatnaðar sem á að fara í smásöludreifingu (Stjtíð. EB L 100, 19.4.1994, bls. 37), eins og henni var breytt með:

— 12003 T: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu (Stjtíð. ESB L 236, 23.9.2003, bls. 33).

a) Eftirfarandi bætist við í a-lið 1. liðar I. viðauka á eftir „SK Vrch“:

„BG лицева част

RO față“;

b) Eftirfarandi bætist við í b-lið 1. liðar I. viðauka á eftir „SK Podšívka a stielka“:

„BG подплата и стелка

RO căptușeală și acoperiș de branț“;

c) Eftirfarandi bætist við í c-lið 1. liðar I. viðauka á eftir „SK Podošva“:

„BG външно ходило

RO talpă exterioară“;

d) Eftirfarandi bætist við í i. lið a-liðar í 2. lið I. viðauka á eftir „SK Useň“:

„BG кожа

RO piei cu față naturală“;

e) Eftirfarandi bætist við í i. lið a-liðar í 2. lið I. viðauka á eftir „SK Povrstvená useň“:

„BG кожа с покритие

RO piei cu față corectată“;

f) Eftirfarandi bætist við í b-lið 2. liðar I. viðauka á eftir „SK Textil“:

„'BG текстил

RO textile“;

g) Eftirfarandi bætist við í c-lið 2. liðar I. viðauka á eftir „SK Iný materiál“:

„BG всички други материали

RO alte materiale“.

2. 31996 L 0074: tlskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/74/EB frá 16. desember 1996 um textílheiti (Stjtíð. ESB L 32, 3.2.1997, bls. 38), eins og henni var breytt með:

— 31997 L 0037: tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/37/EB frá 19.6.1997 (Stjtíð. EB L 169, 27.6.1997, bls. 74),

— 12003 T: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum,

— aðild Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu, (Stjtíð. ESB L 236, 23.9.2003, bls. 33),

— 32004 L 0034: tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/34/EB frá 23.3.2004 (Stjtíð. ESB L 89, 26.3.2004, bls. 35),

— 32006 L 0003: tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/3/EB frá 9..2006 (Stjtíð. ESB L 5, 10.1.2006, bls. 14).

Eftirfarandi bætist við í 1. mgr. 5. gr.:

„— “необработена вълна”,

— “lână virgină”.“

E. GLER

31969 L 0493: tilskipun ráðsins 69/493/EBE frá 15. desember 1969 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi kristallsgler (Stjtíð. ESB L 326, 29.12.1969, bls. 36), eins og henni var breytt með:

— 11972 B: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Konungsríkisins Danmerkur, Írlands og Breska konungsríkisins (Stjtíð. EB L 73, 27.3.1972, bls. 14),

— 11979 H: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild lýðveldisins Grikklands (Stjtíð. EB L 291, 19.11.1979, bls. 17),

— 11985 I: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Konungsríkisins Spánar og Lýðveldisins Portúgals (Stjtíð. EB L 302, 15.11.1985, bls. 23),

— 12003 T: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu (Stjtíð. ESB L 236, 23.9.2003, bls. 33).

a) Eftirfarandi er bætt inn í b-dálk 1. liðar I. viðauka:

„'ТЕЖЪК ОЛОВЕН КРИСТАЛ 30%,

CRISTAL SUPERIOR 30%“;

b) Eftirfarandi er bætt inn í b-dálk 2. liðar I. viðauka:

„ОЛОВЕН КРИСТАЛ 24%,

CRISTAL CU PLUMB 24%“;

c) Eftirfarandi er bætt inn í b-dálk 3. liðar I. viðauka:

„КРИСТАЛИН,

STICLĂ CRISTALINĂ“;

d) Eftirfarandi er bætt inn í b-dálk 4. liðar I. viðauka:

„КРИСТАЛНО СТЪКЛО,

CRISTALIN — STICLĂ SONORĂ.“

F. LÁRÉTTAR RÁÐSTAFANIR OG MÁLSMEÐFERÐARRÁÐSTAFANIR

31998 L 0034: tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/34/EB frá 22. júní 1998 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta á sviði tæknistaðla og reglugerða sem og reglna um þjónustu í upplýsingasamfélaginu (Stjtíð. EB L 204, 21.7.1998, bls. 37), eins og því var breytt með:

— 31998 L 0048: tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/48/EB frá 20.7.1998 (Stjtíð. EB L 217, 5.8.1998, bls. 18),

— 12003 T: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu (Stjtíð. ESB L 236, 23.9.2003, bls. 33).

Í stað II. viðauka komi eftirfarandi:

„*II. VIÐAUKI*

INNLENDAR STAÐLASTOFNANIR

1. BELGÍA

   IBN/BIN

   Institut belge de normalisation

   Belgisch Instituut voor Normalisatie

   CEB/BEC

   Comité électrotechnique belge

   Belgisch Elektrotechnisch Comité

2. BÚLGARÍA

   БИС

   Български институт за стандартизация

3. TÉKKLAND

   ČSNI

   Český normalizační institut

4. DANMÖRK

   DS

   Dansk Standard NTA Telestyrelsen, National Telecom Agency

5. ÞÝSKALAND

   DIN

   Deutsches Institut für Normung e.V.

   DKE

   Deutsche Elektrotechnische Kommission im DIN und VDE

6. EISTLAND

   EVS

   Eesti Standardikeskus Sideamet

7. GRIKKLAND

   ΕΛΟΤ

   Ελληνικός Οργανισμός Τυποποίησης

8. SPÁNN

   AENOR

   Asociación Española de Normalización y Certificación

9. FRAKKLAND

   AFNOR

   Association française de normalisation

   UTE

   Union technique de l'électricité — Bureau de normalisation auprès de l'AFNOR

10. ÍRLAND

    NSAI

    National Standards Authority of Ireland

    ETCI

    Electrotechnical Council of Ireland

11. ÍTALÍA

    UNI (*)

    Ente nazionale italiano di unificazione

    CEI (*)

    Comitato elettrotecnico italiano

12. KÝPUR

    ΚΟΠΠΙ

    Κυπριακός Οργανισμός Προώθησης Ποιότητας (The Cyprus Organisation for Quality Promotion)

13. LETTLAND

    LVS

    Latvijas Standarts

14. LITHÁEN

    LST

    Lietuvos standartizacijos departamentas

15. LÚXEMBORG

    ITM

    Inspection du travail et des mines

    SEE

    Service de l'énergie de l'État

16. UNGVERJALAND

    MSZT

    Magyar Szabványügyi Testület

17. MALTA

    MSA

    L-Awtorita' ta' Malta dwar l-Istandards (Malta Standards Authority)

18. HOLLAND

    NNI

    Nederlands Normalisatie Instituut

    NEC

    Nederlands Elektrotechnisch Comité

19. AUSTURRÍKI

ÖN

Österreichisches Normungsinstitut

ÖVE

Österreichischer Verband für Elektrotechnik

20. PÓLLAND

PKN

Polski Komitet Normalizacyjny

21. PORTÚGAL

IPQ

Instituto Português da Qualidade

22. RÚMENÍA

ASRO

Asociaţia de Standardizare din România

23. SLÓVENÍA

SIST

Slovenski inštitut za standardizacijo

24. SLÓVAKÍA

SÚTN

Slovenský ústav technickej normalizácie

25. FINNLAND

SFS

Suomen Standardisoimisliitto SFS ry

Finlands Standardiseringsförbund SFS rf

THK/TFC

Telehallintokeskus

Teleförvaltningscentralen

SESKO

Suomen Sähköteknillinen Standardisoimisyhdistys SESKO ry

Finlands Elektrotekniska Standardiseringsförening SESKO rf

26. SVÍÞJÓÐ

SIS

Standardiseringen i Sverige

SEK

Svenska elektriska kommissionen

ITS

Informationstekniska standardiseringen

27. BRESKA KONUNGSRÍKIÐ

BSI

British Standards Institution

BEC

British Electrotechnical Committee

(*) UNI og CEI, í samvinnu við Istituto superiore delle Poste e Telecommunicazioni og ministero dell'Industria, hafa úthlutað CONCIT (Comitato nazionale di coordinamento per le tecnologie dell'informazione) þeirri starfsemi sem unnin var á vegum ETSI.“

G. ÍÐEFNI

31999 L 0045: tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/45/EB frá 31. maí 1999 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efnablandna (Stjtíð. EB L 200, 30.7.1999, bls. 1), eins og henni var breytt með:

— 32001 L 0060: tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/60/EB frá 7.8.2001 (Stjtíð. EB L 226, 22.8.2001, bls. 5),

— 32003 R 1882: reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1882/2003 frá 29.9.3,03 (Stjtíð. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

— 32004 L 0066: tilskipun ráðsins 2004/66/EB frá 26.4.2004 (Stjtíð. ESB L 168, 1.5.2004, bls. 35),

— 32006 L 0008: tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/8/EB frá 23.1.2006 (Stjtíð. ESB L 19, 24.1.2006, bls. 12).

Í stað skráarinnar yfir lönd í VI. viðauka, A-hluta, 5. lið komi eftirfarandi:

„Belgía:

Búlgaría:

Tékkland:

Danmörk:

Þýskaland:

Eistland:

Grikkland:

Spánn:

Frakkland:

Írland:

Italy:

Kýpur:

Lettland:

Litháen:

Lúxemborg:

Ungverjaland:

Malta:

Holland:

Austurríki:

Pólland:

Portúgal:

Rúmenía:

Slóvenía:

Slóvakía:

Finnland:

Svíþjóð:

Breska konungsríkið: “.

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2013/EES/4/09**

frá 12. maí 2003

um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 að því er varðar fóðrun tiltekinna hræfugla á tilteknum efnum úr 1. flokki (*)

(tilkynnt með númeri C(2003) 1494)

(Einungis spænski, gríski, franski, ítalski og portúgalski textinn hafa lagagildi)

(2003/322/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 frá 3. október 2002 um heilbrigðisreglur um aukaafurðir úr dýrum sem ekki eru ætlaðar til manneldis ([1]), einkum d-lið 2. mgr. 23. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1774/2002 geta aðildarríkin leyft notkun tiltekins efnis úr 1. flokki til að fóðra tegundir hræfugla, sem eru í útrýmingarhættu eða njóta verndar, að höfðu samráði við Matvælaöryggisstofnun Evrópu, með undanþágu frá þeim takmörkunum sem gilda um notkun aukaafurða úr dýrum og mælt er fyrir um í þeirri reglugerð.

2) Vísindastýrinefndin lagði fram álit 7. og 8. nóvember 2002 um öryggi í tengslum við það að hræfuglar geta verið mögulegir smitberar smitandi heilahrörnunar-sjúkdóma (TSE).

3) Samkvæmt þ essu vísindalega áliti ætti fóðrun með skrokkum af dýrategundum, sem eru smitnæmar fyrir smitandi heilahrörnun, ekki að hafa í för með sér tilbúna aukningu á fjölda hugsanlegra smituppspretta sem bera með sér smitandi heilahrörnun eða hugsanlega útbreiðslu sjúkdómsins. Enn fremur eiga fóðrunaráætlanir fyrir villtar tegundir, s.s. hræfugla, hvorki að verða staðgönguaðferðir til að farga dauðum jórturdýrum sem hætta er á að beri með sér smitandi heilahrörnun né til að farga sérstöku áhættuefni.

4) Fóðrun hræfugla á tilteknu efni úr 1. flokki getur því, á grundvelli álits vísindastýrinefndarinnar, talist leyfileg.

5) Grikkland, Spánn, Frakkland, Ítalía og Portúgal hafa sótt um leyfi til að fóðra tilteknar tegundir hræfugla á tilteknu efni úr 1. flokki.

6) Umsóknirnar uppfylla þau skilyrði sem farið er fram á í vísindalegu áliti vísindastýrinefndarinnar. Þó skal fara fram á viðbótarrökstuðning til að sannreyna að ekki sé önnur leið fær til að vernda þessar hræfuglategundir en að fóðra þær á tilteknu efni úr 1. flokki og leiða þannig til óþarfa fjölgunar á mögulegum smituppsprettum smitandi heilahrörnunar.

7) Til þess að koma í veg fyrir að heilbrigði dýra og lýðheilsu sé stofnað í hættu er nauðsynlegt að mæla fyrir um reglur sem á að fylgja þegar fóðrun þessara hræfugla á tilteknu efni úr 1. flokki er heimiluð.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Framkvæmdarreglur um fóðrun hræfugla á efni úr 1. flokki

Samkvæmt d-lið 2. mgr. 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1774/2002 er Grikklandi, Spáni, Frakklandi, Ítalíu og Portúgal heimilt að leyfa notkun heilla skrokka af dauðum dýrum, sem kunna að innihalda sérstakt áhættuefni, eins og um getur í ii. lið b-liðar 1. mgr. 4. gr. þeirrar reglugerðar, til að fóðra tegundir hræfugla, sem eru í útrýmingarhættu eða njóta verndar, eins og sett er fram í A-hluta viðaukans við þessa ákvörðun.

2. gr.

Leyfi og eftirlitsráðstafanir lögbærra yfirvalda

1. Lögbært yfirvald getur veitt þeim aðila leyfi sem ber ábyrgð á fóðrun hræfuglanna sem um getur í 1. gr.

2. Lögbært yfirvald skal einungis veita leyfið, sem kveðið er á um í 1. mgr., ef farið er að sértækum kröfum sem mælt er fyrir um í B-hluta viðaukans.

3. Lögbært yfirvald skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hafa umsjón og eftirlit með því að farið sé að sértæku kröfunum sem mælt er fyrir um í B-hluta viðaukans.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 117, 13.5.2003, bls. 32. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 136/2007 frá 26. október 2007 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 19, 10.4.2008, bls. 55.

([1]) Stjtíð. EB L 273, 10.10.2002, bls. 1.

Þær ráðstafanir skulu fela í sér strangt eftirlit með heilbrigðisástandi dýranna á svæðinu þar sem fóðrunin fer fram og viðeigandi eftirlit með smitandi heilahrörnun, þ.m.t. regluleg sýnataka og rannsóknir á rannsóknarstofum vegna smitandi heilahrörnunarsjúkdóma. Til sýnanna skulu teljast sýni úr dýrum sem sýna taugafræðileg einkenni og sýni úr eldri kynbótadýrum.

3. gr.

Skýrslur og endurskoðun

1. Grikkland, Spánn, Frakkland, Ítalía og Portúgal skulu, fyrir 31. október 2003, senda framkvæmdastjórninni þær upplýsingar sem kveðið er á um í 3. mgr. 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1774/EB, þ.m.t. skýrsla:

a) um þær eftirlitsráðstafanir sem kveðið er á um í 2. gr. þessarar ákvörðunar og

b) með ítarlegum rökum fyrir því að telja með sérhverja tegund hræfugla sem fellur undir 1. gr. þessarar ákvörðunar og færa rök fyrir því hvers vegna nauðsynlegt er að fóðra þessa fugla á efni úr 1. flokki sem um getur í þeirri grein í stað þess að fóðra þá eingöngu á efni úr 2. og 3. flokki.

2. Ákvörðun þessa skal endurskoða á grundvelli skýrslna, sem lagðar eru fram í samræmi við 1. mgr., ef slíkt er talið nauðsynlegt að loknu viðeigandi vísindalegu mati.

4. gr.

Fylgni aðildarríkjanna við þessa ákvörðun

Grikkland, Spánn, Frakkland, Ítalía og Portúgal skulu þegar í stað gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að ákvörðun þessari og birta þ ær ráðstafanir. Þ au skulu tilkynna þ að framkvæmdastjórninni þegar í stað.

5. gr.

Gildissvið

Ákvörðun þessi gildir frá 1. maí 2003.

6. gr.

Viðtakendur

Ákvörðun þessari er beint til Lýðveldisins Grikklands, Konungsríkisins Spánar, Lýðveldisins Frakklands, Lýðveldisins Ítalíu og Lýðveldisins Portúgal.

Gjört í Brussel 12. maí 2003.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

FRAMKVÆMDARREGLUR UM FÓÐRUN HRÆFUGLATEGUNDA, SEM ERU Í ÚTRÝMINGARHÆTTU EÐA NJÓTA VERNDAR, Á TILTEKNU EFNI ÚR 1. FLOKKI Í SAMRÆMI VIÐ D-LIÐ 2. MGR. 23. GR. REGLUGERÐAR (EB) NR. 1774/2002

A. **Aðildarríkin og þær tegundir sem eru í útrýmingarhættu eða njóta verndar og um getur í 1. gr.**

Framkvæmdarreglurnar sem kveðið er á um í 1. gr. skulu gilda um:

a) þegar um er að ræða Grikkland: gæsagamm (*Gyps fulvus*), lambagamm (*Gypaetus barbatus) og* skarngamm (*Neophron pernkopterus),*

b) þegar um er að ræða Spán: gæsagamm (*Gyps fulvus*), kuflgamm (*Aegypisu monachus*), skarngamm (*Neophron percnopterus*), lambagamm (*Gypaetus barbatus*), skassörn (*Aquila adalberti),* gullörn (*Aquila chrysaetos),* svölugleðu (*Milvus milvus)* og vatnagleðu (*Milvus migrans),*

c) þegar um er að ræða Frakkland: gæsagamm (*Gyps fulvus*), kuflgamm (*Aegypisu monachus*), skarngamm (*Neophron percnopterus*), lambagamm (*Gypaetus barbatus*), svölugleðu (*Milvus milvus)* og vatnagleðu (*Milvus migrans),*

d) þegar um er að ræða Ítalíu: gæsagamm (*Gyps fulvus*), lambagamm (*Gypaetus barbatus) og* gullörn (*Aquila chrysaetos),*

e) þegar um er að ræða Portúgal: gæsagamm (*Gyps fulvus*), kuflgamm (*Aegypius monachus*), skarngamm (*Neophron percnopterus*) og gullörn (*Aquila chrysaetos*).

B. **Sértækar kröfur eins og um getur í 2. gr.**

1. Samþykki lögbærs yfirvalds, eins og kveðið er á um í 2. gr., er með fyrirvara um eftirfarandi:

   a) ekki má friða fuglategundirnar með öðrum hætti,

   b) fóðrunaráætlunin verður að vera innan ramma viðurkenndrar verndunaráætlunar,

   c) fóðrunina má ekki nota sem aðra aðferð til að farga sérstöku áhættuefni eða dauðum jórturdýrum sem innihalda slíkt efni og hætta er á að beri með sér smitandi heilahrörnun,

   d) viðeigandi eftirlitskerfi vegna smitandi heilahrörnunarsjúkdóma, eins og mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 frá 22. maí 2001 um setningu reglna um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu tiltekinna tegunda smitandi heilahrörnunar ([1]), eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB), verður að vera fyrir hendi og fela í sér reglubundnar prófanir á rannsóknarstofum vegna smitandi heilahrörnunar,

   e) tryggja verður samræmingu milli lögbærra yfirvalda sem hafa eftirlit með kröfunum sem mælt er fyrir um í leyfinu og

   f) meta skal fyrir fram sértækar og sérstakar aðstæður viðkomandi hræfuglategunda og búsvæði þ eirra í viðkomandi landi.

2. Leyfi, sem lögbært yfirvald veitir, skal:

   a) vísa til og nefna þær tegundir hræfugla sem eiga í hlut,

   b) lýsa ítarlega landsvæðinu þar sem fóðrun skal fara fram og

   c) tafarlaust fellt úr gildi ef:

      i. grunur er um eða staðfest eru tengsl við útbreiðslu smitandi heilahrörnunar þ ar til unnt er að útiloka hættuna eða

      ii. ekki er farið að þeim reglum sem kveðið er á um í þessari ákvörðun.

3. Sá sem ber ábyrgð á fóðruninni skal:

   a) nota til þess lokað og afgirt svæði til að tryggja að aðrar kjötætur en fuglar komist ekki að fóðrinu,

   b) tryggja að gerðar séu prófanir vegna smitandi heilahrörnunar á skrokkum af nautgripum eldri en 24 mánaða og skrokkum af sauðfé og geitum eldri en 18 mánaða, sem ætlunin er að nota til fóðrunar, með einhverri af þeim prófunum, sem eru tilgreindar í reglugerð (EB) nr. 999/2001, með neikvæðum niðurstöðum, áður en skrokkarnir eru notaðir til fóðrunar og

   c) halda skrár, a.m.k. yfir fjölda, tegund, áætlaða þyngd og uppruna dýraskrokkanna sem eru notaðir til fóðrunar, niðurstöður prófana vegna smitandi heilahrörnunar, dag fóðrunar og stað þar sem fóðrun fór fram.

4. Allar aðrar sértækar kröfur, sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1774/2002, einkum í 2. mgr. 23. gr. og IX. viðauka við þá reglugerð, skulu uppfylltar.

([1]) Stjtíð. EB L 147, 31.5.2001, bls. 1.
([2]) Stjtíð. ESB L 37, 13.2.2003, bls. 7.

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2013/EES/4/10**

frá 12. maí 2003

um undanþágu frá banni við endurvinnslu, þegar um er að ræða eina og sömu loðdýrategundina, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 (*)

(tilkynnt með númeri C(2003) 1496)

(Einungis finnski og sænski textinn hafa lagagildi)

(2003/324/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 frá 3. október 2002 um heilbrigðisreglur um aukaafurðir úr dýrum sem ekki eru ætlaðar til manneldis ([1]), einkum 2. mgr. 22. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1774/2002 er kveðið á um bann við því að dýr séu fóðruð á unnu dýraprótíni úr dýrum sömu tegundar. Veita má undanþágur í tengslum við loðdýr að höfðu samráði við viðkomandi vísindanefnd.

2) Vísindastýrinefndin lagði fram álit 24. og 25. júní 1999 um áhættuna sem fylgir óhefðbundnum smitefnum, hefðbundnum sýklum eða öðrum hættum á borð við eiturefni sem komast í matvælaferlið eða fóðurferlið með hráefni úr sjálfdauðu búfé og dauðum dýrum eða með ónýtu efni. Álitið var uppfært hinn 13. júlí 1999. Álitið vísar til áhættu sem tengist því að fóðra loðdýr á unnu dýraprótíni úr dýrum sömu tegundar.

3) Hinn 17. september 1999 samþykkti vísindastýrinefndin álit um áhættu sem fylgir endurvinnslu á aukaafurðum úr dýrum í fóður, þegar um er að ræða eina og sömu dýrategundina, með tilliti til útbreiðslu smitandi heilahrörnunar til annarra húsdýra en jórturdýra.

4) Samkvæmt þessum vísindalegu álitum má hugsanlega endurvinna loðdýr á tilteknum svæðum, á grundvelli vel rökstuddra gagna, þannig að tryggt sé að smitefni smitandi heilahrörnunar finnist ólíklega í viðkomandi stofni. Í álitunum eru einnig sett fram þau skilyrði sem eru nauðsynleg til þess að draga úr hættu á smitandi heilahrörnun.

5) Finnland hefur lagt fram beiðni um undanþágu frá banni við endurvinnslu á loðdýrum þegar um er að ræða einu og sömu loðdýrategundina. Í beiðninni eru skilyrðin, sem krafist er í álitunum sem vísindastýrinefndin samþykkti til að draga úr hættu á smitandi heilahrörnun, uppfyllt.

6) Í samræmi við það ber að veita Finnlandi undanþágu, samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1774/2002, frá banni við endurvinnslu á loðdýrum þegar um er að ræða eina og sömu loðdýrategundina. Til að koma í veg fyrir að heilbrigði dýra og lýðheilsu sé stefnt í hættu skal sú undanþága vera háð tilteknum skilyrðum.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Undanþága veitt Finnlandi vegna tiltekinna loðdýra

Samkvæmt 2. mgr. 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 1774/2002 er Finnlandi veitt undanþága að því er varðar fóðrun eftirtalinna loðdýra á unnu dýraprótíni úr skrokkum eða hlutum skrokka af dýrum sömu tegundar:

a) refum (*Vulpes vulpes* og *Alopex lagopus*) og

b) marðarhundum (*Nyctereutes procynoides*).

2. gr.

Leyfi fyrir skráð býli

Lögbært yfirvald getur veitt skráðum býlum leyfi til að fóðra dýrategundir, sem um getur í 1. gr., á unnu dýraprótíni úr skrokkum eða hlutum skrokka af dýrum sömu tegundar. Slíkt leyfi má aðeins veita skráðum býlum:

a) á grundvelli umsóknar ásamt meðfylgjandi gögnum sem sanna að ekki sé ástæða til að ætla að smitefni smitandi heilahrörnunar sé fyrir hendi í stofni þeirrar tegundar sem umsóknin tekur til,

b) ef viðeigandi eftirlitskerfi vegna smitandi heilahrörnunar-sjúkdóma í loðdýrum er fyrir hendi, sem felur í sér reglulegar prófanir á sýnum á rannsóknarstofum m.t.t. smitandi heilahrörnunar, og

c) sem leggja fram viðeigandi ábyrgðir fyrir því að hvorki aukaafurðir úr dýrum né unnið dýraprótín úr þessum dýrum eða afkvæmum þeirra geti komist inn í matvæla- eða fóðurferlið hjá öðrum dýrum en loðdýrum,

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 117, 13.5.2003, bls. 37. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 136/2007 frá 26. október 2007 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 19, 10.4.2008, bls. 55.

([1]) Stjtíð. EB L 273, 10.10.2002, bls. 1.

d) ef ekki hefur verið, svo vitað sé, samgangur frá býlinu við býli þar sem grunur leikur á um smitandi heilahrörnun eða uppkoma hennar hefur verið staðfest,

e) ef ábyrgðaraðili skráða býlisins uppfyllir kröfurnar sem settar eru fram í IX. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1774/2002 og í viðaukanum við þessa ákvörðun.

3. gr.

Eftirlitsráðstafanir

1. Lögbært yfirvald skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hafa eftirlit með:

a) viðeigandi samsetningu, vinnslu og notkun fóðurs sem inniheldur unnið dýraprótín úr skrokkum eða hlutum skrokka af dýrum af sömu tegund,

b) dýrunum sem er gefið fóðrið sem um getur í a-lið, þ.m.t.:

i. strangt eftirlit með heilbrigðisástandi þessara dýra,

ii. viðeigandi eftirlit vegna smitandi heilahrörnunar, þ.m.t. regluleg sýnataka og rannsókn á rannsóknarstofu m.t.t. smitandi heilahrörnunarsjúkdóma,

c) því að kröfurnar í 2. gr. séu uppfylltar.

2. Til sýnanna, sem um getur í ii. lið b-liðar 1. mgr., skulu teljast sýni úr dýrum sem sýna taugafræðileg einkenni og sýni úr eldri kynbótadýrum.

4. gr.

Niðurfelling leyfis

Leyfi, eins og kveðið er á um í 2. gr., skal tafarlaust fellt úr gildi, ef um er að ræða grun eða staðfestingu á samgangi við býli þar sem grunur leikur á um uppkomu eða uppkoma smitandi heilahrörnunar hefur verið staðfest, þar til er unnt að útiloka hættu á smiti með fullri vissu.

5. gr.

Kröfur þessarar ákvörðunar uppfylltar

Finnland skal þegar í stað gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að ákvörðun þessari og birta þær ráðstafanir. Finnland skal þegar í stað tilkynna framkvæmdastjórninni um það.

6. gr.

Gildissvið

Ákvörðun þessi gildir frá 1. maí 2003.

7. gr.

Viðtakendur

Ákvörðun þessari er beint til Lýðveldisins Finnlands.

Gjört í Brussel 12. maí 2003.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

A. **Almennar skyldur ábyrgðaraðila skráða býlisins**

1. Ábyrgðaraðilinn verður að halda skrár yfir a.m.k.:

   a) feldi og skrokka af dýrum sem eru fóðruð á unnu dýraprótíni úr sömu dýrategund og

   b) hverja vörusendingu til þess að tryggja rekjanleika efnisins.

2. Ef um er að ræða grun um eða staðfestingu á samgangi við býli, þar sem grunur leikur á um uppkomu eða uppkoma smitandi heilahrörnunar hefur verið staðfest, skal ábyrgðaraðili þegar í stað:

   a) tilkynna lögbæru yfirvaldi um slíkt og

   b) hætta að senda loðdýr á alla viðtökustaði nema þeim fylgi skriflegt leyfi frá lögbæru yfirvaldi.

B. **Rekstrarskyldur ábyrgðaraðila skráða býlisins**

1. Ábyrgðaraðilinn skal sjá til þess:

   a) að skrokkar loðdýra, sem ætlaðir eru til fóðrunar dýra af sömu tegund, séu meðhöndlaðir og unnir aðskilið frá skrokkum sem ekki er leyfilegt að nota í þeim tilgangi,

   b) að loðdýrum, sem eru fóðruð á unnu dýraprótíni úr dýrum af sömu tegund, sé haldið aðskilið frá dýrum sem ekki eru fóðruð á unnu dýraprótíni úr dýrum af sömu tegund.

2. Ábyrgðaraðili skal sjá til þess að unnið dýraprótín, sem unnið er úr einni dýrategund og ætlað er í fóður handa annarri dýrategund, hafi verið:

   a) unnið í vinnslustöð sem er samþykkt skv. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1774/2002 og eingöngu unnið með aðferðum 1 til 5 eða 7 eins og þeim er lýst í III. kafla V. viðauka við þá reglugerð,

   b) framleitt úr heilbrigðum dýrum sem voru aflífuð til loðskinnaframleiðslu,

   c) framleitt úr dýrum sem voru ekki fóðruð á unnu dýraprótíni úr sömu dýrategund næstliðnar 24 klukkustundir fyrir aflífun.

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2013/EES/4/11**

frá 17. janúar 2003

um röðun tiltekinna byggingarvara í flokka eftir nothæfi með tilliti til viðbragða við bruna (*)

(tilkynnt með númeri C(2002) 4807)

(2003/43/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 89/106/EBE frá 21. desember 1988 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um byggingarvörur ([1]), eins og henni var breytt með tilskipun 93/68/EBE ([2]), einkum 2. mgr. 20. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 89/106/EBE er gert ráð fyrir því að nauðsynlegt kunni að vera að setja fram flokka í grunnskjölum sem samsvara nothæfi vara með hliðsjón af einstökum grunnkröfum svo unnt sé að taka mið af mismunandi verndarstigi mannvirkja á lands-, svæðis- eða staðarvísu. Skjöl þessi hafa verið gefin út í „Orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar varðandi grunnskjöl með tilskipun ráðsins 89/106/EBE ([3])“.

2) Að því er varðar grunnkröfur um varnir gegn bruna eru taldar upp ýmsar innbyrðis tengdar ráðstafanir í grunnskjali nr. 2 sem saman leggja grunn að mótun stefnu á sviði brunavarna sem má útfæra á mismunandi vegu í aðildarríkjunum.

3) Í grunnskjali nr. 2 er gerð grein fyrir einni þessara ráðstafana sem felst í því að takmarka myndun og útbreiðslu elds og reyks á nánar tilgreindu svæði með því að draga úr möguleikanum á því að byggingarvörur stuðli að fullþróuðum bruna.

4) Einungis er unnt að greina frá umfangi þessarar takmörkunar með því að flokka nothæfi byggingarvara eftir stigum með tilliti til viðbragða við bruna við raunverulega notkun.

5) Í samhæfðri lausn var kerfi flokka samþykkt í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/147/EB frá 8. febrúar 2000 um framkvæmd tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar flokkun byggingarvara eftir nothæfi með tilliti til viðbragða við bruna ([4]).

6) Þegar um er að ræða tilteknar þiljur sem unnar eru úr viði er nauðsynlegt að nota flokkunina sem er sett fram í ákvörðun 2000/147/EB.

7) Nothæfi með tilliti til viðbragða við bruna að því er varðar margar byggingarvörur og/eða efni, sem falla undir flokkunina sem kveðið er á um í ákvörðun 2000/147/EB, hefur verið rækilega staðfest og er vel þekkt meðal brunaeftirlitsaðila í aðildarríkjunum og því er ekki þörf á að prófa vörurnar eða efnin með tilliti til þessara eiginleika.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um byggingarmál.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Byggingarvörurnar og/eða efnin, sem uppfylla allar kröfur um „nothæfi með tilliti til viðbragða við bruna“, án þess að þörf sé á frekari prófunum, eru settar fram í viðaukanum.

2. gr.

Sérstakir flokkar, sem gilda um mismunandi byggingarvörur og/eða efni, innan flokkunar eftir nothæfi með tilliti til viðbragða við bruna sem samþykkt var í ákvörðun 2000/147/EB, eru settir fram í viðaukanum við þessa ákvörðun.

3. gr.

Meta skal byggingarvörur við raunverulega notkun þar sem við á.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 13, 18.1.2003, bls. 35. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 9/2008 frá 1. febrúar 2008 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 33, 12.6.2008, bls. 14.

([1]) Stjtíð. EB L 40, 11.2.1989, bls. 12.

([2]) Stjtíð. EB L 220, 30.8.1993, bls. 1.

([3]) Stjtíð. EB C 62, 28.2.1994, bls. 1.

([4]) Stjtíð. EB L 50, 23.2.2000, bls. 14.

4. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 17. janúar 2003.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Erkki Liikanen

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

Í töflunni, sem sett er fram í þessum viðauka, eru taldar upp þær byggingarvörur og/eða -efni sem uppfylla allar kröfur um „nothæfi með tilliti til viðbragða við bruna“ án þess að þörf sé á prófunum.

Tafla 1

Flokkar þilja sem unnar eru úr viði ([1]) eftir nothæfi með tilliti til viðbragða við bruna

Þiljur sem unnar eru úr viði ([2])	EN-vöruflokkur	Lágmarksþéttleiki (kg/m^3)	Lágmarksþykkt (mm)	Flokkur ([3]) (að undanskildu gólfefni)	Flokkur ([4]) gólfefnis
Spónaplötur	EN 312	600	9	D-s2, d0	D_{FL}-s1
Trefjaplötur, harðar	EN 622-2	900	6	D-s2, d0	D_{FL}-s1
Trefjaplötur, miðlungs	EN 622-3	600	9	D-s2, d0	D_{FL}-s1
		400	9	E, pass	E_{FL}
Trefjaplötur, mjúkar	EN 622-4	250	9	E, pass	E_{FL}
Trefjaplötur, MDF ([5])	EN 622-5	600	9	D-s2, d0	D_{FL}-s1
Sementlímdar spónaplötur ([6])	EN 634-2	1 000	10	B-s1, d0	B_{FL}-s1
OSB-plötur ([7])	EN 300	600	9	D-s2, d0	D_{FL}-s1
Krossviður	EN 636	400	9	D-s2, d0	D_{FL}-s1
Gegnheilar viðarplötur	EN 13353	400	12	D-s2, d0	D_{FL}-s1

([1]) EN 13986
([2]) Þiljur sem unnar eru úr viði og festar beint án loftbils á vörur í flokki A1 eða A2-s1, d0 með lágmarksþéttleika 10 kg/m^3 eða vörur sem eru a.m.k. í flokki D-s2, d0 með lágmarksþéttleika 400 kg/m^3.
([3]) Flokkar sem settir eru fram í töflu 1 í viðaukanum við ákvörðun 2000/147/EB.
([4]) Flokkar sem settir eru fram í töflu 2 í viðaukanum við ákvörðun 2000/147/EB.
([5]) Þurrkaðar trefjaplötur.
([6]) Sementinnihald a.m.k. 75% miðað við massa.
([7]) Aspenítplata.

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2007/14/EB **2013/EES/04/12**

frá 8. mars 2007

um nákvæmar reglur til framkvæmdar tilteknum ákvæðum tilskipunar 2004/109/EB um samhæfingu krafna um gagnsæi í tengslum við upplýsingar um útgefendur verðbréfa sem eru skráð á skipulegan markað (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EB um samhæfingu krafna um gagnsæi í tengslum við upplýsingar um útgefendur verðbréfa sem eru skráð á skipulegan markað og um breytingu á tilskipun 2001/34/EB ([1]), einkum 2. gr. (a-liður 3. mgr.), 5. gr. (1. undirgrein 6. mgr.) og 5. gr. (c-liður 6. mgr.), 9. gr. (7. mgr.), 12. gr. (b- til e-liður 8. mgr.), 13. gr. (2. mgr.), 14. gr. (2. mgr.), 21. gr. (a-liður 4. mgr.), 23. gr. (ii. liður 4. mgr.) og 23. gr. (7. mgr.),

að fenginni tæknilegri ráðgjöf samstarfsnefndar evrópskra eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði (CESR) ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 2004/109/EB eru settar fram almennar meginreglur um samræmingu á kröfum um gagnsæi í tengslum við umráð yfir atkvæðisrétti eða fjármálagerningum sem fela í sér rétt til að kaupa fyrirliggjandi hlutabréf með atkvæðisrétti. Með henni er leitast við að tryggja tímanlega birtingu nákvæmra og tæmandi upplýsinga um útgefendur verðbréfa og styrkja og viðhalda tiltrú fjárfesta. Eins er með henni leitast við að tryggja að útgefendum sé tilkynnt um hreyfingar, sem hafa áhrif á verulega eignarhluta í félögum, til að þau séu í aðstöðu til að veita almenningi upplýsingar.

2) Reglurnar um framkvæmd á ákvæðunum um kröfur um gagnsæi skulu einnig þannig gerðar að þær tryggi víðtæka vernd fjárfesta, efli skilvirkni markaðarins og sé beitt á samræmdan hátt.

3) Að því er varðar þá tilhögun sem nota skal þegar fjárfestum er tilkynnt um hvaða heimaaðildarríki útgefandi velur er rétt að veita upplýsingar um valið með sama hætti og á við um upplýsingar sem reglur kveða á um samkvæmt tilskipun 2004/109/EB.

4) Að því er varðar lágmarksefni samandreginna reikningsskila, sem eru hluti af hálfsársreikningsskilum, skal, þegar þess háttar samdregin reikningsskil eru ekki gerð í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, forðast að gefa villandi mynd af eignum og skuldum útgefanda, fjárhagsstöðu hans og hagnaði og tapi. Efni hálfsársskýrslna skal vera þannig að það tryggi hæfilegt gagnsæi fyrir fjárfesta með því að viðhalda reglubundnu upplýsingastreymi um árangur útgefenda og skulu þessar upplýsingar settar fram þannig að auðvelt sé að bera þær saman við upplýsingar í ársskýrslu frá fyrra ári.

5) Útgefendur hluta, sem gera samstæðureikninga í samræmi við alþjóðareikningsskilastaðla, IAS-staðla og IFRS-staðla, skulu nota sömu skilgreiningu á viðskiptum tengdra aðila í ársskýrslum og hálfsársskýrslum sem gert er ráð fyrir í tilskipun 2004/109/EB. Útgefendur hluta, sem ekki gera samstæðureikninga og sem ekki er skylt að nota IAS-staðla og IFRS-staðla, skulu í hálfsársskýrslum sínum, samkvæmt tilskipun 2004/109/EB, nota skilgreiningu á viðskiptum tengdra aðila í viðskiptum, sem sett er fram í tilskipun ráðsins 78/660/EBE frá 25. júlí 1978, sem grundvallast á g-lið 3. mgr. 54. gr. sáttmálans, um ársreikninga félaga af tiltekinni gerð ([3]).

6) Til að nýta sér undanþáguna frá tilkynningunni um verulega eignarhluta samkvæmt tilskipun 2004/109/EB skal, þegar um er að ræða hluti, sem eingöngu eru keyptir vegna greiðslujöfnunar eða uppgjörs, hámarkslengd „stutta greiðslutímabilsins“ vera eins stutt og auðið er.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 69, 9.3.2007, bls. 27. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 10/2008 frá 1. febrúar 2008 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 33, 12.6.2008, bls. 16.

([1]) Stjtíð. ESB L 390, 31.12.2004, bls. 38.

([2]) CESR var stofnuð með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/527/EB frá 6. júní 2001 (Stjtíð. EB L 191, 13.7.2001, bls. 43).

([3]) Stjtíð. EB L 222, 14.8.1978, bls. 11. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/46/EB (Stjtíð. ESB L 224, 16.8.2006, bls. 1).

7) Til þess að viðkomandi lögbært yfirvald geti haft eftirlit með því að skilyrði undanþágunnar fyrir viðskiptavaka frá því að tilkynna verulega eignarhluta séu virt skal viðskiptavaki, sem æskir þess að nýta sér þessa undanþágu, skýra frá því að hann komi fram eða ætli að koma fram sem viðskiptavaki og fyrir hvaða hluti eða fjármálagerninga.

8) Einkum er mikilvægt að starfsemi viðskiptavaka sé að öllu leyti gagnsæ. Því skal viðskipatavaka vera unnt, að beiðni viðeigandi lögbærs yfirvalds, að gera grein fyrir starfseminni, sem fram fer í tengslum við viðkomandi útgefanda, einkum að því er varðar hluti eða fjármálagerninga sem eru ætlaðir fyrir starfsemi viðskiptavaka.

9) Að því er varðar viðskiptadagatal er til einföldunar rétt að reikna fresti með tilliti til viðskiptadaga í aðildarríki útgefandans. Til þess að auka gagnsæi skal þó kveða á um að sérhvert lögbært yfirvald upplýsi fjárfesta og markaðsaðila um gildandi viðskiptadagatal fyrir ýmsa skipulega markaði sem staðsettir eru á yfirráðasvæði þess eða eru starfræktir þar.

10) Að því er varðar þær aðstæður þegar tilkynna verður um verulega eignarhluta er rétt að ákvarða hvenær þessi skylda á við, annaðhvort í hverju tilviki fyrir sig eða sameiginlega, og hvernig þessari skyldu er fullnægt þegar umboð er veitt.

11) Að öllu jöfnu má gera ráð fyrir að einstaklingar eða lögaðilar sýni ý trustu varkárni þegar þeir kaupa eða ráðstafa verulegum eignarhlutum. Þar af leiðir að slíkir einstaklingar eða aðilar fá mjög fljótt vitneskju um slík kaup eða ráðstafanir eða um möguleika á að neyta atkvæðisréttar og því er við hæfi að tilgreina mjög stutt tímabil eftir að kaupin fara fram sem ætla má að nægi til þess að þeir teljist hafa fengið vitneskju um þetta.

12) Undanþágan frá þeirri skyldu að sameina verulega eignarhluta skal eingöngu standa til boða móðurfyrirtækjum sem geta sýnt fram á að dótturfyrirtæki þeirra, hvort sem þau eru rekstrarfélög eða fjárfestingarfyrirtæki, uppfylli viðeigandi skilyrði um óhæði. Til að tryggja fullt gagnsæi skal senda tilkynningu þar að lútandi fyrirfram til viðkomandi lögbærs yfirvalds. Í þessu tilliti er mikilvægt að í tilkynningunni komi fram hvaða lögbæra yfirvald hefur eftirlit með starfsemi rekstrarfélaganna samkvæmt skilyrðunum sem mælt er fyrir um í tilskipun ráðsins 85/611/EBE frá 20. desember 1985 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum (UCITS) ([1]), óháð því hvort þau eru viðurkennd eða ekki samkvæmt þeirri tilskipun, að því tilskildu í síðara tilvikinu að eftirlit sé haft með þeim samkvæmt landslögum.

13) Að því er varðar tilskipun 2004/109/EB skal taka tillit til fjármálagerninga við tilkynningu um verulega eignarhluta, að því marki sem slíkir gerningar veita eiganda sínum skilyrðislausan rétt til að kaupa þá hluti sem liggja til grundvallar, eða gefa honum kost á að fá þá hluti sem liggja til grundvallar eða handbært fé á gjalddaga, óski hann þess. Þar af leiðandi skal ekki litið svo á að fjármálagerningar taki til gerninga sem veita eigendum rétt til að eignast hluti með þeim fyrirvara að verð hlutar sem liggur til grundvallar nái ákveðnu marki á tilteknum tímapunkti. Ekki er heldur hægt að líta svo á að þeir taki til gerninga sem heimila útgefanda gerningsins eða þriðja aðila að láta eiganda gerningsins fá hluti eða reiðufé á gjalddaga.

14) Þeir fjármálagerningar sem um getur í C-þætti í I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB ([2]) sem ekki eru nefndir í 1. mgr. 11. gr. þessarar tilskipunar ráðsins teljast ekki vera fjármálagerningar í skilningi 1. mgr. 13. gr. tilskipunar 2004/109/EB.

15) Í tilskipun 2004/109/EB eru settar strangar kröfur um miðlun upplýsinga sem reglur kveða á um. Það eitt að upplýsingar séu tiltækar, sem þýðir að fjárfestir verður að leggja sig fram við að nálgast þær, nægir því ekki með tilliti til þeirrar tilskipunar. Því skal miðlun upplýsinga fela í sér virka dreifingu upplýsinga frá útgefendum til fjölmiðla þannig að þær nái til fjárfesta.

16) Nauðsynlegt er að hafa lágmarksgæðastaðla fyrir dreifingu upplýsinga sem reglur kveða á um til að tryggja að fjárfestar, jafnvel þótt þeir séu í öðru aðildarríki en útgefandinn, hafi jafnan aðgang að upplýsingum sem reglur kveða á um. Útgefendur skulu tryggja að þessir lágmarksstaðlar séu virtir annaðhvort með því að annast sjálfir dreifingu upplýsinga, sem reglur kveða á um, eða fela þriðja aðila að gera það fyrir sína hönd. Í síðara tilvikinu skal þriðji aðili geta dreift upplýsingunum við viðunandi aðstæður og hafa yfir að ráða fullnægjandi kerfi til að tryggja að mótteknar upplýsingar, sem reglur kveða á um, komi frá viðkomandi útgefanda og að engin veruleg hætta sé á spillingu gagna eða óheimilum aðgangi að óbirtum

([1]) Stjtíð. EB L 375, 31.12.1985, bls. 3. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/1/EB (Stjtíð. ESB L 79, 24.3.2005, bls. 9).

([2]) Stjtíð. ESB L 145, 30.4.2004, bls. 1. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 2006/31/EB (Stjtíð. ESB L 114, 27.4.2006, bls. 60).

innherjaupplýsingum. Þegar þriðji aðili veitir aðra þjónustu eða annast aðra starfsemi, s.s. fjölmiðlar, lögbær yfirvöld, kauphallir eða einingin, sem ber ábyrgð á hinu opinberlega tilnefnda geymslukerfi, skal slíkri þjónustu eða starfsemi haldið algerlega aðskilinni frá þjónustu og starfsemi sem tengist miðlun upplýsinga, sem reglur kveða á um. Við miðlun upplýsinga til fjölmiðla skulu útgefendur eða þriðju aðilar aðallega nota rafrænar aðferðir og staðlað snið í greininni til að auðvelda og flýta vinnslu upplýsinga.

17) Að auki er lágmarkskrafa að upplýsingum, sem reglur kveða á um, sé dreift á þann hátt að tryggt sé að almenningur hafi eins víðtækan aðgang að þeim og unnt er og, ef því verður við komið, þannig að þær nái til almennings samtímis innan og utan heimaaðildarríkis útgefanda. Þetta er með fyrirvara um rétt aðildarríkjanna til að fara fram á það við útgefendur að þeir birti upplýsingar, sem reglur kveða á um, að hluta eða í heild í dagblöðum og um að útgefendur geti birt upplýsingar, sem reglur kveða á um, á eigin vefsíðum eða öðrum vefsíðum sem fjárfestar hafa aðgang að.

18) Hægt á að vera að lýsa yfir jafngildi þegar almennar reglur þriðju landa um birtingu sýna notendum fram á skiljanlegt og að miklu leyti jafngilt mat á stöðu útgefenda sem gerir þeim kleift að taka sambærilegar ákvarðanir og ef þeir fengju upplýsingarnar samkvæmt kröfum tilskipunar 2004/109/EB jafnvel þótt kröfurnar séu ekki þær sömu. Hins vegar skal jafngildi takmarkast við efnisleg atriði viðkomandi upplýsinga og skal ekki veita neina undanþágu frá tímamörkunum sem kveðið er á um í tilskipun 2004/109/EB.

19) Í því skyni að ganga úr skugga um hvort útgefandi í þriðja landi uppfyllir kröfur sem jafngilda þeim sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 4. gr. tilskipunar 2004/109/EB er mikilvægt að tryggja að samræmi sé við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 809/2004 frá 29. apríl 2004 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB að því er varðar upplýsingar í lýsingum, svo og framsetningu þeirra, upplýsingar felldar inn með tilvísun, og birtingu lýsinganna, svo og dreifingu auglýsinga ([1]), einkum liði sem fjalla um eldri fjárhagsupplýsingar sem á að fella inn í lýsinguna.

20) Að því er varðar jafngildi krafna um óhæði skal móðurfyrirtæki rekstrarfélags eða fjárfestingarfyrirtæki, sem skráð er í þriðja landi, geta nýtt sér undanþáguna skv. 4. eða 5. mgr. 12. gr. tilskipunar 2004/109/EB, óháð því hvort leyfis sé krafist samkvæmt lögum þriðja lands til að undirfyrirtæki rekstrarfélagsins eða fjárfestingarfyrirtækisins hafi heimild til að annast stjórnun eða stýringu verðbréfasafns, að því tilskildu að tiltekin skilyrði um óhæði séu uppfyllt.

21) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit evrópsku verðbréfanefndarinnar.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Viðfangsefni

Í þessari tilskipun er mælt fyrir um nákvæmar reglur um framkvæmd ákvæða 2. gr. (ii. liður i-liðar 1. mgr.), 5. gr. (önnur undirgrein 3. mgr.), 5. gr. (annar málsliður 4. mgr.), 9. gr. (1., 2. og 4. mgr.), 10. gr., 12. gr. (1., 2., 4., 5. og 6. mgr.) 12. gr. (a-liður 2. mgr.), 13. gr. (1. mgr.), 21. gr. (1. mgr.), 23. gr. (1. og 6. mgr.) tilskipunar 2004/109/EB.

2. gr.

Tilhögun við val á heimaaðildarríki

(ii. liður i-liðar 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2004/109/EB)

Þegar útgefandi velur heimaaðildarríki skal birta upplýsingar um það á sama hátt og þegar tilkynnt er um upplýsingar sem reglur kveða á um.

3. gr.

Lágmarksefni hálfsársreikningsskila sem ekki eru samstæðureikningsskil

(Önnur undirgrein 3. mgr. 5. gr. tilskipunar 2004/109/EB)

1. Lágmarksefni samandreginna hálfsársreikningsskila skal, þegar þ essi skil eru ekki gerð í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla sem samþykktir eru í samræmi við málsmeðferðina, sem kveðið er á um í 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002, vera í samræmi við 2. og 3. mgr. þessarar greinar.

2. Í samandregnum efnahagsreikningi og samandregnum rekstrarreikningi skal sýna allar fyrirsagnir og millisamtölur sem er að finna í nýjustu árlegum reikningsskilum útgefandans. Aðrar sérlínur skulu vera með ef hálfsársreikningsskil gefa ranga mynd af eignum og skuldum útgefanda, fjárhagsstöðu hans og hagnaði og tapi sé þeim sleppt.

([1]) Stjtíð. ESB L 149, 30.4.2004, bls. 1, leiðrétt með (Stjtíð. ESB L 215, 16.6.2004, bls. 3. Reglugerðinni var breytt með reglugerð (EB) nr. 1787/2006 (Stjtíð. ESB L 337, 5.12.2006, bls. 17).

Að auki skulu eftirfarandi samanburðarupplýsingar fylgja:

a) efnahagsreikningur eins og hann er í lok fyrstu sex mánaða yfirstandandi fjárhagsárs og samanburðarefnahagsreikningur eins og hann er í lok fjárhagsárs árið áður,

b) rekstrarreikningur fyrir fyrstu sex mánuði yfirstandandi fjárhagsárs, að tveimur árum liðnum frá gildistöku þessarar tilskipunar, með samanburðarupplýsingum fyrir sambærilegt tímabil fyrir fjárhagsárið næst á undan.

3. Í skýringum skal eftirfarandi koma fram:

a) nægar upplýsingar til að tryggja samanburðarhæfi samandreginna hálfsársreikningsskila við árleg reikningsskil,

b) nægar upplýsingar og útskýringar til að tryggja réttan skilning notanda á öllum mikilvægum breytingum á fjárhæðum og allri þróun á viðkomandi hálfu ári sem fram koma í efnahagsreikningi og rekstrarreikningi.

4. gr.

Mikilvæg viðskipti tengdra aðila

(Annar málsliður 4. mgr. 5. gr. tilskipunar 2004/109/EB)

1. Í árshlutaskýrslum stjórnar skulu útgefendur hlutabréfa birta, sem mikilvæg viðskipti tengdra aðila, a.m.k. eftirfarandi:

a) viðskipti tengdra aðila sem hafa farið fram fyrstu sex mánuðina á yfirstandandi fjárhagsári og sem hafa haft veruleg áhrif á fjárhagsstöðu eða rekstrarárangur fyrirtækisins á því tímabili,

b) allar breytingar á viðskiptum tengdra aðila, sem lýst er í síðustu ársskýrslu, sem gætu haft veruleg áhrif á fjárhagsstöðu eða rekstrarárangur fyrirtækisins fyrstu sex mánuðina á yfirstandandi fjárhagsári.

2. Ef útgefandi hlutabréfa þarf ekki að gera samstæðureikninga skal hann a.m.k. birta þau viðskipti tengdra aðila sem um getur í 7. tölul. b í 1. mgr. 43. gr. tilskipunar 78/660/EBE.

5. gr.

Hámarkslengd „venjulegs, stutts greiðslutímabils“

(4. mgr. 9. gr. tilskipunar 2004/109/EB)

Hámarkslengd „venjulegs, stutts greiðslutímabils“ skal vera þrír viðskiptadagar eftir viðskiptin.

6. gr.

Eftirlitskerfi lögbærra yfirvalda vegna viðskiptavaka

(5. mgr. 9. gr. tilskipunar 2004/109/EB)

1. Viðskiptavaki sem hyggst nýta undanþáguna, sem kveðið er á um í 5. mgr. 9. gr. í tilskipun 2004/109/EB, skal tilkynna lögbæru yfirvaldi í heimaaðildarríki útgefandans, að hann vakti eða hyggist vakta tiltekinn útgefanda innan tímamarkanna sem kveðið er á um í 2. mgr. 12. gr. tilskipunar 2004/109/EB.

Þegar viðskiptavaki hættir að vakta viðkomandi útgefanda skal hann tilkynna það lögbæru yfirvaldi.

2. Með fyrirvara um beitingu 24. gr. tilskipunar 2004/109/EB skal viðskiptavaka, sem hyggst nýta undanþáguna, sem kveðið er á um í 5. mgr. 9. gr. þeirrar tilskipunar, óski lögbært yfirvald útgefanda eftir því að útgefandi sérgreini hluti eða fjármálagerninga, sem ætlaðir eru til viðskiptavöktunar, heimilað að framkvæma slíka sérgreiningu, en þó þannig að unnt sé að sannreyna hana. Því aðeins að viðskiptavaka sé ekki unnt að sérgreina viðkomandi hluti eða fjármálagerninga kann að vera gerð krafa um að hann hafi þá á sérstökum reikningi vegna þessarar sérgreiningar.

3. Með fyrirvara um beitingu a-liðar 4. mgr. 24. gr. tilskipunar 2004/109/EB skal viðskiptavaki, ef þess er krafist í landslögum að viðskiptavaki og kauphöll og/eða útgefandi geri samning um viðskiptavöktunina, afhenda viðkomandi lögbæru yfirvaldi þann samning, óski það eftir því.

7. gr.

Viðskiptadagatal

(2. og 6. mgr. 12. gr. og 1. mgr. 14. gr. tilskipunar 2004/109/EB)

1. Að því er varðar 2. og 6. mgr. 12. gr. og 1. mgr. 14. gr. tilskipunar 2004/109/EB gildir viðskiptadagatalið í heimaaðildarríki útgefandans.

2. Hvert lögbært yfirvald skal birta á heimasíðu sinni viðskiptadagatal skipulegra markaða sem staðsettir eru eða starfræktir innan lögsögu þess.

8. gr.

Hluthafar, einstaklingar eða lögaðilar, sem um getur í 10. gr. gagnsæistilskipunarinnar, sem skylt er að tilkynna verulegan eignarhluta

(2. mgr. 12. gr. tilskipunar 2004/109/EB)

1. Að því er varðar 2. mgr. 12. gr. tilskipunar 2004/109 hvílir tilkynningarskyldan, sem stofnast um leið og hlutfall atkvæðisréttar nær, fer yfir eða niður fyrir gildandi mörk, í kjölfar viðskipta af þeirri gerð sem um getur í 10. gr. tilskipunar 2004/109/EB, á sérhverjum hluthafa eða sérhverjum einstaklingi eða lögaðila, sem um getur í 10. gr. þeirrar tilkynningar, eða báðum, í þeim tilvikum þegar hlutfall atkvæðisréttar, sem hvor aðili fer með, nær, fer yfir eða lækkar niður fyrir gildandi mörk.

Við þær aðstæður, sem um getur í a-lið 10. gr. tilskipunar 2004/109/EB, skal tilkynningaskyldan hvíla sameiginlega á öllum aðilum samkomulagsins.

2. Við þær aðstæður, sem um getur í h-lið í 10. gr. tilskipunar 2004/109/EB, er heimilt, ef hluthafi veitir umboð í tengslum við einn hluthafafund, að tilkynna með einni tilkynningu á þeim tíma þegar umboðið er veitt, að því tilskildu að í tilkynningunni sé skýrt tekið fram hver staðan verður í kjölfarið, að því er atkvæðisréttinn varðar, þegar umboðsmaðurinn getur ekki lengur neytt atkvæðisréttar að eigin ákvörðun.

Ef umboðsmaður fær eitt eða fleiri umboð í tengslum við einn hluthafafund við aðstæður, sem um getur í h-lið í 10. gr. tilskipunar 2004/109/EB, er heimilt að tilkynna með einni tilkynningu á þeim tíma þegar umboðið er móttekið, að því tilskildu að í tilkynningunni sé skýrt tekið fram hver staðan verður í kjölfarið, að því er atkvæðisréttinn varðar, þegar umboðsmaðurinn getur ekki lengur neytt atkvæðisréttar að vild.

3. Þegar tilkynningarskyldan hvílir á fleiri en einum einstaklingi eða lögaðila, má tilkynningin vera í formi einnar, sameiginlegrar tilkynningar.

Ekki má þó líta svo á að notkun einnar sameiginlegrar tilkynningar leysi neinn viðkomandi einstaklinga eða lögaðila undan tilkynningarskyldu sinni.

9. gr.

Aðstæður þar sem sá sem tilkynnir ætti að hafa fengið vitneskju um öflun eða ráðstöfun eða möguleika á að neyta atkvæðisréttar

(2. mgr. 12. gr. tilskipunar 2004/109/EB)

Að því er varðar a-lið 2. mgr. 12. gr. tilskipunar 2004/109/EB ætti hluthafinn, einstaklingurinn eða lögaðilinn, sem um getur í 10. gr. þeirrar tilskipunar, að hafa fengið vitneskju um öflunina, ráðstöfunina eða möguleika á að neyta atkvæðisréttar eigi síðar en innan tveggja viðskiptadaga frá því að viðskiptin eiga sér stað.

10. gr.

Skilyrði um óhæði sem rekstrarfélög og fjárfestingarfyrirtæki, sem annast einstaklingsmiðaða stýringu eignasafns, skulu uppfylla

(Fyrsta undirgrein 4. mgr. 12. gr. og 5. mgr. 12. gr. í tilskipun 2004/109/EB)

1. Að því er varðar undanþáguna frá því að leggja saman eignarhluti, sem kveðið er á um í fyrstu undirgreinum 4. og 5. mgr. 12. gr. tilskipunar 2004/109/EB, skal móðurfyrirtæki rekstrarfélags eða fjárfestingarfyrirtækis uppfylla eftirfarandi skilyrði:

a) því er óheimilt, með beinum eða óbeinum fyrirmælum eða með öðrum hætti, að hafa áhrif á hvernig atkvæðisréttar hjá rekstrarfélaginu eða fjárfestingarfyrirtækinu er neytt.

b) rekstrarfélaginu eða fjárfestingarfyrirtækinu skal frjálst að neyta atkvæðisréttar, sem fylgir eignunum sem það stýrir, óháð móðurfyrirtækinu.

2. Móðurfyrirtæki, sem óskar eftir að nýta sér þessa undanþágu, skal án tafar senda lögbæru yfirvaldi í heimaaðildarríki útgefanda, sem á atkvæðisrétt sem fylgir eignarhlutum sem rekstrarfélög eða fjárfestingarfyrirtæki stýrir, eftirfarandi upplýsingar :

a) skrá yfir heiti þeirra rekstrarfélaga og fjárfestingarfyrirtækja þar sem fram koma upplýsingar um lögbær yfirvöld sem hafa eftirlit með þeim eða um að ekkert lögbært yfirvald hafi eftirlit með þeim, en án tilvísunar til viðkomandi útgefenda,

b) yfirlýsingu þess efnis að móðurfélagið uppfylli skilyrðin sem mælt er fyrir um í 1. mgr. vegna sérhvers slíks rekstrarfélags eða fjárfestingarfyrirtækis.

Móðurfyrirtækið skal uppfæra skrána, sem um getur í a-lið, reglulega.

3. Ef móðurfyrirtæki ætlar eingöngu að nýta sér undanþágurnar í tengslum við fjármálagerningana, sem um getur í 13. gr. tilskipunar 2004/109/EB, skal það aðeins senda lögbæru yfirvaldi í heimaaðildarríki útgefandans skrána sem um getur í a-lið 2. mgr.

4. Með fyrirvara um beitingu 24. gr. tilskipunar 2004/109/EB skal móðurfyrirtæki rekstrarfélags eða fjárfestingarfyrirtækis geta sannað fyrir lögbæru yfirvaldi í heimaaðildarríki útgefandans, ef það óskar eftir því:

a) að skipulag móðurfyrirtækisins og rekstrarfélagsins eða fjárfestingarfyrirtækisins sé með þeim hætti að atkvæðisréttar sé neytt óháð móðurfyrirtækinu,

b) að aðilar, sem ákveða hvernig neyta eigi atkvæðisréttar, starfi sjálfstætt,

c) að til séu skýr, skrifleg ákvæði um samskipti móðurfyrirtækis og rekstrarfélags eða fjárfestingar-fyrirtækis sem taki mið af viðskiptum milli óskyldra aðila ef móðurfyrirtækið er viðskiptavinur rekstrarfélags síns eða fjárfestingarfyrirtækis, eða á hlut í þeim eignum sem rekstrarfélagið eða fjárfestingarfyrirtækið stýrir.

Krafan í a-lið felur að lágmarki í sér að móðurfyrirtækið og rekstrarfélagið eða fjárfestingarfyrirtækið setji sér skrifleg stefnumið og verklagsreglur sem, eftir því sem við verður komið, eiga að hindra að móðurfyrirtækið og rekstrarfélagið eða fjárfestingarfyrirtækið skiptist á upplýsingum um nýtingu atkvæðisréttar.

5. Að því er varðar a-lið 1. mgr. er með „beinum fyrirmælum“ átt við hvers konar fyrirmæli móðurfyrirtækis, eða annars undirfyrirtækis móðurfyrirtækis, þar sem tilgreint er hvernig rekstrarfélag eða fjárfestingarfyrirtæki geta neytt atkvæðisréttar í einstökum tilvikum.

Með „óbeinum fyrirmælum“ er átt við hvers konar almenn eða sértæk fyrirmæli, án tillits til framsetningar þeirra, sem móðurfyrirtæki, eða annað fyrirtæki, sem er undirfyrirtæki móðurfyrirtækisins, gefur og takmarka sjálfræði rekstrarfélags eða fjárfestingarfyrirtækis að því er varðar nýtingu atkvæðisréttar, í þeim tilgangi að þjóna tilteknum viðskiptahagsmunum móðurfyrirtækisins eða annars undirfyrirtækis móðurfyrirtækisins.

11. gr.

Gerðir fjármálagerninga sem veita, einungis að frumkvæði handhafa, rétt til öflunar á hlutum sem atkvæðisréttur fylgir

(1. mgr. 13. gr. tilskipunar 2004/109/EB)

1. Að því er varðar 1. mgr. 13. gr. tilskipunar 2004/109/EB skulu framseljanleg verðbréf, valréttarsamningar, framtíðarsamningar, framvirkir vaxtasamningar og aðrir afleiðusamningar, sem um getur í C-þætti I. viðauka við tilskipun 2004/39/EB, teljast vera fjármálagerningar, að því tilskildu að þeim fylgi réttur til að kaupa hluti útgefanda, einungis að frumkvæði slíks eiganda samkvæmt formlegum samningi, sem atkvæðisréttur fylgir og hafa þegar verið gefnir út og eru skráðir á skipulegan markað.

Handhafi gerningsins verður á gjalddaga annaðhvort að hafa skilyrðislausan rétt til að kaupa hluti sem liggja til grundvallar eða gefast kostur á að kaupa slíka hluti óski hann þess.

Með formlegum samningi er átt við samning sem er bindandi samkvæmt gildandi lögum.

2. Að því er varðar 1. mgr. 13. gr. tilskipunar 2004/109/EB skal handhafi leggja saman og tilkynna um alla fjármálagerninga, í skilningi 1. mgr. sem tengjast sama útgefanda hluta sem liggja til grundvallar.

3. Tilkynningin, sem krafist er í 1. mgr. 13. gr. tilskipunar 2004/109/EB, skal hafa að geyma eftirfarandi upplýsingar:

a) stöðuna sem skapast að því er varðar atkvæðisrétt,

b) keðju undirfyrirtækja sem í reynd eru handhafar fjármálagerninganna, ef við á,

c) dagsetninguna þegar mörkunum var náð eða farið var yfir þau,

d) vegna gerninga með nýtingartímabili, tilgreiningu á dagsetningu eða tímabili þegar hlutirnir verða keyptir eða hægt verður að kaupa þá, ef við á,

e) dagsetningu uppgjörs eða endalok gerningsins,

f) auðkenni handhafa,

g) nafn útgefanda hluta sem liggja til grundvallar.

Að því er varðar a-lið skal hlutfall atkvæðisréttar reiknað miðað við heildarfjölda atkvæðisréttar og samanlagt hlutafé eins og útgefandi birti það síðast skv. 15. gr. tilskipunar 2004/109/EB.

4. Tilkynningartíminn skal vera sá sami og mælt er fyrir um í 2. mgr. 12. gr. tilskipunar 2004/109/EB og tengdum framkvæmdarákvæðum.

5. Tilkynningin skal send útgefanda þeirra hluta sem liggja til grundvallar og lögbæru yfirvaldi í heimaaðildarríki viðkomandi útgefanda.

Ef fjármálagerningur tengist fleiri undirliggjandi hlutum en einum skal senda sérhverjum útgefanda sérstaka tilkynningu um undirliggjandi hluti.

12. gr.

Lágmarksstaðlar

(1 mgr. 21. gr. tilskipunar 2004/109/EB)

1. Miðlun upplýsinga, sem reglur kveða á um, með tilliti til 1. mgr. 21. gr. tilskipunar 2004/109/EB, skal fara fram í samræmi við lágmarksstaðla sem settir eru fram í 2. – 5. mgr.

2. Upplýsingum, sem reglur kveða á um, skal dreift með þeim hætti að þær geti náð til eins margra og kostur er í heimaaðildarríkinu eða aðildarríkinu, sem um getur í 3. mgr. 21. gr. tilskipunar 2004/109/EB, og í hinum aðildarríkjunum.

3. Upplýsingar, sem reglur kveða á um, skulu sendar fjölmiðlum í óstyttum, orðréttum texta.

Hins vegar telst þessi krafa, að því er varðar skýrslur og reikningsskil, sem um getur í 4., 5. og 6. gr. í tilskipun 2004/109/EB, hafa verið uppfyllt ef tilkynningin varðandi upplýsingar, sem reglur kveða á um, er send fjölmiðlum og í henni er tilvísun til vefsíðu þar sem unnt er, til viðbótar opinberu kerfi til miðlægrar geymslu upplýsinga, sem reglur kveða á um, sem um getur í 21. gr. þeirrar tilskipunar, að nálgast viðkomandi gögn.

4. Upplýsingar, sem reglur kveða á um, skulu sendar fjölmiðlum með aðferð sem tryggir örugg samskipti, lágmarkar hættu á spillingu gagna og óheimilum aðgangi og veitir fullvissu um uppruna upplýsinganna sem reglur kveða á um.

Öryggi í móttöku upplýsinga skal tryggt með því að bæta eins fljótt og kostur er úr hvers konar misbrestum eða röskun á samskiptum við miðlun upplýsinga sem reglur kveða á um.

Útgefandi eða aðili, sem hefur sótt um skráningu á skipulegan markað án samþykkis útgefanda, er ekki ábyrgur vegna tæknilegra bilana eða galla miðilsins sem upplýsingarnar, sem reglur kveða á um, hafa verið sendar á.

5. Senda skal upplýsingar, sem reglur kveða á um, á miðilinn á þann hátt að ljóst sé að upplýsingarnar séu upplýsingar, sem reglur kveða á um, þar sem viðkomandi útgefandi er skýrt tilgreindur, efni upplýsinganna, sem reglur kveða á um, og tími og dagsetning á miðlun upplýsinganna frá útgefandanum eða aðilanum sem hefur óskað eftir skráningu á skipulegan markað án samþykkis útgefandans.

Ef þess er óskað skal útgefandinn eða aðilinn, sem hefur óskað eftir skráningu á skipulegan markað án samþykkis útgefanda, geta, í tengslum við birtingu upplýsinga, sem reglur kveða á um, sent lögbæru yfirvaldi eftirfarandi:

a) nafn þess aðila sem miðlaði upplýsingunum til fjölmiðla,

b) nákvæmar upplýsingar um öryggismat,

c) tímasetningu og dagsetningu miðlunar upplýsinga til fjölmiðla,

d) upplýsingar um hvaða miðill var notaður til miðlunar upplýsinganna,

e) nákvæmar upplýsingar um hvers konar takmarkanir sem útgefandi hefur lagt á upplýsingar, sem reglur kveða á um, ef við á.

13. gr.

(Kröfur sem eru jafngildar kröfum b-liðar 2. mgr. 4. gr. tilskipunar 2004/109/EB)

(1 mgr. 23. gr. tilskipunar 2004/109/EB)

Þriðja land telst gera kröfur jafngildar þeim sem eru settar fram í b-lið 2. mgr. 4. gr. tilskipunar 2004/109/EB ef í lögum þess lands er gerð krafa um að í ársskýrslu stjórnar séu a.m.k. eftirtaldar upplýsingar:

a) glöggt yfirlit yfir þróun og árangur í rekstri útgefanda og stöðu hans þar sem lýst er helstu áhættu- og óvissuþáttum sem útgefandi stendur frammi fyrir, þannig að í yfirlitinu komi fram skýr og ítarleg greining á þróun og árangri í rekstri útgefanda og stöðu hans, í samræmi við stærð og umfang rekstrarins,

b) upplýsingar um alla mikilvæga atburði sem gerst hafa frá lokum reikningsársins,

c) upplýsingar um líklega framtíðarþróun útgefanda.

Að því marki sem það er nauðsynlegt til skilnings á þróun, árangri og stöðu útgefanda skal greiningin, sem um getur í a-lið, hafa að geyma bæði helstu fjárhagslegu og, þar sem við á, ófjárhagslegu árangursvísbenda fyrir viðkomandi rekstur.

14. gr.

(Kröfur sem eru jafngildar kröfum 4. mgr. 5. gr. tilskipunar 2004/109/EB)

(1 mgr. 23. gr. tilskipunar 2004/109/EB)

Þriðja land telst gera kröfur jafngildar þeim sem settar eru fram í 4. mgr. 5. gr. tilskipunar 2004/109/EB ef í lögum þess lands er gerð krafa um samandregin reikningsskil, auk ársskýrslu stjórnar, og að í viðkomandi ársskýrslu stjórnar séu a.m.k. eftirtaldar upplýsingar:

a) yfirlit yfir viðkomandi tímabil,

b) upplýsingar um líklega framtíðarþróun útgefanda á þeim sex mánuðum sem eftir eru af reikningsárinu,

c) í tilviki útgefanda hlutabréfa, upplýsingar um helstu viðskipti tengdra aðila, ef slíkum upplýsingum er ekki þegar miðlað að staðaldri.

15. gr.

(Kröfur sem eru jafngildar kröfum 2. mgr. 4. gr. og 2. mgr. 5. gr. tilskipunar 2004/109/EB)

(1 mgr. 23. gr. tilskipunar 2004/109/EB)

Þriðja land telst gera kröfur jafngildar þeim sem settar eru fram í c-lið 2. mgr. 4. gr. og c-lið 2. mgr. 5. gr. tilskipunar 2004/109/EB ef í lögum þess lands er gerð krafa um að hjá útgefanda séu einn eða fleiri aðilar ábyrgir fyrir árlegum fjármálaupplýsingum og hálfsárs fjármálaupplýsingum, einkum eftirfarandi:

a) að reikningsskilin séu samin í samræmi við viðeigandi reikningsskilareglur eða reikningsskilastaðla,

b) að yfirlitið í skýrslu stjórnar gefi rétta mynd af starfseminni.

16. gr.

(Kröfur sem eru jafngildar kröfum 6. gr. tilskipunar 2004/109/EB)

(1 mgr. 23. gr. tilskipunar 2004/109/EB)

Þriðja land telst gera kröfur jafngildar þeim sem eru settar fram í 6. gr. tilskipunar 2004/109/EB ef lög þess lands mæla fyrir um að útgefandi birti ársfjórðungslegar fjárhagsskýrslur.

17. gr.

(Kröfur sem eru jafngildar kröfum 3. mgr. 4. gr. tilskipunar 2004/109/EB)

(1 mgr. 23. gr. tilskipunar 2004/109/EB)

Þriðja land telst gera kröfur jafngildar þeim sem eru settar fram í fyrstu undirgrein 3. mgr. 4. gr. tilskipunar 2004/109/EB ef ekki er gerð krafa samkvæmt lögum þess lands um að móðurfélagið leggi fram reikningsskil einstakra félaga heldur að útgefandi með skráða skrifstofu í því þriðja landi skuli, þegar hann semur samstæðureikningsskil, veita eftirfarandi upplýsingar:

a) útreikning arðs og getu til að greiða arð, þegar um ræðir útgefendur hlutabréfa,

b) upplýsingar um lágmarkskröfur um hlutafé og eigið fé og gjaldþol allra útgefenda, eftir atvikum.

Til að uppfylla kröfuna um jafngildi verður útgefandi einnig að geta afhent lögbæru yfirvaldi í heimaaðildarríkinu endurskoðaðar viðbótarupplýsingar um reikningsskil útgefandans sem sjálfstæðrar einingar að því er varðar þætti í upplýsingunum sem um getur í a- og b-lið. Þessar viðbótarupplýsingar má setja fram í samræmi við reikningsskilastaðla í þriðja landi.

18. gr.

(Kröfur sem eru jafngildar kröfum annarrar undirgreinar 3. mgr. 4. gr. tilskipunar 2004/109/EB)

(1 mgr. 23. gr. tilskipunar 2004/109/EB)

Þriðja land telst gera kröfur jafngildar þeim sem eru settar fram í annarri undirgrein 3. mgr. 4. gr. tilskipunar 2004/109/EB að því er varðar reikningsskil einstakra félaga ef í lögum þessa þriðja lands er ekki gerð krafa um að útgefandi með skráða skrifstofu í því þriðja landi semji samstæðureikningsskil en honum gert skylt að semja reikninga einstakra félaga, annaðhvort í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, sem eru viðurkenndir skv. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 ([1]) og beita má innan Bandalagsins, eða í samræmi við jafngilda innlenda reikningsskilastaðla þriðja lands.

Að því er varðar jafngildi verður að leggja slíkar upplýsingar fram í formi endurgerðs ársreiknings ef þær eru ekki í samræmi við þessa staðla.

Þar að auki skulu reikningsskil einstakra félaga endurskoðuð hver um sig.

19. gr.

(Kröfur sem eru jafngildar kröfum 6. mgr. 12. gr. tilskipunar 2004/109/EB)

(1 mgr. 23. gr. tilskipunar 2004/109/EB)

Þriðja land telst gera kröfur jafngildar þeim sem eru settar fram í 6. mgr. 12. gr. tilskipunar 2004/109/EB ef samkvæmt lögum þess lands er gerð krafa um að samanlagður frestur til að senda útgefanda með skráða skrifstofu í því þriðja landi tilkynningu um verulega eignarhluta og frestur útgefanda til að birta tilkynningu um þessa verulegu eignarhluta opinberlega skuli vera sjö viðskiptadagar eða færri.

Frestur til að senda útgefanda tilkynningu og fyrir hann að birta hana síðan opinberlega getur verið annar en tilgreint er í 2. og 6 mgr. 12. gr. tilskipunar 2004/109/EB.

20. gr.

(Kröfur sem eru jafngildar kröfum 14. gr. tilskipunar 2004/109/EB)

(1 mgr. 23. gr. tilskipunar 2004/109/EB)

Þriðja land telst gera kröfur jafngildar þeim sem eru settar fram í 14. gr. tilskipunar 2004/109/EB ef í lögum þess lands er gerð krafa um að útgefandi með skráða skrifstofu í því þriðja landi skuli fara að eftirfarandi skilyrðum:

a) ef útgefanda er heimilt að eiga allt að 5% af eigin hlutum, sem atkvæðisréttur fylgir, skal hann tilkynna það í hvert sinn þegar þessu marki er náð eða farið er yfir það,

b) ef útgefanda er heimilt að eiga að hámarki milli 5 og 10% af eigin hlutum, sem atkvæðisréttur fylgir, skal hann tilkynna það í hvert sinn þegar 5% mörkunum eða efri mörkunum er náð eða farið er yfir þau,

c) ef útgefanda er heimilt að eiga meira en 10% af eigin hlutum, sem atkvæðisréttur fylgir, skal hann tilkynna það í hvert sinn þegar 5% eða 10% mörkunum er náð eða farið er yfir þau.

Að því er varðar jafngildi er ekki gerð krafa um tilkynningu ef farið er yfir 10% mörkin.

21. gr.

(Kröfur sem eru jafngildar kröfum 15. gr. tilskipunar 2004/109/EB)

(1 mgr. 23. gr. tilskipunar 2004/109/EB)

Þriðja land telst gera kröfur jafngildar þeim sem eru settar fram í 15. gr. tilskipunar 2004/109/EB ef í lögum þess lands er gerð krafa um að útgefandi með skráða skrifstofu í því þriðja landi verði að birta opinberlega heildarfjölda atkvæða og heildarfjölda hluta innan 30 almanaksdaga frá því að slíkur heildarfjöldi hefur hækkað eða lækkað.

22. gr.

(Kröfur sem eru jafngildar kröfum a-liðar 2. mgr. 17. gr. og a-liðar 2. mgr. 18. gr. tilskipunar 2004/109/EB)

(1 mgr. 23. gr. tilskipunar 2004/109/EB)

Þriðja land telst gera kröfur jafngildar þeim sem eru settar fram í a-lið 2. mgr. 17. gr. og a-lið 2. mgr. 18. gr. tilskipunar 2004/109/EB, að því er varðar efni upplýsinga um hluthafafundi, ef í lögum þess lands er gerð krafa um að útgefandi með skráða skrifstofu í því þriðja landi skuli hið minnsta birta opinberlega upplýsingar um staðsetningu, tíma og dagskrá funda.

([1]) Stjtíð. EB L 243, 11.9.2002, bls. 1.

23. gr.

Jafngildi í tengslum við skilyrði um óhæði móðurfyrirtækja rekstrarfélaga og fjárfestingarfyrirtækja

(6 mgr. 23. gr. tilskipunar 2004/109/EB)

1. Þriðja land telst setja skilyrði um óhæði jafngild þeim sem eru sett fram í 4. og 5. mgr. 12. gr. tilskipunar 2004/109/EB ef í lögum þess lands er gerð krafa um að rekstrarfélag eða fjárfestingarfyrirtæki, eins og um getur í 6. mgr. 23. gr. tilskipunar 2004/109/EB, uppfylli eftirfarandi skilyrði:

a) rekstrarfélagi eða fjárfestingarfyrirtæki skal vera frjálst að neyta atkvæðisréttar þeirra eigna sem það stýrir sjálfstætt og óháð móðurfélaginu, undir hvaða kringumstæðum sem er,

b) rekstrarfélagið eða fjárfestingarfyrirtækið skal virða að vettugi hagsmuni móðurfélagsins eða annars undirfyrirtækis þess, ef til hagsmunaárekstra kemur.

2. Móðurfélag skal fara að ákvæðum a-liðar 2. mgr. og 3. mgr. 10. gr. þessarar tilskipunar um tilkynningarskylduna.

Móðurfélag skal þar að auki lýsa því yfir, vegna sérhvers rekstrarfélags eða fjárfestingarfyrirtækis sem um er að ræða, að móðurfélagið hlíti skilyrðum 1. mgr. þessarar greinar um óhæði.

3. Með fyrirvara um beitingu 24. gr. tilskipunar 2004/109/EB skal móðurfélag, óski lögbært yfirvald í heimaaðildarríki útgefanda eftir því, geta sýnt fram á að kröfunum, sem mælt er fyrir um í 10. gr. reglugerðar þessarar, sé framfylgt.

24. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 12 mánuðum eftir að hún hefur verið samþykkt. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni þ essi ákvæði og samsvörunartöflu yfir viðkomandi ákvæði og þessa tilskipun.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

25. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

26. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 8. mars 2007.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Charlie McCREEVY

framkvæmdastjóri.

TILMÆLI FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2013/EES/4/13**

frá 11. október 2007

um rafrænt net opinberra kerfa til miðlægrar geymslu upplýsinga sem reglur kveða á um og um getur í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EBE (*)

(tilkynnt með númer C(2007) 4607)

(2007/657/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum öðrum undirlið 211. gr.,

að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EB frá 15. desember 2004 um samhæfingu krafna um gagnsæi í tengslum við upplýsingar um útgefendur verðbréfa sem eru skráð á skipulegan markað og um breytingu á tilskipun 2001/34/EB ([1]) er þess krafist að aðgangur fjárfesta að upplýsingum um útgefendur verðbréfa sé skipulagðari á vettvangi Bandalagsins til þess að stuðla með virkum hætti að samþættingu fjármagnsmarkaða í Evrópu.

2) Tilskipun 2004/109/EB skuldbindur lögbær yfirvöld aðildarríkjanna til að semja viðmiðunarreglur með það fyrir augum að auðvelda almenningi enn frekar aðgang að upplýsingum sem á að birta samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB frá 28. janúar 2003 um innherjasvik og markaðsmisnotkun (markaðssvik) ([2]), tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB frá 4. nóvember 2003 um útboðs- og skráningarlýsingu sem birta skal við almennt útboð verðbréfa eða þegar þau eru tekin til skráningar og um breytingu á tilskipun 2001/34/EB ([3]) og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EB og til að búa til eitt rafrænt net (hér á eftir „rafræna netið“) eða verkvang rafrænna neta í öllum aðildarríkjunum sem tengir saman mismunandi kerfi sem tilnefnd eru á landsvísu til að geyma slíkar upplýsingar (hér á eftir „geymslukerfin“).

3) Lögbær yfirvöld aðildarríkjanna samþykktu, í samstarfsnefnd evrópskra eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði sem komið var á fót með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/527/EB ([4]), álit til framkvæmdastjórnarinnar 30. júní 2006 þar sem þau létu í ljós að þau vildu einfalt rafrænt net sem tengdi saman geymslukerfin. Hægt væri að fá aðgang að slíku neti gegnum sameiginlegt notendaviðmót þar sem væri skrá yfir öll skráð fyrirtæki í Bandalaginu og notandanum væri síðan beint á svæði viðkomandi geymslukerfis. Viðkomandi gögn væru þannig geymd á innlendum vettvangi án þ ess að þ örf væri á að koma upp sameiginlegu grunnvirki, sem rúmaði allar viðkomandi upplýsingar sem geymdar eru á innlendum vettvangi, eða stofna til of mikils viðbótarkostnaðar.

4) Rétt er á þessu stigi að kveða á um valfrjálsar viðmiðanir sem veita nauðsynlegan sveigjanleika svo að geymslukerfin geti aðlagast starfsemi rafræna netsins.

5) Æskilegt er að geymslukerfin geti samtengst rafrænt svo að fjárfestar og hagsmunaaðilar geti auðveldlega fengið aðgang að fjárhagslegum upplýsingum um skráð fyrirtæki í Bandalaginu. Til þess að hægt sé að koma hratt á slíku rafrænu neti ætti það að byggjast á einföldum skilyrðum á borð við þau sem lögbær yfirvöld aðildarríkjanna hafa lagt til. Með einföldu neti ætti einnig að vera gert ráð fyrir að fjárfestum verði veitt virðisaukandi þjónusta.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 267, 12.10.2007, bls. 16. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 51/2008 frá 25. apríl 2008 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 52, 21.8.2008, bls. 22.

([1]) Stjtíð. ESB 390, 31.12.2004, bls. 38.

([2]) Stjtíð. EB L 96, 12.4.2003, bls. 16.

([3]) Stjtíð. ESB L 345, 31.12.2003, bls. 64.

([4]) Stjtíð. EB L 191, 13.7.2001, bls. 43.

6) Í þeim tilgangi að auðvelda aðgang fjárfesta að fjárhagsupplýsingum um skráð fyrirtæki skal hvatt til þess, þar sem hægt er, að samþætta tengdar fjárhagsupplýsingar sem útgefendur birta, í geymslukerfum í samræmi við aðrar gerðir Bandalagsins eða innlendar gerðir.

7) Til þess að hægt sé að taka rafræna netið í notkun á skilvirkan hátt skulu lögbær yfirvöld aðildarríkjanna, innan samstarfsnefndar evrópskra eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði og í nánum tengslum við geymslukerfin, hvött til að undirbúa samning um stjórnunarhætti fyrir net sem felur í sér grundvallarskilyrði þess að búa til, reka og fjármagna rafrænt net og, jafnframt að tilnefna aðila sem skal falin dagleg stjórnun netsins.

8) Mikilvægt er að frjálst sé að ákveða verðlagningarstefnu fyrir hvert og eitt geymslukerfi til að tryggja að þau geti borið sig fjárhagslega. Jafnframt skal gæta þess að mismuna ekki, í verðlagningarstefnu þeirra, notendum rafræns kerfis og notendum, sem hafa aðgang að geymslukerfi á innlendum vettvangi.

9) Til þess að rafræna netið geti starfað eðlilega og til þess að tryggja að notendum þess nets standi til boða sambærileg þjónusta í Bandalaginu eru lágmarksgæðastaðlar fyrir geymslu upplýsinga, sem reglur kveða á um, á innlendum vettvangi nauðsynlegir. Mikilvægt er að tryggt sé að í geymslukerfunum sé fullnægjandi öryggi að því er varðar samskipti, geymslu og aðgang gagna. Jafnmikilvægt er að koma á fót kerfum sem eru örugg að því er varðar heimildir og efni upplýsinganna sem skráðar eru í geymslukerfunum. Til þess að auðvelda sjálfvirka skráningu á rafrænum fylgiseðli, dagsetningar- og tímastimplun og frekari vinnslu á skráðum upplýsingum skal íhuga að þess verði krafist að notað sé viðeigandi snið og sniðmát fyrir geymslukerfi. Auk þess, til þess að auðvelda aðgang að upplýsingunum sem endanlegir notendur setja í geymslu, skal láta í té viðeigandi leitarbúnað og stuðningsþjónustu. Í þeim tilgangi að samræma kerfið skulu viðmiðanir, að svo miklu leyti sem unnt er, vera sams konar fyrir geymslukerfin sem eiga hlutdeild í netinu og fyrir aðilann sem tilnefndur er til að annast netverkvanginn daglega.

10) Áfangaaðferð virðist nauðsynleg til þess að tryggja að rafrænt net geymslukerfa sé í samræmi við væntingar útgefenda verðbréfa og fjárfesta til lengri tíma, nánar tiltekið, möguleikinn á einum sýndarvettvangi með aðgangi að fjárhagsupplýsingum sem skráð fyrirtæki birta.kasta Af þessum sökum er rétt að gera athugun á hugsanlegum lausnum til að efla þetta net í framtíðinni. Til þess að tryggja samræmi við netið, eins og það var fyrst þegar því var komið á laggirnar, skal slík athugun gerð af lögbærum yfirvöldum aðildarríkjanna innan sam starfsnefndar evrópskra eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði. Í þessari vinnu skal a.m.k. felast athugun á möguleikanum á að tengja þetta rafræna net við rafræna netið sem innlendar fyrirtækjaskráningar hafa þróað og fellur undir fyrstu tilskipun ráðsins 68/151/EBE frá 9. mars 1968 um samræmingu verndarráðstafana, sem ætlað er að vera jafngildar í bandalaginu og aðildarríki krefjast af félögum í skilningi annarrar málsgreinar 58. gr. sáttmálans, til að vernda hagsmuni félagsmanna og annarra ([1]).

11) Til þess að framkvæmdastjórnin geti fylgst vel með stöðunni og til að meta þörfina á frekari ráðstöfunum, þ.m.t. möguleikinn á að samþykkja framkvæmdaráðstafanir í samræmi við 2. mgr. 22. gr. tilskipunar 2004/109/EB, skal hvetja aðildarríkin til að veita framkvæmdastjórninni þær upplýsingar sem skipta máli,

LAGT TIL EFTIRFARANDI:

I. KAFLI

EFNI

1. Markmiðið með þessum tilmælum er að hvetja aðildarríkin til að tryggja að nauðsynlegar ráðstafanir séu gerðar til þess að samtengja með skilvirkum hætti opinber kerfi til miðlægrar geymslu upplýsinga, sem reglur kveða á um, sem um getur í 2. mgr. 21. gr. tilskipunar 2004/109/EB (hér á eftir nefnd „geymslukerfin“), í eitt rafrænt net í Bandalaginu, sem um getur í b-lið annarrar undirgreinar 1. mgr. 22. gr. sömu tilskipunar (hér á eftir nefnt „rafræna netið“).

II. KAFLI

RAFRÆNA NETIÐ

2. Samningur um stjórnunarhætti fyrir rafræna netið

2.1. Aðildarríki skulu greiða fyrir því að koma á fót og þróa rafræna netið á byrjunarstigi með því að veita lögbærum yfirvöldum, sem um getur í 24. gr. tilskipunar 2004/109/EB, umboð til að útbúa samning um stjórnunarhætti fyrir rafræna netið (hér á eftir nefndur „samningur um stjórnunarhætti“) í samstarfsnefnd evrópskra eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði sem komið var á með ákvörðun 2001/527/EB. Sá samningur skal gerður í nánum tengslum við geymslukerfin.

Aðildarríkin skulu tilgreina aðilann sem hefur vald til að gera þennan samning. Þau skulu þ á taka tillit til viðkomandi heimilda geymslukerfanna, lögbærra yfirvalda eða annarra viðkomandi aðila.

([1]) Stjtíð. EB L 65, 14.3.1968, bls. 8. Tilskipun eins og henni var síðast breytt með tilskipun 2006/99/EB (Stjtíð. ESB L 363, 20.12.2006, bls. 137).

2.2. Samningur um stjórnunarhætti skal a.m.k. taka til eftirfarandi atriða:

a) gerð netverkvangs,

b) skilyrða fyrir þátttöku í rafræna netinu,

c) afleiðinga þess að ekki er farið að skilyrðum um þátttöku og hvernig ber að framfylgja þessum skilyrðum,

d) tilnefningar aðila sem rekur netverkvanginn daglega og helstu skilyrði sem eiga við þann rekstur,

e) aðferðar við að ákveða uppfærslur rafræna netsins, þar sem taka skal tillit til, þar sem við á, sjónarmiða hagsmunaaðila, þ.m.t. endanlegra notenda,

f) skilyrða fyrir fjármögnun,

g) fyrirkomulags á lausn ágreiningsmála,

h) aðferðar við að breyta samningnum sjálfum.

2.3. Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að geymslukerfin séu í samræmi við samninginn um stjórnunarhætti.

3. Skilyrðin að því er varðar tæknilegt rekstrarsamhæfi rafræna netsins.

Rafræna netið, sem komið var upp samkvæmt samningi um stjórnunarhætti, skal a.m.k. hafa eftirfarandi virkni:

a) miðlægan forritaþjón og miðlægan gagnagrunn með skrá yfir alla útgefendur verðbréfa með sameiginlegu notendaviðmóti og sem gerir hverjum útgefanda mögulegt að tengja endanlegan notanda við geymslukerfið sem hefur að geyma upplýsingar, sem reglur kveða á um, varðandi þann útgefanda,

b) einn aðgangsstað fyrir endanlega notendur, sem annaðhvort er miðlægur eða í hverju geymslukerfi fyrir sig,

c) tungumálaskrá notendaviðmóts, tiltæk notendum á aðgangsstaðnum, sem tekur til þeirra samskiptatungumála sem samþykkt eru fyrir geymslukerfin, sem eiga aðild að rafræna netinu, í hverju landi fyrir sig,

d) aðgang að öllum tiltækum skjölum í hverju landi í geymslukerfunum sem á aðild að rafræna netinu, þ.m.t., ef við á, upplýsingar sem útgefendur birta samkvæmt tilskipun 2003/06/EB, tilskipun 2003/71/EB og öðrum gerðum Bandalagsins eða landslögum aðildarríkja,

e) möguleika á frekari notkun gagna sem eru aðgengileg um rafræna netið, þar sem hægt er.

4. Verðlagning á aðgangi að upplýsingum sem eru á rafræna netinu

4.1. Geymslukerfum skal vera frjálst að ákvarða eigin verðlagningarstefnu. Með verðlagningarstefnu sinni skulu þau þó ekki mismuna endanlegum notendum sem hafa aðgang að upplýsingum þeirra beint um viðkomandi innlendan aðgangsstað og þeim sem nálgast upplýsingarnar óbeint um einn aðgangsstað sem fæst með rafræna netinu.

4.2. Íhuga skal að veita fjárfestum eða hagsmunaaðilum ókeypis aðgang að geymslukerfum að því er varðar upplýsingar, sem reglur kveða á um, a.m.k. í tiltekinn tíma eftir að útgefandi skráir þær.

4.3. Ekki fellur undir liði 4.1 og 4.2 að geymslukerfin eða einhver þriðji aðili sem notar upplýsingarnar, sem eru aðgengilegar um rafræna netið, veiti virðisaukandi þjónustu.

III. KAFLI

LÁGMARKSGÆÐASTAÐLAR

1. þáttur

Almennt

5. Aðildarríki skulu tryggja að geymslukerfin, sem eiga aðild að rafræna netinu, fylgi stöðlum sem eru sambærilegir við staðlalíkanið sem mælt er fyrir um í þessum kafla.

Aðildarríkin skulu einnig tryggja að aðilinn, sem um getur í undirlið d í lið 2.2, sem er tilnefndur samkvæmt samningi um stjórnunarhætti, sé í samræmi við staðlana sem mælt er fyrir um í 2. og 3. þætti.

6. Aðildarríkin skulu tryggja að sömu staðlar og gilda um útgefendur eins og skilgreindir eru í d-lið 1. liðar 2. gr. tilskipunar 2004/109/EB gildi einnig um einstaklinga sem hafa sótt um skráningu á skipulegan markað án samþykkis útgefanda, eins og mælt er fyrir um í 1. mgr. 21. gr. þeirrar tilskipunar.

2. þáttur

Öryggi

7. Samskiptaöryggi

7.1. Geymslukerfið skal hafa traust öryggiskerfi sem á að tryggja öryggi þeirra samskiptaaðferða sem notaðar eru til að tengja útgefandann við kerfið og til að stuðla að áreiðanleika að því er varðar uppruna upplýsinganna sem eru skráðar.

7.2. Af öryggisástæðum skal vera hægt að takmarka þær samskiptaaðferðir sem eru notaðar í geymslukerfinu, en þar ætti a.m.k. að vera hægt að taka á móti rafrænum skjölum um kerfi sem útgefandinn hefur aðgang að.

Þær samskiptaaðferðir, sem verða notaðar, skulu vera vel aðgengilegar, almennt notaðar og víða tiltækar með litlum tilkostnaði.

8. Heildstæði geymdra upplýsinga sem reglur kveða á um

8.1. Upplýsingarnar skulu geymdar á öruggu, rafrænu formi í geymslukerfinu með viðeigandi öryggiskerfum sem eiga að draga úr hættu á gagnaspillingu og aðgangi án leyfis.

8.2. Tryggja skal að upplýsingarnar, sem reglur kveða á um, sem eru mótteknar frá útgefanda og geymdar í geymslukerfinu séu tæmandi og að ekki sé hægt að breyta efni upplýsinganna meðan þær eru í geymslu.

Í því tilviki að geymslukerfin samþykki skráningu upplýsinga eftir öðrum samskiptaleiðum en rafrænum skal tryggja, þegar skjölum er breytt í rafræn skjöl í geymslukerfinu, að upplýsingaefnið sé tæmandi og óbreytt eins og það var upprunalega þegar útgefandinn sendi upplýsingarnar.

8.3. Upplýsingar, sem hafa verið sendar til geymslukerfis og birtar, skulu ekki teknar úr geymslukerfinu. Ef nauðsynlegt er að bæta við upplýsingum eða leiðrétta þær skal tilgreina liðinn sem breytt er í leiðréttingunni eða viðbótarupplýsingunum og skal tilgreina liðinn sem leiðréttingu eða viðbót.

9. Fullgilding

9.1. Það skal vera mögulegt að fullgilda skráðar upplýsingar í geymslukerfinu, þ.e.a.s. að unnt sé að virkja sjálfvirka skoðun á skráðum skjölum í kerfinu til að ganga úr skugga um að nauðsynlegum tæknistöðlum sé fylgt ásamt því að snið þeirra sé heildstætt og nákvæmt.

9.2. Í geymslukerfinu skulu vera kerfi til að nema truflanir rafrænnar mötunar og fara fram á enduryfirfærslu gagna sem ekki tekst að taka við frá sendanda.

10. Áreiðanlegur aðgangur að þjónustu

10.1. Í geymslukerfinu skal vera öryggiskerfi til þess að tryggja að útgefendur og endanlegir notendur hafi aðgang að þjónustu þess, án truflunar, allan sólarhringinn alla daga vikunnar.

Skilgreina skal þarfir hvers geymslukerfis á grundvelli eiginleika kerfa þess og þeirra tilteknu aðstæðna sem það starfar í.

Afkastageta kerfanna, nánar tiltekið afkastageta þjóna þeirra og tiltæk bandbreidd, skal vera fullnægjandi til að styðja væntanlegar beiðnir frá útgefendum, að því er varðar skráningu upplýsinga, og notendum að því er varðar aðgang að geymdum upplýsingum.

10.2. Geymslukerfið skal geta hindrað aðgang að kerfum sínum til skamms tíma, þegar þörf er á, til þess að hægt sé að annast nauðsynlegt viðhald á því eða til þess að uppfæra þjónustuna. Þar sem því verður við komið skal tilkynna fyrir fram um slíkar truflanir.

11. Undanþágur og endurheimt

Geymslukerfið skal geta séð um matsvinnsluferli til að endurskoða og samþykkja undanþágur eða hafna þeim til skráningar síðar vegna tæknilegra vandkvæða í geymslukerfinu og óstaðlaðrar framlagningar. Kerfið skal einnig búa yfir endurheimtarverkfærum sem gera útgefanda kleift að nota önnur skráningarkerfi í stað þess sem mælt er fyrir um þegar það er í ólagi. Útgefandi skal þó vera skuldbundinn til að endurskrá upplýsingarnar í aðalkerfinu þegar þær hafa verið endurheimtar.

12. Öryggisafritunarkerfi

12.1. Geymslukerfið skal vera tæknilega sjálfstætt og hafa fullnægjandi öryggisafritunarbúnað tiltækan til þess að halda við og koma aftur á þjónustu innan hæfilegs tímaramma.

12.2. Meta þarf í hverju geymslukerfi hvernig þessi öryggisafritunarkerfi eru með tilliti til sérstakra eiginleika kerfanna.

3. þáttur

Vissa um uppruna upplýsinga

13. Vissa um uppruna upplýsinga og áreiðanleika þeirra

13.1. Í geymslukerfinu skulu vera traust kerfi sem er ætlað að veita vissu um uppruna upplýsinganna sem eru skráðar. Vissa skal vera um að uppruni upplýsinganna, sem geymslukerfið tekur við, sé áreiðanlegur. Staðfesting skal koma frá geymslukerfinu um að allar fjárhagsupplýsingar, sem reglur kveða á um og það tekur beint við, komi frá þeim aðila eða einingu sem ber skylda til að skrá upplýsingarnar eða frá aðila eða einingu sem hefur heimild til að senda inn upplýsingar fyrir hönd viðkomandi aðila eða einingar.

13.2. Viðtaka skjala skal staðfest rafrænt í geymslukerfinu. Annaðhvort skal fullgilding skráningar í geymslukerfinu staðfest eða henni hafnað með skýringu á höfnuninni, og viðurkenningaraðgerð (e. non-repudiation function) skal vera virk í kerfinu.

14. Sannvottun notanda

Öryggisráðstöfunum geymslukerfisins er ætlað að sýna fram á lögmæti sendanda eða leið til að sannreyna leyfi aðila til að senda tilteknar upplýsingar. Í geymslukerfinu skal vera hægt að fara fram á að notaðar séu stafrænar undirskriftir, aðgangskóðar eða aðrar viðeigandi ráðstafanir sem veita fullnægjandi vissu.

15. Þörf á að tryggja að inntak upplýsinga, sem reglur kveða á um, sé heildstætt

Hægt skal vera að sýna fram á að í geymslukerfinu sé engin veruleg hætta á að upphaflegar upplýsingar spillist eða þeim verði breytt, hvorki í ógáti né af illum ásetningi, og að allar breytingar séu staðfestar.

4. þáttur

Tímaskráning

16. Rafrænn fylgiseðill og dagsetningar- og tímastimpill

16.1. Í geymslukerfinu skal vera hægt að skrá sjálfvirkt rafræna fylgiseðla fyrir skráningar og bæta við dagsetningar- og tímastimpli.

16.2. Geymslukerfið skal geta farið fram á skráningu upplýsinga með fyrirframákveðnu sniði og sniðmáti þar sem gert er ráð fyrir að notuð sé samfelld tæknivinnsla (STP).kasta

Ef gerðar eru kröfur um tiltekin snið skal samt sem áður nota opna kerfishögun fyrir skráningu upplýsinga og skal a.m.k. samþykkja:

a) skráasnið og samskiptareglur fyrir sendingar án hugverkaverndar sem krefjast ekki notkunar á hugbúnaði sem fæst aðeins frá einum seljanda,kasta

b) almennt notuð og almennt viðurkennd snið sem njóta hugverkaverndar.kasta

Ef í geymslukerfinu er gerð krafa um sniðmát skal það tryggt að auðvelt sé að nálgast þau og, þar sem við á, skulu þau vera í samræmi við þau sniðmát sem notuð eru fyrir skráningu sömu upplýsinga, sem reglur kveða á um, hjá lögbæru yfirvaldi.

16.3. Upplýsingarnar skulu vera stimplaðar með dagsetningu og tíma þegar þær eru færðar inn í geymslukerfið, óháð því hvort lögbært yfirvald skoðar upplýsingarnar áður (fyrirframeftirlit) eða eftir (eftirlit eftir á) að þær eru færðar inn í geymslukerfið.kasta

5. þáttur

Auðveldur aðgangur fyrir endanlega notendur

17. Framsetning upplýsinganna

Þegar þjónusta geymslukerfisins er kynnt fyrir endanlegum notendum skal greina á milli fjárhagsupplýsinga, sem reglur kveða á um, sem skráðar eru samkvæmt lagaskyldu, og virðisaukandi viðbótarþjónustu sem geymslukerfið hefur að bjóða.

18. Val á tungumáli

18.1. Geymslukerfið skal skrá og greiða fyrir aðgangi að upplýsingum, eins og útgefandi leggur þær fram, á öllum fyrirliggjandi tungumálum. Aðgangur að útgáfum á öllum hinum mismunandi tungumálum merkir þó ekki að geymslukerfið skuli þýða upplýsingarnar yfir á önnur tungumál en þau sem útgefandinn leggur fram.

18.2. Leitarbúnaðurinn í geymslukerfinu skal vera fyrir hendi á því tungumáli sem lögbær yfirvöld í heimaaðildarríki samþykkja og, a.m.k. á því tungumáli sem venjulega er notað á alþjóðafjármálasviði.

19. Tæknilegt aðgengi

19.1. Í geymslukerfinu skal nota opna kerfishögun fyrir aðgang að upplýsingum í geymslu. Við hönnun kerfa skal tryggja að í kerfum geymslukerfisins sé gert ráð fyrir, eða að unnt sé að gera ráð fyrir að þau séu tæknilega rekstrarsamhæf öðrum geymslukerfum í sömu aðildarríkjum eða öðrum.

19.2. Upplýsingar skulu aðgengilegar endanlegum notendum um geymslukerfið um leið og skráning þeirra gerir það tæknilega mögulegt, að teknu tilliti til uppbyggingar og verklagsreglna geymslukerfisins. Ekki skal vísvitandi tefja ferlið í geymslukerfinu.

19.3. Endanlegir notendur skulu jafnan hafa aðgang að öllum geymdum upplýsingum, sem reglur kveða á um, í geymslukerfinu, í samræmi við skilyrðin sem lýst er í 10. lið.

19.4. Notendum geymslukerfisins skal standa stuðnings-þjónusta til boða. Stuðning, sem ákveðið er að veita í hverju og einu geymslukerfi, þarf að ákveða í hverju landi fyrir sig.

20. Snið upplýsinganna sem endanlegir notendur hafa aðgang að

20.1. Upplýsingar, sem reglur kveða á um og eru geymdar í geymslukerfinu, skulu vera með sniði sem gerir notendum kleift að skoða, hala niður og prenta á einfaldan hátt allt efni upplýsinga, sem reglur kveða á um, hvar svo sem notandinn er staddur. Með aðgangi að upplýsingunum, sem reglur kveða á um, er þó ekki átt við að prentuð afrit af þessum upplýsingum skuli vera tiltæk í geymslukerfinu.

20.2. Notendur skulu hafa möguleika á að leita að, panta og spyrja ítarlega um upplýsingar, sem reglur kveða á um, og eru geymdar í geymslukerfinu.kasta

20.3. Fullnægjandi upplýsingar um tilvísanir skulu skráðar í geymslukerfið að því er varðar upplýsingar, sem reglur kveða á um, og kerfið tekur við. Þess háttar upplýsingar um tilvísanir skulu a.m.k. fela í sér eftirfarandi atriði:

a) auðkenningu upplýsinga sem upplýsinga er reglur kveða á um,

b) nafn útgefandans sem sendir frá sér upplýsingarnar sem reglur kveða á um,

c) titil skjalsins,

d) tíma og dagsetningu þegar upplýsingunum, sem reglur kveða á um, var miðlað,

e) tungumál skjalsins,

f) tegund upplýsinganna, sem reglur kveða á um.

Upplýsingarnar, sem reglur kveða á um, skulu skipulagðar og flokkaðar í geymslukerfinu í samræmi við atriðin sem skráð eru í fyrstu undirgrein hið minnsta.

Í geymslukerfum ætti að vera hægt að krefjast þess að útgefendur gefi nauðsynlegar upplýsingar um tilvísanir þegar þeir skrá upplýsingar sem reglur kveða á um.

Í geymslukerfinu skal samræma þessa flokka við hin geymslukerfin, einkum í tengslum við tegund upplýsinga, sem reglur kveða á um, í samræmi við samninginn sem um getur í II. kafla þessara tilmæla.

20.4. Í geymslukerfinu skal gera ráð fyrir að farið sé fram á að útgefendur noti fyrirframákveðin skráasnið og sniðmát. Geymslukerfið skal í öllum tilvikum a.m.k. samþykkja:

a) skráasnið og samskiptareglur fyrir sendingar án hugverkaverndar sem eru ekki bundnar við notkun á hugbúnaði sem fæst aðeins frá einum seljanda,kasta

b) almennt notuð og almennt viðurkennd snið sem njóta hugverkaverndar.

Ef í geymslukerfinu eru gerðar kröfur um sniðmát skal það tryggt að þau séu aðgengileg í samræmi við þau sniðmát sem notuð eru fyrir skráningu sömu upplýsinga, sem reglur kveða á um, hjá lögbæru yfirvaldi.

IV. KAFLI

VIÐMIÐUNARREGLUR FYRIR FRAMTÍÐARÞRÓUN Á RAFRÆNU NETI

21. Aðildarríkin skulu hvetja lögbær yfirvöld til að semja viðeigandi viðmiðunarreglur fyrir framtíðarþróun á rafrænu neti fyrir 30. september 2010, í samstarfsnefnd evrópskra eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði.

22. Í þessum viðmiðunarreglum skal einkum taka til meðferðar hagkvæmni, þ.m.t. kostnaðar- og ábatagreining, þess að óska eftir:

a) að á öllum aðgangsstöðum rafræna netsins verði notaður samræmdur leitarbúnaður sem byggist á nokkrum almennum leitarlyklum og viðmiðunarliðum gagna, sem þannig samræmir aðferðirnar við að flokka og auðkenna upplýsingarnar sem á að geyma,

b) að notuð verði almenn ílagssnið og staðlar til að leggja upplýsingar, sem reglur kveða á um, í geymslukerfið,

c) að í geymslukerfinu verði notuð almenn skrá yfir tegundir upplýsinga sem reglur kveða á um,

d) tæknilegri samtengingu við rafræna netið sem innlenda skráningarfyrirtækið hefur þróað og tilskipun 68/151/EBE tekur til,

e) að fela eftirlit með veittri þjónustu lögaðila, sem rekur almennu þætti rafræna netsins, einni stofnun sem er skipuð fulltrúum þess lögbæra yfirvalds sem um getur í 24. gr. tilskipunar 2004/109/EB.

Í samræmda leitarbúnaðinum. sem um getur í a-lið fyrstu undirgreinar, skal a.m.k. gert ráð fyrir:

a) leit með almennum flokkunarmerkjum sem fylgja fjárhagsupplýsingunum, sem reglur kveða á um, þegar þær eru skráðar í geymslukerfunum, t.d.: nafni útgefanda; dagsetningu skráningar; landi útgefanda; heiti skjals, atvinnugrein/viðskiptasviði og tegund upplýsinga sem reglur kveða á um,

b) virkri leit eða keðjuleit,

c) leit í mörgum löndum í einni aðgerð.

Með viðmiðunarreglunum skulu einnig vera útbúnar almennar skrár í þeim tilgangi að koma á merkjum fyrir undirflokka með tilliti til atvinnugreinar/viðskiptasviðs og tegundar upplýsinga sem reglur kveða á um.

V. KAFLI

EFTIRFYLGNI OG VIÐTAKENDUR

23. Aðildarríkin eru hvött til að tilkynna framkvæmdastjórninni um aðgerðir, sem teknar eru með hliðsjón af þessum tilmælum, eigi síðar en 31. desember 2008.

24. Þessum tilmælum er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel, 11. október 2007.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Charlie McCREEVY

framkvæmdastjóri.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2006/48/EB **2013/EES/4/14**

frá 14. júní 2006

um stofnun og rekstur lánastofnana (endursamin) (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum fyrsta og þriðja málslið 2. mgr. 47. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([1]),

með hliðsjón af áliti Seðlabanka Evrópu([2]), í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB frá 20. mars 2000 um stofnun og rekstur lánastofnana ([4]) hefur verið breytt umtalsvert nokkrum sinnum. Nú þegar nýjar breytingar eru gerðar á fyrrnefndri tilskipun er æskilegt, til að skýra málin, að endurútgefa hana.

2) Til þess að auðvelda stofnun og rekstur lánastofnana er nauðsynlegt að uppræta helsta mismun sem er á lögum aðildarríkjanna að því er varðar reglur sem þessi fyrirtæki lúta.

3) Tilskipun þessi er grundvöllurinn að því að hinum innri markaði verði komið á með bæði staðfesturétt og frelsi í fjármálaþjónustu lánastofnana fyrir augum.

4) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 11. maí 1999, sem ber heitið: „Að setja ramma um starfsemi fjármálamarkaða: aðgerðaáætlun“, er talinn upp fjöldi markmiða sem þarf að ná til þess að innri markaðurinn fyrir fjármálaþjónustu verði að veruleika.

Á fundi leiðtogaráðsins í Lissabon 23. og 24. mars 2000 var sett það markmið að hrinda aðgerðaáætluninni í framkvæmd eigi síðar en árið 2005. Endurútgáfa ákvæða um eigið fé er lykilþáttur í aðgerðaáætluninni.

5) Samræming starfsskilyrða lánastofnana skal taka til þeirra allra svo að unnt verði að vernda sparifé og til að skapa jöfn samkeppnisskilyrði hjá þessum stofnunum. Tilhlýðilegt tillit skal þó tekið til mismunar á stofnsamþykkt og markmiðum þeirra svo sem kveðið er á um í landslögum.

6) Samræming þessi þarf að vera eins víðtæk og unnt er og ná til allra stofnana sem stunda þá starfsemi að veita viðtöku fé frá almenningi til endurgreiðslu, hvort heldur um er að ræða innlán eða önnur innlánsform, svo sem með útgáfu markaðsskuldabréfa og annarra sambærilegra verðbréfa og með lánveitingu fyrir eigin reikning. Gera skal sérstakar undantekningar vegna lánastofnana sem þessi tilskipun nær ekki til. Ákvæði þessarar tilskipunar skulu ekki koma í veg fyrir beitingu laga í einstökum ríkjum sem kveða á um sérstakar viðbótarleyfisveitingar er heimila lánastofnunum að stunda sértæka starfsemi eða taka að sér sérstök verkefni.

7) Rétt er að framkvæma aðeins nauðsynlega og nægilega lágmarkssamræmingu til að tryggja gagnkvæma viðurkenningu á leyfum og fyrirkomulagi á varfærniseftirliti, sem gerir það að verkum að nóg er að gefa út eitt leyfi sem er viðurkennt í öllu Bandalaginu og beita meginreglunni um varfærniseftirlit heimaaðildarríkis. Því ber aðeins að líta á kröfuna um að leggja eigi fram starfsáætlun sem lið í því að gera lögbærum yfirvöldum kleift að taka ákvörðun á grundvelli nákvæmari upplýsinga með hlutlægum viðmiðunum. Þó skal viðhafa ákveðinn sveigjanleika varðandi skilyrði um lögákveðið rekstrarform lánastofnana varðandi lögverndun bankaheita.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 177, 30.6.2006, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 65/2008 frá 6. júní 2008 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 58, 25.9.2008, bls. 9.

([1]) Stjtíð. ESB C 234, 22.9.2005, bls. 8.

([2]) Stjtíð. ESB C 52, 2.3.2005, bls. 37.

([3]) Álit Evrópuþingsins frá 28. september 2005 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 7. júní 2006.

([4]) Stjtíð. EB L 126, 26.5.2000, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2006/29/EB (Stjtíð. ESB L 70, 9.3.2006, bls. 50).

8) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar tilskipunar, þ.e. innleiðingu reglna um stofnun og rekstur lánastofnana og varfærniseftirlit með þeim, og þeim verður þ ví betur náð á vettvangi Bandalagsins vegna umfangs og áhrifa fyrirhugaðra aðgerða, er Bandalaginu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og kveðið er á um í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná megi þessum markmiðum.

9) Nauðsynlegt er að gera sambærilegar fjárhagskröfur til lánastofnana til að tryggja svipað öryggi sparifjáreigenda svo og til að tryggja sanngjörn samkeppnisskilyrði sambærilegra lánastofnana. Þar til frekari samræming hefur átt sér stað skal kveða á um viðeigandi samsetningarhlutföll sem gera það kleift, innan ramma um samvinnu innlendra yfirvalda, að fylgjast með stöðu sambærilegra tegunda lánastofnana eftir stöðluðum aðferðum. Þessi málsmeðferð ætti smám saman að auðvelda síaukna samhæfingu aðferða og reiknistuðla sem aðildarríkin koma á og beita. Samt sem áður er nauðsynlegt að gera greinarmun á reiknistuðlum sem eiga að tryggja trausta stjórnun lánastofnana og þeim stuðlum er varða stefnu í efnahags- og peningamálum.

10) Í meginreglunum um gagnkvæma viðurkenningu og eftirlit heimaaðildarríkis er þess krafist að lögbær yfirvöld aðildarríkjanna veiti ekki eða afturkalli leyfi þegar til að mynda efni starfsáætlana, landfræðileg staðsetning starfsemi eða starfsemi sem fer fram þá stundina bendir ótvírætt til þess að lánastofnun hafi valið réttarkerfi tiltekins aðildarríkis til að komast hjá strangari ákvæðum sem gilda í öðru aðildarríki þar sem hún hefur í hyggju að reka eða rekur nú þegar stærstan hluta starfsemi sinnar. Þar sem ekki er um að ræða ótvíræða vísbendingu, en meirihluti heildareigna aðila í bankasamstæðu er staðsettur í öðru aðildarríki, þar sem lögbær yfirvöld bera ábyrgð á eftirliti á samstæðugrundvelli, í skilningi 125. og 126. gr., skal ábyrgðinni á eftirliti á samstæðugrundvelli einungis breytt með samþykki þessara lögbæru yfirvalda. Lánastofnun sem er lögaðili skal hafa leyfi í aðildarríkinu þar sem hún er með skráða skrifstofu. Lánastofnun sem er ekki lögaðili skal hafa aðalskrifstofu sína í aðildarríkinu þar sem hún hefur fengið leyfi. Að auki skulu aðildarríkin krefjast þess að aðalskrifstofa lánastofnunar sé alltaf í heimaaðildarríkinu og starfi þar í raun og veru.

11) Lögbær yfirvöld ættu ekki að veita lánastofnun leyfi, eða viðhalda leyfi hennar, ef náin tengsl milli þessarar stofnunar og annarra einstaklinga eða lögaðila geta hindrað yfirvöldin í að sinna eftirlitshlutverki sínu sem skyldi. Lánastofnanir sem hafa þegar hlotið leyfi skulu einnig fullnægja skilyrðum lögbærra yfirvalda að þessu leyti.

12) Þegar því er haldið fram að eftirlitsyfirvöld hafi gegnt eftirlitshlutverki sínu á fullnægjandi hátt er átt við eftirlit á samstæðugrundvelli, sem hafa skal með lánastofnun, enda sé kveðið á um slíkt í lögum Bandalagsins. Þegar svo ber undir skulu yfirvöldin, sem sótt er um leyfi til, vera fær um að tilgreina yfirvöld sem eru hæf til að hafa eftirlit með þeirri lánastofnun á samstæðugrundvelli.

13) Þessi tilskipun gerir aðildarríkjum og/eða lögbærum yfirvöldum kleift að beita eiginfjárkröfum á einstök fyrirtæki og á samstæðugrundvelli og beita þeim ekki á einstök fyrirtæki ef þau telja það viðeigandi. Eftirlit með einstökum fyrirtækjum, á samstæðugrundvelli og á samstæðugrundvelli sem nær yfir landamæri eru gagnleg verkfæri við eftirlit með lánastofnunum. Þessi tilskipun gerir lögbærum yfirvöldum kleift að styðja stofnanir sem ná yfir landamæri með því að greiða fyrir samvinnu milli þeirra. Lögbær yfirvöld skulu einkum halda áfram að nota 42., 131. og 141. gr. til að samræma starfsemi þeirra og óskir um upplýsingar.

14) Lánastofnunum, sem leyfi hafa í sínu heimaaðildarríki, skal heimilt að stunda alls staðar innan Bandalagsins einhverja eða alla þá starfsemi sem talin er upp í I. viðauka með því að stofna útibú eða veita þjónustu.

15) Aðildarríkin geta einnig sett strangari reglur en þær sem mælt er fyrir um í 9. gr. (fyrsta undirgrein 1. mgr. og 2. mgr.), 12. gr., 19.–21. gr., 44.–52. gr., 75. gr. og 120.–122. gr. um lánastofnanir sem fengið hafa leyfi frá lögbærum yfirvöldum sínum. Aðildarríkin geta einnig krafist þess að hlíta skuli 123. gr. á einstaklingsgrundvelli eða öðrum grundvelli og að þeim undirsamstæðureikningsskilum, sem lýst er í 2. mgr. 73. gr. sé beitt á öðrum stigum innan samsteypu.

16) Rétt er að gagnkvæm viðurkenning nái til þeirrar starfsemi sem talin er upp í I. viðauka þegar hún er rekin af fjármálastofnunum sem eru dótturfyrirtæki lánastofnana með því skilyrði að slík dótturfyrirtæki heyri undir eftirlit á samstæðugrundvelli sem móðurfyrirtæki þess lýtur og uppfylli ákveðin ströng skilyrði.

17) Gistiaðildarríkið skal, í tengslum við staðfesturétt og frelsi til að veita þjónustu, geta krafist þess að stofnanir sem ekki hafa leyfi sem lánastofnanir í heimaaðildarríkjum sínum fullnægi tilteknum ákvæðum í landslögum eða reglum þess og að því er varðar starfsemi sem er ekki talin upp í I. viðauka, að því tilskildu að slík ákvæði séu annars vegar í samræmi við löggjöf Bandalagsins og þeim ætlað að vernda hagsmuni almennings og hins vegar að þess háttar stofnanir eða starfsemi heyri ekki undir jafngildar reglur samkvæmt þessari löggjöf eða reglum í heimaaðildarríkjum sínum.

18) Aðildarríkin skulu tryggja að ekkert standi í vegi fyrir því að stunduð sé starfsemi, sem nýtur gagnkvæmrar viðurkenningar, á sama hátt og í heimaaðildarríkinu, að því tilskildu að hún brjóti ekki gegn lagaákvæðum sem sett eru til verndar almenningi í gistiaðildarríkinu.

19) Reglur um útibú lánastofnana sem hafa aðalskrifstofu sína í löndum utan Bandalagsins skulu vera hliðstæðar í öllum aðildarríkjum. Mikilvægt er að kveða svo á um að slíkar reglur megi ekki vera hagstæðari en þær sem gilda um útibú stofnana frá öðrum aðildarríkjum. Bandalagið skal vera fært um að gera samninga við þriðju lönd sem kveða á um að slík útibú sitji við sama borð á yfirráðasvæði þess, samkvæmt reglum samninganna. Útibú lánastofnana, sem hafa fengið leyfi í þriðju löndum, skulu ekki njóta frelsis til að veita þjónustu samkvæmt annarri málsgrein 49. gr. sáttmálans eða staðfesturéttar í öðrum aðildarríkjum en þeim þar sem þau hafa staðfestu.

20) Bandalaginu og þriðju löndum ber að komast að gagnkvæmu samkomulagi í því skyni að koma á hentugu eftirliti á samstæðugrundvelli á eins stóru landsvæði og mögulegt er.

21) Ábyrgðin á eftirliti með fjárhagslegu heilbrigði lánastofnunar, einkum gjaldþoli hennar, skal hvíla á heimaaðildarríkinu. Lögbær yfirvöld í gistiaðildarríkinu skulu bera ábyrgð á eftirliti með lausafjárstöðu útibúa og peningamálastefnu. Eftirlit með markaðsáhættu skal fara fram í náinni samvinnu milli lögbærra yfirvalda í heima- og gistiaðildarríki.

22) Til að innri bankamarkaðurinn geti starfað snurðulaust þarf ekki einungis lagareglur heldur einnig náið og reglubundið samstarf og umtalsvert meiri samleitni í reglu- og eftirlitsvenjum milli lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna. Í þessu skyni skal umfjöllun um vandamál varðandi einstakar lánastofnanir og gagnkvæm upplýsingaskipti einkum fara fram innan evrópsku bankaeftirlitsnefndarinnar sem komið var á fót með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/5/EB ([1]). Þessi gagnkvæma tilhögun upplýsingaskipta skal ekki undir neinum kringumstæðum koma í stað tvíhliða samstarfs. Lögbær yfirvöld í gistiaðildarríki ættu að geta, án þess að rýra valdsvið sitt, að eigin frumkvæði, ef mikið liggur við, eða að frumkvæði lögbærra yfirvalda í heimaaðildarríki, gengið úr skugga um að starfsemi lánastofnunar sem stofnuð hefur verið á yfirráðasvæði þeirra sé í samræmi við lög þ ar að lútandi og meginreglurnar um góða stjórnsýslumeðferð og bókhaldsfyrirkomulag og fullnægjandi innra eftirlit.

23) Rétt er að leyfa upplýsingaskipti milli lögbærra yfirvalda og yfirvalda eða stofnana sem í krafti stöðu sinnar stuðla að því að auka stöðugleika fjármálakerfisins. Til að varðveita þá leynd sem hvílir yfir framsendum upplýsingum verður að gæta þess að fjöldi viðtakenda sé mjög takmarkaður.

24) Tiltekið athæfi, svo sem svik eða innherjabrot, getur haft áhrif á stöðugleika fjármálakerfisins og hve heilsteypt það er, jafnvel þegar það snertir aðrar stofnanir en lánastofnanir. Nauðsynlegt er að tilgreina við hvaða skilyrði upplýsingaskipti eru heimiluð í slíkum tilvikum.

25) Þegar kveðið er á um að einungis megi afhenda upplýsingar með skýlausu samþykki lögbærra yfirvalda skulu þau, þegar svo ber undir, setja það skilyrði fyrir samþykki sínu að farið sé að ströngum skilyrðum.

26) Einnig ætti að heimila skipti á upplýsingum milli lögbærra yfirvalda annars vegar og seðlabanka og annarra stofnana sem gegna svipuðu hlutverki á sviði peningamála hins vegar og, eftir atvikum, annarra opinberra yfirvalda sem annast eftirlit með greiðslukerfum.

27) Með það í huga að auka varfærniseftirlit með lánastofnunum og vernd viðskiptavina þeirra ber endurskoðendum skylda til að upplýsa lögbær yfirvöld jafnharðan, í þeim tilvikum sem þeir komast við störf sín á snoðir um tilteknar staðreyndir sem geta haft alvarlegar afleiðingar fyrir fjárhagsstöðu eða stjórnsýslu og reikningshald lánastofnunar. Af sömu ástæðu skulu aðildarríkin kveða á um að sama skylda skuli gilda í öllum tilvikum þegar endurskoðandi kemst á snoðir um slíkar staðreyndir við störf sín í fyrirtæki sem hefur náin tengsl við lánastofnun. Skylda endurskoðenda til að upplýsa lögbær yfirvöld við vissar aðstæður um tilteknar staðreyndir og ákvarðanir, sem varða lánastofnanir og þeir hafa komist á snoðir um við störf sín í fyrirtækjum sem eru ekki fjármálafyrirtæki, á í sjálfu sér ekki að breyta eðli starfa þeirra í viðkomandi fyrirtæki né heldur með hvaða hætti þeir skuli inna störf sín af hendi í fyrirtækinu.

28) Í tilskipun þessari er tekið fram að tilgreina skuli skilyrði fyrir tiltekna eiginfjárliði, með fyrirvara um að aðildarríkin geti beitt strangari ákvæðum.

29) Í tilskipun þessari er gerður greinarmunur á eiginfjárliðum sem annars vegar teljast til upprunalegs eigin fjár og hins vegar viðbótareiginfjár, eftir eðli liðanna.

30) Til að sýna fram á að eiginfjárliðir, sem mynda viðbótar eigið fé, séu ekki sama eðlis og liðir upprunalegs eigin fjár, skal fjárhæð þeirra fyrrnefndu, sem teljast til eigin fjár, ekki vera hærri en upprunalegt eigið fé.

([1]) Stjtíð. ESB L 3, 7.1.2004, bls. 28.

Enn fremur skal fjárhæð tiltekinna liða viðbótareiginfjár ekki vera hærri en nemur helmingi upprunalegs eigin fjár.

31) Opinberum lánastofnunum er ekki heimilt að telja með eigin fé ábyrgðir, sem aðildarríki eða staðaryfirvöld veita þeim, vegna þ ess að slíkt gæti raskað eðlilegri samkeppni.

32) Hvenær sem þess gerist þörf við eftirlit að ákvarða fjárhæð samanlagðs eigin fjár samstæðu lánastofnana, skulu slíkir útreikningar unnir í samræmi við þessa tilskipun.

33) Reikningsskilaaðferðir, sem notaðar eru til að reikna út eigið fé, að hve miklu leyti það nægir til að mæta áhættunni sem lánastofnun stendur frammi fyrir og til að meta samþjöppun áhættu skulu taka mið af ákvæðum tilskipunar ráðsins 86/635/EBE frá 8. desember 1986 um ársreikninga og samstæðureikninga banka og annarra fjármálastofnana ([1]), sem felur í sér ákveðna aðlögun á ákvæðum sjöundu tilskipunar ráðsins 83/349/EBE frá 13. júní 1983 um samstæðureikninga ([2]) eða reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 frá 19. júlí 2002 um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla ([3]), hvort heldur sem gildir um reikningsskil lánastofnana samkvæmt landslögum.

34) Lágmarkskröfur um eigið fé gegna mikilvægu hlutverki við eftirlit með lánastofnunum og við gagnkvæma viðurkenningu á eftirlitsaðferðum. Því skulu ákvæðin um lágmarkskröfur um eigið fé skoðuð í tengslum við önnur sérstök stjórntæki sem einnig samhæfa grunnaðferðir við eftirlit með lánastofnunum.

35) Í því skyni að koma í veg fyrir röskun á samkeppni og til að styrkja bankakerfið á innri markaðnum er rétt að mæla fyrir um sameiginlegar lágmarkskröfur um eigið fé.

36) Til þess að tryggja fullnægjandi gjaldhæfi er mikilvægt að mæla fyrir um lágmarkskröfur um eigið fé sem gefa eignum og liðum utan efnahagsreiknings vægi miðað við áhættustig.

37) Að því er varðar þetta atriði samþykkti Basel-nefndin um bankaeftirlit hinn 26. júní 2004 rammasamning um alþjóðlega samleitni útreikninga eigin fjár og eiginfjárkrafna. Ákvæðin í þessari tilskipun um lágmarkskröfur um eigið fé lánastofnana og ákvæði um lágmarkskröfur um eigið fé í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/49/EB frá 14. júní 2006 um eiginfjárkröfur fjárfestingarfyrirtækja og lánastofnana ([4]), eru jafngild ákvæðum rammasamnings Basel-nefndarinnar.

38) Mikilvægt er að taka tillit til fjölbreytni lánastofnana í Bandalaginu með því að gefa kost á öðrum aðferðum til útreiknings á lágmarkskröfum um eigið fé vegna útlánaáhættu, sem ná til mismunandi stiga áhættunæmis og eru misflóknar. Notkun ytra mats og eigin mats lánastofnunar á einstökum breytum í lánsáhættu felur í sér verulegar umbætur á áhættunæmi og varfærni reglnanna um útlánaáhættu. Lánastofnanir skulu fá viðeigandi hvatningu til að taka upp nálgun sem er áhættunæmari. Þegar lánastofnanir leggja fram nauðsynlegt mat til að beita aðferðum þessarar tilskipunar á útlánaáhættu verða þær að laga gagnavinnsluþarfir sínar að réttmætum gagnaverndarhagsmunum viðskiptavina sinna í samræmi við gildandi löggjöf Bandalagsins um gagnavernd, á sama tíma og þær bæta mat og stjórnun á útlánaáhættu lánastofnana til að tryggja að fyrir hendi séu aðferðir til að ákvarða lögboðnar eiginfjárkröfur lánastofnana sem endurspegla mismunandi vinnsluferli einstakra lánastofnana. Vinnsla gagna skal vera í samræmi við reglur um miðlun persónuupplýsinga sem mælt er fyrir um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ([5]). Í þessu tilliti skal úrvinnsla gagna í tengslum við stofnun og stjórnun áhættukrafna á viðskiptavini vera talin ná yfir þróun og fullgildingu kerfa til að stjórna og meta útlánaáhættu. Þetta þjónar ekki aðeins lögmætum hagsmunum lánastofnana heldur einnig þeim tilgangi þessarar tilskipunar að nota betri aðferðir við áhættumat og -stjórnun og einnig að nota þær í þágu lögboðinna krafna um eigið fé.

39) Að því er varðar notkun bæði ytra mats og eigin mats stofnunar eða innra mats, ber að taka tillit til þeirrar staðreyndar að eins og sakir standa er einungis það síðastnefnda gert af aðila — fjármálastofnuninni sjálfri — sem fellur undir heimildaferli Bandalagsins. Þegar um er að ræða ytra mat eru notaðar lausnir frá svokölluðum viðurkenndum matsfyrirtækjum sem, eins og sakir standa, falla ekki undir heimildaferli í Bandalaginu. Í ljósi þess hve ytra mat er mikilvægt í tengslum við útreikninga á kröfum um eigið fé samkvæmt þessari tilskipun, er nauðsynlegt að endurskoða reglulega viðeigandi framtíðarheimildar- og eftirlitsferli fyrir matsfyrirtæki.

([1]) Stjtíð. EB L 372, 31.12.1986, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2003/51 (Stjtíð. ESB L 178, 17.7.2003, bls. 16.)

([2]) Stjtíð. EB L 193, 18.7.1983, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2003/51/EB.

([3]) Stjtíð. EB L 243, 11.9.2002, bls. 1.

([4]) Stjtíð. ESB L 177, 30.6.2006, bls. 201.

([5]) Stjtíð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1882/2003 (Stjtíð. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

40) Lágmarkskröfur um eigið fé skulu vera í réttu hlutfalli við áhættuna sem það ver. Kröfurnar skulu einkum endurspegla þá lækkun áhættustigs sem hlýst af miklum fjölda hlutfallslega lítilla áhættuskuldbindinga.

41) Ákvæði þessarar tilskipunar virða meðalhófsregluna, einkum með hliðsjón af fjölbreytni í stærð og umfangi rekstrar og starfsemi lánastofnana á fjölbreytilegum sviðum. Fylgni við meðalhófsregluna þýðir einnig að einföldustu mögulegu matsaðferðir, jafnvel þegar innramatsaðferðin (IRB-aðferðin) er notuð, eru viðurkenndar fyrir smásöluáhættuskuldbindingar.

42) „Þróunareiginleikar“ þessarar tilskipunar gera lánastofnunum kleift að velja milli þriggja misflókinna aðferða. Í því skyni að leyfa sérstaklega litlum lánastofnunum að velja innramatsaðferðina, sem er áhættunæm, skulu lögbær yfirvöld hrinda ákvæðum a- og b-liðar 1. mgr. 89. gr. í framkvæmd þar sem við á. Þau ákvæði ber að túlka þannig að flokkar áhættuskuldbindinga sem um getur í a- og b-lið 1. mgr. 86. gr., taki til allra áhættuskuldbindinga sem eru, beint eða óbeint, lagðar þeim að jöfnu í þessari tilskipun. Að jafnaði skulu lögbær yfirvöld ekki gera greinarmun á aðferðunum þremur með tilliti til eftirlitsferlisins, þ.e. lánastofnanir sem starfa í samræmi við ákvæði stöðluðu aðferðarinnar skulu ekki vera undir strangara eftirliti af þeirri ástæðu eingöngu.

43) Aðferðir til að draga úr útlánaáhættu ættu að njóta aukinnar viðurkenningar innan regluramma sem er hannaður til að tryggja að ekki sé grafið undan gjaldþoli með ótilhlýðilegri færslu. Venjubundin trygging, sem gildir í viðkomandi aðildarríki til að draga úr útlánaáhættu, ætti að hljóta viðurkenningu í staðalaðferðinni þar sem þess er kostur, en einnig í hinum aðferðunum.

44) Til að tryggja að áhætta og minnkun áhættu, sem stafar af verðbréfunarstarfsemi og fjárfestingum lánastofnana, sé endurspegluð á viðeigandi hátt í lágmarkskröfum um eigið fé lánastofnana er nauðsynlegt að hafa reglur sem kveða á um áhættunæma og skynsamlega meðferð slíkrar starfsemi og fjárfestinga.

45) Rekstraráhætta er marktæk áhætta sem lánastofnanir standa frammi fyrir og verja þarf með eigið fé. Mikilvægt er að taka tillit til fjölbreytni lánastofnana í Bandalaginu með því að gefa kost á öðrum aðferðum til útreiknings á kröfum vegna rekstraráhættu sem ná til mismunandi stiga áhættunæmi og eru misflóknar. Lánastofnanir skulu fá viðeigandi hvatningu til að taka upp áhættunæmari aðferðir. Í ljósi þess að tæknin til að meta og stjórna rekstraráhættu er í stöðugri þróun skulu reglurnar endurskoðaðar reglulega og uppfærðar eftir því sem við á, m.a. í tengslum við gjöld fyrir mismunandi viðskiptasvið og viðurkenningu á aðferðum til að draga úr áhættu. Að því er þetta varðar skal gæta sérstaklega að því að taka tillit til tryggingar í einföldu aðferðunum við útreikning á kröfum um eigið fé vegna rekstraráhættu.

46) Í því skyni að tryggja fullnægjandi gjaldþol lánastofnana innan samstæðu er nauðsynlegt að lágmarkskröfur um eigið fé gildi á grundvelli heildstæðrar fjárhagsstöðu samstæðunnar. Í því skyni að tryggja að eigin fé sé úthlutað á viðeigandi hátt innan samstæðunnar og að það sé tiltækt til að vernda sparifé þar sem þörf er á, skulu lágmarkskröfurnar um eigið fé gilda um einstakar lánastofnanir innan samstæðu, nema unnt sé að ná þessu markmiði á annan hátt.

47) Grundvallarreglur um eftirlit með stórum áhættuskuldbindingum lánastofnana skulu vera samræmdar. Aðildarríkjum skal áfram vera kleift að samþykkja strangari ákvæði en þau sem kveðið er á um í þessari tilskipun.

48) Eftirlit með og stjórnun áhættukrafna lánastofnunar skal vera óaðskiljanlegur hluti eftirlits með henni. Því getur of mikil samþjöppun áhættukrafna á einn viðskiptavin eða hóp tengdra viðskiptavina leitt til óviðunandi tapsáhættu. Slík staða getur talist draga úr gjaldhæfi lánastofnunarinnar.

49) Þar eð lánastofnanir á innri markaðnum eru í beinni samkeppni, skulu eftirlitskröfur vera sambærilegar í öllu Bandalaginu.

50) Þótt viðeigandi sé, í þeim tilgangi að takmarka stórar áhættuskuldbindingar, að byggja skilgreininguna á áhættuskuldbindingu á skilgreiningunni að því er varðar lágmarkskröfur um eigið fé vegna útlánaáhættu, er að meginreglu ekki viðeigandi að vísa til vægis eða áhættustiga. Vægi og áhættustig voru fundin út í því skyni að setja fram almenna kröfu um gjaldhæfi lánastofnana til að mæta útlánaáhættu. Í því skyni að takmarka það hámarkstap sem lánastofnun kann að verða fyrir vegna eins viðskiptavinar eða hóps tengdra viðskiptavina er viðeigandi að samþykkja reglur um hvernig ákvarða skuli stórar áhættuskuldbindingar sem taka tillit til nafnverðs áhættuskuldbindingarinnar án þess að beita vægi eða áhættustigum.

51) Þótt æskilegt sé, þar til frekari endurskoðun á ákvæðum um stórar áhættuskuldbindingar fer fram, að heimila færslu á áhrifum mildunar útlánaáhættu á sambærilegan hátt og heimilt er að því er varðar lágmarkskröfur um eigið fé til að takmarka kröfur um útreikning, voru reglurnar um mildun útlánaáhættu hannaðar með tilliti til almennrar dreifðrar útlánaáhættu sem stafar af áhættukröfum á marga mótaðila. Því skal færsla á áhrifum slíkra aðferða til að takmarka stórar áhættuskuldbindingar, hönnuðum til að takmarka það hámarkstap sem orðið getur vegna eins viðskiptavinar eða hóps tengdra viðskiptavina, vera háð varfærnismati.

52) Þegar lánastofnun stofnar til áhættu gagnvart eigin móðurfyrirtæki eða öðrum dótturfyrirtækjum móðurfyrirtækisins er sérstakrar varkárni þörf. Stjórnun áhættukrafna lánastofnana verður að vera algerlega sjálfstæð, í samræmi við meginreglurnar um trausta bankastjórnun, án tillits til annarra sjónarmiða. Ef áhrif aðila, sem beint eða óbeint eiga virka eignarhlutdeild í lánastofnun, virðast vera skaðleg traustri og varfærinni stjórnun stofnunarinnar skulu lögbær yfirvöld gera viðeigandi ráðstafanir til að binda enda á það ástand. Að því er varðar stórar áhættuskuldbindingar ber að setja sérstakar reglur, þ.m.t. strangari takmarkanir, í tengslum við áhættukröfur lánastofnunar á eigin samstæðu. Slíkar reglur þurfa þó ekki að gilda ef móðurfyrirtækið er eignarhaldsfélag á fjármálasviði eða lánastofnun eða ef önnur dótturfyrirtæki eru annaðhvort lána- eða fjármálastofnanir eða stoðþjónustufyrirtæki, að því tilskildu að öll þessi fyrirtæki heyri undir samstæðueftirlit með lánastofnuninni.

53) Lánastofnanir skulu tryggja að þær hafi eigið fé sem er fullnægjandi að magni, gæðum og dreifingu til að mæta áhættunni sem þær eru eða kunna að verða fyrir. Því skulu lánastofnanir hafa áætlanir og ferli til að meta og viðhalda fullnægjandi eigin fé.

54) Lögbærum yfirvöldum ber skylda til að fullvissa sig um að í lánastofnunum sé gott skipulag og fullnægjandi eigið fé, með hliðsjón af áhættunni sem lánastofnanirnar standa eða kynnu að standa frammi fyrir.

55) Til að innri bankamarkaður starfi með skilvirkum hætti skal evrópska bankaeftirlitsnefndin stuðla að samræmdri beitingu þessarar tilskipunar og að samleitnum eftirlitsvenjum innan Bandalagsins og senda stofnunum Bandalagsins árlega skýrslu um hvernig til hefur tekist.

56) Af sömu ástæðu og til að tryggja að lánastofnunum innan Bandalagsins, sem hafa starfsemi í fleiri en einu aðildarríki, sé ekki íþyngt óhóflega vegna þess að lögbær yfirvöld í einstökum aðildarríkjum halda áfram að annast starfsleyfi og eftirlit er mikilvægt að auka verulega samstarf milli lögbærra yfirvalda Í þessu skyni ber að styrkja hlutverk eftirlitsaðila með samstæðum. Evrópska bankaeftirlitsnefndin skal styðja og auka slíkt samstarf.

57) Eftirlit með lánastofnunum á samstæðugrundvelli hefur einkum að markmiði að vernda hagsmuni sparifjáreigenda lánastofnana og tryggja stöðugleika fjármálakerfisins.

58) Til að eftirlit á samstæðugrundvelli beri árangur skal það ná til allra bankasamstæðna, einnig þeirra sem heyra undir móðurfyrirtæki sem eru ekki lánastofnanir. Lögbær yfirvöld skulu hafa með höndum nauðsynlega lagagerninga til að framkvæma slíkt eftirlit.

59) Ef um er að ræða samstæður sem annast margs konar starfsemi og heyra undir móðurfyrirtæki sem stjórna að minnsta kosti einni dótturlánastofnun skulu lögbær yfirvöld hafa möguleika á að meta fjárhagsstöðu lánastofnunar í slíkri samstæðu. Lögbær yfirvöld skulu að minnsta kosti hafa tök á að afla sér, frá öllum fyrirtækjum innan samstæðu, þeirra upplýsinga sem þau þarfnast til að gegna hlutverki sínu. Koma skal á samvinnu milli yfirvalda sem bera ábyrgð á eftirliti með mismunandi fjármálageirum þegar um er að ræða fyrirtækjasamstæður sem hafa með höndum margs konar fjármálastarfsemi. Þar til frekari samræming fer fram skal aðildarríkjunum heimilt að mæla fyrir um viðeigandi samstæðureikningsaðferðir til að ná fram markmiði þessarar tilskipunar.

60) Aðildarríkin eiga að geta synjað um eða afturkallað starfsleyfi banka þegar um er að ræða tiltekið samstæðuskipulag sem ekki er talið henta bankastarfsemi, einkum vegna þess að ekki er unnt að hafa fullnægjandi eftirlit með því. Í þessu tilliti skulu lögbær yfirvöld hafa nauðsynlegar heimildir til að tryggja trausta og varfærna stjórnun lánastofnana.

61) Til að innri bankamarkaður starfi með aukinni skilvirkni og til að ríkisborgarar Bandalagsins njóti fullnægjandi gagnsæis er nauðsynlegt að lögbær yfirvöld birti opinberlega og á þann hátt að unnt sé að gera marktækan samanburð, hvernig þessi tilskipun er framkvæmd.

62) Í því skyni að auka aga á markaði og hvetja lánastofnanir til að bæta markaðsáætlun sína, áhættustjórnun og skipulag innri stjórnunar, skal kveða á um að lánastofnanir birti viðeigandi upplýsingar opinberlega.

63) Nánari könnun á vanda tengdum málefnum sem tilskipun þessi og aðrar tilskipanir um starfsemi lánastofnana ná yfir, krefst samstarfs lögbærra yfirvalda og framkvæmdastjórnarinnar, einkum ef stefnt er að aukinni samræmingu.

64) Gerðar skulu nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari tilskipun í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdarvalds sem framkvæmdastjórninni er falið ([1]).

([1]) Stjtíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

65) Í ályktun sinni frá 5. febrúar 2002 um framkvæmd löggjafar um fjármálaþjónustu ([1]), óskaði þingið eftir því að það og ráðið gegndu jöfnu hlutverki við eftirlit með því hvernig framkvæmdastjórnin fer með framkvæmdahlutverk sitt til að endurspegla löggjafarvald þingsins skv. 251. gr. sáttmálans. Framkvæmdastjórnin studdi þá ósk með drengskaparheiti sem forseti hennar gaf þinginu sama dag. Hinn 11. desember 2002 lagði framkvæmdastjórnin til breytingar á ákvörðun 1999/468/EB og lagði síðan fram breytta tillögu 22. apríl 2004. Þingið lítur ekki svo á að þessi tillaga tryggi heimildir þess til lagasetningar. Að áliti þingsins skal því sjálfu og ráðinu gefast kostur á að leggja mat á framsal framkvæmdarvalds til framkvæmdastjórnarinnar innan tiltekins tíma. Því er rétt að takmarka þann tíma sem framkvæmdastjórnin hefur til að samþykkja framkvæmdarráðstafanir.

66) Frá því að fyrstu breytingar á drögum og framkvæmdarráðstöfunum eru sendar skal þingið hafa þrjá mánuði til að kynna sér þær og láta álit sitt í ljós. Í áríðandi og tilhlýðilega rökstuddum tilvikum skal þó vera unnt að stytta þann tíma. Ef þingið samþykkir ályktun innan þessa frests skal framkvæmdastjórnin endurskoða drögin að breytingunum eða ráðstöfununum.

67) Til að forðast röskun á mörkuðum og til að tryggja samfelldni á öllum stigum eigin fjár þykir rétt að kveða á um sérstakt umbreytingarfyrirkomulag.

68) Í ljósi áhættunæmi reglnanna sem tengjast lágmarkskröfum um eigið fé er æskilegt að endurskoða reglulega hvort þær hafi marktæk áhrif á hagsveifluna. Framkvæmdastjórnin skal, að teknu tilliti til framlags Seðlabanka Evrópu, senda skýrslu um þessa þætti til Evrópuþingsins og ráðsins.

69) Einnig skal samræma það fyrirkomulag sem nauðsynlegt er við eftirlit með lausafjáráhættu.

70) Í þessari tilskipun er tekið tillit til grundvallarréttinda og þeim meginreglum fylgt sem einkum eru viðurkenndar í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi sem væru þær almennar meginreglur í lögum Bandalagsins.

71) Skyldan til að taka þessa tilskipun upp í landslög skal takmarkast við þau ákvæði sem fela í sér verulega breytingu í samanburði við fyrri tilskipanir. Skyldan til að taka óbreyttu ákvæðin upp er fyrir hendi í fyrri tilskipunum.

72) Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á skuldbindingar aðildarríkjanna að því er varðar fresti þeirra til að lögleiða tilskipanirnar, sem eru tilgreindar í B-hluta XIII. viðauka.

([1]) Stjtíð. EB C 284 E, 21.11.2002, bls. 115.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

EFNISYFIRLIT

I. BÁLKUR	VIÐFANGSEFNI, GILDISSVIÐ OG SKILGREININGAR
II. BÁLKUR	KRÖFUR UM STOFNUN OG REKSTUR LÁNASTOFNANA
III. BÁLKUR	ÁKVÆÐI UM STAÐFESTURÉTT OG FRELSI TIL AÐ VEITA ÞJÓNUSTU
1. þáttur	Lánastofnanir
2. þáttur	Fjármálastofnanir
3. þáttur	Neyting staðfesturéttar
4. þáttur	Nýting frelsis til að veita þjónustu
5. þáttur	Valdheimildir lögbærra yfirvalda gistiaðildarríkisins
IV. BÁLKUR	SAMSKIPTI VIÐ ÞRIÐJU LÖND
1. þáttur	Tilkynning í tengslum við fyrirtæki þriðju landa og skilyrði um aðgang að mörkuðum þessara landa
2. þáttur	Samstarf við lögbær yfirvöld þriðju landa um eftirlit á samstæðugrundvelli
V. BÁLKUR	MEGINREGLUR OG TÆKNILEG STJÓRNTÆKI TIL VARFÆRNISEFTIRLITS OG UPPLÝSINGAGJAFAR
1. KAFLI	MEGINREGLUR UM VARFÆRNISEFTIRLIT
1. þáttur	Valdsvið heima- og gistiaðildarríkis
2. þáttur	Upplýsingaskipti og þagnarskylda
3. þáttur	Skylda ábyrgðaraðila lögbundins eftirlits með ársreikningum og samstæðureikningum
4. þáttur	Vald til að beita viðurlögum og réttur til að leita til dómstóla
2. KAFLI	TÆKNILEG STJÓRNTÆKI TIL VARFÆRNISEFTIRLITS
1. þáttur	Eigið fé
2. þáttur	Ráðstafanir gegn áhættu
1. undirþáttur	Gildissvið
2. undirþáttur	Útreikningur á kröfum
3. undirþáttur	Lágmarksfjárhæð eigin fjár

3. þáttur	Lágmarkskröfur um eigið fé vegna útlánaáhættu
1. undirþáttur	Staðalaðferð
2. undirþáttur	Innramatsaðferð
3. undirþáttur	Mildun útlánahættu
4. undirþáttur	Verðbréfun
4. þáttur	Lágmarkskröfur um eigið fé vegna rekstraráhættu
5. þáttur	Stórar áhættuskuldbindingar
6. þáttur	Virk eignarhlutdeild utan fjármálageirans
3. KAFLI	MATSFERLI LÁNASTOFNANA
4. KAFLI	EFTIRLIT OG UPPLÝSINGAGJÖF LÖGBÆRRA YFIRVALDA
1. þáttur	Eftirlit
2. þáttur	Upplýsingagjöf lögbærra yfirvalda
5. KAFLI	UPPLÝSINGAGJÖF LÁNASTOFNANA
VI. BÁLKUR	FRAMKVÆMDARVALD
VII. BÁLKUR	BRÁÐABIRGÐA- OG LOKAÁKVÆÐI
1. KAFLI	BRÁÐABIRGÐAÁKVÆÐI
2. KAFLI	LOKAÁKVÆÐI
I. VIÐAUKI	SKRÁ YFIR STARFSEMI SEM ER HÁÐ GAGNKVÆMRI VIÐURKENNINGU
II. VIÐAUKI	FLOKKUN Á LIÐUM UTAN EFNAHAGSREIKNINGS
III. VIÐAUKI	MEÐHÖNDLUN MÓTAÐILAÁHÆTTU VEGNA AFLEIÐUGERNINGA, ENDURHVERFRA VIÐSKIPTA, LÁNTÖKU EÐA LÁNVEITINGA Í VERÐBRÉFUM EÐA HRÁVÖRU, LANGRA SAMNINGA MEÐ AFHENDINGU OG VIÐBÓTARLÁNVEITINGA VEGNA KAUPA/SÖLU VERÐBRÉFA
1. hluti	Skilgreiningar
2. hluti	Val á aðferð
3. hluti	Markaðsvirðisaðferð
4. hluti	Aðferð upprunalegrar áhættu
5. hluti	Stöðluð aðferð
6. hluti	Innralíkansaðferð
7. hluti	Samningsbundin skuldajöfnun
IV. VIÐAUKI	TEGUNDIR AFLEIÐA

V. VIÐAUKI	TÆKNILEGAR VIÐMIÐANIR VEGNA FYRIRKOMULAGS OG MEÐFERÐAR ÁHÆTTU
VI. VIÐAUKI	STAÐALAÐFERÐ
1. hluti	Áhættuvog
2. hluti	Viðurkenning á utanaðkomandi lánshæfismatsstofnunum og vörpun á lánshæfismati þeirra
3. hluti	Notkun á lánshæfismati utanaðkomandi lánshæfismatsstofnana til að ákvarða áhættuvog
VII. VIÐAUKI	INNRAMATSAÐFERÐ
1. hluti	Fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga og fjárhæðir vænts taps 2. hluti Líkur á vanefndum, tap að gefnum vanefndum og binditími
3. hluti	Virði áhættuskuldbindinga
4. hluti	Lágmarkskröfur vegna innramatsaðferðar
VIII. VIÐAUKI	MILDUN ÚTLÁNAÁHÆTTU
1. hluti	Hæfi
2. hluti	Lágmarkskröfur
3. hluti	Útreikningur á áhrifum mildunar útlánaáhættu
4. hluti	Misræmi binditíma
5. hluti	Samsetning mildunar á útlánaáhættu í staðalaðferð
6. hluti	Mildun útlánahættu fyrir körfu áhættuskuldbindinga
IX. VIÐAUKI	VERÐBRÉFUN
1. hluti	Skilgreiningar að því er varðar IX. viðauka
2. hluti	Lágmarkskröfur vegna viðurkenningar á yfirfærslu verulegrar útlánaáhættu og útreiknings á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga og fjárhæðum vænts taps vegna verðbréfaðra áhættuskuldbindinga
3. hluti	Lánshæfismat óháðs aðila
4. hluti	Útreikningur
X. VIÐAUKI	REKSTRARÁHÆTTA
1. hluti	Grundvallaraðferð
2. hluti	Staðalaðferð
3. hluti	Þróuð mæliaðferð
4. hluti	Blönduð aðferð
5. hluti	Flokkun eftir tegundum tapatburða

XI. VIÐAUKI	TÆKNILEGAR VIÐMIÐANIR VEGNA KÖNNUNAR OG MATS LÖGBÆRRA YFIRVALDA
XII. VIÐAUKI	TÆKNILEGAR VIÐMIÐANIR VEGNA UPPLÝSINGAGJAFAR
1. hluti	Almennar viðmiðanir
2. hluti	Almennar kröfur
3. hluti	Skilyrði fyrir notkun á tilteknum stjórntækjum eða aðferðum
XIII. VIÐAUKI A-hluti	NIÐURFELLDAR TILSKIPANIR ÁSAMT BREYTINGUM Á ÞEIM (sem um getur í 158. gr.)
XIII. VIÐAUKI B-hluti	FRAMKVÆMDARFRESTUR (sem um getur í 158. gr.)
XIV. VIÐAUKI	SAMSVÖRUNARTAFLA

I. BÁLKUR

VIÐFANGSEFNI, GILDISSVIÐ OG SKILGREININGAR

1. gr.

1. Í þessari tilskipun er mælt fyrir um stofnun og rekstur lánastofnana og varfærniseftirlit með þeim.

2. Ákvæði 39. gr. og 1. þáttar 4. kafla V. bálks. skulu gilda um eignarhaldsfélög á fjármálmálasviði og blönduð eignarhaldsfélög sem hafa aðalskrifstofur í Bandalaginu.

3. Stofnanirnar sem eru varanlega undanþegnar samkvæmt 2. mgr. teljast til fjármálastofnana, að því er varðar 39. gr. og 1. þátt 4. kafla V. bálks, að undanskildum seðlabönkum aðildarríkjanna.

2. gr.

Tilskipun þessi gildir ekki um:

— seðlabanka aðildarríkja,

— póstgíróstofnanir,

— í Belgíu: „Institut de Réescompte et de Garantie/Herdiscontering- en Waarborginstituut“,

— í Danmörku: „Dansk Eksportfinansieringsfond“, „Danmarks Skibskreditfond“, „Dansk Landbrugs Realkreditfond“ og „KommuneKredit“,

— í Þýskalandi: „Kreditanstalt für Wiederaufbau“, fyrirtæki sem samkvæmt „Wohnungsgemeinnützigkeitsgesetz“ (lögum um nýtingu húsnæðis í þágu almennings) eru viðurkennd sem stofnanir er falla undir húsnæðisstefnu ríkisins, enda snúist starfsemi þeirra ekki fyrst og fremst um bankaviðskipti, og fyrirtæki sem eru viðurkennd samkvæmt þeim lögum sem húsnæðisstofnanir í þágu almennings,

— í Grikklandi, “Ταμείο Παρακαταθηκών και Δανείων” (Tamio Parakatathikon kai Danion),

— á Spáni: „Instituto de Crédito Oficial“,

— í Frakklandi: „Caisse des dépôts et consignations“,

— á Írlandi: lánasamvinnufélög (e. credit unions) og gagnkvæm félög (e. friendly societies),

— á Ítalíu: „Cassa depositi e prestiti“,

— í Lettlandi: „krājaizdevu sabiedrības“, fyrirtæki sem eru viðurkennd samkvæmt „krājaizdevu sabiedrību likums“ sem samstarfsfyrirtæki sem veita eingöngu félagsaðilum sínum fjármálaþjónustu,

— í Litháen: „kredito unijos“ annað en „Centrinė kredito unija“,

— í Ungverjalandi: „Magyar Fejlesztési Bank Rt.“ og „Magyar Export-Import Bank Rt.“,

— í Hollandi: „Netherlandse Investeringsbank voor Ontwikkelingslanden NV“, „NV Noordelijke Ontwikkelingsmaatschappij“, „NV Industriebank Limburgs Instituut voor Ontwikkeling en Financiering“ og „Overijsselse Ontwikkelingsmaatschappij NV“,

— í Austurríki: fyrirtæki sem eru viðurkennd sem húsnæðisstofnanir í þágu almennings og „Österreichische Kontrollbank AG“,

— í Póllandi: „Spółdzielcze Kasy Oszczędnościowo — Kreditowe“ og „Bank Gospodarstwa Krajowego“,

— í Portúgal: „Caixas Económicas“ sem voru starfræktir 1. janúar 1986, að undanskildum þeim sem voru stofnaðir sem hlutafélög og „Caixa Económica Montepio Geral“,

— í Finnlandi: „Teollisen yhteistyön rahasto Oy/Fonden för industriellt samarbete AB“ og „Finnvera Oyj/Finnvera Abp“,

— í Svíþjóð: „Svenska Skeppshypotekskassan“,

— í Breska konungsríkinu: „National Savings Bank“, „Commonwealth Development Finance Company Ltd“, „Agricultural Mortgage Corporation Ltd“, „Scottish Agricultural Securities Corporation Ltd“, umboðsmenn krúnunnar fyrir ríkisstjórnir og yfirvöld handan hafsins, lánasamvinnufélög og bankar sveitarfélaga.

3. gr.

1. Heimilt er að veita einni eða fleiri lánastofnunum, sem eru staðsettar innan eins aðildarríkis og eru, hinn 15. desember 1977, varanlega tengdar miðlægri stofnun sem hefur eftirlit með þeim og er stofnsett í þessu sama aðildarríki, undanþágu frá skilyrðum þeim er sett eru fram í 7. gr., og 1. mgr. 11. gr. ef landslög kveða á um, eigi síðar en 15. desember 1979, að:

a) skuldbindingar miðlægu stofnunarinnar og stofnana í eignartengslum séu með óskiptri bótaábyrgð eða skuldbindingar alfarið á ábyrgð miðlægu stofnunarinnar,

b) að allsherjareftirlit sé haft með gjaldhæfi og lausafjárstöðu miðlægu stofnunarinnar og allra stofnana í eignartengslum á samstæðugrundvelli, og

c) að framkvæmdastjórn miðlægu stofnunarinnar hafi rétt til að senda fyrirmæli til framkvæmdastjórna stofnananna sem eru í eignartengslum við hana.

Lánastofnanir sem starfa staðbundið og eru tengdar miðlægri stofnun í skilningi fyrsta undirliðar frá og með 15. desember 1977 geta notið góðs af skilyrðum hennar ef þær teljast eðlileg viðbót við stofnanakerfi miðlægu stofnunarinnar.

Hvað varðar lánastofnanir, aðrar en þær sem stofnaðar eru á landsvæðum sem nýlega hafa verið unnin undan sjó eða sem orðið hafa til vegna klofnings eða samruna eldri stofnana sem heyra undir eða eru ábyrgar gagnvart miðlægu stofnuninni, getur framkvæmdastjórnin, í samræmi við málsmeðferðina

sem um getur í 2. mgr. 151. gr., sett viðbótarreglur til beitingar annarrar undirgreinar, þ.m.t. afnám á undanþágum þeim sem kveðið er á um í fyrstu undirgrein, telji hún að tengsl nýrra stofnana sem hafa hag af tilhöguninni, sem kveðið er á um í annarri undirgrein, gætu haft skaðleg áhrif á samkeppni.

2. Einnig má veita lánastofnun sem um getur í fyrstu undirgrein 1. mgr. undanþágu frá ákvæðum 9. og 10. gr. og einnig 2., 3., 4., 5. og 6. þætti 2. kafla og 3. kafla í V. bálki að því tilskildu að heildin, þ.e. miðlæga stofnunin og tengdar stofnanir, lúti þeim ákvæðum á samstæðugrundvelli og með fyrirvara um beitingu þessara ákvæða gagnvart miðlægu stofnuninni.

Þegar um undanþágu er að ræða skulu 16., 23., 24. og 25. gr., 26. gr. (1.–3. mgr.) og 28.–37. gr. gilda um heildina, þ.e. miðlægu stofnunina og tengdar stofnanir.

4. gr.

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „lánastofnun“:

   a) fyrirtæki með starfsemi sem felst í að taka á móti innlánum eða öðru fé frá almenningi til endurgreiðslu og veita lán fyrir eigin reikning; eða

   b) rafeyrisstofnun í skilningi tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2000/46/EB ([1]),

2) „starfsleyfi“: hvers kyns skjal gefið út af yfirvöldum er veitir lánastofnun rétt til starfa,

3) „útibú“: starfsstöð sem að lögum er hluti af lánastofnun og annast beint, að öllu leyti eða að hluta, þá starfsemi sem fram fer hjá lánastofnunum,

4) „lögbær yfirvöld“: landsyfirvöld sem heimilt er að lögum eða samkvæmt reglugerð að hafa eftirlit með lánastofnunum,

5) „fjármálastofnun“: fyrirtæki sem er ekki lánastofnun og starfar einkum að öflun eignarhluta eða stundar einhverja eða alla þá starfsemi sem um getur í 2.–12. lið I. viðauka,

6) „stofnanir“: að því er varðar 2. og 3. þátt 2. kafla í V. bálki, eru stofnanir eins og þær eru skilgreindar í c-lið 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 2006/49/EB,

7) „heimaaðildarríki“: aðildarríkið þar sem lánastofnun hefur verið veitt leyfi samkvæmt 6.–9. gr. og 11.–14. gr.,

8) „gistiaðildarríki“: það aðildarríki þar sem lánastofnun hefur útibú eða veitir þjónustu,

9) „eftirlit“: sambandið milli móðurfyrirtækis og dótturfyrirtækis, eins og það er skilgreint í 1. gr. tilskipunar 83/349/EBE, eða sams konar samband milli fyrirtækis og einstaklinga eða lögaðila,

10) „hlutdeild“: að því er tekur til o- og p-liðar 57. gr., 71.–73. gr. og 4. kafla í V. bálki, hlutdeild í skilningi fyrsta málsliðar 17. gr. fjórðu tilskipunar ráðsins 78/660/EBE frá 25. júlí 1978 um ársreikninga félaga af tiltekinni gerð ([2]), eða beinn eða óbeinn eignarhlutur sem nemur 20% eða meira af atkvæðisrétti eða hlutafé fyrirtækis,

11) „virk eignarhlutdeild“: bein eða óbein eignarhlutdeild í fyrirtæki sem nemur 10% eða meira af hlutafé eða atkvæðisrétti, eða sem gerir það kleift að hafa veruleg áhrif á stjórnun fyrirtækis,

12) „móðurfyrirtæki“:

   a) móðurfyrirtæki samkvæmt skilgreiningu í 1. og 2. gr. tilskipunar 83/349/EBE; eða

   b) til móðurfyrirtækja skulu teljast, að því er varðar 71.–73. gr. 5. þáttar 2. kafla í V. bálki og 4. kafla, móðurfyrirtæki samkvæmt skilgreiningu 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 83/349/EBE og hvert það fyrirtæki sem lögbær yfirvöld telja að hafi raunveruleg yfirráð yfir öðru fyrirtæki,

13) „dótturfyrirtæki“:

   a) dótturfyrirtæki samkvæmt skilgreiningu í 1. og 2. gr. tilskipunar 83/349/EBE, eða

   b) til dótturfyrirtækja skulu teljast, að því er varðar 71.–73. gr. 5. þáttar 2. kafla í V. bálki og 4. kafla, dótturfyrirtæki samkvæmt skilgreiningu 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 83/349/EBE og hvert það fyrirtæki sem lögbær yfirvöld telja að móðurfyrirtæki hafi raunveruleg yfirráð yfir.

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/46/EB frá 18. september 2000 um stofnun og rekstur rafeyrisstofnana og eftirlit með þeim (Stjtíð. EB L 275, 27.10.2000, bls. 39).

([2]) Stjtíð. EB L 222, 14.8.1978, bls. 11. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2003/51/EB.

Þar að auki ber að líta á öll dótturfyrirtæki dótturfyrirtækja sem dótturfyrirtæki móðurfyrirtæksins sem er höfuð þessara fyrirtækja,

14) „móðurlánastofnun í aðildarríki“: lánastofnun með lánastofnun eða fjármálastofnun sem dótturfyrirtæki eða á hlutdeild í slíkri stofnun og er sjálf ekki dótturfyrirtæki annarrar lánastofnunar með starfsleyfi í sama aðildarríki, eða eignarhaldsfélags á fjármálasviði sem komið hefur verið á fót í sama aðildarríki,

15) „móðureignarhaldsfélag á fjármálasviði í aðildarríki“: eignarhaldsfélag á fjármálasviði sem er ekki dótturfyrirtæki lánastofnunar sem hefur starfsleyfi í sama aðildarríki, eða eignarhaldsfélags á fjármálasviði í sama aðildarríki,

16) „móðurlánastofnunn² Evrópusambandinu“: m·Hurl§na-stofnun í aðildarríki, sem er ekki dótturfyrirtæki annarrar lánastofnunar sem hefur starfsleyfi í hvaða aHldar-ríki sem er, eða eignarhaldsfélags á fjármálasviði sem er í einhverju aðildarríki,

17) „móðureignarhaldsfélag § fjármálasviði ² Evr· pusam-bandinu“: móðureignarhaldsfélag § fj§rm§lasviHi ² aðildarríki, sem er ekki dótturfyrirtæki l§nastofnunar sem hefur starfsleyfi í hvaða aðildarríki sem er, eHa annars eignarhaldsfélags á fjármálasviði sem komiH hefur verið á fót í einhverju aðildarríki,

18) „opinberar stofnanir og fyrirtæki“: stjórnunarstofnanir sem ekki eru reknar í hagnaðarskyni og sem eru ábyrgar gangvart ríkisstjórnum, héraðsstjórnum eða staðaryfirvöldum, eða yfirvöldum sem að mati lögbærra yfirvalda bera sömu ábyrgð og héraðs- og staðaryfirvöld, eða fyrirtæki sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni í eigu ríkisstjórna sem hafa samkomulag um beina ábyrgð og geta falið í sér sjálfstæðar stofnanir sem heyra undir lög og eru háðar opinberu eftirliti,

19) „eignarhaldsfélag á fjármálasviði“: fjármálastofnun sem á dótturfyrirtæki, a.m.k. eitt þeirra lánastofnun, sem eru annaðhvort eingöngu eða aðallega lánastofnanir eða fjármálastofnanir, og sem er ekki blandað eignarhaldsfélag á fjármálasviði í skilningi 15. mgr. 2. gr. tilskipunar 2002/87/EB ([1]),

20) „blandað eignarhaldsfélag“: (e. mixed-activity holding company): móðurfyrirtæki sem er ekki eignarhaldsfélag á fjármálasviði eða lánastofnun eða blandað eignarhaldsfélag á fjármálasviði í skilningi 15. mgr. 2. gr. tilskipunar 2002/87/EB og þar sem a.m.k. eitt dótturfyrirtækjanna er lánastofnun,

21) „stoðþjónustufyrirtæki“: fyrirtæki sem starfar einkum á sviði eignarhalds og stjórnunar fasteigna, sér um gagnavinnsluþjónustu eða annast aðra sambærilega starfsemi til stuðnings meginstarfsemi einnar eða fleiri lánastofnana,

22) „rekstraráhætta“: hætta á tapi vegna innri ferla sem eru ófullnægjandi eða hafa brugðist, vegna fólks og kerfa eða vegna ytri atburða, þ.m.t. lagaleg áhætta,

23) „seðlabankar“: nær yfir Seðlabanka Evrópu nema annað sé tekið fram,

24) „þynningaráhætta“: hætta á að krafa rýrni vegna annarra krafna á hendur lántakanda,

25) „líkur á vanefndum“: líkur á vanefndum mótaðila á eins árs tímabili,

26) „tap“, að því er varðar 3. þátt 2. kafla V. bálks: efnahagslegt tjón, þ.m.t. umtalsverð áhrif afvöxtunar og verulegur beinn og óbeinn kostnaður í sambandi við innheimtu gernings,

27) „tap að gefnum vanefndum“: hlutfall taps vegna vanefnda mótaðila af útistandandi heildarfjárhæð þegar vanefndir verða,

28) „breytistuðull“: hlutfallið milli fjárhæðar skuldbindingar, sem nú er ónotuð en verður notuð og útistandandi þegar vanefndir verða, og fjárhæðar skuldbindingarinnar, sem núna er ónotuð, þar sem umfang skuldbindingarinnar ákvarðast af tilkynntum mörkum, nema mörkin sem ekki hafa verið tilkynnt séu hærri,

29) „vænt tap“: í skilningi 3. þáttar 2. kafla V. bálks: hlutfall þeirrar fjárhæðar sem vænta má að tapist yfir eins árs tímabil vegna hugsanlegra vanefnda mótaðila, eða vegna þynningar, af útistandandi fjárhæð þegar vanefndir verða,

30) „mildun útlánaáhættu“: aðferð sem lánastofnun notar til að draga úr útlánaáhættu vegna einnar eða fleiri áhættukrafna sinna,

31) „fjármögnuð útlánavörn“: aðferð til mildunar útlánaáhættu, þar sem mildun útlánaáhættu vegna áhættu lánastofnunar ákvarðast af rétti lánastofnunarinnar — ef um er að ræða vanefndir mótaðila eða aðra sérstaka lánaatburði sem tengjast mótaðilanum — til að innleysa, fá yfirfærðar eða taka til eignar, eða halda eftir tilteknum eignum eða fjárhæðum, eða lækka fjárhæð áhættuskuldbindingarinnar niður í, eða skipta henni út fyrir, fjárhæð mismunarins milli fjárhæðar áhættuskuldbindingarinnar og kröfu á lánastofnunina,

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/87/EB frá 16. desember 2002 um viðbótareftirlit með lánastofnunum, vátryggingafélögum og fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu sem eru hluti af samsteypu fjármálafyrirtækja (Stjtíð. ESB L 35, 11.2.2003, bls. 1). Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2005/1/EB.

32) „ófjármögnuð útlánavörn“: aðferð til mildunar útlánaáhættu, þar sem mildun útlánaáhættu vegna áhættukröfu lánastofnunar ákvarðast af skuldbindingu þriðja aðila um að greiða fjárhæð ef um er að ræða vanefndir lántakanda eða aðra sérstaka lánaatburði,

33) „endurhverf viðskipti“: öll viðskipti sem stjórnast af samningi sem fellur undir skilgreininguna á „endurhverf verðbréfakaup“ eða „endurhverf verðbréfasala“ eins og skilgreint er í m-lið 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 2006/49/EB,

34) „verðbréfa- eða hrávörulánveitingar eða verðbréfa- eða hrávörulántökur“: öll viðskipti sem falla undir skilgreininguna á „verðbréfa- eða hrávörulánveiting“ eða „verðbréfa- eða hrávörulántaka“ eins og skilgreint er í n-lið 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 2006/49/EB,

35) „reiðufjárígildisgerningur“: innlánsskírteini eða sambærilegir gerningar gefnir út af lánastofnun sem hefur lánað,

36) „verðbréfun“: viðskiptasamningur eða kerfisfyrirkomulag þar sem útlánaáhætta tengd ákveðinni áhættukröfu eða safni áhættukrafna er lagskipt í hluta með eftirfarandi hætti:

a) greiðslur samkvæmt viðskiptasamningnum eða kerfisfyrirkomulaginu eru háðar arðseminni af áhættukröfunni eða safni áhættukrafna, og

b) forgangsröðun laganna ákvarðar dreifingu taps á líftíma viðskiptasamningsins eða kerfisfyrirkomulagsins,

37) „hefðbundin verðbréfun“: verðbréfun sem felur í sér efnahagslega yfirfærslu þeirra áhættuskuldbindinga sem verið er að verðbréfa til einingar um sérverkefni á sviði verðbréfunar sem gefur út verðbréf. Þetta skal gert með yfirfærslu eignarhalds á verðbréfuðu áhættuskuldbindingunum frá útgáfulánastofnuninni eða með undirþátttöku. Þau verðbréf sem gefin eru út fela ekki í sér greiðsluskuldbindingu útgáfulánastofnunarinnar,

38) „gerviverðbréfun“: verðbréfun þar sem lagskiptingu í hluta er náð fram með notkun lánaafleiða eða trygginga og safn áhættuskuldbindinganna er ekki fjarlægt úr efnahagsreikningi útgáfulánastofnunarinnar,

39) „lag eignasafns vegna verðbréfunar“: samningsbundinn hluti útlánaáhættu sem tengist einni eða fleiri áhættukröfum þar sem staða í einum hluta felur í sér hættu á meira eða minna útlánatapi en staða sömu fjárhæðar í öðrum lögum safnsins, án tillits til útlánavarnar sem þriðji aðili veitir beint til handhafa staðna í hlutanum eða í öðrum hlutum,

40) „verðbréfuð staða“: staða tengd verðbréfun,

41) „útgefandi“: annað hvort eftirfarandi:

a) eining sem annaðhvort sjálf eða fyrir tilstuðlan tengdra eininga, beint eða óbeint, átti aðild að upphaflega samningnum sem myndaði skuldbindingarnar eða hugsanlegar skuldbindingar skuldara eða hugsanlegs skuldara sem valda því að áhættukrafan er verðbréfuð eða

b) eining sem kaupir áhættukröfur þriðja aðila inn í efnahagsreikning sinn og verðbréfar þær síðan,

42) „umsýsluaðili“: lánastofnun, önnur en útgáfulánastofnunin sem stofnar til og stjórnar skammtímaveðskuldabréfaáætlun eða annarri verðbréfun sem kaupir áhættukröfur frá þriðja aðila,

43) „bæting á lánshæfi“: samningsbundið fyrirkomulag þar sem lánshæfisgæði stöðu í verðbréfun eru bætt miðað við hver þau hefðu verið ef endurbætur hefðu ekki komið til, m.a. með lægra settum lögum í verðbréfuninni og öðrum tegundum útlánavarnar,

44) „rekstrareining um sérverkefni á sviði verðbréfunar (SSPE)“: eignaumsýslufélag eða önnur eining, önnur en lánastofnun, sem er skipulögð til að stunda verðbréfun eða verðbréfanir, þar sem starfsemin miðar eingöngu að því að ná því markmiði, skipulaginu er ætlað að aðskilja skyldur rekstrareiningar um sérverkefni á sviði verðbréfunar frá skyldum útgáfulánastofnunarinnar og handhafar raunverulegra hluta í einingunni eiga rétt á því að veðsetja eða selja þá hluti án takmarkana,

45) „hópur tengdra viðskiptavina“:

a) tveir eða fleiri einstaklingar eða lögaðilar sem, nema sýnt sé fram á annað, mynda eina áhættu vegna þess að einn þeirra hefur bein eða óbein yfirráð yfir hinum, eða

b) tveir eða fleiri einstaklingar eða lögaðilar þar sem enginn einn hefur yfirráð yfir hinum, eins og lýst er í a-lið, en eru taldir mynda eina áhættu vegna þess að þeir eru svo fjárhagslega tengdir að líkur eru á að ef einn þeirra lendir í fjárhagserfiðleikum eigi hinn aðilinn eða allir í greiðsluerfiðleikum,

46) „náin tengsl“: þegar tveir eða fleiri einstaklingar eða lögaðilar tengjast á einhvern þann hátt sem hér segir:

a) viðskiptahagsmunir vegna eignarhalds á minnst 20% atkvæðisréttar eða hlutafjár fyrirtækis, beint eða með yfirráðarétti,

b) yfirráð eða

c) það að báðir eða allir eru varanlega tengdir einum og sama þriðja aðila í gegnum yfirráð,

47) „viðurkenndir verðbréfamarkaðir“: verðbréfamarkaðir sem eru viðurkenndir sem slíkir af lögbærum yfirvöldum og sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:

a) þeir starfa reglulega,

b) þeir fara eftir reglum, sem eru gefnar út eða samþykktar af viðeigandi yfirvöldum í heimalandi verðbréfamarkaðarins, þar sem skilgreind eru rekstrarskilyrði verðbréfamarkaðarins, skilyrði fyrir aðgangi að honum og enn fremur þau skilyrði sem samningur skal uppfylla eigi hann að ganga kaupum og sölum á verðbréfamarkaðinum og

c) þeir hafa greiðslujöfnunarkerfi þar sem daglegar kröfur um tryggingarfé vegna samninganna sem um getur í IV. viðauka veita nægilega vernd að mati lögbærra yfirvalda.

5. gr.

Aðildarríkin skulu banna einstaklingum eða fyrirtækjum sem eru ekki lánastofnanir að taka við innlánum eða öðru fé frá almenningi til endurgreiðslu.

Fyrsta málsgreinin á ekki við þegar aðildarríki eða héraðs- eða staðaryfirvöld í aðildarríki, eða opinber alþjóðasamtök sem eitt eða fleiri aðildarríki eru aðilar að taka á móti innlánum eða öðrum fjármunum, sem endurgreiða skal, né heldur þegar um er að ræða tilvik sem landslög eða Bandalagslög kveða skýrt á um, að því tilskildu að starfsemin lúti reglum og eftirliti sem eru til þess að vernda sparifjáreigendur og fjárfesta og gilda um þessi tilvik.

II. BÁLKUR

KRÖFUR UM STOFNUN OG REKSTUR LÁNASTOFNANA

6. gr.

Aðildarríki skulu krefjast þess af lánastofnunum að þær afli sér starfsleyfis áður en þær hefja starfsemi sína. Þau skulu setja skilyrði fyrir veitingu slíkra starfsleyfa með þeim fyrirvörum sem felast í 7. til 12. gr. og tilkynna framkvæmdastjórninni um þau.

7. gr.

Aðildarríkin skulu einnig setja það skilyrði að umsókn um starfsleyfi fylgi lýsing á starfseminni þar sem fram kemur, meðal annars, hvers konar rekstur er fyrirhugaður og hvernig lánastofnunin verður skipulögð.

8. gr.

Aðildarríkin mega ekki krefjast þess að leyfisumsóknir verði athugaðar með tilliti til efnahagsþarfa markaðarins.

9. gr.

1. Með fyrirvara um önnur almenn skilyrði sem mælt er fyrir um í landslögum skulu lögbær yfirvöld ekki veita starfsleyfi ef lánastofnunin á ekki sérgreint eigið fé eða í tilvikum þegar stofnfé er minna en 5 milljónir evra.

„Stofnfé“ skal samanstanda af eigin fé og varasjóði eins og um getur í a- og b-lið 57. gr.

Aðildarríki geta heimilað lánastofnunum, sem ekki uppfylla skilyrði um sérgreint eigið fé og voru starfandi 15. desember 1979, að halda áfram starfsemi sinni. Þeim er heimilt að undanþiggja slíkar lánastofnanir skilyrðum fyrstu undirgreinar 1. mgr. 11. gr.

2. Aðildarríkin geta, með eftirfarandi skilyrðum, veitt ákveðnum flokkum lánastofnana starfsleyfi þó að stofnfé sé minna en tilgreint er í 1. mgr.:

a) stofnfé skal ekki vera minna en 1 milljón evra,

b) aðildarríkin sem hlut eiga að máli skulu tilkynna framkvæmdastjórninni ástæðurnar fyrir því að þessi kostur var tekinn, og

c) færa skal athugasemd við heiti hverrar lánastofnunar, sem ekki hefur tilskilið lágmarksstofnfé svo sem kveðið er á um í 1. mgr., í skránni sem um getur í 14. gr.,

10. gr.

1. Eigið fé lánastofnunar má ekki vera minna en sem nemur fjárhæð þess stofnfjár sem krafist er þegar leyfi er veitt samkvæmt 9. gr.

2. Aðildarríkin geta ákveðið að lánastofnanir með minna eigið fé en tilgreint er sem stofnfé í 9. gr. og sem þegar eru starfandi 1. janúar 1993 geti haldið áfram starfsemi sinni. Þegar svo er má eigið fé þeirra ekki fara niður fyrir hæstu fjárhæð sem það hefur numið eftir 22. desember 1989.

3. Ef annar einstaklingur eða lögaðili en fyrri stjórnandi tekur við stjórn lánastofnunar af því tagi sem getið er í 2. mgr. skal eigið fé lánastofnunarinnar vera að minnsta kosti jafnmikið og stofnféð sem tilgreint er í 9. gr.

4. Við sérstakar aðstæður og með samþykki lögbærra yfirvalda, þegar um er að ræða samruna tveggja eða fleiri lánastofnana er falla undir þann flokk sem um getur í 2. mgr., má eigið fé þeirrar stofnunar sem verður til við samruna ekki vera minna en heildar eigið fé lánastofnananna á þeim tíma sem samruninn átti sér stað, enda hafi viðeigandi mörkum, sem eru tilgreind í 9. gr., ekki verið náð.

5. Ef eigið fé minnkar, í tilvikum sem um getur í 1., 2. og 4. mgr., geta þó lögbær yfirvöld, ef réttlætanlegt þykir, veitt lánastofnun hæfilegan frest til úrbóta eða til að hætta allri starfsemi.

11. gr.

1. Lögbær yfirvöld skulu aðeins veita lánastofnun starfsleyfi ef stjórn hennar er í höndum eigi færri en tveggja aðila.

Þau skulu ekki veita starfsleyfi ef þessir aðilar fullnægja ekki skilyrðum um gott mannorð eða næga reynslu til að sinna þeim störfum er hér um ræðir.

2. Hvert aðildarríki um sig skal krefjast þess:

a) að lánastofnanir, sem eru lögaðilar og hafa skráða skrifstofu samkvæmt eigin landslögum, skuli hafa aðalskrifstofu sína og skráða skrifstofu í sama aðildarríki og,

b) að aðrar lánastofnanir skuli hafa aðalskrifstofu í því aðildarríki sem gaf út starfsleyfi og þar sem starfsemi þeirra fer fram í raun.

12. gr.

1. Lögbær yfirvöld skulu ekki veita lánastofnun leyfi til að hefja starfsemi nema þau hafi fengið upplýsingar um hverjir séu hluthafar eða aðilar, hvort sem það eru einstaklingar eða lögaðilar, sem beint eða óbeint hafa yfir að ráða virkri eignarhlutdeild, svo og hve stóran hlut þeir eiga.

Við skilgreiningu á virkri eignarhlutdeild, í tengslum við þessa grein, ber að taka tillit til atkvæðisréttar sem um getur í 92. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2001/34/EB frá 28. maí 2001 um opinbera skráningu verðbréfa á verðbréfamarkaði og upplýsingar sem birtar skulu um slík verðbréf ([1]).

2. Lögbær yfirvöld skulu synja um starfsleyfi ef þau telja hluthafa eða aðila ekki hæfa að teknu tilliti til þess að nauðsynlegt er að tryggja trausta og varkára stjórnun lánastofnana.

3. Ef náin tengsl eru fyrir hendi milli lánastofnunar og annarra einstaklinga eða lögaðila skulu lögbær yfirvöld einungis veita starfsleyfi ef sýnt er að þessi tengsl koma ekki í veg fyrir að þau sinni eftirlitshlutverki sínu.

Lögbær yfirvöld skulu jafnframt synja um starfsleyfi ef lög og stjórnsýsluákvæði þriðja lands, sem gilda um einn eða fleiri einstaklinga eða lögaðila sem lánastofnunin hefur náin tengsl við, eða vandkvæði tengd framkvæmd þeirra koma í veg fyrir að þau geti sinnt eftirlitshlutverki sínu sem skyldi.

Lögbær yfirvöld skulu krefjast þess að lánastofnanir veiti þeim nauðsynlegar upplýsingar svo þau geti gengið úr skugga um að jafnan sé farið að skilyrðunum sem um getur í þessari málsgrein.

([1]) Stjtíð. EB L 184, 6.7.2001, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2005/1/EB.

13. gr.

Tilgreina skal ástæður ef umsókn um starfsleyfi er hafnað og skal tilkynna umsækjanda um slíkt innan sex mánaða frá móttöku umsóknarinnar eða, ef umsókn reynist ófullkomin, innan sex mánaða frá þeim degi er umsækjandi sendir upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna ákvörðunartökunnar. Ákvörðun skal þó ávallt tekin eigi síðar en innan 12 mánaða frá móttöku umsóknar.

14. gr.

Tilkynna skal framkvæmdastjórninni um öll veitt starfsleyfi.

Heiti sérhverrar lánastofnunar sem hefur fengið leyfi skal skráð á lista. Framkvæmdastjórnin skal birta þann lista og endurnýja reglulega í Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.

15. gr.

1. Lögbært yfirvald skal, áður en lánastofnun er veitt starfsleyfi, hafa samráð við lögbær yfirvöld hins aðildarríkisins sem í hlut á í eftirfarandi tilvikum:

a) hlutaðeigandi lánastofnun er dótturfyrirtæki lánastofnunar með starfsleyfi í öðru aðildarríki,

b) hlutaðeigandi lánastofnun er dótturfyrirtæki móðurfyrirtækis lánastofnunar með starfsleyfi í öðru aðildarríki eða

c) hlutaðeigandi lánastofnun er undir stjórn sömu einstaklinga eða lögaðila og stjórna lánastofnun sem starfsleyfi hefur í öðru aðildarríki.

2. Lögbært yfirvald skal, áður en lánastofnun er veitt starfsleyfi, hafa samráð við lögbær yfirvöld aðildarríkis sem í hlut á og annast eftirlit með vátryggingafélögum eða fjárfestingarfyrirtækjum í eftirfarandi tilvikum:

a) hlutaðeigandi lánastofnun er dótturfyrirtæki vátryggingafélags eða fjárfestingarfyrirtækis með starfsleyfi í Bandalaginu,

b) hlutaðeigandi lánastofnun er dótturfyrirtæki móðurfyrirtækis vátryggingafélags eða fjárfestingarfyrirtækis með starfsleyfi í Bandalaginu eða

c) hlutaðeigandi lánastofnun er undir yfirráðum einstaklings eða lögaðila sem einnig hefur yfirráð yfir vátryggingafélagi eða fjárfestingarfyrirtæki með starfsleyfi í Bandalaginu.

3. Viðkomandi lögbær yfirvöld, sem um getur í 1. og 2. mgr., skulu einkum hafa samráð sín á milli við mat á hæfi hluthafanna, svo og á orðspori og reynslu stjórnenda sem koma að stjórn annars aðila í sömu samstæðu. Þau skulu skiptast á öllum upplýsingum um hæfi hluthafa og um orðspor og reynslu yfirmanna sem skipta máli vegna leyfisveitingar eða yfirstandandi mats á því hvort rekstrarskilyrði séu uppfyllt.

16. gr.

Gistiaðildarríki er ekki heimilt að krefjast starfsleyfis eða stofnframlags fyrir útibú lánastofnana sem hafa hlotið starfsleyfi í öðrum aðildarríkjum. Stofnun slíkra útibúa skal fara fram og eftirliti með þeim komið á í samræmi við 22. og 25. gr., 1.–3. mgr. 26. gr., 29.–37. gr. og 40. gr.

17. gr.

1. Lögbærum yfirvöldum er því aðeins heimilt að afturkalla starfsleyfi, sem veitt hefur verið lánastofnun, ef slík stofnun:

a) nýtir ekki leyfið innan 12 mánaða, afsalar sér skýlaust leyfinu eða hættir starfsemi í meira en sex mánuði, hafi hlutaðeigandi aðildarríki ekki gert ráð fyrir að starfsleyfi falli úr gildi í slíkum tilvikum,

b) hefur fengið starfsleyfið á grundvelli falsaðra yfirlýsinga eða á annan óeðlilegan hátt,

c) uppfyllir ekki lengur skilyrðin fyrir leyfisveitingu,

d) á ekki lengur nægilegt eigið fé eða er ekki lengur treystandi til að standa við skuldbindingar sínar gagnvart lánardrottnum og sérstaklega ef stofnunin veitir ekki lengur tryggingu fyrir þeim fjármunum sem henni er treyst fyrir eða

e) fellur undir annað ákvæði í landslögum sem kveður á um afturköllun starfsleyfis.

2. Tilgreina verður ástæður að baki afturköllun starfsleyfis og hlutaðeigandi aðilum tilkynnt um slíkt; Tilkynna skal framkvæmdastjórninni um öll afturkölluð starfsleyfi.

18. gr.

Lánastofnunum sem þessi tilskipun tekur til er heimilt, án tillits til lagaákvæða um heitin „banki“, „sparisjóður“ og önnur bankaheiti í gistiaðildarríkinu, að nota á öllu yfirráðasvæði Bandalagsins sömu heiti og notuð eru í aðildarríkjum þar sem aðalskrifstofa þeirra er. Stafi af því hætta á ruglingi, er gistiaðildarríki heimilt að krefjast einhvers konar auðkennandi viðauka við nafnið til frekar skýringar.

19. gr.

1. Aðildarríkin skulu gera einstaklingum eða lögaðilum, sem hyggjast, beint eða óbeint, öðlast virka eignarhlutdeild í lánastofnun, að tilkynna það fyrst lögbærum yfirvöldum og greina þeim frá hve stóran hlut þeir hafa hug á að eignast. Viðkomandi skal einnig tilkynna lögbærum yfirvöldum ef hann hyggst auka við virka eignarhlutdeild sína það mikið að hans hlutur af atkvæðum og fjármagni nemi 20%, 33% eða 50% eða meira, eða svo miklu að lánastofnunin yrði talin dótturfyrirtæki hans.

Þrátt fyrir 2. mgr. skulu lögbær yfirvöld hafa þrjá mánuði hið mesta, frá degi þeim er tilkynning berst, eins og kveðið er á um í fyrstu og annarri undirgrein, til að andmæla fyrirætlan þessari, ef þau hafa efasemdir um hæfi viðkomandi aðila, með hliðsjón af þörfinni fyrir að tryggja trausta og varkára stjórnun lánastofnunarinnar. Ef þau andmæla ekki fyrirætluninni geta þau ákveðið hvenær henni skuli í síðasta lagi hrundið í framkvæmd.

2. Ef sá er hyggst afla eignarhluta, svo sem um getur í 1. mgr., er lánastofnun, vátryggingafélag, eða fjárfestingarfyrirtæki með starfsleyfi í öðru aðildarríki eða móðurfyrirtæki lánastofnunar, vátryggingafélags eða fjárfestingarfyrirtækis með starfsleyfi í öðru aðildarríki, eða einstaklingur eða lögaðili sem hefur yfirráð yfir lánastofnun, vátryggingafélagi eða fjárfestingarfyrirtæki með starfsleyfi í öðru aðildarríki, og ef lánastofnunin, sem þessi aðili hyggst öðlast eignarhlut í, yrði dótturfyrirtæki hans eða hann fengi yfirráð yfir henni í kjölfar öflunar þessara eignarhluta, skal mat á öflun eignarhlutanna ekki fara fram fyrr en að höfðu samráði svo sem kveðið er á um í 15. gr.

20. gr.

Aðildarríkin skulu krefjast þess af einstaklingi eða lögaðila sem hyggst ráðstafa, beint eða óbeint, virkri eignarhlutdeild í lánastofnun að sá aðili tilkynni það áður lögbærum yfirvöldum, og skýri þeim frá hve stórum hluta í fyrirtækinu hann hyggist ráða yfir. Hlutaðeigandi skal einnig tilkynna lögbærum yfirvöldum ef hann hyggst minnka virka eignarhlutdeild sína svo að hlutfall atkvæðisréttar eða hlutafjár sem hann ræður yfir færi niður fyrir 20%, 33% eða 50%, eða svo að lánastofnunin hætti að vera dótturfyrirtæki hans.

21. gr.

1. Þegar lánastofnanir fá vitneskju um öflun eða ráðstöfun á eignarhlutum í hlutafé þeirra sem veldur því að eignarhlutar

fara yfir eða undir mörkin sem um getur í 1. mgr. 19. gr. og 20. gr., skulu þær þegar tilkynna lögbærum yfirvöldum þar um.

Einnig skulu þær að minnsta kosti einu sinni á ári tilkynna lögbæru yfirvöldunum nöfn þeirra hluthafa og aðila sem eiga virkan eignarhlut og upphæð þessa hlutafjár svo sem gefið er upp t.d. á aðalfundum hluthafa og aðila eða með hliðsjón af reglum sem settar eru um félög sem skráð eru á verðbréfamörkuðum.

2. Aðildarríkin skulu krefjast þess að þegar áhrif þeirra aðila sem um getur í 1. mgr. 19. gr. eru líkleg til að vinna gegn traustri og varkárri stjórnun stofnunar skuli lögbær yfirvöld grípa til viðeigandi ráðstafana til að binda enda á það ástand. Slíkar ráðstafanir geta verið lögbann, refsiaðgerðir gagnvart stjórnendum og forstöðumönnum, eða svipting atkvæðisréttar sem fylgir hlutabréfum hluthafa og aðila sem um ræðir.

Svipaðar ráðstafanir skulu gilda gagnvart einstaklingum og lögaðilum sem ekki standa við þá skuldbindingu að veita upplýsingar fyrir fram, svo sem kveðið er á um í 1. mgr. 19. gr.

Ef eignarhlutar er aflað þrátt fyrir andstöðu lögbærra yfirvalda skulu aðildarríkin, óháð öðrum refsiaðgerðum, sjá svo um að því sé frestað að viðkomandi fái að neyta atkvæðisréttar síns eða að greidd atkvæði séu ógild eða að hægt sé að ógilda þau.

3. Við skilgreiningu á virkri eignarhlutdeild og annars konar eignarhlutum sem um getur í þessari grein, ber að taka tillit til atkvæðisréttar sem um getur í 92. gr. tilskipunar 2001/34/EB.

22. gr.

1. Lögbær yfirvöld í heimaaðildarríkinu skulu krefjast þess að sérhver lánastofnun hafi fastmótað fyrirkomulag stjórnunarhátta sem fela í sér skýrt stjórnskipulag með vel skilgreinda, gagnsæja og samræmda skiptingu ábyrgðar, skilvirk vinnsluferli við að sannreyna, stjórna, fylgjast með og tilkynna um áhættur sem hún er eða kann að verða fyrir og fullnægjandi innra eftirlitskerfi, þ.m.t. traust stjórnsýslu- og bókhaldsfyrirkomulag.

2. Fyrirkomulagið, ferlin og kerfin sem um getur í 1. mgr. skulu vera ítarleg og í réttu hlutfalli við eðli og umfang starfsemi lánastofnunarinnar og það hversu flókin hún er. Taka ber tillit til þeirra tæknilegu viðmiðana sem mælt er fyrir um í V. viðauka.

III. BÁLKUR

ÁKVÆÐI UM STAÐFESTURÉTT OG FRELSI TIL AÐ VEITA ÞJÓNUSTU

1. þáttur

Lánastofnanir

23. gr.

Aðildarríkin skulu sjá til þess að stunda megi þá starfsemi sem talin er upp í I. viðauka á yfirráðasvæðum þeirra í samræmi við 25. gr., 26. gr. (1. og 3. mgr.), 28. gr. (1. og 2. mgr.) og 29.–37. gr., hvort sem um er að ræða stofnun útibús eða þjónustustarfsemi á vegum lánastofnunar sem hefur starfsleyfi frá lögbærum yfirvöldum í öðru aðildarríki og er undir eftirliti þeirra í samræmi við þessa tilskipun svo fremi leyfið nái til þessarar starfsemi.

2. þáttur

Fjármálastofnanir

24. gr.

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að stunda megi þá starfsemi sem talin er upp í I. viðauka á yfirráðasvæðum þeirra í samræmi við 25. gr., 26. gr. (1. til 3. mgr.), 28. gr. (1. og 2. mgr.) og 29.–37. gr., hvort sem um er að ræða stofnun útibús eða þjónustustarfsemi á vegum fjármálastofnunar frá öðru aðildarríki, hvort sem það er dótturfyrirtæki lánastofnunar eða sameiginlegt dótturfyrirtæki tveggja eða fleiri lánastofnana sem leyfist samkvæmt stofnsamþykktum að halda úti þessari starfsemi og sem uppfyllir öll eftirfarandi skilyrði:

a) móðurfyrirtækið eða -fyrirtækin skulu hafa starfsleyfi sem lánastofnanir í aðildarríkinu samkvæmt þeim lögum sem fjármálastofnunin lýtur,

b) starfsemin sem um er að ræða skal fara fram á yfirráðasvæði þess sama aðildarríkis,

c) móðurfyrirtækið eða -fyrirtækin skulu eiga 90% eða meira af atkvæðisrétti sem fylgir hlutum í heildarhlutafé í fjármálafyrirtækinu,

d) móðurfyrirtækið eða -fyrirtækin skulu uppfylla skilyrði lögbærra yfirvalda um varfærna stjórnun fjármálastofnunarinnar og skulu hafa lýst því yfir með samþykki lögbærra yfirvalda hlutaðeigandi heimaaðildarríkis að þau beri óskipta ábyrgð á skuldbindingum þeim sem fjármálastofnunin stofnar til, og

e) fjármálastofnunin skal raunverulega heyra undir eftirlit á samstæðugrundvelli sem móðurfyrirtæki þess eða sérhvert móðurfyrirtæki þess lýtur, einkum hvað varðar umrædda

starfsemi, samkvæmt 1. þætti, 4. kafla í V. bálki, og þá einkum hvað snertir lágmarkskröfur um eigið fé sem settar eru fram í 75. gr. fyrir stjórnun stórra áhættuskuldbindinga og fyrir takmörkun eignarhlutdeildar sem kveðið er á um í 120.–122. gr.

Lögbær yfirvöld í heimaaðildarríkinu skulu sannreyna að þessum skilyrðum hafi verið fullnægt og þau verða að sjá fjármálastofnuninni fyrir vottorði þar að lútandi sem skal fylgja tilkynningunni sem vísað er til í 25. og 28. gr.

Lögbær yfirvöld heimaaðildarríkisins skulu tryggja eftirlit með fjármálastofnuninni samkvæmt 1. mgr. 10. gr., 19.–22. gr., 40. gr., 42.–52. gr., og 54. gr.

2. Ef fjármálastofnun, eins og um getur í fyrstu undirgrein 1. mgr., uppfyllir ekki lengur skilyrðin sem sett eru skal heimaaðildarríkið skýra lögbærum yfirvöldum gistiaðildarríkisins frá því og starfsemin sem fjármálastofnun annast í gistiaðildarríkinu lúta þeirri löggjöf sem gildir í gistiaðildarríkinu.

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. skulu gilda, að breyttu breytanda, um dótturfyrirtæki fjármálastofnunar, eins og um getur í fyrstu undirgrein 1. mgr.

3. þáttur

Neyting staðfesturéttar

25. gr.

1. Lánastofnun sem æskir að stofna útibú á yfirráðasvæði annars aðildarríkis skal tilkynna það lögbærum yfirvöldum í heimaaðildarríki sínu.

2. Aðildarríkin skulu krefja sérhverja lánastofnun sem æskir að stofna útibú í öðru aðildarríki um eftirfarandi upplýsingar með tilkynningunni sem um getur í 1. mgr.:

a) á yfirráðasvæði hvaða aðildarríkis hún hyggst stofna útibú,

b) áætlun um fyrirhugaða starfsemi þar sem meðal annars komi fram hvers konar starfsemi er fyrirhuguð og hvernig útibúið verður uppbyggt,

c) til hvaða heimilisfangs í gistiaðildarríkinu skuli leita til að fá skjöl og,

d) nöfn þeirra sem bera ábyrgð á stjórnun útibúsins

3. Ef lögbær yfirvöld í heimaaðildarríki hafa ekki ástæðu til að efast um að stjórnskipulag eða fjárhagsstaða lánastofnunarinnar sé fullnægjandi með tilliti til fyrirhugaðrar starfsemi, skulu þau innan þriggja mánaða frá móttöku upplýsinganna sem um getur í 2. mgr. tilkynna lögbærum yfirvöldum í gistiaðildarríkinu um þær og upplýsa hlutaðeigandi lánastofnun um það.

Lögbær yfirvöld í heimaaðildarríkinu skulu einnig tilkynna um fjárhæð eigin fjár og heildarfjárhæð krafnanna um eigið fé lánastofnunarinnar skv. 75. gr.

Þrátt fyrir aðra undirgrein, í því tilviki sem um getur í 24. gr., skulu lögbær yfirvöld í heimaaðildarríkinu tilkynna um fjárhæð eigin fjár fjármálastofnunarinnar og heildarfjárhæð samanlagðs eigin fjár og samanlagðra krafna um eigið fé þeirrar lánastofnunar sem er móðurfyrirtæki hennar, skv. 75. gr.

4. Neiti lögbær yfirvöld heimaaðildarríkisins að veita lögbærum yfirvöldum gistiaðildarríkisins upplýsingarnar sem um getur í 2. mgr. ber þeim að greina hlutaðeigandi lánastofnun frá ástæðum fyrir synjuninni innan þriggja mánaða frá því að allar upplýsingarnar bárust.

Heimilt er að leita til dómstóla í heimaaðildarríkinu ef um er að ræða synjun eða ef ekkert svar berst.

26. gr.

1. Áður en útibú lánastofnunar hefur starfsemi og eigi síðar en tveim mánuðum eftir að upplýsingarnar sem um getur í 25. gr. hafa borist, skulu lögbær yfirvöld gistiaðildarríkis undirbúa eftirlit með henni samkvæmt 5. þætti og ef nauðsyn krefur benda á hvaða skilyrðum starfsemin í gistiaðildarríkinu skuli vera háð svo almennra hagsmuna sé gætt.

2. Þegar tilkynning berst frá lögbærum yfirvöldum gistiaðildarríkisins, eða hafi frestur sá sem kveðið er á um í 1. mgr. runnið út án þess að tilkynning hafi borist frá þeim, má stofna útibúið og hefja starfsemi.

3. Ef breytingar verða á einstökum atriðum sem tilkynnt eru samkvæmt b-, c- eða d-lið 2. mgr. 25. gr. skal lánastofnun tilkynna lögbærum yfirvöldum heima- og gistiaðildarríkjanna skriflega viðkomandi breytingu að minnsta kosti mánuði áður en breytingin er gerð til að gera lögbærum yfirvöldum heimaaðildarríkisins fært að taka ákvörðun samkvæmt 25. gr. og lögbærum yfirvöldum gistiaðildarríkisins að taka ákvörðun um breytinguna samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar

4. Líta ber svo á að útibú sem hafa hafið starfsemi, í samræmi við ákvæði sem eru í gildi í gistiaðildarríkjum þeirra, fyrir 1. janúar 1993, hafi lotið þeirri málsmeðferð sem mælt er fyrir um í 25. gr. og 1. og 2. mgr. þessarar greinar. Frá 1. janúar 1993 skulu þau falla undir gildissvið 3. mgr. þessarar greinar og 23. og 43. gr. ásamt 2. og 5. þætti.

27. gr.

Allar þær starfsstöðvar sem komið hefur verið á fót í einu aðildarríki á vegum lánastofnunar sem hefur aðalskrifstofu sína í öðru aðildarríki ber að telja sem eitt útibú.

4. þáttur

Nýting frelsis til að veita þjónustu

28. gr.

1. Hver sú lánastofnun sem fer fram á að nýta sér frelsi til að veita þjónustu með því að stunda starfsemi á yfirráðasvæði annars aðildarríkis í fyrsta sinn skal tilkynna lögbærum yfirvöldum heimaaðildarríkisins hvaða starfsemi í skránni í I. viðauka hún hyggst stunda.

2. Lögbær yfirvöld heimaaðildarríkisins skulu innan mánaðar frá því að þeim berst tilkynningin sem kveðið er á um í 1. mgr. senda hana lögbærum yfirvöldum í gistiaðildarríkinu.

3. Ákvæði þessarar greinar hafa ekki áhrif á réttindi sem lánastofnanir, sem veita þjónustu, hafa öðlast fyrir 1. janúar 1993.

5. þáttur

Valdheimildir lögbærra yfirvalda gistiaðildarríkisins

29. gr.

Gistiaðildarríki geta vegna hagskýrslugerðar krafist þess að allar lánastofnanir sem hafa útibú á yfirráðasvæði þeirra gefi lögbærum yfirvöldum í gistiaðildarríkjunum reglulega skýrslu um starfsemi sína í gistiaðildarríkjunum.

Gistiaðildarríki geta, er þau inna af hendi skyldur sínar samkvæmt 41. gr., krafist þess að útibú lánastofnana í öðrum aðildarríkjum veiti sömu upplýsingar og krafist er af innlendum lánastofnunum í þessum tilgangi.

30. gr.

1. Ef lögbær yfirvöld í gistiaðildarríki komast að raun um að lánastofnun, sem hefur útibú eða veitir þjónustu á yfirráðasvæði þess, fer ekki eftir lagaákvæðum sem það ríki hefur sett til beitingar ákvæðum þessarar tilskipunar og tekur til valdheimilda lögbærra yfirvalda í gistiaðildarríkinu skulu þau hin sömu yfirvöld krefjast þess að lánastofnunin sem hlut á að máli bindi enda á þetta óeðlilega ástand.

2. Hafi hlutaðeigandi lánastofnun ekki gert nauðsynlegar ráðstafanir ber lögbærum yfirvöldum í gistiaðildarríkinu að tilkynna lögbærum yfirvöldum í heimaaðildarríkinu það.

Lögbær yfirvöld heimaaðildarríkisins skulu við fyrsta tækifæri gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að lánastofnunin sem hlut á að máli bindi enda á þetta óeðlilega ástand. Tilkynna ber lögbærum yfirvöldum í gistiaðildarríkinu hvers eðlis þær ráðstafanir eru.

3. Haldi hlutaðeigandi lánastofnun áfram að brjóta lög þau sem um getur í 1. mgr. og í gildi eru í gistiaðildarríkinu þrátt fyrir ráðstafanir sem heimaaðildarríkið gerir eða vegna þess að þær reynast ófullnægjandi eða eru ekki tiltækar í hlutaðeigandi aðildarríki, þá getur gistiaðildarríkið, eftir að hafa upplýst lögbær yfirvöld í heimaaðildarríkinu þar um, gert viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir eða refsa fyrir frekari brot og, að svo miklu leyti sem nauðsyn krefur, hindrað að lánastofnunin hefji frekari starfsemi á yfirráðasvæði þess. Aðildarríkin skulu tryggja að á yfirráðasvæðum þeirra sé hægt að birta lánastofnunum skjöl sem eru nauðsynleg vegna þessara ráðstafana.

31. gr.

Ákvæði 29. og 30. gr. hafa ekki áhrif á vald gistiaðildarríkja til að gera viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir eða refsa fyrir brot, framin innan yfirráðasvæða þeirra, á lögum sem þau hafa sett í þágu almennra hagsmuna. Þetta skal fela í sér möguleika á því að koma í veg fyrir að lánastofnanir sem eru brotlegar hefji frekari starfsemi á yfirráðasvæðum þeirra.

32. gr.

Allar ráðstafanir sem gripið er til samkvæmt 2. og 3. mgr. 30. gr. eða 31. gr. sem fela í sér refsingar eða takmarkanir á frelsi til að veita þjónustu skulu vera rökstuddar á tilhlýðilegan hátt og hlutaðeigandi lánastofnun tilkynnt um þær. Öllum slíkum ráðstöfunum má skjóta til dómstóla í aðildarríkinu þar sem gripið var til þeirra.

33. gr.

Áður en málsmeðferðin í 30. gr. er framkvæmd geta lögbær yfirvöld gistiaðildarríkis í bráðatilvikum gert nauðsynlegar varúðarráðstafanir til að vernda hagsmuni sparifjáreigenda, fjárfesta og annarra sem veitt er þjónusta. Tilkynna ber framkvæmdastjórninni og lögbærum yfirvöldum annarra aðildarríkja sem hlut eiga að máli um slíkar ráðstafanir við fyrsta tækifæri. Framkvæmdastjórnin getur, eftir að hafa ráðgast við lögbær yfirvöld þeirra aðildarríkja sem hlut eiga að máli, ákveðið að viðkomandi aðildarríki skuli breyta þessum ráðstöfunum eða afturkalla þær.

34. gr.

Gistiaðildarríkjum er heimilt að beita valdi því sem þau hafa samkvæmt þessari tilskipun á þann hátt að gera viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir eða refsa fyrir brot sem framin eru á yfirráðasvæði þeirra. Þetta skal fela í sér möguleika á því að koma í veg fyrir að lánastofnanir sem eru brotlegar hefji frekari starfsemi á yfirráðasvæðum þeirra.

35. gr.

Ef starfsleyfi er afturkallað skal tilkynna það lögbærum yfirvöldum gistiaðildarríkisins sem gera viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir að lánastofnunin sem hlut á að máli hefji frekari starfsemi á yfirráðasvæði gistiaðildarríkisins og til að vernda hagsmuni sparifjáreigenda.

36. gr.

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni hve oft og í hvers konar tilvikum synjað er um leyfi samkvæmt 25. gr. og 1.–3. mgr. 26. gr. eða hvenær ráðstafanir hafa verið gerðar samkvæmt 3. mgr. 30. gr.

37. gr.

Þessi þáttur skal ekki koma í veg fyrir að lánastofnanir sem hafa aðalskrifstofur í öðrum aðildarríkjum auglýsi þjónustu sína í öllum tiltækum miðlum í gistiaðildarríkinu, svo fremi farið sé eftir reglum um framsetningu og efni slíkra auglýsinga sem settar hafa verið í þágu almennra hagsmuna.

IV. BÁLKUR

SAMSKIPTI VIÐ ÞRIÐJU LÖND

1. þáttur

Tilkynning í tengslum við fyrirtæki þriðju landa og skilyrði um aðgang að mörkuðum þessara landa

38. gr.

1. Aðildarríki skulu ekki beita ákvæðum gagnvart útibúum lánastofnana með aðalskrifstofu utan Bandalagsins, hvort heldur er við stofnun þeirra eða rekstur, sem fela í sér hagstæðari meðferð en veitt eru útibúum lánastofnana sem hafa aðalskrifstofu sína innan Bandalagsins.

2. Lögbær yfirvöld skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og evrópsku bankanefndinni um starfsleyfi sem veitt eru útibúum lánastofnana með aðalskrifstofu utan Bandalagsins.

3. Þrátt fyrir 1. mgr. er Bandalaginu heimilt, með samningum sem gerðir eru við eitt eða fleiri þriðju lönd, að samþykkja að beita ákvæðum sem veita útibúum lánastofnana sem hafa aðalskrifstofu sína utan Bandalagsins sömu meðferð á öllum yfirráðasvæðum Bandalagsins.

2. þáttur

Samstarf við lögbær yfirvöld þriðju landa um eftirlit á samstæðugrundvelli

39. gr.

1. Framkvæmdastjórninni er heimilt, að beiðni aðildarríkis eða að eigin frumkvæði, að leggja fyrir ráðið tillögur vegna samningaviðræðna við eitt eða fleiri þriðju lönd um hvernig annast skuli eftirlit á samstæðugrundvelli með:

a) lánastofnunum ef móðurfyrirtæki þeirra eru með aðalskrifstofu í þriðja landi eða

b) lánastofnunum í þriðju löndum ef móðurfyrirtæki þeirra, hvort sem þau eru lánastofnanir eða eignarhaldsfélög á fjármálasviði, hafa aðalskrifstofu í Bandalaginu.

2. Í samningunum, sem um getur í 1. mgr., skal einkum leitast við að tryggja:

a) að lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum geti aflað sér nauðsynlegra upplýsinga vegna eftirlits, sem miðast við fjárhagsstöðu á samstæðugrundvelli, með lánastofnunum eða eignarhaldsfélögum á fjármálasviði innan Bandalagsins sem eiga dótturfyrirtæki sem eru lána- eða fjármálastofnanir, staðsettar utan Bandalagsins, eða eiga hlutdeild í slíkum stofnunum og

b) að lögbær yfirvöld í þriðju löndum geti aflað upplýsinga sem nauðsynlegar eru vegna eftirlits með móðurfyrirtækjum sem hafa aðalskrifstofu á yfirráðasvæði þeirra og eiga dótturfyrirtæki, sem eru lána- eða fjármálastofnanir í einu eða fleiri aðildarríkjum, eða hlutdeild í slíkum stofnunum.

3. Með fyrirvara um 1. og 2. mgr. 300. gr. sáttmálans skal framkvæmdastjórnin, með aðstoð evrópsku bankanefndarinnar, fara yfir niðurstöður samningaviðræðnanna sem um getur í 1. mgr. og meta árangur þeirra.

V. BÁLKUR

MEGINREGLUR OG TÆKNILEG STJÓRNTÆKI TIL VARFÆRNISEFTIRLITS OG UPPLÝSINGAGJAFAR

1. KAFLI

Meginreglur um varfærniseftirlit

1. þáttur

Valdsvið heima- og gistiaðildarríkis

40. gr.

1. Varfærniseftirlit með lánastofnun, þar með talið með starfsemi sem hún annast samkvæmt 23. og 24. gr., skal vera á

ábyrgð lögbærra yfirvalda heimaaðildarríkisins, með fyrirvara um ákvæði þessarar tilskipunar sem fela lögbærum yfirvöldum gistiaðildarríkisins ábyrgðina á hendur.

2. Ákvæði 1. mgr. koma ekki í veg fyrir eftirlit á samstæðugrundvelli samkvæmt þessari tilskipun.

41. gr.

Gistiaðildarríkin skulu bera áfram ábyrgðina á eftirliti með lausafjárstöðu útibúa lánastofnana í samvinnu við lögbær yfirvöld heimaaðildarríkisins meðan beðið er frekari samræmingar.

Með fyrirvara um nauðsynlegar ráðstafanir til að efla peningakerfi Evrópu bera gistiaðildarríki áfram fulla ábyrgð á ráðstöfunum sem felast í framkvæmd peningamálastefnu þeirra.

Í slíkum ráðstöfunum má ekki gera ráð fyrir mismunun eða takmörkunum gagnvart lánastofnun á grundvelli þess að hún hefur starfsleyfi í öðru aðildarríki.

42. gr.

Lögbær yfirvöld í hlutaðeigandi aðildarríkjum skulu hafa náið samstarf um eftirlit með starfsemi lánastofnana er hafa starfsemi, einkum útibú, í einu eða fleiri aðildarríkjum öðru en því þar sem aðalskrifstofa þeirra er. Þau skulu láta hvert öðru í té allar þær upplýsingar um stjórnun og eigendur þessara lánastofnana sem að gagni gætu komið við eftirlit og könnun á skilyrðum fyrir leyfisveitingu, auk allra upplýsinga sem gætu auðveldað eftirlit með slíkum stofnunum, einkum með tilliti til lausafjárstöðu, gjaldfærni, innstæðutrygginga, takmarkana á stórum áhættuskuldbindingum, stjórnsýslu- og bókhaldsaðferða og innri eftirlitskerfa.

43. gr.

1. Gistiaðildarríki skulu mæla svo fyrir, þegar lánastofnun með starfsleyfi í öðru aðildarríki annast starfsemi í gegnum útibú, að lögbær yfirvöld heimaaðildarríkisins, eða milligöngumenn sem þau velja til þess, geti sannprófað sjálf á staðnum þær upplýsingar sem um getur í 42. gr., eftir að hafa upplýst lögbær yfirvöld í gistiaðildarríkinu um það fyrir fram.

2. Lögbær yfirvöld heimaaðildarríkisins geta einnig gripið til þeirra aðferða sem kveðið er á um í 141. gr. í því skyni að hafa eftirlit með útibúum.

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. hafa ekki áhrif á rétt lögbærra yfirvalda í gistiaðildarríkinu til að koma á staðinn og hafa eftirlit með útibúum sem stofnuð eru á yfirráðasvæði þeirra þegar þau rækja skyldur sínar samkvæmt þessari tilskipun.

2. þáttur

Upplýsingaskipti og þagnarskylda

44. gr.

1. Aðildarríkin skulu mæla svo fyrir að allir þeir sem vinna fyrir eða hafa unnið fyrir lögbær yfirvöld, sem og endurskoðendur eða sérfræðingar sem koma fram fyrir hönd lögbærra yfirvalda, séu bundnir þagnarskyldu.

Þeir mega ekki skýra neinum einstaklingum eða yfirvöldum frá trúnaðarmálum sem þeir öðlast vitneskju um við skyldustörf sín nema það séu almennar upplýsingar af því tagi að ekki sé unnt að bera kennsl á einstakar lánastofnanir, með fyrirvara um mál sem heyra undir hegningarlög.

Þó má skýra frá trúnaðarmálum í einkamálum er lánastofnun hefur verið lýst gjaldþrota eða neyðst til félagsslita snerti þau ekki þriðja aðila sem reynir að bjarga áðurnefndri lánastofnun.

2. Ákvæði 1. mgr. koma ekki í veg fyrir að lögbær yfirvöld í hinum ýmsu aðildarríkjum skiptist á upplýsingum í samræmi við þessa tilskipun og aðrar tilskipanir sem gilda um lánastofnanir. Slíkar upplýsingar skulu háðar ákvæði um þagnarskyldu svo sem kveðið er á um í 1. mgr.

45. gr.

Lögbær yfirvöld, sem fá vitneskju um trúnaðarmál skv. 44. gr. mega einungis notfæra sér hana við skyldustörf sín og aðeins í eftirfarandi tilgangi:

a) til að fylgjast með því að skilyrði um stofnun og rekstur lánastofnana séu uppfyllt og til að auðvelda eftirlit, hvort sem er á samstæðugrundvelli eða ekki, með rekstri slíkrar starfsemi, einkum með tilliti til eftirlits með lausafjárstöðu, gjaldfærni, stórra áhættuskuldbindinga og stjórnsýslu- og bókhaldsaðferða og innri eftirlitskerfa,

b) til að beita refsiákvæðum,

c) þegar ákvörðun lögbærs yfirvalds er áfrýjað til æðra stjórnsýslustigs eða

d) við málshöfðun sem stofnað er til samkvæmt 55. gr. eða sérákvæðum í þessari tilskipun eða öðrum tilskipunum um lánastofnanir.

46. gr.

Aðildarríkjunum er því aðeins heimilt að gera samstarfssamninga um upplýsingaskipti við lögbær yfirvöld í þriðju löndum, eða yfirvöld eða stofnanir í þriðju löndum, eins

og skilgreint er í 47. gr. og 1. mgr. 48. gr., að um upplýsingarnar ríki þagnarskylda í að minnsta kosti sama mæli og um getur í 1. mgr. 44. gr. Slík upplýsingaskipti skulu eiga sér stað vegna eftirlits áðurnefndra yfirvalda eða stofnana.

Séu upplýsingarnar upprunnar í öðru aðildarríki er ekki heimilt að afhenda þær án skýlauss samþykkis frá lögbærum yfirvöldum sem hafa afhent þær og, þar sem við á, einungis til þeirra nota sem sömu yfirvöld hafa gefið samþykki fyrir.

47. gr.

Ákvæði 1. mgr. 44. og 45. gr. eiga ekki að útiloka upplýsingaskipti innan aðildarríkis, ef um er að ræða tvenn eða fleiri lögbær yfirvöld í sama aðildarríkinu, eða milli aðildarríkja, milli lögbærra yfirvalda og:

a) yfirvalda sem bera ábyrgð á eftirliti með öðrum fjármálasamtökum og vátryggingafélögum og yfirvalda sem bera ábyrgð á eftirliti með fjármálamörkuðum,

b) aðila sem hafa afskipti af félagsslitum og gjaldþrotaskiptum lánastofnana og öðrum sambærilegum málum og

c) einstaklinga sem bera ábyrgð á framkvæmd lögboðinnar endurskoðunar á reikningum lánastofnana og annarra fjármálastofnana,

þegar þau gegna eftirlitshlutverki sínu.

Ákvæði 1. mgr. 44. gr. og 45. gr. skulu heldur ekki útiloka að aðilum sem veita tryggingar á innlánum séu veittar nauðsynlegar upplýsingar til að gegna starfi sínu.

Í báðum tilvikum skulu viðteknar upplýsingar háðar skilyrðum um þagnarskyldu svo sem kveðið er á um í 1. mgr . 44. gr.

48. gr.

1. Þrátt fyrir 44.–46. gr. geta aðildarríkin heimilað upplýsingaskipti milli lögbærra yfirvalda og:

a) yfirvalda sem annast eftirlit með stofnunum sem tengjast félagsslitum og gjaldþrotaskiptum lánastofnana og annarri ámóta meðferð og

b) yfirvalda sem annast eftirlit með einstaklingum sem sjá um lögboðna endurskoðun reikninga vátryggingafélaga, lánastofnana, fjárfestingarfyrirtækja og annarra fjármálastofnana.

Í slíkum tilvikum skulu aðildarríkin krefjast þess að eftirfarandi skilyrðum sé fullnægt hið minnsta:

a) upplýsingarnar skulu ætlaðar til eftirlits eins og um getur í fyrstu undirgrein,

b) um upplýsingar sem eru fengnar í þessu sambandi skulu gilda ákvæði 1. mgr. 44. gr. um þagnarskyldu og

c) séu upplýsingarnar upprunnar í öðru aðildarríki er ekki heimilt að afhenda þær án skýlauss samþykkis frá lögbærum yfirvöldum sem hafa afhent þær og, eftir því sem við á, einungis til þeirra nota sem sömu yfirvöld hafa gefið samþykki fyrir.

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum hvaða yfirvöld mega taka við upplýsingum samkvæmt þessari málsgrein.

2. Þrátt fyrir 44.–46. gr. geta aðildarríkin, með það að markmiði að auka stöðugleika fjármálakerfisins og gera það heilsteyptara, leyft skipti á upplýsingum milli lögbærra yfirvalda og yfirvalda eða stofnana sem hafa það hlutverk samkvæmt lögum að ljóstra upp um og rannsaka brot á félagarétti. Í slíkum tilvikum skulu aðildarríkin krefjast þess að eftirfarandi skilyrðum sé fullnægt hið minnsta:

a) að upplýsingarnar séu til þess að hægt sé að vinna verkið sem um getur í fyrstu undirgrein,

b) að upplýsingar sem tekið er við í þessu sambandi falli undir ákvæði 1. mgr. 44. gr. um þagnarskyldu og

c) að séu upplýsingarnar upprunnar í öðru aðildarríki sé ekki heimilt að afhenda þær án skýlauss samþykkis frá lögbærum yfirvöldum sem hafa afhent þær og, eftir því sem við á, einungis til þeirra nota sem sömu yfirvöld hafa gefið samþykki fyrir.

Ef svo ber undir í aðildarríki að yfirvöld eða stofnanir, sem um getur í fyrstu undirgrein, njóta við uppljóstranir eða rannsóknir sínar aðstoðar einstaklinga, sem hafa verið tilnefndir í þessu skyni vegna sérþekkingar sinnar en starfa ekki á vegum hins opinbera, er heimilt að láta hugsanleg upplýsingaskipti, sem kveðið er á um í fyrstu undirgrein, einnig ná til slíkra einstaklinga með þeim skilyrðum sem sett eru í annarri undirgrein.

Við beitingu þriðju undirgreinar ber yfirvöldum eða stofnunum, sem um getur í fyrstu undirgrein, að gera lögbæru yfirvöldunum, sem afhentu upplýsingarnar, grein fyrir nöfnum og umboði einstaklinganna sem eiga að fá þær.

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum hvaða yfirvöld eða stofnanir mega þiggja upplýsingar samkvæmt þessari grein.

Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu um beitingu ákvæða þessarar greinar.

49. gr.

Ákvæði þessa þáttar skulu ekki koma í veg fyrir að lögbært yfirvald sendi eftirfarandi aðilum upplýsingar að því er varðar verkefni þeirra:

a) seðlabönkum og öðrum stofnunum sem gegna svipuðu hlutverki á sviði peningamála, og

b) eftir atvikum, öðrum opinberum yfirvöldum sem bera ábyrgð á eftirliti með greiðslukerfum.

Þessi þáttur skal ekki koma í veg fyrir að slík yfirvöld eða stofnanir komi á framfæri við lögbær yfirvöld upplýsingum sem þau geta þurft á að halda með tilliti til. 45. gr.

Um upplýsingar sem eru fengnar í þessu sambandi skulu gilda ákvæði 1. mgr. 44. gr. um þagnarskyldu.

50. gr.

Þrátt fyrir 1. mgr. 44. gr. og 45. gr. og samkvæmt heimild í lögum, geta aðildarríkin heimilað að öðrum deildum stjórnarskrifstofa sem bera ábyrgð á löggjöf um eftirlit með lánastofnunum, fjármálastofnunum, fjárfestingarfyrirtækjum og vátryggingafélögum og skoðunarmönnum sem koma fram fyrir hönd þessara deilda sé skýrt frá vissum upplýsingum.

Slíkar upplýsingar má þó aðeins veita þegar þess er þörf vegna varfærniseftirlits með starfseminni.

51. gr.

Aðildarríkin skulu kveða á um að upplýsingar sem fengnar eru samkvæmt 2. mgr. 44. gr. og 47. gr. og með sannprófun á staðnum svo sem um getur í 1. og 2. mgr. 43. gr. megi aldrei veita í þeim tilvikum sem um getur í 50. gr. nema með skýlausu samþykki lögbærra yfirvalda sem gáfu upplýsingarnar eða lögbærra yfirvalda aðildarríkisins þar sem sannprófunin á staðnum fór fram.

52. gr.

Ákvæði þessa þáttar skulu ekki koma í veg fyrir að lögbær yfirvöld aðildarríkis sendi upplýsingarnar sem um getur í 44.–46. gr. til greiðslujöfnunarstöðvar eða sambærilegrar stofnunar, sem er heimilt samkvæmt landslögum að annast greiðslujöfnun eða uppgjör á markaði í viðkomandi aðildarríki, ef þau telja það nauðsynlegt til að tryggja snurðulausa starfsemi þessara stofnana með hliðsjón af vanskilum eða hugsanlegum vanskilum af hálfu markaðsaðila. Um upplýsingar sem tekið er við í þessu sambandi skulu gilda ákvæði 1. mgr. 44. gr. um þagnarskyldu.

Aðildarríkin skulu þó tryggja að einungis sé heimilt að afhenda upplýsingar, sem eru fengnar samkvæmt 2. mgr. 44. gr., í tilvikum sem um getur í þessari grein, að fyrir liggi skýlaust samþykki lögbærra yfirvalda sem létu þær í té.

3. þáttur

Skylda ábyrgðaraðila lögbundins eftirlits með ársreikningum og samstæðureikningum

53. gr.

1. Aðildarríkin skulu að lágmarki kveða á um að hverjum þeim einstaklingi sem til þess hefur heimild í skilningi tilskipunar 84/253/EBE ([1]) og annast í lánastofnun það verk sem er lýst í 51. gr. tilskipunar 78/660/EBE, 37. gr. tilskipunar 83/349/EBE eða 31. gr. tilskipunar 85/611/EBE ([2]), eða annað lögboðið verk, skuli skylt að upplýsa jafnharðan lögbær yfirvöld um málsatvik eða ákvörðun, varðandi lánastofnunina, sem viðkomandi hefur orðið áskynja um í starfi sínu og geta:

a) falist í því að efnislega er gengið á svig við lög eða stjórnsýsluákvæði, sem fjalla um skilyrði fyrir veitingu starfsleyfis, eða sem fjalla sérstaklega um starfsemi lánastofnana,

b) haft áhrif á áframhaldandi rekstur lánastofnunarinnar, eða

c) leiði til þess að ekki er skrifað upp á reikningana eða að fyrirvarar eru settir.

Aðildarríkin skulu að lágmarki kveða á um að þessum sama einstaklingi beri skylda til að upplýsa um málsatvik eða ákvörðun, sem hann verður áskynja um við starf sitt eins og um getur í fyrstu undirgrein, í fyrirtæki sem hefur náin tengsl vegna yfirráðatengsla við lánastofnunina þar sem hann vinnur það verk.

2. Ekki skal litið svo á að það athæfi einstaklinga, sem til þess hafa heimild í skilningi tilskipunar 84/253/EBE, að upplýsa í góðri trú lögbær yfirvöld um málsatvik eða ákvarðanir sem um getur í 1. mgr., sé brot á þagnarskyldu sem komið hefur verið á með samningi eða lögum eða stjórnsýsluákvæðum og skal ekki kalla þá til ábyrgðar með neinum hætti.

4. þáttur

Vald til að beita viðurlögum og réttur til að leita til dómstóla

54. gr.

Með fyrirvara um þann hátt sem hafður er á við leyfissviptingu og ákvæði refsilaga, skulu aðildarríkin kveða svo á að lögbær yfirvöld þeirra hvers um sig geti beitt sektum gagnvart lánastofnunum eða þeim sem ráða yfir rekstri

([1]) Áttundu tilskipun ráðsins 84/253/EBE frá 10. apríl 1984 um löggildingu einstaklinga sem falið er að annast lögboðna endurskoðun bókhaldsgagna (Stjtíð. EB L 12.5.1984. bls. 20).

([2]) Tilskipun ráðsins 85/611/EBE frá 20. desember 1985 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum (Stjtíð. EB L 375, 31.12.1985, bls. 3). Tilskipunin eins og henni var síðast breytt með tilskipun 2005/1/EB.

lánastofnana sem brjóta ákvæði í lögum eða stjórnsýslufyrirmælum um eftirlit með eða framkvæmd á starfsemi þeirra eða aðgerðum sem miða sérstaklega að því að binda enda á slík brot eða uppræta orsakir þeirra.

55. gr.

Aðildarríkjum ber að tryggja að hægt sé að áfrýja til dómstóls öllum ákvörðunum sem teknar eru um lánastofnanir samkvæmt lögum og stjórnsýslufyrirmælum sem sett eru samkvæmt tilskipun þessari. Hið sama gildir ef engin ákvörðun hefur verið tekin innan sex mánaða frá því að umsókn um starfsleyfi sem veitir fullnægjandi upplýsingar samkvæmt gildandi ákvæðum hefur verið lögð fram.

2. KAFLI

Tæknileg stjórntæki til varfærniseftirlits

1. þáttur

Eigið fé

56. gr.

Setji aðildarríki í lögum eða stjórnsýslufyrirmælum ákvæði til framkvæmdar löggjöf Bandalagsins um varfærniseftirlit með starfandi lánastofnun og noti þar hugtakið eigið fé eða vísi til þess, skal það hugtak látið falla að skilgreiningu þeirri sem gefin er í 57.–61. gr. og 63.–66. gr.

57. gr.

Með fyrirvara um þær takmarkanir, sem kveðið er á um í 66. gr., skal sérgreint eigið fé lánastofnana samanstanda af eftirfarandi liðum:

a) hlutafé í skilningi 22. gr. tilskipunar 86/635/EBE að því marki sem það hefur verið innborgað, að viðbættum yfirverðsreikningi hlutafjár en að undanskilinni heildarfjárhæð forgangshlutafjár,

b) varasjóðum í skilningi 23. gr. tilskipunar 86/635/EBE og óráðstöfuðum hagnaði og tapi frá fyrra reikningsári,

c) sjóðum vegna almennrar bankaáhættu í skilningi 38. gr. tilskipunar 86/635/EBE,

d) endurmatsreikningum í skilningi 33. gr. tilskipunar 78/660/EBE,

e) virðisbreytingum í skilningi 2. mgr. 37. gr. tilskipunar 86/635/EBE,

f) öðrum liðum í skilningi 63. gr.,

g) skuldbindingum aðila lánastofnana sem starfa sem samvinnufélög og óskiptum skuldarábyrgðum lántaka ákveðinna stofnana sem skipulagðar eru sem sjóðir og um getur í 1. mgr. 64. gr. og

h) heildarfjárhæð forgangshlutafjár með föstum kjörum og víkjandi lánum svo sem um getur í 3. mgr. 64. gr. Eftirfarandi liðir skulu dregnir frá í samræmi við 66. gr.:

i) bókfært virði eigin hlutabréfa lánastofnana,

j) óefnislegar eignir í skilningi 9. mgr. 4. gr. („eignir“) tilskipunar 86/635/EBE,

k) verulegt tap á yfirstandandi reikningsári,

l) eignarhlutir í öðrum lána- og fjármálastofnunum sem nema meira en 10% af hlutafé þeirra,

m) víkjandi kröfur og gerningar, sem um getur í 63. gr. og 3. mgr. 64. gr., sem lánastofnun á hjá lána- og fjármálastofnunum sem hún á eignarhlut í sem nemur meira en 10% af hlutafé í hverju tilviki,

n) eignarhlutir í öðrum lána- og fjármálastofnunum sem nema allt að 10% af hlutafé þeirra, víkjandi kröfur og gerningar sem um getur í 63. gr. og 3 mgr. 64. gr., sem lánastofnun á í öðrum lána- og fjármálastofnunum en þeim sem um getur í l- og m-lið en þó aðeins heildarfjárhæð slíkra eignarhluta, víkjandi krafna og gerninga sem eru umfram 10% af hlutafé lánastofnunarinnar áður en liðir l til p eru dregnir frá.

o) hlutdeild í skilningi 10. mgr. 4. gr. sem lánastofnun á í:

   i. vátryggingafélögum í skilningi 6. gr. tilskipunar 73/239/EBE ([1]), 4. gr. tilskipunar 2002/83/EB ([2]) eða b-liðar 1. gr. tilskipunar 98/78/EB ([3]),

([1]) Fyrsta tilskipun ráðsins 73/239/EBE frá 24. júlí 1973 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum til að hefja og reka starfsemi á sviði frumtrygginga annarra en líftrygginga (Stjtíð. EB L 228, 16.8.1973, bls. 3). Tilskipunin eins og henni var síðast breytt með tilskipun 2005/1/EB.

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/83/EB frá 5. nóvember 2002 um líftryggingar (Stjtíð. EB L 345, 19.12.2002, bls. 1). Tilskipunin eins og henni var síðast breytt með tilskipun 2005/1/EB.

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/78/EB frá 27. október 1998 um viðbótareftirlit með vátryggingafélögum í vátryggingasamstæðu (Stjtíð. EB L 330, 5.12.1998, bls. 1). Tilskipunin eins og henni var síðast breytt með tilskipun 2005/1/EB.

ii. endurtryggingafélögum í skilningi c-liðar 1. gr. tilskipunar 98/78/EB, eða

iii. eignarhaldsfélögum á vátryggingasviði í skilningi i-liðar 1. gr. tilskipunar 98/78/EB,

p) allir eftirtaldir liðir sem lánastofnunin á hjá aðilunum sem eru skilgreindir í o-lið og hún á hlutdeild í:

i. gerningar sem um getur í 3. mgr. 16. gr. tilskipunar 73/239/EBE og

ii. gerningar sem um getur í 3. mgr. 27. gr. tilskipunar 2002/83/EB,

q) neikvæðar fjárhæðir, að því er varðar lánastofnanir er reikna út fjárhæð áhættuveginna áhættuskuldbindinga skv. 2. undirþætti 3. þáttar, vegna útreikninga í 36. lið 1. hluta VII. viðauka og fjárhæðir vænts taps sem reiknaðar eru í samræmi við 32. og 33. lið 1. hluta VII. viðauka og

r) fjárhæð áhættuskuldbindinga verbréfaðra staðna sem fá áhættuvog 1 250% skv. 4. hluta IX. viðauka, reiknaðar út á þann hátt sem er tilgreindur þar.

Að því er varðar b-lið, er aðildarríkjum því aðeins heimilt að telja árshlutahagnað með áður en formleg ákvörðun hefur verið tekin ef þessi hagnaður hefur verið staðfestur af endurskoðendum reikninganna og ef lögbærum yfirvöldum hefur verið gefin fullnægjandi staðfesting, að þeirra mati, á því að fjárhæðin hafi verið metin í samræmi við meginreglur þær sem settar eru í tilskipun 86/635/EBE og sé tilgreind að teknu tilliti til fyrirsjáanlegrar gjaldfærslu eða arðs.

Þegar í hlut á lánastofnun, sem er útgefandi verðbréfunar, skal hreinn hagnaður, sem kemur til vegna eignfærslu framtíðartekna af verðbréfuðum eignum og sem bætir lánshæfi staðna í verðbréfuninni, vera undanskilinn liðnum sem er tilgreindur í b-lið.

58. gr.

Þegar hlutum í annarri lánastofnun, fjármálastofnun, vátrygginga- eða endurtryggingafélagi eða eignarhaldsfélagi á vátryggingasviði er haldið tímabundið vegna fjárhagsaðstoðar til að endurskipuleggja og bjarga hlutaðeigandi aðila er lögbærum yfirvöldum heimilt að veita undanþágu frá ákvæðunum um frádrátt sem um getur í l- til p-lið 57. gr.

59. gr.

Í stað frádráttar liðanna, sem um getur í o- og p-lið 57. gr., geta aðildarríkin heimilað lánastofnunum sínum að beita, að breyttu breytanda, aðferð 1, 2, eða 3 í I. viðauka við tilskipun 2002/87/EB. Einungis má beita aðferð 1 (myndum samstæðureikningsskila) ef lögbæra yfirvaldið hefur fulla vissu fyrir því að hve miklu leyti stjórnun er samþætt og innra eftirlit viðhaft að því er varðar þá aðila sem eiga að falla undir samstæðuna. Jafnan skal beita aðferðinni, sem valin er, á sama hátt.

60. gr.

Aðildarríkin geta kveðið á um að lánastofnanir, sem eru undir eftirliti á samstæðugrundvelli í samræmi við 1. þátt 4. kafla eða viðbótareftirliti í samræmi við tilskipun 2002/87/EB, þurfi ekki, við útreikning á eigin fé hvers fyrirtækis um sig, að draga frá liðina, sem um getur í l- til p-lið 57. gr., sem eru eign í lánastofnunum, fjármálastofnunum, vátrygginga- eða endurtryggingafélögum eða eignarhaldsfélögum á vátryggingasviði sem falla undir eftirlit á samstæðugrundvelli eða viðbótareftirlit.

Þetta ákvæði skal gilda um allar varfærnisreglur sem samhæfðar eru með löggjöf Bandalagsins.

61. gr.

Hugtakið eigið fé, eins og það er skilgreint í a- til h-lið 57. gr., felur í sér hámarksfjölda liða og hámarksfjárhæðir. Aðildarríki eru látin sjálfráð um notkun þessara liða og ákvörðun lægri marka, sem og frádrátt annarra liða en þeirra sem tilgreindir eru undir i- til r-lið 57. gr.

Eiginfjárliðir sem tilgreindir eru undir a- til e-lið 57. gr. skulu vera aðgengilegir lánastofnunum til ótakmarkaðrar og tafarlausrar ráðstöfunar til að mæta áhættu eða tapi um leið og slíkt á sér stað. Fjárhæðin skal vera að teknu tilliti til skattskuldbindinga sem fyrirsjáanlegar eru þegar útreikningurinn er gerður eða hæfilega breytt að því marki sem slíkar skuldbindingar rýra möguleika þessara eiginfjárliða til að mæta áhættu eða tapi.

62. gr.

Aðildarríkin geta skilað skýrslu til framkvæmdastjórnarinnar um árangurinn sem náðst hefur við aukna samleitni með sameiginlega skilgreiningu á hugtakinu eigið fé að markmiði. Á grundvelli þessara skýrslna skal framkvæmdastjórnin, ef við á, leggja tillögu um breytingu á þessum þætti fyrir Evrópuþingið og ráðið fyrir 1. janúar 2009.

63. gr.

1. Í notkun aðildarríkis getur hugtakið eigið fé falið í sér aðra liði, hver svo sem lagaleg eða reikningsskilaleg merking þeirra er, svo fremi þeir hafi eftirfarandi eiginleika:

a) að lánastofnanir geti að jafnaði gripið til þeirra til að mæta eðlilegri bankaáhættu þar sem tekjutap eða tap á höfuðstól hefur enn ekki verið sannreynt,

b) að upplýsingar um þá séu gefnar í innri uppgjörsskýrslum, og

c) að fjárhæð þeirra sé ákveðin af stjórnendum lánastofnunarinnar, staðfest af óháðum endurskoðendum, tilkynnt lögbærum yfirvöldum og sett undir eftirlit þeirra síðastnefndu.

2. Verðbréf til óákveðins tíma og aðra gerninga sem uppfylla eftirfarandi skilyrði er einnig heimilt að telja sem aðra liði:

a) þau má ekki endurgreiða að frumkvæði handhafa eða án samþykkis lögbærs yfirvalds,

b) samningur um skuld skal kveða svo á um að lánastofnun geti kosið að fresta greiðslu vaxta,

c) kröfur lánardrottna lánastofnunar skulu víkja að fullu fyrir öllum kröfum skuldareigenda sem ekki eru víkjandi,

d) við verðbréfaútgáfu skal gert ráð fyrir því að skuldir og ógreiddir vextir geti mætt tapi jafnframt því að lánastofnuninni sé kleift að halda áfram starfsemi og

e) aðeins er tekið tillit til innborgaðra fjárhæða.

Við þennan lista verðbréfa og annarra gerninga er heimilt að bæta heildarfjárhæð forgangshlutabréfa annarra en þeirra sem um getur í h-lið 57. gr.

3. Að því er varðar lánastofnanir sem reikna út fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga skv. 2. undirþætti 3. þáttar, má telja jákvæðar fjárhæðir vegna útreikninga í 36. lið, 1. hluta VII. viðauka sem aðra liði upp að 0,6% af fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga sem eru reiknaðar út skv. 2. undirþætti. Að því er varðar þessar lánastofnanir skulu virðisbreytingar og varúðarniðurfærslur sem tekið er tilliti til við útreikninginn sem um getur í 36. lið 1. hluta VII. viðauka og virðisbreytingar og varúðarniðurfærslur vegna áhættuskuldbindinga sem um getur í e-lið 57. gr. ekki teljast með eigin fé nema í samræmi við þessa málsgrein. Að þessu leyti skulu fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga ekki fela í sér þær sem reiknaðar eru út í tengslum við verðbréfaðar stöður sem hafa áhættuvog 1 250%.

64. gr.

1. Skuldbindingar aðila lánastofnana, sem starfa sem samvinnufélög og um getur í g-lið 57. gr. ná til ógreidds stofnfjár þessara félaga ásamt skuldbindingum aðila slíkra samvinnufélaga lögum samkvæmt til að reiða af hendi óendurkræfar aukagreiðslur verði lánastofnunin fyrir tapi og þarf við slíkar aðstæður að vera unnt að krefjast slíkra greiðslna án tafar.

Óskiptar skuldarábyrgðir lántakenda hjá lánastofnunum, sem skipulagðar eru sem sjóðir, skulu hljóta sömu meðferð og að ofan greinir.

Heimilt er að telja alla slíka liði sem hluta af eigin fé svo fremi hið sama gildi samkvæmt landslögum um eigið fé hliðstæðra stofnana.

2. Aðildarríki skulu ekki telja með eigin fé opinberra lánastofnana ábyrgðir sem þau eða staðaryfirvöld þeirra veita slíkum stofnunum.

3. Aðildarríkjum eða lögbærum yfirvöldum er heimilt að telja með eigin fé uppsöfnuð forgangshlutabréf með ákveðinn binditíma, sem um getur í h-lið 57. gr., og víkjandi lán, sem um getur í sama ákvæði, ef bindandi samkomulag er um það að þeim sé skipað aftar kröfum allra annarra skuldareigenda ef til gjaldþrots eða skiptameðferðar kemur og að þau verði ekki endurgreidd fyrr en allar aðrar útistandandi skuldir hafa verið gerðar upp.

Víkjandi lán verður að uppfylla eftirtalin viðbótarskilyrði:

a) aðeins er heimilt að telja með innborgaðar fjárhæðir,

b) upphaflegur binditími slíkra lána skal ekki vera skemmri en fimm ár, eftir þann tíma er heimilt að endurgreiða þau,

c) gildi slíkra lána sem eigin fjár skal lækkað í áföngum eigi síðar en síðustu fimm árin fyrir endurgreiðslu, og

d) lánasamningurinn skal ekki fela í sér nein þau ákvæði, sem gera ráð fyrir að lán verði við sérstakar aðstæður endurgreitt fyrr en á gjalddaga, nema lánastofnunin hætti starfsemi sinni.

Að því er varðar b-lið annarrar undirgreinar, hafi gjalddagi skuldar ekki verið ákveðinn, skal vera ákvæði um fimm ára fyrirvara varðandi endurgreiðslu nema lánin séu ekki lengur talin til eigin fjár eða samþykkis lögbærra yfirvalda sé krafist við greiðslu fyrir gjalddaga. Lögbær yfirvöld geta veitt heimild til að flýta endurgreiðslu slíkra lána, æski lánveitandi þess og svo fremi slíkt hafi ekki áhrif á gjaldþol hlutaðeigandi lánastofnunar.

4. Lánastofnanir skulu hvorki telja með eigin fé gangvirðisvarasjóði, sem tengjast hagnaði eða tapi á sjóðstreymisvörnum fjármálagerninga sem eru metnir á afskrifuðu kostnaðarverði, né hagnað eða tap á skuldum þeirra sem eru metnar á gangvirði vegna breytinga á eigin lánsfjárstöðu lánastofnunarinnar.

65. gr.

1. Þar sem útreikningar verða gerðir á samstæðugrundvelli, skulu fjárhæðir samstæðu, sem eiga við þá þætti sem taldir eru í 57. gr., notaðar í samræmi við þær reglur sem settar eru í 1. þætti í 4. kafla. Enn fremur er heimilt að telja eftirfarandi liði, þegar þeir eru með kreditstöðu, sem samstæðuvarasjóði við útreikning eigin fjár:

a) sérhverja hlutdeild minnihluta í skilningi 21. gr. tilskipunar 83/349/EBE þar sem heildarsamrunaaðferð er beitt,

b) fyrsta samstæðumismun í skilningi 19., 30. og 31. gr. tilskipunar 83/349/EBE,

c) gengismun sem talinn er með samstæðuvarasjóðum í samræmi við 6. mgr. 39. gr. tilskipunar 86/635/EBE, og

d) mismun sem fram kemur þegar talin er með eignarhlutdeild í samræmi við þá aðferð sem kveðið er á um í 33. gr. tilskipunar 83/349/EBE.

2. Þegar liðirnir sem um getur í a- til d-lið 1. mgr. eru með kreditstöðu skulu þeir dregnir frá við útreikning á eigin fé samstæðunnar.

66. gr.

1. Liðir þeir sem um getur í d- til h-lið 57. gr. skulu háðir eftirfarandi takmörkunum:

a) heildarfjárhæð liðanna í d- til h-lið má ekki vera hærri en nemur 100% af samanlögðum liðunum í a-, b- og c-lið, að frádregnum liðunum í i- til k-lið og

b) heildarfjárhæð liðanna í g- til h-lið má ekki vera hærri en nemur 50% af samanlögðum liðunum í a-, b- og c-lið, að frádregnum liðunum í i- til k-lið.

2. Heildarfjárhæð liðanna í l- til r-lið 57. gr. skal dregin að hálfu frá heildarfjárhæð liðanna í a- til c-lið, að frádregnum liðunum í i- til k-lið og að hálfu frá heildarfjárhæð liðanna í d- til h-lið í 57. gr. eftir að takmörkununum, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. þessarar greinar, hefur verið beitt. Ef helmingur heildarfjárhæðar liðanna í l- til r-lið er hærri en heildarfjárhæð liðanna í d- til h-lið 57. gr. skal draga umframfjárhæðina frá heildarfjárhæð liðanna í a- til c-lið, að frádregnum liðunum í i- til k-lið 57. gr. Liði í r-lið 57. gr. skal ekki draga frá ef þeir hafa verið taldir með í útreikningi á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga að því er varðar 75. gr., eins og tilgreint er í 4. hluta IX. viðauka.

3. Að því er varðar 5. og 6. þátt, skulu ákvæðin sem mælt er fyrir um í þessum þætti túlkuð án tillits til liðanna sem um getur í q- og r-lið 57. gr. og 3. mgr. 63. gr.

4. Lögbær yfirvöld geta veitt lánastofnunum heimild til að fara út fyrir þau mörk sem sett eru í 1. mgr., sé um tímabundið og óvenjulegt ástand að ræða.

67. gr.

Færa verður lögbærum yfirvöldum fullnægjandi sönnur fyrir því að skilyrðum þeim sem sett eru í þessum þætti sé framfylgt.

2. þáttur

Ráðstafanir gegn áhættu

1. undirþáttur

Gildissvið

68. gr.

1. Lánastofnanir skulu, hver um sig, hlíta skuldbindingunum sem mælt er fyrir um í 22. og 75. gr. og 5. þætti.

2. Sérhver lánastofnun sem hvorki er dótturfyrirtæki í aðildarríkinu, þar sem hún hefur starfsleyfi og er undir eftirliti, né móðurfyrirtæki og sérhver lánastofnun sem ekki er innan samstæðunnar skv. 73. gr., skal, hver um sig, hlíta skuldbindingunum sem mælt er fyrir um í 120. og 123. gr.

3. Sérhver lánastofnun sem er hvorki móðurfyrirtæki né dótturfyrirtæki og sérhver lánastofnun sem ekki er innan samstæðunnar skv. 73. gr., skal, hver um sig, hlíta skuldbindingunum sem mælt er fyrir um í 5. kafla.

69. gr.

1. Aðildarríkin geta kosið að beita ekki 1. mgr. 68. gr. gagnvart dótturfyrirtæki lánastofnunar, ef bæði dótturfyrirtækið og lánastofnunin eru bundin starfsleyfi og eftirliti hlutaðeigandi aðildarríkis og dótturfyrirtækið fellur undir eftirlit á samstæðugrundvelli með lánastofnuninni, sem er móðurfyrirtækið, og öllum eftirfarandi skilyrðum er fullnægt, til að tryggja að eigin fé sé dreift á fullnægjandi hátt milli móðurfyrirtækisins og dótturfyrirtækjanna:

a) að ekki séu til staðar eða fyrirséðar neinar verulegar hömlur, lagalegar eða aðrar, á því að móðurfyrirtækið annist skjóta yfirfærslu á eigin fé eða endurgreiðslu skulda dótturfyrirtækisins,

b) að annaðhvort uppfylli móðurfyrirtækið skilyrði lögbærs yfirvalds um varfærna stjórnun dótturfyrirtækisins og hafi lýst því yfir, með samþykki lögbæra yfirvaldsins, að það ábyrgist skuldbindingarnar sem dótturfyrirtækið hefur tekið á sig, eða áhætta dótturfyrirtækisins hefur litla þýðingu,

c) að áhættumat, mæli- og eftirlitsaðferðir móðurfyrirtækis nái yfir dótturfyrirtækið, og

d) að móðurfyrirtækið eigi meira en 50% af atkvæðisrétti sem fylgir hlutum í heildarhlutafé dótturfyrirtækisins og/eða hafi rétt til að skipa eða leysa frá störfum meirihluta aðila í stjórn dótturfyrirtækisins sem lýst er í 11. gr.

2. Aðildarríkin geta nýtt sér þann rétt sem kveðið er á um í 1. mgr. ef móðurfyrirtækið er eignarhaldsfélag á fjármálasviði sem komið hefur verið á fót í sama aðildarríki og lánastofnunin, að því tilskildu að það sé háð sama eftirliti og því sem haft er með lánastofnunum, einkum reglunum í 1. mgr. 71. gr.

3. Aðildarríkin geta kosið að beita ekki 1. mgr. 68. gr. gagnvart móðurlánastofnun í aðildarríki ef sú lánastofnun er bundin starfsleyfi og eftirliti hlutaðeigandi aðildarríkis, er innan eftirlits á samstæðugrundvelli og öllum eftirfarandi skilyrðum er fullnægt, til að tryggja að eigin fé sé dreift á fullnægjandi hátt milli móðurfyrirtækisins og dótturfyrirtækjanna:

a) að ekki séu til staðar eða fyrirséðar neinar verulegar hömlur, lagalegar eða aðrar, á skjótri yfirfærslu á eigin fé eða endurgreiðslu skulda til móðurlánastofnunarinnar í aðildarríki og

b) að áhættumat, mats- og eftirlitsaðferðir sem eiga við eftirlit á samstæðugrundvelli nái yfir móðurlánastofnunina í aðildarríki. Lögbæra yfirvaldið, sem nýtir sér ákvæði þessarar málsgreinar, skal veita lögbærum yfirvöldum allra annarra aðildarríkja upplýsingar.

4. Með fyrirvara um almennt gildi 144. gr. skulu lögbær yfirvöld aðildarríkjanna sem nýta sér þann rétt sem mælt er fyrir um í 3. mgr., birta opinberlega, á þann hátt sem lýst er í 144. gr.:

a) viðmiðanir þær sem beitt er til að ákvarða að ekki séu til staðar eða fyrirséðar neinar verulegar hömlur, lagalegar eða aðrar, á skjótri yfirfærslu á eigin fé eða endurgreiðslu skulda,

b) fjölda móðurlánastofnana sem hafa ávinning af nýtingu réttarins sem mælt er fyrir um í 3. mgr. og fjölda þeirra sem eiga dótturfyrirtæki í þriðja landi, og

c) á samanteknu formi fyrir viðkomandi aðildarríki:

   i. fyrir móðurlánastofnanir í aðildarríki, sem hefur ávinning af nýtingu réttarins sem mælt er fyrir um í 3. mgr., þá heildarfjárhæð eigin fjár á samstæðugrundvelli sem er á hendi dótturfyrirtækja í þriðja landi,

   ii. fyrir móðurlánastofnanir í aðildarríki, sem hafa ávinning af nýtingu réttarins sem mælt er fyrir um í 3. mgr., það hlutfall heildareiginfjár á samstæðugrundvelli sem myndar eigið fé dótturfyrirtækja í þriðja landi,

   iii. fyrir móðurlánastofnanir í aðildarríki, sem hafa ávinning af nýtingu réttarins sem mælt er fyrir um í 3. mgr., það hlutfall sem eigið fé dótturfyrirtækja í þriðja landi myndar af lágmarksfjárhæð heildareiginfjár, sem krafist er skv. 75. gr., á samstæðugrundvelli.

70. gr.

1. Með fyrirvara um 2. og 4. mgr. þessarar greinar, geta lögbær yfirvöld, í hverju tilviki fyrir sig, heimilað móðurlánastofnunum við útreikning á kröfum þeirra skv. 1. mgr. 68. gr. að telja með dótturfyrirtæki, sem uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í c- og d-lið 1. mgr. 69. gr., og eru með verulegar áhættukröfur eða skuldbindingar gagnvart þeirri móðurlánastofnun.

2. Einungis skal heimila meðferðina í 1. mgr. þegar móðurlánastofnunin sýnir lögbærum yfirvöldum á fullnægjandi hátt fram á aðstæður og fyrirkomulag, þ.m.t. lagalegt fyrirkomulag, sem gerir það að verkum að ekki eru til staðar neinar verulegar hömlur, lagalegar eða aðrar, og engar fyrirséðar, á skjótri yfirfærslu á eigin fé eða endurgreiðslu skulda dótturfyrirtækis við móðurfyrirtæki sitt á gjalddaga.

3. Ef lögbært yfirvald notfærir sér réttinn, sem mælt er fyrir um í 1. mgr., skal það reglulega og eigi sjaldnar en einu sinni á ári, upplýsa lögbær yfirvöld allra annarra aðildarríkja um beitingu 1. mgr. og aðstæður og fyrirkomulag sem um getur í 2. mgr. Ef dótturfyrirtækið er í þriðja landi, skulu lögbær yfirvöld einnig veita lögbærum yfirvöldum þess þriðja lands sömu upplýsingar.

4. Með fyrirvara um almennt gildi 144. gr. skal lögbært yfirvald sem nýtir sér þann rétt, sem mælt er fyrir um í 1. mgr., birta opinberlega, á þann hátt sem lýst er í 144. gr.:

a) viðmiðanir þær sem beitt er til að ákvarða að ekki séu til staðar eða fyrirséðar neinar verulegar hömlur, lagalegar eða aðrar, á skjótri yfirfærslu á eigin fé eða endurgreiðslu skulda,

b) fjölda móðurlánastofnana sem hafa ávinning af nýtingu réttarins sem mælt er fyrir um í 1. mgr. og fjölda þeirra sem eiga dótturfyrirtæki í þriðja landi, og

c) á samanteknu formi fyrir viðkomandi aðildarríki:

   i. fyrir móðurlánastofnanir, sem hafa ávinning af nýtingu réttarins sem mælt er fyrir um í 1. mgr., þá heildarfjárhæð eigin fjár sem er á hendi dótturfyrirtækja í þriðja landi,

   ii. fyrir móðurlánastofnanir, sem hafa ávinning af nýtingu réttarins sem mælt er fyrir um í 1. mgr., það hlutfall heildareiginfjár sem myndar eigið fé dótturfyrirtækja í þriðja landi og

   iii. fyrir móðurlánastofnanir, sem hafa ávinning af nýtingu réttarins sem mælt er fyrir um í 1. mgr., það

hlutfall sem eigið fé dótturfyrirtækja í þriðja landi myndar af lágmarksfjárhæð heildareiginfjár, sem krafist er skv. 75. gr.

71. gr.

1. Með fyrirvara um 68.–70. gr., skulu móðurlánastofnanir í aðildarríki hlíta, að því marki og með þeim hætti sem mælt er fyrir um í 133. gr., skuldbindingunum, sem mælt er fyrir um í 75., 120. og 123. gr. og 5. þætti, á grundvelli heildstæðrar fjárhagsstöðu þeirra.

2. Með fyrirvara um 68.–70. gr., skulu lánastofnanir sem eru undir stjórn móðureignarhaldsfélags á fjármálasviði í aðildarríki hlíta, að því marki og með þeim hætti sem mælt er fyrir um í 133. gr., skuldbindingunum, sem mælt er fyrir um í 75., 120. og 123. gr. og 5. þætti, á grundvelli heildstæðrar fjárhagsstöðu þess eignarhaldsfélags á fjármálasviði.

Ef fleiri en ein lánastofnun er undir stjórn móðureignarhaldsfélags á fjármálasviði í aðildarríki, skal fyrsta undirgrein eingöngu eiga við um lánastofnunina sem eftirlit á samstæðugrundvelli gildir um, í samræmi við 125. og 126. gr.

72. gr.

1. Móðurlánastofnanir í Evrópusambandinu skulu hlíta skuldbindingunum sem mælt er fyrir um í 5. kafla, á grundvelli heildstæðrar fjárhagsstöðu þeirra.

Mikilvæg dótturfyrirtæki móðurlánastofnana í Evrópusambandinu skulu birta upplýsingarnar sem tilgreindar eru í 5. lið, 1. hluta XII. viðauka hvert um sig eða á undirsamstæðugrundvelli.

2. Lánastofnanir sem eru undir stjórn móðureignarhaldsfélags á fjármálasviði í Evrópusambandinu skulu hlíta skuldbindingunum sem mælt er fyrir um í 5. kafla á grundvelli heildstæðrar fjárhagsstöðu þess eignarhaldsfélags.

Mikilvæg dótturfyrirtæki eignarhaldsfélaga á fjármálasviði í Evrópusambandinu skulu birta upplýsingar sem tilgreindar eru í 5. lið, 1. hluta XII. viðauka hver um sig eða á undirsamstæðugrundvelli.

3. Lögbær yfirvöld, sem bera ábyrgð á framkvæmd eftirlits á samstæðugrundvelli skv. 125. og 126. gr., geta ákveðið að beita ekki að fullu eða að hluta 1. og 2. mgr. gagnvart lánastofnunum sem falla undir sambærilega birtingu upplýsinga á samstæðugrundvelli af hálfu móðurfyrirtækis með staðfestu í þriðja landi.

73. gr.

1. Aðildarríki eða lögbær yfirvöld sem bera ábyrgð á eftirliti á samstæðugrundvelli skv. 125. og 126. gr. geta ákveðið, í eftirfarandi tilvikum, að ekki þurfi að telja lánastofnun, fjármálastofnun eða stoðþjónustufyrirtæki, sem er dótturfyrirtæki eða hlutdeildarfyrirtæki, með í samstæðunni:

a) ef hlutaðeigandi fyrirtæki er í þriðja landi þar sem lagalegar hömlur eru á því að fá nauðsynlegar upplýsingar,

b) ef hlutaðeigandi fyrirtæki hefur, að mati lögbærra yfirvalda, litla þýðingu sé tekið mið af markmiðum eftirlitsins með lánastofnunum og í öllum tilvikum ef niðurstaða efnahagsreiknings hlutaðeigandi fyrirtækis er lægri en þeirrar eftirtalinnar fjárhæðar sem lægri er:

   i. 10 milljón evrur, eða

   ii. 1% af niðurstöðutölu efnahagsreiknings móðurfyrirtækisins eða fyrirtækisins sem er eigandi hlutdeildar,

c) ef, að mati lögbærra yfirvalda sem eru ábyrg fyrir eftirliti á samstæðugrundvelli, það væri óviðeigandi eða villandi að gera fjárhagsstöðu fyrirtækisins sem um ræðir hluta af samstæðu, að því er varðar markmið eftirlitsins með lánastofnunum.

Ef, í tilvikunum sem um getur í b-lið fyrstu undirgreinar, mörg fyrirtæki uppfylla skilyrðin, sem þar eru sett fram, skulu þau engu að síður talin með í samstæðunni ef þau skipta máli sem ein heild með hliðsjón af fyrrgreindum markmiðum.

2. Lögbær yfirvöld skulu krefjast þess að dótturlánastofnanir beiti kröfunum sem mælt er fyrir um í 75., 120. og 123. gr. og í 5. þætti á undirsamstæðugrundvelli ef þær lánastofnanir, eða móðurfyrirtækið ef það er eignarhaldsfélag á fjármálasviði, hafa lánastofnun eða fjármálastofnun eða eignastýringarfélag í skilningi 5. mgr. 2. gr. tilskipunar 2002/87/EB að dótturfyrirtæki í þriðja landi, eða eiga hlutdeild í slíku félagi.

3. Lögbær yfirvöld skulu krefjast þess að móðurfyrirtækin og dótturfyrirtækin sem falla undir þessa tilskipun uppfylli skuldbindingarnar sem mælt er fyrir um í 22. gr. á samstæðu- eða undirsamstæðugrundvelli, til að tryggja að fyrirkomulag þeirra, ferli og leiðir séu samræmdar og vel samþættar og að unnt sé að leggja fram öll gögn og upplýsingar sem varða eftirlitið.

2. undirþáttur

Útreikningur á kröfum

74. gr.

1. Ef ekki er kveðið á um annað, skal mat á eignum og liðum utan efnahagsreiknings fara fram í samræmi við reikningsskilaramma sem lánastofnanir falla undir samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1606/2002 og tilskipun 86/635/EBE.

2. Þrátt fyrir kröfurnar sem mælt er fyrir um í 68.–72. gr. skulu útreikningar til að sannreyna að lánastofnanir fari að kröfunum sem mælt er fyrir um í 75. gr. fara fram eigi sjaldnar en tvisvar á ári.

Lánastofnanir skulu skila niðurstöðum og nauðsynlegum gögnum til lögbærra yfirvalda.

3. undirþáttur

Lágmarksfjárhæð eigin fjár

75. gr.

Með fyrirvara um 136. gr. skulu aðildarríkin krefjast þess að lánastofnanir leggi fram eigið fé, sem ávallt sé meira en eða jafnt samanlagðri fjárhæð eftirfarandi krafna um eigið fé:

a) 8% af heildarfjárhæð áhættuveginna áhættuskuldbindinga sem er reiknuð út í samræmi við 3. þátt, vegna útlánalánaáhættu og þynningaráhættu að því er varðar alla starfsemi þeirra, að undanskildum veltubókarliðum og torseljanlegum eignum ef þær eru dregnar frá eigin fé samkvæmt d-lið 2. mgr. 13. gr. tilskipunar 2006/49/EB,

b) eiginfjárkrafna sem eru ákvarðaðar í samræmi við 18. gr. og 4. þátt V. kafla tilskipunar 2006/49/EB, að því er varðar veltubókarliði, vegna stöðuáhættu, uppgjörsáhættu og mótaðilaáhættu og, að svo miklu leyti sem heimilt er að fara yfir mörkin sem mælt er fyrir um í 111. og 117. gr., vegna stórra áhættuskuldbindinga sem fara yfir slík mörk,

c) að því er varðar alla starfsemi þeirra, vegna gengisáhættu og hrávöruáhættu, eiginfjárkröfur skilgreindar í samræmi við 18. gr. í tilskipun 2006/49/EB, og

d) eiginfjárkrafna sem eru ákvarðaðar í samræmi við 4. þátt, að því er varðar alla starfsemi þeirra, vegna rekstraráhættu.

3. þáttur

Lágmarkskröfur um eigið fé vegna útlánaáhættu

76. gr.

Lánastofnanir skulu annaðhvort beita staðalaðferð sem kveðið er á um í 78.–83. gr. eða, ef lögbær yfirvöld heimila það í samræmi við 84. gr., innramatsaðferð sem kveðið er á um í 84.–89. gr. til að reikna út fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga að því er varðar a-lið 75. gr.

77. gr.

„Áhættuskuldbinding/-krafa“ er í þessum þætti eign eða liður utan efnahagsreiknings.

1. undirþáttur

Staðalaðferð

78. gr.

1. Með fyrirvara um 2. mgr., skal virði áhættuskuldbindingar eignaliðar vera virði hans í efnahagsreikningi og virði áhættuskuldbindingar liðar utan efnahagsreiknings sem er skráður í II. viðauka skal vera eftirfarandi hlutfall af virði hans: Það skal vera 100% ef það er liður með mikla áhættu, 50% ef það er liður með miðlungsáhættu, 20% ef það er liður með miðlungs-/litla áhættu, 0% ef það er liður með litla áhættu. Liðum þeim utan efnahagsreiknings, sem um getur í fyrsta málslið þessarar málsgreinar skal skipað í áhættuflokka eins og tilgreint er í II. viðauka. Þegar um er að ræða lánastofnun sem notar heildaraðferð fjárhagslegra trygginga (e. Financial Collateral Comprehensive Method) skv. 3. hluta VIII. viðauka, þar sem áhættuskuldbindingin tekur á sig mynd verðbréfa eða hrávöru sem er seld, lögð fram sem trygging eða lánuð í tengslum við endurhverf viðskipti eða í tengslum við verðbréfa- eða hrávörulánveitingu eða verðbréfa- eða hrávörulántöku og viðbótarlánveitinga vegna kaupa/sölu verðbréfa, skal auka virði áhættuskuldbindingarinnar með því að jafna flökt með þeim hætti sem er við hæfi fyrir slík verðbréf eða hrávörur, eins og mælt er fyrir um í 34.–59. lið í 3. hluta VIII. viðauka.

2. Virði áhættuskuldbindingar afleiðugernings sem skráður er í IV. viðauka skal ákvarðast í samræmi við III. viðauka, að teknu tilliti til áhrifa samninga um skuldskeytingu og annarra skuldajöfnunarsamninga að því er varðar þær aðferðir í samræmi við III. viðauka. Virði áhættuskuldbindinga endurhverfra viðskipta, verðbréfa- eða hrávörulánveitinga eða verðbréfa- eða hrávörulántöku, langra samninga með afhendingu og viðbótarlánveitinga vegna kaupa/sölu verðbréfa má ákvarða í samræmi við annaðhvort III. eða VIII. viðauka.

3. Ef áhætta er háð fjármagnaðri útlánavörn má breyta virði áhættuskuldbindingarinnar fyrir þann lið í samræmi við 3. undirþátt.

4. Þrátt fyrir 2. mgr. skal virði áhættuskuldbindingar útistandandi útlánaáhættu, eins og það er ákvarðað af lögbærum yfirvöldum, gagnvart milligönguaðila ákvarðað í samræmi við 6. lið 2. hluta III. viðauka, að því tilskildu að áhættuskuldbindingar mótaðilaáhættu milligönguaðilans gagnvart öllum þátttakendum í tilhögun hans séu að fullu tryggðar á degi hverjum.

79. gr.

1. Skrá skal hverja áhættuskuldbindingu í einn eftirfarandi flokk áhættuskuldbindinga:

a) kröfur eða ábyrgðarkröfur á ríkisstjórnir eða seðlabanka,

b) kröfur eða ábyrgðarkröfur á héraðsstjórnir eða staðaryfirvöld,

c) kröfur eða ábyrgðarkröfur á stjórnsýsluaðila og félög sem eru ekki rekin í hagnaðarskyni,

d) kröfur eða ábyrgðarkröfur á fjölþjóðlega þróunarbanka,

e) kröfur eða ábyrgðarkröfur á alþjóðastofnanir,

f) kröfur eða ábyrgðarkröfur á stofnanir,

g) kröfur eða ábyrgðarkröfur á fyrirtæki,

h) kröfur eða ábyrgðarkröfur á smásöluviðskiptavini,

i) kröfur eða ábyrgðarkröfur tryggðar með fasteignaveði,

j) liðir í vanskilum,

k) liðir í háum áhættuflokkum,

l) kröfur í formi sértryggðra skuldabréfa,

m) verðbréfaðar stöður,

n) skammtímakröfur á stofnanir og fyrirtæki,

o) kröfur í formi hlutdeildar í sjóði um sameiginlega fjárfestingu („CIU“), eða p) aðrir liðir.

2. Til þess að áhættuskuldbinding geti talist til flokks smásöluáhættuskuldbindinga, sem um getur í h-lið 1. mgr., skal hún uppfylla eftirfarandi skilyrði:

a) áhættukrafan skal annaðhvort vera á einstakling eða einstaklinga, eða lítið eða meðalstórt fyrirtæki,

b) áhættukrafan skal vera ein margra áhættukrafna með svipuð einkenni þannig að verulega sé dregið úr áhættunni sem tengist slíkum lánum og

c) heildarfjárhæðin sem viðkomandi viðskiptavinur eða hópur tengdra viðskiptavina skuldar lánastofnuninni og móðurfyrirtækinu og dótturfyrirtækjum þess, þ.m.t. allar áhættuskuldbindingar í vanskilum, að frátöldum kröfum eða ábyrgðarkröfum tryggðum með veði í íbúðarhúsnæði, skal ekki, svo lánastofnuninni sé kunnugt um, fara yfir 1 milljón evra. Lánastofnunin skal grípa til raunhæfra ráðstafana til að afla sér þessarar vitneskju.

Verðbréf skulu ekki geta talist til flokks smásöluáhættuskuldbindinga.

3) Núvirði lágmarksleigugreiðslna á smásölumarkaði má setja í flokk smásöluáhættuskuldbindinga.

80. gr.

1. Við útreikning á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga skal beita áhættuvog á allar áhættuskuldbindingar, nema þær séu dregnar frá eigin fé, í samræmi við ákvæði 1. hluta VI. viðauka. Notkun áhættuvogar skal byggjast á þeim flokki áhættuskuldbindinga sem áhættuskuldbinding fellur í og, að því marki sem tilgreint er í 1. hluta VI. viðauka, lánshæfisgæðum hennar. Unnt er að ákvarða lánshæfisgæði með tilvísan í lánshæfismat utanaðkomandi lánshæfismatsstofnana („ECAI“) í samræmi við ákvæði 81.–83. gr. eða í lánshæfismat útflutningslánastofnana, eins og þeim er lýst í 1. hluta VI. viðauka.

2. Við notkun áhættuvogar, eins og um getur í 1. mgr., skal virði áhættuskuldbindingarinnar margfaldað með þeirri áhættuvog sem er tilgreind eða ákvörðuð í samræmi við þennan undirþátt.

3. Við útreikning á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga vegna áhættukrafna á stofnanir skulu aðildarríkin ákveða hvort taka eigi upp aðferðina sem byggist á lánshæfisgæðum ríkisstjórnar þess lands þar sem stofnunin hefur réttarstöðu lögaðila eða aðferðina sem byggist á lánshæfisgæðum mótaðilastofnunar í samræmi við VI. viðauka.

4. Þegar áhættuskuldbinding er háð útlánavörn má, þrátt fyrir 1. mgr., breyta áhættuvoginni fyrir þann lið í samræmi við 3. undirþátt.

5. Fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga vegna verðbréfaðra áhættuskuldbindinga skulu reiknaðar út í samræmi við 4. undirþátt.

6. Áhættuskuldbindingar, sem í þessum undirþætti er ekki kveðið á um útreikning áhættuveginna fjárhæða fyrir, skulu fá áhættuvogina 100%.

7. Að undanskildum áhættuskuldbindingum sem leiða til skuldbindinga í formi liðanna sem um getur í a- til h-lið 57. gr. geta lögbær yfirvöld undanþegið áhættukröfur lánastofnunar á mótaðila, sem er móðurfyrirtæki hennar, dótturfyrirtæki hennar, dótturfyrirtæki móðurfyrirtækis hennar eða tengt fyrirtæki í skilningi 1. mgr. 12. gr. tilskipunar 83/349/EBE, frá kröfunum í 1. mgr. þessarar greinar, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) að mótaðilinn sé stofnun eða eignarhaldsfélag á fjármálasviði, fjármálastofnun, eignastýringarfyrirtæki eða stoðþjónustufyrirtæki sem er háð viðeigandi varfærniskröfum,

b) að mótaðilinn sé að fullu hluti af sömu samstæðu og lánastofnunin,

c) að mótaðilinn sé háður sama áhættumati, mats- og eftirlistaðferðum og lánastofnunin,

d) að mótaðilinn hafi staðfestu í sama aðildarríki og lánastofnunin og e) að ekki séu til staðar eða fyrirséðar neinar verulegar hömlur, lagalegar eða aðrar, á skjótri yfirfærslu á eigin fé eða endurgreiðslu skuldbindinga frá mótaðilanum til lánastofnunarinnar.

Í slíku tilviki skal áhættuvog vera 0%.

8. Að undanskildum áhættuskuldbindingum sem leiða til skuldbindinga í formi liðanna sem um getur í a- til h-lið 57. gr. geta lögbær yfirvöld undanþegið áhættukröfur á mótaðila sem eru aðilar að sama stofnanaverndarkerfi og lánastofnunin sem hefur lánað, frá kröfum 1. mgr. þessarar greinar, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) að farið sé að kröfunum sem settar eru fram í a-, d- og e-lið í 7. mgr.,

b) að lánastofnunin og mótaðilinn hafi gert samkomulag um samningsbundna eða lögboðna bótaábyrgð sem verndar þær stofnanir og tryggir þó einkum greiðsluhæfi þeirra og gjaldhæfi til að komast hjá gjaldþroti ef það reynist nauðsynlegt (hér að neðan kallað stofnanaverndarkerfi),

c) að samkomulagið tryggi að stofnanaverndarkerfið geti veitt nauðsynlegan stuðning, í samræmi við skuldbindingar sínar, með fjármunum sem það hefur greiðan aðgang að,

d) að stofnanaverndarkerfið hafi til umráða viðeigandi og samræmd kerfi til að hafa eftirlit með og flokka áhættu (sem veita heildaryfirsýn yfir áhættuaðstæður allra einstakra aðila og stofnanaverndarkerfisins í heild) með samsvarandi möguleikum til að bregðast við; þau kerfi skulu á viðeigandi hátt fylgjast með áhættuskuldbindingum í vanskilum í samræmi við 44. lið 4. hluta VII. viðauka,

e) að stofnanaverndarkerfið framkvæmi sína eigin úttekt á áhættu sem er tilkynnt einstökum aðilum,

f) að stofnanaverndarkerfið geri og birti árlega annaðhvort samstæðuskýrslu sem samanstendur af efnahagsreikningi, rekstrarreikningi, stöðuskýrslu og áhættuskýrslu varðandi stofnanaverndarkerfið í heild sinni, eða skýrslu sem samanstendur af samanlögðum efnahagsreikningi, samanlögðum rekstrarreikningi, stöðuskýrslu og áhættuskýrslu, varðandi stofnanaverndarkerfið í heild sinni,

g) að aðilum stofnanaverndarkerfisins sé skylt að tilkynna með a.m.k. 24 mánaða fyrirvara ef þeir óska eftir því að binda enda á samkomulagið,

h) að komið sé í veg fyrir margnotkun liða sem nota má við útreikning á eigin fé („margnotkun eiginfjárliða“) sem og óviðeigandi eiginfjármyndun milli aðila stofnanaverndarkerfisins,

i) að stofnanaverndarkerfið skuli byggjast á breiðri aðild lánastofnana sem að mestu stunda einsleita starfsemi og

j) að viðeigandi lögbær yfirvöld samþykki og fylgist með reglulegu millibili með því að kerfin sem um getur í d-lið séu fullnægjandi.

Í slíku tilviki skal áhættuvog vera 0 %.

81. gr.

1. Eingöngu má nota utanaðkomandi lánshæfismat til að ákvarða áhættuvog áhættuskuldbindingar í samræmi við 80. gr. ef utanaðkomandi lánshæfismatsstofnun sem leggur það fram hefur hlotið til þess viðurkenningu lögbærra yfirvalda („viðurkennd utanaðkomandi lánshæfismatsstofnun“ að því er varðar þennan undirþátt).

2. Lögbær yfirvöld skulu því aðeins viðurkenna utanaðkomandi lánshæfismatsstofnun, að því er varðar 80. gr., að þau séu þess fullviss að matsaðferð hennar fari að kröfum um hlutlægni, sjálfstæði, stöðuga endurskoðun og gagnsæi og að lánshæfismatið sem leiðir þar af uppfylli kröfur um trúverðugleika og gagnsæi. Lögbær yfirvöld skulu, að því er þetta varðar, taka tillit til tæknilegra viðmiðana sem eru sett fram í 2. hluta VI. viðauka.

3. Ef lögbær yfirvöld í aðildarríki hafa viðurkennt utanaðkomandi lánshæfismatsstofnun geta lögbær yfirvöld í öðrum aðildarríkjum viðurkennt þá utanaðkomandi lánshæfismatsstofnun án þess að framkvæma sitt eigið mat.

4. Lögbær yfirvöld skulu gera almenningi aðgengilegar skýringar á viðurkenningarferlinu og skrá yfir viðurkenndar utanaðkomandi lánshæfismatsstofnanir.

82. gr.

1. Lögbær yfirvöld skulu ákvarða, að teknu tilliti til þeirra tæknilegu viðmiðana sem settar eru fram í 2. hluta VI. viðauka, hvaða lánshæfisþrepum sem eru sett fram í 1. hluta þess viðauka viðeigandi lánshæfismat viðurkenndrar utanaðkomandi lánshæfismatsstofnunar á að tengjast. Þær ákvarðanir skulu vera hlutlægar og sjálfum sér samkvæmar.

2. Þegar lögbær yfirvöld aðildarríkis hafa tekið ákvörðun skv. 1. mgr. geta lögbær yfirvöld annarra aðildarríkja viðurkennt þá ákvörðun án þess að fara í gegnum eigið ákvörðunarferli.

83. gr.

1. Notkun á lánshæfismati utanaðkomandi lánshæfismatsstofnunar vegna útreikninga á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga lánastofnunar skal vera sjálfri sér samkvæm og í samræmi við 3. hluta VI. viðauka. Ekki skal nota lánshæfismat á valvísan hátt.

2. Lánastofnanir skulu nota umbeðið lánshæfismat. Hins vegar geta þær notað óumbeðið mat, með leyfi viðkomandi lögbærra yfirvalda.

2. undirþáttur

Innramatsaðferð

84. gr.

1. Í samræmi við þennan undirþátt geta lögbær yfirvöld heimilað lánastofnunum að reikna út fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga sinna með innramatsaðferð („IRB-aðferð“). Farið skal fram á sérstaka heimild fyrir sérhverja lánastofnun.

2. Heimild skal því aðeins veitt að lögbær yfirvöld séu þess fullviss að kerfi lánastofnunarinnar til að stjórna og meta útlánaáhættu séu skilvirk og þeim beitt af heilindum og einkum að þau uppfylli eftirfarandi skilyrði í samræmi við 4. hluta VII. viðauka:

a) að matskerfi lánastofnunarinnar veiti markvisst mat á eiginleikum loforðsgjafans og viðskiptanna, markvissa aðgreiningu á áhættu og nákvæmt og samræmt megindlegt mat á áhættu,

b) að innra mat og mat á vanskilum og tapi, sem er notað við útreikninga á eiginfjárkröfum og í tengdum kerfum og ferlum, gegni mikilvægu hlutverki við áhættustjórnun og ákvarðanatöku, sem og við samþykkt lána, ráðstöfun eigin fjár og stjórnarhætti lánastofnunarinnar,

c) að í lánastofnuninni sé deild útlánaáhættustýringar sem beri ábyrgð á matskerfunum og sé nægjanlega sjálfstæð og laus við ótilhlýðileg áhrif,

d) að lánastofnunin safni saman og geymi öll viðkomandi gögn til að styðja á skilvirkan hátt við mat og stjórnun á útlánaáhættu og

e) að lánastofnun haldi skrár yfir matskerfi sín og forsendur fyrir hönnun þeirra og staðfesti matskerfi sín.

Ef móðurlánastofnun í Evrópusambandinu og dótturfyrirtæki hennar eða móðureignarhaldsfélag í fjármálarekstri í Evrópusambandinu og dótturfyrirtæki þess nota innramatsaðferð á sameiginlegum grundvelli, geta lögbær yfirvöld heimilað að móðurfyrirtæki og dótturfélög þess uppfylli í sameiningu lágmarkskröfurnar í 4. hluta VII. viðauka.

3. Lánastofnun sem sækir um að fá að nota innramatsaðferðina skal sýna fram á að hún hafi, fyrir viðkomandi flokka áhættuskuldbindinga innramatsaðferðarinnar, notað kerfi sem voru að mestu í samræmi við lágmarkskröfurnar sem settar eru fram í 4. hluta VII. viðauka vegna innra áhættumats og -stjórnunar í a.m.k. þrjú ár áður en hún uppfyllir skilyrði til að nota innramatsaðferðina.

4. Lánastofnun sem sækir um að fá að nota eigið mat á tapi að gefnum vanefndum og/eða breytistuðlum skal sýna fram á að hún hafi metið og notað eigið mat á tapi að gefnum vanefndum og/eða breytistuðlum á þann hátt sem var að mestu í samræmi við þær lágmarkskröfur um notkun á eigin mati á þeim breytum, sem settar eru fram í 4. hluta VII. viðauka, í a.m.k. þrjú ár áður en henni er heimilað að nota eigið mat á tapi að gefnum vanefndum og/eða breytistuðlum.

5. Ef lánastofnun fer ekki lengur að kröfunum sem settar eru fram í þessum undirþætti skal hún annaðhvort leggja áætlun um skjótar úrbætur fyrir lögbæra yfirvaldið eða sýna fram á að áhrifin af því að fara ekki að tilskildum ákvæðum séu óveruleg.

6. Ef móðurlánastofnun í Evrópusambandinu og dótturfyrirtæki hennar eða móðureignarhaldsfélag í fjármálarekstri í Evrópusambandinu og dótturfyrirtæki þess hyggjast nota innramatsaðferðina skulu lögbær yfirvöld mismunandi lögaðila vinna náið saman eins og kveðið er á um í 129.–132. gr.

85. gr.

1. Með fyrirvara um 89. gr. skulu lánastofnanir og sérhvert móðurfyrirtæki og dótturfyrirtæki þess, beita innramatsaðferðinni á allar áhættuskuldbindingar.

Með fyrirvara um samþykki lögbærra yfirvalda, má taka hana upp raðbundið eftir mismunandi flokkum áhættuskuldbindinga, sem um getur í 86. gr., innan sömu rekstrareiningar, hjá mismunandi rekstrareiningum innan sömu samstæðu eða vegna notkunar á eigin mati á tapi að gefnum vanefndum eða breytistuðlum vegna útreiknings á áhættuvog fyrir áhættukröfur á fyrirtæki, stofnanir, ríkisstjórnir og seðlabanka.

Að því er varðar flokk smásöluáhættuskuldbindinga, sem um getur í 86. gr., má taka innramatsaðferðina upp raðbundið eftir mismunandi flokkum áhættuskuldbindinga sem mismunandi fylgni í 10.–13. lið í 1. hluta VII. viðauka samsvarar.

2. Upptaka sú sem um getur í 1. mgr., skal fara fram innan hæfilega langs tíma sem samið verður um við lögbær yfirvöld. Hún skal fara fram samkvæmt ströngum skilyrðum sem ákvörðuð eru af lögbærum yfirvöldum. Þessi skilyrði skulu útfærð til að tryggja að sveigjanleikinn skv. 1. mgr. sé ekki notaður á valvísan hátt í þeim tilgangi að ná fram lægri lágmarkskröfum um eigið fé að því er varðar þá flokka áhættuskuldbindinga eða rekstrareiningar sem enn á eftir að fella undir innramatsaðferðina eða við notkun á eigin mati á tapi að gefnum vanefndum og/eða breytistuðlum.

3. Lánastofnanir sem nota innramatsaðferðina fyrir flokk áhættuskuldbindinga skulu samhliða nota innramatsaðferðina fyrir flokk hlutabréfaáhættu.

4. Með fyrirvara um 1.–3. mgr. þessarar greinar og 89. gr., skulu lánastofnanir sem hafa fengið heimild skv. 84. gr. til að nota innramatsaðferðina, ekki hverfa aftur til notkunar á 1. undirþætti vegna útreikninga á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga, nema að gefnu tilefni og með fyrirvara um samþykki lögbærra yfirvalda.

5. Með fyrirvara um 1. og 2. mgr. þessarar greinar og 89. gr., skulu lánastofnanir sem hafa fengið heimild skv. 9. mgr. 87. gr. til að nota eigið mat á tapi að gefnum vanefndum og breytingastuðlum, ekki hverfa aftur til notkunar á virði taps að gefnum vanefndum og breytistuðlum sem um getur í 8. mgr. 87. gr., nema að gefnu tilefni og með fyrirvara um samþykki lögbærra yfirvalda.

86. gr.

1. Skrá skal hverja áhættuskuldbindingu í einn eftirfarandi flokk áhættuskuldbindinga:

a) kröfur eða ábyrgðarkröfur á ríkisstjórnir og seðlabanka,

b) kröfur eða ábyrgðarkröfur á stofnanir,

c) kröfur eða ábyrgðarkröfur á fyrirtæki,

d) kröfur eða ábyrgðarkröfur á smásöluviðskiptavini,

e) hlutabréfastöður (e. equity claims),

f) verðbréfaðar stöður eða

g) aðrar eignir sem fela ekki í sér útlánaáhættu.

2. Farið skal með eftirfarandi áhættuskuldbindingar sem áhættukröfur á ríkisstjórnir og seðlabanka:

a) áhættukröfur á héraðsstjórnir, staðaryfirvöld eða opinbera aðila sem farið er með sem áhættukröfur á ríkisstjórnir skv. 1. undirþætti, og

b) áhættukröfur á fjölþjóðlega þróunarbanka og alþjóðlegar stofnanir sem hafa 0% áhættuvog skv. 1. undirþætti.

3. Farið skal með eftirfarandi áhættuskuldbindingar sem áhættukröfur á stofnanir:

a) áhættukröfur á héraðsstjórnir og staðaryfirvöld sem ekki er farið með sem áhættukröfur á ríkisstjórnir skv. 1. undirþætti,

b) áhættukröfur á opinber fyrirtæki og stofnanir, sem farið er með sem áhættukröfur á stofnanir skv. 1. undirþætti og

c) áhættukröfur á fjölþjóðlega þróunarbanka sem ekki hafa áhættuvog 0% skv. 1. undirþætti.

4. Til þess að áhættukröfur geti talist til flokks smásöluáhættuskuldbindinga, sem um getur í d-lið 1. mgr., skulu þær uppfylla eftirfarandi skilyrði:

a) að þær séu annaðhvort kröfur á einstakling eða einstaklinga, eða lítil eða meðalstór fyrirtæki að því tilskildu, í síðarnefnda tilvikinu, að heildarfjárhæðin sem viðskiptavinur eða hópur tengdra viðskiptavina skuldar lánastofnuninni og móðurfyrirtækinu og dótturfyrirtækjum þess, þ.m.t. allar áhættukröfur sem eru komnar í vanskil en að frátöldum kröfum eða ábyrgðarkröfum tryggðum með veði í íbúðarhúsnæði, skuli ekki, svo lánastofnuninni sé kunnugt um, fara yfir 1 milljón evra og skal lánastofnunin hafa gert skynsamlegar ráðstafanir til að ganga úr skugga um að svo sé,

b) að í áhættustýringu sinni fari lánastofnunin með þær með samræmdum hætti til lengri tíma litið,

c) að þeim sé ekki stýrt í jafn miklum mæli hverri fyrir sig og áhættukröfum í flokki áhættuskuldbindinga fyrirtækja og

d) að hver þeirra sé hluti verulegs fjölda áhættukrafna sem stýrt er á sambærilegan hátt.

Núvirði lágmarksleigugreiðslna á smásölumarkaði má setja í flokk smásöluáhættuskuldbindinga.

5. Eftirfarandi áhættuskuldbindingar skulu flokkaðar sem hlutabréfaáhætta:

a) áhættuskuldbindingar sem ekki teljast lán og eru víkjandi, eftirstæðar kröfur á eignir eða tekjur útgefanda og

b) áhættuskuldbindingar sem teljast útlán og hafa efnahagsleg einkenni líkt og áhættuskuldbindingar sem tilgreindar eru í a-lið.

6. Lánastofnanir skulu, innan flokks áhættuskuldbindinga fyrirtækja, greina sérstaklega sem sértækar lánaáhættuskuldbindingar þær áhættuskuldbindingar sem hafa eftirfarandi einkenni:

a) áhættukrafan er á einingu sem var stofnuð sérstaklega til að fjármagna og/eða starfrækja efnislegar eignir,

b) samningsákvæðin veita lánveitanda veruleg yfirráð yfir eignunum og tekjunum sem þær gefa af sér og

c) meginuppspretta endurgreiðslu skuldbindingarinnar er þær tekjur sem hinar fjármögnuðu eignir gefa af sér, fremur en sjálfstæð endurgreiðslugeta atvinnufyrirtækis á breiðum grunni.

7. Lánaskuldbinding sem ekki er sett í flokka áhættuskuldbindinga sem um getur í a-, b- og d- til f-lið 1. mgr. skal sett í flokk áhættuskuldbindinga sem um getur í c-lið þeirrar málsgreinar.

8. Flokkur áhættuskuldbindinga sem um getur í g-lið 1. mgr. skal ná yfir hrakvirði leigðra eigna ef það er ekki innifalið í áhættuskuldbindingu vegna leigunnar eins og hún er skilgreind í 4. mgr. 3. hluta VII. viðauka.

9. Aðferðin sem lánastofnun notar til að skipa áhættuskuldbindingum í mismunandi flokka áhættuskuldbindinga skal vera viðeigandi og sjálfri sér samkvæm frá einum tíma til annars.

87. gr.

1. Fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga vegna útlánaáhættu að því er varðar áhættuskuldbindingar sem heyra undir einn flokk áhættuskuldbindinga sem um getur í a- til e-lið eða g-lið 1. mgr. 86. mgr. skulu, nema þegar þær eru dregnar frá eigin fé, vera reiknaðar út í samræmi við 1.–27. lið í 1. hluta VII. viðauka.

2. Fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga vegna þynningaráhættu að því er varðar keyptar viðskiptakröfur skulu reiknaðar út í samræmi við 28. lið í 1. hluta VII. viðauka. Ef lánastofnun hefur fullan endurkröfurétt, að því er varðar keyptar viðskiptakröfur, vegna vanskilaáhættu og vegna þynningaráhættu, þarf ekki að beita ákvæðum 87. og 88. gr. að því er varðar keyptar viðskiptakröfur. Þess í stað má fara með áhættuskuldbindinguna sem veðtryggða áhættuskuldbindingu.

3. Útreikningur á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga vegna útlánaáhættu og þynningaráhættu skal byggjast á viðeigandi breytum sem eru tengdar áhættuskuldbindingunni sem um ræðir. Þær skulu ná yfir líkur á vanefndum (PD), tap að gefnum vanefndum, gjalddaga (M) og virði áhættuskuldbindingarinnar. Líkur á vanefndum og tap að gefnum vanefndum má meta sér eða saman, í samræmi við 2. hluta VII. viðauka.

4. Þrátt fyrir 3. mgr. skal útreikningur á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga vegna útlánaáhættu að því er varðar allar áhættuskuldbindingar sem tilheyra flokki áhættuskuldbindinga sem um getur í e-lið 1. mgr. 86. gr. gerður í samræmi við 17.–26. lið í 1. hluta VII. viðauka, með fyrirvara um samþykki lögbærra yfirvalda. Lögbær yfirvöld skulu einungis leyfa lánastofnun að nota aðferðina sem sett er fram í 25. og 26. lið í 1. hluta VII. viðauka ef lánastofnunin uppfyllir lágmarkskröfurnar sem settar eru fram í 115.–123. lið í 4. hluta VII. viðauka.

5. Þrátt fyrir 3. mgr. má reikna út fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga vegna útlánaáhættu að því er varðar sértækar lánaáhættuskuldbindingar í samræmi við 6. lið í 1. hluta VII. viðauka. Lögbær yfirvöld skulu birta leiðbeiningar um það hvernig lánastofnanir skulu úthluta áhættuvog til sértækra lánaáhættuskuldbindinga skv. 6. lið í 1. hluta VII. viðauka og skulu samþykkja úthlutunaraðferðir lánastofnana.

6. Lánastofnanir skulu leggja fram eigið mat á líkum á vanefndum í samræmi við 84. gr. og 4. hluta VII. viðauka að því er varðar áhættuskuldbindingar sem tilheyra flokkum áhættuskuldbindinga sem um getur í a- til d-lið í 1. mgr. 86. gr.

7. Lánastofnanir skulu leggja fram eigið mat á tapi að gefnum vanefndum og breytistuðlum í samræmi við 84. gr. og 4. hluta VII. viðauka að því er varðar áhættuskuldbindingar sem tilheyra flokki áhættuskuldbindinga sem um getur í d-lið í 1. mgr. 86. gr.

8. Lánastofnanir skulu nota virði taps að gefnum vanefndum sem er sett fram í 8. lið í 2. hluta VII. viðauka og breytistuðlana sem eru settir fram í a- til d-lið 9. liðar í 3. hluta VII. viðauka, að því er varðar áhættuskuldbindingar sem tilheyra flokki áhættuskuldbindinga sem um getur í a- til c-lið 1. mgr. 86. gr.

9. Þrátt fyrir 8. mgr. geta lögbær yfirvöld heimilað lánastofnunum að nota eigið mat á tapi að gefnum vanefndum og breytistuðla í samræmi við 84. gr. og 4. hluta VII. viðauka að því er varðar allar áhættuskuldbindingar sem tilheyra flokkum áhættuskuldbindinga sem um getur í a- til c-lið 1. mgr. 86. gr.

10. Fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga að því er varðar verðbréfaðar áhættuskuldbindingar og áhættuskuldbindingar sem tilheyra flokki áhættuskuldbindinga sem um getur í f-lið 1. mgr. 86. gr. skulu reiknaðar út í samræmi við 4. undirþátt.

11. Ef áhættuskuldbindingar í formi hlutdeildar í sjóði um sameiginlega fjárfestingu uppfylla viðmiðanir, sem eru settar fram í 77. og 78. lið í 1. hluta VI. viðauka, og lánastofnunin gerir sér grein fyrir öllum undirliggjandi áhættuskuldbindingum fyrirtækisins um sameiginlega fjárfestingu skal lánastofnunin skoða þessar undirliggjandi áhættuskuldbindingar vel við útreikning á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga og á fjárhæðum vænts taps í samræmi við aðferðirnar sem eru settar fram í þessum undirþætti Ef lánastofnunin uppfyllir ekki skilyrðin fyrir notkun aðferðanna sem eru settar fram í þessum undirþætti skal reikna út fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga og fjárhæðir vænts taps í samræmi við eftirfarandi aðferðir:

a) aðferðina sem er sett fram í 19.–21. lið í 1. hluta VII. viðauka, að því er varðar áhættuskuldbindingar sem tilheyra flokkum áhættuskuldbindinga sem um getur í e-lið 1. mgr. 86. gr. Ef lánastofnunin, að því er þetta varðar, getur ekki gert greinamun á áhættuskuldbindingum vegna óskráðra hlutabréfa (e. private equity), áhættuskuldbindingum sem viðskipti eru með á skipulegum verðbréfamarkaði og öðrum áhættuskuldbindingum vegna hlutabréfa, skal hún fara með áhættuskuldbindingarnar, sem um ræðir, sem aðra hlutabréfaáhættu,

b) aðferðina sem er sett fram í 1. undirþætti, að því er varðar allar aðrar undirliggjandi áhættuskuldbindingar, með fyrirvara um eftirfarandi breytingar:

   i. áhættuskuldbindingarnar eru settar í viðeigandi flokk áhættuskuldbindinga og þeim fengin áhættuvog þess lánshæfisþreps sem er næst fyrir ofan það lánshæfisþrep sem áhættuskuldbindingarnar myndu alla jafna vera settar í og

ii. áhættuskuldbindingar sem eru settar í hærri lánshæfisþrep og fengju alla jafna áhættuvog 150% fá áhættuvog 200%.

12. Ef áhættuskuldbindingar í formi hlutdeildar í sjóði um sameiginlega fjárfestingu uppfylla ekki viðmiðanirnar sem eru settar fram í 77. og 78. lið í 1. hluta VI. viðauka eða lánastofnuninni er ekki kunnugt um allar undirliggjandi áhættuskuldbindingar fyrirtækisins um sameiginlega fjárfestingu, skal lánastofnunin skoða undirliggjandi áhættuskuldbindingar vel og reikna út fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga og fjárhæðir vænts taps í samræmi við aðferðina sem er sett fram í 19.–21. lið í 1. hluta VII. viðauka. Ef lánastofnunin, að því er þetta varðar, getur ekki gert greinamun á áhættuskuldbindingum vegna óskráðra hlutabréfa (e. private equity), áhættuskuldbindingum sem viðskipti eru með á skipulegum verðbréfamarkaði og öðrum áhættuskuldbindingum vegna hlutabréfa, skal hún fara með áhættuskuldbindingarnar, sem um ræðir, sem aðra hlutabréfaáhættu. Í þessum tilgangi eru áhættuskuldbindingar sem eru ekki vegna hlutabréfa settar í einn flokkanna (óskráð hlutabréf, hlutabréf sem viðskipti eru með á skipulegum verðbréfamarkaði eða önnur hlutabréf) sem eru settir fram í 19. lið í 1. hluta VII. viðauka og óþekktar áhættuskuldbindingar eru færðar í flokkinn önnur hlutabréfaáhætta.

Í stað þess að nota aðferðina sem er lýst hér að ofan, geta lánastofnanir sjálfar reiknað út eða fengið þriðja aðila til að reikna út og tilkynna um meðaltalsfjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga sem byggjast á undirliggjandi áhættuskuldbindingum sjóðs um sameiginlega fjárfestingu, í samræmi við eftirfarandi aðferðir, að því tilskildu að tryggt sé á fullnægjandi hátt að útreikningarnir og tilkynningin séu rétt:

a) aðferðina sem er sett fram í 19.–21. lið í 1. hluta VII. viðauka, að því er varðar áhættuskuldbindingar sem tilheyra flokkum áhættuskuldbindinga sem um getur í e-lið 1. mgr. 86. gr. Ef lánastofnunin, að því er þetta varðar, getur ekki gert greinamun á áhættuskuldbindingum vegna óskráðra hlutabréfa (e. private equity), áhættuskuldbindingum sem viðskipti eru með á skipulegum verðbréfamarkaði og öðrum áhættuskuldbindingum vegna hlutabréfa, skal hún fara með áhættuskuldbindingarnar, sem um ræðir, sem aðra hlutabréfaáhættu, eða

b) aðferðina sem er sett fram í 1. undirþætti, að því er varðar allar aðrar undirliggjandi áhættuskuldbindingar, með fyrirvara um eftirfarandi breytingar:

   i. áhættuskuldbindingarnar eru settar í viðeigandi flokk áhættuskuldbindinga og þeim fengin áhættuvog þess lánshæfisþreps sem er næst fyrir ofan það lánshæfisgæðaþrep sem áhættuskuldbindingarnar myndu alla jafna vera settar í og

   ii. áhættuskuldbindingar sem eru settar í hærri lánshæfisþrep og fengju alla jafna áhættuvog 150% fá áhættuvog 200%.

88. gr.

1. Fjárhæðir vænts taps vegna áhættuskuldbindinga sem tilheyra einum flokki áhættuskuldbindinga sem um getur í a- til e-lið 1. mgr. 86. mgr. skulu reiknaðar út í samræmi við aðferðirnar sem eru settar fram í 29.–35. lið í 1. hluta VII. viðauka.

2. Útreikningur á fjárhæðum vænts taps, í samræmi við 29.–35. lið í 1. hluta VII. viðauka skal byggjast á sömu gildum fyrir líkur á vanefndum, tapi að gefnum vanefndum og virði áhættuskuldbindingar fyrir hverja áhættuskuldbindingu og er notað við útreikning á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga í samræmi við 87. gr. Að því er varðar áhættuskuldbindingar í vanskilum skal vænt tap („EL“), ef lánastofnanir nota eigið mat á tapi að gefnum vanefndum, vera besta mat lánastofnunar á væntu tapi („ELBE “) vegna áhættuskuldbindinga í vanskilum, í samræmi við 80. lið í 4. hluta VII. viðauka.

3. Fjárhæðir vænts taps vegna verðbréfaðra áhættuskuldbindinga skulu reiknaðar út í samræmi við 4. undirþátt.

4. Fjárhæð vænts taps vegna áhættuskuldbindinga sem tilheyra flokki áhættuskuldbindinga sem um getur í g-lið 1. mgr. 86. gr. skal vera núll.

5. Fjárhæðir vænts taps vegna þynningaráhættu keyptra viðskiptakrafna skulu reiknaðar út í samræmi við aðferðirnar sem eru settar fram í 35. lið í 1. hluta VII. viðauka.

6. Fjárhæðir vænts taps vegna áhættuskuldbindinga sem um getur í 11. og 12. mgr. 87. gr. skulu reiknaðar út í samræmi við aðferðirnar sem eru settar fram í 29.–35. lið í 1. hluta VII. viðauka.

89. gr.

1. Með fyrirvara um samþykki lögbærra yfirvalda geta lánastofnanir, sem er heimilt að nota innramatsaðferðina við útreikninga á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga og fjárhæðum vænts taps vegna eins eða fleiri flokka áhættuskuldbindinga beitt 1. undirþætti vegna eftirfarandi:

a) flokks áhættuskuldbindinga sem um getur í a-lið 1. mgr. 86. gr., ef mikilvægir mótaðilar eru það fáir að það yrði lánastofnuninni óþarflega íþyngjandi að koma á fót matskerfi fyrir þessa mótaðila,

b) flokks áhættuskuldbindinga sem um getur í b-lið 1. mgr. 86. gr., ef fjöldi mikilvægra mótaðila er takmarkaður og það væri óþarflega íþyngjandi fyrir lánastofnunina að hrinda í framkvæmd matskerfi fyrir þessa mótaðila,

c) áhættukrafna á rekstrareiningar sem eru ekki mikilvægar, svo og flokka áhættuskuldbindinga sem eru lítilvægir með tilliti til stærðar og skynjaðs áhættusniðs,

d) áhættukrafna á ríkisstjórn heimaaðildarríkis og héraðstjórnir hennar, staðaryfirvöld og stjórnsýsluaðila, að því tilskildu að:

   i. enginn áhættumunur sé á milli áhættukröfu á ríkisstjórnina og annarra þessarra krafna vegna sérstakra opinberra ráðstafana og

   ii. áhættukröfur á ríkisstjórnina séu með áhættuvog 0% skv. 1. undirþætti,

e) áhættukrafna lánastofnunar á mótaðila sem er móðurfyrirtæki hennar, dótturfyrirtæki hennar eða dótturfyrirtæki móðurfyrirtækis hennar, að því tilskildu að

mótaðilinn sé stofnun eða eignarhaldsfélag á fjármálasviði, fjármálastofnun, eignastýringarfélag eða stoðþjónustufyrirtæki sem lútir viðeigandi varfærniskröfum eða fyrirtæki með tengsl við annað í skilningi 1. mgr. 12. gr. tilskipunar 83/349/EBE og áhættukröfur á milli lánastofnana sem uppfylla skilyrðin sem eru sett fram í 8. mgr. 80. gr.,

f) hlutabréfa í aðilum sem hafa áhættuvog 0% skv. 1. undirþætti (þ.m.t. þá aðila með opinbera styrki þar sem heimilt er að nota 0% áhættuvog),

g) hlutabréfaáhættu sem stofnað er til með áætlun um lagasetningu til að efla tiltekin svið atvinnulífsins sem veita lánastofnuninni verulega styrki til fjárfestingarinnar og fela í sér einhvers konar opinbert eftirlit og takmarkanir á þeim hlutabréfafjárfestingum. Þessi undantekning takmarkast við samtölu 10% af upprunalegu eigin fé að viðbættu viðbótareiginfé,

h) áhættuskuldbindinga sem eru tilgreindar í 40. lið í 1. hluta VI. viðauka og uppfylla skilyrðin sem þar eru tilgreind eða

i) ríkisábyrgða og endurtryggðra ríkisábyrgða skv. 19. lið í 2. hluta VIII. viðauka.

Þessi málsgrein skal ekki koma í veg fyrir að lögbær yfirvöld annarra aðildarríkja heimili beitingu reglnanna í 1. undirþætti vegna hlutabréfaáhættu sem heimilað hefur verið að sæti þessari meðferð í öðrum aðildarríkjum.

2. Að því er varðar 1. mgr. skal flokkur hlutabréfaáhættu lánastofnunar vera talinn mikilvægur ef samanlagt virði þeirra, að frátalinni hlutabréfaáhættu sem stofnað er til með áætlun um lagasetningu eins og um getur í g-lið 1. mgr., er meira, að meðaltali á næstliðnu ári, en 10% af eigin fé lánastofnunarinnar. Ef þessi hlutabréfaáhætta er vegna færri en 10 einstakra eignarhlutdeilda, skulu þau viðmiðunarmörk vera 5% af eigin fé lánastofnunarinnar. 3. undirþáttur Mild undanþága áhættu *90. gr.* Að því er varðar þennan undirþátt skal „lánastofnun sem hefur lánað“ merkja lánastofnunina sem ber áhættuna sem um ræðir, hvort sem má rekja hana til útláns eða ekki.

91. gr.

Lánastofnanir sem nota staðalaðferðina skv. 78.–83. gr. eða nota innramatsaðferðina skv. 84.–89. gr. en nota ekki eigið mat á tapi að gefnum vanefndum og breytistuðlum skv. 87. og 88. gr., geta fært mildun útlánahættu í samræmi við þennan undirþátt við útreikning á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga að því er varðar a-lið 75. gr. eða, ef við á, fjárhæðum vænts taps að því er varðar útreikningana sem um getur í q-lið 57. gr. og 3. mgr. 63. gr.

92. gr.

1. Aðferðin sem notuð er til útlánavarnar, svo og aðgerðirnar og ráðstafanirnar sem gerðar eru og verklagið og stefnan sem lánastofnunin sem hefur lánað hrindir í framkvæmd, skal vera þannig að hún leiði til útlánavarna sem eru framfylgjanlegar samkvæmt lögum í viðkomandi lögsagnarumdæmum.

2. Lánastofnunin sem hefur lánað skal gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja skilvirkni útlánavarna og til að takast á við tengda áhættu.

3. Til að teljast hæfar til færslu skulu eignir sem eru til tryggingar, þegar um fjármagnaða útlánavörn er að ræða, vera nægjanlega seljanlegar og virði þeirra nægjanlega stöðugt til að veita viðeigandi vissu um útlánavörnina, með hliðsjón af aðferðinni við útreikning á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga og af því að hve miklu leyti færsla er leyfð. Hæfi skal takmarkast við eignir sem getið er í 1. hluta VIII. viðauka.

4. Þegar um fjármagnaða útlánavörn er að ræða, hefur lánastofnunin sem hefur lánað rétt til að selja tímanlega eða halda eftir eignum sem eru til tryggingar ef til vanefnda loforðsgjafans kemur, ógjaldfærni hans eða gjaldþrots,

— eða annars lánaatburðar sem er settur fram í viðskiptagögnunum

— og þar sem við á, vörslumanns tryggingarinnar. Viðeigandi fylgni skal vera milli virðis eignanna sem notaðar eru til varnar og lánshæfisgæða loforðsgjafans.

5. Til að teljast hæfur skal sá aðili sem veitir loforðið, þegar um ófjármagnaða útlánavörn er að ræða, vera nægjanlega áreiðanlegur til að veita viðeigandi vissu um útlánavörnina, með hliðsjón af aðferðinni við útreikning á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga og af því að hve miklu leyti færsla er leyfð, og samningurinn framfylgjanlegur samkvæmt lögum í viðkomandi lögsagnarumdæmum. Hæfi skal takmarkast við þá aðila sem veita útlánavörn og þær tegundir samninga sem eru settar fram í 1. hluta VIII. viðauka.

6. Fara skal að þeim lágmarkskröfum sem eru settar fram í 2. hluta VIII. viðauka

93. gr.

1. Ef farið er að kröfunum í 92. gr. má breyta útreikningi á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga og, eftir því sem við á, fjárhæðum vænts taps, í samræmi við 3.–6. hluta VIII. viðauka.

2. Engin áhættuskuldbinding sem tekist hefur að milda útlánaáhættu fyrir skal leiða til hærri fjárhæðar áhættuveginnar áhættuskuldbindingar eða vænts taps, en áhættuskuldbinding sem er að öðru leyti eins nema þar er ekki um mildun útlánaáhættu að ræða.

3. Ef tillit hefur þegar verið tekið til útlánavarna við útreikning á fjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar skv. 78.–83. gr. eða 84.–89. gr., eftir því sem við á, skal ekki fara eftir greinum þessa undirþáttar um útreikning á útlánavörn.

4. undirþáttur

Verðbréfun

94. gr.

Ef lánastofnun notar staðalaðferðina sem er sett fram í 78.–83. gr. við útreikning á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga vegna flokks áhættuskuldbindinga, sem verðbréfuðu áhættuskuldbindingarnar væru settar í skv. 79. gr., skal hún reikna út fjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar vegna verðbréfaðrar stöðu í samræmi við 1.–36. lið í 4. hluta IX. viðauka.

Í öllum öðrum tilvikum skal hún reikna út fjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar í samræmi við 1.–5. lið og 37.–76. lið í 4. hluta IX. viðauka.

95. gr.

1. Ef veruleg útlánaáhætta tengd verðbréfuðum áhættuskuldbindingum hefur verið flutt frá útgáfulánastofnun í samræmi við skilmálana í 2. hluta IX. viðauka, má sú lánastofnun:

a) þegar um hefðbundna verðbréfun er að ræða, undanskilja frá útreikningi sínum á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga og, eftir því sem við á, fjárhæðum vænts taps, þær áhættuskuldbindingar sem hún hefur verðbréfað og

b) þegar um gerviverðbréfun er að ræða, reikna út fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga og, eftir því sem við á, fjárhæðir vænts taps að því er varðar verðbréfaðar áhættuskuldbindingar í samræmi við 2. hluta IX. viðauka.

2. Ef 1. mgr. gildir skal útgáfulánastofnun reikna út fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga sem mælt er fyrir um í IX. viðauka fyrir þær stöður sem hún kann að hafa í verðbréfuninni.

Ef útgáfulánastofnuninni tekst ekki að flytja verulega útlánaáhættu í samræmi við 1. mgr., þarf hún ekki að reikna út fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga fyrir áhættuskuldbindingar sem hún kann að hafa í verðbréfuninni sem um ræðir.

96. gr.

1. Til að reikna út fjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar verðbréfaðrar stöðu, skal virði áhættuskuldbindingar stöðunnar fá áhættuvog, í samræmi við IX. viðauka, sem byggist á lánshæfisgæðum stöðunnar sem má ákvarða með vísan í lánshæfismat utanaðkomandi lánshæfismatsstofnunar eða á annan hátt, eins og er sett fram í IX. viðauka.

2. Ef um er að ræða stöðu í mismunandi lögum verðbréfunar skal líta á stöðu í hverju lagi sem sérstaka verðbréfaða stöðu. Þeir aðilar sem veita útlánavörn vegna verðbréfaðra staðna skulu taldir vera með stöður í þeirri verðbréfun. Verðbréfaðar stöður skulu ná yfir stöður í verðbréfun sem leiða af vaxta- eða gjaldmiðlaafleiðusamningum.

3. Ef verðbréfuð staða er háð fjármagnaðri eða ófjármagnaðri útlánavörn má breyta áhættuvoginni sem á að nota á þá stöðu í samræmi við 90.–93. gr., túlkaðar í tengslum við IX. viðauka.

4. Með fyrirvara um r-lið 57. gr. og 2. mgr. 66. gr. skal fjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar vera hluti af heildarfjárhæð áhættuveginna áhættuskuldbindinga lánastofnunarinnar, að því er varðar a-lið 75. gr.

97. gr.

1. Eingöngu má nota lánshæfismat frá utanaðkomandi lánshæfismatsstofnun til að ákvarða áhættuvog verðbréfaðrar stöðu í samræmi við 96. gr. ef lögbær yfirvöld hafa viðurkennt hæfi utanaðkomandi lánshæfismatsstofnunarinnar (hér á eftir nefnd „viðurkennd utanaðkomandi lánshæfismatsstofnun“).

2. Lögbær yfirvöld skulu eingöngu viðurkenna utanaðkomandi lánshæfismatsstofnun sem hæfa að því er varðar 1. mgr., ef þau eru sannfærð um að hún fari að kröfunum sem mælt er fyrir um í 81. gr., að teknu tilliti til tæknilegu viðmiðananna í 2. hluta VI. viðauka, og að hún hafi sýnt fram á að hún hafi kunnáttu á sviði verðbréfunar, sem unnt er að færa sönnur á með sterkri stöðu á markaði.

3. Ef lögbær yfirvöld í aðildarríki hafa viðurkennt utanaðkomandi lánshæfismatsstofnun að því er varðar 1. mgr. geta lögbær yfirvöld í öðrum aðildarríkjum viðurkennt þá utanaðkomandi lánshæfismatsstofnun sem hæfa til þeirra verka án þess að framkvæma sitt eigið mat.

4. Lögbær yfirvöld skulu birta útskýringu á viðurkenningarferlinu og skrá yfir viðurkenndar utanaðkomandi lánshæfismatsstofnanir.

5. Lánshæfismat viðurkenndrar utanaðkomandi lánshæfismatsstofnunar, sem á að nota að því er varðar 1. mgr., skal fara að meginreglum um trúverðugleika og gagnsæi eins og þær eru útfærðar í 3. hluta IX. viðauka.

98. gr.

1. Við beitingu áhættuvoga á verðbréfaðar stöður, skulu lögbær yfirvöld ákvarða hvaða lánshæfisþrepi, úr hópi þeirra sem sett eru fram í IX. viðauka, viðeigandi lánshæfismat viðurkenndrar utanaðkomandi lánshæfismatsstofnunar skuli tengjast. Þær ákvarðanir skulu vera hlutlægar og sjálfum sér samkvæmar.

2. Þegar lögbær yfirvöld aðildarríkis hafa tekið ákvörðun skv. 1. mgr. geta lögbær yfirvöld annarra aðildarríkja viðurkennt þá ákvörðun án þess að fara í gegnum eigið ákvörðunarferli.

99. gr.

Notkun á lánshæfismati utanaðkomandi lánshæfismatsstofnunar vegna útreikninga á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga lánastofnunar skv. 96. gr. skal vera sjálfri sér samkvæm og í samræmi við 3. hluta IX. viðauka. Ekki skal nota lánshæfismat á valvísan hátt.

100. gr.

1. Þegar um er að ræða verðbréfun hlaupandi áhættuskuldbindinga, með ákvæði um greiðslu afborgana fyrir gjalddaga, skal útgáfulánastofnunin reikna út, í samræmi við IX. viðauka, viðbótarfjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar að því er varðar hættuna á að útlánaáhætta hennar aukist í kjölfar þess að afborganir eru greiddar fyrir gjalddaga.

2. „Hlaupandi áhættuskuldbinding“ merkir í þessu sambandi áhættuskuldbindingu þar sem eftirstöðvum viðskiptavina er leyft að sveiflast á grundvelli ákvarðana þeirra um að taka lán og endurgreiða, innan umsaminna marka, og ákvæði um greiðslu afborgana fyrri gjalddaga merkir samningsákvæði þar sem þess er krafist að stöður fjárfesta verði innleystar fyrir upphaflegan gjalddaga útgefinna verðbréfa, ef skilgreindir atburðir eiga sér stað.

101. gr.

1. Útgáfulánastofnun sem hefur, að því er varðar verðbréfun, nýtt sér 95. gr. við útreikninga á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga, eða umsýslulánastofnun, skal ekki, í því skyni að draga úr hugsanlegu eða raunverulegu tapi fjárfesta, veita stuðning við verðbréfunina umfram samningsbundnar skyldur sínar.

2. Ef útgáfulánastofnun eða umsýslulánastofnun fer ekki að ákvæðum 1. mgr. að því er varðar verðbréfun skulu lögbær yfirvöld krefjast þess að lágmarki að hún hafi eigið fé vegna allra verðbréfaðra áhættuskuldbindinga eins og þær hefðu ekki verið verðbréfaðar. Lánastofnunin skal greina frá því opinberlega að hún hafi veitt ósamningsbundinn stuðning og hver áhrif þess á lögbundið eigið fé hafi verið.

4. þáttur

Lágmarkskröfur um eigið fé vegna rekstraráhættu

102. gr.

1. Lögbær yfirvöld skulu krefjast þess af lánastofnunum að þær hafi eigið fé vegna rekstraráhættu í samræmi við aðferðirnar sem eru settar fram í 103., 104. og 105. gr.

2. Með fyrirvara um 4. mgr. skulu lánastofnanir sem nota aðferðina sem er sett fram í 104. gr. ekki hverfa aftur til notkunar á aðferðinni sem er sett fram í 103. gr., nema að gefnu tilefni og með fyrirvara um samþykki lögbærra yfirvalda.

3. Með fyrirvara um 4. mgr. skulu lánastofnanir sem nota aðferðina sem er sett fram í 105. gr. ekki hverfa aftur til notkunar á aðferðunum sem eru settar fram í 103. eða 104. gr., nema að gefnu tilefni og með fyrirvara um samþykki lögbærra yfirvalda.

4. Lögbær yfirvöld geta heimilað lánastofnunum að nota samsetningu aðferða í samræmi við 4. hluta X. viðauka.

103. gr.

Eiginfjárkrafan vegna rekstraráhættu samkvæmt grundvallaraðferðinni skal reiknast sem tiltekið hlutfall af viðeigandi mælikvarða, í samræmi við breyturnar sem eru settar fram í 1. hluta X. viðauka.

104. gr.

1. Lánastofnanir skulu, samkvæmt staðalaðferðinni, skipta starfsemi sinni í fjölda viðskiptasviða eins og sett er fram í 2. hluta X. viðauka.

2. Lánastofnanir skulu reikna út, fyrir hvert viðskiptasvið, eiginfjárkröfu vegna rekstraráhættu sem tiltekinn hundraðshluta viðeigandi mælikvarða, í samræmi við breyturnar sem eru settar fram í 2. hluta X. viðauka.

3. Lögbær yfirvöld geta, að því er varðar tiltekin viðskiptasvið og við tiltekin skilyrði, heimilað lánastofnun að nota annars konar viðeigandi mælikvarða til að ákvarða eiginfjárkröfu vegna rekstraráhættu eins og hún er sett fram í 5.–11. lið 2. hluta X. viðauka.

4. Eiginfjárkrafa vegna rekstraráhættu samkvæmt staðalaðferðinni skal vera summa eiginfjárkrafna vegna rekstraráhættu á öllum einstökum viðskiptasviðum.

5. Breyturnar fyrir staðalaðferðina eru settar fram í 2. hluta X. viðauka.

6. Til að teljast hæfar til að nota staðalaðferðina skulu lánastofnanir uppfylla viðmiðanirnar sem eru settar fram í 2. hluta X. viðauka.

105. gr.

1. Lánastofnanir geta notað þróaðar mæliaðferðir sem byggja á þeirra eigin rekstraráhættumatskerfi, að því tilskildu að lögbæra yfirvaldið kveði skýrt á um samþykki fyrir notkun á viðkomandi líkönum til útreikninga á eiginfjárkröfunni.

2. Lánastofnanir skulu fullvissa lögbær yfirvöld sín um að þau uppfylli skilyrðin sem eru sett fram í 3. hluta X. viðauka.

3. Þegar móðurlánastofnun í Evrópusambandinu og dótturfélög hennar eða dótturfélög móðureignarhaldfélags á fjármálasviði í Evrópusambandinu hyggjast nota þróaða mæliaðferð skulu lögbær yfirvöld mismunandi lögaðila vinna náið saman eins og kveðið er á um í 129.–132. gr. Í umsókninni skulu koma fram þeir þættir sem eru skráðir í 3. hluta X. viðauka.

4. Ef móðurlánastofnun í Evrópusambandinu og dótturfyrirtæki hennar eða dótturfyrirtæki móðureignarhaldsfélags á fjármálasviði í Evrópusambandinu nota þróaða mæliaðferð á samræmdan hátt, er lögbærum yfirvöldum heimilt að leyfa að móðurfyrirtækið og dótturfyrirtæki þess uppfylli saman skilyrðin, sem eru sett fram í 3. hluta X. viðauka.

5. þáttur

Stórar áhættuskuldbindingar

106. gr.

1. „Áhættuskuldbindingar/-kröfur“, í þessum þætti: eignaliðir eða liðir utan efnahagsreikninga sem um getur í 1. undirþætti í 3. þætti, án beitingar áhættuvogar eða áhættustiga sem þar er kveðið á um.

Áhættuskuldbindingar sem myndast vegna liðanna sem um getur í IV. viðauka skulu reiknaðar út í samræmi við eina þeirra aðferða sem greint er frá í III. viðauka. Í þessum þætti skal 2. liður í 2. hluta III. viðauka einnig gilda.

Allir liðir sem eru að fullu varðir með eigin fé mega, með samþykki lögbærra yfirvalda, falla utan ákvörðunar á áhættuskuldbindingum, að því tilskildu að slíkt eigið fé teljist hvorki með eigin fé lánastofnana, að því er varðar 75. gr., né í útreikningnum á öðrum eftirlitshlutföllum sem kveðið er á um í þessari tilskipun og öðrum gerðum Bandalagsins.

2. Eftirfarandi skal ekki teljast til áhættuskuldbindinga:

a) áhættuskuldbindingar sem verða til í tengslum við eðlilegt uppgjör næstu 48 klukkustundir eftir greiðslu, ef um er að ræða gjaldeyrisviðskipti, eða

b) áhættuskuldbindingar sem verða í tengslum við eðlilegt uppgjör á fimm virkum dögum eftir greiðslu verðbréfanna eða afhendingu þeirra, hvort sem verður fyrr, ef um er að ræða viðskipti vegna kaupa eða sölu á verðbréfum.

107. gr.

Að því er varðar beitingu þessa þáttar skal hugtakið „lánastofnun“ ná yfir eftirfarandi:

a) lánastofnun, þ.m.t. útibú hennar í þriðju löndum, og

b) öll einkafyrirtæki eða opinber fyrirtæki, þ.m.t. útibú þeirra, sem samræmast skilgreiningunni á „lánastofnun“ og hafa starfsleyfi í þriðja landi.

108. gr.

Áhættukrafa lánastofnunar á viðskiptavin eða hóp tengdra viðskiptavina telst stór áhættuskuldbinding ef virði hennar nemur 10% eða meira af eigin fé stofnunarinnar.

109. gr.

Lögbær yfirvöld skulu krefjast þess að sérhver lánastofnun hafi traust stjórnunar- og bókhaldsfyrirkomulag og fullnægjandi innra eftirlitskerfi svo unnt sé að bera kennsl á og skrá allar stórar áhættuskuldbindingar og síðari breytingar á þeim, í samræmi við þessa tilskipun, og til að hafa megi eftirlit með þessum áhættuskuldbindingum með hliðsjón af útlánastefnu hverrar lánastofnunar.

110. gr.

1. Lánastofnun skal senda lögbærum yfirvöldum skýrslu um allar stórar áhættuskuldbindingar.

Aðildarríkin geta, ef þau æskja þess, ákveðið að þessi skýrsla sé gerð í samræmi við aðra af eftirtöldum aðferðum:

a) skýrsla er gefin um allar stórar áhættuskuldbindingar að minnsta kosti einu sinni á ári, og einnig þess á milli um allar nýjar stórar áhættuskuldbindingar og alla aukningu á fyrirliggjandi stórum áhættuskuldbindingum sem nemur að minnsta kosti 20% frá síðustu skýrslu eða

b) skýrsla er gefin um allar stórar áhættuskuldbindingar að minnsta kosti fjórum sinnum á ári.

2. Nema um sé að ræða lánastofnanir sem reiða sig á 114. gr. vegna færslu trygginga við útreikning á virði áhættuskuldbindinga að því er varðar 1. 2. og 3. mgr. 111. gr., þarf ekki að tilkynna um áhættuskuldbindingar, samkvæmt 1. mgr., sem eru undanþegnar samkvæmt a- til d-lið og f- til h-lið 3. mgr. 113. gr. og heimilt er að fækka skýrslum sem um getur í b-lið 1. mgr. þessarar greinar, í tvær á ári þegar um er að ræða áhættuskuldbindingar sem um getur í e- og i-lið 3. mgr. 113. gr. og í 115. og 116. gr.

Ef lánastofnun skírskotar til þessarar málsgreinar skal hún halda skrá yfir tilgreindar ástæður í að minnsta kosti eitt ár eftir atvikið sem gaf tilefni til undanþágunnar þannig að lögbær yfirvöld geti gengið úr skugga um hvort hún sé réttlætanleg.

3. Aðildarríkin geta krafist þess að lánastofnanir greini áhættukröfur sínar á útgefendur trygginga vegna mögulegrar samþjöppunar og, þar sem við á, grípi til aðgerða eða tilkynni lögbæru yfirvaldi sínu um allar mikilvægar niðurstöður.

111. gr.

1. Áhættukrafa lánastofnunar á einn viðskiptavin eða hóp tengdra viðskiptavina má ekki fara fram úr 25% af eigin fé hennar.

2. Ef viðskiptavinur eða hópur tengdra viðskiptavina er móðurfyrirtæki eða dótturfyrirtæki lánastofnunarinnar og/eða eitt eða fleiri dótturfyrirtæki þess móðurfyrirtækis skal lækka hundraðshlutann sem mælt er fyrir um í 1. mgr. niður í 20%. Aðildarríkjunum er þó heimilt að undanskilja áhættuskuldbindingar slíkra viðskiptavina frá 20% hámarkinu ef kveðið er á um aðrar ráðstafanir eða aðferðir við eftirlit með slíkum áhættuskuldbindingum. Þau skulu láta framkvæmdastjórnina og evrópsku bankanefndina vita um efni slíkra ráðstafana eða aðferða.

3. Samtala fyrir stórar áhættuskuldbindingar má ekki fara yfir 800% af eigin fé lánastofnunar.

4. Lánastofnun skal ætíð virða þær takmarkanir sem mælt er fyrir um í 1., 2. og 3. mgr. að því er varðar áhættukröfur hennar. Ef í undantekningartilvikum er farið yfir þessar takmarkanir skal skýra lögbærum yfirvöldum tafarlaust frá því og geta þau, ef aðstæður leyfa, veitt lánastofnuninni ákveðinn tíma til að laga sig að þessum mörkum.

112. gr.

1. Að því er varðar 113.–117. gr. skal hugtakið „ábyrgð“ ná yfir lánsafleiður samkvæmt 90.–93. gr. aðrar en lánshæfistengd skuldabréf.

2. Þegar heimila má færslur á fjármagnaðri eða ófjármagnaðri útlánavörn skv. 113.–117. gr., með fyrirvara um 3. mgr., skal það vera með fyrirvara um að farið sé að hæfiskröfum og öðrum lágmarkskröfum, sem eru settar fram í 90.–93. gr. að því er varðar útreikning á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga skv. 78.–83. gr.

3. Ef lánastofnun reiðir sig á 2. mgr. 114. gr. skal viðurkenning á fjármagnaðri útlánavörn sæta viðeigandi kröfum skv. 84.–89. gr.

113. gr.

1. Aðildarríkjunum er heimilt að setja strangari takmarkanir en þær sem mælt er fyrir um í 111. gr.

2. Lögbærum yfirvöldum er heimilt, að einhverju eða öllu leyti, að undanskilja áhættukröfur lánastofnunar á móðurfyrirtæki hennar eða önnur dótturfyrirtæki þess móðurfyrirtækis eða eigin dótturfyrirtæki frá ákvæðum 1., 2. og 3. mgr. 111. gr., enda lúti þessi fyrirtæki samstæðueftirliti því sem haft er með lánastofnuninni sjálfri í samræmi við þessa tilskipun eða sambærilegum gildandi reglum í þriðja landi.

3. Lögbærum yfirvöldum er heimilt, að einhverju eða öllu leyti, að undanskilja eftirfarandi áhættuskuldbindingar frá ákvæðum 111. gr.:

a) eignaliði sem mynda kröfur á ríkisstjórnir eða seðlabanka sem, ótryggðir, fengju 0% áhættuvog skv. 78.–83. gr.,

b) eignaliði sem mynda kröfur á alþjóðastofnanir eða fjölþjóðlega þróunarbanka sem, ótryggðir, fengju 0% áhættuvog skv. 78.–83. gr.,

c) eignaliði sem mynda kröfur með beinni ábyrgð ríkisstjórna, seðlabanka, alþjóðastofnana, fjölþjóðlegra þróunarbanka eða opinberra aðila, þar sem ótryggðar kröfur á aðilann sem leggur fram ábyrgðina fengju 0% áhættuvog skv. 78.–83. gr.,

d) aðrar áhættukröfur sem rekja má til, eða eru með ábyrgð ríkisstjórna, seðlabanka, alþjóðastofnana, fjölþjóðlegra þróunarbanka eða opinberra aðila, þar sem ótryggðar kröfur á aðilann sem rekja má áhættuskuldbindinguna til eða sem ábyrgðist hana fengju 0% áhættuvog skv. 78.–83. gr.,

e) eignaliði sem mynda kröfur á og aðra áhættu gagnvart ríkisstjórnum eða seðlabönkum, sem ekki er getið í a-lið, sem eru tilgreindar og, eftir því sem við á, fjármagnaðar í gjaldmiðli lántakenda,

f) eignaliði og aðrar áhættuskuldbindingar sem eru tryggðar á fullnægjandi hátt að dómi lögbærra yfirvalda með veði í formi skuldabréfa útgefnum af ríkisstjórnum eða seðlabönkum, alþjóðastofnunum, fjölþjóðlegum þróunarbönkum, eða héraðsstjórnum, staðaryfirvöldum eða opinberum aðilum aðildarríkja, þar sem verðbréfin mynda kröfur á útgefanda þeirra sem fengju 0% áhættuvog skv. 78.–83. gr.,

g) eignaliði og aðrar áhættuskuldbindingar sem eru tryggðar á fullnægjandi hátt að dómi lögbærra yfirvalda með veði í formi innlána hjá viðkomandi lánastofnun sem hefur lánað eða lánastofnun sem er móðurfyrirtæki eða dótturfyrirtæki lánastofnunarinnar,

h) eignaliði og aðrar áhættuskuldbindingar sem eru tryggðar á fullnægjandi hátt að dómi lögbærra yfirvalda með veði í formi innlánsskírteina útgefnum af lánastofnuninni sem hefur lánað eða lánastofnun sem er móðurfyrirtæki eða dótturfyrirtæki lánastofnunarinnar og eru til vörslu hjá annarri hvorri þeirra,

i) eignaliði sem mynda kröfur á aðra áhættu gagnvart lánastofnunum með binditíma til eins árs eða skemur en teljast ekki til eigin fjár slíkra stofnana,

j) eignaliði sem mynda kröfur á og aðra áhættu gagnvart þessum stofnunum, sem eru ekki lánastofnanir en uppfylla skilyrði 85. liðar í 1. hluta VI. viðauka, með binditíma til eins árs eða skemur og tryggðir í samræmi við sama lið,

k) viðskiptavíxla og aðra víxla með binditíma til eins árs eða skemur með áritun annarra lánastofnana,

l) sértryggð skuldabréf samkvæmt skilgreiningu í 68.–70. lið í 1. hluta VI. viðauka,

m) þar til frekari samræming fer fram, eignarhluta í vátryggingafélögum sem um getur í 1. mgr. 122. gr. allt að 40% af eigin fé lánastofnunar sem aflar slíks eignarhluta,

n) eignaliði sem mynda kröfur á héraðs- eða svæðislánastofnanir sem lánastofnunin sem hefur lánað er tengd innan netkerfis í samræmi við ákvæði laga eða

reglna og sem samkvæmt þessum ákvæðum hafa greiðslujöfnunarhlutverki að gegna innan kerfisins,

o) áhættuskuldbindingar sem að mati lögbærra yfirvalda eru tryggðar á fullnægjandi hátt með veði í formi verðbréfa öðrum en þeim sem um getur í f-lið,

p) lán sem tryggð eru á fullnægjandi hátt að dómi lögbærra yfirvalda með veði í íbúðarhúsnæði eða með hlutabréfum í finnskum húsnæðisfélögum, sem starfa í samræmi við finnsku húsnæðismálalögin frá 1991 eða nýrri jafngild lög og eignaleigusamningar sem kveða á um að leigusali haldi fullum umráðum yfir íbúðarhúsnæðinu sem leigt er út svo framarlega sem leigutaki hefur ekki nýtt sér forkaupsrétt sinn, í öllum tilvikum allt að 50% af virði íbúðarhúsnæðisins sem um ræðir,

q) eftirfarandi skuldbindingar, ef þær fengju 50% áhættuvog skv. 78.–83. gr., og einungis upp að 50% af virði eignarinnar sem um ræðir:

i. áhættuskuldbindingar sem eru tryggðar með veði í skrifstofuhúsnæði eða öðru viðskiptahúsnæði, eða með hlutabréfum í finnskum húsnæðisfélögum sem starfa í samræmi við finnsku húsnæðismálalögin frá 1991 eða nýrri jafngild lög, að því er varðar skrifstofur eða annað viðskiptahúsnæði og

ii. áhættuskuldbindingar sem tengjast eignaleigusamningum er varða skrifstofur eða annað viðskiptahúsnæði,

að því er varðar ii. lið og fram til 31. desember 2011, geta lögbær yfirvöld hvers aðildarríkis heimilað lánastofnunum að viðurkenna 100% af virði eignarinnar sem um ræðir. Við lok þessa tímabils skal meðferðin endurskoðuð. Aðildarríkin skulu greina framkvæmdastjórninni frá því hvernig þau nýta þessa fríðindameðferð,

r) 50% liða utan efnahagsreiknings með miðlungs-/litla áhættu, sem um getur í II. viðauka,

s) með fyrirvara um samþykkt lögbærra yfirvalda, ábyrgðir aðrar en lánsábyrgðir sem hafa lagalegan eða stjórnsýslulegan grundvöll og sem gagnkvæm ábyrgðarkerfi með stöðu lánastofnunar veita meðlimum sínum, með fyrirvara um 20% áhættuvogun fjárhæðar þeirra og

t) áhættulitla liði utan efnahagsreiknings, sem um getur í II. viðauka, svo fremi samningur hafi verið gerður við viðkomandi viðskiptavin eða hóp tengdra viðskiptavina um að aðeins megi stofna áhættuskuldbindinguna ef fullvíst er að við það verði ekki farið yfir viðeigandi mörk samkvæmt 1.–3. mgr. 111. gr.

Reiðufé sem er móttekið samkvæmt lánshæfistengdu skuldabréfi, sem lánastofnunin gefur út, og lán og innlán mótaðila hjá lánastofnuninni, sem falla undir skuldajöfnunarsamning innan efnahagsreiknings sem er viðurkenndur skv. 90.–93. gr., teljast falla undir g-lið.

Að því er varðar o-lið skulu verðbréf sem eru notuð sem trygging metin á markaðsverði, vera meira virði en áhættuskuldbindingarnar sem tryggðar eru og annaðhvort skulu vera viðskipti með þau á verðbréfamarkaði eða þau skulu vera framseljanleg í raun og söluverð þeirra skráð reglulega á markaði sem starfræktur er á vegum viðurkenndra aðila í starfsgreininni og þar sem unnt er, að mati lögbærra yfirvalda í upprunaaðildarríki lánastofnunarinnar, að meta raunverulegt verð og ganga úr skugga um umframverð verðbréfanna hvenær sem er. Það umframvirði sem krafist er skal vera 100%. Þó skal það vera 150% þegar um hlutabréf er að ræða og 50% þegar um er að ræða skuldabréf útgefin af stofnunum, héraðsstjórnum og staðaryfirvöldum aðildarríkja eða staðaryfirvöldum þeirra, öðrum en þeim sem um getur í f-undirlið, og þegar um er að ræða skuldabréf sem gefin eru út af fjölþjóðlegum þróunarbönkum öðrum en þeim sem fá 0% áhættuvog skv. 78.–83. gr. Ef misræmi er á milli gjalddaga áhættuskuldbindingarinnar og gjalddaga útlánavarnarinnar skal tryggingin ekki vera viðurkennd. Verðbréf sem eru notuð sem tryggingar má ekki telja til eigin fjár lánastofnunar.

Að því er varðar p-lið skal virði eignarinnar reiknað út á fullnægjandi hátt að dómi lögbærra yfirvalda á grundvelli nákvæmra matsreglna sem mælt er fyrir um í lögum eða stjórnsýslufyrirmælum. Matið skal framkvæmt að minnsta kosti einu sinni á ári. Að því er varðar p-lið merkir íbúðarhúsnæði húsnæði sem lántakandi nýtir til búsetu eða leigir út.

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um allar veittar undanþágur samkvæmt s-lið til að tryggja að þær leiði ekki til röskunar á samkeppni.

114. gr.

1. Með fyrirvara um 3. mgr., geta aðildarríkin, að því er varðar útreikning á virði áhættuskuldbindinga vegna 1.–3. mgr. 111. gr., að því er varðar lánastofnanir sem nota heildaraðferðina sem byggir á fjárhagslegri tryggingu skv. 90.–93. gr. í stað þess að hagnýta fullar eða takmarkaðar undanþágur sem eru heimilar skv. f-, g-, h- og o-lið 3. mgr. 113. gr., leyft slíkri lánastofnun að nota lægra virði en virði áhættuskuldbindingarinnar, en þó ekki lægra en sem nemur samanlögðu fullleiðréttu virði áhættuskuldbindinga viðskiptavina eða hóps tengdra viðskiptavina þeirra.

Í þessum skilningi merkir „fullleiðrétt virði áhættuskuldbindingar“ það virði sem er reiknað út skv. 90.–93. gr., með tilliti til mildunar útlánaáhættu, jöfnunar flökts og hvers kyns misræmi í binditíma (E*).

Ef þessari málsgrein er beitt gagnvart lánastofnun skulu f-, g-, h- og o-liður 3. mgr. 113. gr. ekki eiga við um lánastofnunina sem um ræðir.

2. Með fyrirvara um 3. mgr. er lánastofnun, sem er heimilt að nota eigið mat á tapi að gefnum vanefndum og breytistuðlum vegna flokks áhættuskuldbindinga skv. 84.–89. gr., heimilt að viðurkenna slík áhrif við útreikning á virði áhættuskuldbindinga að því er varðar 1.–3. mgr. 111. gr., ef hún getur með fullnægjandi hætti að mati lögbærra yfirvalda áætlað áhrif fjárhagslegrar tryggingar á áhættuskuldbindingar burt séð frá öðrum þáttum tengdum tapi að gefnum vanefndum.

Lögbær yfirvöld skulu vera þess fullviss að matið sem lánastofnunin gerir sé nothæft við lækkun á virði áhættuskuldbindingar í þeim tilgangi að fara að ákvæðum 111. gr.

Ef lánastofnun er heimilt að nota eigið mat á áhrifum fjárhagslegrar tryggingar skal hún gera það á grundvelli sem samræmist aðferðinni sem valin er við útreikning á eiginfjárkröfum.

Leyfilegt er að heimila lánastofnunum, sem er heimilt að nota eigið mat á tapi að gefnum vanefndum og breytistuðlum vegna flokks áhættuskuldbindinga skv. 84.–89. gr. og sem reikna ekki út virði áhættuskuldbindinga með aðferðinni sem um getur í fyrstu undirgrein, að nota aðferðina sem er sett fram í 1. mgr. eða undanþáguna sem er sett fram í o-lið 3. mgr. 113. gr. vegna útreiknings á virði áhættuskuldbindinga. Lánastofnun skal einungis nota aðra þessara tveggja aðferða.

3. Lánastofnun sem er heimilt að nota aðferðirnar sem lýst er í 1. og 2. mgr. við útreikning á virði áhættuskuldbindinga að því er varðar 1.–3. mgr. 111. gr. skal gera reglubundin álagspróf á samþjöppun útlánaáhættu sinnar, þ.m.t. í tengslum við söluvirði allra trygginga sem hafa verið teknar.

Þessi reglubundnu álagspróf skulu taka til áhættu sem stafar af hugsanlegum breytingum á markaðsaðstæðum og gætu haft neikvæð áhrif á eiginfjárkröfur lánastofnunarinnar og áhættu sem stafar af innlausn veðs við álagsaðstæður.

Lánastofnunin skal sýna lögbærum yfirvöldum fram á að álagsprófin sem hafa verið gerð séu nægjanleg og viðeigandi fyrir mat á slíkri áhættu.

Fari svo að slíkt álagspróf gefi til kynna lægra söluvirði tryggingar, sem hefur verið tekin, en heimilt væri að taka tillit til skv. 1. og 2. mgr., þar sem við á, skal virði tryggingar, sem heimilt er að viðurkenna við útreikning á virði áhættuskuldbindinga, að því er varðar 1.–3. mgr. 111. gr., lækkað til samræmis við það.

Áætlanir slíkra lánastofnana um meðhöndlun samþjöppunaráhættu skulu fela í sér:

a) stefnur og verklagsreglur sem taka á áhættu sem verður til vegna misræmis í binditíma milli áhættuskuldbindinga og allrar útlánaverndar þessara áhættuskuldbindinga,

b) stefnur og verklagsreglur fari svo að álagspróf gefi til kynna lægra söluvirði tryggingar en tekið er tillit til skv. 1. og 2. mgr. og

c) stefnur og verklagsreglur sem tengjast samþjöppunaráhættu sem verður til vegna beitingar aðferða til mildunar útlánaáhættu og einkum stórrar óbeinnar áhættukröfur, t.d. á einn útgefanda verðbréfa sem eru samþykkt sem trygging.

4. Ef áhrif tryggingar eru viðurkennd samkvæmt skilmálum 1. eða 2. mgr. geta aðildarríkin meðhöndlað alla tryggða hluta áhættuskuldbindingarinnar sem áhættu gagnvart útgefanda tryggingarinnar fremur en viðskiptavininum.

115. gr.

1. Að því er varðar 1.–3. mgr. 111. gr. er aðildarríkjum heimilt að nota 20% vog fyrir eignaliði sem mynda kröfur á héraðsstjórnir og staðaryfirvöld aðildarríkjanna, ef þær kröfur fengju 20% áhættuvog skv. 78.–83. gr., og fyrir aðrar áhættuskuldbindingar sem slík yfirvöld taka á sig eða ábyrgjast, ef kröfur á þau hafa fengið 20% áhættuvog skv. 78.–83. gr. Aðildarríkin geta þó lækkað þetta hlutfall í 0% fyrir eignaliði sem mynda kröfur á héraðsstjórnir og staðaryfirvöld aðildarríkjanna, ef slíkar kröfur fengju 0% áhættuvog skv. 78.–83. gr. og fyrir aðrar áhættuskuldbindingar sem slíkar ríkisstjórnir eða yfirvöld taka á sig eða ábyrgjast, ef kröfur á þau fá 0% áhættuvog skv. 78.–83. gr.

2. Að því er varðar 1.–3. mgr. 111. gr. er aðildarríkjum heimilt að nota 20% vog fyrir eignaliði sem mynda kröfur á stofnanir og aðrar áhættuskuldbindingar þeirra, með binditíma til meira en eins árs en ekki meira en þriggja ára, og 50% vog fyrir eignaliði sem mynda kröfur á stofnanir, með binditíma til meira en þriggja ára, að því tilskildu að þeir síðari séu í formi skuldaskjala sem eru gefin út af stofnun og þessi skuldaskjöl séu, að mati lögbærra yfirvalda, framseljanleg í raun á markaði sem er starfræktur af viðurkenndum aðilum í starfsgreininni og að söluverð þeirra sé daglega skráð á markaði eða að útgáfa þeirra hafi verið heimiluð af lögbærum yfirvöldum í upprunaaðildarríki útgáfustofnunarinnar. Þessir eignaliðir mega ekki í neinum tilvikum mynda eigið fé.

116. gr.

Þrátt fyrir i-lið 3. mgr. 113. gr. og 2. mgr. 115. gr. er aðildarríkjum heimilt að nota 20% vog þegar um er að ræða eignaliði sem mynda kröfur á lánastofnanir og aðrar áhættuskuldbindingar þeirra, án tillits til gjalddaga þeirra.

117. gr.

1. Ef áhættuskuldbinding viðskiptavinar er með ábyrgð þriðja aðila eða með tryggingu í formi verðbréfa sem eru gefin út af þriðja aðila samkvæmt skilyrðunum sem mælt er fyrir um í o-lið 3. mgr. 113. gr. er aðildarríkjunum heimilt að:

a) líta á áhættuskuldbindinguna sem áhættu gagnvart ábyrgðarmanni fremur en gagnvart viðskiptavini sínum eða

b) líta á áhættuskuldbindinguna sem áhættu gagnvart þriðja aðila fremur en gagnvart viðskiptavini ef áhættuskuldbindingin sem er skilgreind í o-lið 3. mgr. 113. gr. er með tryggingu samkvæmt skilyrðunum sem þar eru sett.

2. Ef aðildarríkin beita meðferðinni sem kveðið er á um í a-lið 1. mgr.:

a) ef ábyrgðin er tilgreind í öðrum gjaldmiðli en áhættuskuldbindingin verður fjárhæð áhættuskuldbindingarinnar, sem telst vera tryggð, reiknuð út í samræmi við ákvæðin um meðferð gjaldmiðilsmisræmis vegna ófjármagnaðrar útlánavarnar í VIII. viðauka,

b) farið verður með misræmi milli gjalddaga áhættuskuldbindingarinnar og gjalddaga varnarinnar í samræmi við ákvæðin um meðferð gjalddagamisræmis í VIII. viðauka og

c) viðurkenna má vörn að hluta í samræmi við meðferðina sem er sett fram í VIII. viðauka.

118. gr.

Ef lánastofnun er leyst undan því skv. 1. mgr. 69. gr. að fara, ein og sér eða á undirsamstæðugrundvelli, að skyldunum í þessum þætti, eða ef ákvæðum 70. gr. er beitt þegar um er að ræða móðurlánastofnanir í aðildarríki, verður að gera ráðstafanir til að tryggja fullnægjandi áhættudreifingu innan samstæðunnar.

119. gr.

Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 31. desember 2007, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um framkvæmd þessa þáttar ásamt viðeigandi tillögum.

6. þáttur

Virk eignarhlutdeild utan fjármálageirans

120. gr.

1. Engin lánastofnun má eiga virka eignarhlutdeild sem nemur hærri fjárhæð en 15% af eigin fé hennar í fyrirtæki sem er hvorki lánastofnun, fjármálastofnun né fyrirtæki sem stundar starfsemi sem tengist beint bankaþjónustu eða þjónustu sem styður bankastarfsemi, svo sem eignaleigustarfsemi, kröfukaupum, umsjón með fjárhaldssjóðum, rekstri gagnavinnsluþjónustu eða annarri svipaðri starfsemi.

2. Heildarfjárhæð virkrar eignarhlutdeildar lánastofnunar í öðrum fyrirtækjum en lánastofnunum, fjármálastofnunum eða fyrirtækjum sem stunda starfsemi sem tengist beint bankaþjónustu eða þjónustu sem styður bankastarfsemi, svo sem eignaleigustarfsemi, kröfukaupum, umsjón með fjárhaldssjóðum, rekstri gagnavinnsluþjónustu eða annarri svipaðri starfsemi má ekki vera hærri en sem nemur 60% af eigin fé hennar.

3. Aðeins má fara upp fyrir mörkin sem sett eru í 1. og 2. mgr. í undantekningartilvikum. Í slíkum tilvikum skulu þó lögbær yfirvöld krefjast þess að lánastofnun annaðhvort auki við eigið fé eða geri aðrar jafngildar ráðstafanir.

121. gr.

Tímabundin hlutabréfaeign vegna fjárhagslegrar endurskipulagningar, björgunaraðgerða, á venjulegu sölutryggingatímabili eða í eigin nafni stofnunar fyrir hönd annarra skal ekki teljast virk eignarhlutdeild við útreikning á mörkunum sem eru sett í 1. og 2. mgr. 120. gr. Hlutir sem eru ekki áhættufjármunir samkvæmt skilgreiningu í 2. mgr. 35. gr. tilskipunar 86/635/EBE skulu ekki taldir með í útreikningnum.

122. gr.

1. Aðildarríkin þurfa ekki að setja mörkin, sem mælt er fyrir um í 1. og 2. mgr. 120. gr., að því er varðar eignarhluti í vátryggingafélögum eins og skilgreint er í tilskipun 73/239/EBE og tilskipun 2002/83/EB eða í endurtryggingafélögum eins og skilgreint er í tilskipun 98/78/EB.

2. Aðildarríkin geta kveðið svo á um að lögbær yfirvöld skuli ekki beita mörkunum sem eru sett í 1. og 2. mgr. 120. gr. ef þau kveða á um að 100% af fjárhæð virkrar eignarhlutdeildar lánastofnunar sem er umfram mörkin verði að vera varin með eigin fé og hún skuli ekki tekið með í þeim útreikningi sem krafist er skv. 75. gr. Ef farið er fram úr báðum mörkunum sem eru sett í 1. og 2. mgr. 120. gr. skal fjárhæðin, sem varin skal með eigin fé, vera sú umframfjárhæð sem hærri er.

3. KAFLI

Matsferli lánastofnana

123. gr.

Lánastofnanir skulu hafa traustar, skilvirkar og heildstæðar áætlanir og ferli til að meta og viðhalda á áframhaldandi grundvelli þær fjárhæðir, tegundir og dreifingu eigin fjár sem þær telja fullnægjandi til að veita vörn gegn þeirri áhættu sem þau standa eða gætu staðið frammi fyrir með tilliti til eðlis og stigs áhættunnar.

Þessar áætlanir og ferli skulu endurmetin reglulega til að tryggja að þau nái enn yfir og séu í réttu hlutfalli við eðli, umfang og margbreytileika starfsemi viðkomandi lánastofnunar.

4. KAFLI

Eftirlit og upplýsingagjöf lögbærra yfirvalda

1. þáttur

Eftirlit

124. gr.

1. Lögbær yfirvöld skulu, með tilliti til tæknilegu viðmiðananna sem eru settar fram í XI. viðauka, gera úttekt á fyrirkomulagi, áætlunum, ferlum og kerfum sem lánastofnanir hrinda í framkvæmd til að fara að þessari tilskipun og meta áhættuna sem lánastofnanir standa eða kunna að standa frammi fyrir.

2. Umfang úttektarinnar og matsins sem um getur í 1. mgr. skal vera samkvæmt kröfum þessarar tilskipunar.

3. Á grundvelli úttektarinnar og matsins sem um getur í 1. mgr. skulu lögbær yfirvöld ákvarða hvort fyrirkomulag, áætlanir, ferli og kerfi sem lánastofnanirnar hrinda í framkvæmd og eigið fé þeirra tryggi trausta stjórnun og veiti tryggingu fyrir áhættu þeirra.

4. Lögbær yfirvöld skulu ákveða tíðni og umfang úttektarinnar og matsins sem um getur í 1. mgr. með tilliti til stærðar hlutaðeigandi lánastofnunar, hvort hún sé kerfislega mikilvæg, eðlis, umfangs og margbreytileika starfsemi viðkomandi lánastofnunar og með tilliti til meðalhófsreglunnar. Úttektin og matið skulu uppfærð a.m.k. árlega.

5. Úttektin og matið sem lögbær yfirvöld annast skulu ná yfir áhættu lánastofnana vegna vaxtaáhættu sem verður til við aðra starfsemi en veltuviðskipti. Krefjast skal ráðstafana þegar um er að ræða stofnanir með fjárhagslegt gildi sem lækkar um meira en 20% af eigin fé þeirra vegna skyndilegra og óvæntra breytinga á vöxtum, en lögbær yfirvöld mæla fyrir um hversu miklar þær eigi að vera og þær skulu ekki vera mismunandi milli lánastofnana.

125. gr.

1. Ef móðurfyrirtæki er móðurlánastofnun í aðildarríki eða móðurlánastofnun í Evrópusambandinu skulu lögbær yfirvöld sem veittu henni leyfi samkvæmt 6. gr. annast eftirlit á samstæðugrundvelli.

2. Ef móðurfyrirtæki lánastofnunar er móðureignarhaldsfélag á fjármálasviði í aðildarríki eða móðureignarhaldsfélag á fjármálasviði í Evrópusambandinu skulu lögbær yfirvöld sem veittu því leyfi samkvæmt 6. gr. annast eftirlit á samstæðugrundvelli.

126. gr.

1. Ef lánastofnanir, sem hafa leyfi í tveimur eða fleiri aðildarríkjum, hafa sama móðureignarhaldsfélag á fjármálasviði í aðildarríki sem móðurfyrirtæki eða sama móðureignarhaldsfélag á fjármálasviði í Evrópusambandinu skulu lögbær yfirvöld lánastofnunarinnar, sem hefur leyfi í aðildarríkinu þar sem eignarhaldsfélaginu á fjármálasviði var komið á fót, annast eftirlit á samstæðugrundvelli.

Ef móðurfyrirtæki lánastofnana, sem hafa leyfi í tveimur eða fleiri aðildarríkjum samanstanda af fleiri en einu eignarhaldsfélagi á fjármálasviði með aðalskrifstofur í mismunandi aðildarríkjum og ef lánastofnun er að finna í hverju þessara ríkja, skulu lögbær yfirvöld þeirrar lánastofnunar sem hefur hæstu niðurstöðutölu efnahagsreiknings, annast eftirlit á samstæðugrundvelli.

2. Ef fleiri en ein lánastofnun, sem hafa leyfi í Bandalaginu, hafa sama eignarhaldsfélag á fjármálasviði sem móðurfyrirtæki og engin þessara lánastofnana hefur leyfi í aðildarríkinu þar sem eignarhaldsfélaginu á fjármálasviði var komið á fót skal eftirlit á samstæðugrundvelli vera í höndum lögbærra yfirvalda sem veittu þeirri lánastofnun sem hefur hæstu niðurstöðutölu efnahagsreiknings leyfi og skal hún, að því er varðar þessa tilskipun, teljast sú lánastofnun sem stjórnað er af móðureignarhaldsfélagi á fjármálasviði í Evrópusambandinu.

3. Í sérstökum tilvikum geta lögbær yfirvöld, með samkomulagi sín á milli, vikið frá viðmiðununum, sem um getur í 1. og 2. mgr., ef beiting þeirra yrði óviðeigandi að teknu tilliti til lánastofnananna og hlutfallslegs mikilvægis starfsemi þeirra í mismunandi löndum og tilnefnt annað lögbært yfirvald til að viðhafa eftirlit á samstæðugrundvelli. Í þessum tilvikum skulu lögbær yfirvöld, áður en þau taka ákvörðun, gefa móðurlánastofnun í Evrópusambandinu eða móðureignarhaldsfélagi á fjármálasviði í Evrópusambandinu eða lánastofnun með hæstu niðurstöðutölu efnahagsreiknings, eftir því sem við á, kost á að tjá sig um þá ákvörðun.

4. Lögbær yfirvöld skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um samkomulag sem fellur undir 3. mgr.

127. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynlegar ráðstafanir, eftir því sem við á, til að láta eftirlit á samstæðugrundvelli taka til eignarhaldsfélaga á fjármálasviði. Þótt fjárhag eignarhaldsfélags á fjármálasviði sé komið á samstæðugrundvöll hefur það á engan hátt í för með sér að lögbærum yfirvöldum sé skylt að hafa eftirlit með hverju einstöku eignarhaldsfélagi á fjármálasviði, með fyrirvara um 135. gr.

2. Ef lögbær yfirvöld aðildarríkis telja dótturlánastofnun ekki með í eftirliti á samstæðugrundvelli samkvæmt einu þeirra tilvika sem um getur í b- og c-lið 1. mgr. 73. gr. geta lögbær yfirvöld aðildarríkisins, þar sem dótturlánastofnunin er staðsett, beðið móðurfyrirtækið um upplýsingar sem kunna að auðvelda eftirlit þeirra með lánastofnuninni.

3. Aðildarríkin skulu kveða á um að lögbærum yfirvöldum þeirra sem bera ábyrgð á eftirliti á samstæðugrundvelli sé heimilt að biðja dótturfyrirtæki lánastofnunar eða eignarhaldsfélags á fjármálasviði, sem heyra ekki undir eftirlit á samstæðugrundvelli, um upplýsingarnar sem um getur í 137. gr. Í slíku tilviki gilda þær málsmeðferðarreglur sem kveðið er á um í þeirri grein varðandi það að senda og sannprófa upplýsingarnar.

128. gr.

Ef í aðildarríki eru fleiri en eitt lögbært yfirvald sem hafa varfærniseftirlit með lána- og fjármálastofnunum með höndum skulu aðildarríkin gera nauðsynlegar ráðstafanir til að skipuleggja samræmingu milli slíkra yfirvalda.

129. gr.

1. Til viðbótar við þær skyldur sem ákvæði þessarar tilskipunar setja, skulu lögbær yfirvöld sem bera ábyrgð á framkvæmd eftirlits á samstæðugrundvelli vegna móðurlánastofnana í Evrópusambandinu og lánastofnana sem stjórnað er af móðureignarhaldsfélögum á fjármálasviði í Evrópusambandinu framkvæma eftirfarandi verk:

a) samræmingu söfnunar og miðlunar viðeigandi eða mikilvægra upplýsinga, í áframhaldandi rekstri eða í neyðartilvikum og

b) áætlanagerð og samræmingu eftirlitsstarfa, hvort heldur er í áframhaldandi rekstri eða í neyðartilvikum, þ.m.t. í tengslum við starfsemina í 124. gr., í samvinnu við lögbær yfirvöld.

2. Þegar um er að ræða umsóknir um leyfin sem um getur í 1. mgr. 84. gr., 9. mgr. 87. gr. og 105. gr. og 6. hluta III. viðauka, sem móðurlánastofnun í Evrópusambandinu og dótturfyrirtæki hennar leggja fram eða sem dótturfyrirtæki móðureignarhaldsfélags á fjármálasviði í Evrópusambandinu leggja fram sameiginlega skulu lögbær yfirvöld vinna saman, með fullu samráði, til að ákveða hvort veita skuli leyfið, sem sótt hefur verið um, og til að ákvarða skilmálana og skilyrðin, ef einhver eru, sem slíkt leyfi væri háð.

Einungis skal leggja inn umsókn, eins og um getur í fyrstu undirgrein, hjá lögbærum yfirvöldum sem um getur í 1. mgr.

Lögbær yfirvöld skulu gera allt sem í þeirra valdi stendur til að komast að sameiginlegri ákvörðun um umsóknina innan sex mánaða. Þessi sameiginlega ákvörðun skal sett fram í skjali þar sem gild rök eru færð fyrir ákvörðuninni sem lögbæra yfirvaldið, sem um getur í 1. mgr., skal láta umsækjandanum í té.

Tímabilið sem um getur í 3. undirgrein skal hefjast daginn sem lögbæra yfirvaldið, sem um getur í 1. mgr., tekur við fullfrágenginni umsókn. Lögbæra yfirvaldið sem um getur í 1. mgr. skal senda fullfrágengna umsóknina án tafar til hinna lögbæru yfirvaldanna.

Ef lögbær yfirvöld hafa ekki komið sér saman um ákvörðun innan sex mánaða skal lögbæra yfirvaldið sem um getur í 1. mgr. taka eigin ákvörðun um umsóknina. Ákvörðunin skal sett fram í skjali þar sem gild rök eru færð fyrir ákvörðuninni og þar skal tekið tillit til skoðana og fyrirvara sem hin lögbæru yfirvöldin hafa látið í ljós á sex mánaða tímabilinu. Lögbæra yfirvaldið, sem um getur í 1. mgr., skal láta umsækjanda og hinum lögbæru yfirvöldunum ákvörðunina í té.

Ákvarðanirnar sem um getur í þriðju og fimmtu undirgrein skulu teljast endanlegar og skulu lögbær yfirvöld í hlutaðeigandi aðildarríkjum beita þeim.

130. gr.

1. Ef upp kemur neyðarástand innan bankasamstæðu sem hugsanlega teflir í tvísýnu stöðugleika fjármálakerfisins í hverju því aðildarríki þar sem aðilar samstæðu hafa fengið leyfi, skal lögbæra yfirvaldið sem ber ábyrgð á framkvæmd eftirlits á samstæðugrundvelli gera yfirvöldunum sem um getur í a-lið 49. gr. og 50. gr. viðvart eins fljótt og því verður við komið, með fyrirvara um 2. hluta 1. kafla. Þessi skuldbinding skal eiga við um öll lögbær yfirvöld sem eru tilgreind í 125. og 126. gr. í tengslum við sérstakan hóp og um lögbæra yfirvaldið sem er tilgreint í 1. mgr. 129. gr. Ef unnt er skal lögbært yfirvald nota gildandi, skilgreindar samskiptaleiðir.

2. Ef lögbæra yfirvaldið, sem ber ábyrgð á framkvæmd eftirlits á samstæðugrundvelli, þarfnast upplýsinga, sem hafa þegar verið veittar öðru lögbæru yfirvaldi, skal það hafa samband við það yfirvald, þegar því verður við komið, til að koma í veg fyrir tvítekningu skýrslugjafar til hinna ýmsu yfirvalda, sem koma að eftirliti.

131. gr.

Til að auðvelda og koma á fót skilvirku eftirliti skal lögbært yfirvald sem ber ábyrgð á eftirliti á samstæðugrundvelli og önnur lögbær yfirvöld hafa skriflegt fyrirkomulag um samræmingu og samstarf.

Samkvæmt þessu fyrirkomulagi má fela lögbæru yfirvaldi, sem ber ábyrgð á eftirliti á samstæðugrundvelli, viðbótarverkefni og tilgreina má verklagsreglur fyrir ákvarðanatökuferlið og samvinnu við önnur lögbær yfirvöld.

Lögbærum yfirvöldum, sem eru ábyrg fyrir leyfisveitingu dótturfyrirtækis móðurfyrirtækis sem er lánastofnun, er heimilt, með tvíhliða samningum, að fela eftirlitsábyrgð sína í hendur lögbærum yfirvöldum sem veittu móðurfyrirtækinu leyfi og hafa eftirlit með því þannig að þau taki að sér að hafa eftirlit með dótturfyrirtækinu í samræmi við þessa tilskipun. Tilkynna skal framkvæmdastjórninni um tilvist og efni slíkra samninga. Hún skal senda slíkar upplýsingar til lögbærra yfirvalda hinna aðildarríkjanna og evrópsku bankanefndarinnar.

132. gr.

1. Lögbær yfirvöld skulu hafa náið samstarf sín á milli. Þau skulu veita hvert öðru allar upplýsingar sem eru nauðsynlegar eða skipta máli fyrir eftirlitsstarf hinna yfirvaldanna samkvæmt þessari tilskipun. Í þessu skyni skulu lögbær yfirvöld veita allar umbeðnar upplýsingar sem málið varðar og veita allar mikilvægar upplýsingar að eigin frumkvæði.

Upplýsingarnar sem um getur í fyrstu undirgrein skulu teljast mikilvægar ef þær gætu haft veigamikil áhrif á matið á fjárhagslegu heilbrigði lánastofnunar eða fjármálastofnunar í öðru aðildarríki.

Lögbær yfirvöld, sem bera ábyrgð á eftirliti á samstæðugrundvelli með móðurlánastofnunum í Evrópusambandinu og lánastofnunum sem er stjórnað af móðureignarhaldsfélögum á fjármálasviði í Evrópusambandinu, skulu einkum láta lögbærum yfirvöldum í öðrum aðildarríkjum, sem hafa eftirlit með dótturfyrirtækjum þessara móðurfyrirtækja, í té allar viðeigandi upplýsingar. Við ákvörðun á umfangi viðeigandi upplýsinga skal taka tillit til mikilvægis þessara dótturfyrirtækja innan fjármálakerfis þessarra aðildarríkja.

Mikilvægu upplýsingarnar sem um getur í fyrstu undirgrein skulu einkum fela í sér eftirfarandi:

a) greiningu á uppbyggingu allra samstæðna helstu lánastofnana í samstæðu og einnig á því hver lögbær yfirvöld lánastofnana í samstæðunni séu,

b) aðferðir við öflun upplýsinga frá lánastofnunum í samstæðu og sannprófun á þeim upplýsingum,

c) neikvæða þróun hjá lánastofnunum eða öðrum aðilum samstæðu sem gæti haft alvarleg áhrif á lánastofnanirnar og

d) ströng viðurlög og óvenjulegar ráðstafanir lögbærra yfirvalda í samræmi við þessa tilskipun, þ.m.t. álagning viðbótareiginfjárkrafna skv. 136. gr. og álagning hvers kyns takmarkana á notkun þróuðu mæliaðferðarinnar við útreikninga á eiginfjárkröfum skv. 105. gr.

2. Lögbæru yfirvöldin sem bera ábyrgð á eftirliti á samstæðugrundvelli með lánastofnunum sem er stjórnað af móðurlánastofnun í Evrópusambandinu skulu, þegar því verður við komið, hafa samband við lögbæra yfirvaldið sem um getur í 1. mgr. 129. gr. þegar þau vantar upplýsingar varðandi framkvæmd aðferða og aðferðafræði sem eru settar fram í þessari tilskipun og kunna nú þegar að vera tiltækar því lögbæra yfirvaldi.

3. Lögbær yfirvöld sem málið varðar skulu hafa samráð sín á milli áður en þau taka ákvörðun um eftirfarandi atriði ef þessar ákvarðanir eru mikilvægar fyrir eftirlitshlutverk annarra lögbærra yfirvalda:

a) breytingar á eignarhaldi, skipulagi eða stjórnunarháttum lánastofnana í samstæðu sem þarfnast samþykkis eða leyfis lögbærra yfirvalda og

b) ströng viðurlög eða óvenjulegar ráðstafanir lögbærra yfirvalda, þ.m.t. álagning viðbótareiginfjárkrafna skv. 136. gr. og álagning hvers kyns takmarkana á notkun þróuðu matsaðferðarinnar við útreikninga á eiginfjárkröfum skv. 105. gr.

Að því er varðar b-lið skal ávallt hafa samráð við lögbæra yfirvaldið sem ber ábyrgð á eftirliti á samstæðugrundvelli.

Lögbært yfirvald getur þó ákveðið að hafa ekki samráð í málum sem þola enga bið eða þegar slíkt samráð getur teflt skilvirkni ákvarðana í tvísýnu. Í því tilviki skal lögbæra yfirvaldið án tafar tilkynna öðrum lögbærum yfirvöldum um það.

133. gr.

1. Lögbær yfirvöld sem eru ábyrg fyrir eftirliti á samstæðugrundvelli skulu í því skyni krefjast fullra samstæðureikningsskila allra lána- og fjármálastofnana sem eru dótturfyrirtæki móðurfyrirtækis.

Lögbærum yfirvöldum er þó heimilt að mæla fyrir um hlutfallsleg samstæðureikningsskil ef þau telja að ábyrgð móðurfyrirtækis sem á hluta hlutafjár er takmörkuð við þann hluta vegna ábyrgðar annarra hluthafa eða félaga sem fullnægja kröfum um gjaldhæfi. Ábyrgð hinna hluthafanna og félaganna skal að fullu staðfest, ef nauðsyn krefur með formlegum undirrituðum skuldbindingum.

Ef tengsl eru á milli fyrirtækja í skilningi 1. mgr. 12. gr. tilskipunar 83/349/EBE skulu lögbær yfirvöld ákveða hvernig þeim skuli komið á samstæðugrundvöll.

2. Lögbær yfirvöld sem eru ábyrg fyrir eftirliti á samstæðugrundvelli skulu krefjast hlutfallslegra samstæðureikningsskila vegna hlutdeildar í lána- og fjármálastofnunum, sem er stjórnað af fyrirtæki sem er talið með í samstæðunni ásamt einu eða fleiri fyrirtækjum sem eru ekki talin með í samstæðunni, ef ábyrgð þessara fyrirtækja er takmörkuð við þann hluta hlutafjár sem þau eiga.

3. Þegar um er að ræða aðra hlutdeild eða önnur fjármagnstengsl en um getur í 1. og 2. mgr. skulu lögbær yfirvöld ákveða hvort og hvernig eigi að annast samstæðureikningsskil. Einkum er þeim heimilt að leyfa eða krefjast notkunar á hlutdeildaraðferðinni. Það felst þó ekki í þeirri aðferð að viðkomandi fyrirtæki heyri undir eftirlit á samstæðugrundvelli.

134. gr.

1. Með fyrirvara um 133. gr. skulu lögbær yfirvöld ákveða hvort og hvernig annast skuli samstæðureikningsskil í eftirfarandi tilvikum:

a) þegar, að mati lögbærra yfirvalda, lánastofnun hefur umtalsverð ítök í einni eða fleiri lána- eða fjármálastofnun, án þess að eiga hlutdeild í eða hafa önnur fjármagnstengsl við þessar stofnanir og

b) þegar tvær eða fleiri lána- eða fjármálastofnanir eru settar undir aðra sameiginlega stjórn en kveðið er á um í samningi eða stofnsamþykktum þeirra.

Einkum er lögbærum yfirvöldum heimilt að leyfa eða krefjast notkunar aðferðarinnar sem kveðið er á um í 12. gr. tilskipunar 83/349/EBE. Það felst þó ekki í þeirri aðferð að viðkomandi fyrirtæki heyri undir eftirlit á samstæðugrundvelli.

2. Ef krafist er eftirlits á samstæðugrundvelli samkvæmt 125. og 126. gr. skulu stoðþjónustufyrirtæki og eignastýringarfélög eins og þau eru skilgreind í tilskipun 2002/87/EB talin með í samstæðunni í þeim tilvikum og í samræmi við aðferðirnar sem mælt er fyrir um í 133. gr. og í 1. mgr. þessarar greinar.

135. gr.

Aðildarríkin skulu krefjast þess að þeir, sem í reynd stjórna starfsemi eignarhaldsfélags á fjármálasviði, hafi nægilega gott orð á sér og næga reynslu til að gegna þeim skyldum.

136. gr.

1. Lögbær yfirvöld skulu krefjast þess að hver sú lánastofnun sem uppfyllir ekki fyrirmæli þessarar tilskipunar grípi til nauðsynlegra aðgerða eða ráðstafana á fyrstu stigum til að takast á við aðstæðurnar.

Í þeim tilgangi skulu ráðstafanir þær sem lögbæru yfirvöldunum eru tiltækar ná yfir eftirfarandi:

a) að skylda lánastofnanir til þess að hafa eigið fé umfram lágmarkskröfurnar sem mælt er fyrir um í 75. gr.,

b) að krefjast þess að fyrirkomulag það, aðferðir, kerfi og áætlanir sem voru framkvæmd til að fara að 22. og 123. gr. verði styrkt,

c) að krefja þess að lánastofnanir beiti sérstakri niðurfærslustefnu eða meðferð á eignum að því er varðar eiginfjárkröfur,

d) að setja hömlur á eða takmarka viðskipti, rekstur eða net lánastofnana og

e) að krefjast þess að dregið verði úr áhættunni sem er innbyggð í starfsemi, afurðir og kerfi lánastofnana.

Samþykkt þessara ráðstafana skal vera með fyrirvara um 2. hluta 1. kafla.

2. Lögbær yfirvöld skulu gera sérstaka eiginfjárkröfu umfram lágmarkskröfurnar sem mælt er fyrir um í 75. gr., a.m.k. á lánastofnanirnar sem uppfylla ekki kröfurnar sem mælt er fyrir um í 22., 109. og 123. gr., eða ef neikvæð ákvörðun hefur verið tekin vegna þeirra varðandi málefnið sem er lýst í 3. mgr. 124. gr., ef beiting annarra ráðstafana ein og sér er ólíkleg til að bæta fyrirkomulag, aðferðir, kerfi og áætlanir á fullnægjandi hátt innan viðeigandi tímaramma.

137. gr.

1. Þar til samstæðuaðferðir hafa verið samræmdar frekar skulu aðildarríkin kveða á um að ef móðurfyrirtæki einnar lánastofnunar eða fleiri er blandað eignarhaldsfélag skuli lögbær yfirvöld sem eru ábyrg fyrir starfsleyfi og eftirliti með þessum lánastofnunum krefjast þess að þau veiti allar upplýsingar sem myndu skipta máli vegna eftirlits með dótturlánastofnununum, annaðhvort með því að snúa sér beint til blandaða eignarhaldsfélagsins og dótturfyrirtækja þess eða í gegnum dótturlánastofnanir.

2. Aðildarríkin skulu kveða á um að lögbærum yfirvöldum þeirra sé heimilt að framkvæma, eða láta utanaðkomandi skoðunarmenn framkvæma eftirlit á staðnum til að fá staðfestar upplýsingar frá blönduðum eignarhaldsfélögum og dótturfyrirtækjum þeirra. Ef blandaða eignarhaldsfélagið eða eitt dótturfyrirtækja þess er vátryggingafélag er einnig heimilt að beita málsmeðferðinni í 1. mgr. 140. gr. Ef blandað eignarhaldsfélag eða eitt dótturfyrirtækja þess er í öðru aðildarríki en dótturlánastofnunin skal framkvæma eftirlit á staðnum í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 141. gr.

138. gr.

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að ef móðurfyrirtæki einnar eða fleiri lánastofnana er blandað eignarhaldsfélag hafi lögbær yfirvöld, sem bera ábyrgð á eftirliti með þessum lánastofnunum, almennt eftirlit með viðskiptum milli lánastofnunarinnar og blandaða eignarhaldsfélagsins og dótturfyrirtækja þess, með fyrirvara um 5. þátt 2. kafla.

2. Lögbær yfirvöld skulu krefjast þess að lánastofnanir hafi til staðar viðeigandi ferli í áhættustýringu og viðeigandi innri eftirlitskerfi, þ.m.t. áreiðanlegar skýrslugjafar- og reikningsskilaaðferðir, til að geta á viðeigandi hátt greint, metið, fylgst með og stýrt viðskiptum við móðurfyrirtæki sitt, sem er blandað eignarhaldsfélag, og dótturfyrirtæki þess. Lögbær yfirvöld skulu krefjast þess að lánastofnunin gefi skýrslu um öll umtalsverð viðskipti við þessa aðila nema þau sem um getur í 110. gr. Lögbær yfirvöld skulu hafa eftirlit með þessum aðferðum og umtalsverðum viðskiptum.

Ef slík viðskipti innan samstæðu ógna fjárhagsstöðu lánastofnunar skal lögbært yfirvald, sem ber ábyrgð á eftirliti með stofnuninni, gera viðeigandi ráðstafanir.

139. gr.

1. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að engar lagalegar hindranir komi í veg fyrir að fyrirtæki sem heyra undir eftirlit á samstæðugrundvelli, blönduð eignarhaldsfélög og dótturfyrirtæki þeirra eða dótturfyrirtæki af þeirri gerð sem um getur í 3. mgr. 127. gr. skiptist á upplýsingum sem skipta máli vegna eftirlits í samræmi við 124. til 138. gr. og þessa grein.

2. Ef móðurfyrirtæki og einhver af dótturfyrirtækjum þess, sem eru lánastofnanir, eru staðsett í mismunandi aðildarríkjum skulu lögbær yfirvöld hvers aðildarríkis senda hvert öðru allar viðeigandi upplýsingar til að gera eftirlit á samstæðugrundvelli kleift eða auðvelda það.

Ef lögbær yfirvöld aðildarríkisins þar sem móðurfyrirtækið er staðsett annast ekki sjálf eftirlit á samstæðugrundvelli skv. 125. og 126. gr. geta lögbær yfirvöld sem bera ábyrgð á slíku eftirliti farið fram á að þau afli viðeigandi upplýsinga hjá móðurfyrirtækinu vegna eftirlits á samstæðugrundvelli og sendi sér þær.

3. Aðildarríki skulu heimila lögbærum yfirvöldum að skiptast á upplýsingunum sem um getur í 2. mgr. að því gefnu, hvað varðar eignarhaldsfélög á fjármálasviði, fjármálastofnanir eða stoðþjónustufyrirtæki, að öflun upplýsinga eða yfirráð yfir þeim feli á engan hátt í sér að þau yfirvöld skuli gegna eftirlitshlutverki gagnvart þessum stofnunum eða einstökum fyrirtækjum.

Á sama hátt skulu aðildarríkin heimila lögbærum yfirvöldum að skiptast á upplýsingunum sem um getur í 137. gr., að því gefnu að öflun upplýsinga eða yfirráð yfir þeim feli á engan hátt í sér að þau yfirvöld gegni eftirlitshlutverki gagnvart blönduðu eignarhaldsfélagi og dótturfyrirtækjum þess sem eru ekki lánastofnanir eða gagnvart dótturfyrirtækjum af þeirri gerð sem fjallað er um í 3. mgr. 127. gr.

140. gr.

1. Ef lánastofnun, eignarhaldsfélag á fjármálasviði eða blandað eignarhaldsfélag stjórnar einu eða fleiri dótturfyrirtækjum sem eru vátryggingafélög eða öðrum fyrirtækjum sem bjóða upp á fjárfestingarþjónustu sem eru háð leyfi skulu lögbær yfirvöld og yfirvöld sem falið er að annast opinbert eftirlit með vátryggingafélögunum eða þeim fyrirtækjum sem bjóða upp á fjárfestingarþjónustu hafa með sér nána samvinnu. Með fyrirvara um ábyrgð hvers fyrir sig skulu þessi yfirvöld veita hvert öðru allar upplýsingar sem kunna að auðvelda störf þeirra og heimila eftirlit með starfsemi og heildarfjárhagsstöðu fyrirtækjanna sem þau hafa eftirlit með.

2. Um upplýsingarnar sem eru fengnar við eftirlit á samstæðugrundvelli, einkum upplýsingaskipti milli lögbærra yfirvalda sem kveðið er á um í þessari tilskipun, gildir þagnarskylda eins og kveðið er á um í 2. þætti 1. kafla.

3. Lögbær yfirvöld sem bera ábyrgð á eftirliti á samstæðugrundvelli skulu gera skrár yfir eignarhaldsfélög á fjármálasviði sem um getur í 2. mgr. 71. gr. Þessar skrár skal senda lögbærum yfirvöldum hinna aðildarríkjanna og framkvæmdastjórninni.

141. gr.

Ef lögbær yfirvöld eins aðildarríkis óska í ákveðnum tilvikum við beitingu þessarar tilskipunar eftir að fá staðfestar upplýsingar um lánastofnun, eignarhaldsfélag á fjármálasviði, fjármálastofnun, stoðþjónustufyrirtæki, blandað eignarhaldsfélag, dótturfyrirtæki af þeirri gerð sem fjallað er um í 137. gr. eða í 3. mgr. 127. gr., sem er í öðru aðildarríki, þurfa þau að fara fram á það við lögbær yfirvöld í hinu aðildarríkinu að fá þessa staðfestingu. Yfirvöldin sem fá slíka beiðni skulu á grundvelli valdheimilda sinna bregðast við henni, annaðhvort með því að veita staðfestinguna sjálf eða með því að leyfa yfirvöldunum sem lögðu beiðnina fram, eða endurskoðanda eða sérfræðingi, að afla hennar.Lögbæra yfirvaldið, sem lagði fram beiðnina, getur tekið þátt í sannprófun sem það annast ekki sjálft ef það óskar eftir því.

142. gr.

Með fyrirvara um ákvæði refsilaga skulu aðildarríki tryggja að viðurlögum eða ráðstöfunum sem miða að því að binda enda á uppvís brot eða uppræta orsakir þeirra sé beitt gagnvart eignarhaldsfélögum á fjármálasviði og blönduðum eignarhaldsfélögum, eða stjórnendum þeirra, sem brjóta ákvæði laga eða stjórnsýslufyrirmæla sem sett eru til framkvæmdar 124.–141. gr. og þessari grein. Lögbær yfirvöld skulu hafa með sér nána samvinnu til að tryggja að þessi viðurlög eða ráðstafanir beri tilætlaðan árangur, einkum ef yfirstjórn eða höfuðstöðvar eignarhaldsfélags á fjármálasviði eða blandaðs eignarhaldsfélags eru ekki á aðalskrifstofu þess.

143. gr.

1. Ef lánastofnun, þar sem móðurfyrirtækið er lánastofnun eða eignarhaldsfélag á fjármálasviði með aðalskrifstofu sína í þriðja landi, er ekki undir eftirliti á samstæðugrundvelli skv. 125. og 126. gr. skulu lögbæru yfirvöldin sannprófa hvort lánastofnunin eigi að sæta eftirliti á samstæðugrundvelli af hálfu lögbærs yfirvalds í þriðja landi sem jafngildir því eftirliti sem fellur undir meginreglurnar sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.

Lögbæra yfirvaldið, sem bæri ábyrgð á eftirliti á samstæðugrundvelli ef þriðja undirgreinin gilti, skal framkvæma sannprófunina að beiðni móðurfyrirtækisins eða einhvers af eftirlitsskyldu aðilunum sem fengið hafa starfsleyfi í Bandalaginu eða að eigin frumkvæði. Lögbæra yfirvaldið skal hafa samráð við önnur lögbær yfirvöld sem koma að málinu.

2. Framkvæmdastjórnin getur óskað eftir því að evrópska bankanefndin veiti almennar leiðbeiningar um það hvort líklegt sé að markmiðum með eftirliti á samstæðugrundvelli, eins og þau eru skilgreind í þessum kafla, verði náð með eftirlitsfyrirkomulagi lögbærra yfirvalda í þriðju löndum þegar um er að ræða lánastofnanir þar sem móðurfyrirtækið hefur aðalskrifstofu sína í þriðja landi. Nefndin skal fara yfir allar slíkar leiðbeiningar og taka tillit til allra breytinga á eftirlitsfyrirkomulagi á samstæðugrundvelli sem slík lögbær yfirvöld beita.

Lögbæra yfirvaldið sem annast sannprófunina, sem er tilgreind í fyrstu undirgrein 1. mgr., skal taka tillit til allra slíkra leiðbeininga. Þess vegna skal lögbæra yfirvaldið hafa samráð við nefndina áður en það tekur ákvörðun.

3. Sé slíkt jafngilt eftirlit ekki fyrir hendi skulu aðildarríki beita ákvæðum þessarar tilskipunar á lánastofnanir á hliðstæðan hátt eða heimila lögbærum yfirvöldum sínum að beita öðrum viðeigandi eftirlitsaðferðum til að ná markmiðum með eftirliti með lánastofnunum á samstæðugrundvelli.

Lögbæra yfirvaldið, sem myndi bera ábyrgð á eftirliti á samstæðugrundvelli, skal samþykkja þessar eftirlitsaðferðir að höfðu samráði við önnur lögbær yfirvöld sem málið varðar.

Lögbær yfirvöld geta einkum krafist þess að komið sé á fót eignarhaldsfélagi á fjármálasviði sem hefur aðalskrifstofu sína í Bandalaginu og beitt ákvæðum um eftirlit á samstæðugrundvelli gagnvart stöðu þess eignarhaldsfélags í samstæðu.

Eftirlitsaðferðirnar skulu ætlaðar til að ná markmiðum eftirlits á samstæðugrundvelli, eins og þau eru skilgreind í þessum kafla, og skal tilkynna öðrum lögbærum yfirvöldum sem málið varðar og framkvæmdastjórninni um þær.

2. þáttur

Upplýsingagjöf lögbærra yfirvalda

144. gr.

Lögbær yfirvöld skulu birta eftirfarandi upplýsingar:

a) texta laga, reglugerða og stjórnsýslureglna og almennar leiðbeiningar sem aðildarríki þeirra hafa samþykkt á sviði varfærnisreglna,

b) hvernig unnt er að nýta þá valkosti og svigrúm sem er að finna í löggjöf Bandalagsins,

c) almennar viðmiðanir og aðferðir sem þau nota við þá endurskoðun og mat sem um getur í 124. gr. og

d) með fyrirvara um ákvæðin sem mælt er fyrir um í 2. hluta 1. kafla, tölfræðileg gagnasöfn um lykilþætti við framkvæmd rammans um varfærniseftirlit í hverju aðildarríki.

Upplýsingarnar sem kveðið er á um í fyrstu undirgrein skulu vera fullnægjandi til þess að unnt sé að gera markvissan samanburð á aðferðunum sem lögbær yfirvöld mismunandi aðildarríkja hafa tileinkað sér. Upplýsingarnar skulu birtar á sameiginlegu sniði og uppfærðar reglulega. Upplýsingarnar skulu vera aðgengilegar á rafrænu sniði á einum stað.

5. KAFLI

Upplýsingagjöf lánastofnana

145. gr.

1. Að því er varðar þessa tilskipun skulu lánastofnanir birta opinberlega upplýsingar þær sem mælt er fyrir um í 2. hluta XII. viðauka, með fyrirvara um ákvæðin sem mælt er fyrir um í 146. gr.

2. Viðurkenning af hálfu lögbærra yfirvalda skv. 2. og 3. undirlið 3. hluta 2. kafla og 105. gr. á þeim gerningum og aðferðum sem um getur í 3. hluta XII. viðauka skal vera með fyrirvara um opinbera birtingu lánastofnana á upplýsingunum sem þar er mælt fyrir um.

3. Lánastofnanir skulu samþykkja formlega stefnu til að fara að kröfunum um upplýsingagjöf sem mælt er fyrir um í 1. og 2. mgr. og hafa markað stefnu um mat á því hvort upplýsingagjöfin sé viðeigandi, þ.m.t. sannprófun og tíðni birtingar hennar.

4. Lánastofnanir skulu, sé þess óskað, útskýra ákvarðanir sínar um mat fyrir litlum og meðalstórum fyrirtækjum og öðrum fyrirtækjum sem sækja um lán og veita skriflegar útskýringar þegar um það er beðið. Ef það sýnir sig að sjálfviljug skuldbinding af hálfu geirans er ófullnægjandi hvað þetta varðar, skal samþykkja ráðstafanir á landsvísu. Stjórnsýslukostnaðurinn við útskýringarnar þarf að vera í viðeigandi hlutfalli við stærð lánsins.

146. gr.

1. Þrátt fyrir 145. gr. geta lánastofnanir sleppt því að birta einn eða fleiri liði af þeim upplýsingum sem eru taldar upp í 2. hluta XII. viðauka, ef upplýsingarnar sem eru veittar við slíka birtingu eru ekki taldar mikilvægar, í ljósi viðmiðananna sem eru tilgreindar í 1. lið 1. hluta XII. viðauka.

2. Þrátt fyrir 145. gr. geta lánastofnanir sleppt því að birta einn eða fleiri liði af þeim upplýsingum sem eru taldar upp í 2. og 3. hluta XII. viðauka ef þeir liðir innihalda upplýsingar sem, í ljósi viðmiðs sem er tilgreint í 2. og 3. lið 1. hluta XII. viðauka teljast eign lánastofnunarinnar eða eru trúnaðarmál.

3. Í þeim undantekningartilvikum sem um getur í 2. mgr. skal viðkomandi lánastofnun tilgreina, þegar hún birtir upplýsingar sínar, að tilteknir upplýsingaliðir séu ekki birtir, ástæður þess að þeir eru ekki birtir og birta almennari upplýsingar um efni krafnanna um upplýsingagjöf, nema flokka eigi þær sem eign lánastofnunarinnar eða sem trúnaðarmál samkvæmt viðmiðununum sem eru settar fram í 2. og 3. lið 1. hluta XII. viðauka.

147. gr.

1. Lánastofnanir skulu a.m.k. árlega birta upplýsingarnar sem krafist er í 145. gr. Upplýsingarnar skulu birtar eins fljótt og auðið er.

2. Lánastofnanir skulu einnig ákvarða hvort tíðari birting en kveðið er á um í 1. mgr. er nauðsynleg, í ljósi viðmiðananna sem eru settar fram í 4. lið 1. hluta XII. viðauka.

148. gr.

1. Lánastofnanir geta ákvarðað viðeigandi upplýsingamiðil, birtingarstað og aðferðir við sannprófun til þess að fara með árangursríkum hætti að upplýsingakröfunum sem mælt er fyrir um í 145. gr. Að því marki sem það er mögulegt, skal birta allar upplýsingar í einum miðli eða á einum stað.

2. Líta má svo á að með samsvarandi upplýsingagjöf af hálfu lánastofnana, til að uppfylla reikningsskilakröfur, skráningarkröfur eða aðrar kröfur, sé farið að 145. gr. Ef upplýsingar er ekki að finna í reikningsskilunum skulu lánastofnanir tilgreina hvar þær er að finna.

149. gr.

Þrátt fyrir 146.–148. gr. skulu aðildarríkin veita lögbærum yfirvöldum umboð til að krefja lánastofnanir um:

a) að birta einn eða fleiri liði af þeim upplýsingum sem um getur í 2. og 3. hluta XII. viðauka,

b) að birta einn eða fleiri liði upplýsinga oftar en einu sinni á ári og setja lokafrest á birtingu,

c) að nota sérstakan miðil og staði fyrir upplýsingagjöf, aðra en reikningsskilin og

d) að nota sérstakar aðferðir við sannprófun á upplýsingagjöf sem ekki fellur undir lögboðna endurskoðun.

VI. BÁLKUR

FRAMKVÆMDAVALD

150. gr.

1. Með fyrirvara um tillöguna sem framkvæmdastjórnin á að leggja fram skv. 62. gr. og að því er varðar eigið fé skal samþykkja tæknilega aðlögun á eftirfarandi sviðum í samræmi við aðferðina sem um getur í 2. mgr. 151. gr.:

a) nánari útlistun á skilgreiningum svo að taka megi tillit til þróunar á fjármálamörkuðum við beitingu þessarar tilskipunar,

b) nánari útlistun á skilgreiningum til að tryggja samræmda beitingu tilskipunar þessarar,

c) samræming hugtaka og afmörkun skilgreininga í samræmi við síðari lagasetningu um lánastofnanir og skyld mál,

d) tæknileg aðlögun á skránni í 2. gr.,

e) breyting upphæðar stofnfjár, eins og mælt er fyrir um í 9. gr., vegna þróunar í efnahags- og peningamálum,

f) aukning við efnið í upptalningunni sem um getur í 23. og 24. grein og birt er í I. viðauka eða breytingar á orðalagi í henni vegna þróunar á fjármálamörkuðum,

g) þau svið sem lögbær yfirvöld skulu skiptast á upplýsingum um eins og talið eru upp í 42. gr.,

h) tæknileg aðlögun í 56.–67. gr. og 74. gr. vegna þróunar í reikningsskilastöðlum eða -kröfum sem taka mið af löggjöf Bandalagsins eða með tilliti til samleitni eftirlitsvenja,

i) breyting á skránni yfir flokka áhættuskuldbindinga í 79. og 86. gr. til að taka megi tillit til þróunar á fjármálamörkuðum,

j) fjárhæð sem er tilgreind í c-lið 2. mgr. 79. gr., a-lið 4. mgr. 86. gr., 5. lið í 1. hluta VII. viðauka og 15. lið 2. hluta VII. viðauka til að taka tillit til áhrifa verðbólgu,

k) skrár og flokkanir á liðum utan efnahagsreiknings í II. og IV. viðauka og meðferð þeirra við ákvörðun á virði áhættuskuldbindinga að því er varðar 3. þátt 2. kafla V. bálks eða

l) breytingar á ákvæðunum í V. til XII. viðauka til að taka megi tillit til þróunar á fjármálamörkuðum (einkum nýjum fjármálaafurðum) eða þróunar í reikningsskilastöðlum eða -kröfum sem taka mið af löggjöf Bandalagsins, eða með tilliti til samleitni eftirlitsaðferða.

2. Framkvæmdastjórnin getur samþykkt eftirfarandi framkvæmdarráðstafanir í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 151. gr.:

a) lýsingu á umfangi skyndilegra og ófyrirsjáanlegra breytinga á vöxtum sem um getur í 5. mgr. 124. gr.,

b) tímabundna lækkun á lágmarksupphæð eigin fjár sem mælt er fyrir um í 75. gr. og/eða á áhættuvog sem mælt er fyrir um í 3. þætti 2. kafla V. bálks til að taka megi tillit til sérstakra aðstæðna,

c) nánari útlistun á undanþágum sem kveðið er á um í 4. mgr. 111. gr., 113. gr., 115. og 116. gr., með fyrirvara um skýrsluna sem um getur í 119. gr.,

d) lýsingu á þeim lykilþáttum sem birta á tölfræðileg gagnasöfn um samkvæmt d-lið 1. mgr. 144. gr. eða

e) nánari sundurliðun á framsetningu, gerð, efnisyfirliti og árlegum birtingardegi upplýsinga sem kveðið er á um í 144. gr.

3. Engin framkvæmdarráðstafananna, sem öðlast hafa gildi, má leiða til breytinga á grundvallarákvæðum tilskipunar þessarar.

4. Með fyrirvara um framkvæmdarráðstafanirnar, sem þegar hafa verið samþykktar, skal beiting ákvæða þessarar tilskipunar sem krefjast samþykktar tæknireglna, breytinga og ákvarðana, í samræmi við 2. mgr., falla úr gildi tveimur árum eftir samþykkt þessarar tilskipunar og eigi síðar en 1. apríl 2008. Evrópuþinginu og ráðinu er heimilt, að fenginni tillögu framkvæmdastjórnarinnar og í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans, að endurnýja viðkomandi ákvæði og skulu þau endurskoða þau áður en tímabilinu lýkur eða fyrir dagsetninguna sem um getur í þessari málsgrein, eftir því hvort kemur á undan.

151. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar evrópsku bankanefndarinnar, sem komið var á fót með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/10/EB ([1]).

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gildir málsmeðferðin sem mælt er fyrir um í 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, með hliðsjón af ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 8. gr. hennar.

Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrír mánuðir.

3. Nefndin setur sér starfsreglur.

VII. BÁLKUR

BRÁÐABIRGÐA- OG LOKAÁKVÆÐI

1. KAFLI

Bráðabirgðaákvæði

152. gr.

1. Lánastofnanir sem reikna út fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga í samræmi við 84.–89. gr. skulu á fyrsta, öðru og þriðja tólf mánaða tímabili eftir 31. desember 2006 vera með eigið fé sem er ávallt meira en eða jafnt og fjárhæðirnar sem eru tilgreindar í 3., 4. og 5. mgr.

2. Lánastofnanir sem nota þróaðar mæliaðferðir eins og tilgreint er í 105. gr. við útreikning á eiginfjárkröfum sínum vegna rekstraráhættu skulu á öðru og þriðja tólf mánaða tímabili eftir 31. desember 2006 vera með eigið fé sem er ávallt meira en eða jafnt og fjárhæðirnar sem eru tilgreindar í 4. og 5. mgr.

3. Á fyrsta tólf mánaða tímabilinu sem um getur í 1. mgr. skal fjárhæð eigin fjár vera 95% af heildarlágmarksfjárhæð eigin fjár sem lánastofnuninni væri skylt að vera með á því tímabili skv. 4. gr. tilskipunar ráðsins 93/6/EBE frá 15. mars 1993 um eiginfjárkröfur fjárfestingarfyrirtækja og lánastofnana ([2]) eins og sú tilskipun og tilskipun 2000/12/EB voru fyrir 1. janúar 2007.

4. Á öðru tólf mánaða tímabilinu sem um getur í 1. mgr. skal fjárhæð eigin fjár vera 90% af heildarlágmarksfjárhæð eigin fjár sem lánastofnuninni væri skylt að vera með á því tímabili skv. 4. gr. tilskipunar 93/6/EBE eins og sú tilskipun og tilskipun 2000/12/EB voru fyrir 1. janúar 2007.

5. Á þriðja tólf mánaða tímabilinu sem um getur í 1. mgr. skal fjárhæð eigin fjár vera 80% af heildarlágmarksupphæð eigin fjár sem lánastofnuninni væri skylt að vera með á því tímabili skv. 4. gr. tilskipunar 93/6/EBE eins og sú tilskipun og tilskipun 2000/12/EB voru fyrir 1. janúar 2007.

6. Kröfunum í 1.–5. mgr. skal fullnægt á grundvelli fjárhæða eigin fjár sem hafa að fullu verið aðlagaðar þannig að þær endurspegli muninn á útreikningi á eigin fé samkvæmt tilskipun 2000/12/EB og tilskipun 93/6/EBE eins og þær tilskipanir voru fyrir 1. janúar 2007 og útreikningi á eigin fé samkvæmt þessari tilskipun, mun sem leiðir af aðgreindri meðferð á væntu tapi og ófyrirsjáanlegu tapi skv. 84.–89. gr. þessarar tilskipunar.

7. Að því er varðar 1.–6. mgr. þessarar greinar skal 68.–73. gr. gilda.

8. Lánastofnunum er heimilt, til 1. janúar 2008, að líta svo á að í stað greinanna sem mynda staðalaðferðina sem er sett fram í 1. undirlið í 3. hluta 2. kafla V. bálks, komi 42.–46. gr. tilskipunar 2000/12/EB eins og þær greinar voru fyrir 1. janúar 2007.

9. Ef heimildin, sem um getur í 8. mgr., er notuð skal eftirfarandi gilda varðandi ákvæði tilskipunar 2000/12/EB:

a) ákvæði þeirrar tilskipunar sem um getur í 42.–46. gr. skulu gilda eins og þau voru fyrir 1. janúar 2007,

b) „verðmæti með tilliti til áhættu“ eins og um getur í 1. mgr. 42. gr. í þeirri tilskipun merkir „fjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar“,

c) tölurnar sem fást í 2. mgr. 42. gr. þeirrar tilskipunar skulu teljast fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga,

d) „lánaafleiður“ skulu vera í skrá yfir liði undir „Mikil áhætta“ í II. viðauka við þá tilskipun, og

e) meðhöndlunin sem er sett fram í 3. mgr. 43. gr. þeirrar tilskipunar skal gilda um afleiðugerninga sem eru taldir upp í IV. viðauka þeirrar tilskipunar, hvort sem þeir eru í eða utan efnahagsreiknings og tölurnar sem fást með meðhöndluninni sem er sett fram í III. viðauka skulu teljast fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga.

10. Ef heimildin sem um getur í 8. mgr. er notuð skal eftirfarandi gilda í tengslum við meðferðina á áhættuskuldbindingum þar sem staðalaðferðin er notuð:

a) ákvæði 3. undirþáttar 3. þáttar 2. kafla V. bálks, sem varða færslur vegna mildunar útlánaáhættu, skulu ekki gilda,

b) lögbærum yfirvöldum er heimilt að beita ekki 4. undirþætti 3. þáttar 2. kafla V. bálks varðandi meðferð verðbréfunar.

([1]) Stjtíð. ESB L 3, 7.1.2004, bls. 36.
([2]) Stjtíð. EB L 141, 11.6.1993, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2005/1/EB.

11. Ef heimildin, sem um getur í 8. mgr. er notuð skal minnka eiginfjárkröfurnar vegna rekstraráhættu skv. d-lið 75. gr. um hundraðshluta sem samsvarar hlutfalli virðis áhættuskuldbindinga lánastofnunarinnar sem fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga eru reiknaðar út fyrir, í samræmi við heimildina sem um getur í 8. mgr., af heildarvirði áhættuskuldbindinga hennar.

12. Ef lánastofnun reiknar út fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga fyrir allar áhættuskuldbindingar sínar í samræmi við heimildina sem um getur í 8. mgr. geta 48.–50. gr. tilskipunar 2000/12/EB, sem varða stórar áhættuskuldbindingar, gilt eins og þær voru fyrir 1. janúar 2007.

13. Ef heimildin sem um getur í 8. mgr. er notuð skulu tilvísanir í 78.–83. gr. þessarar tilskipunar teljast tilvísanir í 42.–46. gr. tilskipunar 2000/12/EB eins og þær greinar voru fyrir 1. janúar 2007.

14. Ef heimildin sem um getur í 8. mgr. er notuð, skulu 123., 124., 145. og 149. gr. ekki gilda fyrr en þann dag sem um getur þar.

153. gr.

Við útreikning á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga vegna áhættuskuldbindinga, sem verða til vegna eignaleigusamninga á skrifstofum eða öðru viðskiptahúsnæði sem er á yfirráðasvæði þeirra og uppfyllir viðmiðanirnar sem eru settar fram í 54. lið í 1. hluta VI. viðauka, geta lögbær yfirvöld, fram til 31. desember 2012, heimilað 50% áhættuvog án þess að 55. og 56. lið 1. hluta VI. viðauka sé beitt.

Fram til 31. desember 2010 geta lögbær yfirvöld, í þeim tilgangi að skilgreina tryggðan hluta láns sem komið er fram yfir gjalddaga að því er varðar VI. viðauka, fært tryggingu aðra en hæfa tryggingu eins og segir í 90.–93. gr.

Við útreikning á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga að því er varðar 4. lið 1. hluta VI. viðauka, skal, fram til 31. desember 2012, nota sömu áhættuvog í tengslum við áhættuskuldbindingar ríkisstjórna eða seðlabanka aðildarríkja, sem eru tilgreindar í og fjármagnaðar með gjaldmiðli hvaða aðildarríkis sem er, og yrði notuð á slíkar áhættuskuldbindingar tilgreindar í og fjármagnaðar með gjaldmiðli ríkis þeirra.

154. gr.

1. Fram til 31. desember 2011 geta lögbær yfirvöld í hverju aðildarríki, að því er varðar 61. lið 1. hluta VI. viðauka, ákveðið að fjöldi daga fram yfir gjalddaga verði allt að 180 vegna áhættuskuldbindinga mótaðila, sem eru á yfirráðasvæði þeirra, og eru tilgreindar í 12.–17. lið og 41.–43. lið í 1. hluta VI. viðauka, ef það er við hæfi vegna staðbundinna aðstæðna. Tilgreindur fjöldi getur verið mismunandi milli afurðaflokka.

Lögbær yfirvöld, sem nota ekki heimildina sem kveðið er á um í fyrstu undirgreininni í tengslum við áhættuskuldbindingar mótaðila sem eru á yfirráðasvæði þeirra, geta ákveðið fleiri daga að því er varðar áhættuskuldbindingar mótaðila sem eru á yfirráðasvæðum annarra aðildarríkja, ef lögbær yfirvöld þeirra aðildarríkja hafa notað þá heimild. Tilgreindur fjöldi daga skal vera milli 90 daga og þess fjölda daga sem hin lögbæru yfirvöldin hafa ákveðið að því er varðar áhættuskuldbindingar slíkra mótaðila á yfirráðasvæði þeirra.

2. Heimilt er, að því er varðar lánastofnanir sem sækja um að fá að nota innramatsaðferðina fyrir 2010 og með fyrirvara um samþykki lögbærra yfirvalda, að lækka kröfuna um þriggja ára notkun, sem er mælt fyrir um í 3. mgr. 84. gr., í tímabil sem er ekki skemmra en eitt ár fram til 31. desember 2009.

3. Heimilt er, að því er varðar lánastofnanir sem sækja um að fá nota eigið mat á tapi að gefnum vanefndum og/eða breytistuðlum, að lækka kröfuna um þriggja ára notkun, sem mælt er fyrir um í 4. mgr. 84. gr., í tvö ár til 31. desember 2008.

4. Fram til 31. desember 2012 geta lögbær yfirvöld í hverju aðildarríki leyft lánastofnunum að beita áfram á hlutdeildir þeirrar tegundar sem settar eru fram í o-lið 57. gr. og keyptar voru fyrir 20. júlí 2006, þeirri meðferð sem sett er fram í 38. gr. tilskipunar 2000/12/EB, eins og sú grein var fyrir 1. janúar 2007.

5. Fram til 31. desember 2010 skal áhættuskuldbindingavegið meðaltal taps að gefnum vanefndum vegna allra smásöluáhættuskuldbindinga, sem eru tryggðar með íbúðarhúsnæði og njóta ekki góðs af ábyrgðum ríkisstjórna, ekki vera lægra en 10%.

6. Fram til 31. desember 2017 geta lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum undanþegið frá innramatsaðferðinni tilteknar stöður í hlutabréfum, sem lánastofnanir og dótturfyrirtæki lánastofnana í Evrópusambandinu í því aðildarríki eiga þann 31. desember 2007.

Undanþegna staðan skal metin sem fjöldi hlutabréfanna hinn 31. desember 2007 og öll viðbótarhlutabréf sem eru bein afleiðing þessarar eignarhlutdeildar, svo fremi sem þau auki ekki við hlutfallslegan eignarhluta í fjárfestingarfélagi.

Ef hlutfallslegur eignarhluti í tiltekinni eignarhlutdeild eykst við kaup skal umframhluti eignarhlutdeildarinnar ekki falla undir undanþáguna. Undanþágan skal heldur ekki gilda um eignarhlutdeildir sem hún tók upphaflega til en sem hafa verið seldar og síðan keyptar aftur. Hlutabréfaáhætta sem fellur undir þessi bráðabirgðaákvæði skal vera með fyrirvara um eiginfjárkröfur sem reiknaðar eru út í samræmi við 1. undirþátt 3. þáttar í 2. kafla V. bálks.

7. Að því er varðar áhættuskuldbindingar fyrirtækja geta lögbær yfirvöld í hverju aðildarríki fram til 31. desember 2011 ákveðið þann fjölda daga fram yfir gjalddaga sem allar lánastofnanir í lögsögu þess skulu fylgja samkvæmt skilgreiningunni á „vanskilum“, sem er sett fram í 44. lið í 4. hluta VII. viðauka, að því er varðar útlán til slíkra mótaðila

sem eru í þessu aðildarríki. Tiltekinn fjöldi daga skal vera frá 90 dögum og allt að 180 dögum ef það er við hæfi vegna staðbundinna aðstæðna. Lögbær yfirvöld skulu setja fjölda daga fram yfir gjalddaga sem ekki er meiri en fjöldinn sem settur er af lögbærum yfirvöldum í viðkomandi aðildarríki, vegna áhættuskuldbindinga slíkra mótaðila sem staðsettir eru á yfirráðasvæðum annarra aðildarríkja.

155. gr.

Fram til 31. desember 2012 geta aðildarríkin, að því er varðar lánastofnanir þar sem viðeigandi mælikvarði fyrir viðskiptasviðið markaðsviðskipti *(e. trading and sales)* stendur fyrir að minnsta kosti 50% af samtölu viðeigandi mælikvarða fyrir öll viðskiptasvið þeirra, í samræmi við 1.–4. lið í 2. hluta X. viðauka, notað hlutfallið 15% á viðskiptasviðið markaðsviðskipti.

2. KAFLI

Lokaákvæði

156. gr.

Framkvæmdastjórnin skal, í samstarfi við aðildarríkin og að teknu tilliti til framlags Seðlabanka Evrópu, fylgjast reglulega með því hvort þessi tilskipun í heild sinni, ásamt tilskipun 2006/49/EB, hafi veruleg áhrif á hagsveifluna og, í ljósi þeirrar skoðunar, skal íhuga hvort þörf sé á hliðarráðstöfunum.

Framkvæmdastjórnin skal, á grundvelli þessarar greiningar og að teknu tilliti til framlags Seðlabanka Evrópu, taka saman skýrslu á tveggja ára fresti og senda hana til Evrópuþingsins og ráðsins, ásamt viðeigandi tillögum. Við gerð skýrslunnar skal taka fullt tillit til framlags lántakenda og lánveitenda.

Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 1. janúar 2012, endurskoða og gefa skýrslu um beitingu þessarar tilskipunar, með sérstaka áherslu á alla þætti 68.–73. gr., 80. gr. (7. og 8. mgr.) og 129. gr. og senda þessa skýrslu til þingsins og ráðsins ásamt viðeigandi tillögum.

157. gr.

1. Aðildarríkin skulu, eigi síðar en 31. desember 2006, samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að 4., 22., 57., 61.–64., 66., 68.–106., 108., 110.–115., 117.–119., 123.–127., 129.–132., 133., 136., 144.–149. og 152.–155. gr. og II., III., og V. til XII. viðauka. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni þ essi ákvæði og samsvörunartöflu yfir viðkomandi ákvæði og þessa tilskipun.

Þrátt fyrir 3. mgr. skulu aðildarríki beita þessum ákvæðum frá 1. janúar 2007.

Þegar aðildarríkin samþykkja þ essi ákvæði skal vera í þ eim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Í þeim skal einnig vera yfirlýsing um að líta beri á tilvísanir í gildandi lögum og stjórnsýslufyrirmælum í tilskipanirnar sem eru felldar niður með þessari tilskipun sem tilvísanir í þessa tilskipun. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun og hvernig eigi að orða yfirlýsinguna.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. Aðildarríkin skulu, eigi fyrr en 1. janúar 2008, beita nauðsynlegum lögum og stjórnsýslufyrirmælum til að fara að 9. mgr. 87. gr. og 105. gr.

158. gr.

1. Tilskipun 2000/12/EBE, eins og henni var breytt með tilskipununum sem skráðar eru í A-hluta XIII. viðauka, fellur úr gildi án þess að hafa áhrif á skuldbindingar aðildarríkjanna varðandi frest til lögleiðingar tilskipananna sem tilgreindar eru í B-hluta XIII. viðauka.

2. Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipanirnar sem tilvísanir í þessa tilskipun og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í XIV. viðauka.

159. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

160. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg, 14. júní 2006.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
J. BORRELL FONTELLES	H. WINKLER
forseti.	*forseti.*

I. VIÐAUKI

SKRÁ YFIR STARFSEMI SEM ER HÁÐ GAGNKVÆMRI VIÐURKENNINGU

1. Móttaka innlána og annarra endurgreiðanlegra fjármuna

2. Útlánastarfsemi, þar með talin, m.a.: neytendalán, veðlán, kröfukaup, með endurkröfurétti eða án, rekstrarlán (þar á meðal kröfukaup með afslætti)

3. Fjármögnunarleiga

4. Þjónusta við millifærslu peninga

5. Útgáfa og umsýsla greiðslumiðla (t.d. greiðslukorta, ferðaávísana og bankaávísana)

6. Ábyrgðir og skuldbindingar

7. Viðskipti fyrir eigin reikning eða fyrir reikning viðskiptavina með:

   a) peningamarkaðsgerninga (tékka, víxla, innlánsskírteini o.s.frv.),

   b) erlendan gjaldeyri,

   c) staðlaða framvirka samninga og valréttarsamninga,

   d) gengis- og vaxtabréf, eða

   e) framseljanleg verðbréf.

8. Þátttaka í verðbréfaútboðum og þjónusta tengd þeim

9. Ráðgjöf til fyrirtækja um fjármagnsskipan, áætlanagerð og skyld mál og ráðgjöf og þjónusta varðandi samruna fyrirtækja og kaup á þeim

10. Miðlun á peningamarkaði

11. Stýring eignasafna og tengd ráðgjöf

12. Varsla og umsýsla verðbréfa

13. Upplýsingar um lánshæfi

14. Útleiga geymsluhólfa

Þjónustan og starfsemin sem kveðið er á um í A- og B-þætti I. viðauka tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB um markaði fyrir fjármálagerninga (1) er háð gagnkvæmri viðurkenningu í samræmi við þessa tilskipun þegar hún vísar til fjármálagerninganna sem kveðið er á um í C-þætti I. viðauka þessarar tilskipunar.

---

(1) Stjtíð. ESB L 145, 30.4.2004, bls. 1. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 2006/31/EB (Stjtíð. ESB L 114, 27.4.2006, bls. 60).

II. VIÐAUKI

FLOKKUN Á LIÐUM UTAN EFNAHAGSREIKNINGS

Mikil áhætta:

— ábyrgðir sem jafna má til beinna lána,

— lánaafleiður,

— samþykktir víxlar,

— framsal á víxlum sem önnur lánastofnun hefur ekki áritað um ábyrgð,

— viðskipti með endurkröfurétti,

— óafturkallanlegar bakábyrgðir sem jafna má til beinna lána,

— eignir keyptar samkvæmt framvirkum kaupsamningi,

— framvirk innlánsviðskipti,

— ógreiddur hluti í hlutabréfum og verðbréfum sem eru greidd að hluta,

— samningar um eignasölu og endurhverf verðbréfakaup eins og skilgreint er í 3. og 5. mgr. 12. gr. tilskipunar 86/635/EBE, og

— aðrir liðir sem einnig bera mikla áhættu.

Miðlungsáhætta:

— útgefnar skjalaábyrgðir og staðfestar skjalaábyrgðir (sjá einnig „Miðlungsáhætta/lítil áhætta“),

— ábyrgðir og tryggingar (þar með taldar tilboðs-, fullnustu-, tolla- og skattaábyrgðir) og ábyrgðir sem ekki verður jafnað til beinna lána,

— óafturkræfar bakábyrgðir sem ekki verður jafnað til beinna lána,

— ónotaðar lánsheimildir (samningar um að lána, kaupa verðbréf, veita ábyrgðir eða samþykkja víxla), upphaflega til lengri tíma en eins árs,

— sölutryggingar vegna verðbréfaútgáfu (NIF) og hlaupandi sölutryggingar vegna verðbréfa (RUF), og

— aðrir liðir með miðlungsáhættu og tilkynntir framkvæmdastjórninni.

Miðlungsáhætta/lítil áhætta:

— skjalaábyrgðir þar sem vörusending er sett sem veð og aðrir áþekkir gerningar,

— ónotaðar lánsheimildir (samningar um að lána, kaupa verðbréf, veita ábyrgðir eða samþykkja víxla), upphaflega til eins árs eða skemmri tíma sem ekki hægt er að segja upp skilyrðislaust án fyrirvara hvenær sem er, eða veita ekki á skilvirkan hátt sjálfkrafa uppsögn vegna minnkandi lánstrausts lántaka og

— aðrir liðir með miðlungsáhættu/litla áhættu og tilkynntir framkvæmdastjórninni.

Lítil áhætta:

— ónotaðar lánsheimildir (samningar um að lána, kaupa verðbréf, veita ábyrgðir eða samþykkja víxla), sem hægt er að segja upp skilyrðislaust án fyrirvara hvenær sem er, eða veita á skilvirkan hátt sjálfkrafa uppsögn vegna minnkandi lánstrausts lántaka. Heimilt er að líta á smásölulánsheimildir sem svo að hægt sé að segja þeim upp skilyrðislaust ef skilmálar heimila lánastofnun að fella þær úr gildi, að því marki sem heimilað er samkvæmt neytendavernd og tengdri löggjöf, og

— aðrir liðir með litla áhættu og tilkynntir framkvæmdastjórninni.

III. VIÐAUKI

MEÐHÖNDLUN MÓTAÐILAÁHÆTTU VEGNA AFLEIÐUGERNINGA, ENDURHVERFRA VIÐSKIPTA, LÁNTÖKU EÐA LÁNVEITINGA Í VERÐBRÉFUM EÐA HRÁVÖRU, LANGRA SAMNINGA MEÐ AFHENDINGU OG VIÐBÓTARLÁNVEITINGA VEGNA KAUPA/SÖLU VERÐBRÉFA

1. HLUTI

Skilgreiningar

Í þessum viðauka er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

Almenn hugtök

1. „Mótaðilaáhætta (CCR)“: sú hætta sem er á því að mótaðili að viðskiptum gæti lent í vanskilum fyrir lokauppgjör sjóðstreymis viðskiptanna.

2. „Milligönguaðili“: aðili sem með löglegum hætti setur sig á milli mótaðila að samningum sem verslað er með á einum eða fleiri fjármálamörkuðum, með því að verða kaupandi gagnvart hverjum seljanda og seljandi gagnvart hverjum kaupanda.

Tegundir viðskipta

3. „Langir samningar með afhendingu“: viðskipti þar sem mótaðili skuldbindur sig til að afhenda verðbréf, hrávöru eða fjárhæð erlends gjaldeyris gegn reiðufé, öðrum fjármálagerningum eða verðbréfum, eða öfugt, að loknum uppgjörs- eða afhendingarfresti sem tilgreindur er í samningnum sem lengri en nemur stysta markaðsstaðli fyrir þessi tilteknu viðskipti eða fimm virkum dögum eftir daginn sem lánastofnunin stofnar til viðskiptanna, eftir því hvor er styttri.

4. „Viðbótarlánveiting vegna kaupa/sölu verðbréfa“: viðskipti þar sem lánastofnun hækkar lánafyrirgreiðslu í tengslum við kaup eða sölu verðbréfa, eða það að halda þeim eða eiga viðskipti með þau. Viðbótarlánveitingar vegna kaupa/sölu verðbréfa taka ekki til annarra lána sem eru tryggð með veði í verðbréfum.

Skuldajöfnunarsöfn, áhættuvarnasöfn og tengd hugtök

5. „Skuldajöfnunarsafn“: flokkur viðskipta við einn mótaðila sem eru með fyrirvara um tvíhliða skuldajöfnunarsamning, sem er framfylgjanlegur samkvæmt lögum, og þar sem skuldajöfnun er viðurkennd skv. 7. hluta þessa viðauka og 90.–93. gr. Öll viðskipti sem ekki eru háð tvíhliða skuldajöfnunarsamningi, sem er framfylgjanlegur samkvæmt lögum, og eru viðurkennd skv. 7. hluta þessa viðauka, skulu túlkuð sem eigið skuldajöfnunarsafn að því er varðar þennan viðauka.

6. „Áhættustaða“: áhættutala sem er úthlutað á viðskipti samkvæmt staðalaðferð sem sett er fram í 5. hluta, eftir fyrirfram ákveðnu reikniriti.

7. „Áhættuvarnarsafn“: flokkur áhættustaðna vegna viðskipta innan staks skuldajöfnunarsafns þar sem einungis staða þeirra skiptir máli við ákvörðun á virði áhættuskuldbindingar samkvæmt staðalaðferð sem er sett fram í 5. hluta.

8. „Samkomulag um tryggingafé“: samningsbundið samkomulag eða ákvæði samnings þar sem einn mótaðili skal veita tryggingu til annars mótaðila þegar áhætta þess mótaðila gagnvart fyrri mótaðila er hærri en nemur tilgreindu þrepi.

9. „Viðmiðunarmörk tryggingarfjár“: hæsta fjárhæð áhættukröfu sem er útistandandi þar til einn aðili hefur rétt á að kalla eftir tryggingu.

10. „Áhættutímabil tryggingarfjár“: tímabilið frá síðustu skiptum á tryggingu sem ver skuldajöfnunarsafn viðskipta við mótaðila í vanskilum þar til búið er að gera stöðu þess mótaðila upp og markaðsáhættan sem eftir stendur er áhættuvarin á ný.

11. „Virkur binditími samkvæmt innralíkansaðferðinni, vegna skuldajöfnunarsafns sem hefur lengri binditíma en eitt ár“: hlutfall summu væntrar áhættu á líftíma viðskiptanna í skuldajöfnunarsafninu afvaxtað með áhættulausum vöxtum, deilt

með summu væntrar áhættu á einu ári í skuldajöfnunarsafni afvaxtað með áhættulausum vöxtum. Heimilt er að aðlaga þennan virka binditíma svo hann endurspegli framlengingaráhættu með því að skipta út væntri áhættu fyrir virka vænta áhættu vegna spátímabila sem eru skemmri en eitt ár.

12. „Skuldajöfnun milli afurða“: viðskipti í mismunandi afurðaflokkum innan sama skuldajöfnunarsafns meðtalin, samkvæmt reglum um skuldajöfnun milli afurða sem settar eru fram í þessum viðauka.

13. „Gildandi markaðsvirði“ : hreint markaðsvirði verðbréfasafns viðskipta innan skuldajöfnunarsafns við mótaðilann, að því er varðar 5. hluta. Við útreikninga á gildandi markaðsvirði er notast við bæði jákvætt og neikvætt markaðsvirði.

Dreifing

14. „Dreifing á markaðsvirði“: spá um líkindadreifingu hreins markaðsvirðis viðskipta innan skuldajöfnunarsafns vegna tiltekins dags síðar meir (spátímabilið), að gefnu raunmarkaðsvirði þessara viðskipta til dagsins í dag.

15. „Dreifing áhættuskuldbindinga“: spá um líkindadreifingu markaðsvirðis sem verður til við að spátilvik um neikvætt markaðsvirði eru látin jafngilda núlli.

16. „Áhættuhlutlaus dreifing“ : dreifing á markaðsvirði eða áhættuskuldbindingum á tímabili síðar meir þar sem dreifingin er reiknuð með því að nota afleitt markaðsvirði, s.s. afleitt flökt.

17. „Raundreifing“: dreifing á markaðsvirði eða áhættukröfum á tímabili síðar meir þar sem dreifingin er reiknuð með því að nota söguleg gögn eða raunvirði s.s. flökt sem reiknað er með því að nota fyrra verð eða breytingar á gengi.

Mælikvarðar og breytingar á áhættu

18. „Gildandi áhætta“: núll eða markaðsvirði viðskipta eða verðbréfasafns viðskipta innan skuldajöfnunarsafns við mótaðila sem myndi glatast við vanskil mótaðila, eftir því hvort er hærra, að því gefnu að ekkert endurheimtist af virði þessara viðskipta við gjaldþrot.

19. „Hámarksáhætta“: hátt hundraðsmark dreifingar á áhættuskuldbindingum á tilteknum degi síðar meir áður en kemur að gjalddaga viðskiptanna með lengstu afhendinguna í skuldajöfnunarsafninu.

20. „Vænt áhætta (EE)“: meðaltal dreifingar áhættuskuldbindinga á tilteknum degi síðar, áður en kemur til greiðslu viðskipta með lengsta binditíma í skuldajöfnunarsafninu.

21. „Virk vænt áhætta á ákveðnum degi“: hæsta væntа áhætta sem liggur fyrir þann dag eða fram að þeim degi. Á hinn bóginn er hægt að skilgreina hana fyrir tiltekinn dag sem væntа áhættu á þeim degi eða virka áhættu á fyrri degi, eftir því hvort er hærra.

22. „Vænt jákvæð áhætta (EPE)“: vegið meðaltal væntra áhættuskuldbindinga á tilteknu tímabili þar sem vægið er það hlutfall sem einstök vænt áhætta myndar á öllu tímabilinu. Við útreikninga á lágmarkskröfum um eigið fé er tekið meðaltal fyrsta ársins eða, ef allir samningar innan skuldajöfnunarsafnsins eru með gildistíma skemmri en eitt ár, á tímabili samnings sem hefur lengstan gildistíma innan jöfnunarsafnsins.

23. „Virk vænt jákvæð áhætta“: vegið meðaltal tímabils virkrar væntrar jákvæðrar áhættu á fyrsta ári eða, ef allir samningar innan skuldajöfnunarsafnsins hafa skemmri binditíma en eitt ár, á tímabili samnings sem hefur lengstan binditíma innan skuldajöfnunarsafnsins, þar sem vægið er hlutfall sem einstök vænt jákvæð áhætta myndar á öllu tímabilinu.

24. „Aðlögun á lánshæfi“: aðlögun verðbréfasafns viðskiptanna við mótaðila að meðalmarkaðsvirði. Þessi aðlögun endurspeglar markaðsvirði þeirrar útlánáhættu sem verður til vegna þess að samningsbundið samkomulag við mótaðila er ekki uppfyllt. Þessi aðlögun getur endurspeglað markaðsvirði útlánaáhættu mótaðilans eða markaðsvirði útlánaáhættu bæði lánastofnunarinnar og mótaðilans.

25. „Einhliða aðlögun á lánshæfi“: aðlögun á lánshæfi sem endurspeglar markaðsvirði útlánaáhættu mótaðila gagnvart lánastofnuninni, en endurspeglar ekki markaðsvirði útlánaáhættu lánastofnunarinnar gagnvart mótaðilanum.

Áhætta tengd mótaðilaáhættu

26. „Framlengingaráhætta“: sú fjárhæð sem vænt jákvæð áhættustaða er vanmetin um þegar þess er vænst að viðskipti við mótaðila muni eiga sér stað á áframhaldandi grundvelli. Viðbótaráhættukrafa sem stafar af þessum síðari viðskiptum er ekki innifalin í útreikningi á væntri jákvæðri áhættukröfu.

27. „Almenn fylgniáhætta“: verður til þegar líkur á vanefndum mótaðila eru tengdar á jákvæðan hátt við almenna þætti markaðsáhættu.

28. Sértæk fylgniáhætta“: verður til þegar áhættukrafa á ákveðinn mótaðila hefur jákvæða fylgni við líkur á vanefndum mótaðilans vegna eðlis viðskiptanna við mótaðilann. Lánastofnun skal teljast óvarin fyrir sértækri fylgniáhættu ef talið er að framtíðaráhættukrafa á ákveðinn mótaðila verði mikil þegar líkur á vanefndum mótaðila eru einnig miklar.

2. HLUTI

Val á aðferð

1. Með fyrirvara um 2. og 7. lið skulu lánastofnanir ákvarða virði áhættuskuldbindinga vegna samninganna sem skráðir eru í IV. viðauka með einni af aðferðunum sem settar eru fram í 3.–6. hluta. Lánastofnunum sem ekki eru hæfar til að hljóta meðferðina sem sett er fram í 2. mgr. 18. gr. tilskipunar 2006/49/EB er ekki heimilt að nota aðferðina sem sett er fram í 4. hluta. Lánastofnunum er ekki heimilt að nota aðferðina sem sett er fram í 4. hluta til að ákvarða virði áhættuskuldbindinga vegna samninganna sem skráðir eru í 3. lið IV. viðauka.

   Samþætt notkun aðferðanna sem settar eru fram í 3.–6. hluta skal heimiluð til frambúðar innan samsteypu, en ekki hjá einum lögaðila. Samþætt notkun aðferðanna sem settar eru fram í 3. og 5. hluta hjá lögaðila skal heimiluð ef ein af aðferðunum er notuð vegna tilvikanna sem sett eru fram í 19. lið 5. hluta.

2. Með fyrirvara um samþykki lögbærra yfirvalda er lánastofnunum heimilt að ákvarða virði áhættuskuldbindinga fyrir:

   i. samningana sem skráðir eru í IV. viðauka,

   ii. endurhverf viðskipti,

   iii. viðskipti í tengslum við lántökur eða lánveitingar í verðbréfum eða hrávöru,

   iv. viðbótarlánveitingar vegna kaupa/sölu verðbréfa, og

   v. langir samningar með afhendingu, með innralíkansaðferðinni eins og hún er sett fram í 6. hluta.

3. Ef lánastofnun kaupir lánaafleiðuvörn gegn áhættu utan veltubókar eða gegn mótaðilaáhættu, er henni heimilt að reikna út eiginfjárkröfur fyrir vörðu eignina í samræmi við 83.–92. lið 3. hluta VII. viðauka, eða með fyrirvara um samþykki lögbærra yfirvalda, í samræmi við 4. lið 1. hluta VII. viðauka eða 96.–104. lið 4. hluta VII. viðauka. Í slíkum tilvikum er virði áhættuskuldbindingar fyrir mótaðilaáhættu vegna þessara lánaafleiða höfð núll.

4. Virði áhættuskuldbindinga vegna mótaðilaáhættu af seldum skuldatryggingum utan veltubókar, þar sem farið er með þær sem útlánavörn sem lánastofnunin veitir og þær eru háðar eiginfjárkröfum vegna útlánaáhættu fyrir alla grundvallarfjárhæðina, er haft núll.

5. Samkvæmt öllum aðferðum sem settar eru fram í 3.–6. hluta samsvarar virði áhættuskuldbindingar vegna tiltekins mótaðila samanlögðu virði áhættuskuldbindinga sem er reiknað út fyrir hvert skuldajöfnunarsafn hjá þeim mótaðila.

6. Virði áhættuskuldbindingar fyrir mótaðilaáhættu má vera núll vegna afleiðusamninga eða endurhverfra viðskipta, viðskipta í tengslum við lántökur eða lánveitingar í verðbréfum eða hrávöru, langra samninga með afhendingu og

viðbótarlánveitinga vegna kaupa/sölu verðbréfa, sem eru útistandandi við mótaðila og sem milligönguaðili hefur ekki hafnað. Enn fremur má virði áhættuskuldbindingar fyrir mótaðilaáhættu vera núll vegna útlánaáhættu gagnvart milligönguaðila sem verður til vegna afleiðusamninga, endurhverfra viðskipta, viðskipta í tengslum við lántöku eða lánveitingar í verðbréfum eða hrávöru, langra samninga með afhendingu og viðbótarlánveitinga vegna kaupa/sölu verðbréfa eða annarra áhættuskuldbindinga, eins og lögbær yfirvöld ákvarða, sem lánastofnunin er með útistandandi gagnvart milligönguaðilanum. Áhættuskuldbindingar milligönguaðila vegna mótaðilaáhættu gagnvart þátttakendum í fyrirkomulagi hans skulu vera tryggðar að fullu daglega.

7. Hægt er að ákvarða áhættuskuldbindingar sem verða til vegna langra samninga með afhendingu með því að nota hverja þeirra aðferða sem settar eru fram í 3.–6. hluta, án tillits til þeirra aðferða sem valdar eru við meðhöndlun afleiða utan skipulegra verðbréfamarkaða og endurhverfra viðskipta, viðskipta í tengslum við lántöku eða lánveitingar í verðbréfum eða hrávöru og viðbótarlánveitinga vegna kaupa/sölu verðbréfa. Við útreikning á eiginfjárkröfum vegna langra samninga með afhendingu mega lánastofnanir sem nota aðferðina sem sett er fram í 84.–89. gr. nota áhættuvog samkvæmt aðferðinni sem sett er fram í 78.–83. gr. til frambúðar og án tillits til mikilvægis slíkra staðna.

8. Að því er varðar aðferðirnar sem eru settar fram í 3. og 4. hluta verða lögbær yfirvöld að sjá til þess að grundvallarfjárhæðin, sem tekið er mið af, sé hæfilegur mælikvarði á áhættuna sem í samningnum felst. Þegar til dæmis er gert ráð fyrir því í samningnum að greiðsluflæði margfaldist verður að leiðrétta grundvallarfjárhæðina svo að tekið sé tillit til áhrifa margföldunarinnar á áhættusamsetningu samningsins.

3. HLUTI

Markaðsvirðisaðferð

Áfangi a: Með því að meta alla samninga á markaðsvirði má finna núgildandi endurnýjunarkostnað allra samninga með jákvætt virði.

Áfangi b: Í því skyni að reikna út hugsanlega framtíðarlánaáhættu, nema þegar um er að ræða vaxtaskiptasamninga á breytilegu gengi *(e. floating/floating)* í einum gjaldmiðli þar sem einvörðungu núgildandi endurnýjunarkostnaður er reiknaður út, skal margfalda reiknaðan höfuðstól samninganna eða undirliggjandi virði með eftirfarandi prósentutölum í töflu 1:

Tafla 1([1]) ([2])

Eftirstöðvatími ([3])	Vaxtasamningar	Samningar er varða gjaldeyrisgengi og gull	Hlutabréfasamningar	Samningar er varða aðra góðmálma en gull	Samningar er varða aðrar hrávörur en góðmálma
Eitt ár eða minna	0%	1 %	6 %	7 %	10 %
Meira en eitt ár, minna en fimm ár	0,5 %	5 %	8 %	7 %	12 %
Meira en fimm ár	1,5 %	7,5 %	10 %	8 %	15 %

([1]) Fara skal með samninga, sem falla ekki undir neinn af flokkunum fimm í töflunni, á sama hátt og samninga um aðrar hrávörur en góðmálma.

([2]) Í tilviki samninga sem fela það í sér að höfuðstól er skipt margsinnis, verður að margfalda prósentutöluna með fjölda þeirra greiðslna sem eftir er að inna af hendi samkvæmt samningnum.

([3]) Í samningum, sem eru gerðir til að gera upp áhættuskuldbindingar sem eru útistandandi eftir tiltekna greiðsludaga og þar sem skilmálar eru endurskoðaðir þannig að markaðsvirði samningsins verður núll á þessum tilteknu dögum, yrði eftirstöðvatíminn jafnlangur tímabilinu fram að næsta endurskoðunardegi. Þegar um er að ræða vaxtasamninga, sem uppfylla þessar viðmiðunarreglur og hafa eftirstöðvatíma sem er lengri en eitt ár, skal hlutfallið ekki vera lægra en 0,5%.

Ef reikna á út hugsanlega framtíðarlánaáhættu í samræmi við áfanga b geta lögbær yfirvöld leyft lánastofnunum, að nota hlutföllin í töflu 2 í stað þeirra sem eru í töflu 1, að því tilskildu að stofnanirnar nýti sér möguleikann, sem lýst er í 21. lið IV. viðauka við tilskipun 2006/49/EB vegna samninga er tengjast hrávörum öðrum en gulli í skilningi 3. liðar IV. viðauka við þessa tilskipun:

Tafla 2

Eftirstöðvatími	Góðmálmar (nema gull)	Ódýrir málmar	Landbúnaðarafurðir („mjúkar hrávörur *(e. softs)*“)	Annað, þ.á.m. orkuframleiðsluvörur
Eitt ár eða minna	2 %	2,5 %	3 %	4%
Meira en eitt ár, minna en fimm ár	5 %	4%	5 %	6 %
Meira en fimm ár	7,5 %	8 %	9 %	10 %

Áfangi c: Samtala núgildandi endurnýjunarkostnaðar og hugsanlegrar framtíðarlánaáhættu er fjárhæð áhættuskuldbindingar.

4. HLUTI

Aðferð upprunalegrar áhættu

Áfangi a: Reiknaður höfuðstóll hvers gernings er margfaldaður með hundraðshlutunum sem eru sýndir hér í töflu 3.

Tafla 3

Upphaflegur binditími ([1])	Vaxtasamningar	Samningar er varða gjaldeyrisgengi og gull
Eitt ár eða minna	0,5 %	2 %
Meira en eitt ár, en ekki yfir tvö ár	1 %	5 %
Viðbót fyrir hvert ár að auki	1 %	3 %

Áfangi b: Upprunaleg áhætta, sem þannig fæst, skal vera virði áhættuskuldbindingar.

5. HLUTI

Stöðluð aðferð

1. Staðlaða aðferðin er einungis notuð fyrir afleiður utan skipulegs verðbréfamarkaðar og langa samninga með afhendingu. Virði áhættuskuldbindingar skal reiknað út sérstaklega fyrir hvert skuldajöfnunarsafn. Virðið skal ákvarðað að teknu tilliti til trygginga á eftirfarandi hátt:

   Virði áhættuskuldbindingar =

([1]) Þegar um er að ræða vaxtasamninga geta lánastofnanir, að fengnu samþykki lögbærra yfirvalda, valið á milli upphaflegs binditíma eða eftirstöðvatíma.

$$\beta^{*}\max\left(CMV - CMC;\sum_{j}\left|\sum_{i}RPT_{ij} - \sum_{l}RPC_{lj}\right|^{*}CCRM_{j}\right)$$

þar sem:

CMV = gildandi markaðsvirði verðbréfasafns viðskipta innan skuldajöfnunarsafns við mótaðila án tillits til trygginga, þ.e. þar sem:

$$CMV = \sum_{i} CMV_{i}$$

þar sem:

CMVi = gildandi markaðsvirði viðskipta i,

CMC = gildandi markaðsvirði tryggingarinnar sem er úthlutað á skuldajöfnunarsafn, þ.e., þar sem:

$$\mathrm{CMC} = \sum_{l}\mathrm{CMC}_{l}$$

þar sem CMC1= gildandi markaðsvirði tryggingar 1,

i = stuðull fyrir viðskipti,

l = stuðull fyrir tryggingu,

j = stuðull fyrir flokk áhættuvarnarsafns. Þessi áhættuvarnarsöfn samsvara áhættuþáttum og fyrir þá er hægt er að jafna út áhættustöður með gagnstæð formerki til að fá út hreina áhættustöðu sem áhættuskuldbindingin er svo metin út frá.

RPTij = áhættustaða vegna viðskipta i að því er varðar áhættuvarnarsafn j,

RPClj = áhættustaða vegna tryggingar l að því er varðar áhættuvarnarsafn j,

CCRMj = margfaldari mótaðilaáhættu sem er settur fram í töflu 5, að því er tekur til áhættuvarnarsafns j,

β = 1.4.

Trygging sem fengin er frá mótaðila hefur jákvætt formerki og tilkynnt trygging gagnvart mótaðila hefur neikvætt formerki.

Trygging sem er færð fyrir þessa aðferð er takmörkuð við trygginguna sem er hæf skv. 11. lið 1. hluta í VIII. viðauka við þessa tilskipun og 9. lið II. viðauka við tilskipun 2006/49/EB.

2. Þegar viðskipti með afleiður utan skipulegs verðbréfamarkaðar með línulegt áhættusnið mæla fyrir um að hafa skipti á fjármálagerningi fyrir greiðslu, er vísað til greiðsluhlutans sem greiðsluliðar. Viðskipti sem mæla fyrir um skipti greiðslu gegn greiðslu samanstanda af tveimur greiðsluliðum. Greiðsluliðirnir samanstanda af samningsbundnum bókfærðum greiðslum, þ .m.t. grundvallarfjárhæð viðskiptanna. Lánastofnunum er heimilt að virða að vettugi vaxtaáhættu vegna greiðsluliða með styttri eftirstöðvatíma en eitt ár að því er varðar eftirfarandi útreikninga. Lánastofnunum er heimilt að meðhöndla viðskipti sem samanstanda af tveimur greiðsluliðum, sem eru gefnir upp í sama gjaldmiðli, svo sem vaxtaskiptasamningar, sem ein heildarviðskipti. Meðferð vegna greiðsluliða gildir um heildarviðskiptin.

3. Viðskipti með línulegt áhættusnið og með hlutabréf (þ.m.t. hlutabréfavísitölur), gull, aðra eðalmálma eða aðrar hrávörur sem undirliggjandi fjármálagerninga eru tengd við áhættustöðu í viðkomandi hlutabréfi (eða hlutabréfavísitölu) eða hrávöru (þ.m.t. gull og aðrir eðalmálmar) og vaxtaáhættustöðu vegna greiðsluliðarins. Ef greiðsluliðurinn er tilgreindur í erlendum gjaldeyri er hann einnig tengdur við áhættustöðu í viðkomandi gjaldeyri.

4. Viðskipti með línulegt áhættusnið og með skuldagerning sem undirliggjandi gerning eru tengd við vaxtaáhættustöðu vegna skuldagerningsins og aðra vaxtaáhættustöðu vegna greiðsluliðarins. Viðskipti með línulegt áhættusnið sem mæla fyrir um skipti greiðslu gegn greiðslu, þ.m.t. framvirk gjaldeyrisviðskipti, eru tengd við vaxtaáhættustöðu fyrir hvern greiðslulið. Ef undirliggjandi skuldagerningur er gefinn upp í erlendum gjaldmiðli er skuldagerningurinn tengdur við

áhættustöðu í þeim gjaldeyri. Ef greiðsluliður er gefinn upp í erlendum gjaldmiðli er greiðsluliðurinn aftur tengdur við áhættustöðu í þeim gjaldeyri. Virði áhættuskuldbindingar sem úthlutað er á vaxtaskipti í erlendum gjaldmiðli er núll.

5. Stærð áhættustöðu vegna viðskipta með línulegt áhættusnið er virkt hugsað verðmæti (markaðsverð margfaldað með magni) undirliggjandi fjármálagerninga (þ.m.t. hrávörur) umreiknað í gjaldmiðil ríkis lánastofnunarinnar, að undanskildum skuldagerningum.

6. Stærð áhættustöðu, að því er varðar skuldagerninga og greiðsluliði, er virkt hugsað verðmæti útistandandi bókfærðra greiðslna (þ.m.t. grundvallarfjárhæðin) umreiknað í gjaldmiðil ríkis lánastofnunarinnar, margfaldað með breyttum gildistíma skuldagerningsins eða greiðsluliðar.

7. Stærð áhættustöðu vegna skuldatryggingar er hugsað verðmæti viðmiðunarskuldagernings, margfaldað með eftirstöðvatíma skuldatryggingarinnar.

8. Stærð áhættustöðu vegna afleiðu utan skipulegra verðbréfamarkaða með ólínulegt áhættusnið, þ .m.t. valréttir og skiptiréttir, er jöfn deltajafngildi virks hugsaðs verðmætis fjármálagerningsins sem liggur til grundvallar viðskiptunum, nema um sé að ræða undirliggjandi skuldagerning.

9. Stærð áhættustöðu vegna afleiðu utan skipulegra verðbréfamarkaða með ólínulegt áhættusnið, þ.m.t. valréttir og skiptiréttir, þar sem til grundvallar liggur skuldagerningur eða greiðsluliður, er jöfn deltajafngildi virks hugsaðs verðmætis fjármálagerningsins eða greiðsluliðarins, margfaldað með breyttum gildistíma skuldagerningsins eða greiðsluliðarins, eftir því sem við á.

10. Við ákvörðun áhættustaða skal farið með tryggingu frá mótaðila sem kröfu á mótaðilann samkvæmt afleiðusamningi (gnóttstaða) sem er á gjalddaga í dag, en farið skal með tilkynnta tryggingu sem skuldbindingu gagnvart mótaðilanum (skortstaða) sem er á gjalddaga í dag.

11. Lánastofnunum er heimilt að nota eftirfarandi formúlur til að ákvarða stærð og formerki áhættustöðu:

vegna allra gerninga annarra en skuldagerninga:

virkt hugsað verðmæti, eða

deltajafngildi virks hugsaðs verðmætis = $p_{ref} \frac{\partial V}{\partial p}$

þar sem:

P_{ref} = verð undirliggjandi gernings, tilgreint í viðmiðunargjaldmiðli

V = virði fjármálagerningsins (að því er varðar valrétt er það valréttarverð og að því er varðar viðskipti með línulegt áhættusnið er það virði undirliggjandi gerningsins),

p = verð undirliggjandi gernings, tilgreint í sama gjaldmiðli og V,

vegna fjármálagerninga og greiðsluliða allra viðskipta:

virkt hugsað verðmæti, margfaldað með breyttum gildistíma, eða

deltajafngildi virks hugsaðs verðmætis, margfaldað með breyttum gildistíma

$\frac{\partial V}{\partial p}$

þar sem:

V = virði fjármálagerningsins (að því er varðar valrétt er það valréttarverð og að því er varðar viðskipti með línulegt áhættusnið er það virði undirliggjandi gerningsins eða greiðsluliðarins, eftir því sem við á),

r = vaxtastig.

Ef V er tilgreint í gjaldmiðli öðrum en viðmiðunargjaldmiðli skal umreikna afleiðurnar yfir í viðmiðunargjaldmiðil með margföldun með viðeigandi gengi.

12. Áhættustöður ber að flokka í áhættuvarnarsöfn. Algildi fjárhæðar summu áhættustöðu sem verður til er reiknað út fyrir hvert áhættuvarnarsafn. Fjárhæðin er nefnd „hrein áhættustaða“ og er táknuð með:

$$\left| \sum_i RPT_{ij} - \sum_l RPC_{lj} \right|$$

í formúlunum sem settar eru fram í 1. mgr.

13. Að því er varðar vaxtaáhættustöður vegna trygginga í formi innlána sem tekið er við frá mótaðila, vegna greiðsluliða og vegna undirliggjandi skuldagerninga, þar sem við á 1,60% eiginfjárkrafa eða lægri, samkvæmt töflu 1 í I. viðauka við tilskipun 2006/49/EB, eru sex áhættuvarnarsöfn fyrir hvern gjaldmiðil, eins og tilgreint er í töflu 4 hér á eftir. Áhættuvarnarsöfn eru skilgreind með samsetningu á skilyrðunum „binditími“ og „viðmiðunarvextir“.

Tafla 4

	Viðmiðunarvextir (sem taka mið af ríkisvöxtum)	Viðmiðunarvextir (sem taka mið af öðrum vöxtum)
Binditími	← 1 ár	← 1 ár
Binditími	>1 — ← 5 ár	>1 — ← 5 ár
Binditími	> 5 ár	> 5 ár

14. Að því er varðar vaxtaáhættustöður vegna undirliggjandi skuldagerninga eða greiðsluliða þar sem vextir eru tengdir viðmiðunarvöxtum sem endurspegla almenna markaðsvexti, er eftirstöðvatími lengd tímabilsins fram að næsta endurmati vaxta. Í öllum öðrum tilvikum er hann það sem eftir lifir af binditíma undirliggjandi gerninga eða, að því er varðar greiðsluliði, það sem eftir lifir af binditíma viðskiptanna.

15. Eitt áhættuvarnarsafn er fyrir hvern útgefanda viðmiðunarskuldagernings sem liggur til grundvallar skuldatryggingu.

16. Að því er varðar vaxtaáhættustöður vegna peningainnleggs, sem mótaðili leggur fram sem tryggingu, þegar sá mótaðili hefur ekki útistandandi skuldbindingar með lága sérstaka áhættu og vegna undirliggjandi skuldagerninga, þar sem við á 1,60% eiginfjárkrafa eða lægri, samkvæmt töflu 1 í I. viðauka við tilskipun 2006/49/EB, er eitt áhættuvarnarsafn fyrir hvern útgefanda. Þegar greiðsluliður líkir eftir slíkum skuldagerningi er einnig eitt áhættuvarnarsafn fyrir hvern útgefanda viðmiðunarskuldagerningsins. Lánastofnunum er heimilt að úthluta í sama áhættuvarnarsafn áhættustöðum sem verða til vegna skuldagerninga ákveðins útgefanda, eða vegna viðmiðunarskuldagerninga sama útgefanda sem greiðsluliðir líkja eftir, eða sem liggja til grundvallar skuldatryggingu.

17. Undirliggjandi fjármálagerningum öðrum en skuldagerningum skal einungis úthlutað í sömu áhættuvarnarsöfn, ef þeir eru sams konar eða áþekkir gerningar. Í öllum öðrum tilvikum skal úthluta þeim í aðgreind áhættuvarnarsöfn. Skyldleiki gerninga er staðfestur á eftirfarandi hátt:

— að því er varðar hlutabréf eru gerningar frá sama útgefanda áþekkir. Farið er með hlutabréfavísitölu sem aðgreindan útgefanda,

— að því er varðar eðalmálma eru gerningar úr sama málmi áþekkir. Farið er með vísitölu eðalmálma sem aðgreindan eðalmálm,

— að því er varðar raforku eru áþekkir gerningar þeir afhendingarréttir og skyldur sem vísa til sama tímabils á eða utan hámarksálagstíma, innan hvers 24 stunda tímabils, og

— að því er varðar hrávörur eru gerningar í sömu hrávöru áþekkir. Farið er með hrávöruvísitölu sem aðgreinda hrávöru.

18. Margfaldarar mótaðilaáhættu (CCRM) vegna mismunandi flokka áhættuvarnarsafna eru settir fram í töflu 5 hér á eftir:

Tafla 5

	Flokkar áhættuvarnarsafna	CCRM
1.	Vextir	0,2 %
2.	Vextir fyrir áhættustöður vegna viðmiðunarskuldagernings sem liggur til grundvallar skuldatryggingu og þar sem 1,60% eiginfjárkrafa eða lægri á við samkvæmt töflu 1 í I. viðauka við tilskipun 2006/49/EB	0,3%
3.	Vextir fyrir áhættustöður vegna skuldagernings eða viðmiðunarskuldagernings þar sem yfir 1,60% eiginfjárkrafa á við samkvæmt töflu 1 í I. viðauka við tilskipun 2006/49/EB	0,6%
4.	Gengi gjaldmiðla	2,5%
5.	Raforka	4%
6.	Gull	5%
7.	Hlutabréf	7 %
8.	Góðmálmar (aðrir en gull)	8,5%
9.	Önnur hrávara (að undanskildum góðmálmum og raforku)	10%
10.	Undirliggjandi gerningar afleiða utan skipulegra verðbréfamarkaða sem eru ekki í neinum ofangreindra flokka	10 %

Undirliggjandi gerningum afleiða utan skipulegra verðbréfamarkaða, eins og um getur í 10. lið í töflu 5 skal skipað í aðgreind áhættuvarnarsöfn að því er varðar hvern flokk undirliggjandi gerninga.

19. Að því er varðar viðskipti sem ekki eru með línulegt áhættusnið eða vegna greiðsluliða og viðskipta með undirliggjandi skuldagerninga sem lánastofnunin getur ekki ákvarðað deltastuðul eða breyttan gildistíma fyrir, eftir því sem við á, með líkani, sem lögbæra yfirvaldið hefur samþykkt að notað skuli til að ákvarða lágmarkskröfur um eigið fé vegna markaðsáhættu, skulu lögbær yfirvöld ákvarða stærð áhættustöðu og viðkomandi margfaldara mótaðilaáhættu varfærnislega. Að öðrum kosti er lögbærum yfirvöldum heimilt að krefjast notkunar á aðferðinni sem er sett fram í 3. hluta. Ekki skal færa inn skuldajöfnun (þ.e. virði áhættuskuldbindingar skal ákvarða líkt og til væri skuldajöfnunarsafn sem einungis samanstæði af viðkomandi viðskiptum).

20. Lánastofnun skal hafa innri verklagsreglur til að sannreyna að áður en viðskipti eru færð í áhættuvarnarsafn séu þau tryggð með skuldajöfnunarsamningi, sem er framfylgjanlegur samkvæmt lögum, og uppfylli skilyrðin sem eru sett fram í 7. hluta.

21. Lánastofnun sem notar tryggingu til að milda mótaðilaáhættu sína skal hafa innri verklagsreglur til að sannreyna að tryggingin uppfylli staðlana um lögfræðilega vissu sem settir eru fram í VIII. viðauka, áður en áhrif tryggingarinnar eru færðar inn í útreikning hennar.

6. HLUTI

Innralíkansaðferð

1. Að fengnu samþykki lögbærra yfirvalda er lánastofnun heimilt að nota innralíkansaðferðina til að reikna út virði áhættuskuldbindingar vegna viðskiptanna í i-lið 2. mgr. 2. hluta, eða vegna viðskiptanna í ii-, iii- og iv-lið 2. liðar í 2. hluta, eða vegna viðskiptanna í i- til iv-lið 2. liðar í 2. hluta. Í hverju þessara tilvika er heimilt að telja viðskiptin í v-lið

2. liðar í 2. hluta með. Þrátt fyrir 2. málsgrein 1. liðar í 2. hluta er lánastofnunum heimilt að velja að beita ekki þessari aðferð á áhættuskuldbindingar sem eru lítilvægar að stærð og áhættu. Lánastofnun skal standast kröfurnar sem eru settar fram í þessum hluta til þess að beita innralíkansaðferðinni.

2. Að fengnu samþykki lögbærra yfirvalda er heimilt að framkvæma innralíkansaðferðinni raðbundið yfir ólíkar viðskiptategundir og lánastofnuninni er heimilt á þessu tímabili að nota aðferðirnar sem settar eru fram í 3. eða 5. hluta. Þrátt fyrir það sem eftir er af þessum hluta skal ekki krefja lánastofnanir um notkun á sérstakri tegund líkans.

3. Lánastofnun skal nota aðferðirnar sem settar eru fram í 3. eða 5. hluta fyrir öll viðskipti með afleiður utan skipulegra verðbréfamarkaða og fyrir langa samninga með afhendingu ef hún hefur ekki hlotið leyfi til að beita innralíkansaðferðinni á þá. Sameiginleg notkun þessara tveggja aðferða er heimiluð til frambúðar innan samstæðu. Samþætt notkun þessara tveggja aðferða hjá lögaðila er einungis leyfð ef önnur aðferðanna er notuð vegna tilvikanna sem sett eru fram í 19. lið 5. hluta.

4. Lánastofnanir sem hafa fengið heimild til að nota innralíkansaðferðina skulu ekki hverfa aftur til notkunar á aðferðunum sem settar eru fram í 3. eða 5. hluta, nema að gefnu tilefni og með fyrirvara um samþykki lögbærra yfirvalda. Ef lánastofnun hættir að fara að kröfunum sem settar eru fram í þessum hluta skal hún annaðhvort leggja fram áætlun til lögbæra yfirvaldsins um að hefja aftur, tímanlega, að framfylgja kröfunum eða sýna fram á að áhrif þess að fara ekki að kröfunum séu lítilvæg.

Virði áhættuskuldbindingar

5. Virði áhættuskuldbindinga skal mælt á stigi skuldajöfnunarsafns. Líkanið skal tilgreina spá um dreifingu breytinga á markaðsvirði skuldajöfnunarsafnsins sem rekja má til breytinga á markaðsbreytum, svo sem vöxtum, gengi gjaldmiðla. Líkanið skal svo reikna út virði áhættuskuldbindingar fyrir skuldajöfnunarsafnið á hverjum tilteknum degi síðar að gefnum breytingum á markaðsbreytum. Líkanið getur einnig náð til framtíðarhreyfinga á tryggingum, vegna mótaðila sem eru tryggðir með samningi um veð.

6. Lánastofnunum er heimilt að telja með gilda fjárhagslega tryggingu eins og hún er skilgreind í 11. lið 1. hluta VIII. viðauka við þessa tilskipun og 9. lið II. viðauka við tilskipun 2006/49/EB í spám sínum um dreifingu breytinga á markaðsvirði skuldajöfnunarsafns ef megindlegar og eigindlegar kröfur ásamt kröfum um upplýsingar fyrir innralíkansaðferðina eru uppfylltar að því er varðar tryggginguna.

7. Virði áhættuskuldbindingar skal reiknað út sem margfeldi α sinnum virk vænt jákvæð áhætta sem hér segir:

Virði áhættuskuldbindingar = α × virk vænt jákvæð áhætta

þar sem:

alfa (α) skal vera 1,4, en lögbærum yfirvöldum er heimilt að krefjast hærra α, og virk vænt jákvæð áhætta skal reiknuð út með því að meta vænta áhættu (EEt) sem meðaláhættu á ákveðnum degi t, þar sem meðaltal er tekið af mögulegu framtíðarvirði viðkomandi þátta markaðsáhættu. Líkanið metur vænta áhættu sem röð ákveðinna dagsetninga síðar, t1, t2, t3 o.s.frv.

8. Virk vænt áhætta skal reiknuð út endurkvæmt sem:

Virk EEtk = max(virk EEtk-1; EEtk)

þegar:

gildandi dagsetning er merkt sem t0 og virk vænt áhætta t0 jafngildir gildandi áhættu.

9. Í þessu tilliti er virk vænt jákvæð áhætta meðaltal virkrar væntrar áhættu á fyrsta ári framtíðaráhættu. Ef allir samningar innan skuldajöfnunarsafnsins hafa binditíma skemmri en eitt ár er vænt jákvæð áhætta meðaltal væntrar áhættu þar til allir samningar innan skuldajöfnunarsafnsins falla í gjalddaga. Virk vænt jákvæð áhætta er reiknuð út sem vegið meðaltal virkrar væntrar áhættu:

$$Virk\ EPE = \sum_{k=1}^{min(1\ ár;\ binditími)} Virk\ EEtk)*(\Delta tk)$$

þegar:

vægið Δtk = tk — tk-1 gerir ráð fyrir tilvikum þegar framtíðaráhætta er reiknuð fyrir dagsetningar sem ekki er dreift jafnt yfir tímabil.

10. Mælikvarðar fyrir vænta áhættu eða hámarksáhættu skulu reiknaðir út á grundvelli dreifingar áhættuskuldbindinga sem gerir ráð fyrir þeim möguleika að áhættuskuldbindingar séu ekki normaldreifðar.

11. Lánastofnunum er heimilt að nota aðferð sem er varfærnari en α margfaldað með virkri væntri jákvæðri áhættu samkvæmt jöfnunni hér að ofan fyrir hvern mótaðila.

12. Þrátt fyrir 7. lið geta lögbær yfirvöld heimilað lánastofnunum að nota eigið mat á α, með fyrirvara um að það sé ekki lægra en 1,2, þar sem α skal jafngilda hlutfalli innra eigin fjár út frá hermun áhættuskuldbindinga allra mótaðila (deilistofn) og innra eigin fé byggðu á væntri jákvæðri áhættu (deilistuðull). Í deilistuðlinum skal vænt jákvæð áhætta notuð sem væri hún föst útistandandi fjárhæð. Lánastofnanir skulu sýna fram á að innra mat þeirra á α endurspegli í deilistuðlinum mikilvægar orsakir tilviljunarkenndrar fylgni í dreifingu markaðsvirðis viðskipta eða verðbréfasafna viðskipta mismunandi mótaðila. Innra mat á α skal taka mið af sundurgreinanleika verðbréfasafna.

13. Lánastofnun skal tryggja að deilistofn og deilistuðull α séu reiknuð á samræmdan máta með tilliti til aðferða við líkanasmíði, lýsinga á breytum og samsetningar verðbréfasafns. Aðferðin sem er notuð skal byggð á aðferð lánastofnunarinnar um innra eigið fé, vera vel skjalfest og með fyrirvara um sjálfstæða fullgildingu. Að auki skulu lánastofnanir endurskoða mat sitt a.m.k. ársfjórðungslega og oftar þegar samsetning verðbréfasafnsins er breytileg eftir tímabilum. Lánastofnanir skulu einnig meta líkansáhættuna.

14. Ef við á skal flökt og fylgni markaðsáhættuþátta sem notaðir eru í sameiginlegri hermun á markaðs- og lánsáhættu vera skilyrt við útlánaáhættuþætti til að endurspegla mögulega aukningu á flökti eða fylgni við niðursveiflu í hagkerfinu.

15. Ef skuldajöfnunarsafnið er háð samkomulagi um tryggingarfé, skulu lánastofnanir nota einn eftirfarandi mælikvarða fyrir vænta jákvæða áhættu:

    a) virk vænt jákvæð áhætta án tillits til samkomulags um tryggingarfé,

    b) viðmiðunarmörk samkvæmt samkomulagi um tryggingarfé, ef þau eru jákvæð, auk viðbótar sem endurspeglar hugsanlega aukningu áhættuskuldbindingar á áhættutímabili tryggingarfjárins. Viðbótin er reiknuð út sem vænt aukning í áhættu skuldajöfnunarsafnsins, frá gildandi áhættu 0 á áhættutímabili tryggingarfjárins. Áhættutímabil tryggingarfjár í þessum tilgangi er minnst fimm viðskiptadagar vegna skuldajöfnunarsafna sem samanstanda einungis af viðskiptum um endurkaup sem eru háð daglegum útreikningum á tryggingarþekju og daglegu mati með hliðsjón af markaðsvirði, og tíu viðskiptadagar vegna allra annarra skuldajöfnunarsafna, eða

    c) ef líkanið endurspeglar áhrif tryggingarfjár við mat á væntri áhættu, er heimilt að nota vænta áhættu samkvæmt líkaninu beint í jöfnunni í 8. lið, með fyrirvara um samþykki lögbærra yfirvalda.

Lágmarkskröfur vegna líkana fyrir vænta jákvæða áhættu

16. Líkan lánastofnunar vegna væntrar jákvæðrar áhættu skal uppfylla rekstrarskilyrðin sem eru sett fram í 17.–41. lið.

Stjórnun mótaðilaáhættu

17. Lánastofnun skal hafa eftirlitsdeild sem er ábyrg fyrir hönnun og framkvæmd á stjórnunarkerfi mótaðilaáhættu, þ.m.t. upphaflegri og áframhaldandi fullgildingu líkansins. Þessi deild skal hafa eftirlit með traustleika ílagsgagna og leggja fram og greina skýrslur um niðurstöður samkvæmt áhættumatslíkani lánastofnunarinnar, þ.m.t. mat á tengslum milli mælikvarða áhættugrunns og láns- og viðskiptatakmarkana. Þessi deild skal vera óháð deildum sem bera ábyrgð á að hefja, endurskoða eða stunda viðskipti með áhættuskuldbindingar og án ótilhlýðilegra áhrifa. Hún skal hafa viðeigandi starfslið og heyra beint undir yfirstjórn lánastofnunarinnar. Vinna þessarar deildar skal vera kyrfilega samþætt við daglegt áhættustýringarferli lánastofnunarinnar. Niðurstaða þess skal, til samræmis við það, vera óaðskiljanlegur hluti skipulags, eftirlits- og stjórnunarferlis með útlána- og heildaráhættusniði lánastofnunarinnar.

18. Lánastofnun skal hafa stjórnunarstefnur, aðferðir og kerfi vegna mótaðilaáhættu sem eru skilvirk og þeim beitt af heilindum. Traustur stjórnunarrammi mótaðilaáhættu skal fela í sér auðkenningu, stjórnun, samþykki og innri skýrslugerð mótaðilaáhættu.

19. Áhættustýringarstefna lánastofnunar skal taka tillit til markaðs- og seljanleikaáhættu, lagalegrar áhættu og rekstraráhættu sem hægt er að tengja við mótaðilaáhættu. Lánastofnun skal ekki eiga viðskipti við mótaðila án þess að meta lánshæfi hans og skal taka tilhlýðilegt tillit til útlánaáhættu við og fyrir uppgjör. Stjórna skal þessum áhættum eins ítarlega og unnt er á stigi mótaðilans (með því að leggja saman áhættukröfur á mótaðila og aðra áhættukröfur) og á sviði fyrirtækisins í heild.

20. Stjórn og yfirstjórn lánastofnunar skulu eiga virka aðild í eftirliti með mótaðilaáhættu og skulu líta á þetta sem óhjákvæmilegan þátt starfseminnar sem þörf er á að veita verulegu fjármagni til. Yfirstjórnin skal gera sér grein fyrir takmörkunum og forsendum líkansins sem er notað og þeim áhrifum sem þær geta haft á áreiðanleika niðurstöðunnar. Yfirstjórn skal einnig taka tillit til óvissunnar í markaðsumhverfi og rekstrarþáttum og skilja hvernig hún endurspeglast í líkaninu.

21. Daglegar skýrslur sem eru teknar saman um áhættuskuldbindingar mótaðila lánastofnana skulu endurskoðaðar á vettvangi háttsettra stjórnenda sem hafa bæði umboð til þess að lækka stöður sem einstakir lánastjórar eða víxlarar taka og draga úr mótaðilaáhættu lánastofnunarinnar í heild.

22. Stjórnunarkerfi lánastofnunar vegna mótaðilaáhættu skal notað í tengslum við innri útlána- og viðskiptatakmarkanir. Útlána- og viðskiptatakmarkanir skulu því tengjast áhættustjórnunarlíkani lánastofnunarinnar á þann hátt sem er stöðugur yfir lengra tímabil og vel skiljanlegur lánastjórnendum, víxlurum og yfirstjórn.

23. Mat lánastofnunar á mótaðilaáhættu skal fela í sér mat á daglegri notkun lánalína og notkun þeirra innan dagsins. Lánastofnunin skal mæla gildandi áhættu bæði með og án tillits til trygginga. Lánastofnunin skal reikna út og fylgjast með hámarksáhættu eða mögulegri framtíðaráhættu á stigi verðbréfasafns og mótaðila, með öryggisbili sem lánastofnunin kýs. Lánastofnunin skal taka til greina stórar eða samþjappaðar stöður, þ.m.t. eftir hópum tengdra mótaðila, atvinnugreinum, mörkuðum, o.s.frv.

24. Lánastofnun skal hafa til staðar venjubundið og strangt álagsprófanakerfi, til viðbótar við greiningu mótaðilaáhættu, sem er byggt á daglegum niðurstöðum áhættustjórnunarlíkans lánastofnunarinnar. Yfirstjórn skal endurskoða niðurstöður álagsprófana reglulega og þær skulu endurspeglast í stefnumiðum og takmörkunum mótaðilaáhættu sem stjórnin setur. Þar sem álagsprófanir leiða í ljós sérstakt varnarleysi gagnvart tilteknum aðstæðum, skal grípa til skjótra ráðstafana til að stjórna þessari áhættu á viðeigandi hátt.

25. Lánastofnun skal búa yfir starfsvenjum til að tryggja samræmi við skjalfest safn innri stefna, stjórntækja og verklagsreglna er varða rekstur stjórnunarkerfa mótaðilaáhættu. Stjórnunarkerfi lánastofnunarinnar fyrir mótaðilaáhættu skal vera vel skjalfest og veita skýringu á aðferðum við athuganir sem eru notaðar til að mæla mótaðilaáhættu.

26. Lánastofnun skal framkvæma sjálfstæða úttekt á stjórnunarkerfi sínu vegna mótaðilaáhættu með reglulegu millibili í ferli eigin innri endurskoðunar. Þessi úttekt skal bæði fela í sér starfsemi rekstrareininganna sem um getur í 17. lið og starfsemi sjálfstæðrar stjórnunardeildar vegna mótaðilaáhættu. Úttekt á heildarstjórnunarferli mótaðilaáhættu skal fara fram með reglulegu millibili og skal a.m.k. fjalla sérstaklega um:

a) að skráning gagna um stjórnunarkerfi og ferli mótaðilaáhættu sé fullnægjandi,

b) skipulag eftirlitsdeildar mótaðilaáhættu,

c) samþættingu mælikvarða mótaðilaáhættu við daglega áhættustýringu,

d) samþykktarferli fyrir áhættuverðlagningarlíkön og matskerfi sem eru notuð bæði í framlínudeildum og bakvinnslu,

e) fullgilding marktækra breytinga í matsferli mótaðilaáhættu,

f) að hve miklu leyti áhættumatslíkanið greinir markaðsáhættu,

g) traustleika upplýsingakerfis fyrir stjórnendur,

h) áreiðanleika og heilleika gagna um mótaðilaáhættu,

i) sannprófun á samkvæmni, tímanleika og áreiðanleika gagnalinda, sem notaðar eru til að keyra líkön, þ.m.t. óháði slíkra gagnalinda,

j) hversu nákvæmar og viðeigandi forsendur um flökt og fylgni eru,

k) áreiðanleika útreikninga á mati og umbreytingu áhættu, og

l) sannprófun á nákvæmni líkansins með tíðum afturvirkum prófunum.

Notkunarpróf

27. Dreifing áhættuskuldbindinga sem reiknuð er með líkaninu sem notað er til að reikna út virka vænta jákvæða áhættu skal vera kyrfilega samþætt daglegu stjórnunarferli lánastofnunarinnar vegna mótaðilaáhættu. Niðurstaða líkansins skal til samræmis við það gegna afar mikilvægu hlutverki við lánssamþykki, stjórnun mótaðilaáhættu, ráðstöfun innra eigin fjár og stjórnarhætti lánastofnunarinnar.

28. Lánastofnun skal hafa reynslu af að nota líkön sem sýna dreifingu áhættuskuldbindinga mótaðila. Þ annig skal lánastofnunin sýna fram á að hún hafi í a.m.k. eitt ár fyrir samþykki lögbærra yfirvalda notað líkan til að reikna út dreifingu áhættuskuldbindinga sem útreikningar væntrar jákvæðrar áhættu byggja á sem uppfyllir í stórum dráttum lágmarkskröfurnar sem eru settar fram í þessum hluta.

29. Líkanið sem notað er til að reikna dreifingu áhættuskuldbindinga mótaðila skal vera hluti af stjórnunarramma mótaðilaáhættu sem felur í sér auðkenningu, mat, stjórnun, samþykki og innri skýrslugjöf um mótaðilaáhættu. Þessi rammi skal ná yfir mat á notkun lánalína (með því að leggja saman áhættukröfur á mótaðila og aðra áhættukröfur) og ráðstöfun innri eigin fjár. Til viðbótar við væntа jákvæða áhættu skal lánastofnun mæla og stjórna gildandi áhættum. Lánastofnunin skal mæla gildandi áhættu bæði með og án tillits til trygginga, eftir því sem við á. Notkunarprófið er fullnægjandi ef lánastofnun mælir mótaðilaáhættu með öðrum hætti, s.s. hámarksáhættu eða mögulega framtíðaráhættu (PFE), á grundvelli dreifingar áhættuskuldbindinga sem reiknuð er út með sama líkani og notað er til að reikna út væntа jákvæða áhættu.

30. Lánastofnun skal hafa kerfisgetu til að áætla væntа áhættu daglega ef nauðsyn krefur, nema hún sýni lögbærum yfirvöldum fram á að áhættuskuldbindingar mótaðila hennar réttlæti fátíðari útreikninga. Lánastofnunin skal reikna út væntа áhættu í samræmi við tímapunkta á tímasniði spátímabila sem endurspeglar framtíðarsjóðstreymi og binditíma samninganna á viðunandi hátt og á þann hátt sem er í samræmi við mikilvægi og samsetningu áhættuskuldbindinganna.

31. Mæla skal áhættu, fylgjast með henni og stýra á gildistíma allra samninga í skuldajöfnunarsafninu (ekki einungis á fyrsta árinu). Lánastofnunin skal búa yfir verklagsreglum til að auðkenna og stjórna áhættum vegna mótaðila þar sem áhættuskuldbindingin fer fram yfir eins árs spátímabil. Spáð hækkun áhættuskuldbindingar skal færð í líkanið sem lánastofnunin notar til að ákvarða innra eigið fé.

Álagsprófanir

32. Lánastofnun skal búa yfir traustu álagsprófanaferli til notkunar við mat á eiginfjárkröfum vegna mótaðilaáhættu. Álagsmatið skal borið saman við mat á væntri jákvæðri áhættu og lánastofnunin skal líta á það sem hluta af ferlinu sem er sett fram í 123. gr. Álagsprófanir skulu einnig fela í sér greiningu á hugsanlegum atburðum eða framtíðarbreytingum á efnahagsaðstæðum sem gætu haft óæskileg áhrif á áhættukröfur lánastofnunar og mat á getu lánastofnunarinnar til að standast slíkar breytingar.

33. Lánastofnunin skal álagsprófa áhættuskuldbindingar mótaðila sinna, þ.m.t. prófa markaðs- og útlánaáhættuþætti saman. Álagspróf mótaðilahættu skulu taka til greina samþjöppunaráhættu (gagnvart stökum mótaðila eða hópum mótaðila), fylgniáhættu milli markaðs- og útlánaáhættu og áhættu vegna áhrifa innlausnar á stöðum mótaðila á markaðinn. Álagsprófanir skulu einnig kanna áhrif slíkra markaðshreyfinga á eigin stöðu lánastofnunarinnar og þau áhrif skulu felld inn í mat álagsprófana á mótaðilaáhættu.

Fylgniáhætta

34. Lánastofnanir skulu taka tilhlýðilegt tillit til áhættuskuldbindinga sem leiða til verulegrar almennrar fylgniáhættu.

35. Lánastofnanir skulu búa yfir verklagsreglum til að auðkenna, hafa eftirlit með og stjórna tilvikum sértækrar fylgniáhættu sem hefst við upphaf viðskipta og heldur áfram á líftíma viðskiptanna.

Heilleiki líkanagerðarinnar

36. Líkanið skal endurspegla skilmála og lýsingu viðskipta á tímanlegan, alhliða og varkáran máta. Slík skilyrði skulu fela í sér a.m.k. grundvallarfjárhæðir í samningi, binditíma, viðmiðunareignir, samkomulag um tryggingarfé og skuldajöfnunarsamninga. Skilmálarnir og lýsingarnar skulu geymd í gagnagrunni sem sætir formlegri og reglubundinni

endurskoðun. Ferlið fyrir færslu skuldajöfnunarsamninga krefst umsagnar frá löglærðu starfsfólki til að sannreyna að skuldajöfnun sé framfylgjanleg samkvæmt lögum og til að sjálfstæð eining færi gögn í gagnagrunninn. Flutningur gagna um skilmála og lýsingu viðskipta til líkansins skal einnig sæta innri endurskoðun og formlegt afstemmingarferli skal vera til staðar milli líkansins og gagnaheimildakerfa til að sannreyna stöðugt að skilmálar og lýsingar viðskipta endurspeglist rétt, eða a.m.k. varfærnislega, í væntri jákvæðri áhættu.

37. Líkanið skal nota núgildandi markaðsupplýsingar til að reikna út gildandi áhættur. Þegar söguleg gögn eru notuð til að meta flökt og fylgni skal nota minnst þriggja ára tímabil sögulegra gagna og uppfæra þau ársfjórðungslega, eða oftar ef markaðsaðstæður gefa tilefni til. Gögnin skulu ná yfir allar efnahagsaðstæður, s.s. heila viðskiptasveiflu. Eining sem er óháð rekstrareiningunni skal staðfesta verðið sem rekstrareiningin gefur upp. Afla skal gagna óháð starfssviðum, þau færð inn í líkanið á tímanlegan og alhliða máta og þeim viðhaldið í gagnagrunni sem sætir formlegri og reglubundinni endurskoðun. Lánastofnun skal einnig hafa vel þróaðar aðferðir fyrir heilleika gagna til þess að hreinsa gögnin af villu- og/eða afbrigðileikaboðum. Að svo miklu leyti sem líkanið byggir á markaðsgögnum í formi vísa, þ.m.t. fyrir nýjar afurðir þar sem þriggja ára söguleg gögn eru e.t.v. ekki fyrir hendi, skulu innri stefnur tilgreina viðeigandi vísa og skal lánastofnunin sýna fram á með athugunum að vísirinn gefi varfærnislega mynd af undirliggjandi áhættu við óhagstæðar markaðsaðstæður. Ef líkanið nær yfir áhrif tryggingar á breytingar á markaðsvirði skuldajöfnunarsafnsins skal lánastofnunin hafa fullnægjandi söguleg gögn til að reikna út flökt tryggingarinnar með líkani.

38. Líkanið skal sæta fullgildingarferli. Ferlið skal koma skýrt fram í stefnum og verklagsreglum lánastofnananna. Í fullgildingarferlinu skal tilgreina þá tegund prófana sem þörf er á til að tryggja heilleika líkansins og skilgreina við hvaða skilyrði forsendur eru ekki virtar, sem leitt getur til vanmats á væntri jákvæðri áhættu. Fullgildingarferlið skal fela í sér úttekt á því hversu ítarlegt líkanið er.

39. Lánastofnun skal fylgjast með viðeigandi áhættu og búa yfir ferlum til að aðlaga mat sitt á væntri jákvæðri áhættu þegar sú áhætta verður umtalsverð. Í þessu felst eftirfarandi:

a) lánastofnunin skal bera kennsl á og stjórna sértækri fylgniáhættu sinni,

b) að því er varðar áhættuskuldbindingar með áhættusnið sem hækkar eftir eitt ár skal lánastofnunin reglulega bera mat á væntri jákvæðri áhættu yfir eitt ár saman við vænta jákvæða áhættu á líftíma áhættuskuldbindingarinnar og

c) að því er varðar áhættuskuldbindingar með eftirstöðvatíma skemmri en eitt ár skal lánastofnunin reglulega bera endurnýjunarkostnað (gildandi áhættuskuldbinding) saman við rauneinkenni áhættuskuldbindingarinnar og/eða vista gögn sem gera slíkan samanburð mögulegan.

40. Lánastofnun skal hafa innri verklagsreglur til að sannreyna að áður en viðskipti eru færð í skuldajöfnunarsafn séu þau tryggð með skuldajöfnunarsamningi, sem er framfylgjanlegur samkvæmt lögum, og uppfyllir skilyrðin sem eru sett fram í 7. hluta.

41. Lánastofnun sem notar tryggingu til að milda mótaðilaáhættu sína skal hafa innri verklagsreglur til að sannreyna að tryggingin uppfylli staðlana um lögfræðilega vissu sem settir eru fram í VIII. viðauka, áður en áhrif tryggingarinnar eru færðar inn í útreikning hennar.

Fullgildingarkröfur vegna líkana fyrir væntа jákvæða áhættu

42. Líkan lánastofnunar fyrir væntа jákvæða áhættu skal uppfylla eftirfarandi fullgildingarkröfur:

a) fullgildingarkröfurnar sem eru settar fram í V. viðauka við tilskipun 2006/49/EB,

b) spá skal fyrir um vexti, gengi gjaldmiðla, gengi hlutabréfa, hrávörur og aðra þætti markaðsáhættu yfir langt tímabil vegna mats á mótaðilaáhættu. Frammistaða spálíkansins vegna markaðsáhættuþátta skal staðfest yfir langt tímabil,

c) það skal vera liður í fullgildingarferlinu að prófa verðlagningarlíkön sem eru notuð til að reikna mótaðilaáhættu fyrir ákveðna sviðsmynd um framtíðaráföll. Verðlagningarlíkön fyrir valrétti skulu taka mið af ólínuleika virðis valréttar með tilliti til markaðsáhættuþátta,

d) líkanið fyrir væntа jákvæða áhættu skal greina upplýsingar um einstök viðskipti til þess að leggja saman áhættuskuldbindingar á stigi skuldajöfnunarsafnsins. Lánastofnun skal sannreyna að viðskiptunum sé skipað í viðeigandi skuldajöfnunarsafn innan líkansins,

e) líkan væntrar jákvæðrar áhættu skal einnig taka til upplýsinga um einstök viðskipti til að greina áhrif tryggingarþekju. Líkanið skal taka tillit til bæði núgildandi fjárhæða tryggingarfjár og tryggingarfjár sem myndi ganga á milli mótaðila í framtíðinni. Slíkt líkan skal taka til greina tegund samkomulags um tryggingarfé (einhliða eða tvíhliða), tíðni veðkalla, áhættutímabil tryggingarfjár, lágmarksviðmiðunarmörk ótryggðrar áhættu sem lánastofnunin tekur gilda, og lágmarksfjárhæð millifærslu. Slíkt líkan skal annað hvort spá fyrir um breytingar á markaðsvirði veittrar tryggingar eða beita reglunum sem eru settar fram í VIII. viðauka, og

f) það skal vera hluti af fullgildingarferli líkansins að gera kyrrstæðar, sögulegar afturvirkar prófanir á dæmigerðum verðbréfasöfnum mótaðila. Lánastofnun skal framkvæma slíkar afturvirkar prófanir með reglulegu millibili á nokkrum dæmigerðum verðbréfasöfnum mótaðila (raunverulegum eða áætluðum). Þessi dæmigerðu verðbréfasöfn skulu valin á grundvelli næmi þeirra gagnvart mikilvægum áhættuþáttum og fylgni sem lánastofnunin stendur frammi fyrir.

Bendi afturvirkar prófanir til þess að líkanið sé ekki nægilega nákvæmt skulu lögbær yfirvöld afturkalla samþykki sitt á líkaninu eða krefjast þess að gerðar verði viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að líkanið verði bætt sem fyrst. Einnig geta þau krafist þess að lánastofnanir haldi viðbótareiginfé skv. 136. gr.

7. HLUTI

Samningsbundin skuldajöfnun (samningar um skuldskeytingu og aðrir skuldajöfnunarsamningar)

a) Tegundir skuldajöfnunar sem lögbær yfirvöld geta viðurkennt

Að því er varðar þennan hluta merkir „mótaðili“ aðila (þ.m.t. einstaklinga) sem hefur heimild til að gera samkomulag um samningsbundna skuldajöfnun og „samkomulag um samningsbundna skuldajöfnun milli afurða“ merkir skriflegur tvíhliða samningur milli lánastofnunar og mótaðila sem skapar eina ákveðna lagaskyldu sem tekur til allra tvíhliða rammasamninga er felast þar í og viðskipta sem tilheyra ólíkum afurðaflokkum. Samkomulag um samningsbundna skuldajöfnun milli afurða nær ekki yfir aðra skuldajöfnun en tvíhliða. Að því er varðar skuldajöfnun milli afurða er litið á eftirfarandi sem ólíka afurðaflokka:

i. endurhverf verðbréfakaup, endurhverf verðbréfasala, verðbréfa- og hrávörulánveitingar eða lántökur,

ii. viðbótarlánveitingar vegna kaupa/sölu verðbréfa, og iii. samningana sem skráðir eru í IV. viðauka. Lögbær yfirvöld mega líta svo á að eftirfarandi tegundir samningsbundinnar skuldajöfnunar dragi úr áhættu:

i. tvíhliða samningar um skuldskeytingu milli lánastofnunar og mótaðila hennar, þar sem gagnkvæmar kröfur og skuldbindingar eru sjálfkrafa sameinaðar á þann hátt að þessi skuldskeyting festi eina ákveðna hreina fjárhæð í hvert sinn sem skuldskeyting á sér stað og skapi þannig einn nýjan lagalega bindandi samning sem fellir eldri samninga úr gildi,

ii. aðrir tvíhliða skuldajöfnunarsamningar milli lánastofnunar og mótaðila hennar og

iii. samkomulag um samningsbundna skuldajöfnun milli afurða vegna lánastofnana sem hafa fengið samþykki lögbærra yfirvalda til að nota aðferðina sem er sett fram í 6. hluta, vegna viðskipta sem falla undir gildissvið þeirrar aðferðar. Skuldajöfnun milli viðskipta, sem aðilar sömu samstæðu gera, er ekki viðurkennd að því er varðar útreikning á eiginfjárkröfum.

b) Skilyrði fyrir viðurkenningu

Lögbær yfirvöld geta því aðeins viðurkennt að samningsbundin skuldajöfnun dragi úr áhættu að eftirfarandi skilyrðum sé fullnægt:

i. lánastofnun verður að hafa gert samkomulag um samningsbundna skuldajöfnun við mótaðila sinn sem skapar eina ákveðna lagaskyldu, sem tekur til allra viðskipta þar í, þannig að lánastofnunin eigi einungis heimtingu á að taka við, eða beri skylda til að greiða, hreina fjárhæð jákvæðs og neikvæðs markaðsvirðis umræddra viðskipta, komi til þess að mótaðili standi ekki við skuldbindingar sínar vegna vanefnda, gjaldþrots, félagsslita eða annarra viðlíka aðstæðna,

ii. lánastofnun verður að hafa komið á framfæri við lögbær yfirvöld skriflegu og rökstuddu lagalegu áliti þess efnis að komi til véfengingar beri viðeigandi dómstólum og stjórnsýsluyfirvöldum, í þeim tilvikum sem um getur í i-lið, að líta svo á að kröfur og skuldbindingar lánastofnunarinnar takmarkist við hreinu fjárhæðina, eins og um getur í i-lið, samkvæmt:

— lögum þess lands þar sem mótaðilinn hefur réttarstöðu lögaðila og, ef erlent útibú fyrirtækis er viðriðið málið, einnig samkvæmt lögum þess lands þar sem útibúið er,

— lögum sem gilda um þessi tilteknu viðskipti, og

— lögum sem gilda um hvern þann samning eða samkomulag sem þarf að vera fyrir hendi til að unnt sé að framkvæma samninginn um skuldajöfnun,

iii. lánastofnun verður að búa yfir aðferðum er tryggja að lagagildi samningsbundinnar skuldajöfnunar hennar sé endurskoðað reglulega í ljósi hugsanlegra breytinga á viðeigandi lögum,

iv. að lánastofnunin varðveiti öll nauðsynleg gögn í sínum skrám,

v. mat lánastofnunarinnar á samanlagðri útlánaáhættu hvers mótaðila skal taka tillit til áhrifa skuldajöfnunar og lánastofnunin stjórnar mótaðilaáhættu sinni á slíkum grundvelli, og

vi. útlánaáhættu gagnvart hverjum mótaðila er safnað saman til að fá út eina lagalega áhættuskuldbindingu þ vert á viðskipti. Tekið skal tillit til þessa samsafns að því er varðar lánamörk og innra eigið fé.

Lögbær yfirvöld skulu, ef með þarf eftir að hafa ráðfært sig við önnur lögbær yfirvöld er málið varðar, ganga úr skugga um að viðkomandi samningur um skuldajöfnun sé gildur samkvæmt lögum viðkomandi lands. Fái eitthvert yfirvaldanna ekki fullvissu sína í þessum efnum er ekki hægt að viðurkenna að samningurinn um skuldajöfnun dragi úr áhættu fyrir annan hvorn mótaðilann.

Lögbæru yfirvöldin geta samþykkt rökstutt lagalegt álit sem samið er fyrir hverja tegund samningsbundinnar skuldajöfnunar. Samning, sem hefur að geyma ákvæði sem heimilar mótaðila, sem er ekki í vanskilum, að inna aðeins takmarkaðar eða alls engar greiðslur af hendi til bús vanskilaaðilans, jafnvel þótt vanskilaaðilinn eigi hreina kröfu (s.k. „útgönguákvæði“), má ekki viðurkenna sem samning sem dregur úr áhættu.

Til viðbótar skulu eftirfarandi viðmið uppfyllt vegna samninga um skuldajöfnun milli afurða:

a) hreina fjárhæðin sem vísað er til í i. lið b-liðar í þessum hluta skal vera hrein fjárhæð jákvæðs og neikvæðs lokavirðis allra einstakra tvíhliða rammasamninga sem falla þar undir og jákvæðs og neikvæðs markaðsvirðis einstakra viðskipta („hrein fjárhæð milli afurða“),

b) skriflegt og rökstutt lagalegt álit sem vísað er til í ii. undirlið b-liðar í þessum hluta skal taka gildi og framfylgd alls samningsins um skuldajöfnun milli afurða samkvæmt skilmálum hans og áhrifum fyrirkomulags skuldajöfnunar á mikilvæg ákvæði einstakra tvíhliða rammasamninga sem falla þar undir. Lögfræðiálit skal vera almennt viðurkennt sem slíkt af lögfræðigeira aðildarríkisins þar sem lánastofnunin hefur starfsheimild eða vera lögfræðilegt minnisblað *(e. memorandum of law)* sem tekur til allra viðkomandi álitaefna á rökstuddan hátt,

c) lánastofnunin skal búa yfir verklagsreglum samkvæmt iii. undirlið b-liðar í þessum hluta til að sannreyna að öll viðskipti sem telja á með í skuldajöfnunarsafni falli undir lagalegt álit og

d) lánastofnunin skal halda áfram að fullnægja kröfunum vegna færslu á tvíhliða skuldajöfnun og kröfunum í 90.–93. gr. vegna færslu á mildun útlánaáhættu, eftir því sem við á, með tilliti til hvers einstaks tvíhliða rammasamnings og viðskipta, að teknu tilliti til samkomulags um samningsbundna skuldajöfnun milli afurða.

c) Áhrif viðurkenningar

Að því er varðar 5. og 6. hluta skal skuldajöfnun vera færð eins og fram kemur þar.

i. Samningar um skuldskeytingu

Vega má einstakar hreinar fjárhæðir, sem eru fastsettar í tengslum við samninga um skuldskeytingu, í stað viðkomandi heildarfjárhæða. Þannig má, við beitingu 3. hluta, reikna:

— gildandi endurnýjunarkostnað í áfanga a og

— reiknaðan höfuðstól samninganna eða virði undirliggjandi gerninga í áfanga b

að teknu tilliti til samnings um skuldskeytingu. Þegar 4. hluta er beitt má finna reiknaðan höfuðstól í áfanga a að teknu tilliti til samnings um skuldskeytingu; nota skal hundraðshluta úr töflu 3.

ii. Aðrir skuldajöfnunarsamningar

Þegar 3. hluta er beitt:

— má í áfanga a reikna út gildandi endurnýjunarkostnað fyrir þá samninga sem falla undir skuldajöfnunarsamning með því að taka tillit til þess áætlaða, hreina endurnýjunarkostnaðar sem leiðir af samningnum; í þeim tilvikum þar sem skuldajöfnun leiðir til hreinnar skuldbindingar fyrir lánastofnunina, sem reiknar út hreina endurnýjunarkostnaðinn, skal gildandi endurnýjunarkostnaður reiknaður sem „núll“ og

— má í áfanga b lækka töluna fyrir hugsanlega framtíðarútlánaáhættu vegna allra samninga sem falla undir skuldajöfnunarsamning, samkvæmt eftirfarandi formúlu:

$$PCE_{red} = 0{,}4 * PCE_{gross} + 0{,}6 * NGR * PCE_{gross}$$

þegar:

— PCE_{red} = lækkaða talan fyrir hugsanlega framtíðarútlánaáhættu vegna allra samninga sem eru gerðir við tiltekinn mótaðila og falla innan löggilts tvíhliða skuldajöfnunarsamnings

— PCE_{gross} = samtala fyrir hugsanlega framtíðarútlánaáhættu vegna allra samninga sem eru gerðir við tiltekinn mótaðila og falla innan löggilts tvíhliða greiðslujöfnunarsamnings og reiknaðir út með því að margfalda reiknaðan höfuðstól með hundraðshlutunum sem eru gefnir upp í töflu 1

— NGR = „nettó/brúttóhlutfall“: eftir því sem lögbær yfirvöld telja hæfilegt, annað hvort:

i. sérstakur útreikningur: hlutfallstala hreins endurnýjunarkostnaðar vegna allra samninga sem falla undir löggiltan tvíhliða skuldajöfnunarsamning við tiltekinn mótaðila (deilistofn) og hreins endurnýjunarkostnaðar vegna allra samninga sem falla undir löggiltan tvíhliða skuldajöfnunarsamning við þann mótaðila (deilistuðull), eða

ii. heildarútreikningur: hlutfallstala samanlagðs hreins endurnýjunarkostnaðar reiknuð á tvíhliða grundvelli fyrir alla mótaðila að teknu tilliti til samninganna sem falla undir löggilta skuldajöfnunarsamninginn (deilistofn) og heildarendurnýjunarkostnaðar vegna allra samninga sem eru innifaldir í löggiltum skuldajöfnunarsamningum (deilistuðull).

Ef aðildarríkin heimila lánastofnunum að velja um aðferð skal beita þeirri aðferð sem hefur orðið fyrir valinu með samræmdum hætti.

Við útreikning á hugsanlegri framtíðarútlánaáhættu, samkvæmt formúlunni hér að framan, má fara með nákvæmlega samsvarandi samninga, sem falla undir greiðslujöfnunarsamninginn, eins og þeir væru einn samningur með reiknuðum höfuðstól sem jafngildir hreinum tekjum. Nákvæmlega samsvarandi samningar eru framvirkir gjaldeyrissamningar eða svipaðir samningar þar sem reiknaður höfuðstóll jafngildir sjóðstreymi og þar sem þetta sjóðstreymi kemur til greiðslu á sama gildisdegi og að öllu leyti eða að hluta til í sama gjaldmiðli.

Þegar 4. hluta er beitt má í áfanga a

— fara með nákvæmlega samsvarandi samninga sem falla undir skuldajöfnunarsamning, eins og þeir væru einn samningur, með reiknuðum höfuðstól sem jafngildir hreinum tekjum og margfalda reiknuðu höfuðstólsfjárhæðirnar með hundraðshlutunum sem eru gefnir upp í töflu 3 og

— lækka viðeigandi hundraðshluta til samræmis við það sem fram kemur í töflu 6, að því er alla aðra samninga sem falla undir skuldajöfnunarsamning varðar:

Tafla 6

Upphaflegur binditími ([1])	Vaxtasamningar	Gjaldeyrissamningar
Eitt ár eða minna	0,35%	1,50 %
Meira en eitt ár en ekki yfir tvö ár	0,75%	3,75%
Viðbót fyrir hvert ár að auki	0,75%	2,25%

([1]) Þegar um er að ræða vaxtasamninga geta lánastofnanir, að fengnu samþykki lögbærra yfirvalda, valið á milli upphaflegs binditíma eða eftirstöðvatíma.

IV. VIÐAUKI

TEGUNDIR AFLEIÐA

1. Vaxtasamningar:
   a) vaxtaskiptasamningar í einum gjaldmiðli;
   b) skiptasamningar um breytilega vexti *(e. basis swaps)*,
   c) framvirkir vaxtasamningar,
   d) staðlaðir, framvirkir vaxtasamningar,
   e) keyptur valréttur að vöxtum, og f) aðrir samningar svipaðs eðlis.
2. Gjaldmiðlasamningar og samningar er varða gull:
   a) vaxtaskiptasamningar milli gjaldmiðla,
   b) framvirkir gjaldmiðlasamningar,
   c) staðlaðir framvirkir gjaldeyrissamningar,
   d) keyptir valréttir að erlendum gjaldeyri,
   e) aðrir samningar svipaðs eðlis, og
   f) samningar sem varða gull, svipaðs eðlis og þeir sem um getur í a- til e-lið.
3. Samningar sem eru svipaðs eðlis og þeir sem um getur í a- til e-lið í 1. tölulið og a- til d-lið í 2. tölulið en miðast við aðra viðmiðunarliði eða vísitölur. Þetta nær til, að lágmarki, allra gerninga sem tilgreindir eru í 4.–7., 9. og 10. lið C-þáttar I. viðauka tilskipunar 2004/39/EB, sem ekki eru innifaldir í 1. eða 2. lið.

V. VIÐAUKI

TÆKNILEGAR VIÐMIÐANIR VEGNA FYRIRKOMULAGS OG MEÐFERÐAR ÁHÆTTU

1. STJÓRNUNARHÆTTIR

1. Framkvæmdastjórnin sem lýst er í 11. gr., skal skilgreina tilhögun er varðar aðgreiningu starfa innan stofnunarinnar og koma í veg fyrir hagsmunaárekstra.

2. MEÐFERÐ ÁHÆTTU

2. Framkvæmdastjórnin sem lýst er í 11. gr. skal samþykkja og endurskoða reglubundið áætlanir og stefnumið vegna tilurðar, stjórnunar, vöktunar og mildunar þeirrar áhættu sem lánastofnunin stendur eða kann að standa frammi fyrir, þ.m.t. þá sem stafar af efnahagsumhverfi þess lands sem hún starfar í, í tengslum við stöðu hagsveiflunnar.

3. ÚTLÁNA- OG MÓTAÐILAÁHÆTTA

3. Lánveitingar skulu byggðar á ábyrgum og vel skilgreindum viðmiðunum. Ferli við að samþykkja, breyta, endurskoða og við endurfjármögnun lána skal innleitt með skýrum hætti.

4. Starfrækja skal skilvirk kerfi fyrir samfellda stjórnsýslu og eftirlit með ýmsum verðbréfasöfnum og áhættuskuldbindingum, sem fela í sér útlánaáhættu, þ.m.t. til að greina vandamálalán og stjórna þeim og til að gera fullnægjandi virðisbreytingar og varúðarniðurfærslur.

5. Dreifing lánasafna skal vera fullnægjandi með tilliti til sóknarmarkaða lánastofnunarinnar og heildarútlánaætlunar.

4. EFTIRSTÆÐIR ÁHÆTTUÞÆTTIR

6. Taka skal á og stýra, með skriflegum stefnum og verklagsreglum, þeirri áhættu að viðurkenndar aðferðir til mildunar á útlánahættu, sem lánastofnun beitir, reynist ekki jafn árangursríkar og áætlað var.

5. SAMÞJÖPPUNARÁHÆTTA

7. Samþjöppunaráhættu, sem verður til vegna áhættuskuldbindinga mótaðila, hóps tengdra mótaðila og mótaðila í sama atvinnuvegi, á sama landssvæði eða sem bjóða sömu starfsemi eða hrávöru, beitingar aðferða við mildun útlánahættu, þ.m.t. sérstaklega áhættur í tengslum við stórar óbeinar áhættukröfur (t.d. á einn útgefanda tryggingar), skal meðhöndla og stjórna með skriflegum stefnum og verklagsreglum.

6. VERÐBRÉFUNARÁHÆTTA

8. Áhætta sem verður til vegna verðbréfunarviðskipta þar sem lánastofnun er útgefandi eða umsýsluaðili skal metin og meðhöndluð með viðeigandi stefnum og verklagsreglum, einkum til að tryggja að efnahagslegt inntak viðskiptanna endurspeglist að fullu í áhættumati og stjórnarákvörðunum.

9. Lánastofnun sem hefur hlaupandi verðbréfunarviðskipti, með ákvæði um greiðslu afborgana fyrir gjalddaga, skal búa yfir lausafjáráætlunum til að mæta bæði áætluðum afborgunum og afborgunum fyrir gjalddaga.

7. MARKAÐSÁHÆTTA

10. Stefnum og ferlum til að meta og stjórna öllum mikilvægum upptökum og áhrifum markaðsáhættu skal komið í framkvæmd.

8. VAXTAÁHÆTTA SEM VERÐUR TIL VIÐ VIÐSKIPTI ÖNNUR EN VELTUVIÐSKIPTI

11. Koma skal í framkvæmd kerfum til að meta og stjórna áhættunni, sem verður til vegna mögulegra breytinga á vöxtum þar sem þeir geta haft áhrif á viðskipti lánastofnunar, önnur en veltuviðskipti.

9. REKSTRARÁHÆTTA

12. Koma skal í framkvæmd stefnum og ferlum til að meta og stjórna rekstraráhættu, þ.m.t. vegna atburða sem eiga sér sjaldan stað en hafa alvarlegar afleiðingar. Með fyrirvara um skilgreininguna sem mælt er fyrir um í 22. mgr. 4. gr. skulu lánastofnanir skýra hvað telst rekstraráhætta að því er varðar þær stefnur og verklagsreglur.

13. Viðbragðsáætlun og áætlun um samfellda starfsemi skal vera til staðar til að tryggja að lánastofnunin geti starfað á áframhaldandi grundvelli og takmarkað tap ef starfsemin raskast alvarlega.

10. LAUSAFJÁRÁHÆTTA

14. Til staðar skulu vera stefnur og ferlar til að meta og stjórna hreinni fjármögnunarstöðu og -þörf á áframhaldandi og framsýnum grundvelli. Aðrar sviðsmyndir skulu kannaðar og forsendurnar sem liggja að baki ákvörðunum varðandi hreina fjármögnunarstöðu skulu endurskoðaðar reglulega.

15. Viðbragðsáætlanir vegna lausafjárvanda skulu vera til staðar.

VI. VIÐAUKI

STAÐALAÐFERÐ

1. HLUTI

ÁHÆTTUVÆGI

1. ÁHÆTTUKRÖFUR Á RÍKISSTJÓRNIR EÐA SEÐLABANKA

1.1. **Meðferð**

1. Með fyrirvara um 2.–7. lið skulu áhættukröfur á ríkisstjórnir og seðlabanka fá áhættuvog 100%.

2. Með fyrirvara um 3. lið, skulu áhættukröfur á ríkisstjórnir og seðlabanka, þar sem lánshæfismat frá tilnefndri utanaðkomandi lánshæfismatsstofnun liggur fyrir, fá áhættuvog samkvæmt töflu 1, sem byggir á ákvörðun lögbærra yfirvalda um í hvert af sex þ repum matskvarðans fyrir lánshæfisgæði skuli raða lánshæfismati viðurkenndra utanaðkomandi lánshæfismatsstofnana.

Tafla 1

Lánshæfisþrep	1	2	3	4	5	6
Áhættuvog	0%	20%	50%	100%	100%	150%

3. Áhættukröfur á Seðlabanka Evrópu skulu fá úthlutað áhættuvog 0%.

1.2. **Áhættuskuldbindingar í gjaldmiðli ríkis lántaka**

4. Áhættukröfur á ríkisstjórnir og seðlabanka aðildarríkis, tilgreindar og fjármagnaðar í gjaldmiðli þeirrar ríkisstjórnar og seðlabanka, skulu fá áhættuvog 0%.

5. Ef lögbær yfirvöld í þriðja landi sem beita reglu- og eftirlitsfyrirkomulagi sem er að minnsta kosti jafngilt því sem beitt er í Bandalaginu, úthluta áhættuvog sem er lægri en sú sem um getur í 1.–2. lið á áhættuskuldbindingar ríkisstjórnar sinnar og seðlabanka, sem tilgreindar eru og fjármagnaðar í gjaldmiðli landsins, er aðildarríkjum heimilt að leyfa lánastofnunum sínum að áhættuvega slíkar áhættuskuldbindingar á sama hátt.

1.3. **Notkun útflutningslánastofnana á lánshæfismati**

6. Lögbær yfirvöld skulu viðurkenna lánshæfismat útflutningslánastofnana ef annað hvort eftirfarandi skilyrða er uppfyllt:

   a) að það sé samstaða um áhættumatið meðal útflutningslánastofnana sem eiga aðild að „Samþykkt um viðmiðunarreglur Efnahags- og framfarastofnunarinnar vegna útflutningslána sem njóta opinbers stuðnings“, eða

   b) að útflutningslánastofnun birti lánshæfismat sitt og að útflutningslánastofnunin fylgi aðferðafræði sem er samþykkt af Efnahags- og framfarastofnuninni og að lánshæfimatið tengist einu af átta iðgjöldum lágmarksútflutningstryggingar sem er ákvarðað af samþykktri aðferðafræði Efnahags- og framfarastofnunarinnar.

7. Áhættuskuldbindingar sem lánshæfismat frá útflutningslánastofnun er viðurkennt fyrir vegna áhættuvogar, skulu fá áhættuvog í samræmi við töflu 2.

Tafla 2

Iðgjöld lágmarksútflutnings-tryggingar (MEIP)	0	1	2	3	4	5	6	7
Áhættuvog	0%	0%	20%	50%	100%	100%	100 %	150%

2. ÁHÆTTUKRÖFUR Á HÉRAÐSSTJÓRNIR EÐA STAÐARYFIRVÖLD

8. Með fyrirvara um 9.–11. lið skulu áhættukröfur á héraðsstjórnir og staðaryfirvöld áhættuvegnar eins og áhættukröfur á stofnanir. Þessi meðferð er óháð notkun heimildar sem tilgreind er í 3. mgr. 80. gr. Ekki skal beita fríðindameðferðinni vegna skammtímaskuldbindinga sem tilgreind er í 31., 32. og 37. lið.

9. Farið skal með áhættukröfur á héraðsstjórnir og staðaryfirvöld sem áhættukröfur á ríkisstjórn í þeirri lögsögu þar sem þeim er komið á fót svo framarlega sem enginn munur er á áhættu milli slíkra áhættukrafna vegna sérstakra skattheimtuheimilda þeirra fyrrnefndu og ef fyrir hendi eru sérstakar ráðstafanir sem eiga að draga úr hættu á vanefndum þeirra.

Lögbær yfirvöld skulu semja og gera opinbera skrá yfir héraðsstjórnir og staðaryfirvöld sem áhættuvega skal sem ríkisstjórnir.

10. Áhættukröfur á kirkjur og trúfélög, stofnuðum í formi lögaðila samkvæmt opinberum rétti skulu, að svo miklu leyti sem þau innheimta skatta í samræmi við lög sem veita þeim slíkan rétt, vera meðhöndlaðar sem áhættukröfur á héraðsstjórnir og staðaryfirvöld, að því undanskildu að 9. liður gildir ekki. Í slíkum tilfellum, að því er varðar a-lið 1. mgr. 89. gr., skal ekki undanskilja leyfi til að beita 1. undirþætti 3. þáttar 2. kafla V. bálks.

11. Ef lögbær yfirvöld í lögsögu þriðja lands sem beita reglu- og eftirlitsfyrirkomulagi sem er hið minnsta jafngilt því sem beitt er í Bandalaginu, meðhöndla áhættukröfur á héraðsstjórnir og staðaryfirvöld sem áhættukröfur á ríkisstjórnir þeirra er aðildarríkjum heimilt að leyfa lánastofnunum sínum að áhættuvega áhættukröfur á slíkar héraðsstjórnir og staðaryfirvöld með sama hætti.

3. ÁHÆTTUKRÖFUR Á STJÓRNSÝSLUSTOFNANIR OG FYRIRTÆKI SEM EKKI ERU REKIN Í HAGNAÐARSKYNI

3.1. **Meðferð**

12. Með fyrirvara um 13.–17. lið skulu áhættukröfur á stjórnsýslustofnanir og fyrirtæki sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni fá 100% áhættuvog.

3.2. **Opinberir aðilar**

13. Með fyrirvara um 14.–17. lið skulu áhættukröfur á opinbera aðila fá 100% áhættuvog.

14. Með fyrirvara um heimild lögbærra yfirvalda, er leyfilegt að fara með áhættukröfur á opinbera aðila sem áhættukröfur á stofnanir. Notkun lögbærra yfirvalda á þessari heimild er óháð notkun heimildarinnar sem tilgreind er í 3. mgr. 80. gr. Ekki skal beita fríðindameðferðinni vegna skammtímaskuldbindinga sem tilgreindar eru í 31., 32. og 37. lið.

15. Í undantekningartilvikum er heimilt að fara með áhættukröfur á opinbera aðila sem áhættukröfur á ríkisstjórn í þeirri lögsögu þar sem þeim er komið á fót svo framarlega sem enginn munur er á áhættu slíkra áhættukrafna að mati lögbærra yfirvalda vegna tilvistar viðeigandi ábyrgðar af hálfu ríkisstjórnarinnar.

16. Ef heimildin til að fara með áhættukröfur á opinbera aðila sem áhættukröfur á stofnanir eða sem áhættukröfur á ríkisstjórn í þeirri lögsögu þar sem þeim er komið á fót er notuð af lögbæru yfirvaldi í einu aðildarríkjanna skulu lögbær yfirvöld annars aðildarríkis leyfa lánastofnunum sínum að áhættuvega áhættukröfur á slíka opinbera aðila á sama hátt.

17. Ef lögbær yfirvöld í lögsögu þriðja lands, sem beita reglu- og eftirlitsfyrirkomulagi sem er að minnsta kosti jafngilt því sem beitt er í Bandalaginu, fara með áhættukröfur á opinbera aðila sem áhættukröfur á stofnanir er aðildarríkjum heimilt að leyfa lánastofnunum sínum að áhættuvega slíkar áhættukröfur slíkra opinberra aðila á sama hátt.

4. ÁHÆTTUKRÖFUR Á FJÖLÞJÓÐLEGA ÞRÓUNARBANKA

4.1. **Gildissvið**

18. Að því er varðar 78.–83. gr. teljast Fjárfestingarlánastofnun Ameríkuríkja, Viðskipta- og þróunarbanki Svartahafsins og Þróunarbanki Mið-Ameríkuríkja fjölþjóðlegir þróunarbankar.

4.2. **Meðferð**

19. Með fyrirvara um 20. og 21. lið, skal fara með áhættukröfur á fjölþjóðlega þróunarbanka á sama hátt og áhættukröfur á stofnanir í samræmi við 29.–32. lið. Ekki skal beita fríðindameðferðinni vegna skammtíma áhættuskuldbindinga sem tilgreindar eru í 31., 32. og 37. lið.

20. Áhættukröfur á eftirfarandi fjölþjóðlega þróunarbanka skulu fá áhættuvogina 0%:

a) Alþjóðlegi endurreisnar- og þróunarbankinn,

b) Alþjóðalánastofnunin,

c) Þróunarbanki Ameríkuríkja,

d) Asíuþróunarbankinn,

e) Afríkuþróunarbankinn,

f) Þróunarbanki Evrópuráðsins,

g) Norræni fjárfestingarbankinn,

h) Karíbaþróunarbankinn,

i) Endurreisnar- og þróunarbanki Evrópu,

j) Fjárfestingarbanki Evrópu,

k) Fjárfestingarsjóður Evrópu og

l) Fjölþjóðlega fjárfestingarábyrgðastofnunin.

21. Sá hluti stofnfjár í Fjárfestingarsjóði Evrópu sem ógreiddur er skal fá 20% áhættuvog.

5. ÁHÆTTUKRÖFUR Á ALÞJÓÐASTOFNANIR

22. Áhættukröfur á eftirfarandi alþjóðastofnanir skulu fá áhættuvogina 0%:

a) Evrópubandalagið,

b) Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn,

c) Alþjóðagreiðslubankinn.

6. ÁHÆTTUKRÖFUR Á STOFNANIR

6.1. **Meðferð**

23. Önnur aðferðanna tveggja sem lýst er í 26.–27. lið og 29.–32. lið skal gilda við ákvörðun á áhættuvogum vegna áhættukrafna á stofnanir.

24. Með fyrirvara um önnur ákvæði 23.–39. liðar skulu áhættukröfur á fjármálstofnanir, sem eru háðar leyfi og eftirliti lögbærra yfirvalda sem bera ábyrgð á leyfisveitingum og eftirliti með lánastofnunum og sem lúta varúðarkröfum jafngildum þeim sem beitt er á lánastofnanir, fá áhættuvog eins og áhættukröfur á stofnanir.

6.2. **Lægsta áhættuvog áhættukrafna á ómetnar stofnanir**

25. Áhættukröfur á ómetna stofnun skulu ekki fá lægri áhættuvog en áhættukröfur á ríkisstjórn stofnunarinnar.

6.3. **Aðferð byggð á áhættuvog ríkisstjórna**

26. Áhættukröfur á stofnanir skulu fá áhættuvog í samræmi við lánshæfisþrep áhættukrafna á ríkisstjórn þeirrar lögsögu þar sem stofnunin hefur réttarstöðu lögaðila, í samræmi við töflu 3.

Tafla 3

Lánshæfisþrep sem ríkisstjórn er úthlutað	1	2	3	4	5	6
Áhættuvog áhættuskuldbindingar	20%	50%	100%	100%	100%	150%

27. Áhættukröfur á stofnanir með réttarstöðu lögaðila í löndum þar sem ríkisstjórnin er ómetin skulu ekki fá meira en 100% áhættuvog.

28. Áhættukröfur á stofnanir þar sem upphaflegur virkur lánstími er þrír mánuðir eða skemmri skulu fá 20% áhættuvog.

6.4. **Aðferð byggð á lánshæfismati**

29. Áhættukröfur á stofnanir með upphaflegan virkan lánstíma sem er lengri en þrír mánuðir, þar sem lánshæfismat frá tilnefndri utanaðkomandi lánshæfismatsstofnun liggur fyrir, skulu fá áhættuvog samkvæmt töflu 4, sem byggir á ákvörðun lögbærra yfirvalda um í hvert af sex þrepum matskvarðans fyrir lánshæfisgæði skuli raða lánshæfismati viðurkenndra utanaðkomandi lánshæfismatsstofnana.

Tafla 4

Lánshæfisþrep	1	2	3	4	5	6
Áhættuvog	20%	50%	50%	100%	100%	150%

30. Áhættukröfur á ómetnar stofnanir skulu fá 50% áhættuvog.

31. Áhættukröfur á stofnanir með upphaflegan virkan lánstíma sem er þrír mánuðir eða skemmri, þar sem lánshæfismat frá tilnefndri utanaðkomandi lánshæfismatsstofnun liggur fyrir, skulu fá áhættuvog samkvæmt töflu 5, sem byggir á ákvörðun lögbærra yfirvalda um í hvert af sex þrepum matskvarðans fyrir lánshæfisgæði skuli raða lánshæfismati viðurkenndra utanaðkomandi lánshæfismatsstofnana:

Tafla 5

Lánshæfisþrep	1	2	3	4	5	6
Áhættuvog	20%	20%	20%	50%	50%	150%

32. Áhættukröfur á ómetnar stofnanir með upphaflegan virkan lánstíma sem er þrír mánuðir eða skemmri skulu fá 20% áhættuvog.

6.5. **Samspil við skammtímalánshæfismat**

33. Ef aðferðinni sem tilgreind er í 29.–32. lið er beitt á áhættukröfur á stofnanir skal samspil við sérstakt skammtímalánshæfismat vera eins og að neðan greinir.

34. Ef skammtímamat áhættuskuldbindingar liggur ekki fyrir skal almenn fríðindameðferð vegna skammtímaskuldbindinga, eins og hún er tilgreind í 31. lið, gilda um allar áhættukröfur á stofnanir með allt að þriggja mánaða eftirstöðvatíma.

35. Ef skammtímamat liggur fyrir og slíkt mat ákvarðar beitingu hagstæðari eða sams konar áhættuvogar og notkun almennrar fríðindameðferðar vegna skammtímaskuldbindinga, eins og tilgreint er í 31. lið, skal skammtímamatið notað vegna þeirrar tilgreindu áhættuskuldbindingar eingöngu. Aðrar áhættuskuldbindingar til skamms tíma skulu fylgja almennri fríðindameðferð vegna skammtímaskuldbindinga, eins og tilgreint er í 31. lið.

36. Ef um er að ræða skammtímamat og slíkt mat ákvarðar óhagstæðari áhættuvog en við notkun almennrar fríðindameðferðar vegna skammtímaskuldbindinga, eins og tilgreint er í 31. lið, þá skal almenn fríðindameðferð vegna skammtímaskuldbindinga ekki notuð og allar ómetnar skammtímakröfur fá sömu áhættuvog og þá sem beitt er með tilgreinda skammtímamatinu.

6.6. **Skammtímaskuldbindingar í innlendum gjaldmiðli lántakanda**

37. Lögbær yfirvöld geta að eigin geðþótta veitt áhættuskuldbindingum stofnana, með þriggja mánaða eftirstöðvatíma eða skemmri og tilgreindum og fjármögnuðum í gjaldmiðli hvers ríkis, áhættuvog, samkvæmt báðum aðferðunum sem lýst er í 26.-27. og 29.–32. lið, sem er einum flokki óhagstæðari en sérstaka áhættuvogin, eins og lýst er í 4. og 5. lið, sem notuð er á áhættukröfur á viðkomandi ríkisstjórn.

38. Engar áhættuskuldbindingar með þriggja mánaða eftirstöðvatíma eða skemmri, tilgreindar og fjármagnaðar í gjaldmiðli ríkis lántaka, skulu fá undir 20% áhættuvog.

6,7 **Fjárfestingar í gerningum sem færa má sem eigið fé**

39. Fjárfestingar í hlutabréfum eða gerningum sem færa má sem eigið fé, útgefnum af stofnunum, skulu fá 100% áhættuvog nema þær séu dregnar frá eigin fé.

6.8 **Bindiskylda sem Seðlabanki Evrópu gerir kröfu um**

40. Ef áhættuskuldbinding stofnunar er í formi bindiskyldu sem lánastofnun heldur að kröfu Seðlabanka Evrópu eða seðlabanka aðildarríkis, er aðildarríkjunum heimilt að leyfa að notuð sé áhættuvog sem væri notuð á áhættuskuldbindingar seðlabanka viðkomandi aðildarríkisins, að því gefnu:

a) að lágmarksvarasjóðir séu í samræmi við reglugerð Evrópska seðlabankans (EB) nr. 1745/2003 frá 12. september 2003 um notkun bindiskyldu ([1]) eða síðari reglugerð sem kemur í stað hennar eða í samræmi við ákvæði laga í einstökum löndum sem eru í öllum veigamiklum atriðum sambærileg við þá reglugerð og

b) varasjóðirnir séu endurgreiddir lánastofnuninni að fullu, tímanlega, og séu ekki tiltækir til að standa straum af öðrum skuldbindingum stofnunarinnar, ef til gjaldþrots eða greiðsluerfiðleika kemur hjá stofnuninni þar sem varasjóðirnir eru geymdir.

([1]) Stjtíð. ESB L 250, 2.10.2003, bls. 10.

7. ÁHÆTTUKRÖFUR Á FYRIRTÆKI

7.1. **Meðferð**

41. Áhættuskuldbindingar þar sem lánshæfismat frá tilnefndri utanaðkomandi lánshæfismatsstofnun liggur fyrir skulu fá áhættuvog samkvæmt töflu 6, sem byggir á ákvörðun lögbærra yfirvalda um í hvert af sex þrepum matskvarðans fyrir lánshæfisgæði skuli raða lánshæfismati viðurkenndra utanaðkomandi lánshæfismatsstofnana.

Tafla 6

Lánshæfisþrep	1	2	3	4	5	6
Áhættuvog	20 %	50%	100%	100%	150%	150%

42. Áhættuskuldbindingar sem ekki hafa slíkt lánshæfismat skulu fá 100% áhættuvog eða áhættuvog viðkomandi ríkisstjórnar, hvort heldur sem hærra er.

8. SMÁSÖLUÁHÆTTUKRÖFUR

43. Áhættuskuldbindingar sem standast viðmiðanir sem tilgreindar eru í 2. mgr. 79. gr. skulu fá 75% áhættuvog.

9. ÁHÆTTUKRÖFUR TRYGGÐAR MEÐ FASTEIGNUM

44. Með fyrirvara um 45.–60. lið skulu áhættukröfur sem eru að fullu tryggðar með fasteign fá 100% áhættuvog.

9.1. **Áhættukröfur sem tryggðar eru með veði í íbúðarhúsnæði**

45. Áhættukröfur eða hluti áhættukröfu sem er fulltryggð, á fullnægjandi hátt að mati lögbærra yfirvalda, með veði í íbúðarhúsnæði sem eigandi, eða raunverulegur eigandi þegar um er að ræða fjárfestingarfélag í hans eigu, nýtir eða mun nýta, eða leigir út eða mun leigja út, skulu fá 35% áhættuvog.

46. Áhættukröfur sem eru fulltryggðar, á fullnægjandi hátt að mati lögbærra yfirvalda, með hlutabréfum í finnskum húsnæðisfélögum, sem starfa í samræmi við finnsku húsnæðismálalögin frá 1991 eða síðari, jafngild lög, að því er varðar íbúðarhúsnæði, sem eigandi nýtir eða mun nýta, eða leigir út eða mun leigja út, skulu fá 35% áhættuvog.

47. Áhættukröfur á leigjanda samkvæmt kaupleigusamningi er varðar íbúðarhúsnæði þar sem lánastofnun er leigusali og leigjandinn hefur kauprétt, skulu fá 35% áhættuvog að því tilskildu að áhættukrafa lánastofnunarinnar sé, á fullnægjandi hátt að mati lögbærra yfirvalda, fulltryggð með eignarrétti hennar á eigninni.

48. Þegar lögbær yfirvöld byggja á eigin mati, að þ ví er varðar 45.–47. lið, skulu þau einungis veita samþykki ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) virði eignarinnar er ekki háð lánshæfisgæðum loforðsgjafans. Þessi krafa útilokar ekki aðstæður þar sem hreinir þjóðhagslegir þættir hafa áhrif bæði á virði eignarinnar og greiðslugetu lántaka,

b) áhætta lántakanda er ekki háð tekjum af undirliggjandi eign eða verkefni, heldur fremur undirliggjandi getu lántakanda til að endurgreiða skuldina eftir öðrum leiðum. Endurgreiðsla skuldarinnar sem slík er því ekki háð sjóðstreymi er myndast af þeirri undirliggjandi eign sem er til tryggingar,

c) lágmarkskröfurnar, sem settar eru fram í 8. lið 2. hluta VIII. viðauka, og matsreglurnar, sem settar eru fram í 62.–65. lið 3. hluta VIII. viðauka, eru uppfylltar og

d) virði eignarinnar er umtalsvert meira en áhættukrafnanna.

49. Lögbær yfirvöld geta fallið frá þeim skilyrðum sem felast í b-lið 48. gr. vegna áhættukrafna sem eru fulltryggðar með veði í íbúðarhúsnæði sem er staðsett innan yfirráðasvæðis þeirra, ef þau hafa vísbendingar um að þróuð og löng hefð sé fyrir íbúðarhúsnæðismarkaði á yfirráðasvæði þeirra með nægilega lágu taphlutfalli til að réttlæta slíka meðferð.

50. Ef lögbær yfirvöld í aðildarríki nýta heimildina sem felst í 49. lið er lögbærum yfirvöldum í öðru aðildarríki heimilt að leyfa lánastofnunum sínum að beita 35% áhættuvog á slíkar áhættukröfur sem eru fulltryggðar með veði í íbúðarhúsnæði.

9.2. **Áhættukröfur tryggðar með veði í viðskiptahúsnæði**

51. Með fyrirvara um heimild lögbærra yfirvalda, mega áhættukröfur eða hluti áhættukröfu sem er fulltryggð, á fullnægjandi hátt að mati lögbærra yfirvalda, með veði í skrifstofum eða öðru viðskiptahúsnæði sem er staðsett innan yfirráðasvæðis þeirra, fá 35% áhættuvog.

52. Með fyrirvara um heimild lögbærra yfirvalda, mega áhættukröfur sem eru fulltryggðar, á fullnægjandi hátt að mati lögbærra yfirvalda, með hlutabréfum í finnskum húsnæðisfélögum, sem starfa í samræmi við finnsku húsnæðismálalögin frá 1991 eða síðari, jafngild lög, að því er varðar skrifstofur eða annað viðskiptahúsnæði, fá 50% áhættuvog.

53. Með fyrirvara um heimild lögbærra yfirvalda mega áhættukröfur tengdar eignaleigusamningum er varða skrifstofur eða annað viðskiptahúsnæði sem staðsett er á yfirráðasvæði þeirra, þar sem lánastofnunin er leigusali og leigjandinn hefur kauprétt, fá 50% áhættuvog að því tilskildu að áhættukrafa lánastofnunarinnar sé, á fullnægjandi hátt að mati lögbærra yfirvalda, fulltryggð með eignarrétti hennar á eigninni.

54. Beiting 51.–53. liðar er háð eftirfarandi skilyrðum:

a) að virði eignarinnar sé ekki háð lánshæfisgæðum loforðsgjafans. Þessi krafa útilokar ekki aðstæður þar sem hreinir þjóðhagslegir þættir hafa áhrif bæði á virði eignarinnar og greiðslugetu lántaka,

b) að áhætta lántakanda sé ekki háð tekjum af undirliggjandi eign eða verkefni, heldur fremur undirliggjandi getu lántakanda til að endurgreiða skuldina eftir öðrum leiðum. Endurgreiðsla skuldarinnar sem slíkrar má því ekki vera háð sjóðstreymi sem myndast af þeirri undirliggjandi eign sem er til tryggingar og

c) að lágmarkskröfurnar sem settar eru fram í 8. lið 2. hluta VIII. viðauka og matsreglurnar settar fram í 62.–65. lið 3. hluta VIII. viðauka séu uppfylltar.

55. Áhættuvogin 50% skal gilda um þann hluta lánsins sem er ekki yfir mörkum sem eru reiknuð út samkvæmt öðrum hvorum eftirfarandi lið:

a) 50% af markaðsvirði viðkomandi fasteignar,

b) 50% af markaðsvirði fasteignarinnar eða 60% af veðlánsvirði hennar, hvort heldur sem lægra er, í þeim aðildarríkjum þar sem settar hafa verið strangar viðmiðanir um mat á veðlánsvirði með laga- eða reglugerðarákvæðum.

56. Áhættuvogin 100% skal gilda um þann hluta lánsins sem er umfram mörkin sem mælt er fyrir um í 55. lið.

57. Ef lögbær yfirvöld í aðildarríki nýta heimildina sem felst í 51.–53. lið er lögbærum yfirvöldum í öðru aðildarríki heimilt að leyfa lánastofnunum sínum að nota 50% áhættuvog á slíkar áhættukröfur sem eru fulltryggðar með veði í viðskiptahúsnæði.

58. Lögbær yfirvöld geta fallið frá þeim skilyrðum sem felast í b-lið 54. gr. vegna áhættukrafna sem eru fulltryggðar með veði í viðskiptahúsnæði sem er staðsett innan yfirráðasvæðis þeirra, ef þau hafa vísbendingar um að vel þróuð og löng hefð sé fyrir viðskiptahúsnæðismarkaði á yfirráðasvæði þeirra með taphlutfalli sem fer ekki yfir eftirfarandi mörk:

    a) tap vegna útlánastarfsemi sem er tryggð með viðskiptahúsnæði allt að 50% af markaðsvirði (eða 60% af veðlánsvirði, þar sem við á og ef það er lægra) er ekki meira en 0,3% af útistandandi lánum sem eru tryggð með viðskiptahúsnæði á tilteknu ári, og

    b) heildartap vegna útlánastarfsemi sem er tryggð með viðskiptahúsnæði má ekki vera meira en 0,5% af útistandandi lánum sem eru tryggð með viðskiptahúsnæði á tilteknu ári.

59. Ef annar hvor liðurinn sem um getur í 58. lið er ekki uppfylltur á tilteknu ári, telst 58. liður ekki lengur í gildi og skal skilyrðið sem felst í b-lið 54. liðar gilda þar til skilyrðin í 58. lið eru uppfyllt á síðara ári.

60. Ef lögbær yfirvöld í aðildarríki nýta heimildina sem felst í 58. lið er lögbærum yfirvöldum í öðru aðildarríki heimilt að leyfa lánastofnunum sínum að beita 50% áhættuvog á slíkar áhættukröfur sem eru fulltryggðar með veði í viðskiptahúsnæði.

10. LIÐIR KOMNIR FRAM YFIR GJALDDAGA

61. Með fyrirvara um ákvæðin sem felast í 62.–65. lið, skal ótryggður hluti liðar sem er kominn meira en 90 daga fram yfir gjalddaga og er ofar viðmiðunarmörkum sem skilgreind eru af lögbærum yfirvöldum og sem endurspeglar hæfilegt áhættustig fá áhættuvogina:

    a) 150% ef virðisbreytingar eru lægri en 20% af ótryggða hluta áhættuskuldbindingarinnar án tillits til virðisbreytinga og

    b) 100% ef virðisbreytingar eru ekki lægri en 20% af ótryggða hluta áhættuskuldbindingarinnar án tillits til virðisbreytinga.

62. Að því er varðar skilgreiningu á tryggða hluta liðs sem kominn er fram yfir gjalddaga, skulu gildar tryggingar og ábyrgðir vera þær sem teljast hæfar til að milda útlánaáhættu.

63. Engu að síður er heimilt að nota 100% áhættuvog ef liður sem kominn er fram yfir gjalddaga er fulltryggður með tryggingum, öðrum en þeim sem teljast hæfar til að milda útlánáhættu, með fyrirvara um heimild lögbærra yfirvalda á grundvelli strangra rekstrarviðmiðana til að tryggja gæði tryggingarinnar þegar virðisbreytingar ná 15% af áhættuskuldbindingu án tillits til virðisbreytinga.

64. Áhættukröfur sem eru tilgreindar í 45.–50. lið skulu fá 100% áhættuvog með tilliti til virðisbreytinga ef þær eru komnar meira en 90 daga fram yfir gjalddaga. Ef virðisleiðréttingar eru ekki lægri en 20% af áhættukröfu án tillits til virðisbreytinga má lækka áhættuvogina sem notuð er á eftirstöðvar áhættukröfunnar niður í 50% með heimild lögbærra yfirvalda.

65. Heimilt er að nota 100% áhættuvog á áhættukröfur sem tilgreindar eru í 51.–60. lið ef þær eru komnar meira en 90 daga fram yfir gjalddaga.

11. LIÐIR Í HÁUM ÁHÆTTUFLOKKUM

66. Með fyrirvara um heimild lögbærra yfirvalda skulu sérlega áhættusamar áhættukröfur s.s. sprota- og framtaksfjárfestingar fá 150% áhættuvog.

67. Lögbærum yfirvöldum er heimilt að leyfa að liðir, sem ekki eru komnir fram yfir gjalddaga og fá 150% áhættuvog samkvæmt ákvæðum þessa hlutar og ef virðisbreytingar þeirra hafa verið staðfestar, fái áhættuvogina:

    a) 100% ef virðisbreytingar eru ekki lægri en 20% af virði áhættuskuldbindingar án tillits til virðisbreytinga, og

    b) 50% ef virðisbreytingar eru ekki lægri en 50% af virði áhættuskuldbindingar án tillits til virðisbreytinga.

12. ÁHÆTTUKRÖFUR Í FORMI SÉRTRYGGÐRA SKULDABRÉFA

68. „Sértryggð skuldabréf“: skuldabréf eins og þau eru skilgreind í 4. lið 22. gr. í tilskipun 85/611/EBE og tryggð með einhverjum af eftirfarandi hæfum eignum:

a) áhættukröfum á eða með ábyrgð ríkisstjórna, seðlabanka, opinberra aðila, héraðsstjórna og staðaryfirvalda í Evrópusambandinu,

b) áhættukröfum á eða með ábyrgð ríkisstjórna utan Evrópusambandsins, seðlabanka utan Evrópusambandsins, fjölþjóðlegra þróunarbanka, alþjóðastofnana sem uppfylla skilyrðin fyrir lánshæfisþrep 1 eins og það er sett fram í þessum viðauka, og áhættukröfum á eða með ábyrgð opinberra aðila utan Evrópusambandsins, héraðsstjórna utan Evrópusambandsins og staðaryfirvalda utan Evrópusambandsins sem eru áhættuvegnar sem áhættukröfur á stofnanir eða ríkisstjórnir og seðlabanka í samræmi við 8., 9., 14. eða 15. lið, eftir því sem við á, og sem uppfylla skilyrðin fyrir lánshæfisþrepi 1 eins og það er sett fram í þessum viðauka og áhættukröfum í skilningi þessa liðar sem uppfylla skilyrði sem lágmark vegna lánshæfisþreps 2 eins og það er sett fram í þessum viðauka, að því gefnu að þær fari ekki yfir 20% af nafnverði útistandandi sértryggðra skuldabréfa útgáfustofnana.

c) áhættukröfum á stofnanir sem uppfylla skilyrði 1. lánshæfisþreps eins og það er sett fram í þessum viðauka. Heildaráhætta af þessu tagi skal ekki fara yfir 15% af nafnverði útistandandi sértryggðra skuldabréfa útgáfulánastofnunar. Áhættuskuldbindingar sem verða til við að afhenda og annast greiðslur loforðsgjafans af lánum eða afrakstur uppgjörs vegna lána, sem eru tryggð eigendum sértryggðra skuldabréfa með fasteign, skulu ekki taldar með við útreikning á 15% markinu. Áhættukröfur á stofnanir í Evrópusambandinu með eigi lengri en 100 daga binditíma falla ekki undir kröfu 1. þreps en téðar stofnanir verða hið minnsta að uppfylla 2. þrep eins og því er lýst í þessum viðauka,

d) lánum sem eru tryggð með íbúðarhúsnæði eða hlutabréfum í finnskum húsnæðisfélögum eins og um getur í 46. lið, upp að nafnverðsfjárhæð veða sem haldast í hendur við fyrri veð eða 80% af verðmæti veðsettu eignanna, eftir því hvort er lægra, eða með hlutum sem njóta forréttinda og sem gefnir eru út af frönskum Fonds Communs de Créances eða samsvarandi verðbréfunarstofnun, sem falla undir lög aðildarríkis, sem verðbréfar áhættuskuldbindingar með veði í íbúðarhúsnæði, að því tilskildu að a.m.k. 90% eigna slíkra Fonds Communs de Créances eða samsvarandi verðbréfunarstofnana sem falla undir lög aðildarríkis samanstandi af veðum sem haldast í hendur við fyrri veð upp að því sem lægst er af nafnverðsfjárhæðum sem falla í gjalddaga samkvæmt hlutnum, nafnverðsfjárhæðum veðanna og 80% af virði veðsettu eignanna og að hlutirnir uppfylli skilyrði fyrsta lánshæfisþreps eins og það er sett fram í þessum viðauka, ef slíkir hlutir fara ekki umfram 20% af nafnverði útistandandi útgáfu. Áhættuskuldbindingar sem verða til við að afhenda og annast greiðslur loforðsgjafans af lánum eða afrakstur uppgjörs vegna lána, sem eru tryggð með veðsettum eignum sem njóta forréttinda eða skuldabréfum, skulu ekki taldar með við útreikning á 90% markinu,

e) lánum sem eru tryggð með viðskiptahúsnæði eða hlutabréfum í finnskum húsnæðisfélögum eins og um getur í 52. lið, upp að nafnverðsfjárhæð veða sem haldast í hendur við fyrri veð eða 60% af virði veðsettu eignanna, eftir því hvort er lægra, eða hlutum sem njóta forréttinda og sem gefnir eru út af frönskum Fonds Communs de Créances eða samsvarandi verðbréfunarstofnun sem fellur undir lög aðildarríkis sem verðbréfar áhættuskuldbindingar með veði í viðskiptahúsnæði, að því tilskildu að a.m.k. 90% eigna slíkra Fonds Communs de Créances eða samsvarandi verðbréfunarstofnana sem falla undir lög aðildarríkis samanstandi af veðum sem haldast í hendur við fyrri veð upp að því sem lægst er af nafnverðsfjárhæðum sem falla í gjalddaga samkvæmt hlutnum, nafnverðsfjárhæðum veðanna og 60% af virði veðsettu eignanna og að hlutirnir uppfylli skilyrði fyrsta lánshæfisþreps eins og það er sett fram í þessum viðauka, ef slíkir hlutir fara ekki umfram 20% af nafnverði útistandandi útgáfu. Lögbærum yfirvöldum er heimilt að telja til hæfra eigna lán sem eru tryggð með viðskiptahúsnæði þegar veðhlutfall er yfir 60% en að hámarki 70% ef heildarvirði eigna sem lagðar eru fram til tryggingar sértryggðu skuldabréfunum er hærra en nafnverð útistandandi fjárhæðar sértryggðra skuldabréfsins sem nemur a.m.k. 10% og krafa handhafa skuldabréfsins uppfyllir kröfurnar um réttarvissu sem settar eru fram í VIII. viðauka. Krafa handhafa skuldabréfsins verður að hafa forgang umfram allar aðrar kröfur gagnvart veðinu.Áhættuskuldbindingar sem verða til við að afhenda og annast greiðslur loforðsgjafans af eða afrakstur uppgjörs vegna lána, sem eru tryggð með veðsettum eignum hluta sem njóta forréttinda, eða skuldabréfum, skulu ekki taldar með við útreikning á 90% markinu, eða

f) lánum sem eru tryggð með skipum þegar einungis veð sem haldast í hendur við fyrri veð mynda innan við 60% af virði veðsetta skipsins.

Í þessum skilningi nær „tryggt“ yfir aðstæður þar sem eignirnar, eins og þeim er lýst í undirliðum a til f, eru eingöngu helgaðar, samkvæmt lögum, vörn handhafa skuldabréfanna gegn tapi.

Til 31. desember 2010 skulu 20% mörkin um hluti sem njóta forréttinda og gefnir eru út af frönskum Fonds Communs de Créances eða jafngildri verðbréfunarstofnun eins og tilgreint er í d- og e-lið ekki gilda, að því tilskildu að þessir hlutir sem njóta forréttinda séu með lánshæfimat frá tilnefndri utanaðkomandi lánshæfismatsstofnun sem er hagkvæmasti flokkur lánshæfismats sem utanaðkomandi lánshæfismatsstofnunin gerir, að því er varðar sértryggð skuldabréf. Áður en þessu tímabili lýkur skal þetta frávik endurskoðað og á grundvelli slíkrar endurskoðunar er framkvæmdastjórninni heimilt, eins og við á, að framlengja tímabilið í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 151. gr., með eða án ákvæðis um frekari endurskoðun.

Heimilt er, til 31. desember 2010, að skipta út tölunni 60%, sem fram kemur í undirlið f, fyrir töluna 70%. Áður en þessu tímabili lýkur skal þetta frávik endurskoðað og á grundvelli slíkrar endurskoðunar er framkvæmdastjórninni heimilt, eins og við á, að framlengja tímabilið í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 151. gr., með eða án ákvæðis um frekari endurskoðun.

69. Lánastofnanir skulu, í tengslum við sértryggt skuldabréf með veði í fasteignum, uppfylla lágmarkskröfurnar sem settar eru fram í 8. lið 2. hluta VIII. viðauka og matsreglurnar sem settar eru fram í 62.–65. lið 3. hluta VIII. viðauka.

70. Þrátt fyrir 68. og 69. lið eru sértryggð skuldabréf sem falla að skilgreiningunni í 4. mgr. 22. gr. í tilskipun 85/611/EBE og eru gefin út fyrir 31. desember 2007 einnig gjaldgeng fyrir fríðindameðferð fram að gjalddaga.

71. Áhættuvog sértryggðra skuldabréfa skal ákvörðuð á grundvelli áhættuvogar sem veitt er ótryggðum forgangskröfum á lánastofnunina sem gefur þau út. Eftirfarandi samsvörun milli áhættuvægis skal gilda:

a) ef áhættukröfur á stofnunina fá áhættuvog 20%, skal sértryggða skuldabréfið fá áhættuvog 10%,

b) ef áhættukröfur á stofnunina fá áhættuvog 50%, skal sértryggða skuldabréfið fá áhættuvog 20%,

c) ef áhættukröfur á stofnunina fá áhættuvog 100%, skal sértryggða skuldabréfið fá áhættuvog 50%, og

d) ef áhættukröfur á stofnunina fá áhættuvog 150%, skal sértryggða skuldabréfið fá áhættuvog 100%.

13. LIÐIR SEM MYNDA VERÐBRÉFAÐAR STÖÐUR

72. Fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga vegna verðbréfaðra staðna skulu reiknaðar út í samræmi við 94.–101. gr.

14. SKAMMTÍMASKULDBINDINGAR STOFNANA OG FYRIRTÆKJA

73. Skammtímaskuldbindingar stofnana eða fyrirtækja sem hafa lánshæfismat frá tilnefndri utanaðkomandi lánshæfismatsstofnun fá áhættuvog samkvæmt töflu 7 hér á eftir, í samræmi við vörpun lögbærra yfirvalda á lánshæfismati viðurkenndra utanaðkomandi lánshæfismatsstofnana yfir í sex þrep á matskvarðanum fyrir lánshæfisgæði.

Tafla 7

Lánshæfisþrep	1	2	3	4	5	6
Áhættuvog	20%	50 %	100 %	150 %	150 %	150 %

15. ÁHÆTTUKRÖFUR Í FORMI HLUTDEILDAR Í SJÓÐI UM SAMEIGINLEGA FJÁRFESTINGU

74. Með fyrirvara um 75.–81. lið skulu áhættukröfur á sjóði um sameiginlega fjárfestingu fá áhættuvog 100%.

75. Áhættukröfur í formi hlutdeildar í sjóði um sameiginlega fjárfestingu sem hafa lánshæfismat frá tilnefndri utanaðkomandi lánshæfismatsstofnun skulu fá áhættuvog samkvæmt töflu 8, sem byggir á ákvörðun lögbærra yfirvalda um að í hvert af sex þrepum matskvarðans fyrir lánshæfisgæði skuli raða lánshæfismati viðurkenndra utanaðkomandi lánshæfismatsstofnana.

Tafla 8

Lánshæfisþrep	1	2	3	4	5	6
Áhættuvog	20 %	50 %	100 %	100 %	150 %	150 %

76. Ef lögbær yfirvöld telja að staða í sjóði um sameiginlega fjárfestingu sé tengd sérlega mikilli hættu skulu þau gera kröfu um að sú staða fái áhættuvog 150%.

77. Lánastofnunum er heimilt að ákvarða áhættuvog vegna sjóða um sameiginlega fjárfestingu, eins og fram kemur í 79.–81. lið, ef eftirfarandi hæfisviðmiðanir eru uppfylltar:

a) sjóði um sameiginlega fjárfestingu er stjórnað af fyrirtæki, sem er háð eftirliti í aðildarríki eða sem hefur fengið samþykki lögbærs yfirvalds lánastofnunarinnar, ef:

i. sjóði um sameiginlega fjárfestingu er stjórnað af fyrirtæki sem er háð eftirliti sem talið er jafngilt því sem mælt er fyrir um í lögum Bandalagsins; og

ii. samvinna milli lögbærra yfirvalda er tryggð með fullnægjandi hætti,

b) að í útboðslýsingu sjóðs um sameiginlega fjárfestingu eða sambærilegu skjali séu:

i. flokkar eigna sem sjóður um sameiginlega fjárfestingu er heimilt að fjárfesta í og

ii. hlutfallslegar takmarkanir á fjárfestingum og aðferðirnar við að reikna þær út, ef slíkar takmarkanir gilda, og

c) að skýrt sé frá starfsemi sjóðs um sameiginlega fjárfestingu a.m.k. árlega til að unnt sé að meta eignir og skuldir, tekjur og rekstur á reikningsskilatímabilinu.

78. Ef lögbært yfirvald samþykkir, í samræmi við a-lið 77. liðar, sjóð um sameiginlega fjárfestingu (CIU) frá þriðja landi getur lögbært yfirvald í öðru aðildarríki nýtt sér þessa viðurkenningu án þess að gera eigið mat.

79. Ef lánastofnunin hefur vitneskju um undirliggjandi áhættukröfur sjóðs um sameiginlega fjárfestingu, getur hún horft til þessara undirliggjandi áhættukrafna til að reikna út meðaláhættuvægi vegna sjóðs um sameiginlega fjárfestingu í samræmi við aðferðirnar sem settar eru fram í 78.–83. gr.

80. Ef lánastofnunin hefur ekki vitneskju um undirliggjandi áhættukröfur sjóðs um sameiginlega fjárfestingu, getur hún reiknað út meðaláhættuvægi vegna sjóðs um sameiginlega fjárfestingu í samræmi við aðferðirnar sem settar eru fram í 78.–83. gr. með fyrirvara um eftirfarandi reglur: Ráð er fyrir því gert að sjóður um sameiginlega fjárfestingu fjárfesti í fyrstu eins mikið og umboð hans leyfir í þeim áhættuflokkum sem kalla á hæstu eiginfjárkröfuna og haldi síðan áfram að fjárfesta í lægri flokkum þar til hámarks heildarfjárfestingarmörkunum hefur verið náð.

81. Lánastofnanir geta falið þriðja aðila að reikna út og tilkynna, í samræmi við aðferðirnar sem eru settar fram í 79. og 80. lið, áhættuvog vegna sjóðs um sameiginlega fjárfestingu, að því tilskyldu að tryggt sé á fullnægjandi hátt að útreikningarnir og tilkynningarnar séu réttar.

16. AÐRIR LIÐIR

16.1. **Meðferð**

82. Efnislegar eignir í skilningi 10. mgr. 4. gr. í tilskipun 86/635/EBE skulu fá áhættuvog 100%.

83. Fyrirframgreiðslur og áfallnar tekjur þar sem stofnun getur ekki sagt til um mótaðilann í samræmi við tilskipun 86/635/EBE, skulu fá áhættuvog 100%.

84. Lausafé í innheimtu skal fá áhættuvog 20%. Handbært fé og jafngilt lausafé skal fá áhættuvog 0%.

85. Aðildarríkin geta heimilað 10% áhættuvog á áhættukröfur á stofnanir sem sérhæfa sig í millibankastarfsemi og lánveitingum til opinberra aðila í sínu heimaaðildarríki og lúta nánu eftirliti lögbærra yfirvalda, ef eignaliðir þessara stofnana eru að mati lögbærra yfirvalda heimaðildarríkisins fulltryggðir með liðum sem fá áhættuvog 0% eða 20% og yfirvöldin viðurkenna sem fullnægjandi veð.

86. Eignarhlutdeild í hlutabréfum og önnur hlutdeild, að undanskildu þegar hún er dregin frá eigin fé, skal fá áhættuvog a.m.k. 100%.

87. Gull í stöngum sem er geymt í eigin öryggisgeymslum eða hjá þriðja aðila fær, að því marki sem sett er bótaábyrgð gulls í stöngum, áhættuvog 0%.

88. Þegar um er að ræða eignasölu og endurhverf verðbréfakaup eða bein framvirk kaup, skal áhættuvogin vera sú áhættuvog sem fengin er þeim eignum er um ræðir, en ekki mótaðilanum í viðskiptunum.

89. Ef lánastofnun veitir útlánavörn vegna viss fjölda áhættukrafna samkvæmt skilmálum um að n-ta greiðslufall á meðal áhættukrafna skuli orsaka greiðslu og að þessi lánaatburður skuli leiða til uppsagnar á samningum, og þegar afurðin er með utanaðkomandi lánshæfismat frá viðurkenndri utanaðkomandi lánshæfismatsstofnun skal nota áhættuvogina sem lýst er í 94.–101. gr. Ef afurðin er ekki metin af viðurkenndri utanaðkomandi lánshæfismatsstofnun, verða áhættuvogir áhættukrafna í körfunni sameinaðar, að undanskildum n-1 áhættukröfum, að hámarki 1250% og margfaldaðar með nafnverði varnarinnar sem lánaafleiðan veitir til að fá fjárhæð áhættuveginnar eignarinnar. Ákvarða skal n-1 áhættukröfurnar, sem falla skulu utan samsafnsins, á grundvelli þess að hver þ eirra myndi lægri fjárhæð áhættuveginna áhættuskuldbindinga en nemur fjárhæð áhættuveginna áhættuskuldbindinga nokkurrar áhættukröfu í samsafninu.

2. HLUTI

Viðurkenning utanaðkomandi lánshæfismatsstofnana og vörpun á lánshæfismati þeirra

1. AÐFERÐAFRÆÐI

1.1. **Hlutlægni**

1. Lögbær yfirvöld skulu ganga úr skugga um að aðferðafræðin við ákvörðun lánshæfismats sé nákvæm, kerfisbundin, stöðug og háð sannprófun á grundvelli fyrri reynslu.

1.2. **Óhæði**

2. Lögbær yfirvöld skulu ganga úr skugga um að aðferðafræðin sé laus við ytri pólitísk áhrif eða hömlur, og fjárhagslegan þrýsting sem getur haft áhrif á lánshæfismatið.

3. Lögbær yfirvöld skulu meta sjálfstæði aðferðafræði utanaðkomandi lánshæfismatsstofnunar samkvæmt ákveðnum þáttum, s.s.:

   a) eignarhaldi og stjórnskipulagi utanaðkomandi lánshæfismatsstofnunar,

   b) fjármagni utanaðkomandi lánshæfismatsstofnunar,

   c) starfsliði og sérþekkingu utanaðkomandi lánshæfismatsstofnunar og

   d) stjórnunarháttum utanaðkomandi lánshæfismatsstofnunar.

1.3. **Stöðug endurskoðun**

4. Lögbær yfirvöld skulu ganga úr skugga um að lánshæfismat utanaðkomandi lánshæfismatsstofnunar gangist undir stöðuga endurskoðun og sé lagað að breytingum á fjárhagslegum skilyrðum. Slík endurskoðun skal eiga sér stað eftir alla mikilvæga atburði og a.m.k. árlega.

5. Áður en færsla á sér stað skulu lögbær yfirvöld ganga úr skugga um að matsaðferðin fyrir hvern markaðsgeira sé ákvörðuð samkvæmt stöðlum s.s. að neðan greinir:

   a) afturvirkt eftirlit verður að hafa átt sér stað í a.m.k. eitt ár,

   b) lögbær yfirvöld verða að hafa eftirlit með reglufestu endurmatsferlis utanaðkomandi lánshæfismatsstofnunar, og

   c) lögbær yfirvöld verða að geta krafið utanaðkomandi lánshæfismatsstofnun um upplýsingar um umfang sambands hennar við yfirstjórn stofnananna sem hún metur.

6. Lögbær yfirvöld skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fá tafarlaust upplýsingar frá utanaðkomandi lánshæfismatsstofnuninni um allar mikilvægar breytingar á aðferðafræðinni sem þau nota við ákvörðun lánshæfimats.

1.4. **Gagnsæi og upplýsingagjöf**

7. Lögbær yfirvöld skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til tryggja að meginreglur aðferðafræðinnar sem utanaðkomandi lánshæfismatsstofnunin notar við undirbúning á lánshæfismati sínu séu aðgengilegar almenningi til að heimila öllum mögulegum notendum að ákvarða hvort það byggi á sanngjörnum grunni.

2. EINSTAKT LÁNSHÆFISMAT

2.1. **Trúverðugleiki og viðurkenning markaðar**

8. Lögbær yfirvöld skulu ganga úr skugga um að notendur lánshæfismats á markaði telji einstakt lánshæfismat frá utanaðkomandi lánshæfismatsstofn trúverðugt og áreiðanlegt.

9. Lögbær yfirvöld skulu meta trúverðugleika samkvæmt þáttum s.s.:

   a) markaðshlutdeild utanaðkomandi lánshæfismatsstofnunar,

   b) tekjur er skapast hjá utanaðkomandi lánshæfismatsstofnun og fjármögnunarleiðir hennar í víðari skilningi,

   c) hvort um er að ræða verðlagningu á grundvelli matsins, og

   d) að tvær lánastofnanir að lágmarki noti einstakt mat utanaðkomandi lánhæfismatsstofnunar vegna útgáfu skuldabréfa og/eða til að meta útlánahættu.

2.2. **Gagnsæi og upplýsingagjöf**

10. Lögbær yfirvöld skulu ganga úr skugga um að einstakt lánshæfismat sé aðgengilegt, á a.m.k. sambærilegum kjörum, öllum lánastofnunum sem eiga lögmæta hagsmuni í þessu einstaka lánshæfismati.

11. Einkum skulu lögbær yfirvöld ganga úr skugga um að erlendir aðilar geti fengið einstakt lánshæfismat á sambærilegum kjörum og innlendar lánastofnanir, sem hafa lögmæta hagsmuni í þessu einstaka lánshæfismati.

3. „VÖRPUN“

12. Til að gera greinamun á viðeigandi áhættustigum sem hvert lánshæfismat sýnir, skulu lögbær yfirvöld taka mið af megindlegum þáttum s.s. langtímavanskilahlutfalli er tengist öllum liðum sem fá sama lánshæfismat. Ef utanaðkomandi lánshæfismatsstofnun hefur nýlega verið komið á fót eða hún einungis safnað saman vanskilagögnum til skamms tíma skulu lögbær yfirvöld fara fram á að hún upplýsi hvaða langtímavanskilahlutfall hún telji að tengist öllum liðum sem fá sama lánshæfismat.

13. Til að gera greinarmun á viðkomandi áhættustigum sem hvert lánshæfismat sýnir, skulu lögbær yfirvöld taka mið af megindlegum þáttum, s.s. safni útgefenda sem utanaðkomandi lánshæfismatsstofnun fjallar um, umfangi þess lánshæfismats sem utanaðkomandi lánshæfismatsstofnunin gerir, merkingu hvers lánshæfismats og skilgreiningu utanaðkomandi lánshæfismatsstofnunar á vanskilum.

14. Lögbær yfirvöld skulu bera skráð vanskilahlutföll vegna hvers lánshæfimats sérstakrar utanaðkomandi lánshæfismatsstofnunar saman við viðmiðin sem byggð eru á vanskilahlutföllum sem aðrar utanaðkomandi lánshæfismatsstofnanir hafa skráð vegna hóps útgefenda sem lögbær yfirvöld telja að séu á samsvarandi stigi útlánaáhættu.

15. Þegar lögbær yfirvöld ætla að vanskilahlutföllin sem skráð eru vegna lánshæfismats tiltekinnar utanaðkomandi lánshæfismatsstofnunar séu töluvert og kerfisbundið hærri en viðmiðið, skulu þau raða lánshæfismati vegna utanaðkomandi lánshæfismatsstofnunar í þrep á matskvarðanum sem ber meiri áhættu.

16. Ef ákveðin utanaðkomandi lánshæfismatsstofnun sýnir fram á að vanskilahlutföll sem skráð eru fyrir lánshæfismat hennar séu ekki lengur töluvert og kerfisbundið hærri en viðmiðið, eftir að lögbær yfirvöld hafa hækkað áhættuvog vegna tiltekins lánshæfismats hennar, er lögbærum yfirvöldum heimilt að færa lánshæfisgæði utanaðkomandi lánshæfismatsstofnunar í upprunalegt þrep á matskvarðanum fyrir lánshæfisgæði.

3. HLUTI

Notkun á lánshæfismati utanaðkomandi lánshæfismatsstofnana vegna ákvörðunar á áhættuvog

1. MEÐFERÐ

1. Lánastofnun er heimilt að útnefna eina eða fleiri utanaðkomandi lánshæfismatsstofnanir til notkunar vegna ákvörðunar á áhættuvogum fyrir eignir og liði utan efnahagsreikninga.

2. Lánastofnun sem ákveður að nota lánshæfismat sem viðurkennd utanaðkomandi lánshæfismatsstofnun hefur lagt fram vegna ákveðins flokks liða verður að nota það lánshæfismat með samræmdum hætti vegna allra áhættuskuldbindinga sem tilheyra þeim flokki.

3. Lánastofnun sem ákveður að nota lánshæfismat frá viðurkenndri utanaðkomandi lánshæfismatsstofnun verður að nota það á samfelldan og samræmdan hátt á tilteknu tímabili.

4. Lánastofnun getur eingöngu notað lánshæfismat utanaðkomandi lánshæfismatsstofnunar sem tekur tillit til allra áfallinna fjárhæða, bæði höfuðstóls og vaxta.

5. Ef einungis eitt lánshæfismat er fáanlegt frá tilnefndri utanaðkomandi lánshæfismatsstofnun vegna metins liðar, skal það lánshæfismat notað til að ákvarða áhættuvog þess liðar.

6. Ef fyrir liggja tvö lánshæfismöt frá tilnefndri lánshæfismatsstofnun sem mynda ólíkar áhættuvogir vegna metins liðar, skal nota hærri áhættuvogina.

7. Ef fyrir liggja fleiri en tvö lánshæfismöt frá tilnefndri utanaðkomandi lánshæfismatsstofnun vegna metins liðar, skal vísað til þeirra tveggja mata sem mynda tvær lægstu áhættuvogirnar. Ef tvær lægstu áhættuvogirnar eru ólíkar skal nota hærri áhættuvogina. Ef tvær lægstu áhættuvogirnar eru eins skal nota það áhættuvægi.

2. LÁNSHÆFISMAT ÚTGEFANDA OG ÚTGÁFU

8. Ef lánshæfismat er til staðar vegna tiltekinnar útgáfuáætlunar eða lánafyrirgreiðslu sem liðurinn sem myndar áhættukröfuna tilheyrir, skal það lánshæfismat notað til að ákvarða áhættuvog fyrir þann lið.

9. Ef ekkert lánshæfismat er til sem gildir beint fyrir ákveðna liði, en lánshæfismat er til staðar vegna tiltekinna útgáfuáætlana eða lánafyrirgreiðslna sem liðurinn sem myndar áhættukröfuna tilheyrir ekki, eða almennt lánshæfismat er til fyrir útgefandann, skal nota það lánshæfismat ef það leiðir til hærri áhættuvogar en ella, eða ef það leiðir til lægri áhættuvogar og áhættukrafan sem um ræðir er metin jafngild eða hærri að öllu leyti gagnvart tilteknu útgáfuáætluninni eða lánafyrirgreiðslunni eða ótryggðum forgangskröfum þess útgefanda, eins og við á.

10. Liðir 8 og 9 koma ekki í veg fyrir beitingu 68.–71. liðar í 1. hluta.

11. Lánshæfismat vegna útgefanda innan fyrirtækjasamstæðu er ekki hægt að nota sem lánshæfismat annars útgefanda innan sömu fyrirtækjasamstæðu.

3. LANGTÍMA- OG SKAMMTÍMALÁNSHÆFISMAT

12. Einungis er heimilt að nota skammtímalánshæfismat vegna skammtímaeigna og liða utan efnahagsreiknings sem mynda áhættukröfur á stofnanir og fyrirtæki.

13. Allt skammtímalánshæfismat skal einungis gilda um liðinn sem skammtímalánshæfismatið vísar til og það skal ekki notað til að finna áhættuvog fyrir aðra liði.

14. Ef lánafyrirgreiðsla með skammtímamat hefur 150% áhættuvog skulu allar ómetnar ótryggðar kröfur á þann loforðsgjafa einnig fá 150% áhættuvog, þrátt fyrir 13. lið, hvort sem þær eru til skamms eða langs tíma.

15. Þrátt fyrir 13. lið skal engin ótryggð skammtímaáhættukrafa fá lægri áhættuvog en 100% ef lánafyrirgreiðsla með skammtímaflokkun hefur áhættuvog 50%.

4. LIÐIR Í INNLENDUM OG ERLENDUM GJALDMIÐLI

16. Ekki má nota lánshæfismat sem vísar til liðar sem tilgreindur er í innlendum gjaldmiðli loforðsgjafans til að finna áhættuvog vegna annarrar áhættukröfu á sama loforðsgjafa sem er tilgreind í erlendum gjaldmiðli.

17. Þrátt fyrir 16. lið er lögbærum yfirvöldum heimilt að leyfa að lánshæfismat liða í innlendum gjaldmiðli loforðsgjafa sé notað vegna áhættuvægis, ef áhættukrafa verður til vegna þátttöku lánastofnunar í láni sem fjölþjóðlegur þróunarbanki, með stöðu forgangslánveitanda á markaði, veitir.

VII. VIÐAUKI

INNRAMATSAÐFERÐ

1. HLUTI

Fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga og fjárhæðir vænts taps

1. ÚTREIKNINGUR Á FJÁRHÆÐUM ÁHÆTTUVEGINNA ÁHÆTTUSKULDBINDINGA VEGNA ÚTLÁNA-ÁHÆTTU

1. Nema annað sé tekið fram skulu ílagsþættirnir líkur á vanskilum (PD), tap að gefnum vanefndum (LGD) og binditími (M) ákvarðaðir eins og sett er fram í 2. hluta og virði áhættuskuldbindingar eins og sett er fram í 3. hluta.

2. Fjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar vegna hverrar áhættuskuldbindingar skal reiknuð út í samræmi við eftirfarandi formúlur.

1.1. **Fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga vegna áhættukrafna á fyrirtæki, stofnanir og ríkisstjórnir og seðlabanka**

3. Með fyrirvara um 5.–9. lið skal reikna út fjárhæðir áhættuveginnar áhættuskuldbindingar vegna áhættukrafna á fyrirtæki, stofnanir og ríkisstjórnir og seðlabanka samkvæmt eftirfarandi formúlum:

Fylgni (R) = 0,12 ×(1 - EXP(- 50 *PD)) / (1 - EXP(- 50)) + 0,24 *[1 - (1 - EXP(- 50 * PD)) / (1 - EXP(- 50))]

Binditímastuðull (b) = $(0{,}11852 - 0{,}05478 * \ln(PD))^2$

Áhættuvog (RW) = $(LGD * N[((1 - R)^{-0.5})*(G(PD)) + ((R / (1 - R))^{0.5})*(G(0{,}999))] - PD*LGD)*((1 - 1{,}5 * b)^{-1})*(1 + (M - 2{,}5)*b)*12{,}5*1{,}06$

N(x) merkir dreififall fyrir slembibreytu með staðlaða normaldreifingu (þ.e. líkur á að normaldreifð slembibreyta með meðalgildi núll og dreifni 1 sé minni en eða jöfn og x). G (Z) merkir andhverft dreififall fyrir slembibreytu með staðlaða normaldreifingu (þ.e. virði x þannig að N(x) z)

Fyrir líkur á vanskilum (PD) = 0, skal áhættuvog (RW) vera 0.

Fyrir líkur á vanskilum (PD) = 1:

– að því er varðar áhættukröfur í vanskilum þar sem lánastofnanir nota LGD-gildin sem sett eru fram í 8. lið 2. hluta, skal RW vera 0, og

– að því er varðar áhættukröfur í vanskilum þar sem lánastofnanir nota eigið mat á LGD-gildi, skal RW vera Max{0, 12,5 *(LGD-EL_{BE})},

þar sem EL_{BE} skal vera besta mat lánastofnunar á væntu tapi vegna áhættukröfu í vanskilum samkvæmt 80. lið 4. hluta.

Fjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar = RW * virði áhættuskuldbindingar.

4. Heimilt er að aðlaga fjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar vegna hverrar áhættukröfu sem uppfyllir skilyrðin sem sett eru fram í 29. lið 1. hluta VIII. viðauka og 22. lið 2. hluta VIII. viðauka í samræmi við eftirfarandi formúlu:

Fjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar = RW * virði áhættuskuldbindingar * ((0,15 + 160*PDpp)]

þar sem:

PDpp = PD-gildi aðila sem veitir vörn.

RW skal reiknað út með viðkomandi formúlu fyrir áhættuvog sem sett er fram í 3. lið vegna áhættukröfunnar, PD-gildi loforðsgjafans og LGD-gildi sambærilegrar beinnar áhættukröfu á aðila sem veitir vörn. Reikna skal binditímastuðul (b) með því að nota PD-gildi aðila sem veitir vörn eða PD-gildi loforðsgjafa, eftir því hvort er lægra.

5. Að því er varðar áhættukröfur á fyrirtæki þar sem árleg heildarsala samstæðu sem fyrirtækið er hluti af er minni en 50 milljón evrur, er lánastofnunum heimilt að nota eftirfarandi fylgniformúlu við útreikning á áhættuvog útlána til fyrirtækja. Í þessari formúlu er S tilgreint sem árleg heildarsala í milljónum evra þar sem 5 milljónir evra <= S <= 50 milljónir evra. Farið skal með skráða sölu undir 5 milljónum evra sem jafngilda 5 milljónum evra. Að því er varðar keyptar viðskiptakröfur skal árleg heildarsala vera vegið meðaltal af einstökum áhættukröfum í safninu.

Fylgni (R) = 0,12 × (1 - EXP(-50*PD)) / (1 - EXP(-50)) + 0,24*[1 - (1 - EXP(-50*PD)) / (1 - EXP(-50))] - 0,04*(1 - (S - 5) / 45)

Lánastofnanir skulu skipta árlegri heildarsölu samstæðunnar út fyrir heildareignir ef árleg heildarsala er ekki marktæk vísbending um stærð fyrirtækis og heildareignir eru marktækari vísbending en árleg heildarsala.

6. Ef lánastofnun getur ekki sýnt fram á að mat hennar á PD-gildi sértækra lánaáhættuskuldbindinga uppfylli lágmarkskröfurnar, sem settar eru fram í 4. hluta, skal hún fá þeim áhættuvog í samræmi við eftirfarandi töflu 1:

Tafla 1

Eftirstöðvatími	1. flokkur	2. flokkur	3. flokkur	4. flokkur	5. flokkur
Skemmri en 2,5 ár	50%	70%	115%	250%	0%
2,5 ár eða lengur	70%	90%	115%	250%	0%

Lögbærum yfirvöldum er heimilt að leyfa lánastofnunum að nota almennt sérstakar áhættuvogir 50% á áhættuskuldbindingar í 1. flokki og áhættuvog 70% á áhættuskuldbindingar í 2. flokki, að því tilskildu að einkenni sölutryggingar lánastofnunar og önnur áhættueinkenni viðkomandi flokks séu verulega sterk.

Við úthlutun áhættuvogar á sértækar lánaáhættuskuldbindingar skulu lánastofnanir taka tillit til eftirfarandi þátta: fjárhagslegs styrks, stjórnmála- og lagaumhverfis, eiginleika viðskipta og/eða eigna, styrks styrktar- og framkvæmdaraðila, þ.m.t. tekjur af samstarfsverkefni opinberra aðila og einkaaðila, og fyrirkomulags tryggginga.

7. Að því er varðar keyptar viðskiptakröfur á fyrirtæki skulu lánastofnanir uppfylla lágmarkskröfurnar sem settar eru fram í 105.–109. lið 4. hluta. Að því er varðar keyptar viðskiptakröfur á fyrirtæki sem að auki uppfylla kröfurnar í 14. lið er lánastofnunum heimilt að nota staðla um magnákvörðun áhættu vegna smásöluáhættuskuldbindinga, eins og lýst er í 4. hluta, að því gefnu að það væri óþarflega íþyngjandi fyrir lánastofnunina að nota staðla um magnákvörðun áhættu vegna áhættuskuldbindinga fyrirtækja, eins og lýst er í 4. hluta, vegna þessara viðskiptakrafna.

8. Endurgreiðanlegir kaupafslættir, tryggingar eða takmarkaðar ábyrgðir, sem veita síðasta kröfuhafa í kröfuröðinni vörn *(e. first-loss protection)* gegn tapi á keyptum viðskiptakröfum á fyrirtæki vegna gjaldþrots, þynningar eða hvors tveggja, má meðhöndla sem stöðu síðasta kröfuhafa í kröfuröðinni samkvæmt ramma innramatsaðferðar við verðbréfun.

9. Veiti stofnun útlánavörn vegna ákveðins fjölda áhættukrafna, samkvæmt skilmálum um að n-tu vanskil á meðal áhættukrafnanna skuli orsaka greiðslu og þessi lánaatburður valda uppsögn á samningum, skal nota áhættuvogirnar sem lýst er í 94.–101. gr. ef varan er með utanaðkomandi lánshæfismat frá viðurkenndri utanaðkomandi lánshæfismatsstofnun. Ef afurðin er ekki metin af viðurkenndri utanaðkomandi lánshæfismatsstofnun, verða áhættuvogir áhættukrafna í körfunni sameinaðar, að undanskildum n-1 áhættukröfum, þar sem summa vænts taps margföldуð með 12,5 og fjárhæðar áhættuveginnar áhættuskuldbindingar skal ekki vera hærri en nafnverð verndarinnar sem lánaafleiðan veitir, margfaldað með 12,5. Ákvarða skal n-1 áhættukröfurnar, sem falla skulu utan samsafnsins, á grundvelli þess að hver þeirra myndi lægri fjárhæð áhættuveginna áhættuskuldbindinga en sem nemur fjárhæð áhættuveginna áhættuskuldbindinga nokkurrar áhættukröfu í samsafninu.

1.2. **Fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga vegna smásöluáhættuskuldbindinga**

10. Með fyrirvara um 12. og 13. lið skal reikna út fjárhæðir áhættuveginna smásöluáhættuskuldbindinga í samræmi við eftirfarandi formúlur:

Fylgni (R) = 0,03 × (1 - EXP(-35*PD)) / (1 - EXP(-35)) + 0,16*[1 - (1 - EXP-35*PD) / (1 - EXP(-35))]

Áhættuvegið (RW) =

(LGD* N{(1-R)$^{-0,5}$G(PD)+(R/(1-R))^{0,5}G(0.999)}-PD*12,5*1,06)

N(x) merkir dreififall fyrir slembibreytu með staðlaða normaldreifingu (þ.e. líkur á að normaldreifð slembibreyta með meðalgildi núll og dreifni 1 sé minni en eða jöfn og x). G (Z) merkir andhverft dreififall fyrir slembibreytu með staðlaða normaldreifingu (þ.e. virði x þannig að N(x) z).

Fyrir líkur á vanskilum (PD) = 1 (áhættukrafa í vanskilum), skal RW vera Max {}{0, 12.5 *(LGD-EL_{BE})}},

þar sem EL_{BE} skal vera besta mat lánastofnunar á væntu tapi vegna áhættukröfu í vanskilum samkvæmt 80. lið 4. hluta.

Fjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar = RW * virði áhættuskuldbindingar.

11. Heimilt er að reikna út fjárhæð áhættuveginnar áhættukröfu á litla og meðalstóra aðila, eins og þeir eru skilgreindir í 4. mgr. 86. gr., sem uppfyllir kröfurnar sem settar eru fram í 29. lið 1. hluta VIII. viðauka og 22. lið 2. hluta VIII. viðauka í samræmi við 4. lið.

12. Fylgni (R) 0,15 skal koma í stað tölunnar sem verður til í fylgniformúlunni í 10. lið, vegna smásöluáhættuskuldbindinga, sem tryggðar eru með fasteign.

13. Fylgni (R) 0,04 skal koma í stað tölunnar sem verður til í samsvörunarformúlunni í 10. lið, vegna fullgildra hlaupandi smásöluáhættuskuldbindinga eins og skilgreint er í a- til e-lið.

Áhættuskuldbindingar skulu teljast fullgildar hlaupandi smásöluáhættuskuldbindingar ef þær uppfylla eftirfarandi skilyrði:

a) að áhættan sé gagnvart einstaklingum,

b) að áhættukröfurnar séu hlaupandi, ótryggðar og að lánastofnunin geti sagt þeim upp tafarlaust og skilyrðislaust að því marki sem þær eru ekki nýttar. (Í þessu samhengi eru hlaupandi áhættuskuldbindingar skilgreindar sem skuldbindingar þar sem útistandandi fjárhæðir viðskiptavina fá að sveiflast á grundvelli ákvarðana þeirra um að taka að láni og endurgreiða, innan marka sem lánastofnunin setur). Heimilt er að líta svo á að hægt sé að segja ónotuðum skuldbindingum upp skilyrðislaust ef skilmálar heimila lánastofnun að fella þær úr gildi, að því marki sem heimilað er samkvæmt neytendavernd og tengdri löggjöf, og

c) að hámarksáhætta gagnvart einstaklingi í undirsafninu sé 100 000 evrur eða lægri,

d) að lánastofnunin geti sýnt fram á að notkun fylgni í þessum lið sé takmörkuð við verðbréfasöfn sem hafa sýnt lítið flökt í taphlutföllum miðað við meðaltal taphlutfalla þeirra, einkum á því bili þar sem líkur á vanefndum eru hvað minnstar. Lögbær yfirvöld skulu endurskoða hlutfallslegt flökt taphlutfalla mismunandi fullgildra hlaupandi undirsafna í smásölu, ásamt samtölu fullgildra hlaupandi smásöluverðbréfasafna, og hyggjast deila upplýsingum um dæmigerð einkenni fullgildra hlaupandi tapshlutfalla smásölu í öllum lögsögum, og

e) að lögbær yfirvöld telji það samræmast undirliggjandi áhættueinkennum undirsafnsins að fara með áhættukröfu sem fullgilda hlaupandi smásöluáhættukröfu.

Þrátt fyrir b-lið er lögbærum yfirvöldum heimilt að falla frá kröfunni um að áhættukrafa sé ótryggð að því er varðar tryggðar lánafyrirgreiðslur sem tengjast launareikningi. Í slíku tilviki skal ekki taka tillit til fjárhæða sem endurheimtar eru frá tryggingunni við mat á tapi að gefnum vanefndum.

14. Til að fá meðhöndlun sem lán á smásölumarkaði skulu keyptar viðskiptakröfur uppfylla lágmarkskröfurnar sem eru settar fram í 105.–109. lið í 4. hluta, og eftirfarandi skilyrði:

a) að lánastofnunin hafi keypt viðskiptakröfurnar frá ótengdum þriðja aðila og að áhættukrafa hennar á loforðsgjafa viðskiptakröfunnar feli ekki í sér neinar áhættukröfur sem eru upprunnar, beint eða óbeint, hjá lánastofnuninni sjálfri,

b) að keyptar viðskiptakröfur séu myndaðar á markaðslegum forsendum óskyldra aðila, milli seljanda og loforðsgjafans. Sem slíkar eru viðskiptakröfur innan fyrirtækis og viðskiptakröfur sem falla undir mótreikninga milli fyrirtækja sem kaupa og selja hvort öðru ekki hæfar,

c) lánastofnunin sem er kaupandinn hefur kröfu á allan hagnað af keyptum viðskiptakröfum eða hlutfalli hagnaðar, og

d) að safn keyptra viðskiptakrafna sé nægjanlega dreift.

15. Endurgreiðanlegur kaupafsláttur, tryggingar eða takmarkaðar ábyrgðir, sem veita síðasta kröfuhafa í kröfuröðinni vörn *(e. first-loss protection)* gegn tapi á keyptum viðskiptakröfum vegna gjaldþrots, þynningar eða hvors tveggja, má meðhöndla sem stöðu síðasta kröfuhafa í kröfuröðinni samkvæmt ramma innramatsaðferðar við verðbréfun.

16. Vegna blandaðra safna af keyptum smásöluviðskiptakröfum, þar sem lánastofnunin sem er kaupandi getur ekki aðgreint áhættukröfur með fasteignaveði og áhættukröfur sem uppfylla skilyrði um að vera hlaupandi smásöluáhættukröfur frá öðrum smásöluáhættukröfum, skal beita þeirri formúlu til útreiknings á áhættuvægi varðandi smásölu sem gefur hæstu eiginfjárkröfur vegna þeirra áhættukrafna.

1.3. **Fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga fyrir hlutabréfaáhættu**

17. Lánastofnun er heimilt að nota mismunandi aðferðir við mismunandi söfn þar sem notaðar eru mismunandi aðferðir innan lánastofnunarinnar sjálfrar. Þar sem lánastofnun notar mismunandi aðferðir skal lánastofnunin sýna lögbærum yfirvöldum fram á að valið fari fram á samræmdan hátt og sé ekki ákvarðað til að misnota ósamræmi milli reglna og komast hjá reglum.

18. Þrátt fyrir 17. lið er lögbærum yfirvöldum heimilt að leyfa að fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga fyrir hlutabréfastöður í stoðþjónustufyrirtækjum séu ákvarðaðar samkvæmt meðferð á öðrum eignum sem ekki fela í sér útlánaáhættu.

1.3.1. Einföld aðferð við áhættuvægi

19. Fjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar skal reiknuð út samkvæmt eftirfarandi formúlu:

Áhættuvog (RW) = 190% fyrir stöður í óskráðum hlutabréfum í nægjanlega dreifðum verðbréfasöfnum.

Áhættuvog (RW) = 290% fyrir stöður í hlutabréfum sem viðskipti eru með á skipulegum verðbréfamarkaði.

Áhættuvog (RW) = 370% fyrir alla aðra hlutabréfaáhættu.

Fjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar = RW * virði áhættuskuldbindingar.

20. Heimilt er að láta skortstöður í reiðufé og afleiðugerninga, sem eru utan veltubókar, jafna út gnóttstöður í sömu einstöku hlutabréfunum, að því gefnu að þessir gerningar hafi ótvírætt verið auðkenndir sem áhættuvörn tiltekinnar hlutabréfaáhættu og að þeir veiti áhættuvörn í a.m.k. ár til viðbótar. Farið skal með aðrar skortstöður sem gnóttstöður þar sem tölugildi hverrar stöðu fær viðeigandi áhættuvog. Aðferðin í tengslum við stöður með misræmi í binditíma er aðferðin sú fyrir áhættuskuldbindingar fyrirtækja, eins og hún er sett fram í 16. lið í VII. viðauka, 2. hluta.

21. Lánastofnunum er heimilt að færa ófjármagnaða útlánavörn, sem byggir á hlutabréfastöðu, í samræmi við aðferðirnar sem settar eru fram í 90.–93. gr.

1.3.2. PD/LGD-aðferðin

22. Fjárhæðir áhættuveginnar áhættu skulu reiknaðar út í samræmi við formúlurnar í 3. lið. Ef lánastofnanir hafa ekki nægjanlegar upplýsingar til að nota skilgreininguna á vanskilum eins og hún er sett fram í 44.–48. lið í 4. hluta, skulu áhættuvogirnar hækkaðar með stuðlinum 1,5.

23. Á stigi einstakra áhættuskuldbindinga skal summa fjárhæðar vænts taps, margfölduð með 12,5, og fjárhæðar áhættuveginnar áhættuskuldbindingar ekki vera hærri en nemur virði áhættuskuldbindingarinnar, margfölduðu með 12,5.

24. Lánastofnunum er heimilt að færa ófjármagnaða útlánavörn, sem byggir á hlutabréfastöðu, í samræmi við aðferðirnar sem settar eru fram í 90.–93. gr. Þetta skal vera með fyrirvara um tap að gefnum vanefndum sem nemur 90% af áhættukröfunni á veitanda áhættuvarnarinnar. Nota má LGD-gildið 65% fyrir stöður í óskráðum hlutabréfum í nægjanlega dreifðum verðbréfasöfnum. Í þeim tilvikum skal M vera 5 ár.

1.3.3. Aðferð með innri líkönum

25. Fjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar skal vera hugsanlegt tap á hlutabréfaáhættu lánastofnunarinnar, fengið með notkun innri vágildislíkana að teknu tilliti til einhliða 99% öryggisbils mismunarins milli ársfjórðungslegra tekna og viðeigandi áhættulausra vaxta, reiknað yfir langt úrtakstímabil, margfaldað með 12,5. Fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga á stigi einstakra áhættuskuldbindinga skulu ekki vera lægri en summa lágmarksfjárhæða áhættuveginna áhættuskuldbindinga sem krafist er samkvæmt PD/LGD-aðferðinni og samsvarandi fjárhæða vænts taps margfölduðum með 12,5 og reiknuðum út á grundvelli PD-gilda sem sett eru fram í a-lið 24. liðar 2. hluta og samsvarandi LGD-gilda, sem sett eru fram í 25. og 26. lið 2. hluta.

26. Lánastofnunum er heimilt að færa ófjármagnaða útlánavörn sem byggir á hlutabréfastöðu.

1.4. **Fjárhæðir áhættuveginnar áhættu vegna annarra eigna sem ekki fela í sér útlánaáhættu**

27. Fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga skulu reiknaðar út í samræmi við eftirfarandi formúlu:

Fjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar = 100% * virði áhættuskuldbindingar,

nema þegar áhættuskuldbindingin er hrakvirði, en þá skal hún færð niður fyrir hvert ár og reiknuð út á eftirfarandi hátt:

1/t * 100% * áhættuvirði,

þar sem t er fjöldi ára á tímabili leigusamnings.

2. ÚTREIKNINGUR Á FJÁRHÆÐUM ÁHÆTTUVEGINNA ÁHÆTTUSKULDBINDINGA VEGNA ÞYNNINGARÁHÆTTU KEYPTRA VIÐSKIPTAKRAFNA

28. Áhættuvogir vegna þynningaráhættu keyptra viðskiptakrafna á fyrirtæki og smásöluviðskiptakrafna:

Áhættuvogirnar skulu reiknaðar út samkvæmt formúlunni í 3. lið. Ílagsþættirnir PD og LGD skulu ákvarðaðir eins og sett er fram í 2. hluta, virði áhættuskuldbindingarinnar skal ákvarðað eins og sett er fram í 3. hluta og M skal vera 1 ár. Ef lánastofnanir geta sýnt lögbærum yfirvöldum fram á að þynningaráhætta sé lítilvæg, þarf ekki að skrá hana.

3. ÚTREIKNINGUR FJÁRHÆÐA VÆNTS TAPS

29. Nema annað sé tekið fram skulu ílagsþættirnir PD og LGD ákvarðaðir eins og sett er fram í 2. hluta og virði áhættuskuldbindingarinnar eins og sett er fram í 3. hluta.

30. Fjárhæðir vænts taps vegna áhættukrafna á fyrirtæki, stofnanir, ríkisstjórnir og seðlabanka og smásöluáhættuskuldbindinga skulu reiknaðar út samkvæmt eftirfarandi formúlum:

Vænt tap (EL) = PD × LGD.

Fjárhæð vænts taps = EL × virði áhættuskuldbindingar.

Að því er varðar áhættukröfur í vanskilum (PD = 1), þar sem lánastofnanir nota eigið mat á tapi að gefnum vanefndum, skal EL vera EL_{BE}, þ.e. besta mat lánastofnunar á væntu tapi vegna áhættukröfu í vanskilum, í samræmi við 80. lið 4. hluta.

Fyrir áhættuskuldbindingar sem falla undir meðferðina sem sett er fram í 4. lið 1. hluta skal EL vera 0.

31. EL-gildi fyrir sértækar lánaáhættuskuldbindingar, sem lánastofnanir áhættuvega með aðferðunum sem settar eru fram í 6. lið, skulu ákvörðuð í samræmi við töflu 2.

Tafla 2

Eftirstöðvatími	1. flokkur	2. flokkur	3. flokkur	4. flokkur	5. flokkur
Skemmri en 2,5 ár	0%	0,4%	2,8%	8%	50%
2,5 ár eða lengur	0,4%	0,8%	2,8%	8%	50%

Hafi lögbær yfirvöld heimilað lánastofnun að nota almennt sérstaka áhættuvog 50% á áhættuskuldbindingar í 1. flokki og 70% á áhættuskuldbindingar í 2. flokki skal EL-gildi áhættuskuldbindinga í 1. flokki vera 0% og áhættuskuldbindinga í 2. flokki 0,4%.

32. Fjárhæðir vænts taps fyrir hlutabréfaáhættu, þ ar sem fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga eru reiknaðar út í samræmi við aðferðirnar sem eru settar fram í 19.–21. lið, skulu reiknaðar út í samræmi við eftirfarandi formúlu:

Fjárhæð vænts taps = EL × virði áhættuskuldbindingar

Virði vænts taps skal vera eftirfarandi:

Vænt tap (EL) = 0,8% fyrir stöður í óskráðum hlutabréfum í nægjanlega dreifðum verðbréfasöfnum

Vænt tap (EL) = 0,8% fyrir stöður í hlutabréfum sem viðskipti eru með á skipulegum verðbréfamarkaði.

Vænt tap (EL) = 2,4% fyrir alla aðra hlutabréfaáhættu.

33. Fjárhæðir vænts taps fyrir hlutabréfaáhættu þar sem fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga eru reiknaðar út í samræmi við aðferðirnar sem eru settar fram í 22.–24. lið, skulu reiknaðar út í samræmi við eftirfarandi formúlur:

Vænt tap (EL) = PD × LGD og

Fjárhæð vænts taps = EL × virði áhættuskuldbindingar

34. Vænt tap fyrir hlutabréfaáhættu þar sem fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga eru reiknaðar út í samræmi við aðferðirnar sem eru settar fram í 25.–26. lið skal vera 0%.

35. Væntar fjárhæðir taps vegna þynningaráhættu keyptra viðskiptakrafna skulu reiknaðar út í samræmi við eftirfarandi formúlu:

Vænt tap (EL) = PD × LGD og

Fjárhæð vænts taps = EL × virði áhættuskuldbindingar

4. MEÐFERÐ FJÁRHÆÐA VÆNTS TAPS

36. Fjárhæðir vænts taps sem eru reiknaðar út í samræmi við 30., 31. og 35. lið skulu dregnar frá summu virðisbreytinga og varúðarniðurfærslna sem tengjast þessum áhættuskuldbindingum. Farið skal með afföll af áhættukröfum í efnahagsreikningi, sem keyptar eru þegar þær eru í vanskilum samkvæmt 1. lið 3. hluta, á sama hátt og virðisbreytingar. Fjárhæðir vænts taps vegna verðbréfaðra áhættuskuldbindinga og virðisbreytinga og varúðarniðurfærslna tengdum þessum áhættuskuldbindingum skulu ekki taldar með í þessum útreikningi.

2. HLUTI

Líkur á vanskilum, tap að gefnum vanefndum og binditími

1. Við útreikninga á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga og fjárhæðum vænts taps sem tilgreindar eru í 1. hluta skulu ílagsþættirnir líkur á vanskilum (PD), tap að gefnum vanefndum (LGD) og binditími (M) vera þeir sem lánastofnunin hefur metið í samræmi við 4. hluta, með fyrirvara um eftirfarandi ákvæði.

1. ÁHÆTTUKRÖFUR Á FYRIRTÆKI, STOFNANIR OG RÍKISSTJÓRNIR OG SEÐLABANKA

1.1. **Líkur á vanskilum (PD)**

2. Líkur á vanskilum áhættukröfu á fyrirtæki eða stofnun skulu vera 0,03% að lágmarki.

3. Geti lánastofnun ekki sýnt fram á að mat hennar á líkum á vanskilum keyptra viðskiptakrafna fyrirtækja uppfylli lágmarkskröfurnar sem settar eru fram í 4. hluta skulu PD-gildi þ essara áhættukrafna ákvörðuð samkvæmt eftirfarandi aðferðum: fyrir forgangskröfur á keyptar viðskiptakröfur fyrirtækja skal PD-gildið vera mat lánastofnunarinnar á væntu tapi, deilt með LGD-gildi þ essara viðskiptakrafna. Fyrir víkjandi kröfur á keyptar viðskiptakröfur fyrirtækja skal PD-gildið vera mat lánastofnunar á væntu tapi. Sé lánastofnun heimilt að nota eigið mat á tapi að gefnum vanefndum fyrir áhættuskuldbindingar fyrirtækja og hún getur á áreiðanlegan hátt sundurliðað mat sitt á væntu tapi vegna keyptra viðskiptakrafna fyrirtækja í líkur á vanskilum og tap að gefnum vanefndum er heimilt að nota matið á líkum á vanskilum.

4. PD-gildi loforðsgjafa í vanskilum skal vera 100%.

5. Lánastofnunum er heimilt að taka tillit til ófjármagnaðra útlánavarna í PD-gildinu í samræmi við ákvæði 90.–93. gr. Að því er varðar þynningaráhættu er lögbærum yfirvöldum einnig heimilt að viðurkenna aðra veitendur ófjármagnaðrar útlánavarnar en þá sem um getur í 1. hluta VIII. viðauka.

6. Lánastofnunum sem nota eigið mat á tapi að gefnum vanefndum er heimilt að færa ófjármagnaða útlánavörn með því að stilla PD-gildi, með fyrirvara um 10. lið.

7. Að því er varðar þynningaráhættu keyptra viðskiptakrafna fyrirtækja skal setja líkur á vanskilum jafnar mati á væntu tapi vegna þynningaráhættu. Sé lánastofnun heimilað að nota eigið mat á tapi að gefnum vanefndum fyrir áhættuskuldbindingar fyrirtækja og hún getur á áreiðanlegan hátt sundurliðað mat sitt á væntu tapi vegna þynningaráhættu keyptra viðskiptakrafna fyrirtækja í líkur á vanskilum og tap að gefnum vanefndum er heimilt að nota matið á líkum á vanskilum. Lánastofnunum er heimilt að taka tillit til ófjármagnaðra útlánavarna í PD-gildinu í samræmi við ákvæði 90.–93. gr. Lögbærum yfirvöldum er heimilt að viðurkenna aðra veitendur ófjármagnaðrar útlánavarnar en þá sem um getur í 1. hluta VIII. viðauka. Sé lánastofnun heimilt að nota eigið mat á tapi að gefnum vanefndum vegna þ ynningaráhættu keyptra viðskiptakrafna fyrirtækja er henni heimilt að skrá ófjármagnaða útlánavörn með því að stilla PD-gildi, með fyrirvara um 10. lið.

1.2. **Tap að gefnum vanefndum (LGD)**

8. Lánastofnanir skulu nota eftirfarandi gildi fyrir tap að gefnum vanefndum:

a) forgangskröfur án hæfrar tryggingar: 45%,

b) víkjandi áhættukröfur án hæfrar tryggingar: 75%,

c) lánastofnunum er heimilt að færa fjármagnaða og ófjármagnaða útlánavörn í tap að gefnum vanefndum í samræmi við ákvæði 90.–93. gr.,

d) heimilt er að úthluta sértryggðum skuldabréfum, eins og þau eru skilgreind í 68.–70. lið í 1. hluta VI. viðauka, gildinu 12,5% fyrir tap að gefnum vanefndum,

e) vegna keyptra viðskiptakrafna fyrirtækja, sem eru forgangskröfur, þar sem lánastofnun getur ekki sýnt fram á að mat hennar á líkum á vanefndum uppfylli lágmarkskröfurnar sem eru settar fram í 4. hluta: 45%,

f) vegna keyptra viðskiptakrafna fyrirtækja, sem eru víkjandi kröfur, þar sem lánastofnun getur ekki sýnt fram á að mat hennar á líkum á vanefndum uppfylli lágmarkskröfurnar sem eru settar fram í 4. hluta: 100%, og

g) vegna þynningaráhættu keyptra viðskiptakrafna fyrirtækja: 75%.

Til 31. desember 2010 er heimilt að úthluta sértryggðum skuldabréfum, eins og þau eru skilgreind í 68.–70. lið í 1. hluta VI. viðauka, gildinu 11,25% fyrir tap að gefnum vanefndum ef:

– eignir eins og segir í a- til c-lið 68. liðar 1. hluta VI. viðauka, sem tryggja skuldabréfin, eru allar taldar hæfar í 1. lánshæfisþrep eins og því er lýst í þeim viðauka,

– efri mörkin sem mælt er fyrir um í d- og e-lið 68. liðar 1. hluta VI. viðauka eru 10% af nafnverði útistandandi útgáfu, þegar eignir sem settar eru fram í þessum liðum eru notaðar sem trygging,

– eignir eins og þær eru settar fram í f-lið 68. liðar 1. hluta VI. viðauka eru ekki notaðar sem trygging, eða

– sértryggðu skuldabréfin eru hluti af lánshæfismati tilnefndrar utanaðkomandi lánshæfismatsstofnunar og utanaðkomandi lánshæfismatsstofnunin setur þau í hagkvæmasta flokk lánshæfismats sem hún getur sett sértryggð skuldabréf í.

Þetta frávik ber að endurskoða fyrir 31. desember 2010 og á grundvelli þeirrar endurskoðunar er framkvæmdastjórninni heimilt að leggja fram tillögur í samræmi við málsmeðferðina sem vísað er til í 2. mgr. 151. gr.

9. Sé lánastofnun, þrátt fyrir 8. lið og að því er varðar þynningar- og vanskilaáhættu, heimilað að nota eigið mat á tapi að gefnum vanefndum vegna áhættuskuldbindinga fyrirtækja og geti hún sundurliðað mat sitt á væntu tapi vegna keyptra viðskiptakrafna fyrirtækja í líkur á vanefndum og tap að gefnum vanefndum á áreiðanlegan máta er heimilt að nota matið á tapi að gefnum vanefndum.

10. Þrátt fyrir 8. lið er heimilt að færa ófjármagnaða útlánavörn með aðlögun á líkum á vanefndum og/eða tapi að gefnum vanefndum með fyrirvara um lágmarkskröfurnar sem eru tilgreindar í 4. hluta og samþykki lögbærra yfirvalda, ef lánastofnun er heimilt að nota eigið mat á tapi að gefnum vanefndum vegna áhættu gagnvart fyrirtækjum, stofnunum, ríkisstjórnum og seðlabönkum. Lánastofnun skal ekki úthluta tryggðum áhættuskuldbindingum líkum á vanefndum eða tapi að gefnum vanefndum, með aðlögun, þannig að aðlagað áhættuvægi verði lægra en sambærilegrar beinnar áhættu gagnvart ábyrgðaraðilanum.

11. Þrátt fyrir 8. og 10. lið og að því er varðar 4. lið 1. hluta skal gildi taps að gefnum vanefndum fyrir sambærilega beina áhættu gagnvart aðila sem veitir vörn vera annaðhvort gildi taps að gefnum vanefndum tengt óvarinni lánafyrirgreiðslu til ábyrgðaraðilans eða óvarinni lánafyrirgreiðslu loforðsgjafans, eftir því hvort fyrirliggjandi gögn og gerð ábyrgðarinnar gefa til kynna að endurheimt fjárhæð, komi til þess að bæði ábyrgðaraðilinn og loforðsgjafinn lendi í vanskilum á líftíma hinna áhættuvörðu viðskipta, yrði háð fjárhagsstöðu ábyrgðaraðilans eða loforðsgjafans, eftir því sem við á.

1.3. **Binditími**

12. Með fyrirvara um 13. lið skulu lánastofnanir fá áhættukröfum, sem verða til vegna endurhverfra viðskipta eða verðbréfa- eða hrávörulánveitinga eða -lántöku, binditímann (M) 0,5 ár og öllum öðrum áhættukröfum M 2,5 ár. Lögbær yfirvöld geta krafið allar lánastofnanir í umdæmi sínu um að nota M fyrir hverja áhættukröfu eins og segir í 13. lið.

13. Lánastofnunum sem heimilt er að nota eigið mat á tapi að gefnum vanefndum og/eða eigin breytistuðla vegna áhættukrafna á fyrirtæki, stofnanir eða ríkisstjórnir og seðlabanka skulu reikna út binditíma fyrir hverja þessarra áhættukrafna eins og segir í a- til e–lið og með fyrirvara um 14.–16. lið. M skal ekki í neinu tilviki vera lengri en 5 ár:

a) Að því er varðar gerninga háða sjóðstreymisáætlun skal M reiknað út í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$M = \mathrm{MAX}\left\{1; \mathrm{MIN}\left\{ \frac{\sum_t t * CF_t}{\sum_t CF_t}, 5 \right\}\right\}$$

þar sem CF_t merkir sjóðstreymi (höfuðstól, vaxtagreiðslur og gjöld) sem loforðsgjafinn hefur samkvæmt samningi bundið sig til að greiða á tímabili t,

b) Að því er varðar afleiður sem háðar eru rammasamkomulagi um skuldajöfnun skal binditími vera vegið meðaltal eftirstöðvatíma áhættukröfunnar, þar sem M skal vera a.m.k. 1 ár. Grundvallarfjárhæð hverrar áhættukröfu skal notuð til að vega binditímann,

c) Að því er varðar áhættukröfur sem verða til vegna viðskipta með afleiðugerninga sem eru tryggðir að fullu eða nánast að fullu (skráðir í IV. viðauka) og viðbótarlánveitingar tryggðar að fullu eða nánast fullu, sem háðar eru rammasamkomulagi um skuldajöfnun, skal M vera vegið meðaltal eftirstöðvatíma viðskiptanna þar sem binditími skal vera a.m.k. 10 dagar. Grundvallarfjárhæð hverra viðskipta skal notuð til að vega binditímann,

d) Sé lánastofnun heimilt að nota eigið mat á líkum á vanefndum vegna keyptra viðskiptakrafna fyrirtækja, skal binditími jafngilda vegnum meðalbinditíma keyptra viðskiptakrafna, þar sem M skal vera a.m.k. 90 dagar, vegna ádreginna fjárhæða. Þetta sama gildi M skal einnig notað vegna óádreginna fjárhæða samkvæmt bindandi kauploforði að því gefnu að loforðið innihaldi virka sáttmála, ákvæði um að greiðslu afborgana sé hrint af stað, eða aðra þætti sem vernda þá lánstofnun sem kaupir gegn verulegri rýrnun í gæðum framtíðarviðskiptakrafna sem henni ber að kaupa samkvæmt skilyrðum kauploforðsins. Þar sem slík öflug vernd er ekki til staðar skal M fyrir óádregnar fjárhæðir reiknað sem samtala mögulegrar viðskiptakröfu með lengstan greiðslufrest, samkvæmt kaupsamningnum, og eftirstöðvatíma kauploforðsins, þar sem M er a.m.k. 90 dagar,

e) Að því er varðar aðra gerninga en þá sem tilgreindir eru í þessum lið eða þar sem lánastofnun er ekki í stöðu til að reikna út M eins og segir í a-lið skal binditími vera hámarkseftirstöðvatími (í árum talið) sem loforðsgjafanum er heimilt að taka til að ljúka að fullu samningsbundnum skuldbindingum sínum, þar sem M er a.m.k. 1 ár,

f) Að því er varðar lánastofnanir sem nota innralíkansaðferðina, sem sett er fram í 6. lið III. viðauka, til að reikna út virði áhættuskuldbindinga skal M reiknað út vegna áhættuskuldbindinga sem þær beita þessari aðferð á og þar sem binditími samningsins með lengstan greiðslufrest í skuldajöfnunarsafninu er lengri en eitt ár í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$M = MIN\left(\frac{\sum_{k=1}^{tk\le 1year} EffectiveEE_k{}^{*}\Delta t_k{}^{*}df_k + \sum_{tk>1year}^{maturity} EE_k{}^{*}\Delta t_k{}^{*}df_k}{\sum_{k=1}^{tk\le 1year} EffectiveEE_k{}^{*}\Delta t_k{}^{*}df_k}; 5\right)$$

þar sem:

df = áhættulaus afvöxtunarþáttur vegna framtíðartímabilsins tk og öll önnur tákn eru skilgreind í 6. lið III. viðauka.

Þrátt fyrir fyrstu málsgrein f-liðar 13. liðar er lánastofnun, sem notar innra líkan til að reikna út einhliða aðlögun á lánshæfi, heimilt að nota virkan lánstíma metinn með innra líkani sem M, með fyrirvara um samþykki lögbærra yfirvalda.

Með fyrirvara um 14. lið skal formúlan í a-lið gilda vegna skuldajöfnunarsafna þar sem allir samningar hafa upphaflegan binditíma sem er skemmri en eitt ár.

g) Að því er varðar 4. lið 1. hluta skal M vera virkur binditími útlánavarnarinnar en a.m.k. 1 ár.

14. Þrátt fyrir a-, b-, d- og e-lið 13. liðar skal M vera a.m.k. 1 dagur að því er varðar:

– afleiðugerninga, skráða í IV. viðauka, sem eru tryggðir að fullu eða nánast fullu,

– viðbótarlánveitingar sem eru tryggðar að fullu eða nánast fullu og

– endurhverf viðskipti, verðbréfa- eða hrávörulánveitingar eða -lántökur

að því gefnu að gögnin krefjist daglegrar endurskoðunar á tryggingarþekju og daglegs endurmats og feli í sér ákvæði sem heimila skjóta sölu eða jöfnun tryggingar komi til vanskila eða vanefnda á endurskoðun tryggingarþekju.

Til viðbótar skal M vera a.m.k. einn dagur vegna annarra skammtímaáhættuskuldbindinga, tilgreindum af lögbæru yfirvöldunum, sem eru ekki hluti af stöðugri fjármögnun lánastofnunarinnar til loforðsgjafans. Í öllum tilvikum skal fara fram ítarleg skoðun á málavöxtum.

15. Lögbærum yfirvöldum er heimilt að leyfa notkun M eins og segir í 12. lið vegna áhættukrafna á fyrirtæki sem eru staðsett í Bandalaginu og ef velta samstæðunnar og eignir samstæðunnar eru undir 500 milljónum evra. Lögbærum yfirvöldum er heimilt að setja 1000 milljóna evra heildareignir í stað 500 milljóna evra heildareigna vegna fyrirtækja sem fjárfesta aðallega í fasteignum.

16. Farið skal með misræmi í binditíma eins og tilgreint er í 90.–93. gr.

2. SMÁSÖLUÁHÆTTUSKULDBINDINGAR

2.1. **Líkur á vanskilum (PD)**

17. Líkur á vanskilum áhættuskuldbindingar skulu vera a.m.k. 0,03%.

18. Líkur á vanskilum loforðsgjafa eða, þar sem skuldbindingaraðferð er notuð, á áhættuskuldbindingum í vanskilum skulu vera 100%.

19. Að því er varðar þynningaráhættu keyptra viðskiptakrafna skulu líkur á vanskilum vera jafnar mati á væntu tapi vegna þynningaráhættu. Ef lánastofnun getur sundurliðað mat sitt á væntu tapi vegna þynningaráhættu keyptra viðskiptakrafna í líkur á vanskilum og tap að gefnum vanefndum á áreiðanlegan hátt, er heimilt að nota matið á líkum á vanskilum.

20. Heimilt er að færa ófjármagnaða útlánavörn sem hæfa með því að aðlaga líkur á vanskilum, með fyrirvara um 22. lið. Að því er varðar þynningaráhættu, þar sem lánastofnanir nota ekki eigið mat á tapi að gefnum vanefndum, er þetta með fyrirvara um að farið sé að 90.–93. gr., í þessu skyni er lögbærum yfirvöldum heimilt að líta á veitendur ófjármagnaðrar útlánavarnar, aðra en þá sem tilgreindir eru í 1. hluta VIII. viðauka, sem hæfa.

2.2. **Tap að gefnum vanefndum (LGD)**

21. Lánastofnanir skulu leggja fram eigið mat á tapi að gefnum vanefndum með fyrirvara um lágmarkskröfur eins og þær eru tilgreindar í 4. hluta og samþykki lögbærra yfirvalda. Nota skal 75% gildi taps að gefnum vanefndum vegna þynningaráhættu keyptra viðskiptakrafna. Ef lánastofnun getur sundurliðað mat sitt á væntu tapi vegna þynningaráhættu keyptra viðskiptakrafna í líkur á vanskilum og tap að gefnum vanefndum á áreiðanlegan hátt, er leyfilegt að nota mat á tapi að gefnum vanefndum.

22. Heimilt er að færa ófjármagnaða útlánavörn sem hæfa með því að aðlaga mat á líkum á vanefndum eða tapi að gefnum vanefndum með fyrirvara um lágmarkskröfur eins og þær eru tilgreindar í 99.–104. lið 4. hluta og samþykki lögbærra yfirvalda, annaðhvort til stuðnings einstakri áhættukröfu eða safni áhættukrafna. Lánastofnun skal ekki úthluta tryggðum áhættuskuldbindingum líkum á vanefndum eða tapi að gefnum vanefndum, með aðlögun, þannig að aðlagað áhættuvægi verði lægra en sambærilegrar beinnar áhættu gagnvart ábyrgðaraðilanum.

23. Þrátt fyrir 22. lið, að því er varðar 11. lið 1. hluta, skal gildi taps að gefnum vanefndum fyrir sambærilega beina áhættu gagnvart aðila sem veitir vörn vera annaðhvort gildi taps að gefnum vanefndum tengt óvarinni lánafyrirgreiðslu til ábyrgðaraðilans eða óvarinni lánafyrirgreiðslu loforðsgjafans, eftir því hvort fyrirliggjandi gögn og gerð ábyrgðarinnar gefa til kynna að endurheimt fjárhæð, komi til þess að bæði ábyrgðaraðilinn og loforðsgjafinn lendi í vanskilum á líftíma hinna áhættuvörðu viðskipta, yrði háð fjárhagsstöðu ábyrgðaraðilans eða loforðsgjafans, eftir því sem við á.

3. HLUTABRÉFAÁHÆTTA HÁÐ AÐFERÐUM UM LÍKUR Á VANSKILUM/TAPI AÐ GEFNUM VANEFNDUM

3.1. **Líkur á vanskilum (PD)**

24. Líkur á vanskilum skulu ákvarðaðar í samræmi við aðferðirnar fyrir áhættuskuldbindingar fyrirtækja.

Eftirfarandi lágmarkslíkur á vanskilum skulu gilda:

a) 0,09% fyrir stöður í hlutabréfum sem viðskipti eru með á skipulegum verðbréfamarkaði, þar sem fjárfestingin er hluti af langvarandi tengslum við viðskiptavin,

b) 0,09% fyrir stöður í hlutabréfum sem ekki eru viðskipti með á skipulegum verðbréfamarkaði, þar sem ávöxtun fjárfestingarinnar er byggð á reglulegu og reglubundnu sjóðstreymi sem ekki stafar af söluhagnaði,

c) 0,40% fyrir stöður í hlutabréfum sem viðskipti eru með á skipulegum verðbréfamarkaði, þ.m.t. aðrar skortstöður eins og segir í 20. lið 1. hluta og

d) 1,25% vegna allrar annarrar hlutabréfaáhættu, þ.m.t. aðrar skortstöður eins og þeim er lýst í 20. lið 1. hluta.

3.2. **Tap að gefnum vanefndum (LGD)**

25. Heimilt er að úthluta stöðum í óskráðum hlutabréfum í nægjanlega dreifðum verðbréfasöfnum gildinu 65% fyrir tap að gefnum vanefndum.

26. Allar aðrar áhættuskuldbindingar skulu fá gildið 90% fyrir tap að gefnum vanefndum.

3.3. **Binditími**

27. Gildi M skal vera 5 ár fyrir allar áhættuskuldbindingar.

3. HLUTI

Virði áhættuskuldbindingar

1. ÁHÆTTUKRÖFUR Á FYRIRTÆKI, STOFNANIR, RÍKISSTJÓRNIR OG SEÐLABANKA OG SMÁSÖLUÁHÆTTUSKULDBINDINGAR

1. Nema annað sé tekið fram skal virði áhættuskuldbindinga í efnahagsreikningi metið án tillits til virðisbreytinga. Þessi regla á einnig við um eignir sem eru keyptar á öðru verði en nemur upphæð skuldar. Að því er varðar keyptar eignir er mismunurinn milli upphæðar skuldar og hreins virðis sem skráð er í efnahagsreikning lánastofnana tilgreint sem afföll ef upphæð skuldar er hærri, en yfirverð ef hún er lægri.

2. Þar sem lánastofnanir nota rammasamkomulag um skuldajöfnun í tengslum við endurhverf viðskipti, eða verðbréfa- eða hrávörulánveitingar eða -lántöku, skal virði áhættuskuldbindingar reiknað út í samræmi við 90.–93. gr.

3. Lánastofnanir skulu beita aðferðunum sem settar eru fram í 90.–93. gr. við útreikninga á virði áhættuskuldbindingar vegna skuldajöfnunar út- og innlána í efnahagsreikningi.

4. Virði áhættuskuldbindingar vegna leigusamninga skal vera núvirt lágmarksleigugreiðsla.

„Lágmarksleigugreiðslur“ eru greiðslur á leigutímanum sem leigutakinn er eða getur verið krafinn um að greiða og öll vildarkjör (þ.e. kjör sem nokkuð víst er að verði nýtt). Allt tryggt hrakvirði sem uppfyllir skilyrðin í 26.–28. lið 1. hluta VIII. viðauka, að því er varðar hæfi aðila sem veita vörn, ásamt lágmarkskröfunum um færslu annarra tegunda trygginga í 14.–19. lið 2. hluta VIII. viðauka, skal einnig talið með í lágmarksleigugreiðslum.

5. Virði áhættuskuldbindingar skal ákvarðað með aðferðunum sem lýst er í III. viðauka þegar um er að ræða liði sem taldir eru upp í IV. viðauka.

6. Virði áhættuskuldbindinga við útreikninga á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga keyptra viðskiptakrafna skal vera útistandandi fjárhæð að frádregnum eiginfjárkröfum vegna þynningaráhættu, áður en til mildunar útlánaáhættu kemur.

7. Þegar áhættuskuldbinding er í formi verðbréfa eða hrávöru sem er seld, lögð fram til tryggingar eða lánuð, samkvæmt endurhverfum viðskiptum eða verðbréfa- eða hrávörulánveitingum eða -lántöku, löngum samningum með afhendingu og viðbótarlánveitingum, skal virði áhættuskuldbindingar vera virði verðbréfanna eða hrávörunnar ákvarðað í samræmi við 74. gr. Þegar heildaraðferðin sem byggist á fjárhagslegri tryggingu, eins og hún er sett fram í 3. hluta VIII. viðauka, er notuð skal virði áhættuskuldbindingar aukið með jöfnun flökts sem á við slík verðbréf eða hrávöru, eins og lýst er þar. Virði áhættuskuldbindingar endurhverfra viðskipta, verðbréfa- eða hrávörulánveitinga eða -lántöku, langra samninga með afhendingu og viðbótarlánveitinga má ákvarða annaðhvort í samræmi við III. viðauka eða 12.–21. lið 3. hluta VIII. viðauka.

8. Þrátt fyrir 7. lið skal virði áhættuskuldbindingar útistandandi útlánaáhættu, eins og það er ákvarðað af lögbærum yfirvöldum, gagnvart milligönguaðila ákvarðað í samræmi við 6. lið 2. hluta III. viðauka, að þ ví tilskildu að áhættuskuldbindingar mótaðilaáhættu milligönguaðilans gagnvart öllum þátttakendum í tilhögun hans séu að fullu tryggðar á degi hverjum.

9. Virði áhættuskuldbindingar vegna eftirfarandi liða skal reiknað út sem fjárhæð, sem hefur verið ráðstafað en ekki ádregin, margfölduð með breytistuðli.

Lánastofnanir skulu nota eftirfarandi breytistuðla:

a) Nota skal breytistuðulinn 0% fyrir lánalínur sem er óráðstafað, sem lánastofnunin getur sagt upp skilyrðislaust hvenær sem er án þess að tilkynna um það fyrirfram, eða sem veita í raun sjálfkrafa uppsögn vegna rýrnunar á lánshæfi lántaka. Til að nota breytistuðul 0% skulu lánastofnanir fylgjast á virkan hátt með fjárhagsstöðu loforðsgjafans og innri eftirlitskerfi þeirra skulu gera þeim kleift að greina strax hnignun í lánshæfisgæðum loforðsgjafans. Heimilt er að líta þannig á að hægt sé að segja ónýttum smásölulánalínum upp skilyrðislaust ef skilmálar heimila lánastofnun að fella þær úr gildi, að því marki sem heimilað er samkvæmt neytendavernd og tengdri löggjöf.

b) Fyrir bankaábyrgðir til skamms tíma, sem verða til vegna vöruflutninga, skal nota breytistuðulinn 20%, bæði hvað varðar stofnunina sem veitir ábyrgðina og þá sem staðfestir hana.

c) Fyrir ónotaða kaupsamninga vegna hlaupandi keyptra viðskiptakrafna, sem hægt er að segja upp skilyrðislaust eða veita á skilvirkan hátt sjálfkrafa uppsögn hvenær sem er án þess að tilkynna það fyrirfram, skal breytistuðullinn 0% gilda. Til að nota breytistuðulinn 0% skulu lánastofnanir fylgjast á virkan hátt með fjárhagsstöðu loforðsgjafans og innri eftirlitskerfi þeirra skulu gera þeim kleift að greina strax hnignun í lánshæfisgæðum loforðsgjafans.

d) Fyrir aðrar lánalínur, sölutryggingar vegna verðbréfaútgáfu (e. note issuance facility) og hlaupandi sölutryggingar vegna verðbréfa (e. revolving underwriting facility) skal nota breytistuðulinn 75%.

e) Lánastofnunum, sem uppfylla lágmarksskilyrði til að nota eigið mat á breytistuðlum, eins og tilgreint er í 4. hluta, er heimilt að nota eigið mat á breytistuðlum fyrir ólíkar tegundir afurða eins og getið er í a- til d-lið, með fyrirvara um samþykki lögbærra yfirvalda.

10. Þar sem skuldbinding vísar til framlengingar á annarri skuldbindingu skal nota þann breytistuðul sem lægri er af þeim tveimur sem tengdir eru hvorri skuldbindingu um sig.

11. Vegna allra liða utan efnahagsreiknings, annarra en þeirra sem getið er í 1.–9. lið, skal virði áhættuskuldbindingar vera eftirfarandi hlutfall af virði þeirra:

– 100% ef liður er með mikla áhættu,

– 50% ef liður er með miðlungsáhættu,

– 20% ef liður er með miðlungs-/litla áhættu, og

– 0% ef liður er með litla áhættu.

að því er varðar þennan lið skal raða liðum utan efnahagsreiknings í áhættuflokka eins og fram kemur í II. viðauka.

2. HLUTABRÉFAÁHÆTTA

12. Virði áhættuskuldbindinga skal vera virðið sem birt er í reikningsskilunum. Ákvarða má virði hlutabréfaáhættu á eftirfarandi hátt:

a) Að því er varðar fjárfestingar sem haldið er á gangvirði þar sem breytingar á virði fara í gegnum tekjur og þar með inn í eigið fé, er virði áhættuskuldbindingar gangvirðið sem sett er fram í efnahagsreikningnum.

b) Að því er varðar fjárfestingar sem haldið er á gangvirði þar sem breytingar á virði fara ekki í gegnum tekjur heldur inn í sérstakan eiginfjárþátt með tilliti til skatta, er virði áhættuskuldbindingar gangvirðið sem sett er fram í efnahagsreikningnum.

c) Að því er varðar fjárfestingar sem haldið er á kostnaðarverði eða kostnaðarverði framleiddra vara er virði áhættuskuldbindingar kostnaður eða markaðsvirði eins og það er sett fram í efnahagsreikningnum.

3. AÐRAR EIGNIR SEM FELA EKKI Í SÉR LÁNASKULDBINDINGU

13. Virði áhættuskuldbindingar annarra eigna sem ekki fela í sér lánaskuldbindingu skal vera virðið sem birt er í reikningsskilunum.

4. HLUTI

Lágmarkskröfur vegna innramatsaðferðar

1. MATSKERFI

1. „Matskerfi“ skal fela í sér allar aðferðir, vinnslu, eftirlit, gagnasöfnun og upplýsingatæknikerfi sem styðja matið á útlánaáhættu, flokkun áhættuskuldbindinga í þrep eða söfn (mat) og magngreiningu á mati á vanskilum og tapi vegna vissrar tegundar áhættuskuldbindinga.

2. Ef lánastofnun notar mörg matskerfi skal rökstuðningur fyrir vali á matskerfi vegna lofórðsgjafa eða viðskipta skráður og það framkvæmt á þann máta sem endurspeglar áhættustigið á viðeigandi hátt.

3. Viðmiðanir og ferli flokkunar skulu endurskoðuð reglulega til að ákvarða hvort þau séu enn viðeigandi fyrir gildandi eignasafn og ytri skilyrði.

1.1. **Uppbygging matskerfa**

4. Noti lánastofnun beint mat á áhættubreytum má líta á það sem röðun þrepa á samfelldum matskvarða.

1.1.1. Áhættukröfur á fyrirtæki, stofnanir og ríkisstjórnir og seðlabanka

5. Matskerfi skal taka tillit til áhættueinkenna lofórðsgjafa og viðskipta.

6. Matskerfi skal hafa matskvarða fyrir lofórðsgjafa sem endurspeglar eingöngu magngreiningu á hættunni á vanskilum lofórðsgjafa. Matskvarði fyrir lofórðsgjafa skal hafa a.m.k. 7 þrep vegna lofórðsgjafa sem ekki eru í vanskilum og eitt vegna lofórðsgjafa í vanskilum.

7. „Lofórðsgjafaþrep“: áhættuflokkur á matskvarða fyrir lofórðsgjafa í matskerfinu sem lofórðsgjöfum er skipað í á grundvelli tilgreindra og aðgreindra safna matsviðmiða sem leiða af sér mat á líkum á vanskilum. Lánastofnun skal skjalfesta tengslin milli þrepa lofórðsgjafa hvað varðar það stig vanskilaáhættu sem hvert þrep gefur til kynna og viðmiðin sem eru notuð til að auðkenna það svið vanskilaáhættu.

8. Lánastofnanir með verðbréfasöfn sem eru með samþjöppun í ákveðnum markaðsgeira og á ákveðnu bili vanskilaáhættu skulu hafa nógu mörg þ rep fyrir lofórðsgjafa innan þ ess bils til að komast hjá of mikilli samþjöppun lofórðsgjafa í einstöku þrepi. Umtalsverð samþjöppun innan þreps skal studd sannfærandi dæmum þess að þrep lofórðsgjafa nái yfir hæfilega þröngt bil fyrir líkur á vanskilum og að hættan á vanskilum, sem stafar af öllum lofórðsgjöfum innan þrepsins, falli innan þess bils.

9. Til þess að uppfylla skilyrði fyrir færslu lögbærra yfirvalda, vegna notkunar á útreikningi á eiginfjárkröfum eigin mats á tapi að gefnum vanefndum, skal matskerfi taka tillit til sérstaks matskvarða gerninga sem endurspeglar eingöngu eiginleika viðskipta tengdum tapi að gefnum vanefndum.

10. „Gerningaþrep“: áhættuflokkur á matskvarða gerninga í matskerfinu sem áhættuskuldbindingum er skipað í á grundvelli tilgreindra og aðgreindra safna matsviðmiðana sem leiða af sér eigið mat á tapi að gefnum vanefndum. Skilgreining þreps skal fela í sér bæði lýsingu á því hvernig áhættuskuldbindingum er skipað í þrepið og á viðmiðunum sem notuð eru til að greina á milli áhættustiga þrepanna.

11. Umtalsverð samþjöppun innan gerningaþreps skal studd sannfærandi dæmum þess að gerningaþrep nái yfir hæfilega þröngt bil taps að gefnum vanefndum, eftir því sem við á, og að hættan sem stafar af öllum áhættuskuldbindingum innan þrepsins falli innan þess bils.

12. Lánastofnanir, sem nota aðferðirnar sem settar eru fram í 6. lið 1. hluta til að veita sértækum lánaáhættuskuldbindingum áhættuvægi, eru undanþegnar kröfunni um að búa yfir matskvarða fyrir lofordsgjafa sem endurspeglar eingöngu magngreiningu á hættunni á að lofordsgjafi lendi í vanskilum, vegna þessara áhættuskuldbindinga. Þrátt fyrir 6. lið skulu þessar stofnanir, vegna þessara áhættuskuldbindinga, hafa a.m.k. fjögur þrep vegna lofordsgjafa sem ekki hafa lent í vanskilum og a.m.k. eitt þrep fyrir lofordsgjafa sem lent hafa í vanskilum.

1.1.2. **Smásöluáhættuskuldbindingar**

13. Matskerfi skulu endurspegla bæði áhættu lofordsgjafans og viðskipta og skulu ná til allra viðeigandi eiginleika lofordsgjafa og viðskipta.

14. Aðgreiningarstig áhættu skal tryggja að fjöldi áhættuskuldbindinga í hverju þrepi eða safni nægi til að gera það kleift að magngreina og staðfesta tapseinkenni í þrepi eða safni, á merkingarbæran máta. Dreifing áhættuskuldbindinga og lofordsgjafa í þrep eða söfn skal miða að því að forðast of mikla samþjöppun.

15. Lánastofnanir skulu sýna fram á að ferlið við að skipta áhættuskuldbindingum í þrep eða söfn leiði til raunverulegrar áhættudreifingar, geri það kleift að flokka saman nægjanlega líkar áhættuskuldbindingar og veiti nákvæmt og stefnufast mat á einkennum taps í hverju þrepi eða safni. Að því er varðar keyptar viðskiptakröfur skal flokkunin endurspegla aðferðir seljanda við sölutryggingar og það hve ólíkir viðskiptavinir hans eru.

16. Lánastofnanir skulu taka tillit til eftirfarandi áhrifaþátta áhættu við flokkun áhættuskuldbindinga í þrep eða söfn.

a) áhættueinkenna lofordsgjafa,

b) áhættueinkenna viðskipta, þ.m.t. tegundir afurða eða trygginga eða hvort tveggja. Lánastofnanir skulu taka sérstaklega á tilvikum þar sem sama trygging er að baki mörgum áhættuskuldbindingum og

c) vanskilum, nema lánastofnunin geti sýnt lögbærum yfirvöldum sínum fram á að vanskil hafi ekki veruleg áhrif á áhættu áhættuskuldbindingarinnar.

1.2. **Flokkun í þrep eða söfn**

17. Lánastofnun skal hafa sérstakar skilgreiningar, ferli og viðmiðanir við flokkun áhættuskuldbindinga í þrep eða söfn innan matskerfis.

a) Skilgreiningar og viðmiðanir fyrir þrep og söfn skulu vera nægilega ítarlegar til að þeir sem úthluta mati flokki á samræmdan hátt lofordsgjafa og gerninga með svipaða áhættu í sama þrep eða safn. Þetta samræmi skal einnig vera fyrir hendi hvað varðar mismunandi viðskiptasvið, deildir og landsvæði.

b) Skjalfesting á matsferlinu skal gera þriðja aðila kleift að skilja flokkun áhættuskuldbindinga í þrep eða söfn, til að endurtaka flokkun í þrep og safn og að meta hversu viðeigandi flokkunin í þrep og söfn er.

c) Viðmiðin skulu einnig vera í samræmi við innri lánastaðla lánastofnunarinnar og stefnur hennar fyrir meðhöndlun lofordsgjafa og stofnana í vanda.

18. Lánastofnun skal taka tillit til allra viðeigandi upplýsinga við flokkun loforðsgjafa og gerninga í þrep og söfn. Upplýsingar skulu vera nýjar og gera lánastofnuninni kleift að spá fyrir um arðsemi áhættuskuldbindingarinnar. Því minni upplýsingar sem lánastofnunin hefur því varfærnislegri skal flokkun hennar á áhættuskuldbindingum loforðsgjafa og gerninga í þrep og söfn vera. Noti lánastofnun ytra mat sem meginþátt við ákvörðun á innri matsflokkun, skal lánastofnunin tryggja að hún taki tillit til annarra viðeigandi upplýsinga.

1.3. **Flokkun áhættuskuldbindinga**

1.3.1. Áhættukröfur á fyrirtæki, stofnanir og ríkisstjórnir og seðlabanka

19. Það skal vera liður í lánasamþykkisferlinu að skipa hverjum loforðsgjafa í loforðsgjafaþrep.

20. Að því er varðar þær lánastofnanir sem heimilt er að nota eigið mat á tapi að gefnum vanefndum og/eða breytistuðla skal það einnig vera hluti af lánasamþykktarferlinu að flokka hverja áhættuskuldbindingu í gerningaþrep.

21. Lánastofnanir, sem nota aðferðirnar sem settar eru fram í 6. lið 1. hluta við að veita sértækum lánaáhættuskuldbindingum áhættuvægi, skulu flokka hverja þessara áhættuskuldbindinga í þrep í samræmi við 12. lið.

22. Hver einstakur lögaðili, sem lánastofnunin á áhættukröfu á, skal metinn sérstaklega. Lánastofnun skal sýna lögbærum yfirvöldum sínum fram á að hún hafi viðunandi stefnur hvað varðar meðferð einstakra loforðsgjafa og hópa tengdra viðskiptavina.

23. Einstakar áhættukröfur á sama loforðsgjafa skulu flokkaðar í sama loforðsgjafaþrep, óháð öllum mun á gerð tiltekinna viðskipta. Í eftirfarandi undantekningartilvikum er þó heimilt að flokka einstakar áhættukröfur í mismunandi þrep vegna sama loforðsgjafa:

a) ef um er að ræða áhættu sem tengist yfirfærslu, eftir því hvort áhættuskuldbindingarnar eru tilgreindar í innlendum eða erlendum gjaldmiðli,

b) ef meðhöndlun ábyrgða fyrir áhættuskuldbindingum gefur tilefni til breytingar á flokkun í loforðsgjafaþrep og

c) ef neytendavernd, bankaleynd eða önnur löggjöf hindrar skipti á gögnum um viðskiptavini.

1.3.2. Smásöluáhættuskuldbindingar

24. Það skal vera liður í lánasamþykkisferlinu að skipa hverri áhættuskuldbindingu í þrep eða safn.

1.3.3. Breytingar á áhættuflokkun

25. Að því er varðar flokkun í þrep og söfn skulu lánastofnanir skjalfesta við hvaða aðstæður mannleg dómgreind getur gengið framar ílagsgögnum eða niðurstöðum flokkunarferlisins og það starfsfólk sem ber ábyrgð á samþykki slíkra frávika. Lánastofnanir skulu skjalfesta þessi frávik og það starfsfólk sem ber ábyrgð á þeim. Lánastofnanir skulu greina arðsemi áhættuskuldbindinga ef vikið hefur verið frá flokkun þeirra. Þessi greining skal fela í sér mat á arðsemi þeirra áhættuskuldbindinga þar sem ákveðinn einstaklingur hefur vikið frá flokkun og tilgreina hvaða starfsfólk er málinu viðkomandi.

1.4. **Heilleiki flokkunarferlis**

1.4.1. Áhættukröfur á fyrirtæki, stofnanir og ríkisstjórnir og seðlabanka

26. Flokkun og reglubundin endurskoðun á flokkun skal lokið og hún samþykkt af óháðum aðila sem hefur ekki beinan hag af ákvörðunum um lánveitinguna.

27. Lánastofnanir skulu uppfæra flokkunina a.m.k. árlega. Loforðsgjafar og áhættuskuldbindingar með mikla áhættu skulu sæta tíðari endurskoðun. Lánastofnanir skulu framkvæma nýja áhættuflokkun ef fram koma mikilvægar upplýsinga um loforðsgjafann eða áhættuskuldbindinguna.

28. Lánastofnun skal búa yfir skilvirku ferli til að nálgast og uppfæra viðeigandi upplýsingar um einkenni loforðsgjafa, sem hafa áhrif á líkur á vanefndum, og um einkenni viðskipta sem hafa áhrif á tap að gefnum vanefndum og/eða breytistuðla.

1.4.2. Smásöluáhættuskuldbindingar

29. Lánastofnun skal uppfæra flokkun loforðsgjafa og gerninga a.m.k. árlega eða endurskoða einkenni taps og vanskilastöðu hvers áhættusafns, eftir því sem við á. Lánastofnun skal einnig endurskoða a.m.k. árlega með dæmigerðu úrtaki stöðu stakra áhættuskuldbindinga innan hvers safns til að tryggja að áhættuskuldbindingar séu áfram flokkaðar í rétt söfn.

1.5. **Notkun líkana**

30. Noti lánastofnun tölfræðilíkön og aðrar tæknilegar aðferðir til að flokka áhættuskuldbindingar í þrep eða söfn loforðsgjafa eða gerninga skulu eftirfarandi skilyrði uppfyllt:

a) Lánastofnunin skal sýna lögbærum yfirvöldum sínum fram á að líkanið hafi góða forspárgetu og að eiginfjárkröfur raskist ekki vegna notkunarinnar. Ílagsbreyturnar skulu mynda skynsamlegan og skilvirkan grundvöll fyrir viðkomandi spá. Líkanið skal ekki fela í sér verulega kerfisbundna skekkju.

b) Lánastofnunin skal búa yfir ferli til að rannsaka ílagsgögn líkans, sem felur í sér mat á því hversu nákvæm, heildstæð og viðeigandi gögnin eru.

c) Lánastofnunin skal sýna fram á að gögnin sem eru notuð til að smíða líkanið gefi góða mynd af raunverulegum hópi loforðsgjafa og áhættuskuldbindingum lánastofnunarinnar.

d) Lánastofnun skal með reglulegu millibili staðfesta líkan, en það felur í sér að fylgjast með frammistöðu og stöðugleika líkans, að endurskoða forskrift líkans og bera niðurstöður líkans saman við raunverulega útkomu.

e) Lánastofnunin skal auk tölfræðilega líkansins beita mannlegri dómgreind og yfirsýn til að endurskoða flokkun sem byggist á líkani og til að tryggja að líkön séu notuð með viðeigandi hætti. Endurskoðunarferlar skulu miða að því að finna og takmarka villur vegna veikleika líkana. Mannleg dómgreind skal taka til greina allar viðeigandi upplýsingar sem ekki eru í líkaninu. Lánastofnunin skal skrásetja með hvaða hætti skuli tengja saman mannlega dómgreind og niðurstöður líkana.

1.6. **Skjalfesting matskerfa**

31. Lánastofnunin skal skjalfesta hönnun og rekstraratriði matskerfis síns. Skjalfestingin skal sýna fram á samræmi við lágmarkskröfur í þessum hluta og fjalla meðal annars um dreifingu verðbréfasafnsins, matsviðmiðanir, ábyrgð aðila sem meta loforðsgjafa og áhættuskuldbindingar, tíðni endurskoðunar á flokkun og eftirlit stjórnenda með matsferlinu.

32. Lánastofnunin skal skrásetja rökstuðning fyrir vali sínu á matskvarða og greiningu sem styður valið. Lánastofnun skal skjalfesta allar meiriháttar breytingar í áhættumatsferlinu og slík skjalfesting skal styðja auðkenningar á breytingum sem gerðar eru á áhættumatsferlinu í kjölfar síðustu endurskoðunar lögbærra yfirvalda. Þar að auki skal skrásetja skipulag flokkunar, þ.m.t. flokkunarferli mats og innra stjórnunarkerfi.

33. Lánastofnanir skulu skrásetja sérstakar skilgreiningar á vanskilum og tapi sem notaðar eru innan stofnunarinnar og sýna fram á samræmi við skilgreiningarnar sem eru settar fram í þessari tilskipun.

34. Noti lánastofnunin tölfræðileg líkön í matsferlinu skal hún skrásetja aðferðafræði sína. Þetta efni skal:

a) gefa ítarlega mynd af kenningum, forsendum og/eða stærðfræðilegum og reynslubundnum grundvelli mats vegna þrepa, einstakra loforðsgjafa, áhættuskuldbindinga eða safna og af þeim gagnalindum sem notaðar eru til að meta líkanið,

b) koma á fót ströngu tölfræðilegu ferli (þ.m.t. frammistöðumat sem tekur til tímabila og gagna utan við þau sem notuð voru við mælinguna) til þess að staðfesta líkan og

c) tilkynna þau tilvik þegar líkan virkar ekki með skilvirkum hætti.

35. Notkun líkans sem keypt er af þriðja aðila sem telur sig eiga einkaleyfi á viðkomandi tækni réttlætir ekki að skjalfesta ekki eða uppfylla ekki aðrar kröfur sem varða matskerfi. Lánastofnuninni ber skylda til að uppfylla kröfur lögbærra yfirvalda.

1.7. **Viðhald gagna**

36. Lánastofnanir skulu safna og geyma gögn um þætti innra mats þeirra eins og krafist er skv. 145.–149. gr.

1.7.1. Áhættukröfur á fyrirtæki, stofnanir og ríkisstjórnir og seðlabanka

37. Lánastofnanir skulu safna og geyma:

a) nákvæmar upplýsingar um matssögu loforðsgjafa og viðurkennda ábyrgðaraðila,

b) upplýsingar um þær dagsetningar þegar matið var veitt,

c) lykilgögn og upplýsingar um aðferðafræði sem notuð er til að gera matið,

d) upplýsingar um það hvaða einstaklingur ber ábyrgð á flokkuninni,

e) upplýsingar um auðkenni loforðsgjafa og áhættuskuldbindinga sem fóru í vanskil,

f) upplýsingar um dagsetningu og málavexti slíkra vanskila og

g) gögn um líkur á vanskilum og raunveruleg vanskilahlutföll sem tengjast matsþrepum og flakki á milli matsflokka.

Lánastofnanir sem ekki nota eigið mat á tapi að gefnum vanefndum og/eða breytistuðla skulu safna og geyma gögn um samanburð á raunverulegu tapi að gefnum vanefndum við þau gildi sem tilgreind eru í 8. lið, 2. hluta og á raunverulegum breytistuðlum við þau gildi sem eru tilgreind í 9. lið, 3. hluta.

38. Lánastofnanir sem nota eigið mat á tapi að gefnum vanefndum og/eða breytistuðlum skulu safna og geyma:

a) heildstæð gögn um fyrra áhættumat á gerningum ásamt mati á tapi að gefnum vanefndum og breytistuðlum sem tengjast hverjum matskvarða,

b) upplýsingar um þær dagsetningar þegar áhættumatið var veitt og mat fór fram,

c) lykilgögn og upplýsingar um aðferðafræði sem er notuð til að ákvarða áhættumat á gerningum og mat á tapi að gefnum vanefndum og breytistuðlum,

d) upplýsingar um þann einstakling sem mat gerninginn og þann einstakling sem útvegaði mat á tapi að gefnum vanefndum og breytistuðlum,

e) gögn um mat á tapi að gefnum vanefndum og breytistuðlum, sem tengjast hverri vanefndri áhættuskuldbindingu, og um slíkt tap og breytistuðla í raun,

f) gögn um gildi taps að gefnum vanefndum fyrir áhættuskuldbindinguna, bæði fyrir og eftir mat á áhrifum ábyrgðar eða lánaafleiðu, að því er varðar þær lánastofnanir sem endurspegla mildandi áhrif ábyrgða eða lánaafleiða, á útlánaáhættu, í gegnum tap að gefnum vanefndum og

g) gögn um þætti taps að því er varðar hverja vanefnda áhættuskuldbindingu.

1.7.2. Smásöluáhættuskuldbindingar

39. Lánastofnanir skulu safna og geyma:

a) gögn sem notuð eru í ferlinu við að skipa áhættuskuldbindingum í þrep eða söfn,

b) gögn um mat á líkum á vanefndum, tapi að gefnum vanefndum og breytistuðlum sem tengjast þrepum eða söfnum áhættuskuldbindinga,

c) upplýsingar um auðkenni loforðsgjafa og áhættuskuldbindinga sem fóru í vanskil,

d) að því er vanefndar áhættuskuldbindingar varðar, gögn um þrep eða söfn sem áhættuskuldbinding var flokkuð í á árinu áður en til vanskila kom og um raunverulega niðurstöðu taps að gefnum vanefndum og breytistuðul og

e) gögn um taphlutföll vegna hæfra hlaupandi smásöluáhættuskuldbindinga.

1.8. **Álagspróf notuð við mat á eiginfjárkröfum**

40. Lánastofnun skal búa yfir traustu álagsprófanaferli til notkunar við mat á eiginfjárkröfum sínum. Álagsprófanir skulu fela í sér greiningu á hugsanlegum atburðum eða framtíðarbreytingum á efnahagsaðstæðum sem gætu haft óæskileg áhrif á áhættukröfur lánastofnunar og mat á getu lánastofnunarinnar til að standast slíkar breytingar.

41. Lánastofnun skal reglulega framkvæma álagspróf vegna útlánaáhættu til að meta áhrif sérstakra skilyrða á heildareiginfjárkröfur vegna útlánaáhættu. Lánastofnunin skal velja prófið, með fyrirvara um endurskoðun eftirlitsyfirvalda. Fyrirhuguð prófun skal vera markviss og hóflega íhaldsöm og taka a.m.k. tillit til áhrifa við aðstæður vægra efnahagslægða. Lánastofnun skal meta flakk á milli matsflokka í matsflokkun sinni, við aðstæður álagsprófsins. Verðbréfasöfn sem eru álagsprófuð skulu innihalda meirihluta heildaráhættu lánastofnunar.

42. Lánastofnanir sem nota meðferðina sem er sett fram í 4. lið 1. hluta skulu telja áhrif hnignunar á lánshæfisgæðum aðilanna sem veita vörn sem hluta af ramma álagsprófana, einkum áhrif þess að aðilar sem veita vörn falli utan hæfisviðmiðana.

2. MÆLING ÁHÆTTU

43. Við ákvörðun á áhættubreytum sem tengjast matsþrepum eða -söfnum skulu lánastofnanir fylgja eftirfarandi kröfum.

2.1. **Skilgreining á vanskilum**

44. „Vanskil“ skulu talin hafa átt sér stað hjá ákveðnum tilteknum loforðsgjafa þegar annar eða báðir eftirfarandi atburða hafa átt sér stað:

a) Lánastofnunin telur ólíklegt að loforðsgjafinn standi við lánaskuldbindingar sínar gagnvart lánastofnuninni, móðurfyrirtækinu eða einhverju dótturfyrirtækja þess að fullu, án þess að lánastofnunin grípi til aðgerða, svo sem að innleysa tryggingar (ef þær eru til staðar).

b) Veigamikil lánaskuldbinding loforðsgjafans gagnvart lánastofnuninni, móðurfyrirtækinu eða einhverju dótturfyrirtækinu er komin meira en 90 daga fram yfir gjalddaga.

Að því er yfirdrátt varðar hefst talning daga fram yfir gjalddaga þegar loforðsgjafi hefur rofið tilkynnt mörk, honum hafa verið tilkynnt lægri mörk en nemur útistandandi skuldum, eða hann hefur dregið á lán án heimildar og undirliggjandi fjárhæð er veruleg.

„Tilkynnt mörk“: mörk sem kynnt hafa verið loforðsgjafanum.

Talning daga fram yfir gjalddaga vegna kreditkorta hefst á fyrsta gjalddaga.

Sé um smásöluáhættuskuldbindingar og áhættuskuldbindingar opinberra aðila að ræða skulu lögbæru yfirvöldin ákvarða fjölda daga fram yfir gjalddaga eins og tilgreint er í 48. lið.

Sé um áhættuskuldbindingar fyrirtækja að ræða geta lögbær yfirvöld ákvarðað fjölda daga fram yfir gjalddaga eins og tilgreint er í 7. mgr. 154. gr.

Sé um smásöluáhættuskuldbindingar að ræða er lánastofnunum heimilt að nota skilgreininguna á vanskilum á sviði gerninga.

Í öllum tilvikum skal áhættuskuldbinding sem komin er fram yfir gjalddaga vera yfir viðmiðunarmörkum sem eru skilgreind af lögbærum yfirvöldum og endurspegla viðunandi áhættustig.

45. Eftirfarandi þættir skulu teljast vísbendingar um yfirvofandi greiðslufall:

a) Lánastofnunin setur lánaskuldbindingu í biðstöðu og hættir að reikna sér áfallna vexti.

b) Lánastofnunin færir virðisbreytingu vegna umtalsverðrar lækkunar í lánshæfisgæðum eftir að lánastofnunin undirgekkst áhættuskuldbindinguna.

c) Lánastofnunin selur lánaskuldbindinguna með verulegu lánstengdu efnahagslegu tapi.

d) Lánastofnunin samþykkir endurskipulagningu lánaskuldbindingarinnar vegna fjárhagserfiðleika, sem líklegt er að leiði til minnkunar í fjárskuldbindingu vegna verulegrar eftirgjafar, eða frestunar, á höfuðstóli, vöxtum eða (þar sem við á) þóknunum. Sé um hlutabréfaáhættu að ræða sem metin er samkvæmt aðferð um líkur á vanefndum/tap að gefnum vanefndum, tekur þetta til endurskipulagningar hlutanna sjálfra, vegna fjárhagserfiðleika.

e) Lánastofnunin hefur krafist gjaldþrotaskipta loforðsgjafans eða gefið svipuð fyrirmæli hvað varðar lánaskuldbindingu loforðsgjafans gagnvart lánastofnuninni, móðurfyrirtækinu eða dótturfyrirtækjum þess.

f) Loforðsgjafinn hefur lýst sig gjaldþrota eða hann er lýstur gjaldþrota eða hann öðlast svipaða vörn sem forðar eða seinkar endurgreiðslu lánaskuldbindingar gagnvart lánastofnuninni, móðurfyrirtækinu eða dótturfyrirtækjunum.

46. Lánastofnanir sem nota utanaðkomandi gögn sem eru ekki í samræmi við skilgreininguna á vanskilum, skulu sýna lögbærum yfirvöldum sínum fram á að viðeigandi leiðréttingar hafi farið fram til að ná almennu samræmi við skilgreininguna á vanskilum.

47. Telji lánastofnunin að engin vanskilaorsök eigi lengur við áhættuskuldbindingu sem hefur áður farið í vanskil skal lánastofnunin meta loforðsgjafann eða gerninginn á sama hátt og áhættuskuldbindingu sem ekki hefur farið í vanskil. Komi til vanskila síðar, samkvæmt skilgreiningunni á vanskilum, skal litið svo á að önnur vanskil hafi átt sér stað.

48. Að því er varðar smásöluáhættuskuldbindingar og skuldbindingar opinberra aðila skulu lögbær yfirvöld í hverju aðildarríki ákvarða fjölda daga fram yfir gjalddaga sem allar lánastofnanir í lögsögu þeirra skulu fylgja samkvæmt skilgreiningunni á vanskilum sem sett er fram í 44. lið, að því er varðar áhættuskuldbindingar slíkra mótaðila sem staðsettir eru innan þessa aðildarríkis. Nákvæmur fjöldi skal falla innan 90-180 daga og getur verið mismunandi eftir vörulínum. Að því er varðar áhættuskuldbindingar slíkra mótaðila, sem staðsettir eru á yfirráðasvæðum viðkomandi aðildarríkja, skulu lögbær yfirvöld ekki ákvarða fleiri daga fram yfir gjalddaga en lögbær yfirvöld í viðkomandi aðildarríki ákvarða.

2.2. **Almennar kröfur vegna mats**

49. Eigið mat lánastofnunar á áhættubreytunum líkum á vanskilum, tapi að gefnum vanskilum, breytistuðlum og væntu tapi skal taka öll viðkomandi gögn, upplýsingar og aðferðir til greina. Matið skal fengið með því að nota bæði fyrri reynslu og raunveruleg gögn og á ekki að byggja einungis á huglægu mati. Matið skal vera trúverðugt og byggt á innsæi og grundvallast á mikilvægum áhrifaþáttum viðkomandi áhættubreyta. Því færri gögn sem lánastofnunin hefur því varfærnislegra skal mat hennar vera.

50. Lánastofnunin skal vera fær um að sundurliða sögulegt tap sitt að því er varðar vanskil, tap að gefnum vanefndum, breytistuðla eða tap, þar sem mat á líkum á tapi er notað, í þá þætti sem hún telur hafa áhrif á viðkomandi áhættubreytur. Lánastofnunin skal sýna fram á að mat hennar sé lýsandi fyrir langt tímabil.

51. Tekið skal tillit til allra breytinga á útlánaaðferðum eða ferlinu við að framfylgja innheimtu á athugunartímabilunum sem um getur í 66., 71., 82., 86., 93. og 95. lið. Mat lánastofnunar skal endurspegla áhrif tækniframfara og nýrra gagna og annarra upplýsinga um leið og þær liggja fyrir. Lánastofnanir skulu endurskoða mat sitt þegar nýjar upplýsingar koma í ljós en þó a.m.k. árlega.

52. Sá hópur áhættuskuldbindinga sem gögn matsins eiga við um, lánastaðlarnir sem notaðir voru þegar gögnin voru tekin saman og önnur viðeigandi einkenni skulu vera sambærileg við einkenni áhættuskuldbindinga og staðla lánastofnunarinnar. Lánastofnunin skal einnig sýna fram á að efnahags- eða markaðsaðstæður sem liggja að baki gögnunum séu viðeigandi fyrir núverandi og fyrirsjáanlegar aðstæður. Fjöldi áhættuskuldbindinga í úrtakinu og gagnatímabilið sem notað er vegna magngreiningar skal vera nægjanlegt til að lánastofnunin vænti þess að mat hennar sé nákvæmt og traust.

53. Að því er varðar keyptar viðskiptakröfur skal matið endurspegla allar viðeigandi upplýsingar sem tiltækar eru lánastofnuninni sem kaupir hvað varðar gæði undirliggjandi viðskiptakrafna, þ.m.t. gögn vegna svipaðra safna sem veitt eru af seljanda, lánastofnuninni sem kaupir, eða utanaðkomandi aðilum. Lánastofnunin sem kaupir skal meta öll gögn, sem treyst er á, sem koma frá seljanda.

54. Lánastofnun skal bæta við mat sitt varfærnisvikmörkum sem tengjast væntu bili matsskekkju. Séu aðferðir og gögn óviðunandi og vænt skekkjubil stórt, skulu varfærnisvikmörkin vera rýmri.

55. Noti lánastofnanir mismunandi mat við útreikninga á áhættuvægi og til notkunar innan stofnunarinnar skal það skrásett og lögbærum yfirvöldum sýnt fram á réttmæti matsins.

56. Geti lánastofnanir sýnt lögbærum yfirvöldum sínum fram á að viðeigandi leiðréttingar hafi verið gerðar, að því er varðar gögn sem safnað hefur verið fyrir dagsetningu framkvæmdar þessarar tilskipunar, til að ná almennu samræmi við skilgreiningarnar á vanskilum eða tapi, er lögbærum yfirvöldum heimilt að veita lánastofnunum nokkurn sveigjanleika í notkun þeirra gagnastaðla sem krafist er.

57. Noti lánastofnun gögn sem safnað er saman frá mörgum lánastofnunum skal hún sýna fram á:

    a) að matskerfi og viðmiðanir hinna lánastofnananna í safninu séu svipaðar hennar eigin,

    b) að safnið sé lýsandi fyrir verðbréfasafnið sem gagnasafnið er notað fyrir og

    c) að lánastofnunin noti sameinuðu gögnin með samræmdum hætti við mat sitt, frá einum tíma til annars.

58. Noti lánastofnun gögn sem er safnað saman frá mörgum lánastofnunum skal hún áfram vera ábyrg fyrir heilleika matskerfis síns. Lánastofnunin skal sýna lögbærum yfirvöldum fram á að starfsfólk hennar hafi nægan skilning á matskerfi stofnunarinnar, þ.m.t. raunverulega hæfni til að fylgjast með og gera úttekt á matsferlinu.

2.2.1. Sérstakar kröfur vegna mats á líkum á vanefndum

Áhættukröfur á fyrirtæki, stofnanir og ríkisstjórnir og seðlabanka

59. Lánastofnanir skulu meta líkur á vanefndum í hverju loforðsgjafaþrepi út frá langtímameðaltali árlegra vanskilahlutfalla.

60. Að því er varðar keyptar viðskiptakröfur fyrirtækja skulu lánastofnanir meta vænt tap í hverju þrepi loforðsgjafa út frá raunverulegu langtímameðaltali árlegra vanskilahlutfalla.

61. Ákvarði lánastofnun langtímameðaltal mats á líkum á vanefndum og tapi að gefnum vanefndum vegna keyptra viðskiptakrafna fyrirtækja út frá mati á væntu tapi og viðeigandi mati á líkum á vanefndum eða tapi að gefnum vanefndum, skal ferli mats á heildartapi uppfylla heildarstaðla fyrir mat á líkum á vanefndum og tapi að gefnum vanefndum, sem settir eru fram í þessum hluta, og skal niðurstaðan vera í samræmi við hugtakið um tap að gefnum vanefndum eins og segir í 73. lið.

62. Lánastofnanir skulu einungis nota matsaðferðir fyrir líkum á vanefndum ef greining styður þær. Lánastofnanir skulu viðurkenna mikilvægi eigin dómgreindar við að tvinna saman niðurstöður aðferða og við aðlögun vegna takmarkana tæknilegra aðferða og upplýsinga.

63. Að því marki sem lánastofnun notar gögn, sem byggja á eigin reynslu hennar af vanskilum, við mat á líkum á vanskilum skal hún sýna fram á í greiningu sinni að matið endurspegli sölutryggingarstaðla og allan mismun milli matskerfisins sem framleiddi gögnin og gildandi matskerfis. Hafi sölutryggingarstaðlar eða matskerfi breyst skal lánastofnunin rýmka varfærnisvikmörkin í mati sínu á líkum á vanskilum.

64. Að því marki sem lánastofnunin tengir þrep sín við eða varpar þeim yfir á kvarðann sem utanaðkomandi lánshæfismatsstofnun eða svipuð stofnun notar og tengir svo vanskilahlutfallið fyrir þrep utanaðkomandi stofnunar við þrep lánastofnunarinnar, skal vörpunin byggð á samanburði viðmiða innra mats við viðmiðanir sem hin utanaðkomandi stofnun notar og á samanburði innra og ytra mats allra sameiginlegra loforðsgjafa. Forðast skal bjögun eða ósamræmi í vörpuninni eða undirliggjandi gögnum. Viðmiðanir utanaðkomandi stofnunar, sem liggja til grundvallar magngreiningargögnunum, skulu eingöngu miðaðar við vanskilaáhættu og ekki endurspegla einkenni viðskipta. Greining lánastofnunarinnar skal fela í sér samanburð á þeim skilgreiningum á vanskilum sem notaðar eru, með fyrirvara um kröfurnar í 44.–48. lið. Lánastofnunin skal skrásetja grundvöll vörpunarinnar.

65. Að því marki sem lánastofnunin notar tölfræðilíkön fyrir spá um vanskil, er henni heimilt að meta líkur á vanskilum sem einfalt meðaltal mats á líkum á vanskilum vegna einstakra loforðsgjafa í ákveðnu þrepi. Notkun lánastofnunarinnar á líkönum fyrir líkur á vanskilum skulu í þessum tilgangi uppfylla staðlana sem tilgreindir eru í 30. lið.

66. Óháð því hvort lánastofnun er að nota ytri, innri eða sameinaðar gagnalindir, eða sambland af þessu þrennu skal, við mat hennar á líkum á vanskilum, a.m.k. fimm ára athugunartímabil liggja til grundvallar í a.m.k. einni gagnalind. Nái einhver gagnalindanna yfir lengra athugunartímabil og dagsetningin er viðeigandi, skal nota það tímabil. Þetta á einnig við um aðferðirnar um líkur á vanskilum/tap að gefnum vanefndum varðandi hlutabréf. Aðildarríkjunum er heimilt að leyfa lánastofnunum, sem ekki hafa heimild til að nota eigið mat á tapi að gefnum vanefndum eða breytistuðlum, að hafa viðeigandi gögn sem ná yfir tveggja ára tímabil þegar þær beita innramatsaðferðinni. Það tímabil skal lengjast um eitt ár á hverju ári þar til viðkomandi gögn ná yfir fimm ára tímabil.

Smásöluáhættuskuldbindingar

67. Lánastofnanir skulu meta líkur á vanefndum í loforðsgjafaþrepi eða -safni út frá langtímameðaltali árlegra vanskilahlutfalla.

68. Þrátt fyrir 67. lið er einnig leyfilegt að ákvarða líkur á vanskilum út frá innleystu tapi og viðeigandi mati á tapi að gefnum vanefndum.

69. Lánastofnanir skulu líta á innri gögn til að flokka áhættuskuldbindingar í þrep eða söfn sem meginupplýsingar við mat á einkennum taps. Lánastofnunum er heimilt að nota utanaðkomandi gögn (þ.m.t sameinuð gögn) eða tölfræðileg líkön vegna magngreiningar að því gefnu að hægt sé að sýna fram á sterk tengsl á milli:

a) aðferðar lánastofnunarinnar við að skipa áhættuskuldbindingum í þrep eða söfn og aðferðar sem utanaðkomandi gagnalind notaði, og

b) innri áhættulýsingar lánastofnunar og samsetningar utanaðkomandi gagna.

Lánastofnunum er heimilt að nota ytri og innri viðmiðunargögn vegna keyptra smásöluviðskiptakrafna. Lánastofnanir skulu nota allar viðeigandi gagnalindir til samanburðar.

70. Ákvarði lánastofnun langtímameðaltal mats á líkum á vanefndum og tapi að gefnum vanefndum vegna smásölu út frá mati á heildartapi og viðeigandi mati á líkum á vanefndum eða tapi að gefnum vanefndum, skal aðferð mats á heildartapi uppfylla heildarstaðla fyrir mat á líkum á vanefndum og tapi að gefnum vanefndum, sem settir eru fram í þessum hluta, og skal niðurstaðan vera í samræmi við hugtakið um tap að gefnum vanefndum eins og sett er fram í 73. lið.

71. Óháð því hvort lánastofnun er að nota ytri, innri eða sameinaðar gagnalindir, eða sambland af þessu þrennu skal, við mat hennar á tapseinkennum, a.m.k. fimm ára athugunartímabil liggja til grundvallar í a.m.k. einni gagnalind. Nái einhver gagnalindanna yfir lengra athugunartímabil og dagsetningin er viðeigandi, skal nota það tímabil. Lánastofnun þarf ekki að gefa sögulegum gögnum sama vægi geti stofnunin sýnt lögbærum yfirvöldum fram á að nýlegri gögn gefi betri raun við spár um tapshlutföll. Aðildarríkjum er heimilt að leyfa lánastofnunum að hafa viðeigandi gögn sem ná yfir tveggja ára tímabil, þegar þær nota innramatsaðferðina. Það tímabil skal lengjast um eitt ár á hverju ári þar til viðkomandi gögn ná yfir fimm ára tímabil.

72. Lánastofnanir skulu ákvarða og greina væntar breytingar á áhættubreytum á bindtíma áhættukröfurnnar (árstíðabundin áhrif).

2.2.2. Sértækar kröfur í tengslum við eigið mat á tapi að gefnum vanefndum

73. Lánastofnanir skulu meta tap að gefnum vanefndum eftir þrepum eða söfnum gerninga á grundvelli meðaltals raunverulegs taps að gefnum vanefndum eftir þrepum eða söfnum gerninga með notkun allra vanskila innan gagnalindanna (vegið meðaltal vanskila).

74. Lánastofnanir skulu nota mat á tapi að gefnum vanefndum sem á við efnahagssamdrátt sé það varfærnislegra en langtímameðaltal. Að því marki sem þess er vænst að matskerfi skili stöðugu raunverulegu tapi að gefnum vanefndum í þrepum eða söfnum frá einum tíma til annars skulu lánastofnanir aðlaga mat sitt á áhættubreytum eftir þrepum eða söfnum til að takmarka áhrif efnahagssamdráttar á eigið fé.

75. Lánastofnun skal hafa í huga umfang tengsla milli áhættu vegna loforðsgjafa og áhættu vegna trygginga eða veitenda trygginga. Meðhöndla skal af varfærni þau tilvik þar sem veruleg tengsl eru til staðar.

76. Gjaldeyrisskekkjur milli undirliggjandi skuldbindingar og tryggingar skal meðhöndla með varfærnislegum hætti við mat lánastofnunar á tapi að gefnum vanefndum.

77. Að því marki sem tilvist trygginga er tekin til greina við mat á tapi að gefnum vanefndum skal matið ekki einungis byggjast á mati á markaðsvirði trygginga. Við mat á tapi að gefnum vanefndum skal taka tillit til áhrifa þess að hugsanlegt sé að lánastofnun geti ekki með skjótum hætti yfirtekið tryggingu og komið henni í verð.

78. Að því marki sem tilvist trygginga er tekin til greina við mat á tapi að gefnum vanefndum skulu lánastofnanir koma á fót innri kröfum um stjórn trygginga, réttarvissu og áhættustýringu sem almennt eru í samræmi við þær kröfur sem settar eru fram í 2. hluta VIII. viðauka.

79. Að því marki sem lánastofnun viðurkennir tryggingar við mat á virði áhættuskuldbindingar vegna mótaðilaáhættu, samkvæmt 5. eða 6. hluta III. viðauka, skal ekki telja með í mati á tapi að gefnum vanefndum þær fjárhæðir sem reiknað er með að endurheimtist með tryggingunum.

80. Að því er varðar áhættuskuldbindingar sem þegar eru í vanskilum skal lánastofnun nota samtölu besta mats síns á væntu tapi fyrir hverja áhættuskuldbindingu miðað við ríkjandi efnahagsaðstæður og stöðu áhættuskuldbindingar og þann möguleika að frekara óvænt tap eigi sér stað á innheimtutímabilinu.

81. Að því marki sem ógreidd gjaldfallin gjöld hafa verið færð sem tekjur í rekstrarreikningi lánstofnunar skal bæta þeim við mat lánastofnunar á áhættu og tapi.

Áhættukröfur á fyrirtæki, stofnanir og ríkisstjórnir og seðlabanka

82. Mat á tapi að gefnum vanefndum skal byggt á gögnum sem ná yfir a.m.k. fimm ár og lengist tímabilið um eitt ár á hverju ári eftir framkvæmd þar til að lágmarki sjö árum er náð, fyrir a.m.k. eina gagnalind. Nái einhver gagnalindanna yfir lengra athugunartímabil og dagsetningin er viðeigandi, skal nota það tímabil.

Smásöluáhættuskuldbindingar

83. Þrátt fyrir 73. lið er leyfilegt að meta tap að gefnum vanefndum út frá innleystu tapi og viðeigandi mati á líkum á vanefndum.

84. Þrátt fyrir 89. lið er lánastofnunum heimilt að endurspegla framtíðarádrátt á lánagerninga annaðhvort í breytistuðlum sínum eða í mati sínu á tapi að gefnum vanefndum.

85. Lánastofnunum er heimilt að nota ytri og innri viðmiðunargögn til að meta tap að gefnum vanefndum vegna keyptra smásöluviðskiptakrafna.

86. Mat á tapi að gefnum vanefndum skal byggt á gögnum sem ná yfir a.m.k. fimm ár. Þrátt fyrir 73. lið þarf lánastofnun ekki að gefa sögulegum gögnum jafnmikið vægi ef stofnunin getur sýnt lögbærum yfirvöldum fram á að nýleg gögn gefi betri raun við spá um tapshlutfall. Aðildarríkjum er heimilt að leyfa lánastofnunum að hafa viðeigandi gögn sem ná yfir tveggja ára tímabil, þegar þær nota innramatsaðferðina. Það tímabil skal lengjast um eitt ár á hverju ári þar til viðkomandi gögn ná yfir fimm ára tímabil.

2.2.3. Sértækar kröfur í tengslum við eigið mat á breytistuðlum

87. Lánastofnanir skulu meta breytistuðla eftir þrepum eða söfnum gerninga á grundvelli meðaltals raunverulegra breytistuðla eftir þrepum eða söfnum gerninga og nota til þess öll vanskil sem finnast innan gagnalindanna (vegið meðaltal vanskila).

88. Lánastofnanir skulu nota mat á breytistuðlum sem er viðeigandi fyrir efnahagssamdrátt ef það er varfærnislegra en langtímameðaltal. Að því marki sem þess er vænst að matskerfi skili stöðugum raunverulegum breytistuðlum í þrepum eða söfnum frá einum tíma til annars skulu lánastofnanir aðlaga mat sitt á áhættubreytum eftir þrepum eða söfnum til að takmarka áhrif efnahagssamdráttar á eigið fé.

89. Mat lánastofnunar á breytistuðlum skal endurspegla möguleika á viðbótarádrætti loforðsgjafa fram að eða eftir að vanskilaatburði er hrundið af stað.

Mat á breytistuðli skal fela í sér rýmri varfærnisvikmörk ef ástæða er til að ætla að jákvæð fylgni milli tíðni vanskila og vægis breytistuðla verði meiri.

90. Þegar lánastofnanir reikna vænt mat breytistuðla skulu þær taka tillit til sérstakra stefna sinna og áætlana sem þær hafa samþykkt að því er varðar eftirlit með reikningum og vinnslu greiðslna. Lánastofnanir skulu einnig taka tillit til getu sinnar og vilja til að koma í veg fyrir frekari ádrátt við kringumstæður þar sem ekki er um vanskil að ræða, svo sem við brot á lánaskilmálum eða aðra tæknilega vanskilaatburði.

91. Lánastofnanir skulu búa yfir viðunandi kerfum og ferlum til að hafa eftirlit með fjárhæðum fyrirgreiðslna, stöðu útistandandi fjárhæða veittra lánalína og breytingum á útistandandi fjárhæðum hjá hverjum loforðsgjafa og í hverju þrepi. Lánastofnunin skal geta haft daglegt eftirlit með útistandandi fjárhæðum.

92. Noti lánastofnanir mismunandi mat á breytistuðlum við útreikninga á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga og til notkunar innan stofnunarinnar skal það skrásett og lögbærum yfirvöldum sýnt fram á réttmæti matsins.

Áhættukröfur á fyrirtæki, stofnanir og ríkisstjórnir og seðlabanka

93. Mat á breytistuðlum skal byggt á gögnum sem ná yfir a.m.k. fimm ár og lengist tímabilið um eitt ár á hverju ári eftir framkvæmd þar til að lágmarki sjö árum er náð, fyrir a.m.k. eina gagnalind. Nái einhver gagnalindanna yfir lengra athugunartímabil og dagsetningin er viðeigandi, skal nota það tímabil.

Smásöluáhættuskuldbindingar

94. Þrátt fyrir 89. lið er lánastofnunum heimilt að endurspegla framtíðarádrátt á lánagerninga annaðhvort í breytistuðlum sínum eða í mati sínu á tapi að gefnum vanefndum.

95. Mat á breytistuðlum skal byggt á gögnum sem ná yfir a.m.k. fimm ár. Þrátt fyrir 87. lið ber lánastofnun ekki skylda til að gefa sögulegum gögnum sama vægi og nýlegum ef stofnunin getur sýnt lögbærum yfirvöldum fram á að nýlegri gögn gefi betri raun við spá um ádrátt á lán. Aðildarríkjum er heimilt að leyfa lánastofnunum að hafa viðeigandi gögn sem ná yfir tveggja ára tímabil, þegar þær nota innramatsaðferðina. Það tímabil skal lengjast um eitt ár á hverju ári þar til viðkomandi gögn ná yfir fimm ára tímabil.

2.2.4. Lágmarkskröfur við mat á áhrifum ábyrgða og lánaafleiða

Áhættukröfur á fyrirtæki, stofnanir og ríkisstjórnir og seðlabanka, þar sem notað er eigið mat á tapi að gefnum vanefndum, og smásöluáhættuskuldbindingar

96. Kröfurnar í 97.–104. lið skulu ekki gilda vegna ábyrgða sem stofnanir og ríkisstjórnir og seðlabankar veita ef lánastofnunin hefur fengið samþykki fyrir að beita reglunum í 78.–83. gr. vegna áhættukrafna á slíka aðila. Í þessu tilviki skulu kröfurnar í 90.–93. gr. gilda.

97. Að því er varðar smásöluáhættuskuldbindingar skulu þessar kröfur einnig gilda um flokkun áhættuskuldbindinga í þrep og söfn og mat á líkum á vanefndum.

Hæfir ábyrgðaraðilar og ábyrgðir

98. Lánastofnanir skulu hafa skýrt tilgreindar viðmiðanir fyrir tegundir ábyrgðaraðila sem þær viðurkenna vegna útreikninga á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga.

99. Að því er varðar viðurkennda ábyrgðaraðila skulu sömu reglur gilda og lýst er í 17.–29. lið.

100. Ábyrgðin skal vera skrifleg, óuppsegjanleg af hálfu ábyrgðaraðila, í gildi þar til staðið hefur verið við skuldbindinguna að fullu (að því er varðar fjárhæð og binditíma ábyrgðarinnar) og framfylgjanleg samkvæmt lögum gagnvart ábyrgðaraðila í lögsögu þar sem ábyrgðaraðilinn á eignir til að gera fjárnám í og framfylgja dómi. Heimilt er, með fyrirvara um samþykki lögbærra yfirvalda, að viðurkenna ábyrgðir sem fela í sér skilyrði um að ábyrgðaraðili kunni að vera laus unda ábyrgð (skilyrtar ábyrgðir). Lánastofnunin skal sýna fram á að flokkunarviðmiðanir taki með viðunandi hætti á því að það kunni að draga úr áhrifum mildunar áhættu.

Leiðréttingarviðmiðanir

101. Lánastofnun skal hafa skýrt tilgreindar viðmiðmiðanir fyrir leiðréttingar á þrepum, söfnum eða mati á tapi að gefnum vanefndum og, ef um er að ræða smásöluviðskiptakröfur og hæfar keyptar viðskiptakröfur, fyrir aðferðir til að flokka áhættuskuldbindingar í þrep og söfn, til að endurspegla áhrif ábyrgða vegna útreiknings fjárhæða áhættuveginna áhættuskuldbindinga. Þessar viðmiðanir skulu uppfylla lágmarksskilyrðin sem eru sett fram í 17.–29. lið.

102. Viðmiðanirnar skulu vera trúverðugar og byggðar á innsæi. Þær skulu ná yfir getu og vilja ábyrgðarmannsins til að rækja ábyrgðina, líklegrar tímasetningar allra greiðslna frá ábyrgðaraðila, þess að hve miklu leyti geta ábyrgðaraðila til að rækja ábyrgðina tengist getu loforðsgjafa til að endurgreiða, og að hve miklu leyti eftirstæð áhætta gagnvart loforðsgjafa verður ennþá til staðar.

Lánaafleiður

103. Lágmarkskröfurnar fyrir ábyrgðir í þessum hluta skulu einnig gilda um lánaafleiður gagnvart einum aðila. Kröfurnar sem settar eru fram í 21. lið 2. hluta VIII. viðauka skulu gilda í tengslum við misræmi á milli undirliggjandi skuldbindingar og tilgreindrar skuldbindingar útlánaafleiðunnar eða skuldbindingarinnar sem er notuð til að ákvarða hvort lánaatburður hafi átt sér stað. Að því er varðar smásöluáhættuskuldbindingar og hæfar keyptar viðskiptakröfur gildir þessi liður um ferlið við skipan áhættuskuldbindinga í þrep og söfn.

104. Viðmiðin skulu taka til útgreiðslufyrirkomulags lánaafleiðunnar og meta með varfærnum hætti áhrif þess á magn og tímasetningu endurheimtu. Lánastofnunin skal meta að hve miklu leyti annars konar eftirstæðir áhættuþættir eru eftir.

2.2.5. Lágmarkskröfur vegna keyptra viðskiptakrafna

Réttarvissa

105. Fyrirkomulag gerningsins skal tryggja að lánastofnunin hafi undir öllum fyrirsjáanlegum kringumstæðum virkt eignarhald á og yfirráð yfir öllum peningagreiðslum vegna viðskiptakrafnanna. Þegar loforðsgjafi greiðir seljanda eða þjónustuaðila fé skal lánastofnunin sannreyna reglulega að greiðslurnar séu framsendar að öllu leyti og innan samningsbundinna skilmála. „Þjónustuaðili“: aðili sem stýrir safni keyptra viðskiptakrafna eða undirliggjandi áhættukröfum daglega. Lánastofnanir skulu búa yfir verklagsreglum til að tryggja að eignarhald á viðskiptakröfunum og innborguðu fé sé varið gegn áhrifum gjaldþrota eða dómsmála sem gætu valdið verulegum töfum á getu lánadrottna til að innleysa viðskiptakröfurnar eða ráðstafa þeim eða halda yfirráðum yfir innborguðu fé.

Skilvirkni eftirlitskerfa

106. Lánastofnunin skal fylgjast með bæði gæðum keyptra viðskiptakrafna og fjárhagsstöðu seljandans og þjónustuaðilans. Einkum skal taka tillit til eftirfarandi atriða:

a) Lánastofnunin skal meta fylgni á milli gæða keyptu viðskiptakrafnanna og fjárhagsstöðu bæði seljanda og þjónustuaðila og hafa til staðar innri stefnur og ferla sem veita fullnægjandi verndarráðstafanir til varnar gegn öllum ófyrirséðum atburðum, þ.m.t. að úthluta innra áhættumati á hvern seljanda og þjónustuaðila.

b) Lánastofnunin skal hafa skýrar og skilvirkar stefnur og verklagsreglur við ákvörðun á hæfi seljanda og þjónustuaðila. Lánastofnunin eða fulltrúi hennar skulu framkvæma reglubundna endurskoðun á seljendum og þ jónustuaðilum til að sannreyna nákvæmni skýrslna frá seljanda eða þj ónustuaðila, koma upp um sviksemi eða veikleika í rekstri og sannreyna gæði lánastefnu seljandans auk verklagsreglna og innheimtustefnu þjónustuaðilans. Skjalfesta skal niðurstöður þessara endurskoðana.

c) Lánastofnunin skal meta öll einkenni safna keyptra viðskiptakrafna, þ .m.t. yfirdrátt (e. over-advances), vanskilasögu seljandans, tapaðar viðskiptakröfur og afskriftir vegna tapaðra viðskiptakrafna, greiðsluskilmála og mögulegra mótreikninga.

d) Lánastofnunin skal hafa skilvirkar stefnur og verklagsreglur til að geta haft heildareftirlit með samþjöppun gagnvart einum loforðsgjafa, bæði innan og þvert á söfn keyptra viðskiptakrafna, og

e) Lánastofnunin skal tryggja að hún fái nægilega ítarlegar og tímanlegar skýrslur yfir aldur og þynningu viðskiptakrafna frá þjónustuaðilanum til að tryggja að farið sé að hæfisviðmiðum lánastofnunarinnar og útgreiðslustefnu, sem gilda um keyptar viðskiptakröfur, og veita skilvirk úrræði til að fylgjast með og staðfesta söluskilmála seljandans og þynningu.

Skilvirkni kerfa sem greina vandamál

107. Lánastofnunin skal hafa til staðar kerfi og verklagsreglur til þess að greina hnignun í fjárhagsstöðu seljanda og gæðum keyptra viðskiptakrafna á frumstigi og til að geta tekið með fyrirbyggjandi hætti á vandamálum í uppsiglingu. Lánastofnunin skal einkum hafa skýrar og skilvirkar stefnur, verklagsreglur og upplýsingakerfi, til þess að geta haft eftirlit með brotum á lánaskilmálum, og skýrar og skilvirkar stefnu og verklagsreglur til að geta hafið málsókn og tekið á keyptum viðskiptakröfum sem hafa hnignað að gæðum.

Skilvirkni kerfa fyrir eftirlit með tryggingum, lánsfjármöguleika og reiðufé

108. Lánastofnunin skal hafa skýrar og skilvirkar stefnur og verklagsreglur sem gilda um eftirlit með keyptum viðskiptakröfum, lánum og reiðufé. Einkum skulu skriflegar innri stefnur tilgreina alla mikilvæga þætti áætlunar um kaup á viðskiptakröfum, þ.m.t. kjör veltufjármögnunar, hæfar tryggingar, nauðsynleg gögn, hámark samþjöppunar og hvernig farið skal með innborgað fé. Þessir þættir skulu taka viðeigandi tillit til allra viðkomandi og mikilvægra atriða, þ .m.t. fjárhagsstöðu seljanda og þjónustuaðila, áhættusamþjöppunar og þróunar í gæðum keyptra viðskiptakrafna og hópi viðskiptamanna seljandans og skulu innri kerfi tryggja að fjármunir séu einungis lánaðir gegn tilgreindri stuðningstryggingu og gögnum.

Fylgni við innri stefnur og verklagsreglur lánastofnunarinnar

109. Lánastofnunin skal hafa skilvirkt innra ferli til að meta fylgni við innri stefnur og verklagsreglur. Þetta ferli skal fela í sér reglulega úttekt á öllum mikilvægum áföngum áætlunar lánastofnunarinnar um kaup á viðskiptakröfum, sannprófun á aðskilnaði verkefna á milli annars vegar mats á seljanda og þjónustuaðila og mats á loforðsgjafa og hins vegar á milli mats á seljanda og þjónustuaðila og endurskoðunar á staðnum hjá seljanda og þjónustuaðila og mats á starfsemi bakvinnslu, með sérstakri áherslu á menntun og hæfi, reynslu, fjölda starfsfólks og sjálfvirknikerfi.

3. FULLGILDING Á INNRA MATI

110. Lánastofnanir skulu búa yfir traustum kerfum til að fullgilda nákvæmni og samkvæmni matskerfa, ferla og mats allra viðkomandi áhættubreyta. Lánastofnun skal sýna lögbærum yfirvöldum sínum fram á að innra fullgildingarferlið geri henni kleift að meta frammistöðu kerfa innra mats og áhættumats með samræmdum og markvissum hætti.

111. Lánastofnanir skulu með reglulegu millibilli bera raunveruleg vanskilahlutföll saman við mat á líkum á vanskilum í öllum þrepum og þegar raunveruleg vanskilahlutföll eru utan við vænt bil, sem ákvarðað hefur verið fyrir viðkomandi þrep, skulu lánastofnanir greina sérstaklega ástæður fráviksins. Lánastofnanir sem nota eigið mat á tapi að gefnum vanefndum og/eða breytistuðlum skulu einnig framkvæma hliðstæða greiningu fyrir þetta mat. Slíkur samanburður skal notast við söguleg gögn sem ná yfir eins langt tímabil og mögulegt er. Lánastofnunin skal skjalfesta aðferðirnar og gögnin sem notuð eru við slíkan samanburð. Þessi greining og skjalfesting skal uppfærð a.m.k. árlega.

112. Lánastofnanir skulu einnig nota aðrar megindlegar fullgildingaraðferðir og samanburð með viðeigandi ytri gagnalindum. Greiningin skal byggð á gögnum sem eru viðeigandi fyrir safnið, eru uppfærð reglulega og ná yfir viðeigandi athugunartímabil. Innra mat lánastofnunar á frammistöðu matskerfa sinna skal grundvallast á eins löngu tímabili og hægt er.

113. Samræmi skal vera í aðferðum og gögnum sem notuð eru við megindlega fullgildingu frá einum tíma til annars. Breytingar á mats- og fullgildingaraðferðum og gögnum (bæði gagnalindum og tímabilum) skulu skjalfestar.

114. Lánastofnanir skulu hafa trausta innri staðla vegna aðstæðna þar sem frávik raunverulegra vanskila, taps að gefnum vanefndum, breytistuðla og heildartaps, ef mat á væntu tapi er notað, frá væntingum verða nógu veigamikil til að draga megi réttmæti matsins í efa. Þessir staðlar skulu hafa hliðsjón af viðskiptasveiflum og svipuðum kerfisbundnum breytileika vanskila. Þegar raunveruleg gildi eru að staðaldri hærri en vænt gildi, skulu lánastofnanir endurskoða og hækka mat sitt í þeim tilgangi að endurspegla reynslu sína af vanskilum og tapi.

4. ÚTREIKNINGAR Á FJÁRHÆÐUM ÁHÆTTUVEGINNA ÁHÆTTUSKULDBINDINGA VEGNA HLUTABRÉFAÁHÆTTU SAMKVÆMT AÐFERÐINNI MEÐ INNRI LÍKÖNUM

4.1. **Eiginfjárkrafa og magngreining áhættu**

115. Í þeim tilgangi að reikna út eiginfjárkröfur skulu lánastofnanir uppfylla eftirfarandi staðla:

a) Mat á mögulegu tapi skal vera traust gagnvart óhagstæðum markaðshreyfingum sem hafa áhrif á langtímaáhættusnið tiltekinna eigna lánastofnunarinnar. Gögnin sem notuð eru til að sýna dreifingu afkomu skulu endurspegla lengsta úrtakstímabil sem viðeigandi gögn eru til fyrir og sem endurspegla áhættusnið tiltekinnar hlutabréfaáhættu lánastofnunarinnar. Gögnin sem notuð eru skulu vera nægjanleg til að veita

varfærnislegt, tölfræðilega áreiðanlegt og traust mat á tapi sem er ekki eingöngu byggt á huglægu mati eða dómgreind. Lánastofnanir skulu sýna lögbærum yfirvöldum fram á að sá skellur sem notaður er við matið veiti varfærnislegt mat á mögulegu tapi á viðkomandi markaði eða viðskiptasveiflu til langs tíma. Lánastofnunin skal sameina greiningar á tiltækum raungögnum við aðlaganir sem byggja á mismunandi þáttum í þeim tilgangi að fá líkön til að sýna viðeigandi raunsæi og varfærni í niðurstöðum. Við gerð vágildislíkana (VaR) við mat á hugsanlegu ársfjórðungslegu tapi geta lánastofnanir notað ársfjórðungsleg gögn, eða umreiknað gögn frá styttra tímabili yfir í jafngildi ársfjórðungslegra talna, með notkun viðeigandi greiningaraðferðar, sem byggir á reynslugögnum, og með vandaðri og skrásettri hugmyndavinnu og greiningu. Slíkri nálgun skal beitt varfærnislega og með samræmdum hætti frá einum tíma til annars. Þegar takmarkað magn viðeigandi gagna er til staðar skal lánastofnunin bæta við hæfilegum varfærnismörkum.

b) Þau líkön sem notuð eru skulu geta tekið á fullnægjandi hátt tillit til allra helstu áhættuþátta sem felast í ávöxtun hlutabréfa, þ.m.t. almenn markaðsáhætta og sérstök áhætta vegna verðbréfasafns lánastofnunar. Innri líkönin skulu með viðeigandi hætti geta skýrt sögulegar verðbreytingar, greint bæði magn og breytingar á samsetningu hugsanlegrar samþjöppunar og vera traust gagnvart óhagstæðum markaðsaðstæðum. Samsetning þeirra gagna sem notuð eru við matið skal vera sem líkust hlutabréfaáhættu lánastofnunarinnar, eða a.m.k. sambærileg.

c) Innra líkanið skal hæfa áhættusniði og margbreytileika hlutabréfaeignar lánastofnunar. Þegar lánastofnun á verulegar eignarhlutdeildir sem eru mjög ólínulegar í eðli sínu skal innra líkanið hannað þannig að það taki nægjanlegt tillit til þeirrar áhættu sem tengist slíkum gerningum.

d) Vörpun einstakra staðna yfir í verðvísbendingar, hlutabréfavístölur og áhættuþætti skal vera trúverðug, gædd innsæi og skilvirk.

e) Lánastofnanir skulu með aðstoð greininga á reynslugögnum sýna fram á það hversu viðeigandi áhættuþættir eru, þ.m.t. getu þeirra til að ná yfir bæði almenna og sértæka áhættu.

f) Mat á flökti á tekjum af stöðum í hlutabréfum skal taka til viðeigandi og fáanlegra gagna, upplýsinga og aðferða. Nota skal innri gögn sem hafa verið skoðuð af óháðum aðila eða gögn frá ytri gagnalindum (þ.m.t. sameinuð gögn).

g) Ströng og yfirgripsmikil álagsprófunaráætlun skal vera til staðar.

4.2. **Áhættustýringarferli og -eftirlit**

116. Með tilliti til þróunar og notkunar innri líkana vegna eiginfjárkrafna skulu lánastofnanir taka upp stefnur, verklagsreglur og eftirlit til þess að tryggja heilindi líkansins og vinnsluferlis þess. Þessar stefnur, verklagsreglur og eftirlit skulu fela í sér eftirfarandi:

a) fulla aðlögun innra líkans við heildarupplýsingakerfi fyrir stjórnendur lánastofnunarinnar og í stýringu verðbréfasafns utan veltubókar. Innri líkön skulu að fullu löguð að innviðum áhættustýringar lánastofnunar ef þau eru sérstaklega notuð við mælingu og mat á arðsemi hlutabréfasafnsins (þ.m.t. arðsemi að teknu tilliti til áhættu), úthlutun varnarfjármagns á hlutabréfaáhættur og við að meta heildareiginfjárkröfur og fjárfestingarstýringarferlið,

b) viðurkennd stjórnunarkerfi, verklagsreglur og eftirlitsstarf til að tryggja reglulegt og óháð eftirlit með öllum þáttum vinnsluferlis innra líkansins, þ.m.t. samþykki á endurskoðun líkans, könnun á ílagsgögnum og endurskoðun á niðurstöðum líkana, svo sem bein staðfesting áhættuútreikninga. Við slíka endurskoðun skal meta nákvæmni, heilleika og hversu viðeigandi ílagsgögn og niðurstöður líkansins eru með áherslu bæði á að finna og lágmarka hugsanlegar villur sem tengjast þekktum veikleikum og að skilgreina óþekkta veikleika líkana. Slíka endurskoðun má framkvæma af óháðri einingu innan stofnunarinnar eða af utanaðkomandi óháðum þriðja aðila,

c) fullnægjandi kerfi og verklagsreglur til að hafa eftirlit með fjárfestingartakmörkunum og áhættu staðna í hlutabréfum,

d) þær einingar sem bera ábyrgð á hönnun og notkun líkananna skulu vera rekstrarlega óháðar þeim einingum sem bera ábyrgð á stjórnun einstakra fjárfestinga og

e) þeir aðilar sem bera ábyrgð á einhverjum þætti vinnsluferlis líkana skulu hafa til þess viðeigandi menntun og hæfi. Stjórnin skal leggja nægilega fært og hæft starfsfólk til líkanastarfseminnar.

4.3. **Fullgilding og skjalfesting**

117. Lánastofnanir skulu hafa til staðar traust kerfi til að fullgilda nákvæmni og samkvæmni innri líkana sinna og vinnsluferli líkana. Allir mikilvægir þættir innra líkansins og vinnsluferli líkansins og fullgilding skal skjalfest.

118. Lánastofnanir skulu nota innra fullgildingarferlið til að meta frammistöðu innri líkana sinna og vinnsluferli á samræmdan og marktækan hátt.

119. Samræmi skal vera í aðferðum og gögnum sem notuð eru við megindlega fullgildingu frá einum tíma til annars. Breytingar á mats- og fullgildingaraðferðum og gögnum (bæði gagnalindum og tímabilum) skulu skjalfestar.

120. Lánastofnanir skulu reglulega bera raunverulega ávöxtun hlutabréfa (reiknaða með tilliti til innleysts og óinnleysts hagnaðar og taps) saman við mat samkvæmt líkönum. Slíkur samanburður skal notast við söguleg gögn sem ná yfir eins langt tímabil og mögulegt er. Lánastofnunin skal skjalfesta aðferðirnar og gögnin sem notuð eru við slíkan samanburð. Þessi greining og skjalfesting skal uppfærð a.m.k. árlega.

121. Lánastofnanir skulu einnig notast við önnur megindleg fullgildingartól og gera annan samanburð við ytri gagnalindir. Greiningin skal byggð á gögnum sem hæfa safninu, eru uppfærð reglulega og ná yfir viðeigandi athugunartímabil. Innra mat lánastofnunar á frammistöðu líkana sinna skal grundvallast á eins löngu tímabili og hægt er.

122. Lánastofnanir skulu hafa trausta innri staðla vegna aðstæðna þar sem samanburður á raunverulegri ávöxtun hlutabréfa við mat líkana gefur tilefni til efasemda um réttmæti matsins eða líkananna sjálfra. Þessir staðlar skulu hafa hliðsjón af viðskiptasveiflum og svipuðum kerfisbundnum breytileika í ávöxtun hlutabréfa. Allar leiðréttingar sem gerðar eru á innri líkönum í kjölfar endurskoðunar á líkönum skulu skjalfestar og vera í samræmi við endurskoðunarstaðla lánastofnunar vegna líkana.

123. Innra líkanið og vinnsluferli líkansins skal vera skjalfest, þ.m.t. ábyrgð þeirra aðila sem taka þátt í líkanagerðinni og samþykki líkansins og endurskoðun þess.

5. STJÓRNUNARHÆTTIR FYRIRTÆKJA OG EFTIRLIT

5.1. **Stjórnunarhættir fyrirtækja**

124. Allir mikilvægir þættir matsferla skulu samþykktir af framkvæmdastjórn lánastofnunarinnar sem lýst er í 11. gr. eða nefnd tilnefndri samkvæmt henni og yfirstjórn. Þessir aðilar skulu búa yfir almennri þekkingu á matskerfi lánastofnunarinnar og ítarlegum skilningi á tengdum stjórnunarskýrslum.

125. Yfirstjórn skal láta framkvæmdastjórn sem lýst er í 11. gr. eða nefnd tilnefndri samkvæmt henni í té tilkynningu um mikilvægar breytingar eða undanþágur frá viðurkenndum stefnum sem munu hafa veruleg áhrif á rekstur matskerfa lánastofnunarinnar.

126. Yfirstjórn skal hafa góðan skilning á hönnun og starfsemi matskerfisins. Yfirstjórn skal tryggja, á áframhaldandi grundvelli, að matskerfin starfi rétt. Eftirlitseining útlánahættu skal reglulega láta yfirstjórn í té upplýsingar um frammistöðu matsferlisins, atriði sem þarf að bæta og stöðu aðgerða til úrbóta áður tilgreindra annmarka.

127. Greining byggð á innra mati á áhættusniði lánastofnunarinnar skal vera mikilvægur hluti af stjórnunarskýrslum til þessara aðila. Skýrslugjöf skal fela í sér a.m.k. áhættusnið eftir þrepum, flakk á milli þrepa, mat á viðeigandi breytum fyrir hvert þrep og samanburð á raunverulegum vanskilahlutföllum og, að því marki sem eigið mat er notað, á tapi að gefnum vanefndum í raun og breytistuðlum í raun við væntingar og niðurstöður úr álagsprófunum. Tíðni skýrslugjafar skal velta á mikilvægi og tegund upplýsinga og stöðu móttakanda.

5.2. **Stjórnun útlánaáhættu**

128. Eftirlitseining vegna útlánahættu skal vera óháð starfssviðum starfsfólks og stjórnenda sem sjá um að stofna til og viðhalda áhættuskuldbindingum og skal heyra beint undir yfirstjórn. Einingin skal sjá um hönnun eða val, framkvæmd, umsjá og frammistöðu matskerfanna. Einingin skal reglulega taka saman eða greina skýrslur um niðurstöður matskerfanna.

129. Ábyrgðasvið eftirlitseiningar vegna útlánahættu skal ná yfir:

a) prófun á og eftirlit með þrepum og söfnum,

b) gerð og greiningu yfirlitsskýrslna frá matskerfum lánastofnunarinnar,

c) reglur um framkvæmd til að sannreyna að skilgreiningar þrepa og safna séu notaðar með samræmdum hætti í mismunandi deildum og landsvæðum,

d) endurskoðun og skjalfestingu allra breytinga í matsferlinu, þ.m.t. ástæður breytinga,

e) endurskoðun á matsviðmiðunum til að meta hvort þau spái áfram fyrir um áhættu. Breytingar á matsferli, viðmiðunum eða einstakar matsbreytur skulu skjalfestar og þeim viðhaldið,

f) virka þáttöku í hönnun eða vali, framkvæmd og sannprófun á líkönum sem notuð eru í matsferlinu,

g) umsjá og eftirlit með líkönum sem notuð eru við matsferlið, og

h) stöðuga endurskoðun og breytingar á líkönum sem notuð eru við matsferlið.

130. Þrátt fyrir 129. lið er lánastofnunum sem nota sameinuð gögn skv. 57. og 58. lið heimilt að útvista eftirfarandi verkefnum:

a) útvegun upplýsinga sem eiga við prófanir og eftirlit með þrepum og söfnum,

b) gerð yfirlitsskýrslna frá matskerfi lánastofnunarinnar,

c) gerð upplýsinga sem varða endurskoðun á matsviðmiðum til að meta hvort þau spái áfram fyrir um áhættu,

d) skjalfestingu breytinga á matsferlinu, viðmiðunum eða einstökum matsbreytum og

e) gerð upplýsinga sem varða stöðuga endurskoðun og breytingar á líkönum sem notuð eru við matsferlið.

Lánastofnanir sem notfæra sér þennan lið skulu tryggja að lögbær yfirvöld hafi aðgang að öllum viðeigandi upplýsingum frá þriðja aðila sem nauðsynlegar eru til að rannsaka fylgni við lágmarkskröfurnar og að lögbærum yfirvöldum sé heimilt að framkvæma skoðanir á staðnum að sama marki og innan lánastofnunarinnar.

5.3. **Innri endurskoðun**

131. Innri endurskoðun eða önnur sambærileg sjálfstæð endurskoðunareining skal endurskoða a.m.k. árlega matskerfi lánastofnunar og rekstur hennar, þ.m.t. útlánastarfsemi og mat á líkum á vanskilum, tapi að gefnum vanskilum, væntu tapi og breytistuðla. Endurskoðunin skal m.a. ná yfir þ að hvort öllum viðeigandi lágmarkskröfum sé fylgt.

VIII. VIÐAUKI

MILDUN ÚTLÁNAÁHÆTTU

1. HLUTI

Hæfi

1. Þessi hluti lýsir því hvaða form mildunar útlánaáhættu teljast hæf, að því er varðar 92. gr.

2. Í þessum viðauka er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

„Tryggðar lánveitingar“: öll viðskipti sem leiða til áhættuskuldbindingar sem er tryggð með veði sem felur ekki í sér ákvæði sem veita lánastofnuninni rétt til að kalla eftir tíðum auknum tryggingum.

„Viðskipti tengd fjármagnsmarkaði“: öll viðskipti sem leiða til áhættuskuldbindingar sem er tryggð með veði sem felur í sér ákvæði sem veita lánastofnuninni rétt til að kalla oft eftir auknum tryggingum.

1. FJÁRMÖGNUÐ ÚTLÁNAVÖRN

1.1. Skuldajöfnun í efnahagsreikningi

3. Skuldajöfnun gagnkvæmra krafna í efnahagsreikningi milli lánastofnunarinnar og mótaðila hennar má teljast hæf.

4. Með fyrirvara um 5. lið er hæfi takmarkað við gagnkvæman greiðslujöfnuð milli lánastofnunarinnar og mótaðilans. Einungis lán og innlán lánastofnunarinnar mega vera háð breytingu á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga og, þar sem við á, fjárhæðum vænts taps vegna skuldajöfnunarsamnings í efnahagsreikningi.

1.2. Rammasamkomulag um skuldajöfnun sem tekur til endurhverfra viðskipta og/eða verðbréfa- eða hrávörulánveitinga eða -lántöku og/eða annarra viðskipta tengdum fjármagnsmarkaði

5. Að því er varðar lánastofnanir sem samþykkja heildaraðferðina sem byggist á fjárhagslegri tryggingu skv. 3. hluta er heimilt að færa áhrif tvíhliða skuldajöfnunarsamninga sem ná yfir endurhverf viðskipti, verðbréfa- eða hrávörulánveitingar eða -lántöku og/eða önnur viðskipti tengd fjármagnsmarkaði við mótaðila. Með fyrirvara um II. viðauka við tilskipun 2006/49/EB skal tryggingin sem tekin er og verðbréf eða hrávörur tekin að láni innan slíks samkomulags vera í samræmi við hæfiskröfur vegna trygginga sem settar eru fram í 7.–11. lið.

1.3. Tryggingar

6. Þar sem aðferðir við mildun á útlánaáhættu byggja á rétti lánastofnunar til að innleysa eignir eða halda þeim, veltur hæfi á því hvort fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga og, eftir því sem við á, fjárhæðir vænts taps, séu reiknaðar út skv. 78.–83. gr. eða 84.–89. gr. Ennfremur veltur hæfi á því hvort notuð sé einfalda aðferðin um fjárhagslegar tryggingar eða heildaraðferðin sem byggist á fjárhagslegri tryggingu, skv. 3. hluta. Í tengslum við endurhverf viðskipti og verðbréfa- eða hrávörulánveitingu eða -lántöku veltur hæfi einnig á því hvort viðskiptin séu færð utan veltubókar eða í veltubókina.

1.3.1. Hæfi samkvæmt öllum aðferðum

7. Heimilt er að færa eftirfarandi fjárhagsliði sem hæfa tryggingu samkvæmt öllum aðferðum:

a) innlán hjá lánastofnuninni sem veitir lánið eða gerninga sem eru ígildi reiðufjár og vistaðir hjá henni,

b) skuldabréf, gefin út af ríkisstjórnum eða seðlabönkum, þar sem verðbréf hafa lánshæfismat frá viðurkenndri utanaðkomandi lánshæfismatsstofnun eða útflutningslánastofnun sem teljast hæfar að því er varðar 78.–83. gr., sem lögbært yfirvald hefur ákvarðað að sé tengt 4. lánshæfisþrepi eða ofar samkvæmt reglunum fyrir áhættuvog áhættukrafna á ríkisstjórnir og seðlabanka skv. 78.–83. gr.,

c) skuldabréf, gefin út af stofnunum þar sem verðbréf hafa lánshæfismat frá viðurkenndri utanaðkomandi lánshæfismatsstofnun sem lögbært yfirvald hefur ákvarðað að sé tengt 3. lánshæfisþrepi eða hærra samkvæmt reglunum fyrir áhættuvog áhættukrafna á lánastofnanir, skv. 78.–83. gr.,

d) skuldabréf, gefin út af öðrum aðilum, þar sem verðbréf hafa lánshæfismat frá viðurkenndri utanaðkomandi lánshæfismatsstofnun sem lögbært yfirvald hefur ákvarðað að sé tengt 3. lánshæfisþrepi eða hærra samkvæmt reglunum fyrir áhættuvog áhættukrafna á fyrirtæki, skv. 78.–83. gr.,

e) skuldabréf með skammtímalánshæfismati frá viðurkenndri utanaðkomandi lánshæfismatsstofnun sem lögbært yfirvald hefur ákvarðað að sé tengt 3. lánshæfisþrepi eða hærra samkvæmt reglunum fyrir áhættuvog skammtímaáhættuskuldbindinga skv. 78.–83. gr.,

f) hlutabréf eða breytanleg skuldabréf sem eru talin með í aðalvísitölu og

g) gull.

Að því er varðar b-lið, skulu „skuldabréf, gefin út af ríkisstjórnum eða seðlabönkum“ ná til:

i. skuldabréfa, gefnum út af héraðsstjórnum eða staðaryfirvöldum, þar sem farið er með áhættukröfur á þau sem áhættukröfur á ríkisstjórn þeirrar lögsögu þar sem þau hafa staðfestu, skv. 78.–83. gr.,

ii. skuldabréfa, gefnum út af opinberum aðilum sem farið er með sem áhættukröfur á ríkisstjórnir, í samræmi við 15. lið 1. hluta VI. viðauka,

iii. skuldabréfa, gefnum út af fjölþjóðlegum þróunarbönkum sem hafa fengið 0% áhættuvog skv. 78.–83. gr. og

iv. skuldabréfa, gefnum út af alþjóðlegum stofnunum sem hafa fengið 0% áhættuvog skv. 78.–83. gr.

Að því er varðar c-lið, skulu „skuldabréf, gefin út af stofnunum“ ná til:

i. skuldabréfa, gefnum út af héraðsstjórnum eða staðaryfirvöldum, en þó ekki ef farið er með áhættukröfur á þau sem áhættukröfur á ríkisstjórn þeirrar lögsögu þar sem þau hafa staðfestu, skv. 78.–83. gr.,

ii. skuldabréfa, gefnum út af opinberum aðilum, þar sem farið er með áhættukröfur á þá sem áhættukröfur á lánastofnanir skv. 78.–83. gr., og

iii. skuldabréfa, gefnum út af fjölþjóðlegum þróunarbönkum, öðrum en þeim sem hafa fengið 0% áhættuvog skv. 78.–83. gr.

8. Heimilt er að færa skuldabréf, sem gefin eru út af stofnunum sem ekki hafa lánshæfismat frá viðurkenndri utanaðkomandi lánshæfismatsstofnun á verðbréfum sínum, sem hæfa tryggingu uppfylli þau eftirfarandi viðmið:

a) að þau séu skráð á viðurkenndum verðbréfamarkaði,

b) að þau séu hæf sem forgangskröfur,

c) allar aðrar metnar útgáfur, með sama forgang, útgefnar af sömu stofnun hafa lánshæfismat frá viðurkenndri utanaðkomandi lánshæfismatsstofnun sem lögbær yfirvöld hafa tengt við 3. lánshæfisþrep eða hærra í samræmi við áhættuvog áhættukrafna á stofnanir eða skammtímaáhættuskuldbindingar skv. 78.-83. gr.

d) að lánastofnunin sem lánar hafi engar upplýsingar sem gefa til kynna að útgáfan myndi réttlæta lánshæfismat sem er lægra en það sem nefnt er í c-lið og

e) að lánastofnunin geti sýnt lögbærum yfirvöldum fram á að seljanleiki gerningsins á markaði sé nægjanlegur hvað þetta varðar.

9. Heimilt er að færa hlutdeildarskírteini í fyrirtækjum um sameiginlega fjárfestingu sem hæfa tryggingu séu eftirfarandi skilyrði uppfyllt:

a) Þau hafa opinbert verð sem skráð er daglega.

b) Fyrirtækið um sameiginlega fjárfestingu er bundið við að fjárfesta í gerningum sem eru viðurkenndir skv. 7. og 8. lið.

Notkun (eða hugsanleg notkun) fyrirtækis um sameiginlega fjárfestingu á afleiðugerningum til að verja heimilaðar fjárfestingar skal ekki koma í veg fyrir að hlutdeildarskírteini í því fyrirtæki séu hæf.

10. Hafi verðbréf tvenns konar lánshæfismat frá viðurkenndri utanaðkomandi lánshæfismatsstofnun, að því er varðar b- til e-lið 7. liðar, skal það mat sem óhagstæðara er gilda. Í þeim tilvikum þar sem verðbréf hefur fleiri en tvö lánshæfismöt frá viðurkenndum utanaðkomandi lánshæfismatsstofnunum, skulu tvö óhagstæðustu mötin gilda. Séu tvö hagstæðustu lánshæfismötin mismunandi, skal það mat sem óhagstæðara er gilda.

1.3.2. Viðbótarhæfi samkvæmt heildaraðferðinni sem byggist á fjárhagslegri tryggingu

11. Til viðbótar við tryggingunа sem lýst er í 7.–10. lið er heimilt að skrá eftirfarandi fjárhagsliði sem hæfa tryggingu ef lánastofnun notar heildaraðferðina sem byggist á fjárhagslegri tryggingu skv. 3. hluta:

a) hlutabréf eða breytanleg skuldabréf sem ekki eru talin með í aðalvísitölu en verslað er með á viðurkenndum verðbréfamarkaði og

b) hlutdeildarskírteini í fyrirtækjum um sameiginlega fjárfestingu séu eftirfarandi skilyrði uppfyllt:

i. þau hafi opinbert verð sem skráð er daglega og

ii. fyrirtækið um sameiginlega fjárfestingu er bundið við að fjárfesta í gerningum sem eru hæfir til skráningar skv. 7. og 8. lið og liðum sem taldir eru upp í a-lið þessa liðar.

Notkun (eða hugsanleg notkun) fyrirtækis um sameiginlega fjárfestingu á afleiðugerningum til að verja heimilaðar fjárfestingar skal ekki koma í veg fyrir að hlutdeildarskírteini í því fyrirtæki séu hæf.

1.3.3. Viðbótarhæfi vegna útreikninga skv. 84.–89. gr.

12. Til viðbótar við tryggingunа sem sett er fram hér að ofan gilda ákvæði 13.–22. liðar þegar lánastofnun reiknar fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga og vænts taps í samræmi við aðferðina sem lýst er í 84.–89. gr.:

a) Trygging í formi fasteigna

13. Heimilt er að skrá íbúðarhúsnæði sem eigandi, eða raunverulegur eigandi þegar um er að ræða fjárfestingarfélag í hans eigu, nýtir eða mun nýta, eða leigir út eða mun leigja út, og viðskiptahúsnæði, þ.e., skrifstofur og annað viðskiptahúsnæði, sem hæfa tryggingu séu eftirfarandi skilyrði uppfyllt:

a) virði eignarinnar er ekki verulega háð lánshæfisgæðum loforðsgjafans. Þessi krafa útilokar ekki aðstæður þar sem hreinir þjóðhagslegir þættir hafa áhrif á bæði virði eignarinnar og greiðslugetu lántaka og

b) áhætta lántaka er ekki verulega háð arðsemi af undirliggjandi eign eða verkefni, heldur undirliggjandi getu lántaka til að endurgreiða skuldina með öðrum leiðum. Sem slík er endurgreiðsla á gerningnum ekki verulega háð fjárstreymi sem verður til vegna undirliggjandi eignar sem þjónar hlutverki tryggingar.

14. Lánastofnunum er einnig heimilt að færa hlutabréf í finnskum húsnæðisfélögum, sem starfa í samræmi við finnsku húsnæðismálalögin frá 1991 eða síðari, jafngild lög, að því er varðar íbúðarhúsnæði, sem eigandi nýtir eða mun nýta, eða leigir út eða mun leigja út, sem tryggingu í formi íbúðarhúsnæðis, að því gefnu að þessi skilyrði séu uppfyllt.

15. Lögbærum yfirvöldum er einnig heimilt að heimila lánastofnunum sínum að færa hlutabréf í finnskum húsnæðisfélögum, sem starfa í samræmi við finnsku húsnæðismálalögin frá 1991 eða nýrri jafngild lög, sem tryggingu í formi viðskiptahúsnæðis, að því gefnu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt.

16. Lögbærum yfirvöldum er heimilt að falla frá kröfunum um að lánastofnanir þeirra fari að skilyrði b) í 13. lið vegna áhættuskuldbindinga sem tryggðar eru með íbúðarhúsnæði sem er staðsett innan yfirráðasvæðis þess aðildarríkis, hafi lögbæru yfirvöldin vísbendingar um að þróuð og löng hefð sé fyrir viðkomandi markaði, með nægilega lágu tapshlutfalli til að réttlæta slíka meðferð. Þetta skal ekki koma í veg fyrir að lögbær yfirvöld aðildarríkja, sem ekki nota þessa undanþágu, viðurkenni hæfi íbúðarhúsnæðis sem telst hæft í öðru aðildarríki vegna undanþágunnar. Aðildarríkin skulu greina opinberlega frá því hvernig þau nýta þessa undanþágu.

17. Lögbærum yfirvöldum aðildarríkjanna er heimilt að falla frá kröfunni um að lánastofnanir þeirra fari að skilyrðinu í b-lið 13. liðar að því er varðar viðskiptahúsnæði sem er staðsett innan yfirráðasvæðis þess aðildarríkis, hafi lögbæru yfirvöldin vísbendingar um að þróuð og löng hefð sé fyrir viðkomandi markaði og að taphlutföll vegna útlánastarfsemi sem er tryggð með viðskiptahúsnæði uppfylli eftirfarandi skilyrði:

a) tap vegna útlána sem eru tryggð með viðskiptahúsnæði allt að 50% af markaðsvirði (eða 60% af veðlánsvirði, þar sem við á og ef það er lægra) er ekki meira en 0,3% af útistandandi lánum sem eru tryggð með viðskiptahúsnæði á tilteknu ári, og

b) heildartap vegna útlána sem eru tryggð með viðskiptahúsnæði má ekki vera meira en 0,5% af útistandandi lánum sem eru tryggð með viðskiptahúsnæði á tilteknu ári.

18. Sé annað hvort þessara skilyrða ekki uppfyllt á tilteknu ári, skal hæfi til að nota þessa meðferð falla úr gildi þar til skilyrðin eru uppfyllt á árinu þar á eftir.

19. Lögbærum yfirvöldum í aðildarríki er heimilt að færa viðskiptahúsnæði, sem talið er hæf trygging í öðru aðildarríki með undanþágunni sem veitt er í 17. lið, sem hæfa tryggingu.

b) Viðskiptakröfur

20. Lögbærum yfirvöldum er heimilt að færa kröfur tengdar einum eða fleiri viðskiptum, með upphaflegan binditíma sem er eitt ár eða styttri, sem hæfa tryggingu. Hæfar viðskiptakröfur ná ekki yfir þær sem eru tengdar verðbréfun, undirþátttöku eða lánaafleiðum eða skuldum tengdra aðila.

c) Aðrar efnislegar tryggingar

21. Lögbærum yfirvöldum er heimilt að viðurkenna áþreifanlegar eignir af annarri gerð en þeim sem tilgreindar eru í 13.–19. lið sem hæfa tryggingu ef þau telja að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) virkir markaðir eru til staðar vegna ráðstöfunar tryggingarinnar á skjótan og hagkvæman máta og

b) tryggingin hefur markaðsverð, sem er aðgengilegt öllum og löng hefð er fyrir. Lánastofnunin skal geta sýnt fram á að það verð sem hún fær fyrir tryggingu þegar hún er innleyst sé ekki verulega frábrugðið þessu markaðsvirði.

d) Leiga

22. Séu ákvæðin sem sett eru fram í 11. lið 2. hluta uppfyllt, með fyrirvara um ákvæði 72. liðar 3. hluta, skal farið með áhættuskuldbindingar, sem verða til við viðskipti þar sem lánastofnun leigir út eign til þriðja aðila, á sama hátt og lán sem eru tryggð með samskonar eign og þeirri sem leigð er.

1.4. **Önnur fjármögnuð útlánavörn**

1.4.1. Innlán hjá stofnun sem er þriðji aðili eða gerningar sem eru ígildi reiðufjár og vistaðir hjá henni.

23. Innlán hjá stofnun sem er þriðji aðili eða gerningar sem eru ígildi reiðufjár og vistaðir hjá henni, án þess að fyrirliggjandi sé vörslusamningur og veðsett lánastofnuninni sem lánar, má viðurkenna sem hæfa útlánavörn.

1.4.2. Líftryggingar sem veðsettar eru lánastofnun sem lánar

24. Líftryggingar sem veðsettar eru lánastofnun sem lánar má viðurkenna sem hæfa útlánavörn.

1.4.3. Gerningar sem eru endurkeyptir samkvæmt beiðni

25. Heimilt er að færa gerninga, útgefna af stofnun sem er þriðji aðili og sem verða endurkeyptir af þeirri stofnun samkvæmt beiðni, sem hæfa útlánavörn.

2. ÓFJÁRMÖGNUÐ ÚTLÁNAVÖRN

2.1. **Hæfi aðila sem veita vörn samkvæmt öllum aðferðum**

26. Heimilt er að viðurkenna eftirfarandi aðila sem hæfa veitendur ófjármagnaðrar útlánavarnar:

a) ríkisstjórnir og seðlabanka,

b) héraðsstjórnir eða staðaryfirvöld,

c) fjölþjóðlega þróunarbanka,

d) áhættuskuldbindingar alþjóðlegra stofnana sem hafa 0% áhættuvog skv. 78.–83. gr.,

e) opinberir aðilar, ef lögbær yfirvöld fara með kröfur á þá eins og kröfur á stofnanir eða ríkisstjórnir skv. 78.–83. gr.,

f) stofnanir og

g) önnur viðskiptafyrirtæki, þ.m.t. viðskiptafyrirtæki sem eru móður- eða dótturfyrirtæki eða fyrirtæki tengd lánastofnuninni, sem:

i. hafa lánshæfismat frá viðurkenndri lánshæfismatsstofnun sem lögbært yfirvald hefur ákvarðað að sé tengt 2. lánshæfisþrepi eða ofar samkvæmt reglunum fyrir áhættuvog áhættukrafna á fyrirtæki, skv. 78.–83. gr.,

ii. hafa ekki lánshæfismat frá viðurkenndri utanaðkomandi lánshæfismatsstofnun, ef um er að ræða lánastofnanir sem reikna út fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga og vænts taps skv. 84.–89. gr., og eru metin innanhúss með líkur á vanskilum jafngildar þeim sem tengjast lánshæfismati utanaðkomandi lánshæfismatsstofnana og sem lögbær yfirvöld ákvarða að séu tengdar 2. lánshæfisþrepi eða ofar samkvæmt reglunum fyrir áhættuvog áhættukrafna á fyrirtæki, skv. 78.–83. gr.

27. Séu fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga og vænts taps reiknaðar út skv. 84.–89. gr., verður ábyrgðaraðili að vera metinn af lánastofnuninni innanhúss í samræmi við ákvæði 4. hluta VII. viðauka til að teljast hæfur.

28. Þrátt fyrir 26. lið er aðildarríkjum einnig heimilt að viðurkenna aðrar fjármálastofnanir sem hafa leyfi og heyra undir eftirlit lögbærra yfirvalda sem bera ábyrgð á leyfum og eftirliti lánastofnana og falla undir varfærniskröfur jafngildar þeim sem gilda um lánastofnanir, sem hæfa veitendur ófjármagnaðrar útlánavarnar.

2.2 **Hæfi aðila sem veita vörn samkvæmt innramatsaðferðinni sem eru gjaldgengir í meðferðina sem er sett fram í 4. lið 1. hluta VII. viðauka**

29. Heimilt er að viðurkenna stofnanir, vátrygginga- og endurtryggingafélög og útflutningslánastofnanir sem uppfylla eftirfarandi skilyrði sem hæfa veitendur ófjármagnaðrar útlánavarnar sem eru gjaldgengir í meðferðina sem er sett fram í 4. lið, 1. hluta VII. viðauka:

– að veitandi varnar hafi næga sérþekkingu til að veita ófjármagnaða útlánavörn,

– að eftirlit sé haft með veitanda varnarinnar á sama hátt og reglur þessarar tilskipunar mæla fyrir um, eða hann hafi á þeim tíma sem útlánavörnin var veitt haft lánshæfismat frá viðurkenndri lánshæfismatsstofnun, sem lögbær yfirvöld höfðu ákvarðað að væri tengt 3. lánshæfisþrepi eða ofar samkvæmt reglunum fyrir áhættuvog áhættukrafna á fyrirtæki, skv. 78.–83. gr.,

– að veitandi varnarinnar hafi, á þeim tíma sem útlánavörnin var veitt eða á einhverjum tíma eftir það, haft innra mat með líkum á vanefndum jafngildum eða lægra þeim sem tengjast 2. lánshæfisþrepi eða ofar samkvæmt reglunum fyrir áhættuvog áhættukrafna á fyrirtæki, skv. 78.–83. gr., og

– að veitandi hafi innra mat með líkum á vanefndum jafngildum eða lægri þeim sem tengjast 3. lánshæfisþrepi eða ofar samkvæmt reglunum fyrir áhættuvog áhættukrafna á fyrirtæki, skv. 78.–83. gr.

Að því er varðar þennan lið skal útlánavörn sem veitt er af útflutningslánastofnun ekki hafa hag af neinni ótvíræðri bakábyrgð ríkisstjórnar.

3. TEGUNDIR LÁNAAFLEIÐA

30. Heimilt er að viðurkenna hæfi eftirfarandi tegunda lánaafleiða og gerninga, sem kunna að samanstanda af slíkum lánaafleiðum eða hafa svipuð efnahagsleg áhrif:

a) skuldatryggingar,

b) heildarskiptasamninga og

c) lánshæfistengd skuldabréf að því marki sem þau eru fjármögnuð með reiðufé.

31. Þegar lánastofnun kaupir útlánavörn gegnum heildarskiptasamning og skráir hreinar mótteknar greiðslur vegna skiptasamningsins sem hreinar tekjur, en skráir ekki lækkun á virði hinnar vörðu eignar sem vegur á móti (annaðhvort vegna lækkunar á gangvirði eða með viðbót í varasjóð), skal útlánavörnin ekki teljast hæf.

3.1. **Innri áhættuvarnir**

32. Þegar lánastofnun notar lánaafleiðu sem innri áhættuvörn — þ.e. ver útlánaáhættu áhættuskuldbindingar utan veltubókar með lánaafleiðu sem færð er í veltubók — skal útlánaáhættan sem færð er yfir í veltubók flytjast til þriðja eða þriðju aðila til þess að vörnin teljist hæf að því er varðar þennan viðauka. Með fyrirvara um að þess háttar færsla sé í samræmi við kröfur vegna viðurkenningar á mildun útlánaáhættu, sem settar eru fram í viðauka þessum, skal við slíkar aðstæður beita reglum sem settar eru í 3.–6. hluta um útreikning á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga og vænts taps þar sem ófjármagnaðri útlánavörn er beitt.

2. HLUTI

Lágmarkskröfur

1. Lánastofnunin verður að sýna lögbærum yfirvöldum fram á að hún hafi fullnægjandi áhættustýringarferli til að stjórna þeirri áhættu sem lánastofnunin kann að standa frammi fyrir vegna aðgerða sem ætlað er að milda útlánaáhættu.

2. Þrátt fyrir tilvist mildunar útlánaáhættu sem tekið er tillit til í þeim tilgangi að reikna fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga og, ef við á, vænts taps skulu lánastofnanir halda áfram að gera fullt áhættumat á undirliggjandi áhættuskuldbindingu og vera í aðstöðu til að sýna lögbærum yfirvöldum fram á að lánastofnun uppfylli þessa kröfu. Við endurhverf viðskipti og/eða verðbréfa- eða hrávörulánveitingu eða -lántöku skal undirliggjandi áhættuskuldbinding, að því er varðar þennan lið eingöngu, teljast vera hrein fjárhæð áhættuskuldbindingarinnar.

1. FJÁRMÖGNUÐ ÚTLÁNAVÖRN

1.1. **Skuldajöfnunarsamningar í efnahagsreikningi (aðrir en rammasamkomulag vegna endurhverfra viðskipta, verðbréfa- eða hrávörulánveitinga eða -lántöku og/eða annarra viðskipta tengdum fjármagnsmarkaði)**

3. Að því er varðar skuldajöfnunarsamninga í efnahagsreikningi — aðra en rammasamkomulag vegna endurhverfra viðskipta, verðbréfa- eða hrávörulánveitinga eða -lántöku og/eða annarra viðskipta tengdum fjármagnsmarkaði — sem þarfnast viðurkenningar í samræmi við 90.–93. gr skulu eftirfarandi skilyrði uppfyllt:

a) Þeir verða framfylgjanlegir samkvæmt lögum í viðkomandi lögsagnarumdæmum, þ.m.t. ef mótaðili verður ógjaldfær eða gjaldþrota.

b) Lánastofnunin skal á hverjum tíma geta tilgreint þær eignir og skuldir sem heyra undir skuldajöfnunarsamninginn.

c) Lánastofnunin verður að hafa eftirlit með og stjórna þeim áhættum sem tengjast lúkningu útlánavarnar.

d) Lánastofnunin verður að hafa eftirlit með og stjórna viðeigandi áhættuskuldbindingum á hreinum grunni.

1.2. **Rammasamkomulag sem tekur til endurkaupaviðskipta og/eða verðbréfa- eða hrávörulánveitinga eða -lántöku og/eða annarra viðskipta tengdum fjármagnsmarkaði**

4. Rammasamkomulag um skuldajöfnun, sem tekur til endurkaupaviðskipta og/eða verðbréfa- eða hrávörulánveitinga eða -lántöku og/eða annarra viðskipta tengdum fjármagnsmarkaði sem þarfnast viðurkenningar í samræmi við 90.–93. gr., skal:

a) vera framfylgjanlegt samkvæmt lögum í viðkomandi lögsagnarumdæmum, þ.m.t. ef mótaðili verður ógjaldfær eða gjaldþrota,

b) veita þeim aðila sem ekki verður gjaldþrota rétt til að rifta og loka tímanlega öllum viðskiptum samkvæmt samkomulaginu ef til greiðslufalls kemur, þ.m.t. ef mótaðili verður ógjaldfær eða gjaldþrota og

c) gera mögulegt að jafna hagnað og tap viðskipta sem gerð eru upp samkvæmt rammasamkomulagi þannig að annar aðilinn skuldi hinum eina hreina fjárhæð.

5. Að auki skal uppfylla lágmarkskröfur vegna viðurkenningar á fjárhagslegum tryggingum samkvæmt heildaraðferð sem byggist á fjárhagslegri tryggingu sem sett er fram í 6. lið.

1.3. **Fjárhagslegar tryggingar**

1.3.1. Lágmarkskröfur vegna viðurkenningar á fjárhagslegum tryggingum samkvæmt öllum aðferðum

6. Eftirfarandi skilyrði skulu uppfyllt vegna viðurkenningar á fjárhagslegum tryggingum og gulli:

a) Lítil fylgni

Lánshæfisgæði loforðsgjafa og virði trygginga mega ekki hafa verulega jákvæða fylgni.

Verðbréf útgefin af loforðsgjafa, eða tengdri einingu innan samstæðu, eru ekki hæf. Þrátt fyrir þetta mega eigin útgáfur loforðsgjafa á sértryggðum skuldabréfum, sem falla undir skilmála 68.–70. liðar 1. hluta VI. viðauka, teljast hæfar þegar þær eru lagðar fram sem trygging vegna endurhverfra viðskipta, að því gefnu að farið sé að fyrstu málsgrein þessa liðar.

b) Réttarvissa

Lánastofnanir skulu uppfylla allar samnings- og lögbundnar kröfur að því er varðar fullnustuhæfi tryggingarráðstafana, í samræmi við þau lög sem eiga við hagsmuni stofnunarinnar varðandi tryggingunа, og gera viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja það.

Lánastofnanir skulu hafa framkvæmt fullnægjandi lögfræðilegt mat sem staðfestir fullnustuhæfi tryggingarráðstafana í öllum viðeigandi lögsagnarumdæmum. Lánastofnanir skulu endurtaka þess háttar mat eins oft og þurfa þykir til að tryggja áframhaldandi fullnustuhæfi.

c) Rekstrarkröfur

Tryggingarráðstafanir skulu skjalfestar með viðeigandi hætti, með skýra og styrka ferla hvað varðar tímanlega innlausn á tryggingunum.

Lánastofnanir skulu viðhafa traust verklag og ferli til að stjórna áhættu vegna notkunar trygginga — þ.m.t. áhættu vegna gallaðrar eða lækkaðrar útlánavarnar, verðmats, lúkningar útlánavarnar, samþjöppunaráhættu vegna notkunar tryggingar og samspils við heildaráhættusnið lánastofnunarinnar.

Lánastofnun skal hafa skjalfestar stefnur og verkferli hvað varðar tegundir og fjárhæðir samþykktra trygginga.

Lánastofnun skal reikna út markaðsvirði trygginga, og endurmeta þær til samræmis við það, að lágmarki einu sinni á sex mánaða fresti og þegar lánastofnun hefur ástæðu til að telja að veruleg lækkun hafi orðið á markaðsvirði trygginga.

Þegar trygging er í vörslu þriðja aðila skal lánastofnun gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að þriðji aðili aðgreini tryggingunа frá eigin eignum.

1.3.2. Viðbótarlágmarkskröfur vegna viðurkenningar á fjárhagslegum tryggingum í samræmi við einföldu aðferðina um fjárhagslegar tryggingar

7. Til viðbótar við þær kröfur sem settar eru fram í 6. lið, vegna viðurkenningar á fjárhagslegum tryggingum í samræmi við einföldu aðferðina um fjárhagslegar tryggingar, skal eftirstöðvatími varnarinnar vera í það minnsta jafn langur og eftirstöðvatími áhættuskuldbindingarinnar.

1.4. **Lágmarkskröfur vegna viðurkenningar á veði í fasteign**

8. Eftirfarandi skilyrði skulu uppfyllt vegna viðurkenningar á veði í fasteign.

a) Réttarvissa

Veðlánið eða veðkrafan skal vera fullnustuhæf í öllum lögsagnarumdæmum sem við eiga í upphafi lánssamnings og veðlánið eða -krafan skal vera skráð rétt og tímanlega. Fyrirkomulagið skal endurspegla nothæft veð (þ.e. öll lagaskilyrði um veðsetningu skulu vera uppfyllt). Samkomulagið um tryggingu og grundvallarréttur til málshöfðunar skulu gera lánastofnuninni kleift að koma tryggingu í verð innan hæfilegs tíma.

b) Eftirlit með virði fasteigna

Reglubundið eftirlit skal haft með virði fasteigna og að lágmarki árlega að því er varðar viðskiptahúsnæði og á þriggja ára fresti að því er varðar íbúðarhúsnæði. Tíðara eftirlit skal haft með fasteignum á mörkuðum þar sem breytingar á aðstæðum eru verulegar. Nota má tölfræðilegar aðferðir til að hafa eftirlit með virði fasteigna og til að greina eignir sem þarfnast endurmats. Óháður matsaðili skal endurskoða mat á virði fasteigna þegar upplýsingar benda til að virði fasteignar gæti hafa lækkað verulega miðað við markaðinn í heild. Sé um að ræða lánsfjárhæð yfir þremur milljónum evra eða 5% af eigin fé lánastofnunarinnar skal óháður matsaðili endurmeta fasteignina á þriggja ára fresti hið minnsta.

„Óháður matsaðili" er aðili sem hefur öll nauðsynleg réttindi, hæfi og reynslu til að vinna mat og er óháður lánsákvörðunarferlinu.

c) Skjalfesting

Skrá skal með skýrum hætti þær tegundir íbúðar- og viðskiptahúsnæðis sem lánastofnun samþykkir og eru í útlánastefnu hennar.

d) Vátryggingar

Lánastofnun skal hafa komið á aðferðum til að fylgjast með því að fasteignir, sem samþykktar eru sem trygging, séu vátryggðar með fullnægjandi hætti.

1.5. **Lágmarkskröfur vegna viðurkenningar á tryggingum í formi viðskiptakrafna**

9. Eftirfarandi skilyrði skulu uppfyllt vegna viðurkenningar á tryggingum í formi viðskiptakrafna:

a) Réttarvissa

i. Það lagalega ferli sem er til grundvallar tryggingatökunni skal vera traust og skilvirkt og tryggja að lánveitandi hafi skýran rétt á afrakstrinum.

ii. Lánastofnunin skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að uppfylla staðbundnar kröfur varðandi fullnustuhæfi veðsamninga. Rammi skal vera til staðar sem gerir lánveitanda kleift að eiga fyrsta veðrétt að teknu tilliti til innlendra ákvarðana um að heimila slíkar kröfur með fyrirvara um forgangskröfur í samræmi við laga- eða framkvæmdarákvæði.

iii. Lánastofnanir skulu hafa framkvæmt fullnægjandi lögfræðilegt mat sem staðfestir fullnustuhæfi tryggingaráðstafana í öllum viðeigandi lögsagnarumdæmum.

iv. Tryggingarráðstafanir skulu vera skjalfestar með viðeigandi hætti, með skýra og styrka ferla hvað varðar tímanlega innheimtu á tryggingunum. Verkferli lánastofnunar skulu tryggja að öll lagaleg skilyrði varðandi tilkynningu um vanefndir lántaka og tímanleg innheimta trygginga séu uppfyllt. Eigi lántaki í fjárhagslegum erfiðleikum eða er í vanskilum skal lánastofnun hafa vald samkvæmt lögum til þess að selja eða úthluta viðskiptakröfum til þriðja aðila án samþykkis lántaka.

b) Áhættustýring

i. Lánastofnunin skal hafa traust ferli til staðar til að greina útlánaáhættu í tengslum við viðskiptakröfurnar. Slíkt ferli skal m.a. fela í sér greiningu á starfsemi og atvinnugrein lántaka og tegundum viðskiptavina sem lántaki á í viðskiptum við. Þegar lánastofnun treystir á lántaka til að ganga úr skugga um útlánaáhættu vegna eigin viðskiptavina skal lánastofnun yfirfara verklag lántaka varðandi athugun á trausti og trúverðugleika þeirra.

ii. Mismunurinn á upphæð áhættu og virði viðskiptakrafnanna skal endurspegla alla viðeigandi þætti, þ.m.t. kostnað við innheimtu, samþjöppun trygginga einstakra lántaka innan safns viðskiptakrafna og hugsanlega áhættu vegna samþjöppunar hvað varðar heildaráhættu lánastofnunar, utan þeirrar áhættu sem lánastofnun getur stjórnað samkvæmt almennri aðferðafræði sinni. Lánastofnunin skal viðhalda stöðugu eftirlitsferli í samræmi við viðskiptakröfurnar. Auk þess skal yfirfara samræmi við lánaskilmála, umhverfistakmarkanir og aðrar lagalegar kröfur, með reglulegu millibili.

iii. Viðskiptakröfur sem lántaki leggur að veði skulu vera fjölbreyttar og ekki ranglega tengdar lántaka. Ef um verulega jákvæða fylgni er að ræða skal taka tillit til meðfylgjandi áhættu við ákvörðun á veðhlutföllum fyrir heildarsafn trygginga.

iv. Viðskiptakröfur frá aðilum tengdum lántaka (þ.m.t. dótturfélögum og starfsmönnum) skal ekki viðurkenna sem áhættumildandi.

v. Lánastofnunin skal hafa skjalfest ferli til innheimtu á greiðslum á viðskiptakröfum þegar um greiðsluerfiðleika er að ræða. Nauðsynlegar leiðir til innheimtu skulu vera til staðar, jafnvel þegar lánastofnun myndi venjulega láta lántaka sjá um innheimtuna.

1.6. **Lágmarkskröfur vegna viðurkenningar á öðrum efnislegum tryggingum**

10. Eftirfarandi skilyrði skulu uppfyllt vegna viðurkenningar á öðrum efnislegum tryggingum:

a) Tryggingarfyrirkomulagið skal vera framfylgjanlegt samkvæmt lögum í viðkomandi lögsagnarumdæmum og skal gera lánastofnun kleift að innleysa andvirði eignar innan eðlilegra tímamarka.

b) Með þeirri einu undantekningu sem forgangskröfur í samræmi við ii-lið a-liðar 9. liðar eru, þá er aðeins fyrsti veðréttur eða veðsetning á kröfurnar, leyfður. Þannig hefur lánastofnunin forgang að öllum innleystum ágóða trygginganna á undan öðrum lánveitendum.

c) Hafa skal eftirlit með virði eigna með reglulegu millibili og að lágmarki árlega. Tíðara eftirlit skal haft með eignum á mörkuðum þar sem aðstæður breytast verulega.

d) Lánasamningurinn skal fela í sér ítarlega lýsingu á tryggingunum og nákvæma skilgreiningu á aðferð og tíðni endurmats.

e) Þær tegundir efnislegra trygginga sem samþykktar eru af lánastofnuninni og stefnur og verklag að því er varðar viðeigandi fjárhæðir hverrar tryggingartegundar í hlutfalli við fjárhæð áhættu skulu skjalfestar með skýrum hætti í innri útlánastefnu og ferlum sem aðgengilegir eru til skoðunar.

f) Útlánastefnur lánastofnunarinnar, að því er varðar fyrirkomulag viðskipta, skulu taka til viðeigandi krafna um tryggingar í hlutfalli við fjárhæð áhættuskuldbindingar, getuna til að selja tryggingunga með skjótum hætti, möguleikans á að finna verð eða markaðsvirði með hlutlægum hætti, hversu oft hægt er að nálgast virði með skjótum hætti (þ.m.t. mat sérfróðs matsaðila) og flökt eða ígildi flökts á virði tryggingar.

g) Bæði fyrsta mat og endurmat skulu taka að fullu tillit til rýrnunar eða úreldingar tryggingarinnar. Áhrifum tíma á tryggingar sem eru viðkvæmar fyrir tískusveiflum eða dagsetningum skal veita sérstaka athygli við mat og endurmat þeirra.

h) Lánastofnunin skal hafa rétt á að skoða eignina með áþreifanlegum hætti. Þá skulu vera til staðar stefnur og ferlar sem taka til nýtingar lánastofnunar á rétti sínum til að skoða tryggingar með áþreifanlegum hætti.

i) Lánastofnun skal hafa til staðar ferli til að fylgjast með að þær eignir sem teknar eru sem trygging séu vátryggðar með fullnægjandi hætti.

1.7. **Lágmarkskröfur til að meðhöndla áhættuskuldbindingar vegna leigu sem tryggingar**

11. Til þess að meðhöndla megi áhættuskuldbindingar sem stafa af leigusamningum sem tryggingar í formi samskonar eignar og þeirrar sem er leigð, skulu eftirfarandi skilyrði vera uppfyllt:

a) Uppfylla skal skilyrðin sem sett eru fram í 8. eða 10. lið, eftir því sem við á, fyrir viðurkenningu á tryggingu í formi samskonar eignar og þeirrar sem leigð er.

b) Traust áhættustýring skal vera til staðar af hálfu leigusala að því er varðar með hvaða hætti hin leigða eign er nýtt, aldur hennar og áætlaðan notkunartíma, þ.m.t. viðeigandi eftirlit með virði tryggingarinnar.

c) Traustur lagarammi skal vera til staðar sem veitir leigusala lagalegt eignarhald á eigninni og möguleikann á því að nýta rétt sinn til að framfylgja eignarréttinum á tímanlegan hátt.

d) Hafi það ekki verið staðfest með útreikningi á tapi að gefnum vanefndum skal mismunurinn á virði ógreiddrar fjárhæðar og markaðsvirði tryggingarinnar ekki vera svo mikill að hann ý ki mildun útlánaáhættunnar í tengslum við hina leigðu eign.

1.8. **Lágmarkskröfur vegna viðurkenningar á öðrum fjármögnuðum útlánavörnum**

1.8.1. Innlán hjá stofnun sem er þriðji aðili eða gerningar sem eru ígildi reiðufjár og vistaðir hjá henni

12. Til að teljast hæf fyrir þá aðferð sem sett er fram í 79. lið 3. hluta skal sú vörn sem nefnd er í 23. lið 1. hluta uppfylla eftirfarandi skilyrði:

a) Krafa lántaka á stofnun sem er þriðji aðili er veðsett eða framseld lánastofnuninni sem lánar og slík veðsetning eða framsal er framfylgjanlegt samkvæmt lögum í viðkomandi lögsagnarumdæmum.

b) Stofnuninni sem er þriðji aðili er tilkynnt um veðsetninguna eða framsalið.

c) Í kjölfar tilkynningarinnar getur stofnun sem er þriðji aðili greitt eingöngu til lánastofnunar sem lánar, eða annarra aðila með samþykki stofnunarinnar sem lánar.

d) Veðsetningin eða framsalið er skilyrðislaust og óafturkallanlegt.

1.8.2. Líftryggingar sem veðsettar eru lánastofnun sem lánar.

13. Að því er varðar viðurkenningu líftrygginga sem veðsettar eru lánastofnun sem lánar, skulu eftirfarandi skilyrði uppfyllt:

a) Fyrirtækið sem gefur út líftrygginguna skal vera viðurkennt sem hæfur útgefandi ófjármagnaðrar útlánavarnar skv. 26. lið 1. hluta.

b) Líftryggingin er veðsett eða framseld lánastofnuninni sem lánar.

c) Fyrirtækið sem gefur út líftrygginguna skal vera upplýst um veðsetninguna eða framsalið og má þar af leiðandi ekki greiða hana út samkvæmt skilmálum hennar nema með samþykki lánastofnunarinnar sem lánar.

d) Uppgefið endurkaupsvirði líftryggingar er ekki lækkanlegt.

e) Lánastofnunin sem lánar skal hafa rétt til að loka tryggingunni tímanlega og taka við endurkaupsvirði ef kemur til vanskila lántaka.

f) Lánastofnunin sem lánar er upplýst um allar hugsanlegar vanefndir tryggingartaka varðandi innborganir samkvæmt tryggingarskilmálunum,

g) Útlánavörnin skal gilda allan binditíma lánsins. Í þeim tilvikum þar sem það gengur ekki upp vegna þess að tryggingartímabilinu lýkur áður en binditíma láns er lokið skal lánastofnunin tryggja að sú fjárhæð sem leiðir af vátryggingarsamningnum nýtist lánastofnuninni sem trygging þar til lánssamningurinn rennur út.

h) Veðsetningin eða framsalið skal vera framfylgjanlegt samkvæmt lögum í viðkomandi lögsagnarumdæmum á þeim tímapunkti sem lánasamningurinn tekur gildi.

2. ÓFJÁRMÖGNUÐ ÚTLÁNAVÖRN OG LÁNSHÆFISTENGD SKULDABRÉF

2.1. **Kröfur sem eru sameiginlegar tryggingum og lánaafleiðum**

14. Með fyrirvara um 16. lið skulu eftirfarandi skilyrði vera uppfyllt svo færa megi útlánavörn vegna tryggingar eða lánaafleiðu:

a) Útlánavörnin skal vera bein.

b) Umfang útlánavarnarinnar skal vera skýrt skilgreint og óvéfengjanlegt.

c) Samningur um útlánavörn skal ekki fela í sér neina skilmála, sem lántaki getur ekki haft bein áhrif á að verði uppfylltir og sem:

i. heimila útgefanda varnarinnar að segja vörninni upp einhliða,

ii. hækka kostnað við vörn vegna rýrnunar á lánshæfisgæðum hinnar vörðu áhættuskuldbindingar,

iii. gætu komið í veg fyrir að veitandi varnarinnar væri skuldbundinn til að greiða út á réttum tíma ef upphaflegur loforðsgjafi greiðir ekki gjaldfallnar afborganir eða

iv. gætu heimilað veitanda varnarinnar að stytta binditíma útlánavarnar og

d) samningur um útlánavörn skal vera framfylgjanlegur samkvæmt lögum í viðkomandi lögsagnarumdæmum á þeim tímapunkti sem lánasamningurinn tekur gildi.

2.1.1. Rekstrarkröfur

15. Lánastofnunin skal uppfylla kröfur lögbærra yfirvalda um að hafa til staðar kerfi til að stýra hugsanlegri samþjöppun áhættu sem leiðir af notkun lánastofnunar á tryggingum og lánaafleiðum. Lánastofnunin skal geta sýnt fram á að áætlanir hennar hvað varðar notkun á lánaafleiðum og tryggingum verki gagnkvæmt við stjórnun hennar á heildaráhættusniði sínu.

2.2. **Bakábyrgðir ríkja og annarra opinberra aðila**

16. Þegar áhættuskuldbinding er varin með tryggingu sem er með bakábyrgð ríkisstjórnar eða seðlabanka, héraðsstjórnar eða staðaryfirvalda, opinbers aðila, séu kröfur á hann meðhöndlaðar sem kröfur á ríkisstjórn þess lögsagnarumdæmis þar sem hann hefur staðfestu samkvæmt 78.–83. gr., fjölþjóðlegs þróunarbanka með 0% áhættuvog samkvæmt 78.–83. gr., eða opinbers aðila, séu kröfur á hann meðhöndlaðar sem kröfur á lánastofnanir samkvæmt 78.–83. gr., má fara með áhættuskuldbindinguna eins og hún sé varin með ábyrgð veittri af viðkomandi aðila, að því gefnu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) Bakábyrgðin nær yfir alla þætti útlánaáhættu kröfunnar.

b) Bæði upphaflega ábyrgðin og bakábyrgðin uppfylla kröfur um ábyrgðir sem settar eru fram í 14., 15. og 18. lið, að því undanskildu að ábyrgðin þarf ekki að vera bein.

c) Lögbær yfirvöld skulu vera sátt við traustleika varnarinnar og að ekkert í sögulegum gögnum gefi vísbendingar um að vernd bakábyrgðarinnar sé ófullnægjandi í samanburði við beina ábyrgð veitta af viðkomandi aðila.

17. Aðferðin sem sett er fram í 16. lið á einnig við um áhættuskuldbindingu sem ekki er með bakábyrgð aðila sem talinn er upp í þeim lið ef gagnábyrgð þeirrar áhættuskuldbindingar er með beinni ábyrgð einhvers þeirra aðila sem talinn er upp þar og skilyrðin sem nefnd eru í liðnum eru uppfyllt.

2.3. **Viðbótarkröfur vegna ábyrgða**

18. Einnig þarf að uppfylla eftirfarandi skilyrði til að ábyrgð verði samþykkt:

a) Brjóti mótaðili skilmála láns og/eða komi til greiðslufalls hefur lánastofnunin sem lánar rétt til að lögsækja ábyrgðaraðila, með tímanlegum hætti, vegna allra gjaldfallinna krafna í samræmi við veitta ábyrgð. Greiðsla frá ábyrgðaraðila skal ekki vera skilyrt því að lánastofnun sem lánar þurfti fyrst að lögsækja loforðsgjafa.

Sé um ófjármagnaða útlánavörn að ræða, sem verndar veðlán með veði í íbúðarhúsnæði, nægir að uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í iii-lið c-liðar 14. liðar og í fyrstu undirgrein þessa liðar innan 24 mánaða.

b) Ábyrgðin skal vera skilmerkilega skjalfest skuldbinding sem ábyrgðaraðili tekur á sig.

c) Í samræmi við eftirfarandi setningu skal ábyrgðin ná yfir allar tegundir greiðslna sem loforðsgjafa er gert að greiða í samræmi við kröfuna. Í þeim tilvikum sem einstakar tegundir greiðslna eru undanskildar ábyrgðinni skal viðurkennt virði ábyrgðarinnar aðlagað til samræmis við rýrari vernd.

19. Í tilvikum þar sem ábyrgðir eru veittar í tengslum við sameiginleg ábyrgðarkerfi, sem lögbær yfirvöld samþykkja í þessu tilliti, eða veittar eru af eða eru með bakábyrgð aðila sem nefndur er í 16. lið, skal litið svo á að kröfurnar í a-lið 18. liðar séu uppfylltar ef annað hvort eftirfarandi skilyrða er uppfyllt:

a) Lánastofnunin sem lánar á rétt á að fá í hendur tímanlega bráðabirgðagreiðslu frá ábyrgðaraðila, sem endurspeglar sennilegt mat á fjárhæð efnahagslegs taps, þ.m.t. tap vegna greiðslufalls vaxta og annarra greiðslna sem lántaki er skuldbundinn til að greiða og sem líklegt er að lánastofnunin sem lánar myndi fá í samræmi við vernd ábyrgðarinnar.

b) Lánastofnunin sem lánar getur sýnt fram á að tapsvörnin sem ábyrgðin veitir, þ.m.t. tap vegna greiðslufalls vaxtagreiðslna og annarra tegunda greiðslna sem lántakinn hefur skuldbundið sig til að greiða, réttlæti slíka meðferð.

2.4. **Viðbótarkröfur vegna lánaafleiða**

20. Einnig þarf að uppfylla eftirfarandi skilyrði til að útlánaafleiða verði samþykkt:

a) Með fyrirvara um b-lið skulu lánaatburðirnir sem tilgreindir eru í lánaafleiðu að lágmarki fela í sér:

i. vanefndir á greiðslum sem ber að greiða samkvæmt skilmálum undirliggjandi skuldbindingar og eru í gildi á þeim tímapunkti sem slíkt greiðslufall á sér stað, (með greiðslufresti sem er í samræmi við eða skemmri en greiðslufrestur undirliggjandi skuldbindingar),

ii. gjaldþrot, ógjaldfærni eða vangetu loforðsgjafa til að greiða skuldir sínar, eða vanefndir hans eða skriflega viðurkenningu á því að hann geti yfirhöfuð ekki greitt skuldir sínar er þær falla í gjalddaga og hliðstæða atburði og

iii. endurskipulagningu undirliggjandi skuldbindingar, þar á meðal eftirgjöf eða frestun á greiðslum á höfuðstól, vöxtum eða þóknunum sem leiðir til útlánataps (þ.e. virðisbreytingar eða sambærilegrar debetfærslu á rekstrarreikningi).

b) Feli lánaatburðir sem tilgreindir eru í lánaafleiðu ekki í sér endurskipulagningu undirliggjandi skuldbindingar eins og lýst er í iii-lið a-liðar má engu að síður viðurkenna útlánavörnina með fyrirvara um lækkun á viðurkenndu virði eins og tilgreint er í 83. lið 3. hluta.

c) Séu innborganir í reiðufé heimilaðar samkvæmt skilmálum lánaafleiðu skal traust matsferli vera til staðar til að meta tap með áreiðanlegum hætti. Skýrt skilgreindur tímarammi skal vera til staðar varðandi mat á undirliggjandi skuldbindingu í kjölfar lánaatburðar.

d) Sé þess krafist við uppgjör að aðili sem kaupir útlánavörn hafi rétt og getu til að yfirfæra undirliggjandi skuldbindingu til veitanda varnar skulu skilmálar undirliggjandi skuldbindingar kveða á um að ekki megi neita að veita það samþykki sem yfirfærslan krefst án gildrar ástæðu.

e) Þeir aðilar sem eru ábyrgir fyrir ákvörðun á því hvort lánaatburður hafi átt sér stað skulu vera skýrt skilgreindir. Ákvörðunin skal ekki einungis vera á ábyrgð útgefanda varnarinnar. Kaupandi varnar skal hafa rétt/möguleika á að upplýsa veitanda varnar um það þegar lánaatburður á sér stað.

21. Misræmi milli undirliggjandi skuldbindingar og tilgreindrar skuldbindingar lánaafleiðu (þ.e. þeirrar skuldbindingar sem notuð er í þeim tilgangi að ákvarða uppgjörsverðmæti í reiðufé eða þá skuldbindingu sem afhenda skal), eða milli undirliggjandi skuldbindingar og þeirrar skuldbindingar sem notuð er til að ákvarða hvort lánaatburður hafi átt sér stað, er aðeins leyfilegt séu eftirfarandi skilyrði uppfyllt:

a) Tilgreind skuldbinding eða sú skuldbinding sem notuð er í þeim tilgangi að ákvarða hvort lánaatburður hafi átt sér stað, eftir atvikum, er metin jafn rétthá eða réttlægri undirliggjandi skuldbindingu.

b) Undirliggjandi skuldbinding og tilgreind skuldbinding eða sú skuldbinding sem notuð er í þeim tilgangi að ákvarða hvort lánaatburður hafi átt sér stað, eftir atvikum, deila sama loforðsgjafa (þ.e. sama lögaðila) og til staðar eru ákvæði, sem unnt er að framfylgja samkvæmt lögum, um afleiddar vanefndir eða afleidda gjaldfellingu (e. cross-default or cross-acceleration clauses).

2.5. **Skilyrði þess að geta fallið undir þá meðferð sem sett er fram í 4. lið 1. hluta VII. viðauka**

22. Til að vera hæf fyrir þá meðferð sem sett er fram í 4. lið 1. hluta, VII. viðauka skal útlánavörn sem stafar af ábyrgð eða lánaafleiðu uppfylla eftirfarandi skilyrði:

a) Undirliggjandi skuldbinding skal vera gagnvart:

– áhættuskuldbindingu fyrirtækis, eins og hún er skilgreind í 86. gr., að undanskildum vátrygginga- og endurtryggingafélögum,

– áhættukröfu á héraðsstjórn, staðaryfirvöld eða opinberan aðila sem ekki er farið með eins og áhættukröfu á ríkisstjórn eða seðlabanka skv. 86. gr. eða

– áhættukröfu á lítinn eða meðalstóran aðila, flokkaða sem smásöluáhættuskuldbindingu skv. 4. mgr. 86. gr.

b) Undirliggjandi loforðsgjafar skulu ekki vera meðlimir sömu samstæðu og útgefandi varnar.

c) Áhættuskuldbindingin skal varin með einum af eftirfarandi gerningum:

– ófjármagnaðri lánaafleiðu, byggðri á skuldbindingu eins aðila, eða ábyrgð útgefinni af einum aðila,

– afurðum, í körfu, sem byggjast á fyrsta vanskilaaðila — meðferðinni skal beita á þá eign í körfunni sem hefur lægstu fjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar eða

– afurðum, í körfu, sem byggjast á n-ta vanskilaaðila — fengin vörn fellur aðeins innan þessa ramma ef einnig hefur verið fengin hæf vörn vegna (n-1)-tu vanskila eða ef (n-1) eignanna í körfunni hefur/hafa ekki staðið í skilum. Ef svo er skal beita meðferðinni á þá eign í körfunni sem hefur lægstu fjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar.

d) Útlánavörnin uppfyllir skilyrðin sem sett eru fram í 14., 15., 18., 20., og 21. lið.

e) Áhættuvægið, sem á við áhættuskuldbindinguna áður en meðferðinni sem nefnd er í 4. lið 1. hluta VII. viðauka er beitt, felur ekki í sér neinn þátt útlánavarnarinnar.

f) Lánastofnun hefur rétt til og má vænta þess að fá greiðslur frá veitanda varnar án þess að þurfa að hefja málsókn á hendur mótaðila til að fá greitt. Að því marki sem hægt er skal lánastofnun gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fullvissa sig um að veitandi varnar sé viljugur til að greiða tafarlaust eigi lánaatburður sér stað.

g) Hin keypta útlánavörn skal verja allt útlánatap sem hinn varði hluti áhættuskuldbindingar verður fyrir og verður af völdum lánaatburða sem tilgreindir eru í samningnum.

h) Geri skipulag útgreiðslna ráð fyrir mögulegu raunuppgjöri þá skal vera lögfræðileg vissa að því er varðar afhendingu á láni, skuldabréfi eða ábyrgðarskuldbindingu. Ætli lánastofnun sér að afhenda skuldbindingu, aðra en undirliggjandi áhættuskuldbindinguna, skal hún tryggja að skuldbindingin sem afhenda skal sé nægjanlega seljanleg svo að lánastofnunin geti keypt hana til afhendingar í samræmi við samninginn.

i) Skilmálar og skilyrði fyrirkomulags um útlánavörn skulu vera lagalega staðfest, skriflega, bæði af veitanda varnarinnar og lánastofnuninni.

j) Lánastofnanir skulu hafa til staðar ferli til að koma auga á óeðlilega fylgni milli lánstrausts veitanda varnar og loforðsgjafa undirliggjandi skuldbindingar sem stafar af þ ví ef frammistaða beggja er háð sameiginlegum þáttum umfram kerfisbundna áhættuþætti.

k) Sé um vörn gegn þynningaráhættu að ræða skal seljandi keyptra viðskiptakrafna ekki vera hluti af sömu samstæðu og veitandi varnarinnar.

3. HLUTI

Útreikningur á áhrifum mildunar útlánaáhættu

1. Með fyrirvara um 4. og 6. hluta, þ ar sem skilyrðin í 1. og 2. hluta eru uppfyllt, má breyta útreikningum á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga skv. 78.–83. gr. og útreikningum á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga og vænts taps skv. 84.–89. gr. í samræmi við skilyrðin í þessum hluta.

2. Fara skal með reiðufé, verðbréf eða hrávörur sem keyptar eru, fengnar að láni eða mótteknar í endurhverfum viðskiptum eða verðbréfa- eða hrávörulánveitingum eða -lántökum eins og tryggingar.

1. FJÁRMÖGNUÐ ÚTLÁNAVÖRN

1.1. **Lánshæfistengd skuldabréf**

3. Fara má með fjárfestingar í lánshæfistengdum skuldabréfum, útgefnum af lánastofnuninni sem lánar, sem veð í reiðufé.

1.2. **Skuldajöfnun í efnahagsreikningi**

4. Fara skal með útlán og innlán hjá lánastofnuninni sem lánar og sem falla undir greiðslujöfnun á efnahagsreikningi sem tryggingu í reiðufé.

1.3. **Rammasamkomulag um skuldajöfnun sem tekur til endurhverfra viðskipta og/eða verðbréfa- eða hrávörulánveitinga eða -lántöku og/eða annarra viðskipta tengdum fjármagnsmarkaði**

1.3.1. Útreikningur á fullleiðréttu virði áhættuskuldbindingar

a) Beiting eftirlitsaðferðar eða aðferðar eigin mats til að jafna flökt

5. Með fyrirvara um 12.–21. lið skal við útreikning á fullleiðréttu virði áhættuskuldbindingar (E*) vegna áhættuskuldbindinga sem falla undir hæft rammasamkomulag um skuldajöfnun sem nær yfir endurhverf viðskipti og/eða verðbréfa- eða hrávörulánveitingar eða -lántöku eða önnur viðskipti tengd fjármagnsmarkaði, reikna út þá jöfnun flökts sem beitt er annaðhvort með notkun eftirlitsaðferðar eða aðferða eigin mats til að leiðrétta flökt eins og þeim er lýst í 30.–61. lið heildaraðferðarinnar sem byggist á fjárhagslegri tryggingu. Vegna notkunar á aðferð eigin mats skulu sömu skilyrði og kröfur gilda og vegna heildaraðferðarinnar sem byggist á fjárhagslegri tryggingu.

6. Hrein staða hverrar tegundar verðbréfa eða hrávöru skal reiknuð með því að draga heildarvirði þeirrar tegundar verðbréfa eða hrávöru sem er fengin að láni, keypt eða móttekin samkvæmt rammasamkomulagi um skuldajöfnun frá heildarvirði verðbréfa eða hrávöru sem er lánuð, seld eða afhent samkvæmt samkomulaginu.

7. Að því er varðar 6. lið þýðir ‘tegund verðbréfs’ verðbréf sem eru gefin út af sama aðila, hafa sama útgáfudag, sama binditíma og lúta sömu skilmálum og skilyrðum og sama innlausnartímabil eins og tekið er fram í 34.–59. lið.

8. Hrein staða hvers gjaldmiðils, annarra en uppgjörsgjaldmiðla rammasamkomulags, skal reiknuð út með því að draga heildarvirði verðbréfa skráðum í þeirri mynt sem fengin eru að láni, keypt eða móttekin í samræmi við rammasamkomulagið, að viðbættu reiðufé í þeirri mynt sem er fengið að láni eða móttekið samkvæmt samkomulaginu, frá heildarvirði verðbréfa skráðum í þeim gjaldmiðli sem eru lánuð, seld eða afhent í samræmi við rammasamkomulagið, að viðbættu reiðufé í þeirri mynt sem er lánað eða yfirfært samkvæmt samkomulaginu.

9. Beita skal þeirri jöfnun flökts, sem á við tiltekna tegund verðbréfs eða stöðu í handbæru fé, á það tölugildi jákvæðrar eða neikvæðrar hreinnar stöðu í viðkomandi tegund verðbréfa.

10. Jöfnun flökts vegna gjaldmiðlaáhættu skal beita á hreina jákvæða eða neikvæða stöðu í hverjum gjaldmiðli, að undanskildum uppgjörsgjaldmiðli rammasamkomulags um skuldajöfnun.

11. Reikna skal E* með eftirfarandi formúlu:

$$E^* = \max \{0, [(\Sigma(E) - \Sigma(C)) + \Sigma(|\text{hrein staða í tilteknum verðbréfum}| \times Hsec) + (\Sigma|Efx| \times Hfx)]\}$$

Þegar fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga eru reiknaðar skv. 78.–83. gr. er E virði áhættuskuldbindingar hverrar einstakrar áhættuskuldbindingar í samræmi við það samkomulag sem gildir ef útlánavörnin er ekki fyrir hendi.

Þegar fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga og vænts taps eru reiknaðar skv. 84.–89. gr. er E virði áhættuskuldbindingar hverrar einstakrar áhættuskuldbindingar í samræmi við það samkomulag sem gildir ef útlánavörnin er ekki fyrir hendi.

C er virði verðbréfa eða hrávöru sem fengin er að láni, keypt eða móttekin eða reiðufjár sem fengið er að láni eða móttekið að því er varðar hverja slíka áhættuskuldbindingu.

$\Sigma(E)$ er summa allra E-a samkvæmt samkomulaginu.

$\Sigma(C)$ er summa allra C-a samkvæmt samkomulaginu.

E_{fx} er hrein staða (jákvæð eða neikvæð) í tilteknum gjaldmiðli, öðrum en uppgjörsgjaldmiðli samkomulagsins, reiknuð út skv. 8. lið.

H_{sec} er sú jöfnun flökts sem á við tiltekna tegund verðbréfs.

H_{fx} er jöfnun flökts vegna gjaldmiðlaáhættu.

E* er fullleiðrétt virði áhættuskuldbindingar.

b) Aðferð með innri líkönum

12. Annar möguleiki en notkun eftirlitsaðferðar eða aðferðar eigin mats til að jafna flökt við útreikning á fullleiðréttu virði áhættuskuldbindingar (E*) sem leiðir af notkun á hæfu rammasamkomulagi um skuldajöfnun sem nær yfir endurhverf viðskipti, verðbréfa- eða hrávörulánveitingar eða -lántöku og/eða önnur viðskipti tengd fjármagnsmarkaði, önnur en afleiðuviðskipti, er að heimila lánastofnunum að nota aðferð með innri líkönum sem tekur tillit til áhrifa fylgni milli verðbréfastaðna sem eru háðar rammasamkomulagi um skuldajöfnun svo og seljanleika viðkomandi gerninga. Innri líkön sem notuð eru við þessa nálgun skulu veita mat á mögulegum breytingum á virði fjárhæða óvarinna áhættuskuldbindinga (ΣE — ΣC). Með fyrirvara um samþykki lögbærra yfirvalda geta lánastofnanir einnig notað innri líkön sín vegna viðbótarlánveitinga vegna kaupa/sölu verðbréfa, ef viðskiptin eru samkvæmt tvíhliða rammasamkomulagi um skuldajöfnun sem uppfyllir kröfur sem settar eru fram í 7. hluta III. viðauka.

13. Lánastofnun getur kosið að nota aðferð með innri líkönum óháð því hvort stuðst er við 78.–83. gr. eða 84.–89. gr. við útreikning á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga. Kjósi lánastofnun að nota aðferð innra líkans, þá verður þó að gera það í tilvikum allra mótaðila og verðbréfa, að undanskildum lítilvægum verðbréfasöfnum, en þá má nota eftirlitsaðferð eða aðferð eigin mats við jöfnun flökts eins og lýst er í 5.–11. lið.

14. Lánastofnunum er heimilt að nota aðferð innri líkana hafi þær fengið staðfestingu á innra áhættustýringarlíkani skv. V. viðauka tilskipunar 2006/49/ESB.

15. Lánastofnanir sem ekki hafa fengið staðfestingu yfirvalda á notkun þess háttar líkans skv. tilskipun 2006/49/ESB geta sótt um staðfestingu á innra áhættumælingarlíkani til lögbærra yfirvalda, að því er varðar 12.–21. lið.

16. Viðurkenning skal því aðeins veitt ef lögbær yfirvöld eru þess fullviss að áhættustýringarkerfi viðkomandi stofnunar, sem ætlað er til þess að stjórna áhættu sem leiðir af viðskiptum sem rammasamkomulag um skuldajöfnun er um, sé skilvirkt og því sé beitt af heilindum og enn fremur að eftirtaldar gæðakröfur séu uppfylltar:

a) Innra áhættumatslíkanið, sem notað er til að reikna út hugsanlegt flökt á verði viðskiptanna, er rækilega samþætt daglegu áhættustýringarferli lánastofnunarinnar og nýtist sem grundvöllur þess að stjórnendum stofnunarinnar sé greint frá áhættugrunni.

b) Stofnunin heldur úti áhættueftirlitsdeild sem er óháð viðskiptadeildum og heyrir beint undir stjórnendur stofnunarinnar. Deildin skal annast hönnun og notkun áhættustýringarkerfis stofnunarinnar. Hún skal leggja fram og greina daglegar skýrslur um niðurstöður samkvæmt áhættumatslíkaninu og um viðeigandi ráðstafanir varðandi stöðumörk.

c) Stjórnendur, með nægjanlegt vald til að knýja fram lækkun á teknum stöðum og heildaráhættugrunni, fara yfir daglegar skýrslur sem lagðar eru fram af áhættueftirlitsdeild.

d) Lánastofnun býr yfir nægum mannafla í áhættueftirlitsdeild sem hefur færni í notkun þróaðra líkana.

e) Lánastofnunin hefur viðurkenndar verklagsreglur til að hafa eftirlit með og tryggja að farið sé eftir skjalfestum innri stefnum og varúðarráðstöfunum varðandi heildarrekstur áhættumælingarkerfisins.

f) Líkön lánastofnunar hafi reynst hæfilega nákvæm við að meta áhættu, samkvæmt afturvirkri prófun á niðurstöðum þeirra með gögnum sem spanna minnst eitt ár.

g) Stofnunin lætur oft gera strangar álagsprófanir og niðurstöður slíkra prófana eru lagðar fyrir hátt setta stjórnendur og endurspeglast í reglum og mörkum sem þeir setja.

h) Stofnunin lætur fara fram óháða endurskoðun á áhættumatskerfi sínu sem lið í reglulegri innri endurskoðun sinni. Þessi endurskoðun skal fela í sér bæði starfsemi viðskiptadeilda og óháðu áhættueftirlitsdeildarinnar.

i) Lánastofnunin skal að minnsta kosti árlega standa fyrir endurskoðun á áhættustýringarferli sínu.

j) Innra líkanið skal uppfylla þær kröfur sem settar eru fram í 40.–42. lið 6. hluta III. viðauka.

17. Útreikningur á hugsanlegum breytingum virðis skal standast eftirtaldar lágmarkskröfur:

a) að útreikningur á hugsanlegum breytingum virðis sé gerður að minnsta kosti einu sinni á dag,

b) einhliða 99% öryggisbil,

c) innlausnartímabil sem er jafngilt fimm dögum, að undanskildum þeim tilvikum þegar viðskiptin eru önnur en endurhverf verðbréfaviðskipti eða verðbréfalán eða -lántaka þar sem notast skal við jafngildi tíu daga innlausnartímabils,

d) að fram fari skilvirk athugun aftur í tímann sem nái yfir að minnsta kosti eitt ár nema styttra úrtakstímabil sé réttlætanlegt vegna verulegrar aukningar á verðflökti og

e) að gögn séu uppfærð á þriggja mánaða fresti.

18. Lögbær yfirvöld skulu krefjast þess að innra áhættumatslíkan nái yfir nægilegan fjölda áhættuþátta til að greina allar mikilvægar verðáhættur.

19. Lögbær yfirvöld geta heimilað lánastofnunum að nota mælifylgni innan áhættuflokka og þvert á áhættuflokka ef þau eru þ ess fullviss að kerfið, sem lánastofnunin notar við að mæla fylgni, sé traust og því sé beitt af heilindum.

20. Fullleiðrétt virði áhættuskuldbindingar (E*) lánastofnana, sem nota aðferð innri líkana, skal reikna út með eftirfarandi formúlu:

$$E^* = \max\{0, [(\Sigma E - \Sigma C) + (\text{niðurstaða innra líkans})]\}$$

Þegar fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga eru reiknaðar skv. 78.–83. gr. er E virði áhættuskuldbindingar hverrar einstakrar áhættuskuldbindingar í samræmi við það samkomulag sem gildir ef útlánavörnin er ekki fyrir hendi.

Þegar fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga og vænts taps eru reiknaðar skv. 84.–89. gr. er E virði áhættuskuldbindingar hverrar einstakrar áhættuskuldbindingar í samræmi við það samkomulag sem gildir ef útlánavörnin er ekki fyrir hendi.

C er virði verðbréfa sem fengin eru að láni, keypt eða móttekin eða reiðufjár sem fengið er að láni eða móttekið að því er varðar hverja slíka áhættuskuldbindingu.

Σ(E) er summa allra E-a samkvæmt samkomulaginu.

Σ(C) er summa allra C-a samkvæmt samkomulaginu.

21. Við útreikning á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga með notkun innri líkana skulu lánastofnanir nota útkomu líkans frá undangengnum viðskiptadegi.

1.3.2. Útreikningar á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga og vænts taps af endurhverfum viðskiptum og/eða verðbréfa- eða hrávörulánveitinga eða -lántöku og/eða annarra viðskipta tengdum fjármagnsmarkaði sem rammasamkomulag um skuldajöfnun nær yfir

Staðalaðferð

22. E*, eins og það er reiknað skv. 5.–21. lið, skal vera virði áhættuskuldbindingar vegna áhættukröfu á mótaðila sem leiðir af viðskiptum sem falla undir rammasamkomulagið að því er varðar 80. gr.

Innramatsaðferð

23. E*, eins og það er reiknað skv. 5.–21. lið, skal vera virði áhættuskuldbindingar vegna áhættukröfu á mótaðila sem leiðir af viðskiptum sem falla undir rammasamkomulag um skuldajöfnun að því er varðar VII. viðauka.

1.4. **Fjárhagslegar tryggingar**

1.4.1. Einfalda aðferðin um fjárhagslegar tryggingar

24. Einfalda aðferðin um fjárhagslegar tryggingar skal aðeins vera aðgengileg þegar fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga eru reiknaðar út í samræmi við 78.–83. gr. Lánastofnun skal ekki nota bæði einföldu aðferðina um fjárhagslegar tryggingar og heildaraðferðina sem byggist á fjárhagslegri tryggingu.

Mat

25. Samkvæmt þessari aðferð er viðurkenndri fjárhagslegri tryggingu úthlutað virði sem er jafnt markaðsvirði tryggingarinnar eins og það er ákvarðað í samræmi við 6. lið 2. hluta.

Útreikningur fjárhæða áhættuveginna áhættuskuldbindinga

26. Sú áhættuvog sem yrði ákveðin skv. 78.–83. gr., ef lánveitandi hefði beina áhættu af tryggingargerningnum, skal fengin þeim hluta krafna sem eru tryggðar með markaðsvirði samþykktrar tryggingar. Áhættuvog veðsetts hluta skal að lágmarki vera 20%, að undanþegnu því sem er tilgreint í 27.–29. lið. Það sem eftir er af áhættukröfunni fær þá áhættuvog sem yrði fengin ótryggðri áhættukröfu á mótaðila skv. 78.–83. gr.

Endurhverf viðskipti, viðskipti í tengslum við lántökur eða lánveitingar í verðbréfum

27. Áhættuvog 0% skal fengin tryggða hluta áhættuskuldbindingar sem leiðir af viðskiptum sem uppfylla viðmiðanir sem taldar eru upp í 58. og 59. lið. Sé mótaðili í viðskiptunum ekki mikilvægur markaðsaðili skal ákveða áhættuvog 10%.

Afleiðuviðskipti utan skipulegra verðbréfamarkaða, sem eru daglega færð á markaðsvirði

28. Tryggðum hluta virðis áhættuskuldbindinga, sem ákvarðað er samkvæmt III. viðauka vegna þeirra afleiðugerninga sem taldir eru upp í IV. viðauka og færðir eru daglega á markaðsvirði, tryggðir með reiðufé eða reiðufjárígildisgerningum þar sem ekki er gjaldmiðlamisvægi, skal fengin áhættuvog 0%. Tryggðum hluta virðis áhættuskuldbindinga þess háttar viðskipta, sem tryggð eru með skuldabréfum útgefnum af ríkisstjórnum eða seðlabönkum sem fá 0% áhættuvog skv. 78.–83. gr., skal fengin áhættuvog 10%.

Að því er varðar þennan lið skulu skuldabréf gefin út af ríkisstjórnum eða seðlabönkum ná til: –

a) skuldabréfa útgefnum af héraðsstjórnum eða staðaryfirvöldum, sé farið með áhættukröfur á þau sem áhættukröfur á ríkisstjórn þeirrar lögsögu þar sem þau hafa staðfestu skv. 78.–83. gr.,

b) skuldabréfa gefnum út af fjölþjóðlegum þróunarbönkum, sem fá 0% áhættuvog skv. 78.–83. gr. og

c) skuldabréfa, gefnum út af alþjóðlegum stofnunum sem hafa fengið 0% áhættuvog skv. 78.–83. gr.

Önnur viðskipti

29. Nota má 0% áhættuvog ef áhættuskuldbinding og trygging eru tilgreindar í sama gjaldmiðli og annað eftirfarandi skilyrða er uppfyllt:

a) tryggingin er innlán eða reiðufjárígildisgerningur, eða

b) tryggingin er skuldabréf útgefið af ríkisstjórn eða seðlabanka sem heimilt er að veita 0% áhættuvog skv. 78.–83. gr. og markaðsvirði þess hefur verið lækkað um 20%.

Að því er varðar þennan lið skulu „skuldabréf gefin út af ríkisstjórnum eða seðlabönkum" ná til þeirra skuldabréfa sem talin eru upp í 28. lið:

1.4.2. Heildaraðferðin sem byggist á fjárhagslegri tryggingu

30. Við mat á fjárhagslegum tryggingum að því er varðar heildaraðferðina sem byggist á fjárhagslegri tryggingu skal beita „jöfnun flökts" á markaðsvirði tryggingar, eins og lýst er í 34.–59. lið hér að neðan, í þeim tilgangi að taka verðflökt til greina.

31. Að teknu tilliti til meðferðar vegna gjaldeyrismisvægis ef um er að ræða afleiðuviðskipti utan skipulegra verðbréfamarkaða sem lýst er í 32. lið, þar sem trygging er tilgreind í öðrum gjaldmiðli en undirliggjandi áhættuskuldbinding, skal gera leiðréttingu sem endurspeglar gjaldmiðlaflökt til viðbótar við þá jöfnun flökts sem á við tryggingunа eins og lýst er í 34.–59. lið.

32. Sé um afleiðuviðskipti utan skipulagðra verðbréfamarkaða að ræða sem eru samkvæmt samkomulagi um greiðslujöfnun, viðurkenndu af lögbærum yfirvöldum skv. III. viðauka, skal beita jöfnun flökts sem endurspeglar gjaldmiðlaflökt þegar til staðar er misræmi milli gjaldmiðils tryggingar og uppgjörsgjaldmiðils. Þrátt fyrir að um marga gjaldmiðla sé að ræða í viðskiptunum sem skuldajöfnunarsamkomulagið nær yfir skal aðeins gera eina jöfnun vegna flökts.

a) Útreikningur á leiðréttu virði

33. Virði tryggingar sem taka skal tillit til, leiðrétt m.t.t. flökts, er reiknað út á eftirfarandi hátt vegna allra viðskipta, nema þeirra sem lúta samþykktu rammasamkomulagi um skuldajöfnun, sem ákvæði 5.–23. liðar gilda um:

$C_{VA} = C \times (1-HC-HFX)$

Virði áhættuskuldbindingar sem taka skal tillit til, leiðrétt m.t.t. flökts, er reiknað sem hér segir:

$E_{VA} = E \times (1+H_E)$, og ef um er að ræða afleiðuviðskipti utan skipulagðra verðbréfamarkaða, $E_{VA} = E$.

Fullleiðrétt virði áhættuskuldbindingar, að teknu tilliti til bæði flökts og áhættumildandi áhrifa trygginga er reiknað sem hér segir:

$E^* = \max \{\} \{0, [E_{VA} - C_{VAM}]\}$

Þar sem:

E er virði áhættuskuldbindingar eins og það yrði ákvarðað skv. 78.–83. gr. eða 84.–89. gr., eftir atvikum, ef áhættuskuldbindingin væri ekki tryggð. Í þessum tilgangi skal virði áhættuskuldbindingar liða utan efnahagsreiknings sem taldir eru upp í II. viðauka vera 100% af virði hennar, frekar en það hlutfall sem er tilgreint í 1. mgr. 78. gr., að því er varðar lánastofnanir sem reikna út fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga skv. 78.-83. gr., og virði áhættuskuldbindinga liða sem taldir eru upp í 9.–11. lið 3. hluta VII. viðauka skal reiknað út með breytistuðli 100% frekar en þeim breytistuðlum eða hlutföllum sem tilgreind eru í þessum liðum, að því er varðar lánastofnanir sem reikna fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga skv. 84.-89. gr.

E_{VA} er fjárhæð áhættuskuldbindingar leiðrétt m.t.t. flökts.

C_{VA} er virði tryggingar leiðrétt m.t.t. flökts.

C_{VAM} er C_{VA} leiðrétt enn frekar m.t.t. alls misræmis í binditíma í samræmi við ákvæði 4. hluta.

H_E er jöfnun flökts sem á við áhættuskuldbindinguna (E) eins og hún er reiknuð út skv. 34.–59. lið.

H_C er jöfnun flökts sem á við tryggingunа, eins og hún er reiknuð út skv. 34.–59. lið.

H_{FX} er jöfnun flökts sem á við gjaldeyrismisvægi, eins og það er reiknað út skv. 34.–59. lið.

E* er fullleiðrétt virði áhættuskuldbindingar, að teknu tilliti til flökts og áhættumildandi áhrifa tryggingar.

b) Viðeigandi útreikningur á jöfnun flökts

34. Jöfnun flökts má reikna á tvo vegu: eftirlitsaðferð og aðferð eigin mats við jöfnun flökts (aðferð eigin mats).

35. Lánastofnun getur kosið að nota eftirlitsaðferð eða aðferð eigin mats við jöfnun flökts óháð því hvort stuðst er við 78.–83. gr. eða 84.–89. gr. við útreikning á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga. Kjósi lánastofnunin að nota aðferð eigin mats skal hún styðjast við hana að því er varðar allar tegundir gerninga, að undanskildum lítilvægum verðbréfasöfnum þar sem henni er heimilt að nota eftirlitsaðferðina við jöfnun flökts.

Þegar trygging samanstendur af nokkrum viðurkenndum liðum, skal jöfnun flökts vera ($H = \Sigma i\ \alpha i\ Hi$), þar sem ai er hlutfall liðar af tryggingunni í heild og Hi er jöfnun flökts sem á við þann lið.

i. Eftirlitsaðferðin við jöfnun flökts

36. Sú jöfnun flökts sem skal gerð samkvæmt eftirlitsaðferðinni (að því gefnu að daglegt endurmat eigi sér stað) er sú sem sett er fram í 1.-4. töflu.

JÖFNUN FLÖKTS

Tafla 1

Lánshæfisþrep sem á við lánshæfismat skuldabréfa	Eftirstöðva-tími	Jöfnun flökts skuldabréfa útgefin af aðilum sem lýst er í b-lið 7. liðar 1. hluta			Jöfnun flökts skuldabréfa útgefin af aðilum sem lýst er í c- og d-lið 7. liðar 1. hluta.		
		20 daga innlausnar-tímabil (%)	10 daga innlausnar-tímabil (%)	5 daga innlausnar-tímabil (%)	20 daga innlausnar-tímabil (%)	10 daga innlausnar-tímabil (%)	5 daga innlausnar-tímabil (%)
1	≤ 1 ár	0,707	0,5	0,354	1,414	1	0,707
	> 1 ≤ 5 ár	2,828	2	1,414	5,657	4	2,828
	> 5 ár	5,657	4	2,828	11,314	8	5,657
2-3	≤ 1 ár	1,414	1	0,707	2,828	2	1,414
	> 1 ≤ 5 ár	4,243	3	2,121	8,485	6	4,243

Lánshæfisþrep sem á við lánshæfismat skuldabréfa	Eftirstöðva-tími	Jöfnun flökts skuldabréfa útgefin af aðilum sem lýst er í b-lið 7. liðar 1. hluta			Jöfnun flökts skuldabréfa útgefin af aðilum sem lýst er í c- og d-lið 7. liðar 1. hluta.		
		20 daga innlausnar-tímabil (%)	10 daga innlausnar-tímabil (%)	5 daga innlausnar-tímabil (%)	20 daga innlausnar-tímabil (%)	10 daga innlausnar-tímabil (%)	5 daga innlausnar-tímabil (%)
	> 5 ár	8,485	6	4,243	16,971	12	8,485
4	≤ 1 ár	21,213	15	10,607	á ekki við	á ekki við	á ekki við
	> 1 ≤ 5 ár	21,213	15	10,607	á ekki við	á ekki við	á ekki við
	> 5 ár	21,213	15	10,607	á ekki við	á ekki við	á ekki við

Tafla 2

Lánshæfisþrep sem á við lánshæfis-mat skammtíma-skuldabréfa	Jöfnun flökts skuldabréfa útgefin af aðilum, sem lýst er í b-lið 7. liðar fyrsta hluta, með skammtímalánshæfismat			Leiðréttingar flökts skuldabréfa útgefin af aðilum, sem lýst er í c og d-lið 7. liðar fyrsta hluta, með skammtímalánshæfismat		
	20 daga innlausnar-tímabil (%)	10 daga innlausnar-tímabil (%)	5 daga innlausnar -tímabil (%)	20 daga innlausnar-tímabil (%)	10 daga innlausnar-tímabil (%)	5 daga innlausnar-tímabil (%)
1	0,707	0,5	0,354	1,414	1	0,707
2-3	1,414	1	0,707	2,828	2	1,414

Tafla 3

Aðrar tegundir trygginga eða áhættuskuldbindinga

	20 daga innlausnartímabil (%)	10 daga innlausnartímabil (%)	5 daga innlausnartímabil (%)
Hlutabréf á aðallista, breytanleg skuldabréf á aðallista	21,213	15	10,607
Önnur hlutabréf eða breytanleg skuldabréf á viðurkenndum verðbréfamarkaði	35,355	25	17,678
Reiðufé	0	0	0
Gull	21,213	15	10,607

Tafla 4

Jöfnun flökts fyrir gjaldmiðlamisvægi		
20 daga innlausnartímabil (%)	10 daga innlausnartímabil (%)	5 daga innlausnartímabil (%)
11,314	8	5,657

37. Að því er varðar tryggðar lánveitingar skal innlausnartímabilið vera tuttugu virkir dagar. Að því er varðar endurhverf viðskipti, (nema að því marki sem þess háttar viðskipti fela í sér yfirfærslu hrávara eða tryggðra réttinda varðandi tilkall til hrávara) og verðbréfalánveitinga eða lántöku, skal innlausnartímabil vera fimm virkir dagar. Að því er varðar önnur viðskipti tengdum fjármagnsmarkaði skal innlausnartímabil vera tíu virkir dagar.

38. Í 1.–4. töflu og 39.–41. lið er lánshæfisþrepið sem lánshæfismat skuldabréfs á við það lánshæfisþrep sem lögbær yfirvöld ákveða að eigi við í samræmi við 78.–83. gr. Að því er varðar þennan lið á 10. liður 1. hluta einnig við.

39. Að því er varðar óhæf verðbréf eða hrávöru, sem er tekin að láni eða fengin að láni í tengslum við endurhverf viðskipti eða verðbréfa- eða hrávörulánveitingar eða -lántöku, er jöfnun flökts sú sama og í tilviki hlutabréfa á viðurkenndum verðbréfamarkaði, en þó ekki á aðallista.

40. Að því er varðar hæf hlutdeildarskírteini í fyrirtækjum um sameiginlega fjárfestingu er jöfnun flökts vegið meðaltal leiðréttingar flökts sem myndi eiga við þær eignir sem sjóðurinn hefur fjárfest í, í samræmi við innlausnartímabil viðskiptanna eins og tilgreint er í 37. lið. Þekki lánastofnunin ekki eignirnar sem sjóðurinn hefur fjárfest í skal flöktsjöfnunin vera sú mesta sem myndi eiga við einhverja þeirra eigna sem sjóðurinn hefur rétt til að fjárfesta í.

41. Að því er varðar skuldabréf, sem ekki hafa lánshæfismat, eru útgefin af stofnunum og uppfylla hæfisviðmiðanirnar í 8. lið 1. hluta, skal jöfnun flökts vera sú sama og vegna skuldabréfa útgefnum af stofnunum eða fyrirtækjum með utanaðkomandi lánshæfismat sem á við 2. eða 3. lánshæfisþrep.

ii. Eigið mat á jöfnun flökts

42. Lögbær yfirvöld skulu heimila lánastofnunum sem uppfylla kröfur sem settar eru fram í 47.–56. lið að nota eigið mat á flökti við útreikning á jöfnun flökts sem beita skal á tryggingar og áhættuskuldbindingar.

43. Þegar skuldabréf hafa lánshæfismat frá viðurkenndri utanaðkomandi lánshæfismatsstofnun sem jafngildir fjárfestingarflokki eða er hærra geta lögbær yfirvöld heimilað lánastofnunum að reikna út mat á flökti fyrir hvern flokk verðbréfa.

44. Við ákvörðun á viðeigandi flokkum skulu lánastofnanir taka til greina tegund útgefanda verðbréfs, lánshæfismat utanaðkomandi aðila á viðkomandi verðbréfi, eftirstöðvatíma og breyttan gildistíma. Mat á flökti skal vera lýsandi að því er varðar þau skuldabréf sem lánastofnun setur í viðkomandi flokk.

45. Að því er varðar skuldabréf sem hafa lánshæfismat frá viðurkenndri utanaðkomandi lánshæfismatsstofnun sem jafngildir lægri flokki en fjárfestingarflokki, og að því er varðar aðrar hæfar tryggingar, skal jöfnun flökts reiknuð út fyrir hvern einstakan lið.

46. Lánastofnanir sem nota aðferð eigin mats skulu meta flökt tryggingа eða gjaldeyrismisvægi án þess að taka tillit til fylgni milli ótryggðrar áhættuskuldbindingar, tryggingar og/eða gengis gjaldmiðla.

Megindlegar viðmiðanir

47. Við útreikning á jöfnun flökts skal nota einhliða 99% öryggisbil.

48. Innlausnartímabil skal vera 20 viðskiptadagar að því er varðar tryggðar lánveitingar, fimm viðskiptadagar að því er varðar endurhverf viðskipti, nema að því marki sem þess háttar viðskipti fela í sér yfirfærslu hrávara eða tryggðra réttinda varðandi tilkall til hrávara og verðbréfalánveitingar eða lántöku, og tíu viðskiptadagar varðandi önnur viðskipti sem tengjast fjármagnsmarkaði.

49. Lánastofnunum er heimilt að nota tölur til að jafna flökt sem reiknaðar eru út samkvæmt lengra eða styttra innlausnartímabili, kvarðaðar upp eða niður til samræmis við það innlausnartímabil sem sett er fram í 48. lið fyrir tegund viðkomandi viðskipta, með notkun formúlu fyrir kvaðratrót af tíma:

$$HM = HN\sqrt{T_M / T_N}$$

Þar sem T_M er viðeigandi innlausnartímabil;

H_M er jöfnun flökts samkvæmt T_M og

H_N er jöfnun flökts á grundvelli innlausnartímabils T_N.

50. Lánastofnanir skulu taka tillit til illseljanleika eigna af lakari gæðum. Innlausnartímabil skal kvarðað upp á við í tilvikum þar sem óvissa er um seljanleika tryggingar. Stofnanirnar skulu einnig tilgreina þau sögulegu gögn sem kunna að vanmeta mögulegt flökt, t.d. ef gengi gjaldmiðils er fest. Tekið skal á þess háttar tilvikum með álagssviðsmynd.

51. Sögulegt athugunartímabil (úrtakstímabil) vegna útreiknings á jöfnun flökts skal vera að lágmarki eitt ár. Að því er varðar lánastofnanir sem nota vogunarkerfi eða aðrar aðferðir vegna athugunartímabils skal gilt athugunartímabil vera að lágmarki eitt ár (þ.e. vegin meðaltímatöf einstakra athugana skal ekki vera minni en sex mánuðir). Lögbær yfirvöld geta einnig krafist þess að lánastofnun reikni út jöfnun flökts með styttra athugunartímabil ef það er réttlætanlegt, að mati lögbærra yfirvalda, vegna marktækrar aukningar á verðflökti.

52. Lánastofnanir skulu uppfæra gagnasöfn sín að lágmarki á þriggja mánaða fresti og skulu einnig endurmeta þau þegar markaðsverð verður fyrir verulegum breytingum. Þetta þýðir að jöfnun flökts skal reiknuð út á þriggja mánaða fresti hið minnsta.

Eigindlegar viðmiðanir

53. Nota skal mat á flökti í daglegu ferli áhættustýringar lánastofnunar, þar með talið í tengslum við innri áhættumörk stofnunar.

54. Sé innlausnartímabil sem lánastofnun notar við daglega áhættustýringu lengra en það sem sett er fram í þessum hluta, vegna viðkomandi viðskipta, skal flöktjöfnun lánastofnunar kvörðuð upp á við í samræmi við formúluna fyrir kvaðratrót af tíma sem sett er fram í 49. lið.

55. Lánastofnun skal búa yfir viðurkenndum verklagsreglum til að hafa eftirlit með og tryggja að farið sé eftir skjalfestum stefnum og varúðarráðstöfunum vegna stýringar þess kerfis sem notað er við mat á jöfnun flökts og vegna samþættingar á þess háttar mati við áhættustýringarferli.

56. Það skal vera hluti af innri endurskoðun lánastofnunar að láta fara fram með reglulegu millibili óháða endurskoðun á því kerfi sem lánastofnun notar til að jafna flökt. Endurskoðun alls þess kerfis, sem notað er við að meta jöfnun flökts og til að samþætta þær leiðréttingar við áhættustýringarferli lánastofnunar, skal fara fram að lágmarki einu sinni á ári og skal í það minnsta fjalla sérstaklega um:

a) samþættingu mats á jöfnun flökts við daglega áhættustýringu,

b) sannprófun á öllum marktækum breytingum á ferlinu við mat á jöfnun flökts,

c) sannprófun á því hversu samkvæmar, tímanlegar og traustar þær gagnalindir reynast sem eru notaðar við starfrækslu líkana vegna mats á jöfnun flökts og enn fremur hversu óháðir slíkir gagnagrunnar eru og

d) hversu nákvæmar og viðeigandi forsendur um flökt eru.

iii. Jöfnun flökts kvörðuð upp á við

57. Beita skal þeirri jöfnun flökts sem sett er fram í 36.–41. lið þegar um er að ræða daglegt endurmat. Þegar lánastofnun notar eigið mat á jöfnun flökts í samræmi við 42.–56. lið skal að sama skapi reikna þær út í fyrsta sinn á grundvelli daglegs endurmats. Fari endurmat fram sjaldnar en daglega skal beita meiri jöfnun flökts. Þær leiðréttingar skal reikna með því að kvarða daglegt endurmat á jöfnun flökts upp á við, með eftirfarandi formúlu kvaðratrótar af tíma:

$$H = H_M \sqrt{\frac{N_R + (T_M - 1)}{T_M}}$$

þar sem:

H er sú jöfnun flökts sem skal beita

H_M er jöfnun flökts þar sem fram fer daglegt endurmat

N_R er raunverulegur fjöldi virkra daga á milli gerðar endurmats

T_M er innlausnartímabil sem á við viðkomandi viðskipti.

iv. Skilyrði vegna beitingar 0% jöfnunar flökts

58. Í tengslum við endurhverf viðskipti og verðbréfalánveitingu eða –lántöku þar sem lánastofnun notar eftirlitsaðferð eða aðferð eigin mats við jöfnun flökts og þar sem skilyrði sem sett eru fram í a til h-lið eru uppfyllt, geta lánastofnanir beitt 0% jöfnun flökts í stað þeirra leiðréttinga sem reiknaðar eru út skv. 34.–57. lið. Þessi valkostur kemur ekki til greina að því er varðar lánastofnanir sem nota aðferð með innri líkönum sem sett er fram í 12.–21. lið:

a) Bæði áhættuskuldbindingin og tryggingin eru reiðufé eða skuldabréf útgefin af ríkisstjórnum eða seðlabönkum í skilningi b-liðar, 7. liðar 1. hluta og uppfylla skilyrði þess að fá 0% áhættuvog skv. 78.–83. gr.

b) Bæði áhættuskuldbindingin og tryggingin eru í sama gjaldmiðli.

c) Annað hvort er líftími viðskipta ekki lengri en einn dagur eða bæði áhættan og tryggingin eru færð á markaðsvirði eða endurmetin daglega.

d) Tímabilið frá síðustu færslu á markaðsvirði að þeim tímapunkti sem mótaðili getur ekki lagt fram viðbótartryggingu og trygging er innleyst skal ekki vera lengra en fjórir virkir dagar.

e) Viðskiptin eru gerð upp í uppgjörskerfi sem er viðurkennt fyrir viðkomandi tegund viðskipta.

f) Skjalfesting samnings er hefðbundin skjalfesting fyrir endurhverf viðskipti eða verðbréfalánveitingu eða -lántöku í viðkomandi verðbréfum.

g) Í skjölum sem gilda um viðskiptin kemur fram að ef mótaðili uppfyllir ekki skuldbindingu um að afhenda reiðufé eða verðbréf eða leggja fram viðbótartryggingu eða vanefnir samning með öðrum hætti séu viðskiptin tafarlaust uppsegjanleg.

h) Mótaðilinn er að mati lögbærra yfirvalda talinn vera mikilvægur markaðsaðili. Eftirfarandi aðilar teljast til mikilvægra markaðsaðila:

– aðilar sem nefndir eru í b-lið, 7. liðar 1. hluta, hafi áhættukröfur á þá 0% áhættuvog skv. 78.–83. gr.,

– stofnanir,

– önnur fjármálafyrirtæki (þ.m.t. vátryggingarfélög) hafi áhættukröfur á þau 20% áhættuvog skv. 78.–83. gr. eða, í tilviki lánastofnana sem reikna fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga og vænts taps skv. 83.–89. gr., þ au hafa ekki lánshæfismat frá viðurkenndri utanaðkomandi lánshæfismatsstofnun og eru metin innanhúss með líkur á vanskilum jafngildar þeim sem tengjast lánshæfismati utanaðkomandi lánshæfismatsstofnunar, sem lögbær yfirvöld hafa ákvarðað að sé tengt 2. lánshæfisþrepi eða ofar samkvæmt reglunum fyrir áhættuvog áhættukrafna á fyrirtæki, skv. 78.–83. gr.,

– eftirlitsskyld fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu sem lúta kröfum um eigið fé eða skuldsetningu,

– eftirlitsskyldir lífeyrissjóðir og

– viðurkennd uppgjörsfyrirtæki.

59. Þegar lögbært yfirvald heimilar beitingu þeirrar meðferðar sem sett er fram í 58. lið við endurhverf viðskipti eða verðbréfalánveitingu eða –lántöku í verðbréfum útgefnum af ríkisstjórn viðkomandi yfirvalds, þá geta önnur lögbær yfirvöld kosið að heimila lánastofnunum innan sinna lögsagnarumdæma að taka upp sömu aðferð vegna sömu viðskipta.

c) Útreikningur á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga og vænts taps

Staðalaðferð

60. E* eins og það er reiknað út skv. 33. lið skal notað sem virði áhættuskuldbindingar að því er varðar 80. gr. Þegar um er að ræða liði utan efnahagsreiknings, sem taldir eru upp í II. viðauka, skal nota E* sem það virði sem beita skal hlutföllunum í 1. mgr. 78. gr. á til þess að reikna út virði áhættuskuldbindingar.

Innramatsaðferð

61. Tap að gefnum vanefndum * (rauntap að gefnum vanefndum), reiknað út eins og sett er fram í þessum lið, skal nota sem tap að gefnum vanefndum að því er varðar VII. viðauka.

LGD* = LGD x (E*/E)

þar sem:

Tap að gefnum vanefndum er það tap að gefnum vanefndum sem myndi eiga við áhættuskuldbindinguna skv. 84.–89. gr. ef áhættuskuldbindingin væri ekki tryggð,

E er virði áhættuskuldbindingar eins og lýst í 33. lið,

E* er eins og það er reiknað skv. 33. lið.

1.5. **Aðrar hæfar tryggingar skv. 84.-89. gr.**

1.5.1. Mat

a) Fasteign sem trygging

62. Óháður matsaðili skal meta fasteignina á eða undir markaðsvirði. Í þeim aðildarríkjum sem hafa sett ströng skilyrði um mat á virði veðlána í lögum eða reglugerðum má þó óháður matsaðili meta fasteignina á eða undir markaðsvirði.

63. „Markaðsvirði“ er sú fjárhæð sem metið er að fasteign myndi seljast á, þann dag sem matið er gert, í viðskiptum ótengdra aðila, sem eru fúsir til viðskiptanna, í eðlilegum viðskiptum þar sem hver aðili fyrir sig aðhefst af þekkingu, varfærni og ótilneyddur. Markaðsvirðið skal skjalfest á gagnsæjan og skýran máta.

64. „Veðlánsvirði“: verðgildi fasteignar samkvæmt varfærnislegu mati á markaðshæfi fasteignarinnar í framtíðinni, að teknu tilliti til varanleika fasteignarinnar, eðlilegra og staðbundinna markaðsskilyrða, nýtingar fasteignarinnar og annarra hugsanlegra nýtingarmöguleika hennar. Ekki skal taka tillit til spákaupmennskuþátta þegar veðlánsvirði er metið. Veðlánsvirðið skal skjalfest á gagnsæjan og skýran máta.

65. Virði tryggingarinnar skal vera markaðsvirði eða veðlánsvirði, lækkað til að endurspegla áhrif eftirlits, sem krafist er skv. 8. lið 2. hluta, og til að taka tillit til allra krafna í fasteignina, sem eru á undan í kröfuröðinni.

b) Viðskiptakröfur

66. Virði viðskiptakrafna skal vera fjárhæð útistandandi krafna.

c) Aðrar áþreifanlegar tryggingar

67. Eignin skal metin á markaðsvirði — það er sú fjárhæð sem metið er að eign myndi seljast á þann dag sem matið er gert, í viðskiptum óskyldra aðila.

1.5.2. Útreikningur á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga og vænts taps

a) Almenn meðferð

68. Tap að gefnum vanefndum*, reiknað út eins og sett er fram í 69.–72. lið, skal nota sem tap að gefnum vanefndum að því er varðar VII. viðauka.

69. Þegar hlutfallið virði tryggingar (C) á móti virði áhættuskuldbindingar (E) er lægra en viðmiðunargildið C* (lágmarkstryggingarhlutfall áhættuskuldbindingarinnar) eins og mælt er fyrir um í töflu 5, skal tap að gefnum vanefndum* vera gildi taps að gefnum vanefndum sem mælt er fyrir um í VII. viðauka vegna ótryggðra áhættukrafna á mótaðilann.

70. Þegar hlutfallið virði tryggingar á móti virði áhættuskuldbindingar fer yfir annað, hærra viðmiðunargildi C** (þ.e. það hlutfall tryggingar sem krafist er til að tap að gefnum vanefndum sé samþykkt að fullu) eins og mælt er fyrir um í töflu 5, skal tap að gefnum vanefndum* vera það sem mælt er fyrir um í töflu 5.

71. Þegar það hlutfall tryggingar, C**, sem krafist er næst ekki að því er varðar áhættuskuldbindinguna í heild, skal áhættuskuldbindingin talin vera tvær áhættuskuldbindingar — sá hluti sem uppfyllir skilyrðin um hlutfall tryggingar, C**, og sá hluti sem eftir stendur.

72. Í töflu 5 er sett fram viðeigandi tap að gefnum vanefndum* og það hlutfall tryggingar sem krafist er varðandi tryggðan hluta áhættuskuldbindinga.

Tafla 5

Lágmarkstap að gefnum vanefndum fyrir tryggða hluta áhættuskuldbindinga

	Tap að gefnum vanefndum* fyrir forgangskröfur og ábyrgðarkröfur	Tap að gefnum vanefndum* fyrir víkjandi kröfur og ábyrgðarkröfur	Lágmarkstryggingar-hlutfall áhættuskuldbindingar (C*)	Lágmarkstryggingar-hlutfall áhættuskuldbindingar (C**)
Viðskiptakröfur	35%	65%	0%	125%
Íbúðarhúsnæði/við-skiptahúsnæði	35%	65%	30%	140%
Aðrar tryggingar	40%	70%	30%	140%

Samkvæmt undanþágu geta lögbær yfirvöld fram til 31. desember 2012, með fyrirvara um hlutfall trygginga sem mælt er fyrir um í töflu 5:

a) heimilað lánastofnunum að nota 30% tap að gefnum vanefndum að því er varðar forgangskröfur í formi leigusamninga um viðskiptahúsnæði,

b) heimilað lánastofnunum að nota 35% tap að gefnum vanefndum að því er varðar forgangskröfur í formi leigusamninga um búnað og

c) heimilað lánastofnunum að nota 30% tap að gefnum vanefndum að því er varðar forgangskröfur tryggðar með veði í íbúðar- eða viðskiptahúsnæði.

Við lok þessa tímabils skulu undanþágurnar endurskoðaðar.

b) Önnur möguleg meðferð tryggинga í formi fasteigna

73. Með fyrirvara um skilyrði þessa og 74. liðar og sem annar valkostur en meðferðin skv. 68.–72. lið geta lögbær yfirvöld aðildarríkis heimilað lánastofnunum að veita 50% áhættuvog þeim hluta áhættuskuldbindingar, sem er að fullu tryggður með veði í íbúðar- eða viðskiptahúsnæði innan yfirráðasvæðis aðildarríkis, að því gefnu að þau telji sannað að viðkomandi markaðir séu vel þróaðir og hafi langa hefð og tapshlutföll útlána með veði í íbúðar- eða viðskiptahúsnæði sem ekki eru umfram eftirfarandi mörk:

a) tap vegna útlánastarfsemi sem er tryggð með íbúðar- eða viðskiptahúsnæði allt að 50% af markaðsvirði (eða 60% af veðlánsvirði, þar sem við á og ef það er lægra) er ekki meira en 0,3% af útistandandi lánum sem eru tryggð með þess háttar húsnæði á tilteknu ári og

b) heildartap vegna útlánastarfsemi sem er tryggð með íbúðar- eða viðskiptahúsnæði er ekki meira en 0,5% af útistandandi lánum sem eru tryggð með þess háttar húsnæði á tilteknu ári.

74. Ef annað hvort skilyrði 73. liðar er ekki uppfyllt á tilteknu ári, skal heimildin til að beita þessari meðferð falla niður þar til skilyrðin eru uppfyllt á síðara ári.

75. Lögbær yfirvöld, sem heimila ekki þá meðferð sem lýst er í 73. lið, geta heimilað lánastofnunum að nota þær áhættuvogir sem leyfðar eru samkvæmt þessari meðferð að því er varðar áhættuskuldbindingar tryggðar með veði í íbúðar- eða viðskiptahúsnæði sem staðsett er innan yfirráðasvæðis þeirra aðildarríkja þar sem lögbær yfirvöld heimila þessa meðferð með sömu skilyrðum og gilda í viðkomandi aðildarríki.

1.6. **Útreikningur á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga og vænts taps ef um er að ræða blandaðar tryggingar**

76. Þegar fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga og vænts taps eru reiknaðar skv. 84.–89. gr. og áhættuskuldbinding er tryggð bæði með fjárhagslegri tryggingu og annarri hæfri tryggingu, skal tap að gefnum vanefndum*, sem nota skal sem tap að gefnum vanefndum að því er varðar VII. viðauka, reiknað út sem hér segir.

77. Þess skal krafist að lánastofnun skipti virði áhættuskuldbindingar, leiðréttu m.t.t. flökts (þ.e. virði eftir jöfnun flökts, eins og sett er fram í 33. lið) niður í hluta og skal hver þeirra tryggður með aðeins einni tegund tryggingar. Lánastofnun þarf því að skipta áhættuskuldbindingunni upp í hluta sem tryggðir eru með hæfri fjárhagslegri tryggingu, þann hluta sem tryggður er með viðskiptakröfum, þá hluta sem tryggðir eru með viðskiptahúsnæði og/eða íbúðarhúsnæði, þann hluta sem tryggður er með annarri hæfri tryggingu og ótryggðan hluta, eins og við á.

78. Gildi taps að gefnum vanefndum* fyrir hvern hluta áhættuskuldbindingar skal reikna sérstaklega í samræmi við viðeigandi ákvæði þessa viðauka.

1.7. **Önnur fjármögnuð útlánavörn**

1.7.1. Innlán hjá lánastofnun sem er þriðji aðili

79. Þegar skilyrðin sem sett eru fram í 12. lið 2. hluta eru uppfyllt, má meðhöndla útlánavörn sem fellur innan ramma 23. liðar 1. hluta eins og ábyrgð veitta af stofnun sem er þriðji aðili.

1.7.2. Líftryggingar sem veðsettar eru lánastofnun sem lánar

80. Þegar skilyrðin sem sett eru fram í 13. lið 2. hluta eru uppfyllt, má meðhöndla útlánavörn sem fellur innan ramma 24. liðar 1. hluta eins og ábyrgð veitta af fyrirtækinu sem veitir líftrygginguna. Virði útlánavarnarinnar skal vera endurkaupsvirði líftryggingarinnar.

1.7.3. Gerningar stofnana sem eru endurkeyptir samkvæmt beiðni

81. Heimilt er að fara með hæfa gerninga samkvæmt 25. lið 1. hluta sem ábyrgð veitta af útgáfustofnuninni.

82. Virði viðurkenndrar útlánavarnar skal vera eftirfarandi:

a) þegar gerningurinn verður endurkeyptur á nafnvirði, skal virði varnarinnar vera sú fjárhæð,

b) þegar gerningurinn verður endurkeyptur á markaðsvirði, skal virði varnarinnar vera virði gernings metið á sama hátt og skuldabréfin sem talin eru upp í 8. lið 1. hluta.

2. ÓFJÁRMÖGNUÐ ÚTLÁNAVÖRN

2.1. **Mat**

83. Virði ófjármagnaðrar útlánavarnar (G) skal vera sú fjárhæð sem veitandi varnarinnar hefur skuldbundið sig til að greiða ef vanskil eða greiðslufall lántaka eða annar tiltekinn lánaatburður á sér stað. Ef um er að ræða lánaafleiður, sem ekki fela í sér endurskipulagningu undirliggjandi skuldbindingar sem hefur í för með sér eftirgjöf eða frestun greiðslu á höfuðstól, vöxtum eða þóknunum, sem veldur útlánatapi (t.d. virðisbreytingu, framkvæmd virðisbreytingar eða annarrar svipaðrar gjaldfærslu í rekstrarreikningi), skal

a) virði útlánavarnar sem reiknað er út samkvæmt fyrstu málsgrein þessa liðar lækkað um 40%, ef fjárhæðin sem veitandi varnarinnar hefur skuldbundið sig til að greiða er ekki hærri en virði áhættuskuldbindingarinnar, eða

b) virði útlánavarnar ekki vera hærra en 60% af virði áhættuskuldbindingarinnar, ef fjárhæðin sem veitandi varnarinnar hefur skuldbundið sig til að greiða er hærri en virði áhættuskuldbindingarinnar.

84. Þegar ófjármögnuð útlánavörn er skráð í öðrum gjaldmiðli en áhættuskuldbindingin (gjaldmiðlamisvægi) er virði útlánavarnar lækkað með HFX jöfnun flökts sem hér segir:

$G^* = G \times (1-H_{FX})$

þar sem:

G er nafnvirði útlánavarnarinnar

G* er G leiðrétt fyrir allri gjaldeyrisáhættu og

H_{fx} er jöfnun flökts vegna alls gjaldeyrismisvægis milli útlánavarnarinnar og undirliggjandi skuldbindingar.

Ef enginn gjaldeyrismismunur er til staðar er

$G^* = G$

85. Jöfnun flökts vegna hvers konar gjaldeyrismisvægis er hægt að reikna á grundvelli eftirlitsaðferðar við jöfnun flökts eða aðferðar eigin mats eins og segir í 34.–57. lið.

2.2. **Útreikningur á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga og vænts taps**

2.2.1. Vörn að hluta — lagskipting í hluta

86. Þegar lánastofnun flytur hluta af áhættu vegna útláns yfir á einn eða fleiri hluta, skal beita reglunum í 94. gr. til 101. gr. Þau mikilvægismörk greiðslna, sem segja til um að ekki skuli inna af hendi greiðslu ef til taps kemur, eru talin jafngilda óafhentum stöðum fyrsta tapsþola og fela í sér lagskipta yfirfærslu áhættu.

2.2.2. Staðalaðferð

a) Full vernd

87. Að því er varðar 80. gr. skal áhættuskuldbinding sem er að fullu varin með ófjármagnaðri útlánavörn (G_A) fá áhættuvog g, þar sem:

g er áhættuvog áhættukrafna á veitanda varnar eins og tilgreint er í 78.–83. gr. og

GA er virði G* eins og það er reiknað skv. 84. lið og leiðrétt vegna misræmis í binditíma eins og lýst er í 4. hluta.

b) Vörn að hluta — sami forgangur

88. Þegar fjárhæðin sem er varin er lægri en virði áhættuskuldbindingar og varði og óvarði hlutinn hafa jafnan forgang — þ.e. lánastofnunin og veitandi varnar skipta hlutfallslega með sér tapi, skal heimila hlutfallslega lækkun á lögbundnu eigin fé. Að því er varðar 80. gr. skal reikna fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga samkvæmt eftirfarandi formúlu:

$E\text{-}G_A)\quad x\ r + G_A\ x\ g$

þar sem:

E er virði áhættuskuldbindingar

GA er virði G* eins og það er reiknað skv. 84. lið og leiðrétt vegna misræmis í binditíma eins og mælt er fyrir um í 4. hluta.

r er áhættuvog áhættukrafna á loforðsgjafa eins og tilgreint er í 78.–83. gr. og

g er áhættuvog áhættukrafna á veitanda varnar eins og sett er fram í 78.–83. gr.

c) Ríkisábyrgðir

89. Lögbær yfirvöld geta beitt meðferðinni sem kveðið er á um í 4. og 5. lið 1. hluta VI. viðauka á áhættuskuldbindingar eða hluta áhættuskuldbindinga með ábyrgð ríkisstjórnar eða seðlabanka, þegar ábyrgðin er skráð í gjaldmiðli lántaka og áhættuskuldbindingin er fjármögnuð í þeim gjaldmiðli.

2.2.3. Innramatsaðferð

Full vörn/Vörn að hluta — sami forgangur

90. Að því er varðar þann hluta áhættuskuldbindingarinnar sem er varinn (á grundvelli leiðrétts virðis útlánavarnar GA), geta líkur á vanskilum (e. PD), að þ ví er varðar 2. hluta VII. viðauka, verið líkur á vanskilum (PD) veitanda varnar, eða fjárhæð á milli líka á vanskilum lántaka og ábyrgðaraðila ef full greiðsla er ekki talin réttlætanleg. Sé um að ræða víkjandi áhættukröfur og ófjármagnaða vörn, sem ekki er víkjandi, má nota tap að gefnum vanefndum sem tengist forgangskröfum, að því er varðar 2. hluta VII. viðauka.

91. Að því er varðar hvern óvarinn hluta áhættuskuldbindingarinnar skulu líkur á vanskilum vera líkur á vanskilum lántakans og tap að gefnum vanefndum skal vera tap að gefnum vanefndum undirliggjandi áhættuskuldbindingar.

92. GA er virði G* eins og það er reiknað skv. 84. lið og leiðrétt vegna misræmis í binditíma eins og lýst er í 4. hluta.

4. HLUTI

Misræmi í binditíma

1. Við útreikning á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga verður misræmi í binditíma þegar eftirstöðvatími útlánavarnar er styttri en eftirstöðvatími þeirrar áhættuskuldbindingar sem varin er. Vörn sem hefur skemmri eftirstöðvatíma en þrjá mánuði skal ekki viðurkennd ef binditími hennar er styttri en binditími undirliggjandi áhættuskuldbindingar.

2. Þegar misræmi í binditíma er til staðar skal ekki viðurkenna útlánavörn ef:

   a) upphaflegur binditími varnar er styttri en eitt ár eða

   b) áhættuskuldbindingin er skammtímaáhættuskuldbinding sem lögbær yfirvöld hafa tilgreint að sé háð lágmarki fyrir binditíma (e. M), samkvæmt 14. lið, 2. hluta, VII. viðauka, sem er einn dagur frekar en eitt ár.

1. SKILGREINING Á BINDITÍMA

3. Virkur binditími undirliggjandi áhættuskuldbindingar skal vera hámarkstíminn sem eftir er áður en loforðsgjafa er ætlað að fullnægja skyldu sinni, þó að hámarki fimm ár. Með fyrirvara um 4. lið skal binditími útlánavarnarinnar vera tíminn til þess dags þegar vörnin getur fyrst runnið út eða henni fyrst sagt upp.

4. Þegar seljandi varnarinnar hefur val um að segja henni upp skal binditími varnarinnar teljast vera til þess tíma þegar fyrst er hægt að nýta þann möguleika. Þegar kaupandi varnarinnar hefur val um að segja henni upp og skilmálar samningsins við upphaf varnarinnar fela í sér jákvæða hvatningu til að lánastofnunin segi upp samningnum áður en binditími hans er liðinn skal bindtími varnarinnar teljast sem tíminn til þess dags þegar fyrst er hægt að nýta þann möguleika, annars má líta svo á að slíkur möguleiki hafi ekki áhrif á binditíma varnarinnar.

5. Þegar ekki er komið í veg fyrir að lánaafleiða falli úr gildi fyrir lok greiðslufrests, sem krafist er að renni út til að undirliggjandi skuldbinding fari í vanskil af völdum greiðslufalls, skal binditími varnarinnar styttur sem samsvarar greiðslufrestinum.

2. MAT Á VÖRN

2.1. **Viðskipti sem fjármögnuð útlánavörn nær yfir — einfalda aðferðin um fjárhagslegar tryggingar**

6. Sé misræmi milli gjalddaga áhættuskuldbindingarinnar og gjalddaga varnarinnar skal tryggingin ekki viðurkennd.

2.2. **Viðskipti sem fjármögnuð útlánavörn nær yfir — heildaraðferðin sem byggist á fjárhagslegri tryggingu**

7. Binditími útlánavarnar og binditími áhættuskuldbindingarinnar skal endurspeglast í leiðréttu virði tryggingarinnar í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$C_{VAM} = C_{VA} \times (t-t^*)/(T-t^*)$

þar sem:

C_{VA} er virði tryggingar eftir jöfnun flökts eins og tilgreint er í 33. lið 3. hluta, eða fjárhæð áhættuskuldbindingarinnar, eftir því hvort er lægra,

t er fjöldi ára fram að gjalddaga útlánavarnar, reiknaður út í samræmi við 3.–5. lið, eða gildi T, eftir því hvort er lægra,

T er fjöldi ára fram að gjalddaga áhættuskuldbindingar, reiknaður út í samræmi við 3.–5. lið, eða 5 ár, eftir því hvort er lægra og

t* er 0,25.

C_{VAM} skal vera C_{VA} leiðrétt vegna misræmis á binditíma, sem skal vera hluti af formúlunni til að reikna út fullleiðrétt virði áhættuskuldbindingarinnar (E*) sem sett er fram í 33. lið 3. hluta.

2.3. **Viðskipti sem ófjármögnuð útlánavörn nær yfir**

8. Binditími útlánavarnar og binditími áhættuskuldbindingar skulu endurspeglast í leiðréttu virði útlánavarnar samkvæmt eftirfarandi formúlu:

$GA = G^* \times (t-t^*)/(T-t^*)$

þar sem:

G* er fjárhæð varnarinnar, leiðrétt vegna hvers konar gjaldeyrismisvægis

G_A er G* leiðrétt vegna hvers konar misræmis í binditíma

t er fjöldi ára fram að gjalddaga útlánavarnar, reiknaður út í samræmi við 3.–5. lið, eða gildi T, eftir því hvort er lægra,

T er fjöldi ára fram að gjalddaga áhættuskuldbindingar, reiknaður út í samræmi við 3.–5. lið, eða 5 ár, eftir því hvort er lægra og

t* er 0,25.

G_A er svo notað sem virði varnarinnar að því er varðar 83.–92. lið 3. hluta.

5. HLUTI

Samsetning mildunar á útlánaáhættu í staðlaðri aðferð

1. Í þeim tilvikum sem lánastofnun, sem reiknar út fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga skv. 78.–83. gr., lætur fleiri en eina tegund mildunar á útlánaáhættu ná yfir eina áhættuskuldbindingu (t.d. ef áhættuskuldbinding er að hluta varin með tryggingu og að hluta með ábyrgð), skal þess krafist að lánastofnunin skipti áhættuskuldbindingunni í hluta eftir tegund áhættumildandi tóla (t.d. hluta sem er varinn með tryggingu og hluta sem er varinn með ábyrgð) og að fjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar vegna hvers hluta sé reiknuð út í samræmi við ákvæði 78.–83. gr. og þessa viðauka.

2. Þegar útlánavörn veitt af sama aðila er með mismunandi binditíma skal beita svipaðri aðferð og þeirri sem lýst er í 1. lið.

6. HLUTI

Mildun útlánahættu fyrir körfu áhættuskuldbindinga

1. LÁNAAFLEIÐUR SEM BYGGJAST Á FYRSTA VANSKILAAÐILA

1. Ef lánastofnun veitir útlánavörn vegna viss fjölda áhættukrafna samkvæmt skilmálum um að fyrsta greiðslufall á meðal áhættukrafna skuli orsaka greiðslu og að þessi lánaatburður skuli leiða til uppsagnar á samningum, getur lánastofnunin breytt útreikningunum á fjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar og, ef við á, fjárhæð vænts taps sem myndi, ef engin útlánavörn væri til staðar, gefa lægstu fjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar skv. 78.–83. gr. eða 84.–89. gr., eins og við á, í samræmi við þennan viðauka, en aðeins ef virði áhættuskuldbindingarinnar er minna en eða jafnt og virði útlánavarnarinnar.

2. ÚTLÁNAAFLEIÐUR SEM BYGGJAST Á N-TA VANSKILAAÐILA

2. Þegar n-tu vanskil meðal áhættuskuldbindinganna hrinda af stað greiðslu samkvæmt útlánavörninni, getur sú lánastofnun sem kaupir vörn aðeins viðurkennt vörnina að því er varðar útreikning á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga og, eins og við á, fjárhæðir vænts taps ef vörnin hefur einnig verið keypt vegna 1 til n-1 vanskila eða þegar n-1 vanskil hafa þegar átt sér stað. Í þess háttar tilvikum skal fylgja þeirri aðferðafræði sem sett er fram í 1. lið vegna afleiða sem byggjast á fyrsta vanskilaaðila, aðlagaðri með viðeigandi hætti vegna afurða sem byggjast á n-ta vanskilaaðila.

IX. VIÐAUKI

VERÐBRÉFUN

1. HLUTI

Skilgreiningar að því er varðar IX. viðauka

1. Í þessum viðauka er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

– „umframávöxtun“: innheimt fjármagnsgjöld og aðrar þjónustutekjur sem fást greiddar að því er varðar verðbréfaðar áhættuskuldbindingar að frádregnum kostnaði og gjöldum,

– „uppkauparéttur“: samningsbundinn réttur útgefanda til að kaupa aftur eða uppræta verðbréfaðar stöður, áður en allar undirliggjandi áhættuskuldbindingar hafa verið endurgreiddar, ef fjárhæð útistandandi áhættuskuldbindinga er komin undir tiltekin mörk,

– „lausafjárfyrirgreiðsla“: verðbréfuð staða sem leiðir af samningi um fjármögnun til þess að tryggja tímanleika sjóðstreymis til fjárfesta,

– „Kirb“: 8% af fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga sem hefðu verið reiknaðar út skv. 84.–89. gr. að því er varðar verðbréfaðar áhættuskuldbindingar, ef þær hefðu ekki verið verðbréfaðar, auk fjárhæðar vænts taps vegna þessara áhættuskuldbindinga, reiknað út samkvæmt þeim greinum,

– „matsaðferð“: aðferð við útreikning á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga að því er varðar verðbréfaðar stöður í samræmi við 46.–51. lið 4. hluta,

– „eftirlitsformúluaðferð“: aðferð við útreikning á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga að því er varðar verðbréfaðar stöður í samræmi við 52.–54. lið 4. hluta,

– „staða án lánshæfismats“: verðbréfuð staða sem hefur ekki fengið lánshæfismat frá viðurkenndri utanaðkomandi lánshæfismatsstofnun eins og skilgreint í 97. gr.,

– „staða með lánshæfismati“: verðbréfuð staða sem hefur fengið lánshæfismat frá viðurkenndri utanaðkomandi lánshæfismatsstofnun eins og skilgreind í 97. gr. og

– „eignatryggð skammtímaskuldabréfaáætlun (e. ABCP programme)“: verðbréfunaráætlun þar sem útgefnu verðbréfin eru aðallega viðskiptabréf með upphaflegan binditíma til eins árs eða skemur.

2. HLUTI

Lágmarkskröfur vegna viðurkenningar á yfirfærslu verulegrar útlánaáhættu og útreiknings á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga og vænts taps vegna verðbréfaðra áhættuskuldbindinga

1. LÁGMARKSKRÖFUR VEGNA VIÐURKENNINGAR Á YFIRFÆRSLU VERULEGRAR ÚTLÁNAÁHÆTTU VIÐ HEFÐBUNDNA VERÐBRÉFUN

1. Útgáfulánastofnun hefðbundinnar verðbréfunar er heimilt að undanskilja verðbréfaðar áhættuskuldbindingar við útreikning fjárhæða áhættuveginna áhættuskuldbindinga og vænts taps ef veruleg útlánaáhætta sem tengist verðbréfuðu áhættuskuldbindingunum hefur verið færð yfir til þriðja aðila og yfirfærslan uppfyllir eftirfarandi skilyrði:

a) skjöl um verðbréfun endurspegla efnahagslegt inntak viðskiptanna,

b) verðbréfaðar áhættuskuldbindingar eru settar utan seilingar útgáfulánastofnunar og lánadrottna hennar, þ.m.t. við gjaldþrot og skiptameðferð. Þetta skal stutt áliti til þess bærs lögfræðings,

c) útgefin verðbréf fela ekki í sér greiðsluskuldbindingu upphafslánastofnunarinnar,

d) framsalshafi er rekstrareining um sérverkefni á sviði verðbréfunar (e. SSPE),

e) útgáfulánastofnun heldur hvorki beinum né óbeinum umráðum yfir hinni yfirfærðu áhættuskuldbindingu. Útgefandi telst hafa bein umráð yfir yfirfærðu áhættuskuldbindingunni ef hann á rétt á að kaupa yfirfærðar áhættuskuldbindingar aftur af framsalshafanum til þess að innleysa ávinning þeirra eða ef hann er skuldbundinn til að taka aftur á sig yfirfærða áhættu. Áframhaldandi umsýsluréttindi eða -skyldur útgáfulánastofnunar að því er varðar áhættuskuldbindingarnar skulu ekki einar og sér mynda óbein umráð yfir þeim,

f) þegar um er að ræða uppkauparétt skulu eftirfarandi skilyrði uppfyllt:

i. uppkauparétturinn er nýtanlegur að vild útgáfulánastofnunarinnar,

ii. uppkauparétturinn er aðeins nýtanlegur þegar 10% eða minna af upphaflegu virði verðbréfuðu áhættuskuldbindinganna hefur ekki verið greitt niður og

iii. uppkauparétturinn er ekki gerður til þess að komast hjá því að tap lendi á stöðum sem ætlað er að bæta lánshæfi, eða öðrum stöðum sem fjárfestar halda, og honum er ekki á annan hátt ætlað að bæta lánshæfi og

g) gögnin varðandi verðbréfunina fela ekki í sér ákvæði:

i. önnur en ákvæði um greiðslu afborgana fyrir gjalddaga, sem krefjast þess að útgáfulánastofnunin bæti stöður í verðbréfuninni, þ.m.t. en ekki einskorðað við að breyta undirliggjandi áhættukröfum eða auka ávöxtun sem greiða skal fjárfestum, vegna rýrnunar á lánshæfisgæðum verðbréfuðu staðnanna, eða

ii. sem auka ávöxtun sem greiða skal handhöfum staðnanna í verðbréfuninni, vegna rýrnunar á lánshæfisgæðum undirliggjandi safns.

2. LÁGMARKSKRÖFUR VEGNA VIÐURKENNINGAR Á YFIRFÆRSLU VERULEGRAR ÚTLÁNAÁHÆTTU Í GERVIVERÐBRÉFUN

2. Útgáfulánastofnun gerviverðbréfunar er heimilt að reikna út fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga og, þar sem við á, vænts taps vegna verðbréfaðra áhættuskuldbindinga í samræmi við 3. og 4. lið hér á eftir, ef veruleg útlánaáhætta hefur verið færð yfir til þriðju aðila með annaðhvort fjármagnaðri eða ófjármagnaðri útlánavörn og yfirfærslan er í samræmi við eftirfarandi skilyrði:

a) skjöl um verðbréfunina endurspegla efnahagslegt inntak viðskiptanna,

b) útlánavörnin, sem útlánaáhættan færist með, er í samræmi við kröfur um hæfi og aðrar kröfur í 90.–93. gr. vegna færslu á slíkri útlánavörn. Í þessum lið skulu rekstrareiningar um sérverkefni ekki vera viðurkenndar sem hæfir veitendur ófjármagnaðrar útlánavarnar,

c) gerningarnir sem notaðir eru til að yfirfæra útlánaáhættu fela ekki í sér skilmála eða skilyrði sem:

i. setja marktæk mikilvægismörk sem þýða að undir þeim sé útlánavörn ekki hrundið af stað ef lánaatburður á sér stað,

ii. heimila að rifta vörninni vegna rýrnunar á lánshæfisgæðum undirliggjandi áhættuskuldbindinga,

iii. krefjast þess að útgáfulánastofnunin bæti stöður í verðbréfuninni, nema ef um er að ræða ákvæði um greiðslu afborgana fyrir gjalddaga,

iv. auka kostnað lánastofnunarinnar við útlánavörn eða ávöxtun sem greiða skal handhöfum staðnanna í verðbréfuninni, vegna rýrnunar á lánshæfisgæðum undirliggjandi safns og

d) fengin er álitsgerð hjá þar til bærum lögfræðingi til staðfestingar á framfylgjanleika útlánavarnarinnar í öllum viðkomandi lögsagnarumdæmum.

3. ÚTREIKNINGAR ÚTGÁFULÁNASTOFNANA Á FJÁRHÆÐUM ÁHÆTTUVEGINNA ÁHÆTTUSKULDBINDINGA VEGNA ÁHÆTTUSKULDBINDINGA SEM ERU VERÐBRÉFAÐAR Í GERVIVERÐBRÉFUN

3. Við útreikning á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga vegna verðbréfaðra áhættuskuldbindinga, þar sem skilyrðin í 2. lið eru uppfyllt, skal útgáfulánastofnun gerviverðbréfunar, með fyrirvara um 5.–7. lið, nota viðeigandi aðferðarfræði vegna útreikninga sem sett er fram í 4. hluta og ekki þá sem sett er fram í 78.–89. gr. Að því er varðar lánastofnanir sem reikna út fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga og vænts taps skv. 84.–89. gr. skal fjárhæð vænts taps að því er varðar slíkar áhættuskuldbindingar vera núll.

4. Til glöggvunar vísar 3. liður til alls safns áhættuskuldbindinganna sem verðbréfunin felur í sér. Með fyrirvara um 5.–7. lið er útgáfulánastofnuninni skylt að reikna út fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga að því er varðar öll lög verðbréfunar, í samræmi við ákvæði 4. hluta, þ.m.t. þau sem tengjast viðurkenningu á mildun á útlánaáhættu. Þar sem lag er t.d. fært yfir til þriðja aðila með ófjármagnaðri útlánavörn skal áhættuvog þess þriðja aðila notuð á lagið í útreikningum á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga útgáfulánastofnunarinnar.

3.1. **Meðferð misræmis í binditíma í gerviverðbréfun**

5. Við útreikning á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga í samræmi við 3. lið skal tekið tillit til alls misræmis í binditíma milli útlánavarnarinnar, sem lagskiptingu er náð með, og verðbréfuðu áhættuskuldbindinganna í samræmi við 6.–7. lið.

6. Binditími verðbréfuðu áhættuskuldbindinganna telst vera lengsti binditíminn meðal þessara áhættuskuldbindinga, með fyrirvara um 5 ára hámark. Binditími útlánavarnarinnar skal ákvarðaður í samræmi við VIII. viðauka.

7. Útgáfulánastofnun skal hunsa allt misræmi í binditíma við útreikninga á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga vegna laga í lagskiptingu, sem fá áhættuvog 1250% samkvæmt fjórða hluta. Að því er varðar öll önnur lög skal beita meðferð vegna misræmis í binditíma, sem sett er fram í VIII. viðauka, í samræmi við eftirfarandi formúlu:

RW* er [RW(SP)× (t - t*) / (T - t*)] + [RW(Ass) × (T - t) / (T - t*)]

Þar sem:

RW* er fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga að því er varðar a-lið 75. gr.,

RW(Ass) er fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga, ef þær voru ekki verðbréfaðar, reiknaðar hlutfallslega,

RW(SP) er fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga reiknaðar samkvæmt 3. lið, ef ekkert misræmi var í binditíma,

T er binditími undirliggjandi áhættuskuldbindinga í árum talið,

t er binditími útlánavarnar í árum talið og

t* er 0,25.

3. HLUTI

Lánshæfismat óháðs aðila

1. KRÖFUR SEM LÁNSHÆFISMAT UTANAÐKOMANDI LÁNSHÆFISMATSSTOFNUNAR SKAL UPPFYLLA

1. Svo nota megi lánshæfismat viðurkenndrar utanaðkomandi lánshæfismatsstofnunar við útreikning á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga í samræmi við fjórða hluta, skal það uppfylla eftirfarandi skilyrði:

a) enginn mismunur skal vera á tegundum greiðslna sem endurspeglast í lánshæfismatinu og tegundum greiðslna sem lánastofnunin á rétt á samkvæmt samningnum sem liggur að baki verðbréfuðu stöðunni sem um er að ræða og

b) lánshæfismat skal vera aðgengilegt öllum á markaðnum. Lánshæfismat telst aðeins vera aðgengilegt öllum ef það hefur verið birt á vettvangi sem er aðgengilegur öllum og er innifalið í færslufylki utanaðkomandi lánshæfismatsstofnunar. Lánshæfismat sem er aðeins gert aðgengilegt fyrir takmarkaðan fjölda aðila skal ekki teljast opinberlega aðgengilegt.

2. NOTKUN LÁNSHÆFISMATS

2. Lánastofnun getur tilnefnt eina eða fleiri viðurkenndar utanaðkomandi lánshæfismatsstofnanir sem gera lánshæfismat sem nota skal við útreikning á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga skv. 94.–101. gr. („tilnefnd utanaðkomandi lánshæfismatsstofnun“).

3. Að því er varðar 5.–7. lið hér að neðan, skal lánastofnun nota lánshæfismat frá tilnefndri utanaðkomandi lánshæfismatsstofnun, að því er varðar verðbréfaðar stöður sínar, með samræmdum hætti.

4. Að því er varðar 5. og 6. lið, má lánastofnun ekki nota lánshæfismat utanaðkomandi lánshæfismatsstofnunar fyrir stöður sínar í sumum lögum og annarrar utanaðkomandi lánshæfismatsstofnunar fyrir stöður sínar í öðrum lögum innan sama fyrirkomulags, hvort sem fyrri utanaðkomandi lánshæfismatsstofnunin hefur metið þær eða ekki.

5. Þegar staða hefur fengið tvö lánshæfismöt frá tilnefndum utanaðkomandi lánshæfismatsstofnunum, skal lánastofnunin nota það lánshæfismat sem er óhagstæðara.

6. Þegar staða hefur fengið fleiri en tvö lánshæfismöt frá tilnefndum utanaðkomandi lánshæfismatsstofnunum, skal nota þau tvö lánshæfismöt sem eru hagstæðust. Ef tvö hagkvæmustu lánshæfismötin eru mismunandi, skal nota það af þessum tveimur sem er síður hagkvæmt.

7. Þegar útlánavörn, sem metin er hæf skv. 90.–93. gr., er veitt beint til rekstrareiningar um sérverkefni á sviði verðbréfunar og sú vörn endurspeglast í lánshæfismati tilnefndrar utanaðkomandi lánshæfismatsstofnunar á stöðu, má nota áhættuvogina sem á við það lánshæfismat. Ef vörnin er ekki talin hæf skv. 90.–93. gr. skal lánshæfismatið ekki viðurkennt. Við þær aðstæður sem útlánavörn er ekki veitt til rekstrareiningar um sérverkefni á sviði verðbréfunar heldur beint til verðbréfaðrar stöðu skal ekki viðurkenna lánshæfismatið.

3. VÖRPUN

8. Lögbær yfirvöld skulu ákvarða við hvaða lánshæfisþrep, í töflunum sem settar eru fram í fjórða hluta, skuli tengja hvert lánshæfismat frá viðurkenndri utanaðkomandi lánshæfismatsstofnun. Við ákvörðunina skulu lögbær yfirvöld greina á milli þeirra hlutfallslegu áhættustiga sem hvert mat lýsir. Þau skulu hafa í huga megindlega þætti svo sem vanefnda- og/eða tapshlutföll og eigindlega þ ætti svo sem mismunandi gerðir viðskipta sem metin eru af utanaðkomandi lánshæfismatsstofnun og inntak lánshæfismatsins.

9. Lögbær yfirvöld skulu leitast við að tryggja að verðbréfaðar stöður, sem fá sömu áhættuvog á grundvelli lánshæfismata viðurkenndra utanaðkomandi lánshæfismatsstofnana, hafi sama áhættustig. Þetta felur í sér að leiðrétta ákvörðun sína að því er varðar lánshæfisþrep sem tiltekið lánshæfismat skal tengjast, eins og við á.

4. HLUTI

Útreikningur

1. ÚTREIKNINGUR FJÁRHÆÐA ÁHÆTTUVEGINNA ÁHÆTTUSKULDBINDINGA

1. Að því er varðar 96. gr. skulu fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga verðbréfaðra staðna reiknaðar út með því að beita viðeigandi áhættuvog, sem sett er fram í þessum hluta, á virði áhættuskuldbindingar þeirrar stöðu.

2. Með fyrirvara um 3. lið:

a) þegar lánastofnun reiknar út fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga skv. 6.–36. lið skal virði áhættuskuldbindingar verðbréfaðrar stöðu í efnahagsreikningi vera virði hennar í efnahagsreikningi,

b) þegar lánastofnun reiknar út fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga skv. 37.–76. lið skal virði áhættuskuldbindingar verðbréfaðrar stöðu í efnahagsreikningi vera virði hennar fyrir virðisbreytingar og

c) virði áhættuskuldbindingar verðbréfaðrar stöðu utan efnahagsreiknings skal vera nafnvirði margfaldað með breytistuðli eins og mælt er fyrir um í þessum viðauka. Þessi breytistuðull skal vera 100% nema annað sé tekið fram.

3. Virði áhættuskuldbindingar verðbréfaðrar stöðu sem leiðir af afleiðugerningi sem talinn er upp í IV. viðauka, skal ákvarðaður í samræmi við III. viðauka.

4. Þegar verðbréfuð staða fellur undir fjármagnaða útlánavörn, má leiðrétta virði áhættuskuldbindingar þeirrar stöðu í samræmi við og með fyrirvara um kröfurnar sem settar eru fram í VIII. viðauka og tilgreindar enn frekar í þessum viðauka.

5. Þegar lánastofnun hefur tvær eða fleiri stöður sem skarast í verðbréfun skal hún, að því marki sem þær skarast, aðeins taka til greina í útreikningi á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga þá stöðu eða hluta af stöðu sem gefur hærri fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga. Að því er þetta varðar þýðir „skörun“ að stöður feli í sér, að hluta til eða í heild, áhættu gagnvart sama áhættuþætti þannig að aðeins sé um eina áhættuskuldbindingu að ræða, að því marki sem skörun á sér stað.

2. ÚTREIKNINGUR Á FJÁRHÆÐUM ÁHÆTTUVEGINNA ÁHÆTTUSKULDBINDINGA SAMKVÆMT STAÐALAÐFERÐ

6. Með fyrirvara um 8. lið, skal reikna fjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar metinnar verðbréfaðrar stöðu með því að beita, á virði áhættuskuldbindingarinnar, þeirri áhættuvog sem lögbær yfirvöld hafa ákvarðað að lánshæfismatið tengist í samræmi við 98. gr., eins og mælt er fyrir um í töflum 1 og 2.

Tafla 1

Stöður, aðrar en þær sem hafa skammtímalánshæfismat

Lánshæfisþrep	1	2	3	4	5 og lægra
Áhættuvog	20%	50%	100%	350%	1250%

Tafla 2

Stöður sem hafa skammtímalánshæfismat

Lánshæfisþrep	1	2	3	Öll önnur lánshæfismöt
Áhættuvog	20%	50%	100%	1250%

7. Með fyrirvara um 10.–15. lið, skal reikna fjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar ómetinnar verðbréfaðrar stöðu með því að nota áhættuvog 1250%.

2.1. **Útgáfu- og umsýslulánastofnanir**

8. Að því er varðar útgáfulánastofnun eða umsýslulánastofnun, geta fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga, reiknaðar að því er varðar stöðu hennar í verðbréfun, verið takmarkaðar við fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga sem væru reiknaðar út fyrir verðbréfuðu stöðurnar ef þær hefðu ekki verið verðbréfaðar, með fyrirvara um að gert sé ráð fyrir að 150% áhættuvog sé beitt á alla gjaldfallna liði og liði sem tilheyra „skilgreindum háum áhættuflokkum“ meðal verðbréfaðra áhættuskuldbindinga.

2.2. **Meðferð staðna án lánshæfismats**

9. Lánastofnanir sem eiga ómetnar verðbréfaðar stöður geta beitt þeirri meðferð sem sett er fram í 10. lið til að reikna út fjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar þeirrar stöðu, að því gefnu að samsetning safns þeirra áhættuskuldbindinga sem eru verðbréfaðar sé þekkt á hverjum tímapunkti.

10. Lánastofnun getur notað þá áhættuvog, sem er meðaltal áhættuvoga, sem lánastofnun myndi beita á verðbréfuðu stöðurnar, skv. 78.–83. gr., ef hún ætti þær, margfaldað með þjöppunarhlutfalli. Þetta þjöppunarhlutfall er jafnt summu nafnvirðis allra laganna deilt með summu nafnvirðis laga sem eru lægri eða jafngild því lagi sem staðan er í þ.m.t. lagsins sjálfs. Áhættuvogin sem af þessu leiðir skal ekki vera hærri en 1250% eða lægri en nokkur áhættuvog sem á við metið, hærra sett lag. Geti lánstofnun ekki ákvarðað áhættuvogir sem verðbréfaðar stöður fengju skv. 78.–83. gr. skal hún beita áhættuvog 1250% á stöðuna.

2.3. **Meðferð verðbréfaðra staðna í öðru tapslagi eða ofar í eignatryggðri skammtímaskuldabréfaáætlun**

11. Með fyrirvara um að ákvæði um lausafjárfyrirgreiðslu í 13.–15. lið bjóði upp á hagstæðari meðferð, getur lánastofnun beitt áhættuvog, sem er hærri en 100%, á verðbréfaðar stöður sem uppfylla skilyrðin sem sett eru fram í 12. lið, eða hæstu áhættuvog sem lánastofnun sem ætti einhverja af verðbréfuðu stöðunum myndi beita á þær skv. 78.–83. gr.

12. Til þess að meðferðin sem sett er fram í 11. lið sé tiltæk skulu verðbréfuðu stöðurnar vera:

a) í lagi sem er efnahagslega í annarri tapsstöðu eða betri í verðbréfuninni og fyrsta tapslagið veitir þýðingarmikla bætingu á lánshæfi annars lagsins,

b) af gæðum sem eru jafngild fjárfestingarflokki eða betri og

c) í eigu lánastofnunar sem ekki á stöðu í fyrsta tapslagi.

2.4. **Meðferð lausafjárfyrirgreiðslu án lánshæfismats**

2.4.1. Hæf lausafjárfyrirgreiðsla

13. Beita má 20% breytistuðli á nafnvirði lausafjárfyrirgreiðslu með upphaflegan binditíma sem er eitt ár eða styttri, til að ákvarða virði áhættuskuldbindingar hennar, og 50% breytistuðli á nafnvirði lausafjárfyrirgreiðslu með upphaflegan binditíma sem er lengri en eitt ár, að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

a) gögn vegna lausafjárfyrirgreiðslu skulu með skýrum hætti tilgreina og takmarka þær aðstæður sem má nýta fyrirgreiðsluna við,

b) ekki skal vera mögulegt að nota fyrirgreiðsluna til þess að auka lánshæfi með því að mæta tapi sem þegar hefur átt sér stað þegar dregið er á fyrirgreiðsluna, til dæmis með því að veita greiðslugetu vegna áhættuskuldbindinga sem eru í vanskilum þegar dregið er á fyrirgreiðslu eða með því að kaupa eignir á verði yfir markaðsvirði,

c) fyrirgreiðsluna skal ekki nota til að útvega varanlega eða reglulega fjármögnun verðbréfunar,

d) endurgreiðslur ádreginnar fyrirgreiðslu skulu hvorki látnar víkja fyrir kröfum fjárfesta öðrum en kröfum sem eru tilkomnar vegna vaxta- eða gjaldeyrisafleiða, þóknana eða annarra þess háttar greiðslna, né vera með fyrirvara um undanþágur eða frestun,

e) ekki skal vera hægt að nota fyrirgreiðslu eftir að allar mögulegar bætur á lánshæfi, sem myndu vera til bóta fyrir lausafjárfyrirgreiðsluna, hafa verið nýttar og

f) fyrirgreiðslan skal fela í sér ákvæði sem leiðir til sjálfvirkrar lækkunar þeirrar fjárhæðar sem hægt er að draga á um sem nemur fjárhæð áhættuskuldbindinga í vanskilum, þar sem merking „vanskila“ er í samræmi við 84.–89. gr. eða þar sem safn verðbréfaðra áhættuskuldbindinga samanstendur af metnum gerningum og fyrirgreiðslunni lýkur ef meðalgæði safns falla niður fyrir fjárfestingarflokk.

Nota skal þá hæstu áhættuvog sem lánastofnun, sem ætti áhættukröfurnar, myndi fá þeim skv. 78.–83. gr.

2.4.2. Lausafjárfyrirgreiðsla sem aðeins má nota ef alvarleg markaðsröskun á sér stað

14. Nota má 0% breytistuðul á nafnvirði lausafjárfyrirgreiðslu sem aðeins má nota ef alvarleg markaðsröskun á sér stað (þ.e. þegar fleiri en ein rekstrareining um sérverkefni, í mismunandi viðskiptum, geta ekki framlengt viðskiptabréf sem nálgast gjalddaga og þ að er ekki afleiðing skerðingar á lánshæfi rekstrareiningar um sérverkefni eða á lánshæfi verðbréfuðu áhættuskuldbindinganna), til að ákvarða virði áhættuskuldbindingar hennar, að því gefnu að skilyrðin sem sett eru fram í 13. lið séu uppfyllt.

2.4.3. Heimildir til fyrirframgreiðslu

15. Nota má 0% breytingastuðul á nafnvirði lausafjárfyrirgreiðslu sem er uppsegjanleg án skilyrða, til að ákvarða virði áhættuskuldbindingar hennar, að þ ví gefnu að skilyrðin sem sett eru fram í 13. lið séu uppfyllt og endurgreiðsla ádreginna fjárhæða fyrirgreiðslunnar sé framar öðrum kröfum á það sjóðstreymi sem leiðir af verðbréfuðu áhættuskuldbindingunum.

2.5. **Viðbótareiginfjárkröfur vegna verðbréfunar hlaupandi áhættuskuldbindinga með ákvæðum um greiðslu afborgana fyrir gjalddaga**

16. Til viðbótar við fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga sem útgáfulánastofnun reiknar út að því er varðar verðbréfaðar stöður skal hún reikna út fjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar samkvæmt þ eirri aðferð sem sett er fram í 17.–33. lið þegar hún selur hlaupandi áhættuskuldbindingar inn í verðbréfun sem felur í sér ákvæði um greiðslu afborgana fyrir gjalddaga.

17. Lánastofnun skal reikna út fjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar að því er varðar samtölu hlutdeildar útgefanda og hlutdeildar fjárfestis.

18. Að því er varðar verðbréfanir þar sem verðbréfuðu áhættuskuldbindingarnar fela í sér hlaupandi áhættuskuldbindingar og áhættuskuldbindingar sem ekki eru hlaupandi, skal útgáfulánastofnunin beita þeirri meðferð sem sett er fram í 19.–31. lið á þann hluta undirliggjandi safns sem felur í sér hlaupandi áhættuskuldbindingar.

19. Að því er varðar 16.–31. lið merkir „hlutdeild útgefanda“ virði áhættuskuldbindingar þess grundvallarhluta (e. notional Part) safns ádreginna fjárhæða sem seldar eru inn í verðbréfunina sem ákvarðar, miðað við hlutfall hans af fjárhæð alls safnsins sem selt er inn í gerninginn, það hlutfall sjóðstreymis frá innheimtum höfuðstól og vöxtum og öðrum tengdum fjárhæðum, sem ekki er tiltækt í útgreiðslur til þeirra sem eiga verðbréfaðar stöður í verðbréfuninni.

Til að hlutdeild útgefanda teljist viðurkennd má hún ekki vera víkjandi fyrir hlutdeild fjárfestisins.

„Hlutdeild fjárfestis“ merkir virði áhættuskuldbindingar eftirstandandi grundvallarhluta safns ádreginna fjárhæða.

20. Áhættukrafa útgáfulánastofnunar tengd réttindum hennar að því er varðar hlutdeild útgefanda, skal ekki teljast verðbréfuð staða heldur hlutfallsleg áhættukrafa á verðbréfuðu áhættuskuldbindingarnar, eins og þær hefðu ekki verið verðbréfaðar.

2.5.1. Undanþágur frá meðferð samkvæmt greiðslu afborgana fyrir gjalddaga

21. Útgefendur eftirfarandi tegunda verðbréfunar eru undanþegnir eiginfjárkröfunum í 16. lið:

a) verðbréfana hlaupandi áhættuskuldbindinga, þ ar sem fjárfestar bera áfram fulla áhættu gagnvart öllum framtíðarádráttum lánþega þannig að áhætta undirliggjandi fyrirgreiðslu skilar sér ekki aftur til útgáfulánastofnunar, jafnvel eftir að atburður sem kallar á greiðslur afborgana fyrir gjalddaga hefur átt sér stað og

b) verðbréfana þ ar sem ákvæði um greiðslu afborgana fyrir gjalddaga er aðeins virkjað vegna atburða sem ekki tengjast frammistöðu verðbréfuðu eignanna eða útgáfulánastofnunarinnar, svo sem mikilvægra breytinga á skattalögum eða reglum.

2.5.2. Hámarkseiginfjárkröfur

22. Að því er varðar útgáfulánastofnun sem fellur undir eiginfjárkröfuna í 16. lið má samtala fjárhæða áhættuveginna áhættuskuldbindinga, að því er varðar stöður hennar í hlutdeild fjárfesta og fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga reiknuðum í samræmi við 16. lið, ekki vera hærri en hið hærra af:

a) fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga, reiknuðum út að því er varðar stöður hennar í hlutdeild fjárfesta og

b) fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga, sem lánastofnun, sem ætti þær, myndi reikna út að því er varðar verðbréfaðar áhættuskuldbindingar eins og þ ær hefðu ekki verið verðbréfaðar í fjárhæð sem samsvarar hlutdeild fjárfesta.

23. Frádráttur hreins hagnaðar, ef einhver er, sem kemur til vegna eignfærslu framtíðartekna eins og krafist er í 57. lið skal telja utan við hámarksfjárhæðina sem nefnd er í 22. lið.

2.5.3. Útreikningur fjárhæða áhættuveginna áhættuskuldbindinga

24. Ákvarða skal fjárhæð áhættuveginna áhættuskuldbindinga sem skal reikna í samræmi við 16. lið með því að margfalda fjárhæð hlutdeildar fjárfestis með margfeldi viðeigandi breytistuðuls, sem er tilgreindur í 26.–33. lið, og áhættuvog sem er það meðaltal áhættuvoga sem ætti við verðbréfuðu stöðurnar ef þær hefðu ekki verið verðbréfaðar.

25. Líta ber svo á að ákvæði um greiðslu afborgana fyrir gjalddaga sé „stýrt“ þegar eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) upphafslánastofnun hefur viðeigandi eiginfjár-/lausafjáráætlun til þess ætlaða að tryggja að stofnunin hafi nægjanlegt eigið fé og lausafé til taks ef til greiðslu afborgana fyrir gjalddaga kemur,

b) á meðan viðskiptin standa yfir skiptast greiðslur vaxta og höfuðstóls, útgjalda, taps og endurheimta, á grundvelli stöðu viðskiptakrafna á einum eða fleiri tímapunktum hvers mánaðar, hlutfallslega á milli hlutdeildar útgefanda og hlutdeildar fjárfestis,

c) endurgreiðslutímabilið telst nægilega langt ef hægt er að endurgreiða, eða færa sem vanskil, 90% heildarskulda (hlutdeild upphafslánastofnunar og fjárfestis) sem eru útistandandi við upphaf endurgreiðslutímabilsins og

d) hraði endurgreiðslna er ekki meiri en hann hefði verið með línulegri fyrningu á tímabili sem sett er fram í c-lið.

26. Í tilviki verðbréfana sem falla undir ákvæði um greiðslu afborgana, fyrir gjalddaga, af smásöluáhættuskuldbindingum sem er óráðstafað og eru uppsegjanlegar skilyrðislaust án fyrirvara, skulu lánastofnanir, þegar greiðslu afborgana fyrir gjalddaga er hrundið af stað við það að umframávöxtun lækkar að tilteknu marki, bera þriggja mánaða meðaltal umframávöxtunar saman við það stig umframávöxtunar þar sem þess er krafist er að umframávöxtunin sé geymd.

27. Krefjist verðbréfun þess ekki að umframávöxtun sé geymd skal greiðslu umframávöxtunar ljúka við mörk sem eru 4,5 prósentustigum fyrir ofan það stig umframávöxtunar sem hrindir greiðslu afborgana fyrir gjalddaga af stað.

28. Sá breytistuðull sem beitt er ákvarðast af stigi þriggja mánaða raunmeðaltals umframávöxtunar í samræmi við töflu 3.

Tafla 3

	Verðbréfanir sem falla undir stýrt ákvæði um greiðslu afborgana fyrir gjalddaga	Verðbréfanir sem falla undir ákvæði, um greiðslu afborgana fyrir gjalddaga, sem ekki er stýrt
Þriggja mánaða meðaltal umframávöxtunar	Breytistuðull	Breytistuðull
Yfir A stigi	0%	0%
A stig	1%	5%
B stig	2%	15%
C stig	10%	50%
D stig	20%	100%
E stig	40%	100%

29. Í töflu 3 merkir „A stig“ það stig umframávöxtunar sem er lægra en 133,33% af því stigi sem kallar á geymslu umframávöxtunar en ekki minna en 100% af því stigi, „B stig“ merkir það stig umframávöxtunar sem er minna en 100% af því stigi sem kallar á geymslu umframávöxtunar en ekki minna en 75% af því stigi, „C stig“ merkir það stig umframávöxtunar sem er minna en 75% af því stigi sem kallar á geymslu umframávöxtunar en ekki minna en 50% af því stigi, „D stig“ merkir það stig umframávöxtunar sem er minna en 50% af því stigi sem kallar á geymslu umframávöxtunar en ekki minna en 25% af þ ví stigi, „E stig“ merkir þ að stig umframávöxtunar sem er minna en 25% af því stigi sem kallar á geymslu.

30. Í tilvikum verðbréfana sem falla undir ákvæði um greiðslu afborgana, fyrir gjalddaga, af smásöluáhættuskuldbindingum, sem er óráðstafað og eru uppsegjanlegar skilyrðislaust án fyrirvara og þar sem greiðslu afborgana fyrir gjalddaga er hrundið af stað af megindlegu gildi að þ ví er varðar eitthvað annað en þriggja mánaða meðaltal umframávöxtunar, geta lögbær yfirvöld beitt meðferð sem svipar til þeirrar sem mælt er fyrir um í 26.–29. lið til ákvörðunar á viðkomandi breytistuðli.

31. Þegar lögbær yfirvöld ætla að beita meðferð í samræmi við 30. lið að því er varðar tiltekna verðbréfun, skulu þau fyrst upplýsa viðeigandi lögbær yfirvöld allra annarra aðildarríkja. Áður en beiting þess háttar meðferðar verður hluti af almennri stefnu lögbærs yfirvalds verðbréfana sem fela í sér ákvæði um greiðslu afborgana fyrir gjalddaga eins og um er rætt, skal lögbært yfirvald hafa samráð við viðeigandi lögbær yfirvöld allra annarra aðildarríkja og taka þeirra skoðanir til greina. Skoðanir sem koma fram við þess háttar samráð og sú meðferð sem beitt er skal birt opinberlega af viðkomandi lögbæru yfirvaldi.

32. Nota skal breytistuðulinn 90% á allar aðrar verðbréfanir sem falla undir stýrt ákvæði um greiðslu afborgana, fyrir gjalddaga, af hlaupandi áhættuskuldbindingum.

33. Nota skal breytistuðulinn 100% á allar aðrar verðbréfanir sem falla undir ákvæði, sem ekki er stýrt, um greiðslu afborgana fyrir gjalddaga, af hlaupandi áhættuskuldbindingum.

2.6. **Viðurkenning á aðferðum til að milda útlánaáhættu verðbréfaðra staðna**

34. Þegar útlánavörn er fengin vegna verðbréfaðrar stöðu má leiðrétta útreikning á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga í samræmi við VIII. viðauka.

2.7. **Lækkun fjárhæða áhættuveginna áhættuskuldbindinga**

35. Eins og kveðið er á um í 2. mgr. 66. gr. að því er varðar verðbréfaða stöðu sem hefur 1250% áhættuvog, geta lánastofnanir valið, frekar en að telja stöðuna með við útreikning á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga, að draga virði áhættuskuldbindingar stöðunnar frá eigin fé. Í þeim tilgangi má útreikningur á virði áhættuskuldbindingar endurspegla viðurkennda fjármagnaða útlánavörn með þeim hætti sem samræmist 34. lið.

36. Þegar lánastofnun nýtir valmöguleikann sem nefndur er í 35. lið, skal fjárhæðin sem dregin er frá í samræmi við þann lið margfölduð með 12,5, til að uppfylla 8. lið, og dregin frá þeirri fjárhæð sem tilgreind er í 8. lið sem hámarksfjárhæð áhættuveginna áhættuskuldbindinga sem reiknuð er út af þeim lánastofnunum sem þar eru nefndar.

3. ÚTREIKNINGUR Á FJÁRHÆÐUM ÁHÆTTUVEGINNA ÁHÆTTUSKULDBINDINGA SAMKVÆMT INNRAMATSAÐFERÐ

3.1. **Stigskipting aðferða**

37. Að því er varðar 96. gr. skal reikna fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga verðbréfaðra staðna í samræmi við 38.–76. gr.

38. Að því er varðar stöðu með lánshæfismat, eða stöðu sem hægt er að nota afleitt mat fyrir, skal nota matsaðferðina, sem sett er fram í 46.–51. lið, við útreikning á fjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar.

39. Að því er varðar stöðu án lánshæfismats, skal beita eftirlitsformúluaðferðinni sem sett er fram í 52.–54. lið að undanskildum tilvikum þar sem innramatsaðferðin er leyfð eins og sett er fram í 43.–44. lið.

40. Lánastofnun, önnur en útgáfulánastofnun eða umsýslulánastofnun, má aðeins nota eftirlitsformúluaðferðina með samþykki lögbærra yfirvalda.

41. Í tilvikum þar sem útgáfu- eða umsýslulánastofnun getur ekki reiknað út Kirb og hefur ekki fengið leyfi til að nota innramatsaðferðina vegna staðna í eignatryggðri skammtímaskuldabréfaáætlun, og í tilvikum þar sem aðrar lánastofnanir hafa ekki fengið heimild til að nota eftirlitsformúluaðferðina eða, að því er varðar stöður í eignatryggðum skammtímaskuldabréfaáætlunum, innramatsaðferðina, skulu verðbréfaðar stöður, sem eru ómetnar og ekki má nota afleitt mat fyrir, fá áhættuvog 1250%.

3.1.1. Notkun afleiddra mata

42. Að eftirfarandi lágmarkskröfum uppfylltum, skal stofnun úthluta stöðum án lánshæfismats afleiddu lánshæfismati sem er jafngilt lánshæfismati metinna staðna („viðmiðunarstaðna“) sem eru hæst settar af þeim stöðum sem eru að öllu leyti lægra settar en umrædd ómetin verðbréfunarstaða:

a) viðmiðunarstöðurnar skulu að öllu leyti vera lægra settar en ómetna verðbréfaða staðan,

b) binditími viðmiðunarstaðnanna skal vera jafn eða lengri en binditími umræddra staðna án lánshæfismats og

c) öll afleidd möt skulu stöðugt uppfærð til þess að endurspegla allar breytingar á lánshæfismati viðmiðunarstaðnanna.

3.1.2. Innramatsaðferðin að því er varðar stöður í eignatryggðum skammtímaskuldabréfaáætlunum

43. Að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum getur lánastofnun, með fyrirvara um samþykki lögbærra yfirvalda, úthlutað stöðu án lánshæfismats í eignatryggðri skammtímaskuldabréfaáætlun afleiddu mati eins og mælt er fyrir um í 44. lið:

a) stöður í því viðskiptabréfi sem gefið er út samkvæmt eignatryggðu skammtímaskuldabréfaáætluninni skulu vera stöður með lánshæfismat,

b) lánastofnun skal uppfylla kröfur lögbærra yfirvalda um að innra mat hennar á lánshæfisgæðum stöðunnar endurspegli opinberlega aðgengilega aðferðafræði einnar eða fleiri viðurkenndra utanaðkomandi lánshæfismatsstofnana, vegna mats á verðbréfum sem tryggð eru með áhættuskuldbindingum eins og þeim sem eru verðbréfaðar,

c) meðal utanaðkomandi lánshæfismatsstofnana, með aðferðafræði sem er endurspegluð í samræmi við b-lið, skulu vera utanaðkomandi lánshæfismatsstofnanir sem hafa veitt utanaðkomandi mat á viðskiptabréfum útgefnum í samræmi við eignatryggðu skammtímaskuldabréfaáætlunina. Megindlegir þ ættir, svo sem álagsþættir, sem notaðir eru við mat á stöðu gagnvart tilteknum lánshæfisgæðum, skulu vera í það minnsta eins varfærnir og þeir sem notaðir eru í viðeigandi aðferðafræði utanaðkomandi lánshæfismatsstofnunar,

d) við þ róun aðferðafræði innra mats skal lánastofnun taka til greina viðeigandi birta aðferðafræði viðurkenndra utanaðkomandi lánshæfismatsstofnana sem meta viðskiptabréf sem eru hluti eignatryggðrar skammtímaskuldabréfaáætlunar. Lánastofnunin skal skjalfesta þessi atriði og uppfæra reglulega, eins og lýst er í g-lið,

e) aðferðafræði lánastofnunar við innra mat skal taka til matsþrepa. Það skal vera samband á milli þess háttar matsþrepa og lánshæfismata viðurkenndra utanaðkomandi lánshæfismatsstofnana. Þetta samband skal vera skjalfest með skýrum hætti,

f) nota skal aðferðafræði innramatsaðferðar við innra áhættustýringarferli lánastofnunar, þ.m.t. við ákvarðanatöku, upplýsingar fyrir stjórnendur og ráðstöfun eigin fjár,

g) innri eða ytri endurskoðendur, utanaðkomandi lánshæfismatsstofnun, eða útlánaeftirlits- eða áhættustýringarhlutverk lánastofnunar skulu reglulega endurskoða ferli innra mats og gæði innra mats á lánshæfi áhættukrafna lánastofnunar á eignatryggða skammtímaskuldabréfaáætlun. Ef innri endurskoðun lánastofnunar, útlánaeftirlit eða áhættustýring framkvæma endurskoðunina skal viðkomandi starfsemi vera óháð eignatryggðu skammtímaskuldabréfaáætluninni sem og viðskiptavinasamböndum,

h) lánastofnun skal fylgjast með frammistöðu innra mats yfir tímabil til þess að meta frammistöðu aðferðafræði við innra mat og skal hún gera viðeigandi leiðréttingar á aðferðafræðinni ef frammistaða áhættuskuldbindinga er reglubundið frábrugðin því sem innra mat gefur til kynna,

i) eignatryggða skammtímaskuldabréfaáætlunin skal taka til sölutryggingarstaðla í formi viðmiðunarreglna fyrir útlán og fjárfestingar. Við ákvörðun um kaup á eign skal stjórnandi eignatryggðrar skammtímaskuldabréfaáætlunar hafa í huga þá tegund eignar sem keypt er, gerð og peningalegt virði áhættuskuldbindinga sem leiða af aðgangi að lausafjárfyrirgreiðslu og bætingu lánshæfis, úthlutun taps og lagalega og fjárhagslega einangrun þeirrar eignar sem er yfirfærð frá aðilanum sem selur eignirnar. Framkvæma skal greiningu á áhættusniði seljanda eignar og skal hún fela í sér greiningu á sögulegri og væntri fjárhagslegri frammistöðu, núverandi markaðsstöðu, væntri samkeppnishæfni, skuldsetningu, sjóðstreymi, vaxtaþekju og lánshæfismati. Þessu til viðbótar skal framkvæma endurskoðun á sölutryggingarstöðlum, þjónustugetu og innheimtuferli,

j) í sölutryggingarstöðlum eignatryggðrar skammtímaskuldabréfaáætlunar (e. ABCP) skal tilgreina lágmarkskröfur um eignir, sem sérstaklega:

   i. útiloka kaup á eignum sem eru komnar verulega fram yfir gjalddaga eða eru í vanskilum,

   ii. takmarka of mikla samþjöppun eigna að því er varðar einstaka loforðsgjafa eða landfræðilega staðsetningu og

   iii. takmarka binditíma eigna sem eru keyptar,

k) eignatryggð skammtímaskuldabréfaáætlun skal hafa innheimtustefnur og ferli þar sem rekstrargeta og lánshæfisgæði þjónustuaðila eru tekin til greina. Eignatryggða skammtímaskuldabréfaáætlunin skal draga úr seljanda-/þjónustuaðilaáhættu með ýmsum aðferðum, svo sem kveikjum (e. triggers) byggðum á núverandi lánshæfi sem myndu fyrirbyggja samblöndun sjóða,

l) heildarmat á tapi á eignasafni sem eignatryggð skammtímaskuldabréfaáætlun hefur hugsað sér að kaupa skal taka til greina alla mögulega áhættuþætti, svo sem útlána- og þynningaráhættu. Ef umfang bætingar lánshæfis af hálfu seljanda byggist aðeins á útlánatengdu tapi, þá skal koma á fót sérstökum varasjóði vegna þynningaráhættu, ef þynningaráhætta er veruleg að því er varðar tiltekið safn áhættuskuldbindinga. Við mælingu á nauðsynlegu stigi bætingar skal auk þess skoða nokkurra ára söguleg gögn, þ.m.t. tap, vanskil, þynningu, og veltuhraða viðskiptakrafna og

m) eignatryggða skammtímaskuldabréfaáætlunin skal setja uppbyggingarþætti— til dæmis kveikju að innlausn — inn í kaup á áhættuskuldbindingum, til þess að milda hugsanlega rýrnun lánshæfis undirliggjandi verðbréfasafns.

Lögbær yfirvöld geta fallið frá kröfum varðandi opinbert aðgengi að aðferðafræði við mat utanaðkomandi lánshæfismatsstofnunar ef þau hafa fullvissað sig um að vegna tiltekinna þátta verðbréfunarinnar — t.d. einstakrar uppbyggingar hennar — sé enn ekki opinbert aðgengi að neinni aðferðafræði utanaðkomandi lánshæfismatsstofnunar við mat.

44. Lánastofnun skal setja stöður án lánshæfismats í eitt af matsþrepunum sem lýst er í 43. lið. Staðan fær afleitt mat, sem samsvarar lánshæfismati í samræmi við það matsþrep, eins og mælt er fyrir um í 43. lið. Sé afleidda matið í fjárfestingarflokki eða hærra, við upphaf verðbréfunar, skal það teljast það sama og viðurkennt lánshæfismat viðurkenndrar utanaðkomandi lánshæfismatsstofnunar að því er varðar útreikning fjárhæða áhættuveginna áhættuskuldbindinga.

3.2. **Hámarksfjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga**

45. Að því er varðar útgáfulánastofnun, umsýslulánastofnun, eða aðra lánastofnun sem geta reiknað KIRB, geta fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga, sem reiknaðar eru að því er varðar stöður stofnunar í verðbréfun, takmarkast við það sem myndi leiða af sér eiginfjárkröfu samkvæmt a-lið 75. gr. sem samsvarar samtölu 8% af fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga sem hefðu orðið til ef verðbréfuðu eignirnar hefðu ekki verið verðbréfaðar og væru á efnahagsreikningi lánastofnunar auk fjárhæða vænts taps af þ eim áhættuskuldbindingum.

3.3. **Matsaðferðin**

46. Samkvæmt matsaðferðinni skal reikna fjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar metinnar verðbréfaðrar stöðu með því að beita, á virði áhættuskuldbindingarinnar, þeirri áhættuvog sem lögbær yfirvöld hafa ákvarðað að lánshæfismatið tengist í samræmi við 98. gr., eins og sett er fram í töflu 4 og 5, margfaldað með 1,06.

Tafla 4

Stöður, aðrar en þær sem hafa skammtímalánshæfismat

Lánshæfisþrep (e. CQS)	Áhættuvog		
	A	B	C
CQS 1	7%	12%	20%
CQS 2	8%	15%	25%
CQS 3	10%	18%	35%
CQS 4	12%	20%	35%
CQS 5	20%	35%	35%
CQS 6	35 %	50%	50%
CQS 7	60%	75%	75%
CQS 8	100%	100%	100%

Lánshæfisþrep (e. CQS)	Áhættuvog		
	A	B	C
CQS 9	250%	250%	250%
CQS 10	425%	425%	425%
CQS 11	650%	650%	650%
Undir CQS 11	1250%	1250%	1250%

Tafla 5

Stöður sem hafa skammtímalánshæfismat

Lánshæfisþrep (e. CQS)	Áhættuvog		
	A	B	C
CQS 1	7%	12%	20%
CQS 2	12%	20%	35%
CQS 3	60%	75%	75%
Öll önnur lánshæfismöt	1250%	1250%	1250%

47. Með fyrirvara um 48. og 49. lið skal beita áhættuvog í A-dálki hverrar töflu þ egar stöður eru í efsta lagi verðbréfunar. Við ákvörðun þess hvort lag sé efsta lag er þess ekki krafist að gjaldfallnar fjárhæðir vegna vaxta- eða gjaldmiðlaafleiða, gjaldfallinna þóknana, eða annarra álíka greiðslna, séu teknar til greina.

48. Heimilt er að nota áhættuvog 6% á stöðu í efsta lagi verðbréfunar ef það lag er að öllu leyti ofar sett öðru lagi verðbréfaðra staðna sem fengi áhættuvog 7% skv. 46. lið, að því gefnu að:

a) lögbær yfirvöld séu þess fullviss að þetta sé réttlætanlegt vegna getu neðri laga verðbréfunar til að taka við tapi í verðbréfuninni og

b) staðan hafi annaðhvort utanaðkomandi lánshæfismat, sem ákveðið er að tengist lánshæfisþrepi 1 í töflu 4 eða 5 eða, hafi hún ekki lánshæfismat, kröfur a- til c-liðar 42. liðar eru uppfylltar þar sem „viðmiðunarstöður“ merkir stöður í lægra settu lagi sem myndu fá áhættuvog 7% skv. 46. lið.

49. Nota ber áhættuvogir í C-dálki hverrar töflu ef staða er í verðbréfun þar sem virkur fjöldi áhættuskuldbindinga, sem verðbréfaðar eru, er undir sex. Við útreikning á virkum fjölda áhættuskuldbindinga sem verðbréfaðar eru skulu margar áhættukröfur á einn loforðsgjafa teljast sem ein áhættukrafa. Virkur fjöldi áhættuskuldbindinga er reiknaður út sem hér segir:

$$N = \frac{\left(\sum_i EAD_i\right)^2}{\sum_i EAD_{i^2}}$$

þar sem EAD_i táknar summu virðis áhættuskuldbindingar allra áhættukrafna á i-ta loforðsgjafa. Ef um er að ræða endurverðbréfun (verðbréfun verðbréfaðrar stöðu) verður lánastofnun að líta á fjölda verðbréfaðra áhættuskuldbindinga í safninu en ekki fjölda undirliggjandi áhættuskuldbindinga í upphaflegu söfnunum sem undirliggjandi verðbréfaðar áhættuskuldbindingar koma úr. Ef sá hluti safns sem tengist stærstu áhættuskuldbindingunni, C_1, er tiltækur, getur lánastofnun reiknað N sem $1/C_1$.

50. Nota ber áhættuvogir í B-dálki að því er varðar allar aðrar stöður.

51. Færa má mildun útlánaáhættu vegna verðbréfaðra staðna í samræmi við 60.–62. lið.

3.4. **Eftirlitsformúluaðferðin**

52. Með fyrirvara um 58. og 59. lið skal áhættuvog verðbréfaðrar stöðu samkvæmt eftirlitsformúluaðferð vera 7% eða sú áhættuvog sem notuð er skv. 53. lið, eftir því hvort er hærra.

53. Með fyrirvara um 58. og 59. lið skal fjárhæð áhættuskuldbindingarinnar fá áhættuvogina:

12,5 × (S[L+T] - S[L])/T

þar sem:

$$S[x] = \begin{Bmatrix} x & when \quad x \leq Kirbr \\ Kirbr + K[x] - K\,[Kirbr] + (d \cdot Kirbr/\omega)(1 - e^{\omega(Kirbr - x)/Kirbr}) & when\ Kirbr < x \end{Bmatrix}$$

þar sem:

$$v = \frac{(ELGD - Kirbr)Kirbr + 0.25(1 - ELGD)Kirbr}{N}$$

$$f = \left(\frac{v + Kirbr^2}{1 - h} - c^2\right) + \frac{(1 - Kiribr)Kirbr - v}{(1 - h)\tau}$$

$$g = \frac{(1 - c)c}{f} - 1$$

$$a = g{\cdot}c$$

$$b = g{\cdot}(1 - c)$$

$$d = 1 - (1 - h){\cdot}(1 - Beta[Kirbr;a,b])$$

$$K[x] = (1 - h){\cdot}\left((1 - Beta[x;a,b])x + Beta[x;a + 1,b]c\right)$$

τ = 1 000, and

ω = 20.

Í þessum formúlum vísar Beta [x; a, b] til uppsafnaðarar betadreifingar þ ar sem færibreyturnar a og b eru metnar við x.

T (þykkt þess lags þar sem staðan er) er mælt sem hlutfall a) nafnfjárhæðar lagsins á móti b) summu virðis áhættuskuldbindinga sem hafa verið verðbréfaðar. Að því er varðar útreikning á T skal áhættuvirði afleiðugernings, sem talinn er upp í IV. viðauka þar sem núverandi endurnýjunarkostnaður er ekki jákvætt gildi, vera hugsanleg útlánaáhætta í framtíðinni reiknuð í samræmi við III. viðauka.

Kirbr er hlutfall a) Kirb á móti b) summu virðis áhættuskuldbindinga þeirra áhættuskuldbindinga sem hafa verið verðbréfaðar. Kirbr er sett fram sem tugabrot (þ.e. Kirb sem er 15% af safni væri sett fram sem Kirbr 0,15).

L (bætingarstig lánshæfis) er mælt sem hlutfall nafnfjárhæðar allra laga, sem eru lægri en það lag sem staðan er í, á móti samtölu virðis áhættuskuldbindinga þeirra áhættuskuldbindinga sem hafa verið verðbréfaðar. Eignfærðar framtíðartekjur skulu ekki taldar með við mælingu á L. Heimilt er að meta gjaldfallnar fjárhæðir mótaðila í afleiðugerningum, sem taldir eru upp í IV. viðauka, sem mynda lægra sett lög en umrætt lag, á núverandi endurnýjunarvirði (án hugsanlegra framtíðaráhættukrafna) við útreikning á stigi bætingar.

N er virkur fjöldi áhættuskuldbindinga, reiknaður í samræmi við 49. lið.

ELGD, áhættuvegið meðaltap að gefnum vanefndum, er reiknað sem hér segir:

$$ELGD = \frac{\sum_i LGD_i \cdot EAD_i}{\sum_i EAD_i}$$

þar sem LGDi táknar meðaltap að gefnum vanefndum vegna allra áhættukrafna á i–ta loforðsgjafa, þar sem tap að gefnum vanefndum er í samræmi við 84.–89. gr. Í tilviki endurverðbréfunar skal beita 100% tapi að gefnum vanefndum á verðbréfuðu stöðuna. Þegar vanskila- og þynningaráhætta vegna keyptra viðskiptakrafna eru meðhöndlaðar saman innan verðbréfunar (þ.e. einn varasjóður eða ein yfirtrygging er tiltæk til að mæta tapi vegna beggja) skal ílag LGDi vera vegið meðaltal taps að gefnum vanefndum að því er varðar útlánaáhættu og 75% tap að gefnum vanefndum vegna þynningaráhættu. Vægið skal vera sjálfstæðar eiginfjárkröfur vegna útlánaáhættu og þynningaráhættu.

Einfaldað ílag

Ef virði áhættu stærstu verðbréfuðu áhættuskuldbindingarinnar, C1, er ekki meira en 3% af samtölu virðis áhættuskuldbindingar verðbréfuðu áhættuskuldbindinganna þá skal lánastofnun, í samræmi við eftirlitsformúluaðferðina, setja tap að gefnum vanefndum sem 50% og N sama sem annaðhvort:

$$N = \left(C_1 C_m + \left(\frac{C_m - C_1}{m - 1} \right) \max\{1 - mC_1,\ 0\} \right)^{-1}$$

eða

$N=1/C_1$.

C_m er hlutfall samtölu virða áhættuskuldbindinga stærstu „m“ áhættuskuldbindinganna á móti samtölu virða áhættuskuldbindinga þeirra skuldbindinga sem eru verðbréfaðar. Lánastofnun getur ákvarðað stig „m“.

Að því er varðar verðbréfanir sem fela í sér smásöluáhættuskuldbindingar geta lögbær yfirvöld heimilað notkun eftirlitsformúluaðferðar með einföldunum: h = 0 og v = 0.

54. Mildun útlánaáhættu vegna verðbréfaðra staðna má færa í samræmi við 60.–61. lið og 63.–67. lið.

3.5. **Lausafjárfyrirgreiðsla**

55. Ákvæðin í 56.–59. lið gilda að því er varðar útreikning á virði áhættuskuldbindingar ómetinnar verðbréfaðrar stöðu í formi tiltekinna tegunda lausafjárfyrirgreiðslu.

3.5.1. Lausafjárfyrirgreiðsla sem aðeins er aðgengileg ef meiriháttar markaðsröskun á sér stað

56. Nota má breytistuðul 20% á nafnfjárhæð lausafjárfyrirgreiðslu sem aðeins má nota ef meiriháttar markaðsröskun á sér stað og uppfyllir skilyrði um að vera „hæf lausafjárfyrirgreiðsla“ eins og sett er fram í 13. lið.

3.5.2. Heimildir til fyrirframgreiðslu

57. Nota má breytistuðulinn 0% á nafnfjárhæð lausafjárfyrirgreiðslu sem uppfyllir skilyrðin sem sett eru fram í 15. lið.

3.5.3. Sérstök meðferð þegar ekki er mögulegt að reikna K_{irb}.

58. Þegar ekki er hagkvæmt fyrir lánastofnun að reikna fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga, að því er varðar verðbréfaðar áhættuskuldbindingar, eins og þær hefðu ekki verið verðbréfaðar, er heimilt að leyfa lánastofnun, í undantekningartilvikum og að gefnu samþykki lögbærra yfirvalda, að beita tímabundið þeirri aðferð sem sett er fram í 59. lið við útreikning á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga vegna ómetinnar verðbréfaðrar stöðu í formi lausafjárfyrirgreiðslu, sem uppfyllir skilyrði þess að vera „hæf lausafjárfyrirgreiðsla“ eins og sett er fram í 13. lið eða sem fellur innan skilmála 56. liðar.

59. Heimilt er að nota hæstu áhættuvog sem verðbréfaðar áhættuskuldbindingar fengju skv. 78.–83. gr., hefðu þær ekki verið verðbréfaðar, vegna verðbréfaðrar stöðu sem lausafjárfyrirgreiðslan stendur fyrir. Við ákvörðun á virði áhættuskuldbindingar stöðunnar má nota breytistuðul 50% á nafnfjárhæð lausafjárfyrirgreiðslu ef upphaflegur binditími hennar er eitt ár eða styttri. Ef lausafjárfyrirgreiðslan uppfyllir skilyrðin sem sett eru fram í 56. lið má nota breytistuðul 20%. Í öðrum tilvikum skal nota breytistuðul 100%.

3.6. **Viðurkenning á aðferðum til að milda útlánaáhættu með tilliti til verðbréfaðra staðna**

3.6.1. Fjármögnuð útlánavörn

60. Hæf fjármögnuð útlánavörn takmarkast við það sem er hæft að því er varðar útreikning á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga skv. 78.–83. gr. eins og sett er fram í 90.–93. gr. og viðurkenning er háð uppfyllingu viðeigandi lágmarkskrafna eins og þær eru settar fram í þessum greinum.

3.6.2. Ófjármögnuð útlánavörn

61. Hæf ófjármögnuð útlánavörn og veitendur ófjármagnaðrar útlánavarnar takmarkast við þá sem eru hæfir skv. 90.–93. gr. og viðurkenning er háð uppfyllingu viðeigandi lágmarkskrafna sem settar eru fram í þeim greinum.

3.6.3. Útreikningur á eiginfjárkröfum vegna verðbréfaðra staðna með áhættumildun

Matsaðferðin

62. Þegar fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga eru reiknaðar með matsaðferð, er heimilt að breyta virði áhættuskuldbindingar og/eða fjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar verðbréfaðrar stöðu, sem útlánavörn hefur verið fengin fyrir, í samræmi við ákvæði VIII. viðauka eins og þau eiga við um útreikninga á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga skv. 78.–83. gr.

Eftirlitsformúluaðferð — full útlánavörn

63. Þegar fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga eru reiknaðar með notkun eftirlitsformúluaðferðar skal lánastofnun ákvarða „virka áhættuvog“ stöðu. Það skal gert með því að deila í fjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar stöðunnar með virði áhættuskuldbindingar hennar og margfalda útkomuna með 100.

64. Þegar um fjármagnaða útlánavörn er að ræða, skal reikna fjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar verðbréfaðrar stöðu með því að margfalda fjárhæð áhættuskuldbindingar í stöðu, leiðréttri vegna varnar, (E* eins og það er reiknað skv. 90.–93. gr. að því er varðar útreikning fjárhæða áhættuveginna áhættuskuldbindinga skv. 78.–83. gr. þar sem fjárhæð verðbréfaðrar stöðu telst vera E) með virkri áhættuvog.

65. Þegar um ófjármagnaða útlánavörn er að ræða skal reikna fjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar verðbréfaðrar stöðu með því að margfalda GA (fjárhæð varnar, leiðréttri vegna hvers konar gjaldeyris- og binditímamisvægis í samræmi við ákvæði VIII. viðauka) með áhættuvog veitanda varnarinnar og bæta síðan þessu við fjárhæðina sem fæst með því að margfalda fjárhæð verðbréfuðu stöðunnar, að frádregnu GA, með virkri áhættuvog.

Eftirlitsformúluaðferðin — vörn að hluta

66. Ef mildun útlánaáhættu mætir „fyrsta tapi“ eða hlutfallslegu tapi á verðbréfaðri stöðu er lánastofnun heimilt að beita 63.–65. lið.

67. Í öðrum tilvikum skal lánastofnun fara með verðbréfaða stöðu sem tvær eða fleiri stöður þar sem sá hluti sem hefur minni lánshæfisgæði telst vera óvarði hlutinn. Við útreikning á fjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar vegna þessarar stöðu, skulu ákvæði 52.–54. liðar gilda með fyrirvara um þá breytingu að „T “ sé leiðrétt fyrir e* að því er varðar fjármagnaða útlánavörn og fyrir T-g að því er varðar ófjármagnaða útlánavörn, þar sem e* merkir hlutfall E* af summu grundvallarfjárhæðar undirliggjandi safns, þar sem E* er leiðrétt fjárhæð áhættuskuldbindingar verðbréfaðrar stöðu, reiknuð út í samræmi við ákvæði VII. viðauka eins og þau eiga við um útreikning fjárhæða áhættuveginna áhættuskuldbindinga samkvæmt 78.–83. gr. að því gefnu að fjárhæð verðbréfaðrar stöðu sé E, og g er hlutfall nafnfjárhæðar útlánavarnar (leiðrétt fyrir gjaldmiðla- og binditímamisræmi í samræmi við ákvæði VIII. viðauka) af summu fjárhæða áhættuskuldbindinga verðbréfuðu staðnanna. Í tilviki ófjármagnaðrar útlánavarnar skal beita áhættuvog veitanda varnarinnar á þann hluta stöðunnar sem ekki fellur innan hins leiðrétta virðis „T“.

3.7. **Viðbótareiginfjárkröfur vegna verðbréfunar hlaupandi áhættuskuldbindinga með ákvæðum um greiðslu afborgana fyrir gjalddaga**

68. Til viðbótar við fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga sem reiknaðar eru út að því er varðar verðbréfaðar stöður, skal útgáfulánastofnun reikna fjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar samkvæmt þeirri aðferðafræði sem lýst er í 16.–33. lið þegar stofnunin selur hlaupandi áhættuskuldbindingar inn í verðbréfun sem felur í sér ákvæði um greiðslu afborgana fyrir gjalddaga.

69. Með tilliti til 68. liðar skulu 70. og 71. liður koma í stað 19. og 20. liðar.

70. Að því er varðar þessi ákvæði skal „hlutdeild útgáfulánastofnunar“ vera samtala:

a) virðis áhættuskuldbindingar þess grundvallarhluta safns áðreginna fjárhæða sem seldar eru inn í verðbréfun, þar sem hlutfallið milli hans og fjárhæðar alls þess safns sem selt var inn í gerninginn ákvarðar það hlutfall sjóðstreymis frá innheimtum höfuðstól og vöxtum og öðrum tengdum fjárhæðum, sem ekki er tiltækt í útgreiðslur til þeirra sem eiga verðbréfaðar stöður í verðbréfuninni, og

b) virðis áhættuskuldbindingar þess hluta safns óáðreginna fjárhæða lánalína, þar sem áðregnar fjárhæðir hafa verið seldar inn í verðbréfunina, þar sem hlutfall hans af heildarfjárhæð þess háttar óáðreginna fjárhæða er það sama og hlutfall virðis áhættuskuldbindinga sem lýst er í a-lið af virði áhættuskuldbindinga safns áðreginna fjárhæða sem seldar eru inn í verðbréfun.

Til að hlutdeild útgefanda teljist viðurkennd má hún ekki vera víkjandi fyrir hlutdeild fjárfesta.

„Hlutdeild fjárfesta“ merkir virði áhættuskuldbindingar grundvallarhluta safns áðreginna fjárhæða sem ekki falla undir a-lið auk virðis áhættuskuldbindingar þess hluta safns óáðreginna fjárhæða lánalína, þar sem áðregnar fjárhæðir hafa verið seldar inn í verðbréfun, sem falla ekki undir b-lið.

71. Áhættukrafa útgáfulánastofnunar í tengslum við réttindi hennar að því er varðar þann hluta hlutdeildar útgefanda sem lýst er í a-lið 70. liðar skal ekki teljast verðbréfuð staða heldur hlutfallsleg áhættukrafa á verðbréfaðar áðregnar fjárhæðir áhættuskuldbindinga eins og þær hefðu ekki verið verðbréfaðar, að fjárhæð sem jafngildir þeirri sem lýst er í a-lið 70. liðar. Útgáfulánastofnun skal einnig teljast hafa hlutfallslega áhættukröfu á óáðregnar fjárhæðir þeirra lánalína þar sem áðregnar fjárhæðir þeirra hafa verið seldar inn í verðbréfun, að fjárhæð sem jafngildir þeirri sem lýst er í b-lið 70. liðar.

3.8. **Lækkun fjárhæða áhættuveginna áhættuskuldbindinga**

72. Heimilt er að lækka fjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar verðbréfaðrar stöðu, sem hefur fengið 1250% áhættuvog, um 12,5 sinnum fjárhæð allra virðisbreytinga sem lánastofnun gerir að því er varðar verðbréfuðu stöðurnar. Að því marki sem virðisbreytingar eru teknar til greina í þessum tilgangi skal ekki taka þær til greina að því er varðar útreikningana sem nefndir eru í 36. lið, 1. hluta, VII. viðauka.

73. Heimilt er að lækka fjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar verðbréfaðrar stöðu um 12,5 sinnum fjárhæð allra virðisbreytinga sem lánastofnun gerir að því er varðar stöðuna.

74. Eins og kveðið er á um í 2. mgr. 66. gr. að því er varðar verðbréfaða stöðu sem hefur 1250% áhættuvog, geta lánastofnanir valið, frekar en að telja stöðuna með við útreikning á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga, að draga virði áhættuskuldbindingar stöðunnar frá eigin fé.

75. Að því er varðar 74. lið:

    a) má finna virði áhættuskuldbindingar stöðu út frá fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga að teknu tilliti til allra lækkana sem gerðar eru í samræmi við 72. og 73. lið,

    b) má útreikningur á virði áhættuskuldbindingar endurspegla hæfa fjármagnaða útlánavörn á þann hátt sem er í samræmi við þá aðferðafræði sem lýst er í 60.–67. lið og

    c) er heimilt að fara með stöðurnar eins og tvær stöður með L jafnt og K_{IRBR} að því er varðar þá stöðu sem er hærra sett, sé eftirlitsformúluaðferðin notuð til að reikna út fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga og $L \leq K_{IRBR}$ og $[L+T] > K_{IRBR}$.

76. Þegar lánastofnun nýtir valmöguleikann sem nefndur er í 74. lið, skal 12,5 föld fjárhæðin sem dregin er frá í samræmi við þann lið, til að uppfylla 45. lið, dregin frá þeirri fjárhæð sem tilgreind er í 45. lið sem hámarksfjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar sem þær lánastofnanir sem þar eru nefndar skulu reikna út.

X. VIÐAUKI

REKSTRARÁHÆTTA

1. HLUTI

Grundvallaraðferð

1. EIGINFJÁRKRÖFUR

1. Samkvæmt grundvallaraðferðinni jafngildir eiginfjárkrafa vegna rekstraráhættu 15% af viðeigandi mælikvarða sem skilgreindur er í 2.–9. lið.

2. VIÐEIGANDI MÆLIKVARÐI

2. Viðeigandi mælikvarði er þriggja ára meðaltal summu hreinna vaxtatekna og hreinna tekna sem ekki stafa af vöxtum.

3. Meðaltal þriggja ára er reiknað út á grundvelli síðustu þriggja 12 mánaða mælinga við lok fjárhagsársins. Ef endurskoðaðar tölur liggja ekki fyrir má nota mat fyrirtækisins.

4. Ef summa hreinna vaxtatekna og hreinna tekna sem ekki stafa af vöxtum er neikvæð eða jafnt og núll, skal talan ekki tekin til greina við útreikning á þriggja ára meðaltali. Viðeigandi mælikvarði skal reiknaður út sem summa jákvæðra talna, deilt með fjölda jákvæðra talna.

2.1. **Lánastofnanir sem falla undir tilskipun 86/635/EBE**

5. Á grundvelli reikningsskilaflokka vegna rekstrarreiknings lánastofnunar skv. 27. gr. tilskipunar 86/635/EBE, skal viðeigandi mælikvarði tilgreindur sem samtala þáttanna sem taldir eru upp í töflu 1. Hver þáttur skal talinn með í samtölunni með jákvæðu og neikvæðu formerki sínu.

6. Þess gæti gerst þörf að aðlaga þessa þætti til að uppfylla skilyrðin í 7. og 8. lið.

Tafla 1

1	Vaxtatekjur og hliðstæðar tekjur
2	Vaxtagjöld og hliðstæð gjöld
3	Tekjur af hlutabréfum og öðrum verðbréfum með breytilegum/föstum vöxtum
4	Þjónustutekjur
5	Þjónustugjöld
6	Hreinn hagnaður eða tap af fjármálastarfsemi
7	Aðrar rekstrartekjur

2.1.1. Nauðsynleg skilyrði

7. Mælikvarðinn skal reiknaður út áður en hugsanlegar varúðarniðurfærslur og rekstrarkostnaður er dreginn frá. Rekstrarkostnaður skal fela í sér þóknanir sem greiddar eru fyrir útvistunarþjónustu veitta af þriðja aðila sem er ekki móður- eða dótturfyrirtæki lánastofnunarinnar eða dótturfyrirtæki móðurfyrirtækis sem einnig er móðurfyrirtæki lánastofnunarinnar. Kostnaður vegna útvistunar á þjónustu veittri af þriðja aðila getur lækkað viðeigandi mælikvarða ef fyrirtæki, sem er háð eftirliti samkvæmt, eða jafngildu, þessari tilskipun, innheimtir kostnaðinn.

8. Ekki skal nota eftirfarandi þætti við útreikning á viðeigandi mælikvarða:

a) innleystan hagnað/tap vegna sölu á liðum utan veltubókar,

b) tekjur af óvenjulegum eða óreglulegum liðum,

c) tekjur af tryggingum.

Þegar endurmat á viðskiptaliðum er hluti af rekstrarreikningnum, má telja endurmatið með. Þegar 2. mgr. 36. gr. tilskipunar 86/635/EBE er beitt, skal endurmat sem bókað er í rekstrarreikning talið með.

2.2. **Lánastofnanir sem heyra undir annan reikningsskilaramma**

9. Þegar lánastofnanir heyra undir reikningsskilaramma sem er annar er sá sem komið var á með tilskipun 86/635/EBE skulu þ ær reikna viðeigandi mælikvarða út á grundvelli gagna sem best lýsa þ eirri skilgreiningu sem lögð er fram í 2.–8. lið.

2. HLUTI

Staðalaðferð

1. EIGINFJÁRKRAFA

1. Samkvæmt staðalaðferð er eiginfjárkrafa vegna rekstraráhættu þriggja ára meðaltal áhættuveginna viðeigandi mælikvarða, reiknað út á hverju ári fyrir viðskiptasviðin sem vísað er til í töflu 2. Á hverju ári er heimilt að reikna neikvæða eiginfjárkröfu á einu viðskiptasviði, sem verður til vegna neikvæðs viðeigandi mælikvarða, með í heildina. Sé samanlögð eiginfjárkrafa yfir öll viðskiptasvið innan ákveðins árs hins vegar neikvæð skal ílagið fyrir meðaltal þess árs vera núll.

2. Meðaltal þriggja ára er reiknað út á grundvelli síðustu þriggja 12 mánaða mælinga við lok fjárhagsársins. Ef endurskoðaðar tölur liggja ekki fyrir má nota mat fyrirtækisins.

Tafla 2

Viðskiptasvið	Skrá yfir starfsemi	Hlutfall
Fjármál fyrirtækja	Sölutrygging fjármálagerninga og/eða markaðssetning fjármálagerninga á skuldbindandi grundvelli Þjónusta tengd sölutryggingu Fjárfestingarráðgjöf Ráðgjöf til fyrirtækja um samsetningu höfuðstóls, áætlanagerð og skyld mál og ráðgjöf og þjónusta varðandi samruna fyrirtækja og kaup á þeim Fjárfestingarrannsóknir og fjárhagsgreining og önnur form almennra ráðlegginga sem tengjast viðskiptum með fjármálagerninga	18%
Markaðsviðskipti	Viðskipti fyrir eigin reikning Peningamiðlun Móttaka og miðlun fyrirmæla varðandi einn eða fleiri fjármálagerninga Framkvæmd fyrirmæla fyrir hönd viðskiptavina Markaðssetning fjármálagerninga sem er ekki á skuldbindandi grundvelli Starfræksla markaðstorga fjármálagerninga	18%

Viðskiptasvið	Skrá yfir starfsemi	Hlutfall
Smásölumiðlun (Viðskipti við staka einstaklinga eða lítil og meðalstór fyrirtæki sem uppfylla viðmiðanirnar sem settar eru fram í 79. gr. fyrir flokk smásöluáhættuskuldbindinga)	Móttaka og miðlun fyrirmæla varðandi einn eða fleiri fjármálagerninga Framkvæmd fyrirmæla fyrir hönd viðskiptavina Markaðssetning fjármálagerninga sem er ekki á skuldbindandi grundvelli	12%
Viðskiptabankastarfsemi (heildsala)	Móttaka innlána og annars fjár til endurgreiðslu Útlánastarfsemi Fjármögnunarleiga Ábyrgðir og skuldbindingar	15%
Viðskiptabankastarfsemi (smásala) (Viðskipti við einstaklinga eða lítil og meðalstór fyrirtæki sem uppfylla viðmiðanirnar sem settar eru fram í 79. gr. fyrir flokk smásöluáhættuskuldbindinga)	Móttaka innlána og annars fjár til endurgreiðslu Útlánastarfsemi Fjármögnunarleiga Ábyrgðir og skuldbindingar	12%
Greiðslu- og uppgjörsþjónusta	Þjónusta við millifærslu peninga, Útgáfa og umsýsla greiðslumiðla	18%
Umboðsþjónusta	Varsla og umsýsla fjármálagerninga fyrir reikning viðskiptavina, þ.m.t. varsla og tengd þjónusta, s.s. stýring reiðufjár/trygginga	15%
Eignastýring	Stýring verðbréfasafna Stýring verðbréfasjóða Aðrar tegundir eignastýringar	12%

3. Lögbær yfirvöld geta heimilað lánastofnun að reikna út eiginfjárkröfur sínar vegna rekstraráhættu með annarri staðlaðri aðferð, eins og sett er fram í 5. til 11. lið.

2. MEGINREGLUR KORTLAGNINGAR VIÐSKIPTASVIÐA

4. Lánastofnanir verða að þróa og skjalfesta tilteknar stefnur og viðmiðanir við kortlagningu viðeigandi mælikvarða fyrir núverandi viðskiptasvið og viðskipti innan ramma staðalaðferðarinnar. Viðmiðanirnar þarf að endurskoða og aðlaga eins og við á fyrir breytta eða nýja starfsemi og áhættur. Meginreglur fyrir kortlagningu viðskiptasviða eru:

a) kortleggja þarf alla starfsemi ítarlega undir viðskiptasvið og án þess að þau skarist,

b) öll starfsemi sem ekki er hægt að fella undir viðskiptasviðarammann, en sem telst stoðþáttur við starfsemi sem fellur undir rammann, skal falla undir það viðskiptasvið sem hún styður. Ef stoðþáttur styður við fleiri en eitt viðskiptasvið ber að nota hlutlæga viðmiðun við kortlagningu;

c) ef ekki er hægt að kortleggja starfsemi innan ákveðins viðskiptasviðs ber að nota það viðskiptasvið sem hefur hæsta hundraðshlutann. Sama viðskiptasvið gildir jafnframt um alla tengda stoðstarfsemi,

d) lánastofnunum er heimilt að nota innri verðlagningaraðferðir til að úthluta viðeigandi mælikvörðum á viðskiptasvið. Kostnaði sem myndast á einu viðskiptasviði, en heimilt er að færa undir annað viðskiptasvið, má endurúthluta til þess viðskiptasviðs sem hann tilheyrir, t.d. með notkun meðferðar sem byggir á innri yfirfærslukostnaði á milli viðskiptasviðanna tveggja,

e) kortlagning viðskipta á viðskiptasvið vegna eigin fjár fyrir rekstraráhættu verður að vera í samræmi við flokkana sem notaðir eru vegna útlána- og markaðsáhættu,

f) yfirstjórn er ábyrg fyrir kortlagningarstefnunni undir eftirliti stjórnarteyma lánastofnunarinnar, og

g) ferli kortlagningar á viðskiptasvið skal sæta óháðri endurskoðun.

3. AÐRIR MÆLIKVARÐAR FYRIR ÁKVEÐIN VIÐSKIPTASVIÐ

3.1. **Tilhögun**

5. Lögbærum yfirvöldum er heimilt að heimila lánastofnuninni að nota aðra viðeigandi mælikvarða vegna viðskiptasviðanna: viðskiptabankastarfsemi smásölu og viðskiptabankastarfsemi heildsölu.

6. Að því er varðar þessi viðskiptasvið skal viðeigandi mælikvarði vera staðlaður tekjumælikvarði sem jafngildir þriggja ára meðaltali heildarnafnvirðis lána og fyrirframgreiðslna, margfölduðu með 0,035.

7. Að því er varðar viðskiptasvið viðskiptabankastarfsemi smásölu og/eða heildsölu skulu lán og fyrirframgreiðslur samanstanda af heildarfjárhæð notaðra fjárhæða í samsvarandi lánasöfnum. Að því er varðar viðskiptabankastarfsemi heildsölu skulu verðbréf utan veltubókar einnig talin með.

3.2. **Skilyrði**

8. Heimildin til að nota aðra viðeigandi mælikvarða skal vera með fyrirvara um skilyrðin í 9.–11. lið.

3.2.1. Almenn skilyrði

9. Lánastofnunin uppfyllir skilyrðin sem sett eru fram í 12. lið.

3.2.2. Sérstök skilyrði varðandi viðskiptabankastarfsemi smásölu og heildsölu

10. Lánastofnunin fæst aðallega við viðskiptabankabankastafsemi smásölu og/eða heildsölu, sem skapar a.m.k. 90% af tekjum hennar.

11. Lánastofnunin getur sýnt lögbærum yfirvöldum fram á að verulegur hluti viðskiptabankastarfsemi hennar í smásölu og/eða heildsölu taki til lána er tengjast miklum líkum á vanefndum og að önnur staðalaðferð veiti betri grundvöll fyrir mat á rekstraráhættu.

4. SKILYRÐI

12. Lánastofnanir verða að uppfylla skilyrðin sem eru skráð hér á eftir, til viðbótar við almenna staðla áhættustýringar sem settir eru fram í 22. gr. og V. viðauka. Ákvörðunin um hvort þessi skilyrði hafi verið uppfyllt skal tekin með tilliti til stærðar og umfangs viðskipta lánastofnunarinnar og meðalhófsreglunnar.

a) Lánastofnanir skulu hafa vandlega skráð kerfi vegna mats og stjórnunar rekstraráhættu og skulu skyldur kerfisins vera skýrar. Þær skulu tilgreina stöður sínar gagnvart rekstraráhættu og fylgjast með viðeigandi gögnum um rekstraráhættu, þ.m.t. gögn um verulegt tap. Þetta kerfi skal sæta reglulegri og óháðri endurskoðun.

b) Matskerfið fyrir rekstraráhættu verður að vera kyrfilega samþætt áhættustýringarferli lánastofnunarinnar. Niðurstaða þess verður að vera óaðskiljanlegur hluti eftirlits- og stjórnunarferlis vegna rekstraráhættusniðs lánastofnunarinnar.

c) Lánastofnanir skulu sjá um framkvæmd stjórnunarskýrslugjafar sem skilar skýrslum um rekstraráhættu til viðkomandi starfssviða lánastofnunarinnar. Lánastofnanir skulu hafa verklagsreglur til að grípa til viðeigandi aðgerða samkvæmt upplýsingum í stjórnunarskýrslum.

3. HLUTI

Sérhannaðar matsaðferðir

1. SKILYRÐI

1. Til þess að teljast hæfar til að nota sérhannaða matsaðferð verða lánastofnanir að sýna lögbærum yfirvöldum fram á að þau uppfylli skilyrðin hér á eftir, til viðbótar við almennu áhættustýringarstaðlana í 22. gr. og V. viðauka.

1.1. **Gæðakröfur**

2. Innramatskerfi lánastofnunar fyrir rekstraráhættu skal vera kyrfilega samþætt daglegu áhættustýringarferli hennar.

3. Lánastofnunin verður að hafa sjálfstæða áhættustýringardeild vegna rekstraráhættu.

4. Krafist er reglulegrar skýrslugjafar um reynslu af rekstraráhættu og tapi. Lánastofnunin skal hafa verklagsreglur til að gera viðeigandi ráðstafanir þessu til leiðréttingar.

5. Áhættustýringarkerfi lánastofnunarinnar verður að vera vandlega skráð. Lánastofnunin skal búa yfir starfsvenjum til að tryggja reglufylgni og stefnur um hvernig skuli tekið á því þegar reglum er ekki fylgt.

6. Stjórnunarferli rekstraráhættu og matskerfi skulu vera háð reglulegri endurskoðun sem framkvæmd er af innri- og/eða utanaðkomandi endurskoðendum.

7. Fullgilding matskerfis rekstraráhættu af hálfu lögbærra yfirvalda skal fela í sér eftirfarandi þætti:

a) að gengið sé úr skugga um að innra fullgildingarferlið sé starfrækt á fullnægjandi máta,

b) að gengið sé úr skugga um að gagnaflæði og ferli sem tengjast áhættumatskerfum séu gagnsæ og aðgengileg.

1.2. **Megindlegar kröfur**

1.2.1. Vinnsluferli

8. Lánastofnanir skulu reikna eiginfjárkröfu sína út eins og hún samanstandi bæði af væntu tapi og óvæntu tapi, nema þær geti sýnt fram á að væntu tapi sé mætt á viðeigandi hátt í innri viðskiptaháttum þeirra. Mæling á rekstraráhættu verður að greina mögulegar alvarlegar afleiðingar og ná þannig styrkleikastaðli sem er sambærilegur við 99,9% öryggisbil á eins árs tímabili.

9. Matskerfi lánastofnunar fyrir rekstraráhættu skal innihalda ákveðna lykilþætti til að uppfylla styrkleikastaðalinn sem er settur fram í 8. lið. Þessir þættir verða að ná til notkunar innri gagna, ytri gagna, sviðsmyndagreiningar og þátta sem endurspegla viðskiptaumhverfið og innri eftirlitskerfi eins og þau eru sett fram í 13.–24. lið. Lánastofnun verður að hafa vel skráða aðferð við að vega notkun þessara fjögurra þátta í heildarmatskerfi sínu fyrir rekstraráhættu.

10. Áhættumatskerfið skal ná til meginhvata þeirrar áhættu sem hafa áhrif á lögun dreifingar áætlaðs taps.

11. Fylgni í tapi vegna rekstraráhættu milli einstakra mata á rekstraráhættu má einungis viðurkenna ef lánastofnanir geta sýnt lögbærum yfirvöldum fram á að kerfi þeirra til að mæla fylgni séu traust, þeim beitt af heilindum og að þau taki tillit til óvissunnar í tengslum við mat á fylgni, einkum á álagstímum. Lánastofnunin verður að staðfesta forsendur sínar fyrir fylgni með viðeigandi megindlegum og eigindlegum aðferðum.

12. Áhættustjórnunarkerfið skal vera samræmt innbyrðis og forðast að margtelja eigindlegt mat eða aðferðir til mildunar áhættu sem eru færðar á öðrum sviðum eiginfjárkröfurammans.

1.2.2. Innri gögn

13. Rekstraráhættuaðferðir sem eru myndaðar innan fyrirtækisins skulu byggðar á 5 ára lágmarksathugunartímabili. Þegar lánastofnun færir sig yfir í þróaða mæliaðferð, er þriggja ára lágmarksathugunartímabil viðunandi.

14. Lánastofnanir verða að vera færar um að kortleggja innri gögn sín um fyrra tap inn á viðskiptasviðin sem skilgreind eru í 2. hluta og inn á þær gerðir atburða sem skilgreindir eru í 5. hluta og veita lögbærum yfirvöldum þessi gögn, óski þau eftir þeim. Skráðar, hlutlægar viðmiðanir um dreifingu taps á tilgreind viðskiptasvið og atburði skulu vera til staðar. Tap vegna rekstraráhættu sem tengist útlánaáhættu og hefur gegnum tíðina verið innifalið í innri gagnagrunni yfir útlánaáhættu verður að vera skráð í gagnagrunn yfir rekstraráhættu og tilgreint sérstaklega. Slíkt tap er ekki háð eiginfjárkröfu vegna rekstraráhættu, svo fremi það sé áfram meðhöndlað sem útlánaáhætta að því er varðar útreikning á lágmarkskröfum um eigið fé. Tap vegna rekstraráhættu sem tengist markaðsáhættu skal falla undir eiginfjárkröfu vegna rekstraráhættu.

15. Innri gögn um tap lánastofnunarinnar skulu gefa ítarlega mynd af allri mikilvægri starfsemi og áhættum frá viðeigandi undirkerfum og landfræðilegum staðsetningum. Lánastofnanir verða að geta réttlætt að öll starfsemi eða áhættur sem ekki eru taldar með, bæði einar sér og til samans, myndu ekki hafa veruleg áhrif á heildaráhættumatið. Viðeigandi viðmiðanir lágmarkstaps vegna öflunar innri gagna um tap verða að vera skilgreindar.

16. Fyrir utan upplýsingar um brúttófjárhæðir taps skulu lánastofnanir taka saman upplýsingar varðandi dagsetningu atburðarins, allar endurheimtur brúttófjárhæða taps, auk lýsandi upplýsinga um hvata eða orsakavalda tapsatburðar.

17. Tilteknar viðmiðanir skulu vera til staðar vegna dreifingar gagna um tap sem verður til vegna atburðar á miðlægu starfssviði eða starfsemi sem nær yfir fleiri en eitt viðskiptasvið, svo og vegna tengdra atburða þegar til lengri tíma er litið.

18. Lánastofnanir verða að hafa skráðar verklagsreglur til að meta viðvarandi mikilvægi sögulegra gagna um tap, þ.m.t. aðstæður þar sem heimilt er að setja mat til hliðar, nota skölun eða gera aðrar lagfæringar, að hvaða marki þetta er heimilt og hver hefur vald til að taka ákvarðanir þar að lútandi.

1.2.3. Ytri gögn

19. Nota ber viðkomandi ytri gögn í matskerfi lánastofnunarinnar fyrir rekstraráhættu, einkum ef ástæða er til að ætla að lánastofnunin verði fyrir fátíðu en mögulega alvarlegu tapi. Lánastofnun skal búa yfir kerfisbundnu ferli til að ákvarða við hvaða aðstæður nota verði ytri gögn og ákvarða þá aðferðafræði sem nota skal til að fella gögnin inn í matskerfi sitt. Skilyrði fyrir og venjur við notkun ytri gagna ber að endurskoða reglulega, skrá og láta sæta reglubundinni og sjálfstæðri endurskoðun.

1.2.4. Sviðsmyndagreining

20. Lánastofnunin skal nota sviðsmyndagreiningu byggða á sérfræðiáliti ásamt ytri gögnum við mat á áhættu gagnvart alvarlegum atburðum. Slíkt mat þarf með tímanum að staðfesta og endurmeta með samanburði við raunverulegt tap til að tryggja réttmæti þess.

1.2.5. Viðskiptaumhverfi og þættir innra eftirlits

21. Áhættumatsaðferð lánastofnunarinnar sem nær til fyrirtækisins í heild verður að ná til grundvallarþátta viðskiptaumhverfis og innra eftirlits sem geta breytt rekstraráhættusniði hennar.

22. Færa þarf rök fyrir vali á hverjum þætti sem þýðingarmiklum orsakavaldi áhættu, á grundvelli reynslu og mats sérfræðinga á viðkomandi sviði.

23. Næmi áhættumats fyrir breytingum á þáttunum og hlutfallslegu vægi hinna ýmsu þátta verður að vera vel rökstutt. Auk þess að greina breytingar á áhættu vegna úrbóta í áhættueftirliti skal ramminn einnig greina hugsanlega áhættuaukningu vegna þess að starfsemi verður flóknari eða viðskipti aukast.

24. Ramminn skal vera skjalfestur og sæta óháðri endurskoðun innan lánastofnunarinnar og af hálfu lögbærra yfirvalda. Ferlið og niðurstöður þarf með tímanum að staðfesta og endurmeta með samanburði við raunverulegt innra tap og viðkomandi ytri gögn.

2. ÁHRIF TRYGGINGA OG ANNARRA AÐFERÐA VIÐ YFIRFÆRSLU ÁHÆTTU

25. Lánastofnun skal geta fært áhrif trygginga með fyrirvara um skilyrðin sem sett eru fram í 26.–29. lið og aðrar aðferðir við yfirfærslu áhættu þegar lánastofnunin getur sýnt lögbærum yfirvöldum fram á að markverðum áhættumildunaráhrifum sé náð.

26. Veitandanum er heimilt að veita tryggingu eða endurtryggingu og veitandinn hefur lágmarksmat, frá viðurkenndri utanaðkomandi lánshæfismatsstofnun, á getu sinni til að greiða kröfur, sem lögbær yfirvöld telja vera í samræmi við lánshæfisþrep 3 eða ofar, í samræmi við reglur um áhættuvog áhættukrafna á lánastofnanir skv. 78.–83. gr.

27. Tryggingin og tryggingarammi lánastofnunarinnar skal uppfylla eftirfarandi skilyrði:

a) að upphaflegur gildistími vátryggingarsamningsins sé ekki skemmri en eitt ár. Að því er varðar samninga þar sem innan við ár er eftir af gildistímanum skal lánastofnunin grípa til viðeigandi skerðinga (e. haircuts) sem endurspegla hvernig eftirstöðvatími samningsins styttist smám saman, sem nemur allt að 100% skerðingu vegna samninga með eftirstöðvatíma sem er 90 dagar eða styttri,

b) að vátryggingarsamningurinn hafi að lágmarki 90 daga uppsagnarfrest,

c) að vátryggingarsamningurinn feli ekki í sér undanþágur eða takmarkanir, sem orsakast af eftirlitsaðgerðum eða, ef lánastofnun verður ógjaldfær, sem koma í veg fyrir að skiptastjóri eða slitastjóri lánastofnunar fái upp í kostnað vegna skaða sem lánastofnun hefur orðið fyrir eða útgjalda sem hún hefur stofnað til, nema um sé að ræða atburði sem eiga sér stað eftir að skiptameðferð og slitameðferð er hafin að því er varðar lánastofnunina, að því gefnu að vátryggingarsamningurinn geti komið í veg fyrir hvers konar sekt, viðurlög eða refsibætur vegna aðgerða lögbærra yfirvalda,

d) að útreikningur á áhættumildun endurspegli tryggingaverndina á þann hátt sem er gagnsær í tengslum við og í samræmi við þær raunverulegu líkur á tapi og áhrifum af tapi sem notuð eru við heildarákvörðun eigin fjár fyrir rekstraráhættu.

e) að vátryggingin sé veitt af einingu sem er þriðji aðili. Í tilviki vátrygginga veittum af svokölluðum bundnum (e. captive) eða tengdum félögum skal áhættan færast til óháðs þriðja aðila, t.d. með endurtryggingu, sem uppfyllir skilyrðin um hæfi og

f) að ramminn um færslu á vátryggingu sé vel rökstuddur og skjalfestur.

28. Aðferðafræðin við færslu trygginga skal, með afföllum og skerðingum fjárhæða, ná yfir eftirfarandi atriði:

a) eftirstöðvatíma vátryggingasamnings, ef hann er skemmri en eitt ár, eins og nefnt hér að ofan

b) uppsagnarskilmála tryggingar, ef uppsagnarfrestur er skemmri en eitt ár, og

c) óvissu um greiðslu auk hvers konar misræmis á gildissviði vátryggingarsamninga.

29. Eiginfjártilslökunin sem leiðir af færslu trygginga má ekki fara yfir 20% af eiginfjárkröfunni vegna rekstraráhættu áður en til færslu áhættumildunaraðferða kemur.

3. UMSÓKN UM NOTKUN ÞRÓAÐRAR MATSAÐFERÐAR Á SAMSTÆÐUGRUNDVELLI

30. Ef áætlað er að móðurlánastofnun í Evrópusambandinu og dótturfélög hennar eða dótturfélög móðureignarhaldfélags á fjármálasviði í Evrópusambandinu noti þróaða mæliaðferð skal umsóknin fela í sér lýsingu á aðferðafræðinni sem notuð er við úthlutun eigin fjár vegna rekstraráhættu á milli mismunandi eininga samstæðunnar.

31. Í umsókninni skal tekið fram hvort og hvernig áhrif fjölbreytileika eru tekin til greina í áhættumatskerfinu.

4. HLUTI

Samþætt notkun mismunandi aðferða

1. NOTKUN ÞRÓAÐRAR MATSAÐFERÐAR ÁSAMT ÖÐRUM AÐFERÐUM

1. Lánastofnun er heimilt að nota þróaða matsaðferð með annaðhvort grundvallaraðferðinni eða staðalaðferðinni, með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði:

a) að þær nái yfir alla rekstraráhættu lánastofnunar. Lögbær yfirvöld séu þess fullviss að sú aðferðafræði sem beitt er nái yfir mismunandi starfsemi, landfræðilegar staðsetningar, lagaleg rekstrarform eða aðra viðeigandi skiptingu sem ákvörðuð er innanhúss og

b) að skilyrðin sem sett eru fram í 2. og 3. hluta séu uppfyllt að því er varðar þann hluta starfsemi sem staðalaðferðin og þróaða matsaðferðin nær yfir.

2. Lögbær yfirvöld geta í hverju tilviki fyrir sig sett fram eftirfarandi viðbótarkröfur:

a) að umtalsverður hluti rekstraráhættu lánastofnunar greinist með þróaðri mæliaðferð þann dag sem henni er fyrst beitt og,

b) að lánastofnun skuldbindi sig til að beita þróuðu matsaðferðinni smám saman á meginhluta starfsemi sinnar innan tímaramma sem samþykktur er af lögbærum yfirvöldum hennar.

2. SAMÞÆTT NOTKUN GRUNDVALLARAÐFERÐARINNAR OG STAÐALAÐFERÐARINNAR

3. Lánastofnun má aðeins nota samþættingu grundvallar- og staðalaðferðarinnar í undantekningartilvikum, svo sem við nýleg kaup á starfsemi sem gæti þarfnast aðlögunartímabils vegna innleiðingar staðalaðferðarinnar.

4. Samþætt notkun grundvallar- og staðalaðferðar skal vera með þeim skilyrðum að lánastofnun skuldbindi sig til að innleiða staðalaðferðina innan tímaramma sem lögbær yfirvöld lánastofnunar samþykkja.

5. HLUTI

Flokkun tapatburða

Tafla 3

Tegund atburðar	Skilgreining
Innri svik	Tap vegna aðgerða sem ætlaðar eru til að svíkja út fé, draga sér eignir eða sniðganga reglur, lög eða stefnur fyrirtækis, að undanskildum atburðum er varða fjölbreytileika/mismunun, sem varða a.m.k. einn innri aðila
Ytri svik	Tap vegna aðgerða þriðja aðila, sem ætlað er að fremja svik, draga sér eignir eða sniðganga lög
Starfsmannamál og öryggi á vinnustað	Tap vegna aðgerða sem brjóta í bága við vinnu-, heilsu- eða öryggislöggjöf eða fyrirkomulag, vegna greiðslu skaðabóta vegna líkamstjóns, eða vegna atburða tengdum fjölbreytileika/mismunun
Viðskiptavinir, afurðir og viðskiptahættir	Tap vegna þess að skyldur (þ.m.t. fjárvörslu- eða hæfniskröfur) gagnvart tilteknum viðskiptavinum eru ekki uppfylltar, óviljandi eða af vanrækslu, eða vegna eðlis eða gerðar afurðar
Eignatjón	Tap vegna taps eða skaða á efnislegum eignum vegna náttúruhamfara eða annarra viðburða
Röskun á viðskiptum og kerfisbilanir	Tap vegna röskunar á viðskiptum eða vegna kerfisbilana
Framkvæmd, afgreiðsla og verkferlar	Tap vegna misheppnaðrar úrvinnslu viðskipta eða vinnslustjórnunar vegna tengsla við mótaðila í viðskiptum og seljendur

XI. VIÐAUKI

TÆKNILEGAR VIÐMIÐANIR VEGNA KÖNNUNAR OG MATS LÖGBÆRRA YFIRVALDA

1. Til viðbótar við útlána-, markaðs- og rekstraráhættu skal endurskoðun og mat sem lögbær yfirvöld framkvæma skv. 124. gr. ná yfir eftirfarandi:

   a) niðurstöður álagsprófsins sem framkvæmt er af lánastofnunum sem beita innramatsaðferð,

   b) stöðu lánastofnana gagnvart samþjöppunaráhættu og stýringu þeirra á henni, þ.m.t. fylgni þeirra við kröfurnar sem mælt er fyrir um í 108.–118. gr.,

   c) traustleika, hentugleika og beitingu og stefna og verklagsreglna sem lánastofnanir hrinda í framkvæmd vegna stýringar á eftirstæðum áhættuþáttum sem tengjast notkun á viðurkenndum aðferðum við mildun á útlánaáhættu,

   d) að hvaða marki eigið fé lánastofnunar vegna eigna sem hún hefur verðbréfað sé fullnægjandi með hliðsjón af fjárhagslegu inntaki viðskiptanna, þ.m.t. umfangi þeirrar áhættuyfirfærslu sem á sér stað,

   e) stöðu lánastofnana gagnvart lausafjáráhættu og stýring þeirra á henni,

   f) áhrif fjölbreytileika og hvernig slík áhrif reiknast inn í áhættumatskerfið, og

   g) niðurstöður álagsprófa sem stofnanir framkvæma með notkun innra líkans til að reikna út eiginfjárkröfur vegna markaðsáhættu skv. V. viðauka við tilskipun 2006/49/EB.

2. Lögbær yfirvöld skulu fylgjast með hvort lánastofnun veitir óbeinan stuðning við verðbréfun. Komi í ljós að lánastofnun hafi veitt óbeinan stuðning oftar en einu sinni skal lögbært yfirvald grípa til viðeigandi ráðstafana, sem endurspegla auknar væntingar um að hún muni veita óbeinan stuðning við verðbréfanir sínar í framtíðinni og vanrækja þar með að yfirfæra áhættu.

3. Að því er varðar ákvörðunina sem taka skal skv. 3. mgr. 124. gr., skulu lögbær yfirvöld taka til athugunar hvort virðisbreytingar og varúðarniðurfærslur sem gerðar eru vegna staðna/verðbréfasafna í viðskiptabókinni, eins og segir í B-hluta VII. viðauka við tilskipun 2006/49/EB, gera lánastofnuninni kleift að selja eða verja stöður sínar innan skamms tímabils án þess að stofna til verulegs taps við venjuleg markaðsskilyrði.

XII. VIÐAUKI

TÆKNILEGAR VIÐMIÐANIR VEGNA UPPLÝSINGAGJAFAR

1. HLUTI

Almennar viðmiðanir

1. Upplýsingar skulu teljast mikilvægar við upplýsingagjöf ef úrfelling þeirra eða rangfærsla gæti breytt eða haft áhrif á mat eða ákvörðun notanda sem reiðir sig á þessar upplýsingar í þeim tilgangi að taka fjárhagslegar ákvarðanir.

2. Upplýsingar skulu teljast eign lánastofnunar ef miðlun slíkra upplýsinga til almennings myndi grafa undan samkeppnisstöðu hennar. Þetta getur átt við upplýsingar um afurðir eða kerfi ef fjárfestingar lánastofnunar í þeim gætu rýrnað við að upplýsingunum yrði miðlað til samkeppnisaðila.

3. Upplýsingar skulu teljast trúnaðarupplýsingar ef til staðar eru skyldur gagnvart viðskiptavinum eða önnur tengsl við mótaðila, sem fela í sér þagnarskyldu lánastofnunar.

4. Lögbær yfirvöld skulu krefjast þess að lánastofnanir meti þörfina á að birta sumar eða allar upplýsingar oftar en árlega í ljósi viðkomandi eiginleika starfsemi þeirra, svo sem stærðar viðskipta, umfangs starfseminnar, starfsemi í mismunandi löndum, þátttöku á ólíkum fjármálasviðum og þátttöku á alþjóðlegum fjármálamörkuðum og í greiðslu-, uppgjörs- og greiðslujöfnunarkerfum. Matið skal sérstaklega gefa gaum að mögulegri þörf á tíðari upplýsingagjöf vegna upplýsinga sem mælt er fyrir um í b- og e. lið 3. liðar og b- til e-lið 4. liðar í 2. hluta, og upplýsinga um áhættugrunn og önnur atriði sem hafa tilhneigingu til að breytast mjög hratt.

5. Krafan um upplýsingagjöf í 3. og 4. lið 2. hluta skal uppfyllt skv. 1. og 2. mgr. 72. gr.

2. HLUTI

Almennar kröfur

1. Greina skal frá markmiðum og stefnum áhættustýringar lánastofnunarinnar fyrir hvern sérstakan flokk áhættu, þ.m.t. áhættuna sem um getur í 1.–14. lið. Þessi upplýsingagjöf skal fela í sér:

   a) áætlanirnar og vinnsluferli til að stýra þessum áhættum,

   b) gerð og skipulag starfssviðs viðkomandi áhættustýringar eða annarra viðeigandi ráðstafana,

   c) gildissvið og eiginleika áhættuskýrslugjafar- og matskerfa, og

   d) stefnur vegna áhættuvarnar og áhættumildunar og áætlanir og vinnsluferli vegna eftirlits með áframhaldandi skilvirkni áhættuvarna og mildunar.

2. Eftirfarandi upplýsingar skulu birtar að því er varðar gildissvið krafna í þessari tilskipun:

   a) heiti lánastofnunarinnar sem fellur undir kröfur þessarar tilskipunar,

   b) yfirlit mismunar á samstæðugrundvelli að því er varðar reikningsskil og varfærni, með stuttri lýsingu á einingum sem eru:

      i. að fullu samsteyptar,

      ii. hlutfallslega samsteyptar,

iii. dregnar frá eigin fé, eða

iv. hvorki samsteyptar né dregnar frá,

c) allar núverandi eða fyrirsjáanlegar lagalegar hömlur eða aðrar hindranir fyrir millifærslu eigin fjár eða endurgreiðslu skulda á milli móðurfyrirtækis og dótturfyrirtækja þess,

d) samanlögð fjárhæð þess sem skortir upp á að raunverulegt eigið fé uppfylli lágmarkskröfu í öllum dótturfyrirtækjum sem ekki falla undir samsteypuna ásamt nafni eða nöfnum slíkra dótturfyrirtækja og

e) þær aðstæður sem liggja til grundvallar notkunar ákvæðanna í 69. og 70. gr. ef við á.

3. Lánastofnanir skulu birta eftirfarandi upplýsingar að því er varðar eigið fé þeirra:

a) samantekt upplýsinga um skilmála og skilyrði helstu einkenna allra eiginfjárliða og undirliggjandi liða þeirra,

b) fjárhæð upprunalegs eigin fjár, með aðgreindum upplýsingum um alla jákvæða liði og frádrætti,

c) heildarfjárhæð viðbótareiginfjár og eigin fjár eins og það er skilgreint í IV. kafla tilskipunar 2006/49/EB,

d) frádrætti frá upphaflegu og viðbótareiginfé skv. 2. mgr. 66. gr. með aðgreindum upplýsingum um liði sem um getur í q-lið 57. gr., og

e) heildarupphæð viðurkenndra eiginfjárliða, að teknu tilliti til frádráttar og takmarkana sem mælt er fyrir um í 66. gr.

4. Eftirfarandi upplýsingar skulu birtar að því er varðar fylgni lánastofnunarinnar við kröfurnar sem mælt er fyrir um í 75. gr. og 123. gr.:

a) samantekt á aðferð lánastofnunarinnar til að meta hvort innra eigið fé veitir fullnægjandi stuðning við starfsemi hennar í nútíð og framtíð,

b) 8% af fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga hvers flokks áhættuskuldbindinga sem tilgreindir eru í 79. gr., að því er varðar lánastofnanir sem reikna út fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga í samræmi við 78.–83. gr.,

c) 8% af fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga hvers flokks áhættuskuldbindinga sem tilgreindir eru í 86. gr., að því er varðar lánastofnanir sem reikna út fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga í samræmi við 84.–89. gr. Þessi krafa á við um hvern flokk áhættuskuldbindinga sem mismunandi fylgni í 10.–13. lið 1. hluta VII. viðauka samsvarar, að því er varðar flokk smásöluáhættuskuldbindinga. Að því er varðar flokk hlutabréfaáhættu á þessi krafa við um:

i. allar aðferðirnar sem fram koma í 17.–26. lið, 1. hluta í VII. viðauka,

ii. áhættuskuldbindingar sem viðskipti eru með á skipulegum verðbréfamarkaði, áhættuskuldbindingar vegna óskráðra hlutabréfa í vel dreifðum eignasöfnum, og aðrar áhættuskuldbindingar,

iii. áhættuskuldbindingar sem eru háðar aðlögunareftirliti að því er varðar kröfur um eigið fé, og

iv. áhættuskuldbindingar sem eru háðar ákvæðum sem mæla fyrir um að eldri reglur gildi að því er varðar eiginfjárkröfur,

d) lágmarkskröfur um eigið fé, reiknaðar út í samræmi við b- og c-lið 75. gr., og

e) lágmarkskröfur um eigið fé, reiknaðar út í samræmi við 103.–105. gr., og birtar sér.

5. Eftirfarandi upplýsingar skulu birtar að því er varðar áhættu lánastofnunarinnar gagnvart mótaðilaáhættu eins og hún er skilgreind í 1. hluta III. viðauka:

a) umfjöllun um aðferðafræðina sem notuð er við ákvörðun innra fjármagns og lánamarka vegna áhættuskuldbindinga mótaðila,

b) umfjöllun um stefnur til að afla trygginga og stofna varasjóð vegna útlána,

c) umfjöllun um stefnur að því er varðar fylgniáhættu,

d) umfjöllun um áhrif fjárhæða tryggingar sem lánastofnun myndi þurfa að leggja fram ef lánshæfismat hennar lækkaði,

e) samanlagt gangvirði samninga, jákvæð áhrif skuldajöfnuðar, jöfnuð núverandi áhættuskuldbinding, þær tryggingar sem eru til staðar og hrein áhættuskuldbinding afleiða. Hrein áhættuskuldbinding afleiða er áhættuskuldbinding afleiðuviðskipta að teknu tilliti til bæði ávinnings af skuldajöfnunarsamningum, sem eru framfylgjanlegir samkvæmt lögum, og tryggingarráðstafana,

f) ráðstafanir vegna virðis áhættuskuldbindingar samkvæmt aðferðunum sem settar eru fram í 3.–6. hluta III. viðauka, eftir því hver aðferðanna á við,

g) hugsað verðmæti lánaafleiðuvarna og dreifing núverandi áhættuskuldbindingar eftir tegundum áhættuskuldbindinga,

h) afleiðuviðskipti (hugsað verðmæti), aðgreind eftir notkun fyrir eigið lánasafn lánastofnunarinnar, svo og í milligöngustarfsemi hennar, þ.m.t. dreifing lánaafleiðuafurða sem notaðar eru, sundurliðaðar nánar eftir vörnum sem eru keyptar og seldar innan hvers afurðahóps, og

i) mat á α ef lánastofnunin hefur hlotið samþykki lögbærra yfirvalda til að meta α.

6. Eftirfarandi upplýsingar skulu birtar að því er varðar útlánaáhættu og þynningarhættu lánastofnunarinnar:

a) skilgreiningarnar fyrir „gjaldfallinn“ og „virðisrýrnun“, eins og þær koma fyrir í reikningsskilum,

b) lýsing á nálgunum og aðferðum sem notaðar eru við útreikning á virðisbreytingum og varúðarniðurfærslum,

c) heildarfjárhæð áhættuskuldbindinga eftir jöfnun reikningsskila og án þess að taka tillit til áhrifa mildunar útlánahættu, og meðalfjárhæð áhættuskuldbindinga yfir tímabilið sem er sundurliðað eftir mismunandi flokkum áhættuskuldbindinga,

d) landfræðileg dreifing áhættuskuldbindinga, sundurliðuð í mikilvæg svæði eftir mikilvægum flokkum áhættuskuldbindinga, og sundurliðað frekar ef við á,

e) dreifing áhættuskuldbindinga eftir atvinnugrein eða tegund mótaðila, sundurliðuð eftir flokkum áhættuskuldbindinga og sundurliðuð frekar ef við á,

f) sundurliðun eftirstöðvatíma allra áhættuskuldbindinga eftir flokkum áhættuskuldbindinga, sundurliðað frekar ef við á,

g) eftir mikilvægum atvinnugreinum eða tegundum mótaðila, fjárhæð:

i. áhættuskuldbindinga sem hafa rýrnað að virði og áhættuskuldbindinga sem eru gjaldfallnar

ii. virðisbreytinga og varúðarniðurfærslna og

iii. kostnaðar við virðisbreytingar og varúðarniðurfærslur á tímabilinu,

h) fjárhæð áhættuskuldbindinga sem hafa rýrnað að virði og gjaldfallinna áhættuskuldbindinga, aðgreint, sundurliðað eftir mikilvægum landfræðilegum svæðum, þ.m.t. ef því verður við komið, fjárhæðir virðisbreytinga og varúðarniðurfærslna er tengjast hverju landfræðilegu svæði,

i) afstemming breytinga í virðisbreytingum og varúðarniðurfærslum vegna áhættuskuldbindinga sem hafa rýrnað að virði, sýnt aðgreint. Upplýsingarnar skulu samanstanda af:

i. lýsingu á tegundum virðisbreytinga og varúðarniðurfærslna,

ii. upphafsstöðum,

iii. fjárhæðum sem voru bókaðar á móti varúðarniðurfærslunum á tímabilinu,

iv. fjárhæðunum sem lagðar eru til hliðar eða bakfærðar vegna áætlaðs taps á áhættuskuldbindingum á tímabilinu, öðrum aðlögunum, þ .m.t. þeim sem ráðast af gengismun, sameiningu fyrirtækja, kaupum og sölu dótturfyrirtækja og millifærslum milli varúðarniðurfærslna, og

v. lokastöðum.

Virðisbreytingar og innheimtar fjárhæðir sem eru færðar beint inn í rekstrarreikning skulu birtar sérstaklega.

7. Að því er varðar lánastofnanir sem reikna út fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga í samræmi við 78.–83. gr., skulu eftirfarandi upplýsingar birtar fyrir hvern flokk áhættuskuldbindinga sem tilgreindir eru í 79. gr.,

a) nöfn tilnefndu lánshæfismatsstofnananna og útflutningslánastofnananna og ástæðurnar fyrir breytingum,

b) flokkar áhættuskuldbindinga sem hver utanaðkomandi lánshæfismatsstofnun og útflutningslánastofnun er notuð fyrir,

c) lýsing á ferlinu sem beitt er við yfirfærslu lánshæfismats útgefanda og útgáfu yfir á liði sem ekki eru í veltubókinni,

d) tengsl ytra mats hverrar tilnefndrar utanaðkomandi lánshæfismatsstofnunar eða útflutningslánastofnunar við lánshæfisþrep sem lýst er í VI. viðauka, að teknu tilliti til þess að ekki þarf að birta þessar upplýsingar ef lánastofnunin fylgir stöðluðum tengslum sem lögbær yfirvöld birta, og

e) virði áhættuskuldbindinga og virði áhættuskuldbindinga eftir mildun útlánaáhættu í tengslum við hvert lánshæfisþrep sem lýst er í VI. viðauka, ásamt því sem dregið er frá eigin fé.

8. Lánastofnanir sem reikna út fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga í samræmi við 6. eða 19.–21. lið 1. hluta VII. viðauka, skulu birta áhættuskuldbindingarnar sem settar eru í hvern flokk í töflu 1, í 6. lið í VII. viðauka, 1. hluta, eða sem fá hverja áhættuvog sem nefnd er í 19.–21. lið í 1. hluta VII. viðauka.

9. Lánastofnanir sem reikna út kröfur um eigið fé í samræmi við b- og c-lið 75. gr. skulu birta þær kröfur sérstaklega fyrir hverja áhættu sem um getur í þeim ákvæðum.

10. Hver lánastofnun skal birta eftirfarandi upplýsingar ef hún reiknar út eiginfjárkröfur í samræmi við V. viðauka við tilskipun 2006/49/EB:

a) fyrir hvert undirsafn sem fellur undir tilskipunina:

i. einkenni líkananna sem notuð eru,

ii. lýsing á álagsprófunum sem beitt er á undirsafnið,

iii. lýsing á aðferðunum sem notaðar eru við afturvirkt eftirlit og staðfestingu á nákvæmni og samkvæmni innri líkananna og ferlanna við gerð líkananna,

b) gildissvið viðurkenningar lögbærra yfirvalda, og

c) lýsing á því að hvaða marki og með hvaða aðferðum skuli fara að kröfunum sem settar eru fram í B-hluta VII. viðauka við tilskipun 2006/49/EB.

11. Lánastofnanir skulu birta eftirfarandi upplýsingar um rekstraráhættu:

a) aðferðirnar við mat á kröfum um eigið fé vegna rekstraráhættu sem lánastofnunin uppfyllir skilyrði fyrir, og

b) lýsing á aðferðunum sem settar eru fram í 105. gr., ef lánastofnunin notar þær, þ.m.t. umfjöllun um viðkomandi innri og ytri þætti sem tekið er mið af í mæliaðferðum lánastofnunarinnar. Gildissvið og umfang mismunandi aðferða sem notaðar eru, þegar um ræðir notkun að hluta.

12. Eftirfarandi upplýsingar skulu birtar varðandi hlutabréfastöður sem ekki eru í veltubókinni:

a) skipting áhættuskuldbindinga á grundvelli markmiða þeirra, þ.m.t. vegna verðhækkunarágóða og stefnu, og yfirlit yfir reikningsaðferðir og matsaðferðir sem notaðar eru, þ.m.t. lykilforsendur og starfsvenjur sem hafa áhrif á mat og allar meiriháttar breytingar á þessum starfsvenjum,

b) virði í efnahagsreikningi, gangvirði og, að því er varðar þær sem verslað er með á skipulegum markaði, samanburður við markaðsvirði þar sem það er verulega frábrugðið gangvirðinu,

c) tegundir, eðli og fjárhæðir áhættuskuldbindinga sem verslað er með á skipulegum markaði, áhættuskuldbindinga í óskráðum hlutabréfum í vel dreifðu verðbréfasafni, og aðrar áhættuskuldbindingar,

d) uppsafnaður innleystur hagnaður eða tap sem verður til vegna sölu og félagsslita á tímabilinu, og

e) heildarfjárhæð óinnleysts hagnaðar eða taps, dulinn heildarhagnaður eða -tap samkvæmt endurmati, og hver þessara fjárhæða sem innifaldar eru í upprunalegu eigin fé eða viðbótareiginfé.

13. Lánastofnanir skulu birta eftirfarandi upplýsingar um vaxtaáhættu sína vegna þeirra staðna sem ekki eru í veltubókinni:

a) eðli vaxtaáhættunnar og lykilforsendur (þ.m.t. forsendur er varða fyrirframgreiðslu lána og hegðun innlána án gildistíma), og tíðni mælinga á vaxtaáhættu, og

b) breytingar á tekjum, fjárhagslegu virði eða öðrum viðeigandi mælikvarða sem stjórnendur nota vegna vaxtaskella (upp og niður) í samræmi við aðferð sína við að mæla vaxtaáhættu, sundurliðað eftir gjaldmiðli.

14. Lánastofnanir sem reikna út fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga í samræmi við 94.–101. gr. skulu birta eftirfarandi upplýsingar:

a) lýsingu á markmiðum lánastofnunarinnar í tengslum við verðbréfunarstarfsemi,

b) hlutverkin sem lánastofnanir hafa í verðbréfunarferlinu,

c) upplýsingar um að hvaða marki lánastofnunin taki þátt í hverri þeirra,

d) aðferðirnar við útreikning á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga sem lánastofnunin fylgir vegna verðbréfunarstarfsemi,

e) samantekt á reikningsskilastefnum lánastofnunarinnar vegna verðbréfunarstarfsemi, þ.m.t.:

i. hvort viðskiptin séu meðhöndluð sem sala eða fjármögnun,

ii. færslur vegna söluágóða,

iii. lykilforsendur vegna mats á víkjandi eftirstæðum hagsmunum, og

iv. meðhöndlun á gerviverðbréfun ef hún fellur ekki undir aðrar reikningsskilaaðferðir,

f) nöfn utanaðkomandi lánshæfismatsstofnana sem notaðar eru vegna verðbréfunar og tegundir áhættuskuldbindinga sem hver stofnun er notuð fyrir,

g) heildarfjárhæð útistandandi áhættuskuldbindinga sem lánastofnunin verðbréfar og sem falla undir ramma verðbréfunar (sundurliðað í hefðbundna verðbréfun og gerviverðbréfun), eftir tegund áhættuskuldbindingar,

h) sundurliðun eftir tegund áhættuskuldbindingar, að því er varðar áhættuskuldbindingar sem lánastofnunin verðbréfar og sem falla undir ramma verðbréfunar, á fjárhæð verðbréfaðra skertra og gjaldfallinna áhættuskuldbindinga og tapinu sem lánastofnunin gjaldfærir á tímabilinu,

i) samanlögð fjárhæð óafhentra eða keyptra verðbréfaðra staðna, sundurliðuð eftir tegund áhættuskuldbindingar,

j) heildarfjárhæð óafhentra eða keyptra verðbréfaðra staðna, skipt upp í sannfærandi fjölda bila áhættuvoga. Stöður sem hafa verið áhættuvegnar við 1250% eða frádregnar skulu birtar sérstaklega,

k) heildarfjárhæð útistandandi verðbréfaðra hlaupandi áhættuskuldbindinga, skipt eftir hlutdeild útgefanda og hlutdeild fjárfestisins og

l) samantekt á verðbréfunarstarfsemi á tímabilinu, þ.m.t. fjárhæð verðbréfaðra áhættuskuldbindinga (eftir tegund áhættuskuldbindingar) og færður hagnaður eða tap af sölu eftir tegund áhættuskuldbindingar.

3. HLUTI

Skilyrði fyrir notkun tiltekinna gerninga eða aðferðafræði

1. Lánastofnanir sem reikna út fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga í samræmi við 84.–89. gr. skulu birta eftirfarandi upplýsingar:

a) samþykki lögbærra yfirvalda á aðferð eða samþykktu bráðabirgðaákvæði,

b) skýringu og endurskoðun á:

i. uppbyggingu innri matskerfa og tengsl milli innra mats og ytra mats,

ii. notkun á innra mati til annars en útreikninga á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga í samræmi við 84.–89. gr.,

iii. ferlinu við að stýra og færa mildun á útlánaáhættu og

iv. eftirlitskerfi vegna matskerfa, þ.m.t. lýsing á sjálfstæði, ábyrgð og endurskoðun matskerfa,

c) lýsingu á innra matsferlinu, gerð sérstaklega fyrir hvern eftirfarandi flokka áhættuskuldbindinga:

i. ríkisstjórnir og seðlabanka,

ii. stofnanir,

iii. fyrirtæki, þ.m.t. lítil og meðalstór fyrirtæki, sértæk útlán og keyptar viðskiptakröfur á fyrirtæki,

iv. smásölu, að því er varðar hvern flokk áhættuskuldbindinga sem mismunandi fylgni í 10.–13. lið 1. hluta VII. viðauka á við og

v. hlutabréf,

d) virði áhættuskuldbindingar fyrir hvern flokk áhættuskuldbindinga sem tilgreindir eru í 86. gr. Áhættukröfur á ríkisstjórnir og seðlabanka, stofnanir og fyrirtæki þar sem lánastofnanir nota eigið mat á tapi að gefnum vanefndum eða breytistuðlum til að reikna út fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga skulu birtar aðskilið frá áhættuskuldbindingum sem lánastofnunin notar ekki slíkt mat fyrir,

e) til að mögulegt sé að sundurgreina útlánaáhættu skulu lánastofnanir, að því er varðar hvern flokk áhættuskuldbindinga ríkisstjórna og seðlabanka, stofnana, fyrirtækja og hlutabréfa, og yfir nægjanlega mörg þrep loforðsgjafa (þ.m.t. vanskil) fyrir markvissa aðgreiningu útlánaáhættu, birta:

i. áhættuskuldbindingar samtals (samtölu útistandandi lána og virði áhættuskuldbindinga vegna ónotaðra skuldbindinga, að því er varðar flokkana ríkisstjórnir og seðlabankar, stofnanir og fyrirtæki, og útistandandi fjárhæð að því er varðar flokkinn hlutabréf),

ii. áhættuvegið meðaltal taps að gefnum vanefndum í prósentum, að því er varðar lánastofnanir sem nota eigið mat á tapi að gefnum vanefndum við útreikning á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga,

iii. áhættuvog sem er meðaltal veginna áhættuskuldbindinga, og

iv. fjárhæð ónotaðra skuldbindinga og virðis áhættuskuldbindinga, sem er meðaltal veginna áhættuskuldbindinga, fyrir hvern flokk áhættuskuldbindinga, að því er varðar lánastofnanir sem nota eigið mat á breytistuðlum við útreikning á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga,

f) að því er varðar flokk smásöluáhættuskuldbindinga og hvern flokk eins og þeir eru skilgreindir í iv. lið c-liðar, annaðhvort upplýsingarnar sem settar eru fram í e-lið hér að ofan (á grundvelli safna, ef við á), eða greiningu á áhættuskuldbindingum (útistandandi lán og virði áhættuskuldbindinga fyrir ónotaðar skuldbindingar) á móti nægilega mörgum þrepum vænts taps fyrir markvissa aðgreiningu á útlánaáhættu (á grundvelli safna, ef við á),

g) raunverulegar virðisbreytingar á næstliðnu tímabili fyrir hvern flokk áhættuskuldbindinga (að því er varðar smásölu, fyrir hvern flokk eins og þeir eru skilgreindir í iv. lið c-liðar) og hvernig þær eru frábrugðnar fyrri reynslu,

h) lýsingu á þáttunum sem höfðu áhrif á tapreynslu á næstliðnu tímabili (var vanskilahlutfall lánastofnunar t.d. hærra en að meðaltali, eða tap hennar að gefnum vanefndum og breytistuðlar hærri en að meðaltali), og

i) mat lánastofnunarinnar á móti raunverulegri niðurstöðu yfir lengra tímabil. Það skal a.m.k. ná yfir upplýsingar um mat á tapi á móti raunverulegu tapi í hverjum flokki áhættuskuldbindinga (að því er varðar smásölu, fyrir hvern flokk eins og þeir eru skilgreindir í iv.-lið c-liðar) á tímabili sem er nægjanlega langt til að markvisst mat fari fram á árangri innra matsferlisins fyrir hvern flokk áhættuskuldbindinga (að því er varðar smásölu, fyrir hvern af flokkunum eins og það er skilgreint í iv.-lið c-liðar). Eftir því sem við á skulu lánastofnanir sundurliða þetta nánar til að veita greiningu á líkum á vanefndum og, að því er varðar lánastofnanir sem nota eigið mat á tapi að gefnum vanefndum og/eða breytistuðlum, niðurstöðu taps að gefnum vanefndum og breytistuðla á móti mati sem veitt er í upplýsingunum um megindlegt áhættumat hér að ofan.

Að því er varðar c-lið, skal lýsingin innihalda tegundir áhættuskuldbindinga sem falla undir áhættuskuldbindingaflokkinn, skilgreiningar, aðferðir og gögn vegna mats og fullgildingar á líkum á vanskilum og, ef við á, á tapi að gefnum vanefndum og breytistuðlum, þ.m.t. forsendur sem notaðar eru til að leiða út þessar breytur og lýsingarnar á mikilvægum frávikum frá skilgreiningunni á vanskilum, eins og hún er sett fram í 44.–48. lið 4. hluta VII. viðauka, þ.m.t. yfirgripsmeiri hlutar sem slík frávik hafa áhrif á.

2. Lánastofnunin sem beitir aðferðum til mildunar útlánaáhættu skal birta eftirfarandi upplýsingar:

a) stefnur og ferli fyrir, ásamt upplýsingum um að hvaða marki aðilinn notar skuldajöfnun innan og utan efnahagsreiknings,

b) stefnur og ferli vegna mats og stýringar á tryggingum,

c) lýsingu á helstu gerðum trygginga sem lánastofnunin tekur við,

d) helstu gerðir ábyrgðaraðila og mótaðila lánaafleiða og lánshæfi þeirra,

e) upplýsingar um samþjöppun markaðs- eða útlánaáhættu innan þeirrar mildunar á útlánaáhættu sem gripið er til,

f) aðskilið fyrir hvern flokk áhættuskuldbindinga, að því er varðar lánastofnanir sem reikna út fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga í samræmi við 78.–83. gr, eða 84.–89. gr., en veita ekki eigið mat á tapi að gefnum vanefndum eða breytistuðlum að því er varðar áhættuskuldbindingaflokkinn, heildarvirði áhættuskuldbindinga (að aflokinni skuldajöfnun innan og utan efnahagsreiknings, ef við á) sem er varinn — eftir beitingu jöfnunar flökts — með hæfri fjárhagslegri tryggingu, og öðrum hæfum tryggingum og

g) aðskilið fyrir hvern flokk áhættuskuldbindinga, að því er varðar lánastofnanir sem reikna út fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga í samræmi við 78.–83. gr. eða 84.–89. gr., heildaráhættuskuldbinding (að aflokinni skuldajöfnun innan og utan efnahagsreiknings, ef við á) sem er varin með ábyrgðum eða lánaafleiðum. Þessi krafa gildir um allar aðferðirnar sem fram koma í 17.–26. lið 1. hluta VII. viðauka, að þ ví er varðar flokk hlutabréfaáhættu.

3. Lánastofnanir sem nota aðferðina sem er sett fram í 105. gr. við útreikninga á eiginfjárkröfum vegna rekstraráhættu skulu birta lýsingu á notkun tryggingar í því skyni að milda áhættuna.

XIII. VIÐAUKI

A-HLUTI

Niðurfelldar tilskipanir ásamt breytingum á þeim (sem um getur í 158. gr.)

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB frá 20. mars 2000 um stofnun og rekstur lánastofnana

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/28/EB frá 18. september 2000 um breytingu á tilskipun 2000/12/EB um stofnun og rekstur lánastofnana

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/87/EB frá 16. desember 2002 um viðbótareftirlit með lánastofnunum, vátryggingafélögum og fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu sem eru hluti af samsteypu fjármálafyrirtækja og um breytingu á tilskipunum ráðsins 73/239/EBE, 79/267/EBE, 92/49/EBE, 92/96/EBE, 93/6/EBE og 93/22/EBE og á tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 98/78/EB og 2000/12/EB

Einungis 29. gr. (a- og b-liður 1. mgr, 2. mgr., a- og b-liður 4. mgr., 5. - 11. mgr.)

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB frá 21. apríl 2004 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipunum ráðsins 85/611/EBE og 93/6/EBE og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 93/22/EBE

Einungis 68. gr.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/69/EB frá 27. apríl 2004 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB að því er varðar skilgreiningu á „fjölþjóðlegum þróunarbönkum“

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/1/EB frá 9. mars 2005 um breytingu á tilskipunum ráðsins 73/239/EBE, 85/611/EBE, 91/675/EBE, 92/49/EBE og 93/6/EBE og tilskipunum 94/19/EB, 98/78/EB, 2000/12/EB, 2001/34/EB, 2002/83/EB og 2002/87/EB í því skyni að koma á nýju skipulagi í nefndum á sviði fjármálaþjónustu

Einungis 3. gr.

BREYTINGAR SEM EKKI ERU NIÐURFELLINGAR

Lög um aðild 2003

B-HLUTI

lögleiðingarfrestur (sem um getur í 158. gr.)

Tilskipun		Lögleiðingarfrestur
Tilskipun 2000/12/EB		- - - - -
Tilskipun 2000/28/EB		27.4.2002
Tilskipun 2002/87/EB		11.8.2004
Tilskipun 2004/39/EB		30.4.2006/31.1.2007
Tilskipun 2004/69/EB		30.6.2004
Tilskipun 2005/1/EB		13.5.2005

XIV. viðauki

SAMSVÖRUNARTAFLA

Þessi tilskipun	Tilskipun 2000/12/EB	Tilskipun 2000/28/EB	Tilskipun 2002/87/EB	Tilskipun 2004/39/EB	Tilskipun 2005/1/EB
1. gr.	1. og 2. mgr. 2. gr.				
2. gr.	3. mgr. 2. gr. Lög um aðild				
2. gr.	4. mgr. 2. gr.				
3. gr.	5. og 6. mgr. 2. gr.				
Þriðja undirgrein 1. mgr. 3. gr.					2. mgr. 3. gr.
1. mgr. 4. gr.	1. mgr. 1. gr.				
2. til 5. mgr. 4. gr.		2. til 5. mgr. 1. gr.			
7. til 9. mgr. 4. gr.		6. til 8. mgr. 1. gr.			
10. mgr. 4. gr.			a-liður 1. mgr. 29. gr.		
11. til 14. mgr. 4. gr.	1. gr. (10., 12. og 13. mgr.)				
21. og 22. mgr. 4. gr.			b-liður 1. mgr. 29. gr.		
23. mgr. 4. gr.	23. mgr. 1. gr.				
45. til 47. mgr. 4. gr.	25. til 27. mgr. 1. gr.				
5. gr.					
6. gr.	4. gr.				
7. gr.	8. gr.				
8. gr.	9. gr.				
1. mgr. 9. gr.	1. mgr. 5. gr. og 11. mgr. 1. gr.				
2. mgr. 9. gr.	2. mgr. 5. gr.				

Þessi tilskipun	Tilskipun 2000/12/EB	Tilskipun 2000/28/EB	Tilskipun 2002/87/EB	Tilskipun 2004/39/EB	Tilskipun 2005/1/EB
10. gr.	3. til 7. mgr. 5. gr.				
11. gr.	6. gr.				
12. gr.	7. gr.				
13. gr.	10. gr.				
14. gr.	11. gr.				
1. mgr. 15. gr.	12. gr.				
2. og 3. mgr. 15. gr.			2. mgr. 29. gr.		
16. gr.	13. gr.				
17. gr.	14. gr.				
18. gr.	15. gr.				
1. mgr. 19. gr.	1. mgr. 16. gr.				
2. mgr. 19. gr.			3. mgr. 29. gr.		
20. gr.	3. mgr. 16. gr.				
21. gr.	4. til 6. mgr. 16. gr.				
22. gr.	17. gr.				
23. gr.	18. gr.				
1. mgr. 24. gr.	1. til 3. mgr. 19. gr.				
2. mgr. 24. gr.	6. mgr. 19. gr.				
3. mgr. 24. gr.	4. mgr. 19. gr.				
1. til 3. mgr. 25. gr.	Fyrsta og önnur undirgrein 1. til 3. mgr. 20. gr.				
3. mgr. 25. gr.	5. mgr. 19. gr.				
4. mgr. 25. gr.	Þriðja undirgrein 3. mgr. 20. gr.				
26. gr.	4. til 7. mgr. 20. gr.				

Þessi tilskipun	Tilskipun 2000/12/EB	Tilskipun 2000/28/EB	Tilskipun 2002/87/EB	Tilskipun 2004/39/EB	Tilskipun 2005/1/EB
27. gr.	Annar málsliður 3. mgr. 1. gr.				
28. gr.	21. gr.				
29. gr.	22. gr.				
30. gr.	2. til 4. mgr. 22. gr.				
31. gr.	5. mgr. 22. gr.				
32. gr.	6. mgr. 22. gr.				
33. gr.	7. mgr. 22. gr.				
34. gr.	8. mgr. 22. gr.				
35. gr.	9. mgr. 22. gr.				
36. gr.	10. mgr. 22. gr.				
37. gr.	11. mgr. 22. gr.				
38. gr.	24. gr.				
1. og 2. mgr. 39. gr.	25. gr.				
3. mgr. 39. gr.					8. mgr. 3. gr.
40. gr.	26. gr.				
41. gr.	27. gr.				
42. gr.	28. gr.				
43. gr.	29. gr.				
44. gr.	1. til 3. mgr. 30. gr.				
45. gr.	4. mgr. 30. gr.				
46. gr.	3. mgr. 30. gr.				
47. gr.	5. mgr. 30. gr.				
48. gr.	6. og 7. mgr. 30. gr.				
49. gr.	8. mgr. 30. gr.				

Þessi tilskipun	Tilskipun 2000/12/EB	Tilskipun 2000/28/EB	Tilskipun 2002/87/EB	Tilskipun 2004/39/EB	Tilskipun 2005/1/EB
50. gr.	Fyrsta og önnur undirgrein 9. mgr. 30. gr.				
51. gr.	Þriðja undirgrein 9. mgr. 30. gr.				
52. gr.	10. mgr. 30. gr.				
53. gr.	31. gr.				
54. gr.	32. gr.				
55. gr.	33. gr.				
56. gr.	1. mgr. 34. gr.				
57. gr.	Fyrsta undirgrein 2. mgr. 34. gr. og annar málsliður annars liðar 2. mgr. 34. gr.		a-liður 4. mgr. 29. gr.		
58. gr.			b-liður 4. mgr. 29. gr.		
59. gr.			b-liður 4. mgr. 29. gr.		
60. gr.			b-liður 4. mgr. 29. gr.		
61. gr.	3. og 4. mgr. 34. gr.				
63. gr.	35. gr.				
64. gr.	36. gr.				
65. gr.	37. gr.				
1. og 2. mgr. 66. gr.	1. og 2. mgr. 38. gr.				
67. gr.	39. gr.				
73. gr.	3. mgr. 52. gr.				
106. gr.	24. mgr. 1. gr.				
107. gr.	Þriðja undirgrein 1. mgr. 1. gr.				
108. gr.	1. mgr. 48. gr.				

Þessi tilskipun	Tilskipun 2000/12/EB	Tilskipun 2000/28/EB	Tilskipun 2002/87/EB	Tilskipun 2004/39/EB	Tilskipun 2005/1/EB
109. gr.	Fyrsta undirgrein 4. mgr. 48. gr.				
110. gr.	Önnur undirgrein 2.-4. mgr. 48. gr.				
111. gr.	1. til 5. mgr. 49. gr.				
113. gr.	4., 6. og 7. mgr. 49. gr.				
115. gr.	8. og 9. mgr. 49. gr.				
116. gr.	10. mgr. 49. gr.				
117. gr.	11. mgr. 49. gr.				
118. gr.	50. gr.				
120. gr.	1., 2. og 5. mgr. 51. gr.				
121. gr.	4. mgr. 51. gr.				
1. og 2. mgr. 122. gr.	6. mgr. 51. gr.		5. mgr. 29. gr.		
125. gr.	1. og 2. mgr. 53. gr.				
126. gr.	3. mgr. 53. gr.				
128. gr.	5. mgr. 53. gr.				
1. mgr. 133. gr.	1. mgr. 54. gr.		a-liður 7. mgr. 29. gr.		
2. og 3. mgr. 133. gr.	2. og 3. mgr. 54. gr.				
1. mgr. 134. gr.	Fyrsta undirgrein 4. mgr. 54. gr.				
2. mgr. 134. gr.	Önnur undirgrein 4. mgr. 54. gr.				
135. gr.			8. mgr. 29. gr.		
137. gr.	55. gr.				
138. gr.			9. mgr. 29. gr.		

Þessi tilskipun	Tilskipun 2000/12/EB	Tilskipun 2000/28/EB	Tilskipun 2002/87/EB	Tilskipun 2004/39/EB	Tilskipun 2005/1/EB
139. gr.	1. til 3. mgr. 56. gr.				
140. gr.	4. til 6. mgr. 56. gr.				
141. gr.	7. mgr. 56. gr.		10. mgr. 29. gr.		
142. gr.	8. mgr. 56. gr.				
143. gr.			11. mgr. 29. gr.		10. mgr. 3. gr.
150. gr.	1. mgr. 60. gr.				
151. gr.	2. mgr. 60. gr.				10. mgr. 3. gr.
158. gr.	67. gr.				
159. gr.	68. gr.				
160. gr.	69. gr.				
1. til 14. liður I. viðauka, að undanskildri síðustu málsgreininni	I. viðauki				
Síðasta málsgrein I. viðauka				68. gr.	
II. viðauki	II. viðauki				
III. viðauki	III. viðauki				
IV. viðauki	IV. viðauki				

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2006/49/EB 2013/EES/4/15

frá 14. júní 2006

um eiginfjárkröfur fjárfestingarfyrirtækja og lánastofnana (endursamin) (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 47. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar ([1]),

með hliðsjón af áliti Seðlabanka Evrópu ([2]), að höfðu samráði við svæðanefndina, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251.gr. sáttmálans ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Tilskipun ráðsins 93/6/EBE frá 15. mars 1993 um eiginfjárkröfur fjárfestingarfyrirtækja og lánastofnana ([4]) hefur oft verið breytt umtalsvert. Þar eð nú er verið að gera frekari breytingar á framangreindri tilskipun er æskilegt, til að skýra málin, að endursemja hana.

2) Eitt markmiðanna með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB frá 21. apríl 2004 um markaði fyrir fjármálagerninga ([5]) er að heimila fjárfestingarfyrirtækjum, sem hafa fengið leyfi lögbærra yfirvalda í heimaaðildarríki sínu og eru undir eftirliti sömu yfirvalda, að koma óhindrað á fót útibúum og veita þjónustu í öðrum aðildarríkjum. Í þ eirri tilskipun er einnig kveðið á um samræmingu reglna um leyfi og rekstur fjárfestingarfyrirtækja.

3) Í tilskipun 2004/39/EB eru þó ekki settar sameiginlegar reglur um eigið fé fjárfestingarfyrirtækja og hvorki stofnfé slíkra fyrirtækja né sameiginlegur rammi vegna eftirlits með áhættu sem þau stofna til er fastákveðinn.

4) Rétt þykir að koma aðeins á nauðsynlegri og nægilegri grunnsamhæfingu til að tryggja gagnkvæma viðurkenningu á leyfum og fyrirkomulagi á varfærniseftirliti; í því skyni að ná fram gagnkvæmri viðurkenningu innan ramma innri fjármálamarkaðarins skal kveða á um ráðstafanir til að samræma skilgreiningu á eigin fé fjárfestingarfyrirtækja, ákvörðun fjárhæða stofnfjár þeirra og ákvörðun um sameiginlegan ramma fyrir eftirlit með þeirri áhættu sem fjárfestingarfyrirtæki stofna til.

5) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar tilskipunar, þ.e. að ákveða eiginfjárkröfur sem gilda um fjárfestingarfyrirtæki og lánastofnanir, reglur um útreikninga þeirra og reglur um varfærniseftirlit með þeim, og þ eim verður betur náð á vettvangi Bandalagsins vegna þess hve fyrirhugaðar aðgerðir eru umfangsmiklar og áhrif þeirra víðtæk, er Bandalaginu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og kveðið er á um í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná megi þessum markmiðum.

6) Rétt þykir að ákveða mismunandi fjárhæðir stofnfjár eftir því hvaða starfsemi fjárfestingarfyrirtækin hafa leyfi til að stunda.

7) Starfandi fjárfestingarfyrirtækjum ætti að vera heimilt, við ákveðin skilyrði, að halda starfsemi sinni áfram jafnvel þótt þau uppfylli ekki kröfur um lágmarksfjárhæð stofnfjár sem ákveðin er fyrir ný fjárfestingarfyrirtæki.

8) Aðildarríkin skulu vera í stakk búin til að setja strangari reglur en kveðið er á um í þessari tilskipun.

9) Til að innri markaðurinn geti starfað snurðulaust þarf ekki aðeins lagareglur heldur einnig náið og reglubundið samstarf og umtalsvert meiri samleitni reglu- og eftirlitsvenja milli lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna.

10) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 11. maí 1999, sem ber heitið: „Að setja ramma um starfsemi fjármálamarkaða: aðgerðaáætlun“ er talinn upp fjöldi markmiða sem þarf að ná til þess að innri markaðurinn fyrir fjármálaþjónustu verði að veruleika. Á fundi leiðtogaráðsins í Lissabon 23. og 24. mars 2000 var sett það markmið að hrinda aðgerðaáætluninni í framkvæmd eigi síðar en árið 2005. Endursamning ákvæða um eigið fé er lykilþáttur í aðgerðaáætluninni.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 177, 30.6.2006, bls. 201. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 65/2008 frá 6. júní 2008 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 58, 25.9.2008, bls. 9.

([1]) Stjtíð. EB nr. C 234, 22.9.2005, bls. 8.

([2]) Stjtíð. EB nr. C 52, 2.3.2005, bls. 37.

([3]) Álit Evrópuþingsins frá 28. september 2005 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB), og afstaða Evrópuþingsins frá 7. júní 2006.

([4]) Stjtíð. EB nr. L 141,11.6.1993, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/1/EB (Stjtíð. EB nr. L 79, 24.3.2005, bls. 9).

([5]) Stjtíð. ESB nr. L 145, 30.4.2004, bls. 1.

11) Þar eð fjárfestingarfyrirtæki standa frammi fyrir sömu áhættu og lánastofnanir að því er varðar veltubókarviðskipti þeirra, er rétt að viðeigandi ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/48/EB frá 14. júní 2006 um stofnun og rekstur lánastofnana ([1]) gildi jafnframt um fjárfestingarfyrirtæki.

12) Eigið fé fjárfestingarfyrirtækja eða lánastofnana (hér á eftir er vísað til þeirra sameiginlega sem „stofnanir“) getur staðið undir tapi þegar hagnaður er ekki nægilegur til að vega upp á móti því til að tryggja samfelldan rekstur stofnana og til að vernda fjárfesta. Eigið fé er einnig mikilvægur mælikvarði fyrir lögbær yfirvöld, einkum hvað varðar mat á gjaldþoli stofnana og í varúðarskyni. Enn fremur eru stofnanir í beinni samkeppni hver við aðra á innri markaðnum. Í því skyni að efla fjármálakerfi Bandalagsins og til að koma í veg fyrir röskun á samkeppni, er því rétt að mæla fyrir um sameiginlegar grundvallarreglur um eigið fé.

13) Að því er varðar 12. forsendu er rétt að skilgreiningin á eigin fé, sem mælt er fyrir um í tilskipun 2006/48/EB, sé lögð til grundvallar og að hún kveði á um sértækar reglur til viðbótar sem taka tillit til mismunandi umfangs krafna um eigið fé sem tengjast markaðsáhættu.

14) Að því er varðar lánastofnanir hafa sameiginlegar reglur þegar verið settar fyrir umsjón og eftirlit með mismunandi áhættu í tilskipun 2000/12/EB.

15) Í því sambandi skulu ákvæðin um lágmarkseiginfjárkröfur skoðast í tengslum við aðra sérgerninga sem samræma einnig grundvallartækni við eftirlit með stofnunum.

16) Nauðsynlegt er að þróa sameiginlegar reglur um markaðsáhættu lánastofnana og setja nýjan ramma vegna eftirlits með áhættu stofnana, einkum markaðsáhættu, þ.m.t. stöðuáhætta, mótaðilaáhætta/uppgjörsáhætta og gengisáhætta.

17) Nauðsynlegt er að kveða á um hugtakið „veltubók“ sem nær yfir stöður í verðbréfum og öðrum fjármálagerningum, sem eru ætlaðir til veltuviðskipta og eru verulega háðir markaðsáhættu, svo og áhættum í tengslum við tiltekna fjármálaþjónustu sem viðskiptavinum er veitt.

18) Í því skyni að draga úr stjórnsýslubyrði á stofnunum með óveruleg veltubókarviðskipti, hvort sem miðað er við þær sjálfar eða aðrar stofnanir, skal slíkum stofnunum heimilt að beita tilskipun 2006/48/EB fremur en kröfunum sem mælt er fyrir um í I. og II. viðauka við þessa tilskipun.

19) Við eftirlit með uppgjörsáhættu/afhendingaráhættu er mikilvægt að taka tillit til þeirra kerfa sem til eru og veita nægilega vernd sem dregur úr þessari áhættu.

20) Í öllum tilvikum skulu stofnanir fara að ákvæðum þessarar tilskipunar um vörn gegn gengisáhættu vegna heildarviðskipta sinna. Gera ber vægari eiginfjárkröfur að því er varðar stöður í gjaldmiðlum með sterka innbyrðis fylgni, hvort sem sú fylgni er tölfræðilega staðfest eða er til komin vegna bindandi samninga ríkisstjórna.

21) Eiginfjárkröfur fyrir seljendur hrávöru, þ.m.t. þeir seljendur sem nú eru undanþegnir kröfum tilskipunar 2004/39/EB, verða endurskoðaðar eins og við á í tengslum við endurskoðun þeirrar undanþágu eins og segir í 3. mgr. 65. gr. þeirrar tilskipunar.

22) Markmiðið um aukið frjálsræði á mörkuðum fyrir gas og rafmagn er mikilvægt fyrir Bandalagið í bæði efnahagslegu og stjórnmálalegu tilliti. Með þetta í huga skulu eiginfjárkröfur og aðrar varfærnisreglur, sem beita á gagnvart fyrirtækjum með umsvif á þessum mörkuðum, vera hóflegar og þær skulu ekki að óþörfu hindra að markmiðið um aukið frelsi náist. Það markmið skal einkum haft í huga þegar endurskoðanir, sem um getur í 21. forsendu, fara fram.

23) Innra fyrirkomulag eftirlits og stjórnunar vaxtaáhættu vegna allra viðskipta stofnana er einkum mikilvægt til að draga svo sem verða má úr slíkri áhættu. Þar af leiðandi skulu lögbær yfirvöld hafa eftirlit með slíku fyrirkomulagi.

24) Þar eð tilskipun 2006/48/EB setur ekki sameiginlegar reglur um eftirlit og stjórnun stórra áhættuskuldbindinga í viðskiptum, sem eru einkum háðar markaðsáhættu, er því rétt að kveða á um þess háttar reglur.

25) Rekstraráhætta er veruleg áhætta sem stofnanir standa frammi fyrir og krefst varna með eigin fé. Mikilvægt er að taka tillit til fjölbreytni stofnana í ESB með því að gefa kost á öðrum aðferðum.

26) Í tilskipun 2006/48/EB er kveðið á um meginregluna um samstæðugrundvöll. Í henni eru ekki settar sameiginlegar reglur um samstæðureikningsskil fjármálastofnana sem annast starfsemi sem er einkum háð markaðsáhættu.

([1]) Stjt²Ħ ESB nr. L 177, 30.6.2006, bls. 1

27) Í því skyni að tryggja fullnægjandi gjaldþol stofnana innan samstæðu er mikilvægt að lágmarkskröfur um eigið fé gildi um heildstæða fjárhagsstöðu samstæðunnar. Í því skyni að tryggja að eigið fé sé tilhlýðilega dreift innan samstæðunnar og að það sé tiltækt til að vernda fjárfestingar þar sem þörf krefur skulu lágmarkskröfur um eigið fé gilda um einstakar stofnanir innan samstæðu, nema unnt sé að ná þessu markmiði á skilvirkan hátt með öðrum leiðum.

28) Tilskipun 2006/48/EB gildir ekki um samstæður sem í eru eitt eða fleiri fjárfestingarfyrirtæki en engin lánastofnun. Því skal kveða á um sameiginlegan ramma vegna tilkomu eftirlits með fjárfestingarfyrirtækjum á samstæðugrundvelli.

29) Stofnanir skulu tryggja að þær hafi innra eigið fé sem, með hliðsjón af áhættu sem þær verða eða gætu orðið fyrir, sé fullnægjandi að magni, gæðum og dreifingu. Til samræmis við það skulu vera fyrir hendi hjá stofnunum áætlanir og vinnsluferli til að meta innra eigið fé og til að sjá til þess að það sé fullnægjandi.

30) Lögbær yfirvöld skulu meta hvort eigið fé stofnana er fullnægjandi, með hliðsjón af áhættu sem þær eru óvarðar fyrir.

31) Til að innri bankamarkaðurinn geti starfað með skilvirkum hætti skal evrópska bankaeftirlitsnefndin stuðla að samræmdri beitingu þessarar tilskipunar og að samleitni eftirlitsvenja innan Bandalagsins og skal hún á hverju ári senda skýrslu til stofnana Bandalagsins um hvernig til hefur tekist.

32) Til að innri markaðurinn geti starfað með aukinni skilvirkni er mikilvægt að samleitni við framkvæmd og beitingu ákvæðanna um samræmingu löggjafar Bandalagsins aukist verulega.

33) Af sömu ástæðu og til að tryggja að stofnunum Bandalagsins, sem hafa starfsemi í fleiri en einu aðildarríki, sé ekki íþyngt óhóflega vegna áframhaldandi ábyrgðar þeirra lögbæru yfirvalda í einstökum aðildarríkjum sem annast starfsleyfi og eftirlit, er mikilvægt að auka verulega samstarf milli lögbærra yfirvalda. Í því samhengi skal styrkja hlutverk þess aðila sem annast eftirlit á samstæðugrundvelli.

34) Til að innri markaðurinn geti starfað með aukinni skilvirkni og til að ríkisborgarar Bandalagsins njóti fullnægjandi gagnsæis er nauðsynlegt að lögbær yfirvöld greini frá því opinberlega og á þann hátt að unnt sé að gera samanburð, hvernig kröfum í þessari tilskipun er framfylgt.

35) Í því skyni að auka aga á markaði og hvetja stofnanir til að bæta markaðsáætlun sína, áhættustýringu og skipulag innri stjórnunar skal kveða á um viðeigandi opinbera birtingu upplýsinga af hálfu stofnana.

36) Gerðar skulu nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari tilskipun í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ([1]).

37) Í ályktun sinni frá 5. febrúar 2002 um framkvæmd löggjafar um fjármálaþjónustu ([2]), óskaði þingið eftir því að það sjálft og ráðið gegndu jöfnu hlutverki við eftirlit með því hvernig framkvæmdastjórnin fer með framkvæmdahlutverk sitt í því skyni að endurspegla löggjafarvald þingsins skv. 251. gr. sáttmálans. Framkvæmdastjórnin studdi þá ósk með drengskaparheiti sem forseti hennar gaf þinginu sama dag. Hinn 11. desember 2002 lagði framkvæmdastjórnin til breytingar á ákvörðun 1999/468/EB og lagði síðan fram breytta tillögu 22. apríl 2004. Þingið lítur svo á að þessi tillaga tryggi ekki heimildir þess til lagasetningar. Að áliti þingsins skal því sjálfu og ráðinu gefast kostur á að leggja mat á framsal framkvæmdarvalds til framkvæmdastjórnarinnar innan tiltekins tíma. Því þykir rétt að takmarka þann tíma sem framkvæmdastjórnin hefur til að samþykkja framkvæmdarráðstafanir.

38) Þingið skal hafa þrjá mánuði frá því að fyrstu drög að breytingum og framkvæmdarráðstöfunum eru send til að kynna sér drögin og láta álit sitt í ljós. Í áríðandi og tilhlýðilega rökstuddum tilvikum skal þó vera unnt að stytta þennan tíma. Ef þingið samþykkir ályktun innan þessa frests skal framkvæmdastjórnin endurskoða drögin að breytingum eða ráðstöfunum.

39) Í því skyni að komast hjá röskun á mörkuðum og tryggja samfelldni í heildarmagni eigin fjár þykir rétt að kveða á um sérstakt bráðabirgðafyrirkomulag.

40) Í þessari tilskipun eru grundvallarréttindi virt og meginreglum fylgt, einkum þeim sem eru viðurkennd í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi, sem væru þau almennar meginreglur í lögum Bandalagsins.

41) Skyldan að taka þessa tilskipun upp í landslög skal takmarkast við þau ákvæði sem endurspegla verulega breytingu í samanburði við fyrri tilskipanir. Skyldan að taka óbreyttu ákvæðin upp er fyrir hendi í fyrri tilskipunum.

42) Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á skuldbindingar aðildarríkjanna að því er varðar fresti þeirra til að taka upp í landslög tilskipanirnar, sem eru tilgreindar í B-hluta VIII. viðauka, í aðildarríkjunum.

([1]) Stjtíð. EB nr. L 184, 17.7.1999, bls. 23.
([2]) Stjtíð. EB nr. C 284 E, 21.11.2002. bls. 115.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. KAFLI

Efni, gildissvið og skilgreiningar

1. þáttur

Efni og gildissvið

1. gr.

1) Í þessari tilskipun er mælt fyrir um eiginfjárkröfur sem gilda um fjárfestingarfyrirtæki og lánastofnanir, reglur um útreikning þeirra og reglur um varfærniseftirlit með þeim. Aðildarríkin skulu láta kröfur þessarar tilskipunar gilda um fjárfestingarfyrirtæki og lánastofnanir eins og þær eru skilgreindar í 3. gr.

2) Aðildarríki er heimilt að gera viðbótarkröfur eða strangari kröfur til þeirra fjárfestingarfyrirtækja og lánastofnana sem það hefur veitt leyfi.

2. gr.

1) Með fyrirvara um 18., 20., 22.–32., 34. og 39. gr. þessarar tilskipunar gilda 68.–73. gr. tilskipunar 2006/48/EB, að breyttu breytanda, um fjárfestingarfyrirtæki. Þegar 70.–72. gr. tilskipunar 2006/48/EB er beitt gagnvart fjárfestingarfyrirtækjum skal litið á allar tilvísanir í móðurlánastofnun í aðildarríki sem tilvísun í móðurfjárfestingarfyrirtæki í aðildarríki og líta skal á allar tilvísanir í móðurlánastofnun í ESB sem tilvísun í móðurfjárfestingarfyrirtæki í ESB.

Ef lánastofnun á móðurfjárfestingarfyrirtæki í aðildarríki að móðurfyrirtæki, skal aðeins fyrrgreint móðurfjárfestingarfyrirtæki lúta kröfum á samstæðugrundvelli í samræmi við 71.–73. gr. tilskipunar 2006/48/EB.

Ef fjárfestingarfyrirtæki á móðurlánastofnun í aðildarríki að móðurfyrirtæki, skal aðeins fyrrgreind móðurlánastofnun lúta kröfum á samstæðugrundvelli í samræmi við 71.–73. gr. tilskipunar 2006/48/EB.

Ef eignarhaldsfélag á fjármálasviði á bæði lánastofnun og fjárfestingarfyrirtæki sem dótturfyrirtæki skulu kröfur, sem miðast við fjárhagsstöðu þess á samstæðugrundvelli, gilda um lánastofnunina.

2) Þegar engin lánastofnun er í samstæðunni sem fjallað er um í 1. mgr. gildir tilskipun 2006/48/EB með fyrirvara um eftirfarandi:

a) líta skal á allar vísanir í lánastofnanir sem vísanir í fjárfestingarfyrirtæki,

b) í 125. gr. og 2. mgr. 140 gr. tilskipunar 2006/48/EB skal líta á allar vísanir í aðrar greinar þeirrar tilskipunar sem vísanir í tilskipun 2004/39/EB,

c) að því er varðar 3. mgr. 39. gr. tilskipunar 2006/48/EB skal líta á vísanir í evrópsku bankanefndina sem vísanir í ráðið og framkvæmdastjórnina og

d) þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 140. gr. tilskipunar 2006/48/EB og ef engin lánastofnun er í samstæðu, skal eftirfarandi koma í stað fyrsta málsliðar þeirrar greinar: „Ef fjárfestingarfyrirtæki, eignarhaldsfélag á fjármálasviði eða blandað eignarhaldsfélag ræður einu eða fleiri dótturfyrirtækjum sem eru vátryggingafélög skulu lögbær yfirvöld og yfirvöld, sem annast opinbert eftirlit með vátryggingafélögunum, hafa með sér nána samvinnu“.

2. þáttur

Skilgreiningar

3. gr.

1) Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „lánastofnanir“: lánastofnanir eins og þær eru skilgreindar í 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2006/48/EB,

b) „fjárfestingarfyrirtæki“: stofnanir eins og þær eru skilgreindar í 1. undirlið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2004/39/EB sem kröfurnar í þeirri tilskipun gilda um, að undanskildum:

i. lánastofnunum,

ii. staðbundnum fyrirtækjum, eins og þau eru skilgreind í p-lið, og iii. fyrirtækjum sem aðeins hafa starfsleyfi til að veita fjárfestingarráðgjöf og/eða taka á móti fyrirmælum fjárfesta og miðla þeim án þess að taka til vörslu fé eða verðbréf sem viðskiptavinir þeirra eiga og sem af þeim ástæðum mega aldrei vera í skuld við viðskiptavini sína,

c) „stofnanir“: lánastofnanir og fjárfestingarfyrirtæki,

d) „viðurkennd fjárfestingarfyrirtæki í þriðja landi“: fyrirtæki sem fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

i. fyrirtæki sem myndu falla undir skilgreininguna á fjárfestingarfyrirtæki væru þau stofnsett innan Bandalagsins,

ii. fyrirtæki sem eru með leyfi í þriðja landi og

iii. fyrirtæki sem eru háð og fara að varfærnisreglum sem lögbær yfirvöld telja að minnsta kosti jafn strangar og þær sem settar eru í þessari tilskipun,

e) „fjármálagerningur“: hver sá samningur sem leiðir til bæði fjáreignar eins aðila og fjárskuldbindingar eða eiginfjárgernings annars aðila,

f) „móðurfjárfestingarfyrirtæki í aðildarríki“: fjárfestingarfyrirtæki sem á stofnun eða fjármálastofnun að dótturfélagi eða á hlutdeild í þess háttar aðila af annarri hvorri gerðinni eða báðum en er ekki sjálft dótturfélag annarrar stofnunar með starfsleyfi í sama aðildarríki eða eignarhaldsfélags á fjármálasviði sem er stofnað í sama aðildarríki,

g) „móðurfjárfestingarfyrirtæki í ESB“: móðurfjárfestingarfélag í aðildarríki sem er ekki dótturfélag annarrar stofnunar með starfsleyfi í aðildarríki eða eignarhaldsfélags á fjármálasviði sem er stofnað í aðildarríki,

h) „afleiðugerningar sem verslað er með utan verðbréfamarkaðar“: liðir sem falla undir skrána í IV. viðauka við tilskipun 2006/48/EB að undanskildum þeim liðum þar sem virði áhættuskuldbindinga er núll skv. 6. lið 2. hluta III. viðauka við þá reglugerð,

i) „skipulegur markaður“: markaður eins og hann er skilgreindur í 14. undirgrein 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2004/39/EB,

j) „breytanlegt verðbréf“: verðbréf sem að vali eiganda er hægt að skipta fyrir annað verðbréf,

k) „kaupheimild“: verðbréf sem veitir eiganda þess rétt til að kaupa undirliggjandi eign á tilteknu verði fram að eða á þeim degi þegar kaupheimildin rennur út og sem unnt er að gera upp með því að afhenda sjálfa undirliggjandi eignina eða með uppgjöri í reiðufé,

l) „birgðafjármögnun“: stöður þar sem áþreifanlegar birgðir hafa verið seldar framvirkt og kostnaður við fjármögnunina hefur verið frystur fram að dagsetningu framvirku sölunnar,

m) „endurhverf verðbréfakaup“ og „endurhverf verðbréfasala“: samningur þar sem stofnun eða mótaðili hennar framselur verðbréf, hrávörur eða tryggð réttindi, í tengslum við eignarrétt á verðbréfum eða hrávörum, ef viðurkenndur verðbréfamarkaður, sem á réttinn á verðbréfunum eða hrávörunum, veitir viðkomandi ábyrgð og samningurinn heimilar ekki stofnun að framselja eða veðsetja tiltekið verðbréf eða hrávöru til fleiri en eins mótaðila í senn, með fyrirvara um skuldbindingu um endurkaup á þeim — eða verðbréfum og hrávörum sömu gerðar — á tilgreindu verði á ákveðnum degi síðar, sem framseljandi tilgreinir eða mun tilgreina, og er hér um að ræða endurhverf verðbréfakaup fyrir stofnunina sem selur verðbréfin eða hrávörurnar og endurhverfa verðbréfasölu fyrir stofnunina sem kaupir þau,

n) „verðbréfa- eða hrávörulánveiting“ og „verðbréfa- og hrávörulántaka“: öll viðskipti sem felast í því að stofnun eða mótaðili hennar framselur verðbréf eða hrávörur gegn hæfilegri tryggingu með því skilyrði að lántakandinn skili aftur jafngildum verðbréfum eða hrávörum síðar, eða þegar framseljandi krefst þess, og er hér um að ræða verðbréfa- eða hrávörulánveitingu fyrir stofnunina sem framselur verðbréfin eða hrávörurnar og verðbréfa- eða hrávörulántöku fyrir stofnunina sem þau eru framseld til,

o) „uppgjörsaðili“: aðili á verðbréfamarkaði eða í greiðslujöfnunarstöð sem er í beinum samningatengslum við aðalmótaðila (markaðsábyrgðarmaður),

p) „staðbundið fyrirtæki“: fyrirtæki sem verslar fyrir eigin reikning á mörkuðum fyrir staðlaða, framvirka samninga eða valrétt eða aðrar afleiður og á lausafjármörkuðum eingöngu í þeim tilgangi að verja stöður á afleiðumörkuðum eða það stundar viðskipti fyrir reikning annarra sem eiga aðild að sömu mörkuðum og sem uppgjörsaðilar á sömu mörkuðum ábyrgjast og þar sem uppgjörsaðilar á sömu mörkuðum ábyrgjast að staðið verði við samninga sem slík fyrirtæki gera,

q) „deltastuðull“: áætluð breyting á valréttarverði, táknuð sem hlutfall af smávægilegri verðbreytingu á undirliggjandi gerningi,

r) „eigið fé“: eigið fé samkvæmt skilgreiningunni í tilskipun 2006/48/EB og s) „fjármagn“: eigið fé. Við eftirlit á samstæðugrundvelli tekur hugtakið „fjárfestingarfyrirtæki“ til fjárfestingarfyrirtækja í þriðja landi. Í e-lið skulu fjármálagerningar taka til bæði grunnfjármálagerninga eða staðgreiðslugerninga (e. cash instruments) og afleiddra fjármálagerninga en verðmæti þeirra er leitt af verði undirliggjandi fjármálagernings, gengi, vísitölu eða verði annars undirliggjandi þáttar og þeir taka a.m.k. til gerninganna sem eru tilgreindir í C-þætti I. viðauka við tilskipun 2004/39/EB.

2) Hugtökin „móðurfyrirtæki“, „dótturfyrirtæki“, „eignastýringarfélag“ og „fjármálastofnun” skulu taka til fyrirtækja sem eru skilgreind í 4. gr. tilskipunar 2006/48/EB.

Hugtökin „eignarhaldsfélag á fjármálasviði“, „móðurfélag eignarhaldsfélags á fjármálasviði í aðildarríki“, „móðurfélag eignarhaldsfélags á fjármálasviði í ESB“ og „stoðþjónustufyrirtæki“ skulu taka til fyrirtækja sem eru skilgreind í 4. gr. tilskipunar 2006/48/EB, nema hvað líta skal á allar vísanir í lánastofnanir sem vísanir í stofnanir.

3) Við beitingu tilskipunar 2006/48/EB gagnvart samstæðum, sem heyra undir 1. mgr. 2. gr. og engin lánastofnun er í, er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „Eignarhaldsfélag á fjármálasviði“: fjármálastofnun þar sem dótturfyrirtækin eru annaðhvort eingöngu eða aðallega fjárfestingarfyrirtæki eða aðrar fjármálastofnanir og a.m.k. eitt dótturfyrirtækjanna er fjárfestingarfyrirtæki, sem er ekki blandað eignarhaldsfélag í fjármálarekstri í skilningi tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/87/-EB frá 16. desember 2002 um viðbótareftirlit með lánastofnunum, vátryggingafélögum og verðbréfafyrirtækjum sem eru hluti af fjármálasamsteypu ([1]),

b) „blandað eignarhaldsfélag“: móðurfyrirtæki sem er ekki eignarhaldsfélag á fjármálasviði eða fjárfestingarfyrirtæki eða blandað eignarhaldsfélag í fjármálarekstri í skilningi tilskipunar 2002/87/EB þar sem a.m.k. eitt dótturfyrirtæki er fjárfestingarfyrirtæki og

c) „lögbær yfirvöld“: innlend yfirvöld sem heimilt er að lögum eða samkvæmt reglugerð að hafa eftirlit með fjárfestingarfyrirtækjum.

II. KAFLI

Stofnfé

4. gr.

Í þessari tilskipun telst „stofnfé“ myndað af liðunum sem um getur í a- og b-lið 57. gr. tilskipunar 2006/48/EB.

5. gr.

1) Fjárfestingarfyrirtæki, sem hvorki verslar með fjármálagerninga fyrir eigin reikning né sölutryggir útgáfu fjármálagerninga á skuldbindandi grundvelli, en tekur til vörslu peninga og/eða verðbréf viðskiptavina og veitir einhverja eftirtalda þjónustu, skal hafa stofnfé sem nemur 125 000 evrum:

a) móttöku og miðlun á fyrirmælum fjárfesta varðandi fjármálagerninga,

b) framkvæmd fyrirmæla fjárfesta varðandi fjármálagerninga eða

c) stjórnun einstakra fjárfestingasafna sem samanstanda af fjármálagerningum.

([1]) Stjtíð. EB nr. L 35, 11.2.2003, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2005/1/EB.

2) Lögbær yfirvöld geta heimilað fjárfestingarfyrirtækjum sem framkvæma fyrirmæli fjárfesta varðandi fjármálagerninga að varðveita slíka gerninga fyrir eigin reikning ef eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

a) slíkar stöður eru aðeins til komnar vegna þess að fyrirtækið getur ekki fullkomlega framkvæmt fyrirmæli fjárfesta,

b) heildarmarkaðsvirði allra slíkra staðna fer ekki yfir 15% af stofnfé fyrirtækisins,

c) fyrirtækið uppfyllir kröfurnar, sem mælt er fyrir um í 18., 20. og 28. gr., og

d) slíkar stöður eru tilfallandi og til bráðabirgða og algerlega takmarkaðar við þann tíma sem þarf til að annast þau viðskipti er um ræðir.

Eignarhald á stöðum í fjármálagerningum utan veltubókar til að fjárfesta fyrir eigið fé telst ekki viðskipti með tilliti til þjónustunnar sem er sett fram í 1. mgr. eða í skilningi 3. mgr.

3) Aðildarríkjunum er heimilt að lækka fjárhæðina sem um getur í 1. mgr. í 50 000 evrur ef fyrirtækið hefur ekki leyfi til að taka til vörslu peninga eða verðbréf viðskiptavina, versla fyrir eigin reikning eða ábyrgjast útgáfur á skuldbindandi grundvelli.

6. gr.

Stofnfé staðbundinna fyrirtækja skal vera 50 000 evrur svo fremi sem þau njóti staðfesturéttar eða veiti þjónustu sem er tilgreind í 31. eða 32. gr. tilskipunar 2004/39/EB.

7. gr.

Varnir fyrirtækjanna, sem um getur í iii-lið b-liðar 1. mgr. 3. gr., gegn áhættu skulu vera á einhvern eftirfarandi hátt:

a) stofnfé sem nemur 50 000 evrum,

b) starfsábyrgðartrygging sem tekur til alls yfirráðasvæðis Bandalagsins eða sambærileg trygging til að standa undir bótakröfum sem leiða af vanrækslu í starfi og skal hún nema a.m.k. 1 000 000 evrum fyrir hverja kröfu og samtals 1 500 000 evrum á ári fyrir allar kröfur eða

c) samsetning af stofnfé og starfsábyrgðartryggingu sem veitir sambærilega tryggingu og þá sem um getur í a- eða b-lið.

Framkvæmdastjórnin skal endurskoða reglulega fjárhæðirnar sem um getur í fyrstu undirgrein með tilliti til breytinga á evrópskri vísitölu neysluverðs sem Hagstofa Evrópubandalaganna birtir í samræmi við og á sama tíma og leiðréttingar eru gerðar skv. 7. mgr. 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/92/EB frá 9. desember 2002 um miðlun vátrygginga ([1]).

8. gr.

Ef fyrirtæki sem um getur í iii-lið b-liðar 1. mgr. 3. gr. er einnig skráð samkvæmt tilskipun 2002/92/EB verður það að fara að ákvæðum 3. mgr. 4. gr. þeirrar tilskipunar og varnir þess gegn áhættu verða að vera á einhvern eftirfarandi hátt:

a) stofnfé sem nemur 25 000 evrum,

b) starfsábyrgðartrygging sem tekur til alls yfirráðasvæðis Bandalagsins eða sambærileg trygging til að mæta bótakröfum sem leiða af vanrækslu í starfi og skal hún nema a.m.k. 500 000 evrum fyrir hverja kröfu og samtals 750 000 evrum á ári fyrir allar kröfur eða

c) samsetning af stofnfé og starfsábyrgðartryggingu sem veitir sambærilega tryggingu og þá sem um getur í a- eða b-lið.

9. gr.

Stofnfé allra annarra fjárfestingarfyrirtækja en þeirra sem um getur í 5.–8. gr. skal vera 730 000 evrur.

10. gr.

1) Þrátt fyrir ákvæði 5. gr. (1. og 3. mgr.), 6. og 9. gr. geta aðildarríkin viðurkennt áfram leyfi fjárfestingarfyrirtækja og fyrirtækja sem um getur í 6. gr. og sem voru starfrækt fyrir 31. desember 1995, jafnvel þótt eigið fé þeirra fyrirtækja eða fjárfestingarfyrirtækja sé minna en stofnfé það sem tilgreint er í 5. gr. (1. og 3. mgr.), 6. og 9. gr. Eigið fé slíkra fyrirtækja eða fjárfestingarfyrirtækja má ekki fara niður fyrir hæsta viðmiðunarstig sem er reiknað út eftir dagsetningu tilkynningarinnar í tilskipun 93/6/EBE. Þetta viðmiðunarstig skal vera daglegt meðaltal eigin fjár reiknað út frá næstliðnum sex mánuðum áður en útreikningurinn fer fram. Viðmiðunarstigið skal reiknað á sex mánaða fresti fyrir undanfarandi tímabil.

2) Ef yfirráð yfir stjórn fyrirtækis, sem 1. mgr. tekur til, færast í hendur annars einstaklings eða lögaðila en þess sem fór áður með yfirráð yfir því, verður eigið fé fyrirtækisins að ná að minnsta kosti því marki sem kveðið er á um í 5. gr. (1. og 3. mgr.), 6. og 9. gr., nema þegar um fyrsta framsal er að ræða í tengslum við arf eftir 31. desember 1995, með fyrirvara um samþykki lögbærra yfirvalda, þó ekki lengur en í tíu ár frá dagsetningu þessa framsals.

3) Við sérstakar aðstæður og með samþykki lögbærra yfirvalda þarf eigið fé fyrirtækis, sem til verður við samruna tveggja eða fleiri fjárfestingarfyrirtækja og/eða fyrirtækja sem 6. gr. tekur til, þó ekki að ná því marki sem tilgreint er í 5. gr. (1. og 3. mgr.), 6. og 9. gr.

Þar til mörkunum sem um getur í 5. gr. (1. og 3. mgr.), 6. og 9. gr. hefur verið náð má eigið fé nýja fyrirtækisins þó ekki fara niður fyrir heildarfjárhæð eigin fjár samrunafyrirtækjanna þegar samruni fer fram.

4) Eigið fé fjárfestingarfyrirtækja og fyrirtækja sem 6. gr. tekur til má ekki fara niður fyrir markið sem tilgreint er í 5. gr. (1. og 3. mgr.), 6. og 9. gr. og 1. og 3. mgr. þessarar greinar. Fari eigið fé slíkra fyrirtækja og fjárfestingarfyrirtækja niður fyrir þau mörk geta lögbær yfirvöld veitt slíkum fyrirtækjum tiltekinn frest til úrbóta eða til að hætta starfsemi ef réttlætanlegt þykir.

III. KAFLI

Veltubók

11. gr.

1) Veltubók stofnunar nær yfir allar stöður í fjármálagerningum og hrávörum sem eru ætlaðar til veltuviðskipta eða til áhættuvarnar fyrir aðra liði veltubókarinnar og sem annaðhvort eru án takmarkandi ákvæða varðandi söluhæfi eða unnt er að áhættuverja þá.

2) Stöður, sem eru ætlaðar til veltuviðskipta, eru þær stöður sem eru af ásetningi til endursölu í skamman tíma og/eða með það fyrir augum að njóta góðs af raunverulegum eða væntum verðmun á kaupverði og söluverði, til skamms tíma litið, eða af öðrum breytingum á verði eða vöxtum. Hugtakið „stöður“ nær yfir stöður fyrir eigin reikning og stöður sem tengjast umsýslu fyrir viðskiptavin og viðskiptavakt.

3) Færa skal sönnur á viðskiptatilgang á grundvelli áætlana, stefnu og verklagsreglna sem stofnanir setja til að stjórna stöðu eða verðbréfasafni í samræmi við A-hluta VII. viðauka.

4) Stofnanir skulu koma á fót og viðhalda kerfum og eftirliti til að stjórna veltubókum sínum í samræmi við B- og D-hluta VII. viðauka.

5) Veltubókin getur falið í sér innri áhættuvarnir en í því tilviki gildir C-hluti VII. viðauka.

([1]) Stjtíð. EB nr. L 9, 15.1.2003, bls. 3.

IV. KAFLI

Eigið fé

12. gr.

„Upphaflegt eigið fé“: samtala a- til c-liðar, að frádreginni samtölu i- til k-liðar 57. gr. tilskipunar 2006/48/EB.

Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 1. janúar 2009, leggja viðeigandi tillögu að breytingu á þessum kafla fyrir Evrópuþingið og ráðið.

13. gr.

1) Með fyrirvara um ákvæði 2.–5. mgr. þessarar greinar og ákvæði 14.–17. gr. skal eigið fé fjárfestingarfyrirtækis og lánastofnunar skilgreint í samræmi við tilskipun 2006/48/EB.

Að auki gildir fyrsta undirgrein um fjárfestingarfyrirtæki sem hafa ekki eitt þeirra lagalegu forma sem um getur í 1. mgr. 1. gr. fjórðu tilskipunar ráðsins 78/660/EBE frá 25. júlí 1978, sem byggist á 3. mgr. 54. gr. sáttmálans, um ársreikninga félaga af tiltekinni gerð ([1]).

2) Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er lögbærum yfirvöldum heimilt að leyfa þeim stofnunum, sem er skylt að fullnægja eiginfjárkröfunum, sem eru reiknaðar í samræmi við 21. og 28.–32. gr. og I. og III. til VI. viðauka, að nota, í því skyni eingöngu, annars konar ákvörðun á eigin fé. Engan hluta eigin fjár, sem er notað í því skyni, er heimilt að nota samtímis til að uppfylla aðrar eiginfjárkröfur.

Önnur ákvörðun af þessu tagi skal vera samtala liðanna sem eru settir fram í a- til c-lið þessarar undirgreinar, að frádregnum liðnum sem er settur fram í d-lið og er lögbærum yfirvöldum í sjálfsvald sett hvort þau draga þennan síðasta lið frá:

a) eigið fé eins og það er skilgreint í tilskipun 2006/48/EB, þó að frátöldum l- til p-lið 57. gr. þeirrar tilskipunar þegar um er að ræða fjárfestingarfyrirtæki sem eiga að draga d-lið þessarar málsgreinar frá heildarniðurstöðu a- til c-liðar,

b) hreinn hagnaður stofnunarinnar í veltubók, að frádreginni fyrirsjáanlegri gjaldfærslu eða arði, að frádregnu hreinu tapi á annarri starfsemi hennar, að því tilskildu að engin þessara fjárhæða sé þegar talin með í a-lið þessarar málsgreinar sem einn þeirra liða sem eru settir fram í b- eða k-lið 57. gr. tilskipunar 2006/48/EB,

c) víkjandi lán og/eða liðir sem um getur í 5. mgr. þessarar greinar, með fyrirvara um skilyrðin í 3. og 4. mgr. þessarar greinar og í 14. gr. og

d) bundnar eignir eins og þær eru tilgreindar í 15. gr.

([1]) Stjtíð. EB nr. L 222, 14.8.1978, bls. 11. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/51/EB. (Stjtíð. EB nr. L 178, 17.7.2003, bls. 16).

3) Upphaflegur lánstími víkjandi láns sem um getur í c-lið annarrar undirgreinar 2. mgr. skal ekki vera styttri en tvö ár. Það skal að fullu greitt og í lánssamningnum má ekki kveða á um að við sérstakar kringumstæður, aðrar en slit stofnunarinnar, skuli endurgreiða skuldina fyrir umsaminn gjalddaga, nema lögbær yfirvöld samþykki endurgreiðsluna. Óheimilt er að endurgreiða höfuðstól eða vexti af slíkum víkjandi lánum ef það hefur í för með sér að eigið fé viðkomandi stofnunar fari niður fyrir 100% af samanlögðum eiginfjárkröfum hennar. Að auki skal stofnun tilkynna lögbærum yfirvöldum um allar endurgreiðslur á slíkum víkjandi lánum um leið og eigið fé fer niður fyrir 120% af samanlögðum eiginfjárkröfum hennar.

4) Víkjandi lán sem um getur í c-lið annarrar undirgreinar 2. mgr. má ekki fara yfir 150% af því upprunalega eigin fé sem er eftir til að uppfylla kröfurnar sem eru reiknaðar í samræmi við 21. og 28.–32. gr. og I. til VI. viðauka og má einungis nálgast þetta hámark við sérstakar kringumstæður sem lögbær yfirvöld samþykkja.

5) Lögbær yfirvöld mega heimila stofnunum að láta d- til h-lið 57. gr. tilskipunar 2006/48/EB koma í stað víkjandi lána sem um getur í c-lið annarrar undirgreinar 2. mgr.

14. gr.

1) Lögbær yfirvöld geta heimilað að fjárfestingarfyrirtæki fari yfir hámarkið sem er sett fyrir víkjandi lán í 4. mgr. 13. gr. ef þau telja það rétt út frá varfærnisjónarmiði og að því tilskildu að heildarfjárhæð slíkra víkjandi lána og liðanna, sem um getur í 5. mgr. 13. gr., fari ekki yfir 200% af því upprunalega eigin fé sem er eftir til að mæta kröfunum sem eru reiknaðar út í samræmi við 21. og 28.–32. gr. og I. og III. til VI. viðauka, eða 250% af sömu fjárhæð ef fjárfestingarfyrirtæki draga frá eignirnar í d-lið 2. mgr. 13. gr. við útreikning á eigin fé.

2) Lögbær yfirvöld geta heimilað að lánastofnun fari yfir hámarkið sem er sett fyrir víkjandi lán í 4. mgr. 13. gr. ef þau telja það rétt út frá varfærnisjónarmiði og að því tilskildu að heildarfjárhæð slíkra víkjandi lána og d- til h-liðar 57. gr. tilskipunar 2006/48/EB fari ekki yfir 250% af því upprunalega eigin fé sem er eftir til að mæta kröfunum sem eru reiknaðar út í samræmi við 28.–32. gr. og I. og III. til VI. viðauka við þessa reglugerð.

15. gr.

Til bundinna eigna, sem um getur í d-lið annarrar undirgreinar 2. mgr. 13. gr., teljast eftirfarandi:

a) varanlegir rekstrarfjármunir, nema að því marki sem leyft er að land og byggingar séu reiknaðar á móti lánum sem þær eru lagðar að veði fyrir,

b) eignarhlutar í lána- eða fjármálastofnunum, þ.m.t. víkjandi kröfur í þær, sem telja má með eigin fé þessara stofnana, nema þær hafi verið dregnar frá samkvæmt l- til p-lið 57. gr. tilskipunar 2006/48/EB eða samkvæmt d-lið 16. gr. þessarar tilskipunar,

c) eignarhlutar og aðrar fjárfestingar í öðrum fyrirtækjum en lána- eða fjármálastofnunum, sem eru ekki auðseljanlegar,

d) halli á dótturfyrirtækjum,

e) innlán, önnur en þau sem fást endurgreidd innan 90 daga, og einnig að undanskildum innágreiðslum í tengslum við staðlaða, framvirka samninga eða valréttarsamninga,

f) lán og útistandandi kröfur aðrar en þær sem á að endurgreiða innan 90 daga og

g) áþreifanlegar birgðir, nema þær séu þegar háðar eiginfjárkröfum sem eru að minnsta kosti jafn strangar og kröfurnar í 18. og 20. gr.

Að því er varðar b-lið, er lögbærum yfirvöldum heimilt, þegar hlutir í lána- eða fjármálastofnun eru bráðabirgðaráðstöfun og ætlaðir sem fjárhagsaðstoð við endurskipulagningu eða til bjargar hlutaðeigandi stofnun, að veita undanþágu frá beitingu þessarar greinar. Þau geta einnig veitt undanþágu að því er varðar þá hluti sem eru í veltubók fjárfestingarfyrirtækis.

16. gr.

Fjárfestingarfyrirtæki í samstæðu, sem hefur verið veitt undanþágan sem kveðið er á um í 22. gr., skulu reikna eigið fé sitt í samræmi við 13.–15. gr., með fyrirvara um eftirfarandi:

a) draga skal frá bundnu eignirnar sem um getur í d-lið 2. mgr. 13. gr.,

b) undanþágan, sem um getur í a-lið 2. mgr. 13. gr., skal ekki taka til þátta í l- til p-lið 57. gr. tilskipunar 2006/48/EB sem fjárfestingarfyrirtæki eiga í fyrirtækjum sem falla undir gildissvið samstæðunnar eins og skilgreint er í 1. mgr. 2. gr. þessarar tilskipunar,

c) mörkin, sem um getur í a- og b-lið 1. mgr. 66. gr. tilskipunar 2006/48/EB, skulu reiknuð með hliðsjón af upprunalegu eigin fé, að frádregnum þáttum í l- til p-lið 57. gr. þeirrar tilskipunar eins og um getur í b-lið þessarar greinar, sem eru hluti af upprunalegu eigin fé þessara fyrirtækja, og

d) þá þætti í l- til p-lið 57. gr. tilskipunar 2006/48/EB, sem um getur í c-lið þessarar greinar, skal draga frá upprunalegu eigin fé fremur en heildarfjárhæð allra liða sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 66. gr. sömu tilskipunar, einkum að því er varðar 4. og 5. mgr. 13 gr. og 14. gr. þessarar tilskipunar.

17. gr.

1) Ef stofnun reiknar fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga að því er varðar II. viðauka við þessa tilskipun, í samræmi við 84.–89. gr. tilskipunar 2006/48/EB, skal eftirfarandi gilda að því er varðar útreikning þann sem kveðið er á um í 4. lið 1. hluta VII. viðauka við tilskipun 2006/48/EB:

a) virðisleiðréttingar með hliðsjón af lánshæfisgæðum mótaðilans má telja með í samtölu virðisleiðréttinga og reiknaðra skuldbindinga vegna áhættna sem tilteknar eru í II. viðauka og

b) með fyrirvara um samþykki lögbærra yfirvalda og ef fullnægjandi tillit er tekið til útlánaáhættu mótaðilans við mat á stöðu í veltubókinni skal áætluð fjárhæð taps í áhættugrunni vegna mótaðila vera núll. Að því er varðar a-lið skulu virðisleiðréttingar fyrir þess háttar stofnanir ekki teljast til eigin fjár nema í samræmi við ákvæði þessarar málsgreinar.

2) Að því er varðar þessa grein, gilda 153. og 154. gr. tilskipunar 2006/48/EB.

V. KAFLI

1. þáttur

Ráðstafanir gegn áhættu

18. gr.

1) Eigið fé stofnana skal ávallt vera hærra en eða jafnt og samtala eftirfarandi:

a) eiginfjárkrafna sem reiknaðar eru í samræmi við aðferðir og valkosti sem mælt er fyrir um í 28.–32. gr. og I., II. og VI. viðauka og, ef við á, V. viðauka, að því er varðar veltubókarviðskipti og

b) eiginfjárkrafna sem reiknaðar eru í samræmi við aðferðir og valkosti sem mælt er fyrir um í III. og IV. viðauka og, ef við á, V. viðauka, að því er öll viðskipti þeirra varðar.

2) Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. geta lögbær yfirvöld heimilað stofnunum að reikna eiginfjárkröfur vegna veltubókarviðskipta í samræmi við a-lið 75. gr. tilskipunar 2006/48/EB og 6., 7. og 9. lið II. viðauka við þessa reglugerð ef stærð veltubókarviðskipta uppfyllir eftirfarandi skilyrði:

a) veltubókarviðskipti slíkra stofnana fari að jafnaði ekki yfir 5% af heildarviðskiptum þeirra,

b) heildarfjárhæð staðna í viðskiptabók fari að jafnaði ekki yfir 15 milljónir evra og

c) veltubókarviðskipti slíkra stofnana fari aldrei yfir 6% af heildarviðskiptum þeirra og að heildarfjárhæð staðna í veltubók fari aldrei yfir 20 milljónir evra.

3) Við útreikning á hlutfalli veltubókarviðskipta miðað við heildarviðskipti að því er varðar a- og c-lið 2. mgr. geta lögbær yfirvöld vísað annaðhvort til stærðar viðskipta innan og utan efnahagsreiknings, til rekstrarreiknings eða til eigin fjár viðkomandi stofnana eða til samsetningar á þessum atriðum. Við mat á stærð viðskipta innan og utan efnahagsreiknings skal meta skuldagerninga á markaðsverði þeirra eða nafnvirði, hlutabréf á markaðsverði og afleiður í samræmi við nafn- eða markaðsvirði undirliggjandi gerninga þeirra. Gnóttstöður og skortstöður skulu lagðar saman án tillits til formerkja.

4) Fari stofnun um langt skeið yfir annað markið eða bæði sem eru sett í a- og b-lið 2. mgr. eða annað eða bæði mörkin, sem sett eru í c-lið 2. mgr., skal þess krafist að hún uppfylli kröfurnar sem settar eru í a-lið 1. mgr., að því er varðar veltubókarviðskipti og tilkynni lögbæru yfirvaldi um það.

19. gr.

1) Að því er varðar 14. lið I. viðauka, geta yfirvöld í hverju landi fyrir sig, að eigin geðþótta, veitt skuldabréfum sem eru gefin út af aðilum þeim sem eru taldir upp í töflu 1 í I. viðauka 0% áhættuvægi, ef þessi skuldabréf eru tilgreind og fjármögnuð í innlendum gjaldmiðli.

2) Þrátt fyrir ákvæði 13. og 14. liðar I. viðauka er aðildarríkjunum heimilt að ákveða stuðul vegna sérstakrar áhættu, fyrir skuldabréf sem falla undir 68.–70. lið 1. hluta VI. viðauka við tilskipun 2006/48/EB sem samsvarar þeim stuðli sem gildir fyrir fullgilda liði með sama eftirstöðvatíma og slík skuldabréf og er lækkaður í samræmi við hundraðshlutana sem eru gefnir upp í 71. lið 1. hluta VI. viðauka við þá tilskipun.

3) Ef lögbært yfirvald viðurkennir, í samræmi við 52. lið I. viðauka, fyrirtæki þriðja lands um sameiginlega fjárfestingu (CIU) getur lögbært yfirvald í öðru aðildarríki nýtt sér þessa viðurkenningu án þess að gera eigið mat.

20. gr.

1) Kröfurnar í 75. gr. tilskipunar 2006/48/EB gilda um fjárfestingarfyrirtæki með fyrirvara um 2., 3. og 4. mgr. þessarar greinar og 34. gr. þessarar tilskipunar.

2) Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. geta lögbær yfirvöld heimilað fjárfestingarfyrirtækjum, sem hafa ekki leyfi til að veita þá fjárfestingarþjónustu sem er talin upp í 3. og 6. lið A-hluta I. viðauka við tilskipun 2004/39/EB, að leggja fram eigið fé sem er ávallt meira en eða jafnt og það sem er hærra af eftirfarandi:

a) samtölu eiginfjárkrafnanna í a- til c-lið 75. gr. tilskipunar 2006/48/EB og

b) fjárhæð þeirri sem mælt er fyrir um í 21. gr. þessarar tilskipunar.

3) Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. geta lögbær yfirvöld heimilað fjárfestingarfyrirtækjum, sem hafa stofnfé eins og segir í 9. gr. en sem falla undir eftirfarandi flokka, að leggja fram eigið fé sem er ávallt meira en eða jafnt og samtalan af eiginfjárkröfunum, sem eru reiknaðar í samræmi við kröfurnar í a- til c-lið 75. gr. tilskipunar 2006/48/EB, og fjárhæðin sem mælt er fyrir um í 21. gr. þessarar tilskipunar:

a) fjárfestingarfyrirtæki sem eiga aðeins viðskipti fyrir eigin reikning til að uppfylla eða framfylgja fyrirmælum viðskiptavinar eða í þeim tilgangi að fá aðgang að greiðslujöfnunar- og uppgjörskerfi eða viðurkenndum verðbréfamarkaði þegar þau starfa sem umboðsaðilar eða framfylgja fyrirmælum viðskiptavinar og

b) fjárfestingarfyrirtæki:

i. sem taka ekki til vörslu peninga eða verðbréf viðskiptavinar,

ii. sem stunda eingöngu viðskipti fyrir eigin reikning,

iii. sem hafa ekki utanaðkomandi viðskiptavini,

iv. með viðskipti sem eru framkvæmd og gerð upp á ábyrgð greiðslujöfnunarstofnunar og sem sú greiðslujöfnunarstofnun tryggir.

4) Fjárfestingarfyrirtæki, sem um getur í 2. og 3. mgr., falla áfram undir öll önnur ákvæði varðandi rekstraráhættu sem eru sett fram í V. viðauka við tilskipun 2006/48/EB.

5) Ákvæði 21. gr. gilda eingöngu um fjárfestingarfyrirtæki sem 2. og 3. mgr. eða 46. gr. gilda um og með þeim hætti sem þar er tilgreint.

21. gr.

Fjárfestingarfyrirtæki skal uppfylla eiginfjárkröfu sem samsvarar fjórðungi af föstum óbeinum kostnaði fyrra árs.

Lögbærum yfirvöldum er heimilt að breyta þessari kröfu ef umtalsverðar breytingar hafa orðið á rekstri fyrirtækisins frá fyrra ári. Hafi fyrirtæki starfað skemur en eitt ár, frá fyrsta rekstrardegi, skal krafan vera fjórðungur af föstum óbeinum kostnaði sem gert er ráð fyrir í rekstraráætlun, nema lögbær yfirvöld krefjist þess að þeirri áætlun sé breytt.

2. þáttur

Beiting krafna á samstæðugrundvelli

22. gr.

1) Lögbærum yfirvöldum sem er skylt eða hefur verið veitt umboð til að annast eftirlit með samstæðum sem 2. gr. tekur til á samstæðugrundvelli geta, í einstökum tilvikum, fellt niður beitingu eiginfjárkrafna á samstæðugrundvelli, að því tilskildu að:

a) öll fjárfestingarfyrirtæki í ESB í slíkri samstæðu noti útreikninginn á eigin fé sem er settur fram í 16. gr.,

b) öll fjárfestingarfyrirtæki í slíkri samstæðu falli undir flokkana í 2. og 3. mgr. 20. gr.,

c) öll fjárfestingarfyrirtæki í ESB í slíkri samstæðu uppfylli hvert um sig kröfurnar, sem eru settar í 18. og 20. gr., og dragi jafnframt frá eigin fé allar ábyrgðarskuldbindingar vegna fjárfestingarfyrirtækja, fjármálastofnana, eignastýringarfélaga og stoðþjónustufyrirtækja, sem að öðrum kosti yrði steypt saman og

d) eigið fé allra eignarhaldsfélaga á fjármálasviði, sem eru móðurfélög eignarhaldsfélaga á fjármálasviði í aðildarríki fjárfestingarfyrirtækis í slíkri samstæðu, sé, svo sem hér er skilgreint sem samtala a- til h-liðar 57. gr. tilskipunar 2006/48/EB, sem er a.m.k. jafnt og samtala fulls bókfærðs virðis allra eignarhluta, víkjandi krafna og gerninga, sem um getur í 57. gr. þeirrar tilskipunar, í fjárfestingarfyrirtækjum, fjármálastofnunum, eignastýringarfélögum og stoðþjónustufyrirtækjum, sem að öðrum kosti yrði steypt saman, og heildarfjárhæð allra ábyrgðarskuldbindinga vegna fjárfestingarfyrirtækja, fjármálastofnana, eignastýringarfélaga og stoðþjónustufyrirtækja, sem að öðrum kosti yrði steypt saman.

Ef viðmiðanirnar í fyrstu undirgrein eru uppfylltar skulu öll fjárfestingarfyrirtæki í ESB hafa yfir að ráða kerfi til eftirlits með uppruna fjármagns og fjármögnunarleiðum allra eignarhaldsfélaga á fjármálasviði, fjárfestingarfyrirtækja, fjármálastofnana, eignastýringarfélaga og stoðþjónustufyrirtækja innan samstæðunnar.

2) Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. geta lögbær yfirvöld heimilað eignarhaldsfélögum á fjármálasviði, sem í aðildarríki eru móðureignarhaldsfélag fjárfestingarfyrirtækis í slíkri samstæðu, að nota lægra virði en það virði sem er reiknað út skv. d-lið 1. mgr. en ekki lægra en samtölu krafnanna sem eru settar í 18. og 20. gr. í hverju tilviki fyrir sig vegna fjárfestingarfyrirtækja, fjármálastofnana, eignastýringarfélaga og stoðþjónustufyrirtækja, sem að öðrum kosti yrði steypt saman, og heildarfjárhæð allra ábyrgðarskuldbindinga vegna fjárfestingarfyrirtækja, fjármálastofnana, eignastýringarfélaga og stoðþjónustufyrirtækja sem að öðrum kosti yrði steypt saman. Að því er varðar þessa málsgrein er eiginfjárkrafa fyrir fjárfestingarfyrirtæki í þriðju löndum, fjármálastofnanir, eignastýringarfélög og stoðþjónustufyrirtæki hugsuð eiginfjárkrafa (e. notional capital requirement).

23. gr.

Lögbær yfirvöld skulu krefjast þess að fjárfestingarfyrirtæki í samstæðu, sem þau hafa undanþegið, sbr. 22. gr., tilkynni þeim um þær áhættur sem kunna að grafa undan fjárhagsstöðu þeirra, þ .m.t. áhættur sem tengjast samsetningu og uppruna fjármagns og fjármögnunarleiða þeirra. Ef lögbær yfirvöld telja að fjárhagsstaða þessara fjárfestingarfyrirtækja sé ekki nægilega vernduð skulu þau krefjast þess að fyrirtækin geri nauðsynlegar ráðstafanir sem felast, ef nauðsyn krefur, í því að takmarka fjármagnsfærslur frá slíkum fyrirtækjum til aðila innan samstæðunnar. Ef lögbær yfirvöld falla frá kröfu um eftirlit á samstæðugrundvelli, sem kveðið er á um í 22. gr., skulu þau gera aðrar viðeigandi ráðstafanir til að hafa eftirlit með áhættum, þ.e.a.s. stórum áhættuskuldbindingum, allrar samstæðunnar, þ.m.t. öll fyrirtæki sem eru ekki staðsett í aðildarríki. Ef lögbær yfirvöld falla frá því að beita eiginfjárkröfum á samstæðugrundvelli, sem kveðið er á um í 22. gr., gilda kröfurnar í 123. gr. og 5. kafla í V. bálki tilskipunar 2006/48/EB í hverju einstöku tilviki og kröfurnar í 124. gr. þeirrar tilskipunar gilda um eftirlit með fjárfestingarfyrirtækjum í hverju tilviki fyrir sig.

24. gr.

1) Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 2. gr. geta lögbær yfirvöld undanþegið fjárfestingarfyrirtæki frá samstæðueiginfjárkröfum þeim sem eru settar í þeirri grein, að því tilskildu að öll fjárfestingarfyrirtæki í samstæðunni falli undir 2. mgr. 20. gr. og að í samstæðunni séu ekki lánastofnanir.

2) Ef kröfurnar í 1. mgr. eru uppfylltar skal eigið fé móðurfjárfestingarfyrirtækis í aðildarríki á samstæðugrundvelli ávallt vera meira en eða jafnt og sú eftirfarandi tveggja fjárhæða sem er hærri, reiknuð á grundvelli fjárhagsstöðu móðurfjárfestingarfyrirtækisins með tilliti til samstæðunnar og í samræmi við 3. þátt þessa kafla:

a) samtala eiginfjárkrafnanna í a- til c-lið 75. gr. tilskipunar 2006/48/EB og

b) fjárhæðin sem mælt er fyrir um í 21. gr. þessarar tilskipunar.

3) Ef kröfurnar í 1. mgr. eru uppfylltar skal eigið fé fjárfestingarfyrirtækis, sem er undir yfirráðum eignarhaldsfélags á fjármálasviði, á samstæðustigi ávallt vera meira en eða jafnt og sú eftirfarandi tveggja fjárhæða sem er hærri, reiknuð á grundvelli fjárhagsstöðu eignarhaldsfélagsins á fjármálasviði með tilliti til samstæðunnar og í samræmi við 3. þátt þessa kafla:

a) samtala eiginfjárkrafnanna í a- til c-lið 75. gr. tilskipunar 2006/48/EB og

b) fjárhæðin sem mælt er fyrir um í 21. gr. þessarar tilskipunar.

25. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 2. gr. geta lögbær yfirvöld undanþegið fjárfestingarfyrirtæki frá samstæðueiginfjárkröfum þeim sem eru settar í þeirri grein, að því tilskildu að öll fjárfestingarfyrirtæki í samstæðunni falli undir fjárfestingarfyrirtækin sem um getur í 2. og 3. mgr. 20. gr. og að í samstæðunni séu ekki lánastofnanir.

Ef kröfurnar í fyrstu málsgrein eru uppfylltar skal eigið fé móðurfjárfestingarfyrirtækis í aðildarríki á samstæðustigi ávallt vera meira en eða jafnt og samtala krafnanna í a- til c-lið 75. gr. tilskipunar 2006/48/EB og fjárhæðin, sem mælt er fyrir um í 21. gr. þessarar tilskipunar, reiknuð á grundvelli fjárhagsstöðu móðurfjárfestingarfyrirtækisins með tilliti til samstæðunnar og í samræmi við 3. þátt þessa kafla.

Ef kröfurnar í fyrstu málsgrein eru uppfylltar skal eigið fé fjárfestingarfyrirtækis, sem er undir yfirráðum eignarhaldsfélags á fjármálasviði, á samstæðustigi ávallt vera meira en eða jafnt og samtala krafnanna í a- til c-lið 75. gr. tilskipunar 2006/48/EB og fjárhæðin, sem mælt er fyrir um í 21. gr. þessarar tilskipunar, reiknuð á grundvelli fjárhagsstöðu eignarhaldsfélags á fjármálasviði með tilliti til samstæðunnar og í samræmi við 3. þátt þessa kafla.

3. þáttur

Útreikningur á eiginfjárkröfum á samstæðugrundvelli

26. gr.

1) Ef undanþágan, sem kveðið er á um í 22. gr., er ekki nýtt geta lögbær yfirvöld heimilað, í því skyni að reikna á samstæðugrundvelli eiginfjárkröfurnar í I. og V. viðauka og áhættukröfur á viðskiptavini í 28.–32. gr. og í VI. viðauka, að stöður í veltubók einnar stofnunar séu jafnaðar á móti stöðum í veltubók annarrar stofnunar í samræmi við reglurnar í 28.–32. gr. og I., V. og VI. viðauka.

Að auki mega lögbær yfirvöld leyfa að gjaldeyrisstaða einnar stofnunar, sé jöfnuð á móti gjaldeyrisstöðu annarrar stofnunar, í samræmi við reglurnar í III. viðauka og/eða V. viðauka. Þeim er einnig heimilt að leyfa að hrávörustöður einnar stofnunar séu jafnaðar á móti hrávörustöðum annarrar stofnunar í samræmi við reglurnar í IV. viðauka og/eða V. viðauka.

2) Lögbærum yfirvöldum er heimilt að leyfa mótreikning á stöðum í veltubók og gjaldeyrisstöðum og hrávörustöðum fyrirtækja í þriðja landi, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu jafnframt uppfyllt:

a) slík fyrirtæki eru með leyfi í þriðja landi og eru annað hvort í samræmi við skilgreininguna á lánastofnun sem er sett fram í 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2006/48/EB eða eru viðurkennd fjárfestingarfyrirtæki í þriðja landi,

b) slík fyrirtæki fara að, í hverju tilviki fyrir sig, reglum um eiginfjárkröfur jafngildum þeim sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun og

c) engar reglugerðir eru til í viðkomandi þriðju löndum sem geta haft veruleg áhrif á flutninga sjóða innan samstæðunnar.

3) Lögbærum yfirvöldum er einnig heimilt að leyfa mótreikninginn, sem kveðið er á um í 1. mgr., milli stofnana í samstæðu sem hefur fengið leyfi í umræddu aðildarríki, að því tilskildu að:

a) skipting eigin fjár sé fullnægjandi innan samstæðunnar og

b) reglur, lagareglur eða samningar, sem gilda um þessar stofnanir, tryggi gagnkvæman fjárhagsstuðning innan samstæðunnar.

4) Enn fremur er lögbærum yfirvöldum heimilt að leyfa mótreikninginn, sem kveðið er á um í 1. mgr., milli stofnana í samstæðu, sem fullnægir skilyrðum 3. mgr., og stofnunar í sömu samstæðu sem hefur fengið leyfi í öðru aðildarríki, að því tilskildu að sú stofnun sé skuldbundin til að uppfylla eiginfjárkröfurnar í 18., 20. og 28. gr. í hverju tilviki fyrir sig.

27. gr.

1) Við útreikning á eigin fé á samstæðugrundvelli gildir 65. gr. tilskipunar 2006/48/EB.

2) Lögbærum yfirvöldum, sem eru ábyrg fyrir eftirliti á samstæðugrundvelli, er heimilt við útreikning á samanlögðu eigin fé að viðurkenna sérstakar skilgreiningar varðandi eigið fé sem gilda um viðkomandi stofnanir samkvæmt IV. kafla.

4. þáttur

Eftirlit með stórum áhættuskuldbindingum

28. gr.

1) Stofnanir skulu hafa eftirlit með stórum áhættuskuldbindingum hjá sér í samræmi við 106.–118. gr. tilskipunar 2006/48/EB.

2) Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skulu stofnanir, sem reikna eiginfjárkröfur vegna veltubókarviðskipta sinna í samræmi við

I. og II. viðauka og, ef við á, V. viðauka við þessa tilskipun, hafa eftirlit með stórum áhættuskuldbindingum hjá sér í samræmi við 106.–118. gr. tilskipunar 2006/48/EB, með fyrirvara um breytingarnar sem mælt er fyrir um í 29.–32. gr. þessarar tilskipunar.

3) Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 31. desember 2007, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um framkvæmd þessa þáttar, ásamt viðeigandi tillögum.

29. gr.

1) Áhættukröfur á einstaka viðskiptavini, sem verða til í veltubókinni, skal reikna með því að leggja saman eftirfarandi liði:

a) mismuninn — ef hann er jákvæður — á gnóttstöðum stofnunar umfram skortstöður hennar í öllum fjármálagerningum sem viðkomandi viðskiptavinur gefur út, þar sem hrein staða í hverjum gerningi er reiknuð í samræmi við aðferðirnar í I. viðauka,

b) hrein áhætta, þegar um er að ræða sölutryggingu skulda- eða eiginfjárgernings og

c) áhættur vegna viðskipta, samninga og samkomulags, sem um getur í II. viðauka, við hlutaðeigandi viðskiptavin, þegar slíkar áhættur eru reiknaðar á þann hátt sem mælt er fyrir um í þeim viðauka, að því er varðar útreikning á virði áhættuskuldbindinga.

Í b-lið er hrein áhætta reiknuð með því að draga frá sölutryggingarstöður, sem þriðji aðili hefur skráð sig fyrir eða sem þriðji aðili hefur skuldbundið sig til að tryggja sölu á, á grundvelli formlegs samnings, og niðurfærð með þeim þáttum sem tilgreindir eru í 41. lið I. viðauka.

Að því er varðar b-lið skulu lögbær yfirvöld krefjast þess, þar til frekari samræming fer fram, að stofnanir komi á fót kerfi til að hafa eftirlit með sölutryggingaráhættum sínum á tímabilinu milli upphaflegrar skuldbindingar og fyrsta virks dags, með hliðsjón af eðli áhættunnar sem tekin er á viðkomandi mörkuðum.

Að því er varðar c-lið skal 84.–89. gr. tilskipunar 2006/48/EB vera undanþegin tilvísuninni í 6. lið II. viðauka við þessa reglugerð.

2) Reikna skal áhættukröfur á hóp tengdra viðskiptavina í veltubókinni með því að leggja saman áhættukröfur á einstaka viðskiptavini í hópnum, eins og reiknað er í 1. mgr.

30. gr.

1) Samanlagðar áhættukröfur á einstaka viðskiptavini eða hóp tengdra viðskiptavina skal reikna með því að leggja saman áhættukröfur sem verða til í veltubók og áhættukröfur sem verða til í viðskiptum utan veltubókar, að teknu tilliti til 112.–117. gr. tilskipunar 2006/48/EB.

Til þess að reikna áhættu, sem verður til vegna viðskipta utan veltubókar, skulu stofnanirnar meta áhættuna, sem verður til vegna eigna, sem eru dregnar frá eigin fé þeirra skv. d-lið annars undirliðar 2. mgr. 13. gr., sem núllstöðu.

2) Samanlagðar áhættukröfur stofnana á einstaka viðskiptavini og hóp tengdra viðskiptavina sem eru reiknaðar í samræmi við 4. mgr. skulu tilkynntar í samræmi við 110. gr. tilskipunar 2006/48/EB. Útreikningur á stórum áhættukröfum á einstaka viðskiptavini og hóp tengdra viðskiptavina vegna skýrslugerðar, í öðrum tilvikum en í tengslum við endurhverf verðbréfaviðskipti og verðbréfa- eða hrávörulánveitingu eða -lántöku, skal ekki taka til viðurkenningar á mildun útlánaáhættu.

3) Heildarfjárhæð áhættukrafna á einstaka viðskiptavini eða hóp tengdra viðskiptavina í 1. mgr. skal takmarka í samræmi við 111.–117. gr. tilskipunar 2006/48/EB.

4) Þrátt fyrir 3. mgr. geta lögbær yfirvöld leyft að farið sé með eignir, í formi krafna og annarra áhættna gagnvart viðurkenndum fjárfestingarfyrirtækjum í þriðju löndum og viðurkenndum greiðslujöfnunarstöðvum og verðbréfamörkuðum sem eiga viðskipti með fjármálagerninga, á sama hátt og farið er með kröfur og aðrar áhættur gagnvart stofnunum í 113. gr. (i. lið 3. mgr.), 115. gr. (2. mgr.) og 116. gr. tilskipunar 2006/48/EB.

31. gr.

Lögbær yfirvöld geta heimilað að farið sé yfir mörkin sem sett eru í 111.–117. gr. tilskipunar 2006/48/EB ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) áhætta í viðskiptum utan veltubókar gagnvart viðskiptavini eða hópi viðskiptavina, er um ræðir, fari ekki yfir mörkin sem eru sett í 111.–117. gr. tilskipunar 2006/48/EB, en þessi mörk eru reiknuð með hliðsjón af eigin fé eins og tilgreint er í þeirri tilskipun þannig að það sem er umfram sé eingöngu innan veltubókarinnar,

b) stofnunin uppfylli viðbótareiginfjárkröfur með hliðsjón af því að farið er yfir mörkin sem sett eru í 1. og 2. mgr. 111. gr. tilskipunar 2006/48/EB, en þessar viðbótareiginfjárkröfur eru reiknaðar í samræmi við VI. viðauka við þá tilskipun,

c) ef umframáhætta hefur staðið yfir í tíu daga eða skemur má áhættukrafa í veltubók á viðskiptavin eða hóp tengdra viðskiptavina, er um ræðir, ekki fara yfir 500% af eigin fé stofnunarinnar,

d) umframáhætta sem varað hefur lengur en tíu daga má samanlagt ekki fara yfir 600% af eigin fé stofnunarinnar,

e) stofnanir skulu þriðja hvern mánuð tilkynna lögbærum yfirvöldum um öll tilvik þar sem farið hefur verið yfir mörkin sem sett eru í 1. og 2. mgr. 111. gr. tilskipunar 2006/48/EB á næstliðnum þremur mánuðum.

Í tengslum við e-lið skal í hverju tilviki þar sem farið hefur verið yfir mörkin tilkynna fjárhæð umframáhættunnar og tilgreina nafn viðkomandi viðskiptavinar.

32. gr.

1) Lögbær yfirvöld skulu koma á verklagsreglum til að koma í veg fyrir að stofnanir forðist vísvitandi viðbótareiginfjárkröfur sem þær myndu annars þurfa að uppfylla vegna áhættna sem eru yfir mörkunum í 1. og 2. mgr. 111. gr. tilskipunar 2006/48/EB, þegar þessar áhættur hafa varað lengur en í tíu daga, með því að flytja umræddar áhættur tímabundið til annars félags, hvort sem það er innan sömu samstæðu eða ekki, og/eða með því að takast á hendur sýndarviðskipti til að fella niður áhættuna meðan á tíu daga tímabilinu stendur og mynda nýja áhættu.

Lögbær yfirvöld skulu tilkynna ráðinu og framkvæmdastjórninni um þær verklagsreglur. Stofnanir skulu nota kerfi sem tryggja að tilfærsla, sem hefur þau áhrif sem um getur í fyrstu undirgrein, sé þegar í stað tilkynnt lögbærum yfirvöldum.

2) Lögbær yfirvöld geta leyft stofnunum, sem mega velja aðra skilgreiningu á eigin fé skv. 2. mgr. 13. gr., að nota þá skilgreiningu vegna 30. gr. (2. mgr.), 30. gr. (3. mgr.) og 31. gr., að því tilskildu að viðkomandi stofnunum sé gert skylt að uppfylla allar skuldbindingar í 110.–117. gr. tilskipunar 2006/48/EB að því er varðar áhættur, sem eru utan veltubóka þeirra, með því að nota eigið fé eins og skilgreint er í þeirri tilskipun.

5. þáttur

Mat á stöðum vegna skýrslugerðar

33. gr.

1) Allar stöður í veltubók skulu falla undir varfærnar matsreglur eins og tilgreint er í B-hluta VII. viðauka. Með þessum reglum er stofnunum skylt að sjá til þess að virði hverrar stöðu í veltubókinni endurspegli gildandi markaðsvirði á viðeigandi hátt. Fyrrnefnda virðið skal vera áreiðanlegt svo viðunandi sé, með hliðsjón af hreyfanleika staðna í veltubók, kröfum um traust varfærniseftirlit og vinnumáta og tilgangi eiginfjárkrafna að því er varðar stöður í veltubók.

2) Endurmeta skal stöður í veltubók a.m.k. daglega.

3) Ef markaðsverð liggur ekki fyrir er lögbærum yfirvöldum heimilt að falla frá kröfunni í 1. og 2. mgr. og þau skulu krefjast þess að stofnanirnar noti aðrar aðferðir við matið, að því tilskildu að þær aðferðir séu nægilega varfærnislegar og viðurkenndar af lögbærum yfirvöldum.

6. þáttur

Áhættustýring og eiginfjárgreining

34. gr.

Lögbær yfirvöld skulu krefjast þess að öll fjárfestingarfyrirtæki uppfylli bæði kröfurnar sem settar eru fram í 13. gr. tilskipunar 2004/39/EB og kröfurnar sem settar eru fram í 22. og 123. gr. tilskipunar 2006/48/EB, með fyrirvara um ákvæðin um umfang beitingar sem sett eru fram í 68.–73. gr. þeirrar tilskipunar.

7. þáttur

Upplýsingaskylda

35. gr.

1) Aðildarríkin skulu krefjast þess að fjárfestingarfyrirtæki og lánastofnanir láti lögbærum yfirvöldum í heimaríkjunum í té allar nauðsynlegar upplýsingar til að meta hvort farið sé að reglunum sem samþykktar eru í samræmi við þessa tilskipun. Aðildarríki skulu einnig tryggja að innra eftirlit stofnana, stjórnunaraðferðir og bókhaldsreglur séu þannig að sannreyna megi hvenær sem er hvort farið sé að þessum reglum.

2) Fjárfestingarfyrirtæki skulu leggja skýrslu fyrir lögbær yfirvöld, á þann hátt sem lögbær yfirvöld kveða nánar á um, að minnsta kosti einu sinni í mánuði þegar um er að ræða fyrirtæki sem um getur í 9. gr., að minnsta kosti á þriggja mánaða fresti þegar um er að ræða fyrirtæki sem um getur í 1. mgr. 5. gr. og að minnsta kosti á sex mánaða fresti þegar um er að ræða fyrirtæki sem um getur í 3. mgr. 5. gr.

3) Þrátt fyrir 2. mgr. skulu fjárfestingarfyrirtæki sem um getur í 1. mgr. 5. gr. og 9. gr. aðeins veita upplýsingar á samstæðu- eða undirsamstæðugrundvelli á sex mánaða fresti.

4) Lánastofnanir skulu leggja fram skýrslu á þann hátt sem lögbær yfirvöld kveða nánar á um, eins oft og kveðið er á um í tilskipun 2006/48/EB.

5) Lögbær yfirvöld skulu krefjast þess að stofnanir tilkynni þeim þegar í stað ef mótaðilar þeirra í endurhverfum verðbréfakaupum og -sölu eða viðskiptum með verðbréfa- og hrávörulánveitingar og verðbréfa- og hrávörulántökur standa ekki við skuldbindingar sínar.

VI. KAFLI

1. þáttur

Lögbær yfirvöld

36. gr.

1) Aðildarríkin skulu tilnefna yfirvöld sem eru til þess bær að annast þau verkefni sem kveðið er á um í þessari tilskipun. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni og greina frá því ef þau skipta með sér verkum.

2) Lögbæru yfirvöldin skulu vera opinber yfirvöld eða aðilar sem eru opinberlega viðurkenndir samkvæmt landslögum eða af opinberum yfirvöldum sem hluti af eftirlitskerfi viðkomandi aðildarríkis.

3) Lögbærum yfirvöldum skulu veittar nauðsynlegar heimildir til að rækja störf sín, einkum að því er varðar eftirlit með uppbyggingu veltubóka.

2. þáttur

Eftirlit

37. gr.

1) Ákvæði 4. kafla í V. bálki tilskipunar 2006/48/EB gilda, að breyttu breytanda, um eftirlit með fjárfestingarfyrirtækjum í samræmi við eftirfarandi:

a) litið skal á tilvísanir í 6. gr. tilskipunar 2006/48/EB sem tilvísanir í 5. gr. tilskipunar 2004/39/EB,

b) litið skal á tilvísanir í 22. og 123. gr. tilskipunar 2006/48/EB sem tilvísanir í 34. gr. þessarar tilskipunar og

c) litið skal á tilvísanir í 44.–52. gr. tilskipunar 2006/48/EB sem tilvísanir í 54. og 58. gr. tilskipunar 2004/39/EB.

Ef móðureignarhaldsfélag á fjármálasviði í ESB á bæði lánastofnun og fjárfestingarfyrirtæki sem dótturfyrirtæki gildir 4. kafli í V. bálki tilskipunar 2006/48/EB um eftirlit með stofnunum eins og tilvísanir í lánastofnanir væru tilvísanir í stofnanir.

2) Ákvæði 2. mgr. 129. gr. tilskipunar 2006/48/EB gilda einnig um viðurkenningu á innri líkönum stofnana skv. V. viðauka við þessa tilskipun ef móðureignarhaldsfélag í fjármálarekstri í ESB og dótturfyrirtæki þess eða móðurfjárfestingarfyrirtæki í ESB og dótturfyrirtæki þess leggja fram umsóknina eða ef dótturfyrirtæki móðureignarhaldsfélags á fjármálasviði í ESB leggja hana fram sameiginlega.

Fresturinn til viðurkenningarinnar, sem um getur í fyrstu undirgrein, skal vera sex mánuðir.

38. gr.

1) Lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum skulu hafa náið samstarf um þau verkefni sem kveðið er á um í þessari tilskipun, einkum ef fjárfestingarþjónusta er veitt samkvæmt rétti til að veita þjónustu eða við stofnsetningu útibúa.

Lögbær yfirvöld skulu samkvæmt beiðni veita hvert öðru upplýsingar sem geta auðveldað eftirlit með eiginfjárkröfum stofnana, einkum til að ganga úr skugga um hvort farið sé að þeim reglum sem settar eru í þessari tilskipun.

2) Öll upplýsingaskipti milli lögbærra yfirvalda, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, skulu háð eftirfarandi þagnarskyldu starfsmanna:

a) að því er varðar fjárfestingarfyrirtæki, þeirri sem lögð er á með 54. og 58. gr. tilskipunar 2004/39/EB og

b) að því er varðar lánastofnanir, þeirri sem lögð er á í 44.–52. gr. tilskipunar 2006/48/EB.

VII. KAFLI

Upplýsingagjöf

39. gr.

Kröfurnar, sem eru settar fram í 5. kafla í V. bálki tilskipunar 2006/48/EB, gilda um fjárfestingarfyrirtæki.

VIII. KAFLI

1. þáttur

40. gr.

Við útreikning á lágmarkseiginfjárkröfum vegna mótaðilaáhættu samkvæmt þessari tilskipun og við útreikning á lágmarkseiginfjárkröfum vegna útlánaáhættu samkvæmt tilskipun 2006/48/EB og með fyrirvara um ákvæði 6. liðar í 2. hluta III. viðauka við þá tilskipun skal fara með áhættukröfur á viðurkennd fjárfestingarfyrirtæki í þriðja landi og áhættukröfur á viðurkenndar greiðslujöfnunarstöðvar og verðbréfamarkaði sem væru þær áhættukröfur á stofnanir.

2. þáttur

Framkvæmdarvald

41. gr.

1) Framkvæmdastjórnin skal taka ákvörðun um tæknilega aðlögun á eftirfarandi sviðum í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 42. gr.:

a) nánari útlistun á skilgreiningunum í 3. gr. til að tryggja samræmda beitingu þessarar tilskipunar,

b) nánari útlistun á skilgreiningunum í 3. gr. svo að tekið sé tillit til þróunar á fjármálamörkuðum,

c) leiðrétting á upphæð stofnfjár, sem mælt er fyrir um í 5.–9. gr., og fjárhæðinni, sem um getur í 2. mgr. 18. gr., svo að tekið sé mið af þróuninni í efnahags- og peningamálum,

d) leiðrétting á flokkum fjárfestingarfyrirtækja í 2. og 3. mgr. 20. gr. svo að tekið sé mið af þróuninni á fjármálamörkuðum,

e) nánari útlistun á kröfunum sem mælt er fyrir um í 21. gr. til að tryggja samræmda beitingu þessarar tilskipunar,

f) samræming hugtaka og afmörkun skilgreininga í samræmi við síðari lagasetningar um stofnanir og skyld mál,

g) leiðrétting á tæknilegum ákvæðum í I. til VII. viðauka vegna þróunar á fjármálamörkuðum, áhættumats, reikningsskilastaðla eða krafna sem taka mið af löggjöf Bandalagsins eða sem varða samleitni eftirlitsvenja eða

h) tæknileg aðlögun svo að tekið sé mið af niðurstöðu endurskoðunarinnar sem um getur í 3. mgr. 65. gr. tilskipunar 2004/39/EB.

2) Engin framkvæmdarráðstafananna, sem öðlast hafa gildi, má leiða til breytinga á grundvallarákvæðum tilskipunar þessarar.

42. gr.

1) Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar evrópsku bankanefndarinnar, sem komið var á fót með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/10/EB ([1]) frá 5. nóvember 2003 (hér á eftir nefnd „nefndin“).

2) Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gildir málsmeðferðin sem mælt er fyrir um í 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, með hliðsjón af ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 8. gr. hennar.

Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrír mánuðir.

3) Með fyrirvara um framkvæmdarráðstafanirnar, sem þegar hafa verið samþykktar, skulu ákvæði þessarar tilskipunar um samþykkt tæknireglna, breytinga og ákvarðana, í samræmi við 2. mgr., falla úr gildi tveimur árum eftir gildistöku hennar og eigi síðar en 1. apríl 2008. Evrópuþinginu og ráðinu er heimilt, að fenginni tillögu framkvæmdastjórnarinnar og í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans, að endurnýja þessi ákvæði og þau skulu endurskoða þau áður en tímabilinu lýkur eða eigi síðar en þann dag sem um getur í þessari málsgrein, eftir því hvort er á undan.

4) Nefndin setur sér starfsreglur.

3. þáttur

Bráðabirgðaákvæði

43. gr.

Ákvæði 1.–7. mgr. 152. gr. tilskipunar 2006/48/EB gilda, í samræmi við 2. gr. og 2. og 3. þátt V. kafla þessarar tilskipunar, um fjárfestingarfyrirtæki sem reikna fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga að því er varðar II. viðauka við þessa tilskipun, í samræmi við 84.–89. gr. tilskipunar 2006/48/EB eða sem nota þróuðu mæliaðferðina eins og hún er tilgreind í 105. gr. þeirrar tilskipunar að því er varðar útreikning á eiginfjárkröfum þeirra vegna rekstraráhættu.

44. gr.

Fram til 31. desember 2012 geta aðildarríkin, að því er varðar þau fjárfestingarfyrirtæki þar sem viðeigandi mælikvarði fyrir viðskiptasviðið markaðsviðskipti (e. trading and sales) stendur fyrir að minnsta kosti 50% af samtölu viðeigandi mælikvarða allra viðskiptasviða þeirra, sem eru reiknaðir í samræmi við 20. gr. þessarar tilskipunar og 1.–4. lið í 2. hluta X. viðauka við tilskipun 2006/48/EB, notað hlutfallið 15% á viðskiptasviðið markaðsviðskipti.

45. gr.

1) Lögbær yfirvöld geta heimilað fjárfestingarfyrirtækjum að fara yfir mörkin varðandi stórar áhættuskuldbindingar sem sett eru fram í 111. gr. tilskipunar 2006/48/EB. Fjárfestingarfyrirtæki þurfa ekki að telja allar fjárhæðir sem fara yfir slík mörk með við útreikning á eiginfjárkröfum, eins og segir í b-lið 75. gr. þeirrar tilskipunar. Þessi heimild er fyrir hendi fram til 31. desember 2010, eða til þess dags þegar allar breytingar vegna meðferðar á stórum áhættuskuldbindingum skv. 119. gr. tilskipunar 2006/48/EB ganga í gildi, hvort sem kemur á undan. Uppfylla þarf eftirfarandi skilyrði til að unnt sé að nýta þessa heimild:

a) fjárfestingarfyrirtækið veitir fjárfestingarþjónustu eða stundar fjárfestingarstarfsemi sem tengist fjármálagerningunum sem taldir eru upp í 5., 6., 7., 9. og 10. lið í C-þætti I. viðauka við tilskipun 2004/39/EB,

b) fjárfestingarfyrirtækið veitir ekki slíka fjárfestingarþjónustu eða stundar slíka fjárfestingarstarfsemi fyrir einstaklinga og smærri fyrirtæki, eða fyrir þeirra hönd,

c) farið er yfir þau mörk sem um getur í inngangshluta þessarar málsgreinar í tengslum við áhættuskuldbindingar, sem stafa af samningum sem eru fjármálagerningar, s.s. tilgreint er í a-lið, og tengjast hrávörum eða viðmiðum afleiða í skilningi 10. liðar í C-þætti I. viðauka við tilskipun 2004/39/EB (MiFID-tilskipunin) og eru reiknaðar út í samræmi við III. og IV. viðauka við tilskipun 2006/48/EB, eða í tengslum við áhættuskuldbindingar sem stafa af samningum um afhendingu hrávara eða losunarheimildir, og

d) fjárfestingarfyrirtækið hefur skjalfesta áætlun um stjórnun og sér í lagi eftirlit með og takmörkun á áhættum sem verða til við samþjöppun áhættuskuldbindinga.

([1]) Stjtíð. ESB nr. L 3, 7.1.2004, bls. 36.

Fjárfestingarfyrirtækið skal tafarlaust skýra lögbærum yfirvöldum frá þessari áætlun og öllum breytingum á henni sem skipta máli. Fjárfestingarfyrirtækið skal gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja stöðugt eftirlit með lánshæfi lántakenda samkvæmt áhrifum þeirra á samþjöppunaráhættu. Þessar ráðstafanir skulu gera fjárfestingarfyrirtækinu kleift að bregðast við á fullnægjandi hátt og nægilega skjótt ef það lánshæfi versnar.

2) Ef fjárfestingarfyrirtæki fer yfir innri mörk, sem eru ákvörðuð samkvæmt áætluninni, sem um getur í d-lið 1. mgr., skal það tilkynna lögbæru yfirvaldi tafarlaust um umfang og eðli umframáhættunnar og um mótaðilann.

46. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 20 gr. geta lögbær yfirvöld fram til 31. desember 2011 valið í hverju tilviki fyrir sig að beita ekki eiginfjárkröfunum sem verða til vegna d-liðar 75. gr. tilskipunar 2006/48/EB að því er varðar fjárfestingarfyrirtæki sem 2. og 3. mgr. 20. gr. gilda ekki um og eru með veltubókarstöður sem fara aldrei yfir 50 milljónir evra og þar sem meðalfjöldi viðeigandi starfsmanna fer ekki yfir 100 á fjárhagsárinu. Þess í stað skal eiginfjárkrafan í tengslum við þessi fjárfestingarfyrirtæki vera að minnsta kosti sú lægri af eftirfarandi:

a) eiginfjárkröfunum sem verða til vegna d-liðar 75. gr. tilskipunar 2006/48/EB og

b) 12/88 af því sem hærra er af eftirfarandi:

   i. samtölu eiginfjárkrafnanna í a- til c-lið 75. gr. tilskipunar 2006/48/EB og

   ii. fjárhæðinni sem mælt er fyrir um í 21. gr. þessarar tilskipunar, þrátt fyrir ákvæði 5. mgr. 20. gr.

Ef b-liður gildir skal koma til stighækkun að minnsta kosti einu sinni á ári.

Beiting þessarar undanþágu skal ekki leiða til þess að dregið verði úr heildareiginfjárkröfum fjárfestingar-fyrirtækis í samanburði við kröfurnar sem eru í gildi þann 31. desember 2006, nema slík lækkun sé rökstudd út frá varfærnissjónarmiði með því að verið sé að draga úr umfangi starfsemi fjárfestingarfyrirtækisins.

47. gr.

Fram til 31. desember 2009 eða hvaða fyrri dagsetningu sem lögbær yfirvöld tilgreina í hverju tilviki fyrir sig geta stofnanir, sem hafa fengið viðurkenningu á líkani fyrir sérstaka áhættu fyrir 1. janúar 2007, í samræmi við 1. lið V. viðauka, að því er varðar þá fengnu viðurkenningu, farið með 4. og 8. lið V. viðauka við tilskipun 93/6/EBE eins og gert var fyrir 1. janúar 2007.

48. gr.

1) Ákvæði þau um eiginfjárkröfur sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun og tilskipun 2006/48/EB gilda ekki um fjárfestingarfyrirtæki sem hafa að aðalstarfsemi að veita eingöngu fjárfestingarþjónustu eða stunda starfsemi í tengslum við fjármálagerningana sem tilgreindir eru í 5., 6., 7., 9. og 10. lið í C-þætti I. viðauka við tilskipun 2004/39/EB og sem tilskipun 93/22/EBE ([1]) gilti ekki um þann 31. desember 2006. Þessi undanþága gildir til 31. desember 2010 eða til þess dags þegar allar breytingar samkvæmt 2. og 3. mgr. ganga í gildi, eftir því hvort er á undan.

2) Liður í þeirri endurskoðun, sem krafist er í 3. mgr. 65. gr. tilskipunar 2004/39/EB, er að framkvæmdastjórnin skal, á grundvelli samráðs við almenning og í ljósi umræðna við lögbær yfirvöld, gefa þinginu og ráðinu skýrslu um:

a) viðeigandi fyrirkomulag varfærniseftirlits með fjárfestingarfyrirtækjum sem hafa að aðalstarfsemi að veita eingöngu fjárfestingarþjónustu eða stunda starfsemi í tengslum við hrávöruafleiðurnar eða hrávörusamningana sem eru tilgreindir í 5., 6., 7., 9. og 10. lið í C-þætti I. viðauka við tilskipun 2004/39/EB og

b) hversu æskilegt það er að breyta tilskipun 2004/39/EB til að búa til nýjan flokk fjárfestingarfyrirtækja sem hafa að aðalstarfsemi að veita eingöngu fjárfestingarþjónustu eða stunda starfsemi í tengslum við fjármálagerningana sem eru tilgreindir í 5., 6., 7., 9. og 10. lið í C-þætti I. viðauka við tilskipun 2004/39/EB og varða orkuframboð (þ.m.t. rafmagn, kol, gas og olía).

3) Á grundvelli skýrslunnar, sem um getur í 2. mgr., getur framkvæmdastjórnin lagt fram tillögur að breytingum á þessari tilskipun og á tilskipun 2006/48/EB.

4. þáttur

Lokaákvæði

49. gr.

1) Aðildarríkin skulu, eigi síðar en 31. desember 2006, samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að 2., 3., 11., 13., 17., 18., 19., 20., 22., 23., 24., 25., 29., 30., 33., 34., 35., 37., 39., 40., 41., 43., 44. og 50. gr. og I., II., III., V. og VII. viðauka. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni þessi ákvæði og samsvörunartöflu yfir viðkomandi ákvæði og þessa tilskipun.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá 1. janúar 2007.

([1]) Tilskipun ráðsins 93/22/EBE frá 10. maí 1993 um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta (Stjtíð. EB nr. L 141, 11.6.1993, bls. 27). Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun ráðsins 2002/87/EB.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Í þeim skal einnig vera yfirlýsing um að líta beri á tilvísanir í gildandi lögum og stjórnsýslufyrirmælum í tilskipanirnar sem eru felldar niður með þessari tilskipun sem tilvísanir í þessa tilskipun.

2) Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

50. gr.

1) Ákvæði 8.–14. mgr. 152. gr. tilskipunar 2006/48/EB skulu gilda, að breyttu breytanda, að því er varðar þessa tilskipun, með fyrirvara um eftirfarandi ákvæði, sem skulu gilda ef heimildin, sem um getur í 8. mgr. 152. gr. tilskipunar 2006/48/EB, er nýtt:

a) líta skal á tilvísanir í 7. lið II. viðauka við þessa tilskipun í tilskipun 2006/48/EB sem tilvísanir í tilskipun 2000/12/EB eins og sú tilskipun var fyrir 1. janúar 2007 og

b) ákvæði 4. liðar II. viðauka við þessa tilskipun skulu gilda eins og þau voru fyrir 1. janúar 2007.

2) Ákvæði 3. mgr. 157. gr. tilskipunar 2006/48/EB skulu gilda, að breyttu breytanda, að því er varðar 18. og 20. gr. þessarar tilskipunar.

51. gr.

Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 1. janúar 2011, endurskoða og gefa skýrslu um beitingu þessarar tilskipunar og leggja skýrslu sína fyrir þingið og ráðið, ásamt viðeigandi tillögum að breytingum.

52. gr.

Tilskipun 93/6/EBE, eins og henni var breytt með tilskipununum sem skráðar eru í A-hluta VIII. viðauka, falli úr gildi, án þess að hafa áhrif á skyldur aðildarríkjanna varðandi fresti til að lögleiða tilskipanirnar sem eru tilgreindar í B-hluta VIII. viðauka í aðildarríkjunum. Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipanirnar sem tilvísanir í þessa tilskipun og skulu þær lesnar með hliðsjón af samanburðartöflunni í IX. viðauka.

53. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

54. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg, 14. júní 2006.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
J. BORRELL FONTELLES	H. WINKLER
forseti.	*forseti.*

I. VIÐAUKI

ÚTREIKNINGUR EIGINFJÁRKRÖFU VEGNA STÖÐUÁHÆTTU

ALMENN ÁKVÆÐI

Útreikningur á hreinni stöðu

1. Fjárhæð gnótt- (skort-) staðna stofnunar umfram skort- (gnótt-) stöður í sömu hlutabréfum, skuldabréfum og breytanlegum verðbréfum og sams konar stöðluðum framvirkum samningum, valrétti, kauprétti og vörðum kauprétti skal vera hrein staða hennar í hverjum þessara mismunandi gerninga. Við útreikning á hreinni stöðu skulu lögbær yfirvöld leyfa að farið sé með stöður í afleiðugerningum, sbr. 4. til 7. lið, sem stöður í undirliggjandi (eða hugsuðu) verðbréfi eða verðbréfum. Við útreikning á sérstakri áhættu skv. 14. lið skal ekki telja með eign stofnunarinnar í eigin skuldagerningum.

2. Ekki skal jafna breytanlegu verðbréfi á móti samsvarandi stöðu í undirliggjandi gerningi nema lögbær yfirvöld samþykki aðferð sem tekur mið af líkum þess að ákveðnu breytanlegu verðbréfi sé breytt eða geri kröfu um eigið fé til að standa undir tapi sem breyting gæti haft í för með sér.

3. Daglega skal reikna allar hreinar stöður, án tillits til formerkja, yfir í skýrslugjafargjaldmiðil stofnunarinnar, á dagsgengi, áður en þær eru lagðar saman.

Sérstakir gerningar

4. Fara skal með staðlaða framvirka vaxtasamninga, framvirka vaxtasamninga (FRA) og framvirkar skuldbindingar um að kaupa eða selja skuldagerninga sem samsetningar á gnótt- og skortstöðum. Þannig skal fara með gnóttstöðu í stöðluðum, framvirkum vaxtasamningum sem samsetningu af láni, sem fellur í gjalddaga á afhendingardegi staðlaða, framvirka samningsins, og eignarhlut með sama gjalddaga og undirliggjandi gerningur eða undirliggjandi hugsuð staða umræddS staðlaðs, framvirks samnings. Eins er farið með seldan framvirkan vaxtasamning sem gnóttstöðu með gjalddaga á uppgjörsdegi, að viðbættu samningstímabilinu, og sem skortstöðu með gjalddaga á uppgjörsdegi. Bæði lánið og eignarhlutann skal setja í fyrsta flokkinn sem tilgreindur er í 14. lið töflu 1 til þess að reikna það eigið fé sem krafist er á móti sérstakri áhættu vegna staðlaðra, framvirkra vaxtasamninga og framvirkra vaxtasamninga. Fara skal með framvirka skuldbindingu um að kaupa skuldagerning sem samsetningu af láni sem fellur í gjalddaga á afhendingardegi og gnótt- (nú-) stöðu í sjálfum skuldagerningnum. Lántökuna skal setja í fyrsta flokkinn sem tilgreindur er í 14. lið töflu 1 vegna sérstakrar áhættu og skuldagerninginn í þann dálk sem við á í sömu töflu.

Lögbær yfirvöld geta leyft að eiginfjárkrafa vegna staðlaðs, framvirks samnings, sem verslað er með á verðbréfamarkaði, sé jöfn tryggingunni, sem verðbréfamarkaðurinn krefst, ef þau eru þess fullviss að í henni felist rétt mat á áhættunni sem tengist staðlaða, framvirka samningnum og að hún sé að minnsta kosti jöfn eiginfjárkröfunni fyrir staðlaðan, framvirkan samning sem myndi leiða af útreikningi með aðferðinni sem er sett fram í þessum viðauka eða með því að beita aðferðinni með innri líkönum sem er lýst í V. viðauka. Lögbær yfirvöld geta einnig leyft að eiginfjárkrafa fyrir afleiðusamning, sem verslað er með utan verðbréfamarkaðar, þeirrar gerðar sem um getur í þessum lið og sem er gerður upp í greiðslujöfnunarstöð sem þau viðurkenna, sé jöfn tryggingunni sem greiðslujöfnunarstöðin krefst ef þau eru þess fullviss að í henni felist rétt mat á áhættunni sem tengist afleiðusamningnum og að hún sé að minnsta kosti jöfn eiginfjárkröfunni fyrir umræddan samning sem myndi leiða af útreikningi með aðferðinni sem er sett fram í þessum viðauka eða með því að beita aðferðinni með innri líkönum sem er lýst í V. viðauka.

„Gnóttstaða“, í skilningi þessa liðar: staða sem stofnun hefur ákveðið að gefi af sér tiltekna vexti, sem hún fær síðar, og „skortstaða“: staða sem stofnun hefur ákveðið að gefi af sér tiltekna vexti sem hún greiðir síðar.

5. Fara skal með valrétt, sem byggist á vöxtum, skuldagerningum, hlutabréfum, hlutabréfavísitölum, stöðluðum framvirkum samningum, skiptasamningum og erlendum gjaldmiðli, eins og um væri að ræða stöður sem eru jafnviði fjárhæðar undirliggjandi gernings, sem valrétturinn vísar til, margfaldaðar með deltastuðli valréttarins í skilningi þessa viðauka. Framangreindar stöður má jafna á móti hvaða stöðu sem er í sams konar undirliggjandi verðbréfum eða afleiðum. Deltastuðullinn, sem er notaður, skal vera sá sami og á viðkomandi verðbréfamarkaði, sá sem lögbær yfirvöld reikna út eða, ef hann liggur ekki fyrir eða vegna valréttar sem verslað er með utan verðbréfamarkaðar, deltastuðullinn sem stofnunin sjálf reiknar, með fyrirvara um að lögbær yfirvöld séu þ ess fullviss að líkanið, sem stofnunin notar, sé skynsamlegt.

Þó er lögbærum yfirvöldum einnig heimilt að mæla fyrir um að stofnanirnar reikni sjálfar deltastuðul sinn með því að nota aðferð sem lögbær yfirvöld tilgreina.

Tryggingar skulu vera fyrir öðrum áhættum sem tengjast valrétti en deltaáhættunni. Lögbær yfirvöld geta leyft að eiginfjárkrafan í tengslum við útgefinn valrétt, sem verslað er með á verðbréfamarkaði, sé jafnviði tryggingarinnar

sem verðbréfamarkaðurinn fer fram á, ef þau telja að hún feli í sér rétt mat á áhættunni sem tengist valréttinum og að hún sé að minnsta kosti jafnvirði eiginfjárkröfu fyrir valrétti sem myndi leiða af útreikningi með aðferðinni sem kemur fram í því sem eftir er af þessum viðauka eða með því að beita aðferðinni með innri líkönum sem er lýst í V. viðauka. Lögbær yfirvöld geta einnig leyft að eiginfjárkrafan fyrir kauprétt sem verslað er með utan verðbréfamarkaðar og sem greiðslujöfnunarstöð sem þau viðurkenna hefur greiðslujafnað, sé jöfn tryggingunni sem greiðslujöfnunarstöðin fer fram á ef þau telja að þessi trygging gefi rétt mat á áhættunni sem tengist kaupréttinum og að hún sé að minnsta kosti jöfn eiginfjárkröfunni fyrir kauprétt sem verslað er með utan verðbréfamarkaðar af völdum útreiknings, sem er gerður með aðferðinni sem kemur fram í þessum viðauka, eða með því að beita aðferð þeirri með innri líkönum sem er lýst í V. viðauka. Að auki geta þau leyft að krafan í tengslum við kauprétt sem verslað er með á verðbréfamarkaði eða kauprétt sem verslað er með utan verðbréfamarkaðar sé sú sama og fyrir undirliggjandi gerning, að þ ví tilskildu að krafan sem af því leiðir fari ekki yfir markaðsvirði kaupréttarins. Eiginfjárkrafa vegna útgefins valréttar, sem verslað er með utan verðbréfamarkaðar, skal ákvörðuð í hlutfalli við undirliggjandi gerning.

6. Fara skal með kauprétt sem tengist skuldagerningum og hlutabréfum á sama hátt og valrétt skv. 5. lið.

7. Með hliðsjón af vaxtaáhættu skal fara með skiptasamninga á sama hátt og gerninga innan efnahagsreiknings. Því skal fara með vaxtaskiptasamning, sem stofnunin fær breytilega vexti af og greiðir fasta vexti af, eins og um væri að ræða jafngilda gnóttstöðu í gerningi með breytilegum vöxtum og binditíma sem er jafn langur og tímabilið þar til nýir vextir verða ákveðnir og skortstöðu í gerningi með föstum vöxtum með sama binditíma og vaxtaskiptasamningurinn sjálfur.

A. MEÐHÖNDLUN Á SELJANDA VARNARINNAR

8. Við útreikning á eiginfjárkröfu vegna markaðsáhættu aðilans sem tekur á sig útlánaáhættuna („seljandi varnarinnar“), verður að nota hugsaða fjárhæð lánaafleiðunnar, nema annað sé tiltekið. Við útreikning á álagi vegna sérstakrar áhættu, annarri en vegna heildarskiptasamninga (e. total return swaps), gildir binditími lánaafleiðunnar í stað binditíma skuldbindingarinnar. Stöður eru ákvarðaðar sem hér segir:

i. Heildarskiptasamningur myndar gnóttstöðu í almennri markaðsáhættu tilgreindu skuldbindingarinnar og skortstöðu í almennri markaðsáhættu ríkisskuldabréfs með binditíma sem er jafn langur og tímabilið þar til nýir vextir verða ákveðnir og sem fá 0% áhættuvægi samkvæmt VI. viðauka við tilskipun 2006/48/EB. Hann myndar einnig gnóttstöðu í sérstakri áhættu tilgreindu skuldbindingarinnar.

ii. Skuldatrygging (e. credit default swap) myndar ekki stöðu fyrir almenna markaðsáhættu. Að þ ví er varðar sérstaka áhættu verður stofnunin að skrá tilbúna gnóttstöðu í skuldbindingu tilgreinda aðilans, nema afleiðan hafi verið metin af óháðum aðila og uppfylli skilyrði fullgilds skuldaliðar, en í því tilviki skal skrá gnóttstöðu í afleiðunni. Ef greiða þarf iðgjöld eða vexti af afurðinni verður sjóðstreymið að vera sett fram sem hugsaðar stöður í ríkisskuldabréfum.

iii. Lánshæfistengt skuldabréf gagnvart einum aðila (e. single name) myndar gnóttstöðu í almennri markaðsáhættu skuldabréfsins sjálfs, sem vaxtaberandi afurð. Að því er varðar sérstaka áhættu myndast tilbúin gnóttstaða í skuldbindingu tilgreinda aðilans. Frekari gnóttstaða myndast í útgefanda skuldabréfsins. Ef lánshæfistengda skuldabréfið hefur fengið ytra mat og uppfyllir skilyrði fullgilds skuldaliðar þarf aðeins að skrá eina gnóttstöðu með sérstakri áhættu skuldabréfsins.

iv. Auk gnóttstöðu í sérstakri áhættu útgefanda skuldabréfsins myndar lánshæfistengt skuldabréf gagnvart mörgum aðilum (e. multiple name), sem veitir hlutfallslega vörn, stöðu í hverjum tilgreindum aðila og er samanlagðri hugsaðri fjárhæð samningsins úthlutað á mismunandi stöður eftir því hve stór hluti af samanlögðu hugsuðu fjárhæðinni hver áhættukrafa á tilgreindan aðila er. Ef unnt er að velja fleiri en eina skuldbindingu tilgreinds aðila er það skuldbindingin með mesta áhættuvægið sem ákvarðar sérstöku áhættuna.

Ef lánhæfistengt skuldabréf með mörgum nöfnum hefur fengið ytra mat og uppfyllir skilyrði fullgilds skuldaliðar þarf aðeins að skrá eina gnóttstöðu með sérstakri áhættu skuldabréfsins.

v. Lánaafleiða sem byggist á fyrsta vanskilaaðila (e. first-asset-to-default credit derivative) myndar stöðu fyrir hugsuðu fjárhæðina í skuldbindingu hvers tilgreinds aðila. Ef hámarksgreiðsla vegna skuldaviðburðar (e. credit event) er lægri en eiginfjárkrafan samkvæmt aðferðinni í fyrsta málslið þessa liðar má líta á hámarksfjárhæð greiðslunnar sem eiginfjárkröfu vegna sérstakrar áhættu.

Lánaafleiða sem byggist á öðrum vanskilaaðila (e. second-asset-to-default credit derivative) myndar stöðu fyrir hugsuðu fjárhæðina í skuldbindingu hvers tilgreinds aðila, að einum frátöldum (þeim sem er með lægstu eiginfjárkröfuna vegna sérstakrar áhættu). Ef hámarksgreiðsla vegna skuldaviðburðar er lægri en eiginfjárkrafan samkvæmt aðferðinni í fyrsta málslið þessa liðar má líta á þá fjárhæð sem eiginfjárkröfu vegna sérstakrar áhættu.

Ef lánaafleiða sem byggist á fyrsta eða öðrum vanskilaaðila hefur verið metin af óháðum aðila og uppfyllir skilyrði fullgilds skuldaliðar þarf seljandi varnarinnar aðeins að reikna út eitt álag vegna sérstakrar áhættu sem endurspeglar mat á afleiðunni.

B. MEÐHÖNDLUN Á KAUPANDA VARNARINNAR

Að því er varðar aðilann sem yfirfærir útlánaáhættuna („kaupandi varnarinnar“) eru stöðurnar ákvarðaðar sem spegilmynd af seljanda varnarinnar, að undanskildu lánhæfistengdu skuldabréfi (sem leiðir ekki af sér skortstöðu í útgefandanum). Ef um er að ræða kauprétt ásamt verðaukningu (e. step-up) á tilteknum tíma skal sá tímapunktur teljast gjalddagi varnarinnar. Þegar um er að ræða lánaafleiður sem byggjast á n-ta vanskilaaðila er kaupendum varna heimilt að jafna saman sérstakri áhættu gagnvart n-1 undirliggjandi gerninga (þ.e. n-1 eigninni með lægsta álag vegna sérstakrar áhættu).

9. Stofnunum, sem færa gerninga til markaðsvirðis og stýra vaxtaáhættu af afleiðugerningum, sem 4.–7. liður tekur til, á grundvelli afvaxtaðs greiðsluflæðis, er heimilt að nota næmilíkön til að reikna út stöðurnar sem um getur í þeim liðum og er þeim heimilt að nota þau fyrir skuldabréf sem eru greidd upp á því sem eftir er af lánstímanum en ekki í einni lokagreiðslu höfuðstóls. Lögbær yfirvöld verða að viðurkenna bæði líkanið og notkun stofnunar á því. Þessi líkön ættu að mynda stöður sem hafa sama næmi gagnvart vaxtabreytingum og undirliggjandi greiðsluflæði. Þetta næmi verður að meta með hliðsjón af óháðum hreyfingum á völdum punktum á ávöxtunarferlinum með að minnsta kosti einn næmipunkt í hverjum flokki binditíma sem sýndur er í töflu 2 í 20. lið. Stöðurnar skulu taldar með við útreikning á eiginfjárkröfum í samræmi við ákvæðin í 17.–32. lið.

10. Stofnanir sem nota ekki líkönin í 9. lið geta, með leyfi lögbærra yfirvalda, jafnað stöður í afleiðugerningum, sem um getur í 4.–7. lið, að fullu ef þær uppfylla að minnsta kosti eftirfarandi skilyrði:

a) stöðurnar hafa sama verðgildi og eru tilgreindar í sama gjaldmiðli,

b) viðmiðunarvextir (fyrir stöður með breytilega vexti) eða vaxtamiðar (fyrir stöður með fasta vexti) eru jafnaðir að fullu og

c) næsta dagsetning fyrir ákvörðun vaxta, eða vaxtatíminn sem eftir er þegar um er að ræða stöður með fasta vaxtamiða, samsvara eftirfarandi takmörkum:

i. minna en einn mánuður: sama dag,

ii. frá einum mánuði til eins árs: innan sjö daga,

iii. meira en eitt ár: innan 30 daga.

11. Sá sem framselur verðbréf, eða tryggð réttindi sem tengjast eignarhaldi á verðbréfum, í endurhverfum verðbréfakaupum og sá sem lánar verðbréf í verðbréfalánveitingu skal telja þessi verðbréf með við útreikning á eiginfjárkröfu sinni samkvæmt þessum viðauka, að því tilskildu að slík verðbréf uppfylli skilyrðin sem mælt er fyrir um í 11. gr.

Sérstök og almenn áhætta

12. Stöðuáhættu í tengslum við skuldagerning eða hlutabréf (eða skuldagernings- eða hlutabréfaafleiðu), í veltuviðskiptum, skal skipt í tvo hluta til að reikna út það eigið fé sem krafist er til að verjast henni. Annar hlutinn er sérstakur áhættuþáttur, þ.e.a.s. hættan á verðbreytingu á viðkomandi gerningi vegna þátta sem tengjast útgefanda hans eða, þegar um er að ræða afleiðu, útgefanda undirliggjandi gerningsins. Hinn hlutinn skal verja almenna áhættu, þ.e.a.s. hættunni á verðbreytingu á gerningnum sem verður (þegar um er að ræða skuldagerning eða skuldagerningsafleiðu í veltuviðskiptum) vegna breytinga á vaxtastigi eða (þegar um er að ræða hlutabréf eða hlutabréfaafleiðu) vegna umtalsverðrar hreyfingar á hlutabréfamarkaði sem er óháð séreinkennum einstakra verðbréfa.

SKULDAGERNINGAR Í VELTUVIÐSKIPTUM

13. Hreinar stöður skulu flokkaðar í samræmi við gjaldmiðilinn sem þær eru tilgreindar í og eiginfjárkröfur vegna almennrar sérstakrar áhættu eru reiknaðar í hverjum gjaldmiðli fyrir sig.

Sérstök áhætta

14. Stofnunin skal setja hreinar stöður sínar í veltubókina, eins og þær eru reiknaðar í samræmi við 1. lið, í viðeigandi flokka í töflu 1 á grundvelli útgefanda/loforðsgjafa, ytra eða innra lánshæfismats og þess sem eftir lifir af binditíma og síðan margfalda þær með væginu sem gefið er í þeirri töflu. Hún skal leggja saman vegnar stöður sínar (óháð því hvort þær eru gnótt- eða skortstöður) til þess að reikna eiginfjárkröfu sína vegna sérstakrar áhættu.

Tafla 1

Flokkar	Eiginfjárkröfur vegna sérstakrar áhættu
Skuldabréf sem ríkisstjórnir gefa út eða ábyrgjast, sem seðlabankar, alþjóðastofnanir, fjölþjóðlegir þróunarbankar eða héraðsstjórnir eða staðaryfirvöld aðildarríkja gefa út og uppfylla skilyrði lánshæfisgæða í 1. þrepi eða sem myndu fá 0 % áhættuvægi samkvæmt reglunum um áhættuvægi áhættuskuldbindinga skv. 78.–83. gr. tilskipunar 2006/48/EB.	0 %
Skuldabréf sem ríkisstjórnir gefa út eða ábyrgjast, sem seðlabankar, alþjóðastofnanir, fjölþjóðlegir þróunarbankar eða héraðsstjórnir eða staðaryfirvöld aðildarríkja gefa út og uppfylla skilyrði lánshæfisgæða í 2. eða 3. þrepi samkvæmt reglunum um áhættuvægi áhættuskuldbindinga skv. 78.–83. gr. tilskipunar 2006/48/EB, og skuldabréf sem stofnanir gefa út eða ábyrgjast og uppfylla skilyrði lánshæfisgæða í 1. eða 2. þrepi samkvæmt reglunum um áhættuvægi áhættuskuldbindinga skv. 78.–83. gr. tilskipunar 2006/48/EB og skuldabréf sem stofnanir gefa út eða ábyrgjast og uppfylla skilyrði lánshæfisgæða í 3. þ repi samkvæmt reglunum um áhættuvægi áhættuskuldbindinga skv. 28. lið í 1. hluta VI. viðauka við reglugerð 2006/48/EB og skuldabréf sem fyrirtæki gefa út eða ábyrgjast og uppfylla skilyrði lánshæfisgæða í 1. eða 2. þrepi samkvæmt reglunum um áhættuvægi áhættuskuldbindinga skv. 78.–83. gr. tilskipunar 2006/48/EB.	
Aðrir fullgildir liðir eins og þeir eru skilgreindir í 15. lið.	0,25 % (eftirstöðvar binditíma 6 mánuðir eða minna)
1,00 % (eftirstöðvar binditíma meiri en 6 mánuðir og 24 mánuðir eða minna)	
1,60 % (eftirstöðvar binditíma meiri en 24 mánuðir)	
Skuldabréf sem ríkisstjórnir gefa út eða ábyrgjast, sem seðlabankar, alþjóðastofnanir, fjölþjóðlegir þróunarbankar eða héraðsstjórnir eða staðaryfirvöld í aðildarríkjum eða stofnanir gefa út og uppfylla skilyrði lánshæfisgæða í 4. eða 5. þ repi samkvæmt reglunum um áhættuvægi áhættuskuldbindinga skv. 78.–83. gr. tilskipunar 2006/48/EB og skuldabréf sem stofnanir gefa út eða ábyrgjast og uppfylla skilyrði lánshæfisgæða í 3. þrepi samkvæmt reglunum um áhættuvægi áhættuskuldbindinga skv. 26. lið í 1. hluta VI. viðauka við tilskipun 2006/48/EB og skuldabréf sem fyrirtæki gefa út eða ábyrgjast og uppfylla skilyrði lánshæfisgæða í 3. eða 4. þrepi samkvæmt reglunum um áhættuvægi áhættuskuldbindinga skv. 78.–83. gr. tilskipunar 2006/48/EB.	
Áhættuskuldbindingar sem ekki liggur fyrir lánshæfismat á frá tilnefndri utanaðkomandi lánshæfismatsstofnun.	8,00 %
Skuldabréf sem ríkisstjórnir gefa út eða ábyrgjast, sem seðlabankar, alþjóðastofnanir, fjölþjóðlegir þróunarbankar eða héraðsstjórnir eða staðaryfirvöld í aðildarríkjum eða stofnanir gefa út og uppfylla skilyrði lánshæfisgæða í 6. þrepi samkvæmt reglunum um áhættuvægi áhættuskuldbindinga skv. 78.–83. gr. tilskipunar 2006/48/EB og skuldabréf sem fyrirtæki gefa út eða ábyrgjast og uppfylla skilyrði lánshæfisgæða í 5. eða 6. þrepi samkvæmt reglunum um áhættuvægi áhættuskuldbindinga skv. 78.–83. gr. tilskipunar 2006/48/EB.	12,00 %

Að því er varðar stofnanir sem beita reglunum um áhættuvægi áhættuskuldbindinga skv. 84.–89. gr. tilskipunar 2006/48/EB skal loforðsgjafi áhættuskuldbindingarinnar hafa innra mat þar sem PD-gildi (líkur á vanefndum) er jafnt eða lægra en það sem tengist viðeigandi lánshæfisgæðaþrepi samkvæmt reglunum um áhættuvægi áhættukrafna á fyrirtæki skv. 78.–83. gr. þ eirrar tilskipunar, til að uppfylla skilyrði fyrir lánshæfisgæðaþrepi. Gerningar útgefanda, sem ekki er fullgildur, skulu háðir 8% eða 12% eiginfjárkröfu vegna sérstakrar áhættu samkvæmt töflu 1.

Lögbær yfirvöld geta krafist þess að stofnanir beiti hærri kröfu vegna sérstakrar áhættu á slíka gerninga og/eða að þær hafni jöfnun slíkra gerninga á móti öðrum skuldagerningum í þ eim tilgangi að skilgreina umfang almennrar markaðsáhættu. Verðbréfaðar áhættuskuldbindingar sem væru bundnar frádráttarmeðhöndlun, sbr. 2. mgr. 66. gr. tilskipunar 2006/48/EB, eða 1,250% áhættuvægi, eins og fram kemur í 4. hluta IX. viðauka við þá tilskipun, skulu vera bundnar eiginfjárkröfu sem er ekki lægri en sú sem er sett fram samkvæmt þ eirri meðhöndlun. Lausafjárfyrirgreiðsla án lánshæfismats, skal háð eiginfjárkröfu sem er ekki lægri en sú sem er sett fram í 4. hluta IX. viðauka við tilskipun 2006/48/EB.

15. Að því er varðar ákvæði 14. liðar skulu fullgildir liðir taka til:

a) gnótt- og skortstaðna í eignum sem uppfylla skilyrði fyrir lánshæfisgæðaþrepi sem samsvarar að minnsta kosti fjárfestingarflokki í vörpunarferlinu sem er lýst í 1. undirþætti 3. þáttar 2. kafla V. bálks í tilskipun 2006/48/EB,

b) gnótt- og skortstaðna í eignum sem, vegna gjaldþols útgefandans, hafa PD-gildi sem er ekki hærra en PD-gildi eignanna sem um getur í a-lið, samkvæmt aðferðinni sem er lýst í 2. undirþætti 3. þáttar 2. kafla V. bálks í tilskipun 2006/48/EB,

c) gnótt- og skortstaðna í eignum sem ekki hafa hlotið lánshæfismat frá tilnefndri utanaðkomandi lánshæfismatsstofnun og sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:

i. viðkomandi stofnanir telja þær vera auðseljanlegar,

ii. fjárfestingargæði þeirra eru, samkvæmt mati stofnunarinnar, að minnsta kosti jöfn fjárfestingargæðum eignanna sem um getur í a-lið og

iii. þær eru skráðar á að minnsta kosti einum skipulegum markaði í aðildarríki eða á verðbréfamarkaði í þriðja landi, að því tilskildu að verðbréfamarkaðurinn sé viðurkenndur af lögbærum yfirvöldum í hlutaðeigandi aðildarríki,

d) gnótt- og skortstaðna í eignum sem stofnanir, sem lúta eiginfjárkröfunum, sem eru settar fram í tilskipun 2006/48/EB, gefa út og sem hlutaðeigandi stofnanir telja vera auðseljanlegar og af fjárfestingargæðum sem eru, samkvæmt mati stofnunarinnar, að minnsta kosti jöfn fjárfestingargæðum eignanna sem um getur í a-lið og

e) verðbréfa gefnum út af stofnunum sem taldar eru hafa jöfn lánshæfisgæði eða meiri en þ ær stofnanir sem tengjast 2. lánshæfisgæðaþrepi samkvæmt reglunum um áhættuvægi áhættuskuldbindinga í tengslum við stofnanir, sem um getur í 78.–83. gr. tilskipunar 2006/48/EB og heyra undir reglu- og eftirlitsfyrirkomulag sambærilegt því sem þessi tilskipun kveður á um.

Sá háttur, sem hafður er á við að meta skuldagerningana, skal heyra undir eftirlit lögbærra yfirvalda og er mat þeirra veigameira en mat stofnunarinnar telji þ au að hlutaðeigandi gerningum fylgi of mikil sérstök áhætta til að teljast fullgildir liðir.

16. Lögbær yfirvöld skulu krefjast þess að stofnunin beiti hámarksvæginu, sem sýnt er í 14. lið í töflu 1, þegar um er að ræða gerninga sem sérstök áhætta fylgir vegna ófullnægjandi gjaldhæfis útgefandans.

Almenn áhætta

a) Með hliðsjón af binditíma

17. Aðferðin við að reikna eiginfjárkröfur til að verjast almennri áhættu felur í sér tvö grundvallarþrep. Fyrst eru allar stöður vegnar miðað við binditíma (eins og lýst er í 18. lið) til að reikna út fjárhæð þess eigin fjár sem krafist er. Síðan er heimilt að lækka eiginfjárkröfuna þ egar um er að ræða stöðu samhliða gagnstæðri, veginni stöðu í sama flokki binditíma. Einnig er heimilt að lækka kröfuna þegar gagnstæðu, vegnu stöðurnar eru í mismunandi

binditímaflokkum og fer lækkunin bæði eftir því hvort báðar stöðurnar eru á sama svæði eða ekki og hvaða svæði þær heyra undir. Alls eru þrjú svæði (hópar binditímaflokka).

18. Stofnunin skal setja hreinar stöður sínar í viðeigandi flokka binditíma í 2. eða 3. dálki, eftir því sem við á, í 20. lið í töflu 2. Hún skal gera það á grundvelli þess sem eftir lifir af binditíma þegar um er að ræða gerninga með föstum vöxtum og á grundvelli þess tíma þar til vextirnir eru ákveðnir á ný þegar um er að ræða gerninga með vöxtum sem breytast fyrir lokagjalddaga. Hún skal einnig greina á milli skuldagerninga með 3% vaxtamiða eða meira og þeirra sem eru með vaxtamiðum undir 3% og setja þá í 2. eða 3. dálk í töflu 2. Hún skal síðan margfalda hvern þeirra með væginu fyrir umræddan binditímaflokk í 4. dálki í töflu 2.

19. Síðan skal stofnunin reikna samtölu veginna gnóttstaðna og samtölu veginna skortstaðna í hverjum binditímaflokki. Fjárhæð hinna fyrri, sem eru jafnaðar gagnvart hinum síðari í tilteknum binditímaflokki, skal vera jöfnuð, vegin staða í þeim flokki, en það sem eftir verður af gnótt- eða skortstöðu skal vera ójöfnuð, vegin staða í sama flokki. Síðan er samtala jafnaðra, veginna staðna í öllum flokkum reiknuð.

20. Stofnunin skal reikna samtölur ójafnaðra, veginna gnóttstaðna fyrir flokka á hverju svæði í töflu 2 til að finna ójafnaða, vegna gnóttstöðu fyrir hvert svæði. Á sama hátt skal reikna samtölu ójafnaðra, veginna skortstaðna fyrir hvern flokk á sérstöku svæði til að finna út ójafnaða, vegna skortstöðu fyrir það svæði. Sá hluti ójafnaðrar, veginnar gnóttstöðu á tilteknu svæði sem er jafnaður með ójafnaðri veginni skortstöðu fyrir sama svæði er jafnaða, vegna staðan fyrir það svæði. Sá hluti ójafnaðrar, veginnar gnóttstöðu eða ójafnaðrar, veginnar skortstöðu fyrir svæði sem ekki er hægt að jafna á þennan hátt er ójafnaða, vegna staðan fyrir það svæði.

Tafla 2

Svæði	Binditímaflokkur		Vog (í %)	Vaxtabreytingar sem gengið er út frá (í %)
	3 % vaxtamiði eða meira	Vaxtamiði undir 3 %		
Eitt	0 ≤ 1 mánuður	0 ≤ 1 mánuður	0,00	—
	> 1 ≤ 3 mánuðir	> 1 ≤ 3 mánuðir	0,20	1,00
	> 3 ≤ 6 mánuðir	> 3 ≤ 6 mánuðir	0,40	1,00
	> 6 ≤ 12 mánuðir	> 6 ≤ 12 mánuðir	0,70	1,00
Tvö	> 1 ≤ 2 ár	> 1,0 ≤ 1,9 ár	1,25	0,90
	> 2 ≤ 3 ár	> 1,9 ≤ 2,8 ár	1,75	0,80
	> 3 ≤ 4 ár	> 2,8 ≤ 3,6 ár	2,25	0,75
Þrjú	> 4 ≤ 5 ár	> 3,6 ≤ 4,3 ár	2,75	0,75
	> 5 ≤ 7 ár	> 4,3 ≤ 5,7 ár	3,25	0,70
	> 7 ≤ 10 ár	> 5,7 ≤ 7,3 ár	3,75	0,65
	> 10 ≤ 15 ár	> 7,3 ≤ 9,3 ár	4,50	0,60
	> 15 ≤ 20 ár	> 9,3 ≤ 10,6 ár	5,25	0,60
	> 20 ár	> 10,6 ≤ 12,0 ár	6,00	0,60
		> 12,0 ≤ 20,0 ár	8,00	0,60
		> 20 ár	12,50	0,60

21. Síðan skal reikna fjárhæð ójafnaðrar, veginnar gnóttstöðu (eða skortstöðu) á svæði eitt sem er jöfnuð með ójafnaðri, veginni skortstöðu (eða gnóttstöðu) á svæði tvö. Til þessa er vísað í 25. lið sem jafnaðrar, veginnar stöðu milli svæðis eitt og tvö. Á sama hátt skal reikna þann hluta ójafnaðrar, veginnar stöðu á svæði tvö sem eftir er og ójafnaðrar, veginnar stöðu á svæði þrjú til að reikna út jafnaða, vegna stöðu milli svæða tvö og þrjú.

22. Stofnuninni er heimilt, ef hún óskar þess, að snúa röðinni í 21. lið við þannig að reiknuð sé jöfnuð, vegin staða milli svæðis tvö og þrjú áður en staðan er reiknuð út milli svæðis eitt og tvö.

23. Afganginn af ójafnaðri, veginni stöðu á svæði eitt skal síðan jafna við afganginn á svæði þrjú eftir að það hefur verið jafnað við svæði tvö til þess að finna jafnaða, vegna stöðu milli svæða eitt og þrjú.

24. Eftir að reikningsaðferðunum þremur í 21., 22. og 23. lið. hefur verið beitt skal leggja saman afgangsstöður.

25. Eiginfjárkrafa stofnunarinnar skal reiknuð sem samtala eftirfarandi þátta:

a) 10% af samtölu jafnaðra, veginna staðna í öllum binditímaflokkum,

b) 40% af jafnaðri, veginni stöðu á svæði eitt,

c) 30% af jafnaðri, veginni stöðu á svæði tvö,

d) 30% af jafnaðri, veginni stöðu á svæði þrjú,

e) 40% af jafnaðri, veginni stöðu milli svæðis eitt og tvö og milli svæðis tvö og þrjú (sjá 21. lið),

f) 150% af jafnaðri, veginni stöðu milli svæðis eitt og þrjú og

g) 100% af ójöfnuðum, vegnum stöðum sem eftir eru.

b) Með hliðsjón af rauntíma

26. Við útreikning á eiginfjárkröfu vegna almennrar áhættu í tengslum við skuldagerninga í veltuviðskiptum er lögbærum yfirvöldum heimilt að leyfa stofnunum, almennt eða í einstökum tilvikum, að nota aðferð, sem endurspeglar rauntíma, í staðinn fyrir aðferðina í 17.–25. lið, að því tilskildu að þær geri það með samræmdum hætti.

27. Samkvæmt aðferð, sem um getur í 26. lið, skal stofnunin taka markaðsvirði hvers skuldagernings með föstum vöxtum og síðan reikna ávöxtun hans fram að gjalddaga, sem er afleiddir forvextir þess gernings. Þegar um er ræða gerninga með breytilegum vöxtum skal stofnunin taka markaðsverð hvers gernings og síðan reikna arð af honum og er þá gengið út frá því að höfuðstóllinn falli í gjalddaga þegar næst verður hægt að breyta vöxtunum.

28. Stofnunin skal síðan reikna breyttan rauntíma hvers skuldagernings á grundvelli eftirfarandi formúlu: breyttur rauntími = ((rauntími(D))/(1 + r)), þar sem:

$$D = \left(\left(\sum_{t=1}^{m}\left((t\ C_t)/((1+r)^t)\right)\right)/\left(\sum_{t=1}^{m}\left((C_t)/((1+r)^t)\right)\right)\right)$$

þar sem:

r = ávöxtun fram að gjalddaga (sjá 25. lið),

C_t = peningagreiðsla á tíma t,

m = heildarbinditími (sjá 25. lið).

29. Stofnunin skal síðan setja skuldagerningana á viðeigandi svæði í töflu 3. Hún skal gera það á grundvelli breytts rauntíma hvers gernings.

Tafla 3

Svæði	Breyttur rauntími (í árum)	Áætlaðir vextir (breytingar í %)
Eitt	$> 0 \leq 1{,}0$	1,0
Tvö	$> 1{,}0 \leq 3{,}6$	0,85
Þrjú	$> 3{,}6$	0,7

30. Stofnunin skal síðan reikna vegna stöðu hvers gernings á grundvelli rauntíma með því að margfalda markaðsvirði hans með breyttum rauntíma og áætlaðri vaxtabreytingu fyrir gerning með þessum sama breytta rauntíma (sjá 3. dálk í töflu 3).

31. Stofnunin skal reikna gnótt- og skortstöður sínar, sem vegnar eru á grundvelli rauntíma, á hverju svæði. Fjárhæð gnóttstaðna, sem er jöfnuð á móti skortstöðum innan hvers svæðis, er jöfnuð, vegin staða á grundvelli rauntíma fyrir það svæði.

Stofnunin skal síðan reikna ójafnaða stöðu, sem vegin er á grundvelli rauntíma, fyrir hvert svæði. Hún skal síðan beita aðferðunum sem mælt er fyrir um fyrir ójafnaðar, vegnar stöður í 21.–24. lið.

32. Eiginfjárkrafa stofnunarinnar skal reiknuð sem samtala eftirfarandi þátta:

a) 2% af jafnaðri stöðu, sem er vegin á grundvelli rauntíma, fyrir hvert svæði,

b) 40% af jafnaðri stöðu, sem er vegin á grundvelli rauntíma, milli svæðis eitt og tvö og milli svæðis tvö og þrjú,

c) 150% af jafnaðri stöðu, sem er vegin á grundvelli rauntíma, milli svæðis eitt og þrjú og

d) 100% af þeim sem eftir eru af ójöfnuðum stöðum, sem eru vegnar á grundvelli rauntíma.

HLUTABRÉF

33. Stofnunin skal leggja saman allar hreinar gnóttstöður sínar og allar hreinar skortstöður sínar í samræmi við 1. lið. Samtala þessara tveggja talna skal vera verg heildarstaða hennar. Mismunur þeirra er hrein heildarstaða hennar.

Sérstök áhætta

34. Stofnunin skal leggja saman allar hreinar gnóttstöður sínar og allar hreinar skortstöður sínar í samræmi við 1. lið. Hún skal margfalda verga heildarstöðu sína með 4% til að reikna eiginfjárkröfu sína vegna sérstakrar áhættu.

35. Þrátt fyrir 34. lið geta lögbær yfirvöld heimilað að eiginfjárkrafa vegna sérstakrar áhættu sé 2% í stað 4% fyrir þau hlutabréfasöfn stofnunar sem uppfylla eftirtalin skilyrði:

a) hlutabréfin mega ekki vera frá útgefendum sem hafa aðeins gefið út skuldabréf í veltuviðskiptum og 8% eða 12% krafan í töflu 1 í 14. lið gildir um eða sem lægri krafa gildir um aðeins af því að á þeim er ábyrgð eða þau tryggð,

b) hlutabréfin skulu talin auðseljanleg af lögbærum yfirvöldum samkvæmt hlutlausum mælikvarða og

c) engin ein staða má nema meira en 5% af verðgildi alls hlutabréfasafns stofnunarinnar.

Að því er varðar c-lið geta lögbær yfirvöld heimilað að einstakar stöður nemi allt að 10%, að því tilskildu að heildarfjárhæð slíkra staðna fari ekki yfir 50% af hlutabréfasafninu.

Almenn áhætta

36. Eiginfjárkrafa stofnunar vegna almennrar áhættu skal vera hrein heildarstaða hennar margfölduð með 8%.

Staðlaðir, framvirkir samningar tengdir hlutabréfavísitölu

37. Staðlaða, framvirka samninga, sem tengdir eru hlutabréfavísitölu, sambærileg, deltavegin skjöl, sem svara til valréttar byggðum á stöðluðum, framvirkum samningum, sem tengdir eru hlutabréfavísitölu, og hlutabréfavísitölur, sem hér á eftir er vísað til í heild sem „staðlaðra, framvirkra samninga sem eru tengdir hlutabréfavísitölu“, er heimilt að sundurliða í stöður í sérhverjum þeim hlutabréfum sem vísitalan samanstendur af. Fara má með þessar stöður sem undirliggjandi stöður í hlutabréfunum sem um ræðir og heimilt er, með samþykki lögbærra yfirvalda, að jafna þær á móti gagnstæðum stöðum í undirliggjandi hlutabréfunum sjálfum.

38. Lögbær yfirvöld skulu tryggja að stofnanir, sem hafa jafnað stöður sínar í einu eða fleiri hlutabréfum, sem mynda staðlaða, framvirka samninga tengda hlutabréfavísitölu, á móti einni eða fleiri stöðum í stöðluðum, framvirkum samningum tengdum sömu hlutabréfavísitölu, hafi fullnægjandi eigið fé til að mæta tapsáhættu vegna þess að verðgildi stöðluðu, framvirku samninganna fylgir ekki verðgildi hlutabréfanna sem mynda þá; það sama gildir þegar stofnanir eiga gagnstæðar stöður í stöðluðum, framvirkum samningum tengdum hlutabréfavísitölu sem eru ekki eins, hvorki að því er varðar binditíma, samsetningu eða hvort tveggja.

39. Þrátt fyrir 37. og 38. lið skulu staðlaðir, framvirkir samningar sem tengdir eru hlutabréfavísitölu og verslað er með á verðbréfamarkaði og, að mati lögbærra yfirvalda, byggjast á mjög fjölbreyttum vísitölum hafa nægilegt eigið fé til að mæta 8% almennri áhættu en ekki er gerð eiginfjárkrafa vegna sérstakrar áhættu. Slíka staðlaða, framvirka samninga, sem eru tengdir hlutabréfavísitölu, skal telja með í útreikningi á hreinu heildarstöðunni í 33. lið, en ekki skal telja þá með við útreikning á vergri heildarstöðu í sama lið.

40. Ef staðlaður, framvirkur samningur, sem er tengdur hlutabréfavísitölu, er ekki sundurliðaður í undirliggjandi stöður skal fara með hann eins og sérstakt hlutabréf. Þó er heimilt að líta fram hjá sérstakri áhættu vegna þessa einstaka hlutabréfs ef verslað er með umræddan, staðlaðan framvirkan samning, sem er tengdur hlutabréfavísitölu, á verðbréfamarkaði og miðast, að mati lögbærra yfirvalda, við mjög fjölþætta vísitölu.

SÖLUTRYGGING

41. Ef um er að ræða sölutryggingu skuldagerninga og hlutabréfa er lögbærum yfirvöldum heimilt að leyfa stofnun að nota eftirfarandi aðferð til að reikna eiginfjárkröfur sínar. Í fyrsta lagi skal hún reikna hreinar stöður sínar með því að draga frá sölutryggingarstöður sem þriðji aðili hefur skráð sig fyrir eða skuldbundið sig til að tryggja sölu á, á grundvelli formlegs samkomulags. Í öðru lagi skal hún lækka hreinar stöður sínar með niðurfærsluþáttum í töflu 4.

Tafla 4

0. virkur dagur:	100 %
1. virkur dagur:	90 %
2. til 3. virkur dagur:	75 %
4. virkur dagur:	50 %
5. virkur dagur:	25 %
eftir 5. virkan dag:	0 %

„0. virkur dagur“: sá virki dagur þegar stofnunin skuldbindur sig skilyrðislaust til að greiða ákveðið magn verðbréfa á umsömdu verði.

Í þriðja lagi skal hún reikna út eiginfjárkröfur sínar með því að nota niðurfærðar sölutryggingarstöður sínar.

Lögbær yfirvöld skulu ganga úr skugga um að stofnunin hafi yfir nægilegu eigin fé að ráða á móti þeirri tapsáhættu sem er milli tímapunkts upphaflegu skuldbindingarinnar og 1. virka dags.

EIGINFJÁRKRÖFUR VEGNA SÉRSTAKRAR ÁHÆTTU AÐ ÞVÍ ER VARÐAR VELTUBÓKARSTÖÐUR SEM ERU ÁHÆTTUVARÐAR MEÐ LÁNAAFLEIÐUM

42. Veita skal lækkun fyrir vörn með lánaafleiðum, í samræmi við meginreglurnar sem eru settar fram í 43. til 46. lið.

43. Full lækkun skal veitt þegar virði beggja hliða stöðu hreyfist ávallt hvort í sína áttina og nokkurn veginn í jafn miklum mæli. Þessu er háttað svo við eftirfarandi aðstæður:

a) báðar hliðar samanstanda af nákvæmlega eins gerningum eða

b) gnóttstaða í handbæru fé er áhættuvarin af heildarskiptasamningi (eða öfugt) og tilgreinda skuldbindingin og undirliggjandi áhættuskuldbindingin (þ.e. staðan í handbæru fé) eru nákvæmlega eins. Binditími skiptasamningsins sjálfs getur verið annar en binditími undirliggjandi áhættuskuldbindingar.

Við þessar aðstæður skal á hvoruga hlið stöðunnar gera eiginfjárkröfu vegna sérstakrar áhættu.

44. Samjöfnun upp á 80% skal beitt þegar virði beggja hliða hreyfist ávallt hvort í sína áttina og fullkomið samræmi er milli tilgreindrar skuldbindingar, binditíma bæði tilgreindrar skuldbindingar og lánaafleiðu og gjaldmiðils undirliggjandi áhættuskuldbindingar. Að auki skulu lykilþættir lánaafleiðusamningsins ekki verða til þess að verðbreytingar á lánaafleiðunni víki verulega frá verðbreytingum á stöðunni í handbæru fé. Að því marki sem færslan yfirfærir áhættu skal beita 80% samjöfnun vegna sérstakrar áhættu á þá hlið færslunnar sem hefur hærri eiginfjárkröfu en kröfur vegna sérstakrar áhættu á hinni hliðinni skulu vera núll.

45. Veita skal lækkun að hluta þegar virði beggja hliða hreyfist að jafnaði hvort í sína áttina. Því er háttað svo við eftirfarandi aðstæður:

a) staðan fellur undir b-lið 43. liðar en misræmi er milli tilgreindrar skuldbindingar og undirliggjandi áhættuskuldbindingar. Stöðurnar uppfylla þó eftirfarandi kröfur:

i. tilgreinda skuldbindingin er metin jafn rétthá eða réttlægri undirliggjandi skuldbindingu og

ii. undirliggjandi skuldbinding og tilgreind skuldbinding deila sama loforðsgjafa og í þeim eru ákvæði, sem unnt er að framfylgja samkvæmt lögum, um afleiddar vanefndir eða afleidda gjaldfellingu (e. cross-default or cross-acceleration),

b) staðan fellur undir a-lið 43. liðar eða 44. lið en það er gjaldmiðla- eða binditímamisræmi á milli útlánavarnarinnar og undirliggjandi eignar (gjaldmiðilsmisræmi ætti að vera hluti venjulegrar skýrslugjafar vegna gengisáhættu samkvæmt III. viðauka) eða

c) staðan fellur undir 44. lið en það er misræmi í eignum milli stöðunnar í handbæru fé og lánaafleiðunnar. Undirliggjandi eignin er þó talin með í (afhendingarbærum) skuldbindingum í gögnunum um lánaafleiðuna.

Við þessar aðstæður gildir einungis hærri eiginfjárkrafan, í stað þess að eiginfjárkröfur vegna sérstakrar áhættu fyrir hvora hlið færslunnar séu lagðar saman.

46. Í öllum tilvikum, sem falla ekki undir 43.–45. lið, er eiginfjárkrafa vegna sérstakrar áhættu metin fyrir báðar hliðar staðnanna.

Eiginfjárkröfur fyrir fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í veltubókinni

47. Eiginfjárkröfur fyrir stöður í fyrirtækjum um sameiginlega fjárfestingu, sem uppfylla skilyrðin sem tilgreind eru í 11. gr. að því er varðar meðferð eigin fjár í veltubók, skal reikna út í samræmi við aðferðirnar sem eru settar fram í 48.–56. lið.

48. Með fyrirvara um önnur ákvæði í þessum þætti skal 32% eiginfjárkrafa vegna stöðuáhættu (sérstakrar og almennrar) gilda um stöður í fyrirtækjum um sameiginlega fjárfestingu. Með fyrirvara um ákvæðin í 4. mgr. í lið 2.1 í III. viðauka eða sjöttu málsgrein 12. liðar V. viðauka (hrávöruáhætta), ásamt fjórðu málsgrein í lið 2.1 í III. viðauka þar sem breytt gullmeðferð, sem er sett fram í þessum liðum, er notuð, skal um stöður í fyrirtækjum um sameiginlega fjárfestingu gilda eiginfjárkrafa fyrir stöðuáhættu (sérstaka og almenna) og gengisáhættu sem er ekki hærri en 40%.

49. Stofnanir geta ákvarðað eiginfjárkröfu fyrir stöður í fyrirtækjum um sameiginlega fjárfestingu, sem uppfylla viðmiðanirnar sem eru settar fram í 51. lið með aðferðunum sem eru settar fram í 53.–56. lið.

50. Útreikningur á hreinni stöðu milli undirliggjandi fjárfestinga fyrirtækis um sameiginlega fjárfestingu og annarra staðna stofnunarinnar er ekki heimilaður nema annað sé tekið fram.

ALMENNAR VIÐMIÐANIR

51. Almennar viðmiðanir fyrir notkun aðferðanna í 53.–56. lið að því er varðar fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu sem gefnar eru út af fyrirtækjum sem eru undir eftirliti eða með réttarstöðu lögaðila innan Bandalagsins eru:

a) að í útboðslýsingu fyrirtækis um sameiginlega fjárfestingu eða sambærilegu skjali sé m.a. að finna:

i. flokka eigna sem fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu hefur leyfi til að fjárfesta í,

ii. hlutfallslegar takmarkanir og aðferðirnar við að reikna þær út, ef takmarkanir á fjárfestingum gilda,

iii. hámark skuldsetningar, ef skuldsetning er heimiluð, og

iv. stefnu um að takmarka gagnaðilaáhættu sem kemur upp vegna þessara viðskipta, ef fjárfestingar í fjármálaafleiðum utan verðbréfamarkaðar eða endurhverf viðskipti eru heimil,

b) að skýrt sé frá starfsemi fyrirtækis um sameiginlega fjárfestingu í hálfsárs- og ársskýrslum til að unnt sé að meta eignir og skuldir, tekjur og rekstur á reikningsskilatímabilinu,

c) að einingar/hlutabréf í fyrirtækinu um sameiginlega fjárfestingu séu daglega innleysanlegar í handbæru fé úr eignum fyrirtækisins, að beiðni handhafa einingarinnar,

d) að fjárfestingar í fyrirtækinu um sameiginlega fjárfestingu séu aðgreindar frá eignum stjórnanda fyrirtækisins um sameiginlega fjárfestingu og

e) að fyrir liggi fullnægjandi áhættumat á fyrirtækinu um sameiginlega fjárfestingu af hálfu stofnunarinnar sem fjárfestir.

52. Fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu frá þriðja landi geta komið til greina ef kröfurnar í a- til e-lið í 51. lið eru uppfylltar, með fyrirvara um samþykki lögbærs yfirvalds stofnunarinnar.

SÉRSTAKAR AÐFERÐIR

53. Ef stofnunin hefur vitneskju daglega um undirliggjandi fjárfestingar fyrirtækis um sameiginlega fjárfestingu getur stofnunin horft til þessara undirliggjandi fjárfestinga til að reikna út eiginfjárkröfur vegna stöðuáhættu (almennrar og sérstakrar) að því er varðar þær stöður, í samræmi við aðferðirnar sem eru settar fram í þessum viðauka, ef leyfi til þess hefur verið veitt, í samræmi við aðferðirnar sem eru settar fram í V. viðauka. Samkvæmt þessari aðferð skal fara með stöður í fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu sem stöður í undirliggjandi fjárfestingum fyrirtækisins um sameiginlega fjárfestingu. Heimilt er að skuldajafna milli staðna í undirliggjandi fjárfestingum fyrirtækis um sameiginlega fjárfestingu og annarra staðna stofnunarinnar, svo fremi sem stofnunin ráði yfir nægjanlegum fjölda eininga til að gera ráð fyrir innlausn/myndun í skiptum fyrir undirliggjandi fjárfestingar.

54. Stofnanir geta reiknað eiginfjárkröfur vegna stöðuáhættu (almennrar og sérstakrar) að þ ví er varðar stöður í fyrirtækjum um sameiginlega fjárfestingu í samræmi við aðferðirnar sem eru settar fram í þessum viðauka eða, ef leyfi til þess hefur verið veitt, í samræmi við aðferðirnar sem eru settar fram í V. viðauka, í tengslum við áætlaðar stöður sem svara til þeirra staðna sem eru nauðsynlegar til að líkja eftir samsetningu og þróun utanaðkomandi vísitölu eða fastrar hluta- eða skuldabréfakörfu, sem um getur í a-lið, með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði:

a) tilgangurinn með umboði fyrirtækisins um sameiginlega fjárfestingu er að líkja eftir samsetningu og þróun utanaðkomandi vísitölu eða fastrar hluta- eða skuldabréfakörfu og

b) á sex mánaða tímabili hið minnsta er unnt að fastsetja svo óyggjandi sé lágmarksfylgni upp á 0,9 milli daglegra verðbreytinga á fyrirtækinu um sameiginlega fjárfestingu og vísitölunnar eða körfu hlutabréfa eða skuldabréfa sem það fylgir. „Fylgni“ í þessu samhengi merkir: fylgnistuðull á milli daglegrar ávöxtunar af fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu og þeirrar vísitölu eða hluta- eða skuldabréfakörfu sem það miðar við.

55. Ef stofnun fær daglega upplýsingar um undirliggjandi fjárfestingar fyrirtækis um sameiginlega fjárfestingu getur stofnunin reiknað eiginfjárkröfur vegna stöðuáhættu (almennrar og sérstakrar), í samræmi við aðferðirnar sem eru settar fram í þessum viðauka, með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði:

a) ráð er fyrir því gert að fyrirtækið um sameiginlega fjárfestingu fjárfesti í fyrstu eins mikið og umboð þess leyfir í þeim eignaflokkum sem kalla á hæstu eiginfjárkröfuna vegna stöðuáhættu (almennrar og sérstakrar) og haldi síðan áfram að fjárfesta í lækkandi röð þar til hámarki heildarfjárfestinga hefur verið náð. Farið verður með stöðuna í fyrirtækinu um sameiginlega fjárfestingu sem beina eignarhlutdeild í hinni áætluðu stöðu,

b) þegar stofnanir reikna eiginfjárkröfu sína vegna stöðuáhættu skulu þær taka tillit til þess hámarks óbeinnar áhættu sem þær gætu hlotið með því að taka skuldsettar stöður í gegnum fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu, með því að auka hlutfallslega stöðuna í fyrirtækinu um sameiginlega fjárfestingu upp að hámarki áhættu gagnvart þeim undirliggjandi fjárfestingarliðum sem leiða af umboðinu og

c) fari svo að eiginfjárkrafa vegna stöðuáhættu (almennrar og sérstakrar) samkvæmt þessum lið fari yfir kröfuna, sem er sett fram í 48. lið, skal setja þak á eiginfjárkröfuna á því stigi.

56. Stofnanir geta falið þriðja aðila að reikna og tilkynna um eiginfjárkröfur vegna stöðuáhættu (almennrar og sérstakrar) að því er varðar stöður í fyrirtækjum um sameiginlega fjárfestingu sem falla undir 53. og 55. lið í samræmi við aðferðirnar sem eru settar fram í þessum viðauka, að því tilskildu að tryggt sé á fullnægjandi hátt að útreikningarnir og tilkynningarnar séu réttar.

II. VIÐAUKI

ÚTREIKNINGUR EIGINFJÁRKRAFNA VEGNA UPPGJÖRSÁHÆTTU OG MÓTAÐILA- OG ÚTLÁNAÁHÆTTU

UPPGJÖRS- OG AFHENDINGARÁHÆTTA

1. Þegar um er að ræða viðskipti þar sem skuldagerningar, hlutabréf, erlendir gjaldmiðlar og hrávörur (að undanskildum endurhverfum verðbréfakaupum og -sölu og verðbréfa- eða hrávörulánveitingum og verðbréfa- eða hrávörulántökum) eru óuppgerð eftir að afhendingarfrestur er runninn út verður stofnunin að reikna út verðmismuninn. Um er að ræða mismun á umsömdu uppgjörsverði fyrir viðkomandi skuldagerning, hlutabréf, erlendan gjaldmiðil eða hrávöru og gildandi markaðsvirði þar sem mismunurinn kann að hafa í för með sér tap fyrir stofnunina. Mismunurinn skal margfaldaður með viðeigandi þætti í A-dálki í töflu 1 til að reikna út eiginfjárkröfuna.

Tafla 1

Fjöldi virkra daga eftir tilskilinn uppgjörsdag	(%)
5 — 15	8
16 — 30	50
31 — 45	75
46 eða fleiri	100

ÓFRÁGENGIN VIÐSKIPTI

2. Eigið fé stofnunarinnar skal vera eins og fram kemur í töflu 2 ef:

a) hún hefur greitt fyrir verðbréfin, erlendu gjaldmiðlana eða hrávörurnar áður en hún tók við þeim eða hefur látið af hendi verðbréf, erlenda gjaldmiðla eða hrávörur áður en hún fékk greiðslu fyrir þau og

b) einn eða fleiri dagar hafa liðið síðan greiðsla eða afhending fór fram, þegar um er að ræða viðskipti yfir landamæri.

Tafla 2

Meðferð eigin fjár vegna ófrágenginna viðskipta

Tegund viðskipta	Að fyrstu samningsbundnu greiðslu eða afhendingu	Frá fyrstu samningsbundnu greiðslu eða afhendingu þar til fjórum dögum eftir aðra samningsbundnu greiðslu eða afhendingu	Frá 5 virkum dögum eftir aðra samningsbundnu greiðslu eða afhendingu þar til viðskiptunum lýkur
Ófrágengin viðskipti	Engin eiginfjárkrafa	Farið með sem áhættuskuldbindingu	Yfirfært virði auk fjárhæðar raunverulegrar jákvæðrar áhættuskuldbindingar dregið frá eigin fé

3. Stofnanir, sem nota aðferðina, sem er sett fram í 84.–89. gr. tilskipunar 2006/48/EB, geta, þegar þær beita áhættuvægi á áhættuskuldbindingar í ófrágengnum viðskiptum, sem farið er með skv. 3. dálki í töflu 2, veitt mótaðilum, sem ekki hafa aðra áhættuskuldbindingu utan veltubókar hjá þeim, PD-gildi á grundvelli ytra mats á mótaðila. Stofnanir, sem nota eigið mat á tapi að gefnum vanefndum (e. LGD), geta beitt því LGD-gildi, sem er sett fram í 8. lið í 2. hluta VII. viðauka við tilskipun 2006/48/EB, á áhættuskuldbindingar í ófrágengnum viðskiptum sem farið er með skv. 3. dálki í töflu 2, að því tilskildu að þær beiti því á allar slíkar áhættuskuldbindingar. Á hinn bóginn geta stofnanir, sem nota aðferðina, sem er

sett fram í 84.–89. gr. tilskipunar 2006/48/EB, veitt áhættuvægi, eins og sett er fram í 78.–83. gr. þeirrar tilskipunar, að því tilskildu að þær beiti þeim á allar slíkar áhættuskuldbindingar eða geti fengið öllum slíkum áhættuskuldbindingum 100% áhættuvægi.

Ef fjárhæð jákvæðrar áhættuskuldbindingar, sem stafar af færslu í ófrágengnum viðskiptum, er ekki veruleg geta stofnanir fengið þessum áhættuskuldbindingum 100% áhættuvægi.

4. Þegar um er að ræða allsherjarbilun í uppgjörs- eða greiðslujöfnunarkerfi geta lögbær yfirvöld fallið frá eiginfjárkröfunum, sem eru reiknaðar eins og segir í 1. og 2. lið, þar til bætt hefur verið úr ástandinu. Í því tilviki ber ekki að líta svo á að mótaðili, sem lætur hjá líða að gera upp viðskipti, hafi ekki staðið í skilum að því er varðar útlánaáhættu.

MÓTAÐILA- OG ÚTLÁNAÁHÆTTA (CCR)

5. Stofnun skal hafa eigið fé á móti mótaðila- og útlánaáhættu sem verður til vegna áhættuskuldbindingar af völdum eftirfarandi:

a) afleiðugerninga og lánsafleiða sem verslað er með utan verðbréfamarkaðar,

b) endurhverfra verðbréfakaupa, endurhverfrar verðbréfasölu, verðbréfa- eða hrávörulánveitinga eða verðbréfa- eða hrávörulántöku sem byggist á verðbréfum eða hrávörum sem eru í veltubókinni,

c) viðbótarlánveitinga vegna kaupa/sölu á verðbréfum eða hrávörum og

d) langra samninga með afhendingu.

6. Með fyrirvara um ákvæði 7.–10. liðar skal reikna virði áhættuskuldbindinga og fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga vegna þeirra í samræmi við ákvæðin í 3. þætti 2. kafla í V. bálki tilskipunar 2006/48/EB, en tilvísanir í „lánastofnanir“ í þeim þætti eru túlkaðar sem tilvísanir í „stofnanir“, tilvísanir í „móðurlánastofnanir“ eru túlkaðar sem tilvísanir í „móðurstofnanir“ og eru samhliða hugtök túlkuð í samræmi við það.

7. Að því er varðar 6.lið:

ber að líta svo á að IV. viðauka við tilskipun 2006/48/EB hafi verið breytt þannig að hann feli í sér 8. lið í C-þætti I. viðauka við tilskipun 2004/39/EB,

ber að líta svo á að III. viðauka við tilskipun 2006/48/EB hafi verið breytt þannig að hann feli í sér eftirfarandi texta á eftir neðanmálsgreinunum í töflu 1:

„Í því skyni að reikna hugsanlega framtíðarlánaáhættu, þegar um er að ræða lánaafleiður sem eru heildarskiptasamningar og lánaafleiður sem eru skuldatryggingar, skal margfalda nafnverð gerningsins með eftirfarandi hundraðshlutum:

— ef tilgreinda skuldbindingin er af þeirri gerð að hún teldist vera fullgildur liður í skilningi I. viðauka ef hún leiddi til beinnar áhættuskuldbindingar fyrir stofnunina: 5% og

— ef tilgreinda skuldbindingin er af þeirri gerð að hún teldist ekki vera fullgildur liður í skilningi I. viðauka ef hún leiddi til beinnar áhættuskuldbindingar fyrir stofnunina: 10%.

Þegar um er að ræða skuldatryggingu skal hins vegar stofnun sem ber áhættu sem stafar af skiptasamningnum og myndar gnóttstöðu í undirliggjandi gerningi vera heimilt að nota töluna 0% að því er varðar hugsanlega framtíðarlánaáhættu, nema skuldatryggingin sé með fyrirvara um uppgjör við ógjaldfærni þess aðila sem ber áhættu sem stafar af skiptasamningnum og myndar skortstöðu í undirliggjandi gerningi, jafnvel þótt undirliggjandi gerningur sé ekki í vanskilum.“

Ef lánsafleiðan veitir vörn í tengslum við „n-ta vanskilaaðila“ meðal nokkurra undirliggjandi skuldbindinga ákvarðast það hvaða hundraðshluta, sem mælt er fyrir um hér að framan, verður beitt, af skuldbindingunni með n-tu lægstu lánshæfisgæði, sem ákvarðast af því hvort hún teldist fullgildur liður, í skilningi I. viðauka, ef stofnunin myndi stofna til hennar.

8. Að því er varðar 6. lið skal stofnunum ekki heimilt, þegar þær reikna fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga, að nota einföldu aðferðina um fjárhagslegar tryggingar, sem er sett fram í 24.–29. lið í 3. hluta VIII. viðauka við tilskipun 2006/48/EB, fyrir viðurkenningar á áhrifum fjárhagslegrar tryggingar.

9. Að því er varðar 6. lið og þegar um er að ræða endurhverf viðskipti og verðbréfa- eða hrávörulántökur eða verðbréfa- eða hrávörulánveitingar sem eru bókaðar í veltubókina má skrá alla fjármálagerninga og hrávörur sem eru hæfar til að vera í veltubókinni sem gilda tryggingu. Að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna afleiðugerninga sem verslað er

með utan verðbréfamarkaðar og sem eru bókaðar í veltubókina má einnig færa hrávörur, sem eru hæfar til að vera í veltubókinni, sem gilda tryggingu. Við útreikninga til að jafna flökt með þeim hætti að slíkir fjármálagerningar eða hrávörur, sem eru ekki hæfar skv. VIII. viðauka við tilskipun 2006/48/EB, eru lánaðar, seldar eða veittar, eða teknar að láni, keyptar eða tekið er við þeim sem tryggingu eða á annan hátt í slíkum viðskiptum og ef stofnunin notar eftirlitsaðferðina til að jafna flökt skv. 3. hluta VIII. viðauka við þá tilskipun, skal fara með slíka gerninga og hrávörur á sama hátt og hlutabréf utan aðalvísitölu sem eru skráð á viðurkenndum verðbréfamarkaði.

Ef stofnanir nota aðferð til að jafna flökt sem byggist á eigin mati skv. 3. hluta VIII. viðauka við tilskipun 2006/48/EB að því er varðar fjármálagerninga eða hrávörur, sem eru ekki hæfar skv. VIII. viðauka við þá tilskipun, verður að reikna leiðréttingu á flökti fyrir hvern einstakan lið. Ef stofnanir nota aðferð innri líkana sem er skilgreind í 3. hluta VIII. viðauka við tilskipun 2006/48/EB geta þær einnig beitt þessari aðferð í veltubókinni.

10. Að því er varðar 6. lið og í tengslum við viðurkenningu á rammasamkomulagi um skuldajöfnun, sem tekur til endurhverfra viðskipta og/eða verðbréfa- eða hrávörulánveitinga eða verðbréfa- eða hrávörulántöku og/eða annarra viðskipta á fjármagnsmarkaði, er skuldajöfnun þvert á stöður í veltubókinni og utan veltubókar aðeins viðurkennd þegar skuldajöfnuðu viðskiptin uppfylla eftirfarandi skilyrði:

    a) öll viðskipti eru færð til markaðsvirðis daglega og

    b) alla liði, sem fengnir eru að láni, keyptir eða tekið er við í viðskiptunum, má færa sem gilda fjárhagslega tryggingu skv. 3. undirlið í 3. þætti í 2. kafla í V. bálki tilskipunar 2006/48/EB án þess að beita 9. lið þessa viðauka.

11. Ef lánaafleiða, sem er í veltubókinni, er hluti innri áhættuvarnar og útlánavörnin er færð samkvæmt tilskipun 2006/48/EB skal litið svo á að ekki sé um að ræða mótaðilaáhættu vegna stöðunnar í lánaafleiðunni.

12. Eiginfjárkrafan skal vera 8% af heildarfjárhæðum í áhættuvegnum áhættuskuldbindingum.

III. VIÐAUKI

ÚTREIKNINGUR EIGINFJÁRKRÖFU VEGNA GJALDEYRISÁHÆTTU

1) Ef samtala hreinnar heildargjaldeyrisstöðu stofnunar og hreinnar gullstöðu hennar, reiknuð í samræmi við aðferðina, sem er sett fram í 2. lið, fer yfir 2% af samanlögðu eigin fé, skal hún margfalda samtölu hreinnar gjaldeyrisstöðu og hreinnar gullstöðu sinnar með 8% til þess að reikna eiginfjárkröfu sína gagnvart gengisáhættu.

2. Beita skal tveggja þrepa útreikningi fyrir eiginfjárkröfur vegna gengisáhættu.

2.1. Í fyrsta lagi skal reikna hreina, opna stöðu stofnunarinnar í hverjum gjaldmiðli (þ.m.t. skýrslugjafargjaldmiðli) og í gulli. Þessi hreina, opna staða skal vera samtala eftirfarandi þátta (jákvæðra eða neikvæðra):

a) nettónústöðu (þ.e. allir eignaliðir að frádregnum skuldaliðum, þ .m.t. áfallnir vextir, í viðkomandi gjaldmiðli eða, vegna gulls, nettónústaða gulls),

b) hreinnar, framvirkrar stöðu (þ.e. allar fjárhæðir sem tekið verður við, að frádregnum öllum fjárhæðum sem greiddar verða samkvæmt framvirkum gjaldeyris- og gullviðskiptum, þ.m.t. staðlaðir, framvirkir gjaldeyris- og gullsamningar og höfuðstóll gjaldeyrisskiptasamninga sem ekki er talinn með í nústöðunni),

c) óafturkallanlegra ábyrgða (og svipaðra gerninga) sem víst er að verði innheimtar og líklegt er að endurheimtist ekki,

d) hreinna framtíðartekna/-gjalda sem enn eru ekki áfallin en eru þ egar að fullu áhættuvarin (eftir ákvörðun stofnunarinnar, sem reikningsskilin taka til, og að fengnu leyfi lögbærra yfirvalda, má telja með hreinar framtíðartekjur/-gjöld sem ekki hafa verið færð í bókhaldið en eru þegar að fullu áhættuvarin með framvirkum gjaldeyrisviðskiptum). Þessa heimild skal nýta á samræmdan hátt,

e) hreins delta- (eða delta grundvallaðs) jafngildis alls valréttar í erlendum gjaldmiðli og gulli og

f) markaðsvirðis annars valréttar (þ.e. sem er ekki í erlendum gjaldmiðli eða gulli).

Allar stöður, sem stofnun hefur tekið beinlínis til að áhættuverja sig fyrir áhrifum óhagstæðs gengis á eiginfjárhlutfall, má undanskilja við útreikning á hreinum, opnum gjaldeyrisstöðum. Slíkar stöður mega ekki vera tengdar veltubókarviðskiptum eða kerfisbundnar í eðli sínu og skal fá samþykki lögbærra yfirvalda fyrir því að undanskilja þ ær og fyrir öllum breytingum á skilmálum fyrir þ ví. Heimilt er að fara á sama hátt með stöður stofnunar, sem tengjast liðum, sem þegar hafa verið dregnir frá við útreikning á eigin fé, með fyrirvara um sömu skilyrði.

Við útreikninginn, sem um getur í fyrstu málsgrein, að þ ví er varðar fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu, skal taka tillit til raunverulegrar gjaldeyrisstöðu fyrirtækisins um sameiginlega fjárfestingu. Stofnunum er heimilt að nota skýrslugjöf þriðja aðila um gjaldeyrisstöðu fyrirtækis um sameiginlega fjárfestingu ef tryggt er á fullnægjandi hátt að sú skýrslugjöf sé rétt. Ef stofnun hefur ekki vitneskju um gjaldeyrisstöðu fyrirtækis um sameiginlega fjárfestingu skal gengið út frá því að fyrirtækið um sameiginlega fjárfestingu hafi fjárfest eins mikið í erlendum gjaldeyri og umboð þess leyfir og skulu stofnanir, að þ ví er varðar veltubókarstöður, taka tillit til hámarks óbeinnar áhættu sem það hefði í för með sér ef þær tækju skuldsettar stöður í gegnum fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu, þegar þær reikna eiginfjárkröfu sína vegna gengisáhættu. Þetta skal gert með því að auka hlutfallslega stöðuna í fyrirtækinu um sameiginlega fjárfestingu upp að hámarksáhættu gagnvart undirliggjandi fjárfestingarliðum sem stafa af umboði til fjárfestinga. Fara skal með áætlaða gjaldeyrisstöðu fyrirtækisins um sameiginlega fjárfestingu sem sérstakan gjaldmiðil samkvæmt meðferð fjárfestinga í gulli, með fyrirvara um þ á breytingu, ef stefna fjárfestingar fyrirtækisins um sameiginlega fjárfestingu liggur fyrir, að leggja megi heildargnóttstöðuna við opnu heildargnóttstöðuna í erlendum gjaldeyri og heildarskortstöðuna megi leggja við opnu heildarskortstöðuna í erlendum gjaldeyri. Engin skuldajöfnun er heimil milli slíkra staðna áður en útreikningurinn fer fram.

Lögbærum yfirvöldum er frjálst að leyfa stofnunum að nota hreint núvirði við útreikning á hreinum, opnum stöðum í hverjum gjaldmiðli og í gulli.

2.2. Í öðru lagi skulu hreinar skort- og gnóttstöður í hverjum gjaldmiðli, öðrum en skýrslugjafargjaldmiðlinum, og hreinar gnótt- eða skortstöður í gulli umreiknaðar á dagsgengi yfir í skýrslugjafargjaldmiðilinn. Þær skulu síðan lagðar saman hvor í sínu lagi þannig að þær myndi samtölu hreinna skortstaðna og samtölu hreinna gnóttstaðna. Sú þessara tveggja samtalna sem hærri reynist skal vera samtala hreinnar gjaldeyrisstöðu stofnunarinnar.

3. Þrátt fyrir 1. og 2. lið og þar til frekari samræming fer fram er lögbærum yfirvöldum heimilt að mæla fyrir um eða leyfa stofnunum að nota eftirfarandi aðferðir að því er varðar þennan viðauka.

3.1. Lögbær yfirvöld geta heimilað lægri eiginfjárkröfur stofnana vegna staðna í nátengdum gjaldmiðlum en þeirra sem leiða af beitingu 1. og 2. liðar. Lögbærum yfirvöldum er aðeins heimilt að líta á tvo gjaldmiðla sem nátengda ef líkur á tapi, reiknaðar á grundvelli gagna um daglegt gengi næstliðinna þriggja eða fimm ára, á jafnháum stöðum með gagnstæðum formerkjum í slíkum gjaldmiðlum næstu 10 virka daga, sem er í hæsta lagi 4% af verðgildi viðkomandi jafnaðrar stöðu (metið í skýrslugjafargjaldmiðlinum), eru a.m.k. 99%, ef miðað er við þriggja ára athugunartímabil, eða 95%, ef miðað er við fimm ára athugunartímabil. Eiginfjárkrafa í tengslum við jafnaða stöðu í tveimur nátengdum gjaldmiðlum skal vera 4% margfölduð með verðgildi jöfnuðu stöðunnar. Eiginfjárkrafa í tengslum við ójafnaðar stöður í nátengdum gjaldmiðlum og allar stöður í öðrum gjaldmiðlum skal vera 8% margfölduð með þeirri samtölu sem hærri er af hreinum skort- eða gnóttstöðum í þessum gjaldmiðlum, eftir að jafnaðar stöður í nátengdum gjaldmiðlum hafa verið dregnar frá.

3.2. Lögbærum yfirvöldum er heimilt að leyfa stofnunum að halda stöðum í gjaldmiðli, sem heyrir undir lagalega bindandi milliríkjasamning um að takmarka sveiflur í honum miðað við aðra gjaldmiðla sem falla undir sama samning, utan hverri þeirra aðferða í 1. og 2. lið og lið 3.1 sem þær beita. Stofnanir skulu reikna út jafnaðar stöður sínar í slíkum gjaldmiðlum og fella þær undir eiginfjárkröfu sem er ekki lægri en helmingurinn af leyfilegu hámarksfráviki sem kveðið er á um í milliríkjasamningnum, sem um ræðir, að því er viðkomandi gjaldmiðla varðar. Fara skal með ójafnaðar stöður í þessum gjaldmiðlum á sama hátt og aðra gjaldmiðla. Þrátt fyrir fyrstu undirgrein er lögbærum yfirvöldum heimilt að leyfa að eiginfjárkrafa vegna jafnaðra staðna í gjaldmiðlum aðildarríkja, sem taka þátt í öðru stigi efnahags- og myntbandalagsins, sé 1,6% margfölduð með virði slíkra jafnaðra staðna.

4. Heimilt er að sundurliða hreinar stöður í samsettum gjaldmiðlum í einstaka gjaldmiðla í samræmi við gildandi kvóta.

IV. VIÐAUKI

ÚTREIKNINGUR EIGINFJÁRKRÖFU VEGNA HRÁVÖRUÁHÆTTU

1. Allar stöður í hrávörum eða hrávöruafleiðum skulu tilgreindar í stöðluðum mælieiningum. Dagsverð hverrar hrávöru skal tilgreint í skýrslugjafargjaldmiðlinum.

2. Stöður í gulli eða gullafleiðum teljast háðar gengisáhættu og skal fara með þær í samræmi við III. viðauka eða V. viðauka, eftir því sem við á, við útreikning á markaðsáhættu.

3. Að því er þennan viðauka varðar má aðeins undanskilja stöður, sem eru hrein fjármögnun hlutabréfa, við útreikning á hrávöruáhættu.

4. Vaxtaprósentu- og gengisáhætta, sem önnur ákvæði þessa viðauka taka ekki til, skal höfð með við útreikning á almennri áhættu af skuldagerningum í veltuviðskiptum og við útreikning á gengisáhættu.

5. Þegar skortstaða gjaldfellur á undan gnóttstöðu skulu stofnanir einnig tryggja sig fyrir hættunni á því að skortur verði á lausafé sem kann að vera á sumum mörkuðum.

6. Að því er varðar 19. lið skal hrein staða stofnunar í hverri hrávöru vera sú upphæð sem gnóttstöður (skortstöður) hennar eru umfram skortstöður (gnóttstöður) hennar í sömu hrávöru og sams konar stöðluðum, framvirkum hrávörusamningum, valrétti og kauprétti.

   Lögbær yfirvöld skulu leyfa að farið sé með stöður í afleiðugerningum, sbr. 8., 9. og 10. lið, sem stöður í undirliggjandi hrávöru.

7. Lögbær yfirvöld geta litið á eftirtaldar stöður sem stöður í sömu hrávöru:

   a) stöður í mismunandi undirflokkum hrávöru, ef undirflokkarnir teljast innbyrðis skiptanlegir, og

   b) stöður í sambærilegum hrávörum ef um er að ræða vörur sem nálgast það að vera staðgönguvörur og ef hægt er að sýna fram á með góðu móti að fylgnin sé minnst 0,9 milli verðhreyfinga á tímabili sem nær yfir eitt ár hið minnsta.

Sérstakir gerningar

8. Fella skal framvirka hrávöruviðskiptasamninga og framvirkar skuldbindingar um kaup og sölu á einstökum hrávörum inn í matskerfið sem hugsaðar fjárhæðir í stöðluðum mælieiningum og setja þeim binditíma með vísan til lokadagsetningar.

   Lögbær yfirvöld geta leyft að eiginfjárkrafa vegna staðlaðra, framvirkra samninga, sem verslað er með á verðbréfamarkaði, sé jöfn tryggingunni sem verðbréfamarkaðurinn krefst ef þau eru þess fullviss að hún gefi rétt mat á áhættunni sem tengist staðlaða, framvirka samningnum og að hún sé að minnsta kosti jöfn þeirri eiginfjárkröfu vegna staðlaðs, framvirks samnings sem fengist með reikningsaðferðinni, sem er lýst síðar í þessum viðauka, eða með því að beita aðferð innri líkana sem lýst er í V. viðauka.

   Lögbær yfirvöld geta einnig heimilað að eiginfjárkrafa vegna samnings um viðskipti með hrávöruafleiður utan verðbréfamarkaða (e. OTC commodity derivatives contract), af þ ví tagi sem um getur í þ essum lið og sem greiðslujöfnunarstöð, sem þau viðurkenna, hefur afgreitt, sé jöfn tryggingunni, sem greiðslujöfnunarstöðin krefst, ef þau eru þess fullviss að hún gefi rétt mat á áhættunni, sem tengist viðkomandi afleiðusamningi, og að hún sé að minnsta kosti jöfn þeirri eiginfjárkröfu vegna umrædds samnings, sem fengist við útreikning með reikningsaðferðinni, sem er lýst síðar í þessum viðauka, eða með því að beita aðferð innri líkana sem er lýst í V. viðauka.

9. Hrávöruskiptasamninga, þar sem annars vegar er fast verð og hins vegar markaðsverð hverju sinni, ber að fella inn í binditímaaðferðina, eins og sett er fram í 13.–18. lið, sem röð staðna sem eru jafnar hugsaðri fjárhæð samningsins, þar sem ein staða samsvarar hverri greiðslu af skiptasamningnum og er felld inn í binditímaflokk í 13. lið í töflu 1. Stöðurnar teljast gnóttstöður ef stofnunin greiðir fast verð og fær breytilegt verð, en skortstöður ef stofnunin fær fast verð og greiðir breytilegt verð.

   Hrávöruviðskiptasamningar, þar sem skipst er á ólíkum hrávörum, skulu færðir í viðeigandi flokka vegna binditímaáætlunarinnar.

10. Að því er þennan viðauka varðar skal fara með valrétt í hrávöru eða hrávöruafleiðum eins og um væri að ræða stöður að sama verðgildi og fjárhæð undirliggjandi gernings sem valrétturinn vísar til, margfaldað með deltastuðlinum. Síðari stöðurnar má jafna á móti hvaða samsvarandi stöðu sem er í sams konar undirliggjandi hrávöru eða hrávöruafleiðu. Deltastuðullinn, sem er notaður, skal vera sá sami og á viðkomandi verðbréfamarkaði, sá sem lögbær yfirvöld reikna út eða, ef hann liggur ekki fyrir eða um er að ræða valrétt sem verslað er með utan verðbréfamarkaðar, deltastuðullinn sem stofnunin sjálf reiknar með fyrirvara um að lögbær yfirvöld séu þess fullviss að líkanið, sem stofnunin notaði, sé viðunandi.

Þó er lögbærum yfirvöldum einnig heimilt að mæla fyrir um að stofnanirnar reikni sjálfar deltastuðul sinn með því að nota aðferð sem lögbær yfirvöld tilgreina.

Trygging skal vera fyrir öðrum áhættum sem tengjast valrétti í hrávöru, að frátalinni deltastuðulsáhættunni.

Lögbær yfirvöld geta leyft að eiginfjárkrafa vegna útgefins valréttar í hrávöru, sem verslað er með á verðbréfamarkaði, sé jöfn tryggingunni sem verðbréfamarkaðurinn krefst ef þau eru þess fullviss að í henni felist rétt mat á áhættunni sem tengist valréttinum og að hún sé að minnsta kosti jöfn þeirri eiginfjárkröfu vegna valréttar sem fengist með reikningsaðferðinni, sem er lýst síðar í þessum viðauka, eða með því að beita aðferð innri líkana sem lýst er í V. viðauka.

Lögbær yfirvöld geta einnig heimilað að eiginfjárkrafa vegna valréttar í hrávöru, sem verslað er með utan verðbréfamarkaða og er afgreiddur hjá greiðslujöfnunarstöð sem þau viðurkenna, sé jöfn tryggingunni sem greiðslujöfnunarstöðin krefst, ef þau eru þess fullviss að í henni felist rétt mat á áhættunni sem tengist valréttinum og að hún sé að minnsta kosti jöfn þeirri eiginfjárkröfu vegna valréttar utan verðbréfamarkaða sem fengist með reikningsaðferðinni, sem er lýst síðar í þessum viðauka, eða með því að beita aðferð með innri líkönum sem lýst er í V. viðauka.

Að auki geta þau leyft að eiginfjárkrafan sem tengist keyptum valrétti í hrávöru, sem verslað er með á verðbréfamarkaði, eða sem verslað er með utan verðbréfamarkaða, sé sú sama og fyrir undirliggjandi hrávöru, að því tilskildu að krafan sem af því leiðir fari ekki yfir markaðsvirði valréttarins. Eiginfjárkrafan vegna útgefins valréttar í hrávöru, sem verslað er með utan verðbréfamarkaðar, skal ákveðin í hlutfalli við undirliggjandi hrávöru.

11. Fara skal með kauprétt tengdan hrávöru á sama hátt og valrétt í hrávöru sem um getur í 10. lið.

12. Framseljandi hrávöru eða ábyrgðarréttinda í tengslum við eignarhald hrávöru í endurhverfum verðbréfakaupum og hrávörulánveitandi í hrávörulánssamningi skal reikna slíkar hrávörur með í eiginfjárkröfum samkvæmt þessum viðauka.

a) *Binditímaaðferð*

13. Stofnanirnar skulu nota sérstaka binditímaaðferð í samræmi við töflu 1 fyrir hverja hrávöru. Allar stöður í þeirri hrávöru og allar stöður, sem teljast stöður í sömu hrávöru skv. 7. lið, skulu færðar í viðeigandi binditímaflokk. Áþreifanlegar birgðir skulu færðar í fyrsta binditímaflokk.

Tafla 1

Binditímaflokkur (1)	Vaxtaálag (í %) (2)
0 ≤1 mánuður	1,50
> 1 ≤ 3 mánuðir	1,50
> 3 ≤ 6 mánuðir	1,50
> 6 ≤ 12 mánuðir	1,50
> 1 ≤ 2 ár	1,50
> 2 ≤ 3 ár	1,50
> 3 ár	1,50

14. Lögbær yfirvöld geta heimilað að stöður í sömu hrávöru, eða sem litið er á sem slíkar skv. 7. lið, séu jafnaðar og flokkaðar í viðeigandi binditímaflokk á nettógrundvelli ef um er að ræða eftirfarandi:

a) stöður í samningum með sama binditíma og

b) stöður í samningum með binditíma sem lýkur með innan við tíu daga millibili ef verslað er með samningana á mörkuðum með daglega afhendingartíma.

15. Stofnunin skal því næst reikna samtölu gnóttstaðna og samtölu skortstaðna í hverjum binditímaflokki. Fjárhæðir þeirra fyrrnefndu (síðarnefndu), sem eru jafnaðar á móti þeim síðarnefndu (fyrrnefndu) í tilteknum binditímaflokki, skulu teljast jafnaðar stöður í þeim flokki, en eftirstöðvar gnótt- eða skortstöðu teljast ójöfnuð staða sama flokks.

16. Sá hluti ójafnaðrar gnóttstöðu (skortstöðu) í tilteknum binditímaflokki sem er jafnaður á móti ójafnaðri skortstöðu (gnóttstöðu) lengri binditímaflokks er jöfnuð staða þessara tveggja binditímaflokka. Sá hluti ójafnaðrar gnótt- eða skortstöðu, sem ekki er unnt að jafna með þessum hætti, telst ójafnaða staðan.

17. Eiginfjárkröfur stofnunarinnar vegna hverrar hrávöru skulu reiknaðar á grundvelli viðeigandi binditímaaðferðar sem samtala eftirtalinna þátta:

a) samtölu jafnaðra gnótt- og skortstaðna, margfölduð með viðeigandi vaxtaálagi, sem tilgreint er í öðrum dálki í töflu 1 í 13. lið fyrir hvern binditímaflokk, og með dagsverði hrávörunnar,

b) jafnaða stöðu milli tveggja binditímaflokka fyrir hvern binditímaflokk, sem ójöfnuð staða er flutt í, margfölduð með 0,6% (fjármögnunarvextir), og með dagsverði hrávörunnar og

c) eftirstöðvar ójafnaðra staðna, margfaldaðar með 15% (framvirkt álag) og með dagsverði hrávörunnar.

18. Heildareiginfjárkrafa stofnunarinnar vegna hrávöruáhættu skal reiknuð sem samtala eiginfjárkrafna sem eru reiknaðar út fyrir hverja hrávöru skv. 17. lið.

b) *Einfölduð aðferð*

19. Eiginfjárkrafa stofnunar fyrir hverja hrávöru skal reiknuð sem samtala:

a) 15% hreinu stöðunnar, gnóttstöðu eða skortstöðu, sem er margfölduð með dagsverði hrávörunnar og

b) 3% vergu stöðunnar, gnóttstöðu auk skortstöðu, sem er margfölduð með dagsverði hrávörunnar.

20. Heildareiginfjárkrafa stofnunarinnar vegna hrávöruáhættu skal reiknuð sem samtala eiginfjárkrafna sem eru reiknaðar út fyrir hverja hrávöru skv. 19. lið.

c) *Rýmkuð binditímaaðferð*

21. Lögbær yfirvöld geta heimilað stofnunum að nota þær lágmarksprósentur fyrir vaxtaálag, fjármögnunarálag og framvirkt álag sem fram koma í eftirfarandi töflu (töflu 2) í stað þeirra sem um getur í 13., 14, 17. og 18. lið, að því tilskildu að téðar stofnanir, að mati lögbærra yfirvalda:

a) stundi veruleg hrávöruviðskipti,

b) séu með fjölþætt hrávöruverðbréfasafn og

c) séu ekki enn komnar í aðstöðu til þess að beita innri líkönum við útreikning á eiginfjárkröfu vegna hrávöruáhættu í samræmi við V. viðauka.

Tafla 2

	Góðmálmar (nema gull)	Ódýrir málmar	Landbúnaðarafurðir („softs“)	Annað, þ.m.t. orkuafurðir
Vaxtaálag (%)	1,0	1,2	1,5	1,5
Fjármögnunarvextir (%)	0,3	0,5	0,6	0,6
Fjármögnunarálag (%)	8	10	12	15

V. VIÐAUKI

NOTKUN INNRI LÍKANA VIÐ ÚTREIKNING EIGINFJÁRKRÖFU

1. Lögbær yfirvöld geta, að uppfylltum skilyrðunum sem mælt er fyrir um í þessum viðauka, leyft stofnunum að reikna eiginfjárkröfur sínar vegna stöðuáhættu, gengisáhættu og/eða hrávöruáhættu samkvæmt eigin, innri áhættustýringarlíkönum í stað aðferðanna, sem lýst er í I., III. og IV. viðauka, eða ásamt þeim. Í hverju tilviki skal krafist ótvíræðrar viðurkenningar af hálfu lögbærra yfirvalda á notkun líkana til eftirlits með eiginfjárstöðu.

2. Viðurkenning skal því aðeins veitt að lögbær yfirvöld séu þess fullviss að áhættustýringarkerfi viðkomandi stofnunar sé skilvirkt og að því sé beitt af heilindum og enn fremur að eftirtaldar gæðakröfur séu uppfylltar:

   a) innra áhættumatslíkan sé kyrfilega samþætt daglegu áhættustýringarferli stofnunarinnar og nýtist sem grundvöllur skýrslugjafar um áhættugrunn til stjórnenda stofnunarinnar,

   b) stofnunin haldi úti áhættueftirlitsdeild sem sé óháð viðskiptadeildum og heyri beint undir stjórnendur stofnunarinnar. Deildin skal annast hönnun og notkun áhættustýringarkerfis stofnunarinnar. Hún skal leggja fram og greina daglegar skýrslur um niðurstöður samkvæmt áhættumatslíkaninu og um viðeigandi ráðstafanir varðandi viðskiptatakmarkanir. Deildin skal einnig annast upphaflega og áframhaldandi fullgildingu innra líkansins,

   c) stjórn stofnunarinnar og stjórnendur hennar taki virkan þátt í áhættueftirlitinu og daglegar skýrslur áhættueftirlitsdeildarinnar séu lagðar fyrir svo háttsetta stjórnendur að þeir hafi bæði umboð til þess að lækka bæði stöður, sem einstakir víxlarar (e. traders) hafa tekið fyrir, og áhættugrunn stofnunarinnar í heild,

   d) stofnunin hafi á að skipa nægu starfsfólki sem er faglært í meðferð flókinna líkana á sviði veltuviðskipta, áhættueftirlits, endurskoðunar og bakvinnslu,

   e) stofnunin hafi sett verklagsreglur um vöktun og að tryggt sé að skjalfestum, innri stefnumiðum og eftirlitsaðgerðum sé fylgt að því er varðar heildarrekstur áhættumatskerfisins,

   f) reynslan af líkani stofnunarinnar hafi sýnt að með því sé áhætta metin af viðunandi nákvæmni,

   g) stofnunin láti oft gera strangar álagsprófanir og niðurstöður slíkra prófana séu lagðar fyrir hátt setta stjórnendur og endurspeglist í stefnumiðum og takmörkunum sem þeir setja. Þessu ferli er einkum ætlað að taka á lausafjárskorti á mörkuðum við álagsaðstæður, samþjöppunaráhættu, einstefnumörkuðum, ófyrirsjáanlegri áhættu og skyndilegri vanskilaáhættu (e. jump-to-default), frávikum frá línuleika framleiðsluvara, stöðum í miklu tapi (e. deep out-of-the-money), stöðum sem eru háðar verðmun og annarri áhættu sem innri líkönin greina ekki á tilhlýðilegan hátt. Þau áföll sem notuð eru skulu endurspegla eðli verðbréfasafnanna og þann tíma sem það getur tekið að koma upp vörnum gegn áhættum eða stýra þeim við erfiðar markaðsaðstæður og

   h) stofnunin láti fara fram óháða endurskoðun á áhættumatskerfi sínu sem lið í reglulegri innri endurskoðun sinni.

   Endurskoðunin sem um getur í h-lið fyrstu málsgreinar skal bæði taka til starfsemi viðskiptadeilda og sjálfstæðrar áhættueftirlitsdeildar. Stofnunin skal að minnsta kosti árlega standa fyrir heildrænni endurskoðun á áhættustýringarferli sínu.

   Í slíkri endurskoðun skal athuga eftirfarandi:

   a) hvort skráning gagna um áhættustýringarkerfið og ferli þess og skipulag áhættueftirlitsdeildarinnar er fullnægjandi,

   b) samþættingu markaðsáhættuaðgerða við daglega áhættustýringu og það hve heildstætt upplýsingastjórnunarkerfið er,

   c) það ferli sem stofnunin fylgir við að samþykkja áhættuverðlagningarlíkön og virðismatskerfi sem bæði starfsmenn í framlínu og bakvinnslu nota,

   d) að hve miklu leyti markaðsáhætta greinist með áhættumatslíkaninu og hvernig marktækar breytingar skila sér í áhættumatsferlinu,

e) hversu áreiðanleg og fullnægjandi stöðugögn eru, hversu nákvæmar og viðeigandi forsendur um óstöðugleika og fylgni reynast, og hversu réttir útreikningar um virðismat og áhættunæmi reynast,

f) sannprófunarferlið sem stofnunin notar til þess að meta samkvæmni, tímanleika og áreiðanleika þeirra gagnagrunna sem notaðir eru til að keyra innri líkön, þ.m.t. hversu óháðir slíkir gagnagrunnar eru og

g) sannprófunaraðferðina sem stofnunin notar til að meta það afturvirka eftirlit sem fer fram til að meta nákvæmni líkananna.

3. Stofnanir skulu koma á fót vinnsluferlum til að tryggja að aðilar, sem hafa tilskilin starfsréttindi og eru óháðir þróunarferlinu, fullgildi innri líkön þeirra á fullnægjandi hátt til að tryggja að þau séu skilvirk og greini allar áhættur sem skipta máli á fullnægjandi hátt. Fullgildingin skal framkvæmd við upphaflega þróun innra líkansins og þegar gerðar eru verulegar breytingar á innra líkaninu. Eining skal framkvæma fullgildinguna með reglulegu millibili en einkum ef orðið hafa verulegar skipulagsbreytingar á markaðnum eða breytingar á samsetningu verðbréfasafnsins sem gætu leitt til þess að innra líkanið væri ekki lengur fullnægjandi. Stofnanir skulu hagnýta sér framfarir í tækni og bestu starfsvenjum eftir því sem þær þróast. Fullgilding innra líkans skal ekki einskorðast við afturvirkt eftirlit heldur skal hún einnig a.m.k. fela í sér eftirfarandi:

a) prófanir til að sýna fram á að allar forsendur, sem gengið er út frá innan innra líkansins, eigi við og vanmeti ekki eða ofmeti áhættuna,

b) stofnanir skulu, auk lögboðinnar áætlunar um afturvirkt eftirlit, annast eigin fullgildingarpróf á innra líkani í tengslum við áhættu og skipulag verðbréfasafna sinna og

c) notkun áætlaðra verðbréfasafna til að tryggja að innra líkanið geti greint sérstaka skipulagsþætti sem geta komið upp, t.d. verulega grundvallaráhættu og samþjöppunaráhættu.

4. Stofnunin skal hafa eftirlit með nákvæmni og árangri líkans síns með því að standa fyrir áætlun um afturvirkt eftirlit. Með afturvirka eftirlitinu skal fást samanburður, fyrir hvern viðskiptadag, á eins dags virðisáhættu, sem reiknuð er með líkani stofnunarinnar fyrir lokastöður verðbréfasafnsins í dagslok, og dagsbreytingum á verðgildi verðbréfasafnsins sem koma í ljós við lok næsta viðskiptadags.

Lögbær yfirvöld skulu athuga hæfni stofnunar til að framkvæma afturvirkt eftirlit bæði á raunverulegum og áætluðum breytingum á verðgildi verðbréfasafnsins. Afturvirkt eftirlit með áætluðum breytingum á verðgildi verðbréfasafnsins fer fram með samanburði á verðgildi verðbréfasafnsins í dagslok og verðgildi þess í lok næsta dags, miðað við óbreyttar stöður. Lögbær yfirvöld skulu krefjast þess að stofnanirnar geri viðeigandi ráðstafanir til að bæta áætlun sína um afturvirkt eftirlit ef hún þykir ófullnægjandi. Lögbær yfirvöld geta krafist þess að stofnanir framkvæmi afturvirkt eftirlit, annaðhvort á niðurstöðum áætlaðra viðskipta (með því að nota breytingar sem yrðu á verðgildi verðbréfasafnsins ef stöður í dagslok héldust óbreyttar) eða raunverulegra veltuviðskipta (að frátöldum þóknunum, umboðslaunum og hreinum vaxtatekjum), eða hvoru tveggja.

5. Að því er varðar útreikning á eiginfjárkröfum vegna sérstakrar áhættu sem tengist stöðum í skuldabréfum og hlutabréfum í veltuviðskiptum, geta lögbær yfirvöld viðurkennt notkun stofnunar á innra líkani sínu ef það fullnægir skilyrðunum sem um getur síðar í þessum viðauka og uppfyllir auk þess eftirfarandi skilyrði:

a) það skýrir sögulegar verðbreytingar í verðbréfasafninu,

b) það greinir samþjöppun í umfangi og breytingum á samsetningu verðbréfasafnsins,

c) það stendur af sér óhagstætt umhverfi,

d) það fæst staðfest með afturvirku eftirliti sem miðar að því að meta hvort sérstök áhætta sé greind á nákvæman hátt. Ef lögbær yfirvöld heimila að slíkt afturvirkt eftirlit fari fram á grundvelli viðeigandi undirsafna verðbréfa skulu þau valin með samræmdum hætti,

e) það greinir nafntengda grundvallaráhættu, þ.e. að stofnanir skuli sýna fram á að innra líkanið sé næmt gagnvart verulegum, sérkennandi mun á stöðum sem eru sambærilegar, en ekki alveg eins, og

f) það endurspeglar ófyrirsjáanlega áhættu.

Stofnunin skal einnig uppfylla eftirfarandi skilyrði:

— ef stofnun er berskjölduð fyrir ófyrirsjáanlegri áhættu sem endurspeglast ekki í virðisáhættu hennar vegna þess að hún er utan tíu daga eignartímabilsins og 99% öryggisbilsins (atburðir sem litlar líkur eru á og hafa alvarlegar afleiðingar), skal stofnunin sjá til þess að áhrif slíkra atburða séu tekin með í reikninginn í innri eiginfjárgreiningu hennar og

— innra líkan stofnunarinnar skal meta varlega áhættuna sem verður til af stöðum, sem eru ekki mjög seljanlegar, og stöðum með takmarkað verðgagnsæi samkvæmt raunhæfum markaðssviðsmyndum. Að auki skal innra líkanið uppfylla lágmarksgagnastaðla. Hæfilegrar varfærni skal gætt í áætlun gilda og aðeins má nota þau ef tiltæk gögn eru ófullnægjandi eða ef þau endurspegla ekki raunverulegan óstöðugleika stöðu eða verðbréfasafns.

Enn fremur skulu stofnanir hagnýta sér framfarir í tækni og bestu starfsvenjum eftir því sem þær þróast.

Að auki skal stofnunin hafa komið á aðferð sem, við útreikning á eiginfjárkröfu hennar, greinir vanskilaáhættu veltubókarstaðna hennar, sem kemur til viðbótar við vanskilaáhættuna sem virðisáhættan greinir, eins og tilgreint er í fyrri kröfum í þessum lið. Þegar stofnun reiknar eiginfjárkröfu vegna viðbótarvanskilaáhættu getur hún, til að koma í veg fyrir tvítalningu, tekið tillit til þess að hve miklu leyti vanskilaáhætta hefur þegar verið tekin með í virðisáhættunni, sérstaklega að því er varðar áhættustöður sem hægt væri að loka og yrði lokað innan tíu daga ef aðstæður á markaði yrðu óhagstæðar eða fram kæmu aðrar vísbendingar um versnandi aðstæður á lánamarkaði. Ef stofnun endurspeglar viðbótarvanskilaáhættu sína með aukinni eiginfjárkröfu skal hún búa yfir aðferðum til að staðfesta þá ráðstöfun.

Stofnunin skal sýna fram á að aðferð hennar uppfylli áreiðanleikakröfur sem samrýmast aðferðinni sem er sett fram í 84.–89. gr. tilskipunar 2006/48/EB, að því gefnu að áhættustigið sé stöðugt, og leiðrétt eftir því sem við á til að endurspegla áhrif greiðsluhæfis, samþjöppunar, áhættuvarna og valfrelsis.

Stofnun sem endurspeglar ekki viðbótarvanskilaáhættu með aðferð sem er þróuð innanhúss skal reikna aukna eiginfjárkröfu með aðferð sem samrýmist annaðhvort aðferðinni sem er sett fram í 78.–83. gr. tilskipunar 2006/48/EB eða aðferðinni sem er sett fram í 84.–89. gr. þeirrar tilskipunar.

Að því er varðar verðbréfunaráhættur í reiðufé eða tilbúnar verðbréfunaráhættur, sem væru bundnar frádráttarmeðferð samkvæmt þeirri meðferð sem er sett fram í 2. mgr. 66. gr. tilskipunar 2006/48/EB, eða með áhættuvægi upp á 1 250% eins og sett er fram í 4. hluta IX. viðauka við þá reglugerð, skulu þessar stöður bundnar eiginfjárkröfu sem er ekki lægri en sú sem er sett fram samkvæmt þeirri meðferð. Stofnanir sem versla með þessar stöður geta beitt annarri meðferð ef þær geta sýnt lögbærum yfirvöldum sínum fram á að auk viðskiptatilgangs sé fyrir hendi virkur kaup- og sölumarkaður (e. liquid two-way market) með verðbréfunaráhættur eða, þegar um er að ræða tilbúnar verðbréfanir sem byggja eingöngu á lánaafleiðum, með verðbréfunaráhætturnar sjálfar eða alla áhættuþættina sem í þeim eru. Að því er varðar þennan þátt er litið svo á að kaup- og sölumarkaður sé fyrir hendi ef fyrir liggja óháð kaup- og sölutilboð, sem lögð eru fram í góðri trú, svo að unnt sé að ákvarða sanngjarnt verð miðað við síðasta söluverð, eða gildandi, samkeppnishæfa verðskrá innan eins dags, og gera upp á verði, sem þannig er myndað, innan tiltölulega skamms tíma í samræmi við viðskiptavenjur. Til að stofnun geti beitt annarri meðferð skal hún hafa yfir að ráða fullnægjandi markaðsgögnum til að tryggja að meðferðin endurspegli til fulls samþjappaða vanskilaáhættu þessara áhættuskuldbindinga í innri aðferð sinni til að meta viðbótarvanskilaáhættu í samræmi við kröfurnar sem eru settar fram hér að framan.

6. Stofnanir sem nota innri líkön, sem eru ekki viðurkennd skv. 4. lið., skulu fullnægja sérstökum eiginfjárkröfum vegna sérstakrar áhættu sem er reiknuð skv. I. viðauka.

7. Að því er varðar b-lið 9. liðar skulu niðurstöður útreikninga stofnunarinnar margfaldaðar með margföldunarstuðli sem er ekki lægri en 3.

8. Við margföldunarstuðulinn bætist upphækkunarstuðull á bilinu frá 0 til 1 í samræmi við töflu 1, miðað við fjölda yfirskota á næstliðnum 250 viðskiptadögum, sem afturvirkt eftirlit stofnunarinnar leiðir í ljós. Lögbær yfirvöld skulu krefjast þess að stofnanir reikni yfirskot með samræmdum hætti á grundvelli afturvirks eftirlits, annaðhvort með tilliti til raunverulegra eða áætlaðra breytinga á virði verðbréfasafnsins. Yfirskot er eins dags breyting á verðgildi verðbréfasafnsins sem fer fram úr eins dags virðisáhættu samkvæmt líkani stofnunarinnar. Í því skyni að ákvarða upphækkunarstuðulinn skal meta fjölda yfirskota eigi sjaldnar en ársfjórðungslega.

Tafla 1

Fjöldi yfirskota	Upphækkunarstuðull
Færri en 5	0,00
5	0,40
6	0,50
7	0,65
8	0,75
9	0,85
10 eða fleiri	1,00

Lögbær yfirvöld geta, í einstökum undantekningartilvikum, fallið frá kröfunni um að „upphækkunarstuðullinn“ bætist við margfeldisstuðulinn í samræmi við töflu 1, ef stofnunin hefur sýnt fram á það með fullnægjandi hætti, að mati lögbærra yfirvalda, að slík hækkun sé óþörf og að líkanið sé í aðalatriðum áreiðanlegt.

Bendi mikill fjöldi yfirskota til þess að líkanið sé ekki nægilega nákvæmt skulu lögbær yfirvöld afturkalla viðurkenningu sína á líkaninu eða krefjast þess að gerðar verði viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að líkanið verði bætt sem fyrst.

Í því skyni að gera lögbærum yfirvöldum kleift að fylgjast stöðugt með því að upphækkunarstuðullinn sé réttur skulu stofnanir tilkynna lögbærum yfirvöldum, eins fljótt og auðið er og aldrei síðar en innan fimm viðskiptadaga, um yfirskot sem áætlun þeirra um afturvirkt eftirlit leiðir í ljós eða sem felur í sér hækkun á upphækkunarstuðli samkvæmt töflunni hér á undan.

9. Hver stofnun skal standast eiginfjárkröfu sem svarar til hærra gildisins af þessum tveimur:

   a) virðisáhættu næstliðins dags, samkvæmt breytunum, sem mælt er fyrir um í þessum viðauka, að viðbættri, þar sem við á, eiginfjárkröfu vegna viðbótarvanskilaáhættu, sem krafist er skv. 5. lið, eða

   b) meðaltals á daglegu mati á virðisáhættu á hverjum næstliðinna 60 viðskiptadaga, margfaldað með stuðlinum, sem um getur í 7. lið, eftir leiðréttingu með stuðlinum, sem um getur í 8. lið, að viðbættri, þar sem við á, eiginfjárkröfu vegna viðbótarvanskilaáhættu sem krafist er skv. 5. lið.

10. Útreikningur á virðisáhættu skal standast eftirtaldar lágmarkskröfur:

   a) útreikningur á virðisáhættu sé gerður að minnsta kosti einu sinni á dag,

   b) 99. hundraðshlutamarks einhliða öryggisbil,

   c) eignartímabil samsvari tíu dögum,

   d) fram fari skilvirk athugun aftur í tímann sem nái yfir að minnsta kosti eitt ár nema styttri athugunartími sé réttlætanlegur vegna verulega aukins verðflökts og

   e) gögn séu uppfærð á þriggja mánaða fresti.

11. Lögbær yfirvöld skulu krefjast þess að líkanið gefi nákvæma mynd af allri veigamikilli áhættu sem tengist verði valréttar eða staðna sem eru ígildi valréttar og að öll önnur áhætta, sem líkanið greinir ekki, sé nægilega tryggð með eigin fé.

12. Áhættumatslíkanið skal greina nógu margra áhættuþætti, eftir umsvifum stofnunarinnar á viðkomandi mörkuðum, einkum eftirfarandi áhættuþætti:

Vaxtaáhætta

Áhættumatskerfið skal taka til tiltekins safns áhættuþátta sem svara til vaxtaprósentu hvers gjaldmiðils sem stofnunin hefur í vaxtanæmum stöðum innan eða utan efnahagsreiknings. Stofnunin skal byggja ávöxtunarferlana á einhverri þeirra aðferða sem almennt eru viðurkenndar. Að því er varðar stöður þar sem vaxtaáhætta er veruleg í helstu gjaldmiðlum og á stærstu mörkuðunum skal skipta ávöxtunarferlinum í að minnsta kosti sex mismunandi binditímabil svo unnt sé að greina sveiflur í flökti vaxtanna á ávöxtunarferlinum. Áhættumatskerfið skal einnig greina áhættu vegna hreyfinga sem fela ekki í sér fullkomna fylgni á milli mismunandi ávöxtunarferla

Gengisáhætta

Áhættumatskerfið skal taka til áhættuþátta sem eiga við um gull og einstaka gjaldmiðla sem stöður stofnunarinnar eru reiknaðar í. Að því er varðar fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu skal taka tillit til raunverulegra gjaldeyrisstaðna þess háttar fyrirtækis. Stofnanir geta notað skýrslugjöf þriðja aðila um gjaldeyrisstöðu fyrirtækis um sameiginlega fjárfestingu ef nægilega tryggt er að skýrslan sé rétt. Ef stofnun hefur ekki vitneskju um gjaldeyrisstöðu fyrirtækis um sameiginlega fjárfestingu skal sú staða einangruð og meðhöndluð í samræmi við fjórðu málsgrein í lið 2.1. í III. viðauka.

Hlutabréfaáhætta

Áhættumatskerfið skal taka til að minnsta kosti eins sérstaks áhættuþáttar fyrir hvern hlutabréfamarkað þar sem stofnunin hefur verulegar stöður.

Hrávöruáhætta

Áhættumatskerfið skal taka til að minnsta kosti eins sérstaks áhættuþáttar fyrir hverja þá hrávöru sem stofnunin hefur verulegar stöður í. Áhættumatskerfið skal einnig greina áhættu vegna hreyfinga, sem ekki hafa fullkomna fylgni, milli áþekkra, en þó ekki nákvæmlega eins, hrávörutegunda og áhættunnar gagnvart breytingum á framvirku verði sem á rætur að rekja til misræmis í binditíma. Einnig skal það taka mið af einkennum markaðarins, einkum afhendingartíma og því svigrúmi sem víxlurum er veitt til þess að loka stöðum.

13. Lögbær yfirvöld geta heimilað stofnunum að nota mælifylgni innan áhættuflokka og þvert á áhættuflokka ef þau eru þess fullviss að kerfið, sem stofnunin notar við að mæla fylgni, sé traust og því sé beitt af heilindum.

VI. VIÐAUKI

ÚTREIKNINGUR Á EIGINFJÁRKRÖFUM VEGNA STÓRRA ÁHÆTTUSKULDBINDINGA

1. Umframfjárhæðin sem um getur í b-lið 31. gr. skal reiknuð með því að velja þá þætti af heildarveltubókaráhættu gagnvart viðskiptavini eða hópi viðskiptavina, er um ræðir, sem útheimta hæstu kröfur vegna sérstakrar áhættu skv. I. viðauka og/eða kröfur skv. II. viðauka og eru að heildarfjárhæð jafnir umframfjárhæðinni sem um getur í a-lið 31. gr.

2. Ef það, sem er umfram, hefur ekki varað lengur en í tíu daga skal viðbótareiginfjárkrafan vera 200% af kröfunni, sem um getur í 1. lið, vegna þessara þátta.

3. Að tíu dögum liðnum frá því að umframáhætta hefur myndast skal setja umframþættina, sem eru valdir í samræmi við 1. lið, í viðeigandi línu í dálki eitt í töflu 1 í hækkandi röð eftir kröfum vegna sérstakrar áhættu í I. viðauka og/eða kröfunum í II. viðauka. Viðbótareiginfjárkrafan skal samsvara heildarfjárhæð krafnanna vegna sérstakrar áhættu í I. viðauka og/eða krafnanna í II. viðauka fyrir þessa þætti, margfaldað með samsvarandi stuðli í 2. dálki í töflu 1.

Tafla 1

Farið yfir mörkin (á grundvelli hundraðshluta eigin fjár)	Stuðull
Allt að 40 %	200 %
Milli 40 % og 60 %	300 %
Milli 60 % og 80 %	400 %
Milli 80 % og 100 %	500 %
Milli 100 % og 250 %	600 %
Yfir 250 %	900 %

VII. VIÐAUKI

VELTUVIÐSKIPTI

A-HLUTI

Viðskiptatilgangur

1. Stöður/verðbréfasöfn sem eru ætluð til veltuviðskipta skulu uppfylla eftirfarandi kröfur:

   a) skilmerkilega skjalfest viðskiptastefna vegna stöðunnar/gerningsins eða verðbréfasafna, sem yfirstjórn hefur samþykkt, verður að liggja fyrir og þar skal koma fram hversu langt áætlað er að eignarhaldstímabilið verði,

   b) skilmerkilega skilgreind stefna og verklagsreglur um virka stjórnun stöðunnar verða að liggja fyrir og fela í sér eftirfarandi:

      i. stöður sem er stofnað til á viðskiptaborði,

      ii. stöðutakmarkanir eru settar og fylgst er með því að þær séu viðeigandi,

      iii. miðlurum er í sjálfsvald sett að stofna til/stjórna stöðu innan umsaminna takmarkana og samkvæmt samþykktri stefnu,

      iv. yfirstjórn er tilkynnt um stöður og er það óaðskiljanlegur hluti áhættustýringarferlis stofnunarinnar og v. virkt eftirlit er með stöðum með hliðsjón af markaðsupplýsingabrunnum og mat er gert á markaðshæfi eða möguleikanum á að áhættuverja stöðuna eða áhættu bundna henni, þ.m.t. mat, gæði og framboð á markaðsupplýsingum við matsferlið, umfang markaðsveltu, stærð staðna, sem viðskipti eru með á markaði, og

   c) skilmerkilega skilgreind stefna og verklagsreglur um eftirlit með stöðunni gagnvart viðskiptastefnu stofnunarinnar verða að vera fyrir hendi, þ.m.t. eftirlit með veltu og stöðnuðum stöðum í veltubók stofnunarinnar.

B-HLUTI

Kerfi og eftirlit

1. Stofnanir skulu koma á fót og viðhalda fullnægjandi kerfum og eftirliti til að gera varfærnar og áreiðanlegar matsáætlanir.

2. Kerfi og eftirlit skulu að minnsta kosti fela í sér eftirfarandi þætti:

   a) skjalfesta stefnu og verklagsreglur fyrir matsferlið. Þetta felur í sér skýrt skilgreinda ábyrgð mismunandi sviða, sem koma að ákvörðun matsins, markaðsupplýsingabrunna og endurskoðun á því hvort þeir séu viðeigandi, tíðni óháðs mats, tímasetningu lokaverðs, verklagsreglur um leiðréttingu á mati, verklagsreglur um sannprófun við mánaðarlok og í einstökum tilvikum og

   b) skýrslugjafarleiðir fyrir deildina, sem er ábyrg fyrir matsferlinu, sem eru skýrar og óháðar framlínudeildum.

   Skýrslugjafarleiðin skal enda hjá aðila í framkvæmdastjórn.

Aðferðir við varfærnislegt mat

3. Með færslu að markaðsvirði er átt við að fram fari að minnsta kosti daglega mat á stöðum á lokaverði sem auðvelt er að afla hjá óháðum heimildum. Dæmi um þetta er m.a. verð á verðbréfamörkuðum, skjáverð eða markaðsverð frá nokkrum óháðum og virtum miðlurum.

4. Við færslu að markaðsvirði skal nota varfærnari hlið kaup-/sölugengis nema stofnunin sé mikilvægur viðskiptavaki í þeirri sérstöku gerð fjármálagernings eða hrávöru, sem um ræðir, og hún geti gert upp á miðverði markaðar.

5. Ef ekki er unnt að færa að markaðsvirði skulu stofnanir færa stöður/verðbréfasöfn sín að útreiknuðu virði (e. mark to model) áður en þær beita eiginfjármeðhöndlun veltubókar. Útreiknað virði er skilgreint sem hvert það mat sem þarf að setja sem viðmiðun, framreikna eða á annan hátt reikna út frá markaðsgögnum.

6. Þegar fært er að útreiknuðu virði skal uppfylla eftirfarandi kröfur:

   a) yfirstjórn skal hafa vitneskju um þá þætti veltubókarinnar sem eru færðir að útreiknuðu virði og skal gera sér grein fyrir mikilvægi þeirrar óvissu sem þetta skapar í reikningsskilum að því er varðar áhættu/afkomu starfseminnar,

   b) markaðsgögn skulu, ef kostur er, koma frá sömu heimildum og markaðsverð og það hvort markaðsgögn tiltekinnar stöðu, sem metin er, séu viðeigandi og breytur líkansins, skal meta oft.

   c) nota skal þær matsaðferðir sem eru viðurkenndar markaðsvenjur fyrir tiltekna fjármálagerninga eða hrávörur, ef þær eru fyrir hendi,

   d) ef stofnunin sjálf þróar líkanið skal það byggjast á viðeigandi forsendum sem aðilar með tilskilin starfsréttindi og óháðir þróunarferlinu hafa metið og prófað,

   e) fyrir hendi skulu vera formlegar verklagsreglur um eftirlit með breytingum og geyma skal tryggt eintak af líkaninu og það notað með reglulegu millibili til að yfirfara framkvæmt mat,

   f) þeir sem annast áhættustýringu skulu hafa vitneskju um veikleika líkananna, sem eru notuð, og hvernig best er að endurspegla þá í niðurstöðum matsins og

   g) líkanið skal endurskoðað reglulega til að unnt sé að ákvarða hversu nákvæmt það er (t.d. mat á því hvort forsendur eru áfram viðeigandi, greining á hagnaði og tapi miðað við áhættuþættina, bera raunverulegt lokaviðri saman við niðurstöður líkansins).

   Að því er varðar d-lið skal þróa og samþykkja líkanið óháð framlínudeildum og það skal prófað á óháðan hátt, þ.m.t. staðfesting á útreikningum og forsendum og innleiðing hugbúnaðar.

7. Gera skal óháða sannprófun á verði til viðbótar við daglega færslu að markaðsvirði eða útreiknuðu virði. Þetta er ferlið við að sannprófa reglulega hvort markaðsverð eða grunngögn líkansins séu rétt og óháð. Þótt miðlarar færi daglega að markaðsvirði skal sannprófun á markaðsverði og grunngögnum líkansins gerð innan einingar, sem er óháð miðlaradeildinni, að minnsta kosti mánaðarlega (eða oftar, eftir eðli markaðarins/viðskiptastarfseminnar). Ef óháðar verðlagningarheimildir eru ekki fyrir hendi eða ef verðlagningarheimildirnar eru að einhverju leyti huglægar geta varfærnislegar ráðstafanir, svo sem virðisleiðréttingar, verið viðeigandi.

Virðisleiðréttingar eða -varasjóðir

8. Stofnanir skulu koma á fót og viðhalda verklagsreglum um hvernig taka beri tillit til virðisleiðréttinga/-varasjóða.

Almennir staðlar

9. Lögbær yfirvöld skulu krefjast þess að formlega verði tekið tillit til eftirfarandi virðisleiðréttinga/-varasjóða: fyrirfram innheimts áhættuálags uppgjörskostnaðar, rekstraráhættu, slita fyrir lok samningstíma, fjárfestingar- og fjármögnunarkostnaðar, væntanlegs stjórnunarkostnaðar og, ef við á, líkansáhættu.

Staðlar fyrir stöður sem eru ekki mjög seljanlegar

10. Stöður, sem eru ekki mjög seljanlegar, geta stafað af bæði markaðsatburðum og aðstæðum sem tengjast stofnunum, t.d. samþjöppuðum stöðum og/eða stöðnuðum stöðum.

11. Stofnanir skulu taka til athugunar nokkra þætti þegar þær ákvarða hvort virðisvarasjóður er nauðsynlegur vegna staðna sem eru ekki mjög seljanlegar. Þessir þættir eru m.a. sá tími sem það tæki að áhættuverja stöðu eða áhættu innan stöðunnar, flökt og meðaltal verðbils kaups/sölu, hvort markaðsverð liggur fyrir (fjöldi og auðkenni viðskiptavaka) og flökt og meðaltal veltu, markaðssamþjöppun, aldursflokkun staðna, að hve miklu leyti virði byggist á útreiknuðu virði og áhrif annarrar líkansáhættu.

12. Þegar notast er við mat frá þriðja aðila eða útreiknað virði skulu stofnanir taka til athugunar hvort þær eigi að beita virðisleiðréttingu. Að auki skulu stofnanir taka til athugunar hvort þörf er á að koma á fót varasjóðum vegna staðna sem eru ekki mjög seljanlegar og endurskoða á áframhaldandi grundvelli hvort þeir séu hæfilegir.

13. Þegar virðisleiðréttingar/-varasjóðir leiða til verulegs taps á yfirstandandi fjárhagsári er tapið dregið frá upphaflegu eigin fé stofnunar skv. k-lið 57. gr. tilskipunar 2006/48/EB.

14. Annar hagnaður/tap vegna virðisleiðréttinga/-varasjóða skal teljast með við útreikning á „hreinum hagnaði í veltubók“, sem tilgreindur er í b-lið 2. mgr. 13. gr., og bætt við/dregið frá viðbótareiginfé sem getur uppfyllt kröfur um markaðsáhættu samkvæmt slíkum ákvæðum.

15. Farið skal með virðisleiðréttingar/-varasjóði, sem eru umfram þann reikningsskilaramma sem stofnuninni er settur, skv. 13. lið, ef þess háttar virðisleiðréttingar/-varasjóðir leiða til verulegs taps, annars skv. 14. lið.

C-HLUTI

Innri áhættuvarnir

1. Innri áhættuvörn er staða sem jafnar að verulegu eða öllu leyti út áhættubundna stöðu eða stöðusamstæðu utan veltubókar. Stöður sem rekja má til innri áhættuvarna geta sætt eiginfjármeðferð í veltubókinni, að því tilskildu að þær séu ætlaðar til veltuviðskipta og að almennu viðmiðanirnar um viðskiptalegan tilgang og varfærnislegt mat, sem eru tilgreindar í A- og B-hluta, séu uppfylltar. Einkum skal taka tillit til eftirfarandi atriða:

   a) helsta markmiðið með innri áhættuvörnum skal ekki vera að komast hjá eða draga úr eiginfjárkröfum,

   b) innri áhættuvarnir skulu vera skjalfestar á tilhlýðilegan hátt og háðar sérstökum innri verklagsreglum um samþykki og endurskoðun,

   c) innri viðskiptin skulu fara fram við markaðsaðstæður,

   d) stjórna skal stærstum hluta markaðsáhættu, sem verður til vegna innri áhættuvarnar, með virkum hætti í veltubókinni, innan leyfilegra marka, og

   e) fylgjast skal vel með innri viðskiptum.

   Eftirlitið verður að vera tryggt með fullnægjandi verklagsreglum.

2. Meðferðin, sem um getur í 1. lið, hefur ekki áhrif á eiginfjárkröfur sem gilda um þann hluta innri áhættuvarnarinnar sem er utan veltubókar.

3. Þegar stofnun áhættuver lánsáhættugrunn utan veltubókar með því að nota lánsafleiðu, sem er bókuð í veltubók hennar (með því að nota innri áhættuvörn), er ekki litið svo á, þrátt fyrir 1. og 2. lið, að áhættuskuldbinding, sem er utan veltubókar, sé varin að því er varðar útreikning á eiginfjárkröfum nema stofnunin kaupi, hjá hæfum þriðja aðila, sem hefur á boðstólum þess háttar áhættuvörn, lánsafleiðu sem uppfyllir kröfurnar sem eru settar fram í 19. lið í 2. hluta VIII. viðauka við tilskipun 2006/48/EB, að því er varðar áhættuskuldbindinguna utan veltubókar. Ef slík vörn er keypt frá þriðja aðila og hún er viðurkennd sem áhættuvörn gegn áhættu vegna áhættuskuldbindingar utan veltubókar, að því er varðar útreikning á eiginfjárkröfum, skal hvorki innri né ytri lánsafleiðuvörnin vera í veltubókinni við útreikning á eiginfjárkröfum.

D-HLUTI

Skráning í veltubókina

1. Stofnanir skulu fylgja skýrt skilgreindri stefnu og verklagsreglum við ákvörðun á því hvaða stöður eigi að taka með í veltubókina, að því er varðar útreikning á eiginfjárkröfum sínum, í samræmi við viðmiðanirnar, sem eru settar fram í 11. gr., og með tilliti til getu og starfsvenja stofnunarinnar við áhættustýringu. Nákvæmlega skal skjalfesta að þessari stefnu og verklagsreglum sé fylgt og fara skal fram reglubundin innri endurskoðun á því.

2. Stofnanir skulu hafa skýrt skilgreinda stefnu og verklagsreglur við heildarstjórnun veltubókarinnar. Þessi stefna og verklagsreglur skulu a.m.k. taka til:

   a) starfsemi þeirrar sem stofnunin álítur veltuviðskipti og hluta af veltubókinni, að því er varðar eiginfjárkröfur,

   b) að hve miklu leyti unnt er að færa stöðu að markaðsvirði daglega með tilvísun í virkan kaup- og sölumarkað,

   c) að því er varðar stöður færðar að útreiknuðu virði, að hve miklu leyti stofnunin getur:

      i. tilgreint allar verulegar áhættur í tengslum við stöðuna,

      ii. varið gegn öllum verulegum áhættum í tengslum við stöðuna með gerningum sem virkur kaup- og sölumarkaður er til fyrir og

      iii. unnið áreiðanlegt mat fyrir lykiltilgátur og færibreytur sem eru notaðar í líkaninu,

   d) að hve miklu leyti stofnunin getur og er skylt að taka saman mat fyrir stöðuna sem óháður aðili getur fullgilt á samræmdan hátt,

   e) að hve miklu leyti lagalegar hömlur eða aðrar rekstrarkröfur koma í veg fyrir að stofnunin geti losað eða áhættuvarið stöðuna þegar til skemmri tíma er litið,

   f) að hve miklu leyti stofnunin getur og er skylt að stjórna áhættu stöðunnar á virkan hátt innan ramma viðskiptastarfsemi sinnar og

   g) að hve miklu leyti stofnunin getur yfirfært áhættu eða stöður utan veltubókar yfir í veltubók og öfugt ásamt viðmiðunum fyrir slíkar yfirfærslur.

3. Lögbær yfirvöld geta heimilað stofnunum að fara með stöður, sem eru eignir í veltubókinni, eins og sett er fram í l-, m- og n-lið 57. gr. tilskipunar 2006/48/EB, sem hlutafé eða skuldagerninga, eftir því sem við á, ef stofnun sýnir fram á að hún sé virkur viðskiptavaki í þessum stöðum. Í því tilviki skal stofnunin vera með fullnægjandi kerfi og eftirlit í tengslum við viðskipti með viðurkennda eiginfjárgerninga.

4. Tímabilsviðskiptatengd endurhverf viðskipti, sem stofnun færir með viðskiptum utan veltubókar, geta verið með í veltubókinni, að því er varðar eiginfjárkröfu, svo fremi sem öll slík endurhverf viðskipti séu meðtalin. Í því sambandi eru viðskiptatengd endurhverf viðskipti skilgreind sem viðskipti sem uppfylla kröfur skv. 2. mgr. 11. gr. og A-hluta VII. viðauka og báðar hliðar eru annaðhvort handbært fé eða verðbréf sem hægt er að taka með í veltubókina. Öll endurhverf viðskipti, án tillits til þess hvar þau eru skráð, eru háð kröfu um mótaðila- og útlánaáhættu utan veltubókar.

VIII. VIÐAUKI

NIÐURFELLDAR TILSKIPANIR

A-HLUTI

Niðurfelldar tilskipanir ásamt síðari breytingum á þeim

(sem um getur í 52. gr.)

Tilskipun ráðsins 93/6/EBE frá 15. mars 1993 um eiginfjárkröfur fjárfestingarfyrirtækja og lánastofnana

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/31/EB frá 22. júní 1998 um breytingu á tilskipun ráðsins 93/6/EBE um eiginfjárkröfur fjárfestingarfyrirtækja og lánastofnana

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/33/EB frá 22. júní 1998 um breytingu á 12. gr. tilskipunar ráðsins 77/780/EBE um stofnun og rekstur lánastofnana, 2., 5., 6., 7., 8. gr. og II. og III. viðauka tilskipunar ráðsins 89/647/EBE um eiginfjárhlutfall lánastofnana og 2. gr. og II. viðauka tilskipunar ráðsins 93/6/EBE um eiginfjárkröfur fjárfestingarfyrirtækja og lánastofnana

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/87/EB frá 16. desember 2002 um viðbótareftirlit með lánastofnunum, vátryggingafélögum og fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu sem eru hluti af samsteypu fjármálafyrirtækja og um breytingu á tilskipunum ráðsins 73/239/EBE, 79/267/EBE, 92/49/EBE, 92/96/EBE, 93/6/EBE og 93/22/EBE og á tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 98/78/EB og 2000/12/EB:

Aðeins 26. gr.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB frá 21. apríl 2004 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipunum ráðsins 85/611/EBE og 93/6/EBE og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 93/22/EBE:

Aðeins 67. gr.

B-HLUTI

Lögleiðingarfrestir

(sem um getur í 52. gr.)

Tilskipun	Lögleiðingarfrestur
Tilskipun ráðsins 93/6/EBE	1.7.1995
Tilskipun 98/31/EB	21.7.2000
Tilskipun 98/33/EB	21.7.2000
Tilskipun 2002/87/EB	11.8.2004
Tilskipun 2004/39/EB	30.4.2006/31.1.2007
Tilskipun 2005/1/EB	13.5.2005

IX. VIÐAUKI

SAMSVÖRUNARTAFLA

Þessi tilskipun	Tilskipun 93/6/EBE	Tilskipun 98/31/EB	Tilskipun 98/33/EB	Tilskipun 2002/87/EB	Tilskipun 2004/39/EB
Fyrsti málsliður 1. mgr. 1. gr.					
Annar málsliður 1.mgr. 1.gr. og 2. mgr. 1. gr.	1. gr.				
1. mgr. 2. gr.					
2. mgr. 2. gr.	3. mgr. 7. gr.				
a-liður 1. mgr. 3. gr.	1. mgr. 2. gr.				
b-liður 1. mgr. 3. gr.	2. mgr. 2. gr.				1. mgr. 67. gr.
c- til e-liður 1. mgr. 3. gr.	3.–5. mgr. 2. gr.				
f- og g-liður 1. mgr. 3. gr.					
h-liður 1. mgr. 3. gr.	10. mgr. 2. gr.				
i-liður 1. mgr. 3. gr.	11. mgr. 2. gr.		1. mgr. 3. gr.		
j-liður 1. mgr. 3. gr.	14. mgr. 2. gr.				
k- og l-liður 1. mgr. 3. gr.	15. og 16. mgr. 2. gr.	b-liður 1. mgr. 1. gr.			
m-liður 1. mgr. 3. gr.	17. mgr. 2. gr.	c-liður 1. mgr. 1. gr.			
n-liður 1. mgr. 3. gr.	18. mgr. 2. gr.	d-liður 1. mgr. 1. gr.			
o- til q-liður 1. mgr. 3. gr.	19. til 21. mgr. 2. gr.				
r-liður 1. mgr. 3. gr.	23. mgr. 2. gr.				
s-liður 1. mgr. 3. gr.	26. mgr. 2. gr.				
2. mgr. 3. gr.	7. og 8. mgr. 2. gr.				
a- og b-liður 3. mgr. 3. gr.	3. mgr. 7. gr.			26. gr.	

Þessi tilskipun	Tilskipun 93/6/EBE	Tilskipun 98/31/EB	Tilskipun 98/33/EB	Tilskipun 2002/87/EB	Tilskipun 2004/39/EB
c-liður 3. mgr. 3. gr.	3. mgr. 7. gr.				
4. gr.	24. mgr. 2. gr.				
5. gr.	1. og 2. mgr. 3. gr.				
6. gr.	4. mgr. 3. gr.				2. mgr. 67. gr.
7. gr.	4. mgr. a 3. gr.				3. mgr. 67. gr.
8. gr.	4. mgr. b 3. gr.				3. mgr. 67. gr.
9. gr.	3. mgr. 3. gr.				
10. gr.	5. til 8. mgr. 3. gr.				
11. gr.	6. mgr. 2. gr.				
Fyrsta málsgrein 12. gr.	25. mgr. 2. gr.				
Önnur málsgrein 12. gr.					
Fyrsti undirliður 1. mgr. 13. gr.	Fyrsti undirliður 1. mgr. V. viðauka				
Annar undirliður 1. liðar og 2.–5. mgr. 13. gr.	Annar undirliður 1. liðar og 2.–5. mgr. V. viðauka	7. mgr. 1. gr. og a- og b-liður 4. viðauka			
14. gr.	6. og 7. liður V. viðauka	c-liður 4. viðauka			
15. gr.	8. liður V. viðauka				
16. gr.	9. liður V. viðauka				
17. gr.					
Fyrsta undirgrein 1. mgr. 18. gr.	Fyrsta undirgrein 1. mgr. 4. gr.				
a- og b-liður 1. mgr. 18. gr.	i- og ii-liður 1. mgr. 4. gr.	2. mgr. 1. gr.			
2. til 4. mgr. 18. gr.	6. til 8. mgr. 4. gr.				

Þessi tilskipun	Tilskipun 93/6/EBE	Tilskipun 98/31/EB	Tilskipun 98/33/EB	Tilskipun 2002/87/EB	Tilskipun 2004/39/EB
1. mgr. 19. gr.					
2. mgr. 19. gr.	2. mgr. 11. gr.				
3. mgr. 19. gr.					
20. gr.					
21. gr.	IV. viðauki				
22. gr.					
Fyrsta og önnur málsgrein 23. gr.	5. og 6. mgr. 7. gr.				
Þriðja málsgrein 23. gr.					
24. gr.					
25. gr.					
1. mgr. 26. gr.	10. mgr. 7. gr.	4. mgr. 1. gr.			
2. til 4. mgr. 26. gr.	11. til 13. mgr. 7. gr.				
27. gr.	14. og 15. mgr. 7.gr.				
1. mgr. 28. gr.	1. mgr. 5. gr.				
2. mgr. 28. gr.	2. mgr. 5. gr.	3. mgr. 1. gr.			
3. mgr. 28. gr.					
a- til c-liður 1. mgr. 29. gr. og næstu tvær undirgreinar	2. liður VI. viðauka				
Síðasta undirgrein 1. mgr. 29. gr.					
2. mgr. 29. gr.	3. liður VI. viðauka				
1. mgr. og fyrsta undirgrein 2. mgr. 30. gr.	4. og 5. liður VI. viðauka				
Önnur undirgrein 2. mgr. 30. gr.					

Þessi tilskipun	Tilskipun 93/6/EBE	Tilskipun 98/31/EB	Tilskipun 98/33/EB	Tilskipun 2002/87/EB	Tilskipun 2004/39/EB
3. og 4. mgr. 30. gr.	6. og 7. liður VI. viðauka				
31. gr.	1. liður 8. liðar, fyrsti málsliður 2. liðar, 3.–5. liður VI. viðauka				
32. gr.	9. og 10. liður VI. viðauka				
1. og 2. mgr. 33. gr.					
3. mgr. 33. gr.	2. mgr. 6. gr.				
34. gr.					
1. til 4. mgr. 35. gr.	1. til 4. mgr. 8. gr.				
5. mgr. 35. gr.	Fyrsti málsliður 5. mgr. 8. gr.	5. mgr. 1. gr.			
36. gr.	1. til 3. mgr. 9. gr.				
37. gr.					
38. gr.	4. mgr. 9. gr.				
39. gr.					
40. gr.	9. mgr. 2. gr.				
a- til c-liður. 1. mgr. 41. gr.	Fyrsti, annar og þriðji undirliður 10. gr.				
d- og e-liður 1. mgr. 41. gr.					
f-liður 1. mgr. 41. gr.	Fjórði undirliður 10. gr.				
g-liður 1. mgr. 41. gr.					
42. gr.					
43. gr.					
44. gr.					

Þessi tilskipun	Tilskipun 93/6/EBE	Tilskipun 98/31/EB	Tilskipun 98/33/EB	Tilskipun 2002/87/EB	Tilskipun 2004/39/EB
45. gr.					
46. gr.	12. gr.				
47. gr.					
48. gr.					
49. gr.					
50. gr.	15. gr.				
1. til 4. liður I. viðauka	1. til 4. liður I. viðauka				
Síðasta málsgrein 4. liðar I. viðauka	22. mgr. 2. gr.				
5. til 7. liður I. viðauka	5. til 7. liður I. viðauka				
8. liður I. viðauka					
9. til 11. liður I. viðauka	8. til 10. liður I. viðauka				
12. til 14. liður I. viðauka	12. til 14. liður I. viðauka				
15. og 16. liður I. viðauka	12. mgr. 2. gr.				
17. til 41. liður I. viðauka	15. til 39. liður I. viðauka				
42. til 56. liður I. viðauka					
1. og 2. liður II. viðauka	1. og 2. liður II. viðauka				
3. til 10. liður II. viðauka					
1. liður III. viðauka	Fyrsti undirliður 1. liðar III. viðauka	7. mgr. 1. gr. og a-liður 3. viðauka			
2. liður III. viðauka	2. liður III. viðauka				
Fyrsta til þriðja málsgrein í lið 2.1 í III. viðauka	Liður 3.1. í III. viðauka	7. mgr. 1. gr. og b-liður 3. viðauka			

Þessi tilskipun	Tilskipun 93/6/EBE	Tilskipun 98/31/EB	Tilskipun 98/33/EB	Tilskipun 2002/87/EB	Tilskipun 2004/39/EB
Fjórða málsgrein í lið 2.1 í III. viðauka					
Fimmta málsgrein í lið 2.1 í III. viðauka	Liður 3.2. í III. viðauka	7. mgr. 1. gr. og b-liður 3. viðauka			
Liður 2.2, 3 og 3.1 í III. viðauka	4. til 6. liður III. viðauka	7. mgr. 1. gr. og c-liður 3. viðauka			
Liður 3.2. í III. viðauka	8. liður III. viðauka				
4. liður III. viðauka	11. liður III. viðauka				
1. til 20. liður IV. viðauka	1. til 20. liður VII. viðauka	7. mgr. 1. gr. og 5. viðauki			
21. liður IV. viðauka	11. gr. a	6. mgr. 1. gr.			
Fjórða undirgrein 1.–12. liðar V. viðauka	1. til ii-liður 13. liðar VIII. viðauka	7. mgr. 1. gr. og 5. viðauki			
Fimmta málsgrein 12. liðar V. viðauka					
Sjötta málsgrein 12. liðar til 13. liðar V. viðauka	iii-liður 13. liðar til 14. liðar VIII. viðauka	7. mgr. 1. gr. og 5. viðauki			
VI. viðauki	2. liður 8. liðar VI. viðauka, eftir fyrsta málslið				
VII. viðauki					
VIII. viðauki					
IX. viðauki					

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 8/2008 **2013/EES/4/16**

frá 11. desember 2007

um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 að því er varðar sameiginlegar tæknikröfur og stjórnsýslumeðferð sem gilda um flutningaflug (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 um samræmingu á tæknikröfum og stjórnsýslumeðferð á sviði flugmála ([1]), einkum 1. mgr. 11. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EBE) nr. 3922/91 er kveðið á um að framkvæmdastjórnin skuli samþykkja breytingarnar á sameiginlegum tæknikröfum og stjórnsýslumeðferð sem eru taldar upp í III. viðauka reglugerðarinnar og eru nauðsynlegar vegna vísinda- og tækniframfara.

2) Sameiginlegar tæknikröfur og stjórnsýslumeðferð í III. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 3922/91, sem gilda um flutningaflug með flugvélum og byggjast á samræmdum reglum sem Flugöryggissamtök Evrópu (JAA) samþykktu og nefnast Kröfur flugöryggissamtaka Evrópu um flutningaflug (flugvélar) (JAR-OPS 1), eins og þeim var breytt 1. janúar 2005 (8. breyting).

3) Gerðar hafa verið breytingar á JAR-OPS 1 frá 1. janúar 2005 (9. til 12. breyting) til að herða öryggiskröfurnar. Nýju kröfurnar skulu öðlast gildi tafarlaust og, í öllum tilvikum, þegar III. viðauki við reglugerð (EBE) nr. 3922/91, kemur til framkvæmda, þ.e. 16. júlí 2008.

4) Þar sem brýnt er að gera breytingarnar, til þess að hlutaðeigandi flugrekendur og flugmálayfirvöld fái nauðsynlegan tíma til að aðlagast nýju kröfunum, skal flýtimeðferðin, sem mælt er fyrir um í 4. mgr. 12. gr. sömu reglugerðar, gilda.

5) Breyta ber III. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 3922/91 til samræmis við þetta.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit Flugöryggisnefndarinnar sem komið var á fót með 12. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3922/91.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað III. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 komi viðaukinn við þessa reglugerð.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 10, 12.1.2008, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 70/2008 frá 6. júní 2008 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 58, 25.9.2008, bls. 15.

([1]) Stjtíð. EB L 373, 31.12.1991, bls. 4. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1900/2006 (Stjtíð. ESB L 377, 27.12.2006, bls. 176).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. desember 2007.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jacques BARROT

varaforseti.

VIÐAUKI

„III. VIÐAUKI

Sameiginlegar tæknikröfur og stjórnsýslumeðferð sem gilda um flutningaflug með loftförum.

OPS 1: Flutningaflug (flugvélar)

Efnisyfirlit

A-KAFLI	—	Gildissvið og skilgreiningar
B-KAFLI	—	Almenn ákvæði
C-KAFLI	—	Útgáfa flugrekandaskírteina og eftirlit
D-KAFLI	—	Verklagsreglur
E-KAFLI	—	Starfræksla í skertu skyggni
F-KAFLI	—	Afkastageta – almenn ákvæði
G-KAFLI	—	Afkastagetuflokkur A
H-KAFLI	—	Afkastagetuflokkur B
I-KAFLI	—	Afkastagetuflokkur C
J-KAFLI	—	Massi og jafnvægi
K-KAFLI	—	Mælitæki og búnaður
L-KAFLI	—	Fjarskipta- og leiðsögutæki
M-KAFLI	—	Viðhald flugvéla
N-KAFLI	—	Flugliðar
O-KAFLI	—	Öryggis- og þjónustuliðar
P-KAFLI	—	Handbækur, leiðarbækur og skrár
Q-KAFLI	—	Fartíma- og vinnutímamörk og reglur um hvíldartíma
R-KAFLI	—	Flutningur á hættulegum varningi flugleiðis
S-KAFLI	—	Flugvernd

A-KAFLI

GILDISSVIÐ OG SKILGREININGAR

OPS 1.001

Gildissvið

Í 1. hluta OPS er mælt fyrir um kröfur sem gilda um starfrækslu hvers kyns almenningsflugvéla sem flugrekandi með höfuðstöðvar og, ef hún er til staðar, skráða skrifstofu í aðildarríki notar til flutningaflugs, hér á eftir nefndur flugrekandi. OPS 1 gildir ekki:

1) um flugvélar þegar þær eru notaðar á vegum hers eða toll- og lögregluyfirvalda,

2) um flug í tengslum við fallhlífarstökk eða slökkvistarf og tilheyrandi staðsetningar-og heimflug, þar sem þeir sem eru um borð eru þeir sem myndu að jafnaði vera um borð í tengslum við fallhlífarstökk eða slökkvistarf eða

3) um flug rétt áður en verkflugsstarfsemi hefst, meðan á henni stendur eða strax að henni lokinni, að því tilskildu að þessi flug tengist verkflugstarfseminni og að ekki séu fleiri en sex einstaklingar um borð, sem eru ómissandi fyrir verkflugstarfsemina, að undanskildum flugverjum.

OPS 1.003

Skilgreiningar

a) Í þessum viðauka er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

   1) „viðurkenndur/viðunandi“: engin andmæli frá flugmálayfirvöldum að henti fyrir fyrirhugaðan tilgang,

   2) „samþykktur af (flugmálayfirvöldum)“: (flugmálayfirvöld) hafa skjalfest að henti fyrir fyrirhugaðan tilgang,

   3) „grunnlisti yfir lágmarksbúnað (MMEL)“: grunnlisti (þ.m.t. formálsorð) sem gerður er fyrir ákveðna loftfarstegund þar sem ákvarðað er hvaða mælitæki, búnaður eða þættir, sem viðhalda því öryggisstigi sem fyrirhugað er í gildandi vottunarforskrift fyrir lofthæfi, gætu tímabundið verið óstarfhæf, annaðhvort vegna innbyggðs varakerfis og/eða tiltekinna verklags- og viðhaldsreglna, skilyrða og takmarkana og í samræmi við gildandi verklagsreglur fyrir áframhaldandi lofthæfi,

   4) „listi yfir lágmarksbúnað (MEL)“: listi (þ.m.t. formálsorð) þar sem kveðið er á um starfrækslu loftfars við tilgreind skilyrði með sérstök mælitæki, búnað eða þætti sem eru óstarfhæf við upphaf flugs. Flugrekandi útbýr listann fyrir eigið loftfar með hliðsjón af skilgreiningu loftfarsins og viðeigandi rekstrar- og viðhaldsskilyrðum í samræmi við verklagsreglur, sem flugmálayfirvöld hafa samþykkt.

b) M-hluti og 145. hluti, sem vísað er til í þessum viðauka, eru úr reglugerð (EB) nr. 2042/2003 frá 20. nóvember 2003 ([1]).

([1]) Stjtíð. ESB L 315, 28.11.2003, bls. 1.

B-KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

OPS 1.005

Almenn ákvæði

a) Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél í flutningaflugi nema í samræmi við 1. hluta OPS. Tilslakanir varðandi starfrækslu á flugvélum í afkastagetuflokki B er að finna í 1. viðbæti við a-lið OPS 1.005.

b) Flugrekandi skal fara að afturvirkum kröfum um lofthæfi sem gilda um flugvélar starfræktar í flutningaflugi.

c) Hver flugvél skal starfrækt samkvæmt skilmálum í lofthæfivottorði hennar og innan marka sem samþykkt eru og tilgreind í flughandbók hennar.

d) Allir flugþjálfar, eins og flughermar eða flugþjálfunartæki sem koma í stað flugvélar við þjálfun og/eða próf, skulu viðurkenndir í samræmi við kröfur sem gilda fyrir flugþjálfa. Flugrekandi, sem hyggst nota slíkan flugþjálfa, verður að fá samþykki flugmálayfirvalda.

OPS 1.020

Lög, reglugerðir og verklagsreglur — ábyrgð flugrekanda

Flugrekandi skal sjá til þess:

1) að öllum starfsmönnum sé gert ljóst að þeim beri að fara að lögum, reglugerðum og verklagsreglum þeirra ríkja þar sem starfsemin fer fram og lúta að framkvæmd skyldustarfa þeirra og

2) að allir flugverjar kunni skil á þeim lögum, reglugerðum og verklagsreglum sem lúta að framkvæmd skyldustarfa þeirra.

OPS 1.025

Sameiginlegt tungumál

a) Flugrekandi skal sjá til þess að allir flugverjar geti tjáð sig á sameiginlegu tungumáli.

b) Flugrekandi skal sjá til þess að allt starfsfólk flugrekstrarsviðs skilji tungumálið sem þeir hlutar flugrekstrarhandbókarinnar, sem lúta að skyldustörfum þeirra og ábyrgð, eru skrifaðir á.

OPS 1.030

Listar yfir lágmarksbúnað — ábyrgð flugrekanda

a) Flugrekandi skal setja saman lista yfir lágmarksbúnað fyrir hverja flugvél sem samþykktur er af flugmálayfirvöldum. Hann skal byggjast á viðeigandi grunnlista yfir lágmarksbúnað (ef hann er til), sem viðurkenndur er af flugmálayfirvöldum, en ekki fela í sér minni takmarkanir en hann.

b) Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél öðruvísi en í samræmi við lista yfir lágmarksbúnað nema hann hafi leyfi flugmálayfirvalda til þess. Þó er starfræksla utan marka grunnlista yfir lágmarksbúnað aldrei heimil.

OPS 1.035

Gæðakerfi

a) Flugrekandi skal koma á fót einu gæðakerfi og tilnefna einn gæðastjóra til að hafa eftirlit með því að tilskilið verklag sé viðhaft til að tryggja öruggar starfsvenjur og lofthæfi flugvéla. Í eftirliti með framkvæmd viðhalds skal vera innbyggt kerfi upplýsingastreymis, sem skilar sér til ábyrgðarmanns (sjá einnig h-lið OPS 1.175), til að tryggja að gerðar séu nauðsynlegar úrbætur.

b) Í gæðakerfinu verður að vera áætlun um gæðatryggingu með verklagsreglum sem miða að því að sannreyna að öll starfræksla fari fram samkvæmt öllum gildandi kröfum, stöðlum og verklagsreglum.

c) Flugmálayfirvöld verða að geta fallist á gæðakerfið og gæðastjórann.

d) Lýsa verður gæðakerfinu í tilheyrandi skjölum.

e) Þrátt fyrir a-lið hér að framan geta flugmálayfirvöld samþykkt að tveir gæðastjórar séu tilnefndir, annar fyrir reksturinn, hinn fyrir viðhald, að því tilskildu að flugrekandinn hafi sett á stofn gæðastjórnunardeild til þess að tryggja að gæðakerfinu sé beitt á sama hátt í öllum rekstrinum.

OPS 1.037

Áætlun um slysavarnir og flugöryggi

a) Flugrekandi skal setja fram og viðhalda áætlun um slysavarnir og flugöryggi sem fella má inn í gæðakerfið, þ.m.t.:

1) áætlanir um að allt starfsfólk í rekstrinum verði vel meðvitað um áhættuþætti sem tengjast rekstrinum og

2) tilkynningakerfi um atvik til að unnt sé að safna saman skýrslum um viðeigandi flugatvik og slys og meta þær til að bera kennsl á óæskilega þróun eða til að bæta úr annmörkum til að tryggja flugöryggi; kerfið skal halda leyndu nafni þess sem gefur skýrsluna og bjóða upp á þann möguleika að skýrslur séu lagðar fram nafnlaust og

3) mat á því hvaða upplýsingar um slys og flugatvik eru áríðandi og koma þeim á framfæri en ekki ákveða hver beri sök og

4) eftirlitsáætlun fyrir flugritagögn að því er varðar flugvélar sem hafa hámarksflugtaksmassa sem er meiri en 27 000 kg. Eftirlit með flugritagögnum (FDM) er notkun stafrænna gagna um venjubundna starfrækslu úr flugi til að bæta flugöryggi; í eftirlitsáætluninni fyrir flugritagögn skulu ekki vera refsiákvæði og í henni skulu vera ákvæði sem vernda heimildarmann eða -menn gagnanna á viðunandi hátt og

5) skipun manns sem ber ábyrgð á stjórnun áætlunarinnar.

b) Tillögur að aðgerðum til úrbóta, sem lagðar eru fram í kjölfar áætlunarinnar um slysavarnir og flugöryggi, skulu vera á ábyrgð þess sem ber ábyrgð á stjórnun áætlunarinnar.

c) Skilvirkni breytinga, sem gerðar eru í kjölfar aðgerða til útbóta sem tilgreindar eru samkvæmt áætluninni um slysavarnir og flugöryggi, skal vera undir eftirliti gæðastjórans.

OPS 1.040

Flugverjar

a) Flugrekandi skal sjá til þess að allir flugliðar og öryggis- og þjónustuliðar hafi verið þjálfaðir í störfum sem þeim eru falin og séu fullfærir um að sinna þeim.

b) Þegar flugverjar, aðrir en öryggis- og þjónustuliðar, sinna störfum sínum í farþegarými flugvélar skal flugrekandi sjá til þess

1) að farþegum sé ljóst hverjir sinna starfi öryggis- og þjónustuliða,

2) að þeir noti ekki tilskilda vinnureiti sem öryggis- og þjónustuliðum hefur verið úthlutað,

3) að þeir hindri ekki öryggis- og þjónustuliða í að sinna störfum sínum.

OPS 1.050

Upplýsingar um leit og björgun

Flugrekandi skal sjá til þ ess að í stjórnklefa sé greiður aðgangur að nauðsynlegum upplýsingum um leitar- og björgunarþjónustu sem snýr að fyrirhuguðu flugi.

OPS 1.055

Upplýsingar um neyðar- og björgunarbúnað um borð

Flugrekandi skal sjá til þ ess að listar með upplýsingum um neyðar- og björgunarbúnað um borð séu tiltækir í öllum flugvélum sínum svo að unnt sé að koma þ eim samstundis til björgunarmiðstöðva. Upplýsingar skulu liggja fyrir, eftir því sem við á, um fjölda, lit og tegund björgunarbáta og neyðarblysa ásamt nákvæmum upplýsingum um sjúkragögn, vatnsbirgðir og tegund og tíðnisvið neyðarhandfjarskiptabúnaðar.

OPS 1.060

Nauðlending á vatni

Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél með samþykktu sætafyrirkomulagi fyrir fleiri en 30 farþega í flugi yfir sjó eða vötnum fjær landi þ ar sem hægt væri að nauðlenda en sem nemur 120 mínútum á farflugshraða eða 400 sjómílum, hvort heldur er skemmra, nema flugvélin uppfylli kröfur gildandi lofthæfireglna um nauðlendingu á vatni.

OPS 1.065

Flutningur vopna og skotfæra til hernaðar

a) Flugrekandi skal ekki flytja vopn eða skotfæri til hernaðar flugleiðis nema fyrir liggi samþykki allra hlutaðeigandi ríkja.

b) Flugrekandi skal sjá til þess að vopn eða skotfæri til hernaðar:

1) séu sett í flugvélina á stað sem farþegar hafa ekki aðgang að meðan á flugi stendur og

2) séu óhlaðin, ef um skotvopn er að ræða, nema öll hlutaðeigandi ríki hafi samþykkt, áður en lagt er í flug, að flytja megi slík vopn og skotfæri til hernaðar við aðstæður sem eru að einhverju eða öllu leyti frábrugðnar því sem um getur í þessum lið.

c) Flugrekandi skal sjá til þ ess að áður en lagt er í flug fái flugstjórinn nákvæma vitneskju um vopn eða skotfæri til hernaðar sem fyrirhugað er að flytja og hvar þau verða geymd um borð.

OPS 1.070

Flutningur sportvopna og skotfæra

a) Flugrekandi skal gera allar réttmætar ráðstafanir til þess að tryggja að hann fái vitneskju um sportvopn sem fyrirhugað er að flytja flugleiðis.

b) Flugrekandi, sem tekur sportvopn til flutnings, skal sjá til þess:

1) að þau séu geymd í flugvélinni á stað sem farþegar hafa ekki aðgang að meðan á flugi stendur, nema flugmálayfirvöld hafi ákvarðað að ekki sé unnt að framfylgja þessari reglu og hafi viðurkennt að aðrar verklagsreglur gætu gilt og

2) að þau séu óhlaðin, ef um skotvopn er að ræða eða önnur vopn sem hægt er að geyma skotfæri í án þess að þau séu hlaðin.

c) Flytja má skotfæri í sportvopn í skráðum farþegafarangri, með fyrirvara um vissar takmarkanir, í samræmi við Tæknilegu fyrirmælin (sjá 5. lið b-liðar OPS 1.1160) eins og skilgreint er í 15. lið. a-liðar OPS 1.1150.

OPS 1.075

Aðferðir við fólksflutninga

Flugrekandi skal gera allar ráðstafanir til að tryggja að ekki sé neinn í þeim hluta flugvélar, sem er ekki hannaður sem verustaður fyrir fólk meðan á flugi stendur, nema flugstjórinn hafi veitt tímabundna aðgangsheimild:

1) til þess að gera ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru fyrir öryggi flugvélarinnar eða fólks, skepna eða varnings í flugvélinni eða

2) þar sem farmur eða birgðir eru geymdar þannig að þær séu aðgengilegar fyrir fólk meðan á flugi stendur.

OPS 1.080

Hér á að vera eyða

OPS 1.085

Ábyrgð áhafnar

a) Flugverji skal bera ábyrgð á réttri framkvæmd þeirra starfa sinna:

1) sem tengjast öryggi flugvélarinnar og þeirra sem í henni eru og

2) sem tilgreind eru í leiðbeiningunum og verklagsreglunum í flugrekstrarhandbókinni.

b) Flugverji skal:

1) gefa flugstjóra skýrslu um hvers kyns annmarka, bilanir, ólag eða galla, sem hann telur að geti haft áhrif á lofthæfi eða öryggi starfrækslu flugvélarinnar, að meðtöldum neyðarkerfum,

2) gefa flugstjóranum skýrslu um öll flugatvik sem stofna eða gætu stofnað öryggi starfrækslunnar í hættu,

3) nýta sér tilkynningarkerfi flugrekanda um atvik í samræmi við 2. lið. a-liðar OPS 1.037. Í öllum tilvikum skal viðkomandi flugstjóri fá afrit af skýrslunni.

c) Ekkert í b-lið hér að framan skal skuldbinda flugverja að gefa skýrslu um atvik sem annar flugverji hefur þegar gefið skýrslu um.

d) Flugverji skal ekki gegna skyldustörfum um borð í flugvél:

1) undir áhrifum lyfja sem kunna að hafa áhrif á andlega og líkamlega getu hans og stofna öryggi í hættu,

2) eftir djúpköfun, nema að hæfilegum tíma liðnum,

3) eftir blóðgjöf, nema að hæfilegum tíma liðnum,

4) ef viðeigandi heilbrigðiskröfur eru ekki uppfylltar eða ef hann er í einhverjum vafa um að geta sinnt skyldustörfum sínum eða

5) ef hann veit eða grunar að hann sé haldinn ofþreytu eða finnst hann vera svo ófær til vinnu að hann geti stofnað fluginu í hættu.

e) Flugverji skal uppfylla viðeigandi kröfur um neyslu áfengis, sem flugrekandi setur og flugmálayfirvöld telja viðunandi og skulu þær ekki fela í sér minni takmarkanir en eftirfarandi:

1) ekki skal neyta áfengis síðustu átta klukkustundirnar fyrir tilgreindan mætingartíma á flugvakt eða upphaf bakvaktar,

2) vínandamagn í blóði skal ekki vera yfir 0,2 prómillum við upphaf flugvaktar,

3) hvorki skal neyta áfengis á flugvakt né bakvakt.

f) Flugstjóri:

1) skal vera ábyrgur fyrir öryggi allra flugverja, farþega og farmi um borð frá því að hann kemur um borð og þangað til að hann fer frá borði flugvélarinnar við lok flugs,

2) skal vera ábyrgur fyrir starfrækslu og öryggi flugvélarinnar frá því að flugvélin er fyrst reiðubúin til hreyfingar til aksturs fyrir flugtak þar til að hún nemur staðar við lok flugs og drepið hefur verið á hreyfli eða hreyflum sem notaðir eru sem aðalhreyflar,

3) hefur vald til að gefa allar þær skipanir sem hann telur nauðsynlegar til að tryggja öryggi flugvélarinnar og fólks eða eigna um borð,

4) hefur vald til þess að vísa frá borði fólki, eða hvaða hluta farmsins sem er, sem að hans áliti gæti stofnað öryggi flugvélarinnar eða þeirra, sem í henni eru, í hættu,

5) skal ekki leyfa að fólk, sem virðist vera undir svo miklum áhrifum áfengis eða lyfja að það geti stofnað öryggi flugvélarinnar eða þeirra sem í henni eru í hættu, sé flutt með flugvélinni,

6) hefur rétt til að neita að flytja óæskilega farþega, menn sem er vísað úr landi eða gæslufanga, ef flutningur þeirra gæti stofnað öryggi flugvélarinnar, eða þeirra sem í henni eru, í hættu,

7) skal sjá til þess að allir farþegar fái upplýsingar um staðsetningu neyðarútganga og um geymslustaði og notkun öryggis- og neyðarbúnaðar,

8) skal sjá til þess að öllum verklagsreglum og gátlistum sé fylgt samkvæmt flugrekstrarhandbók,

9) skal ekki leyfa flugverja að starfa neitt annað en nauðsynlegt er til að tryggja örugga starfrækslu flugvélarinnar meðan á flugtaki, frumklifri, lokaaðflugi og lendingu stendur,

10) skal ekki leyfa:

i. að flugriti sé gerður óvirkur, að slökkt sé á honum eða þurrkað út af honum á flugi og ekki heldur skal hann heimila að skráð gögn séu þurrkuð út að flugi loknu verði slys eða flugatvik sem skylt er að gefa skýrslu um,

ii. að hljóðriti sé gerður óvirkur eða að slökkt sé á honum á flugi nema hann telji að geyma beri skráðu gögnin, sem annars væru þurrkuð út sjálfvirkt, til að nota við rannsókn á flugatviki eða slysi, og ekki heldur skal hann leyfa að skráð gögn séu þurrkuð út handvirkt á meðan á flugi stendur eða að loknu flugi, verði slys eða flugatvik sem skylt er að gefa skýrslu um,

11) ákveður hvort hann taki við flugvél með óstarfhæfan búnað sem er þó leyfilegt að sé óstarfhæfur samkvæmt lista yfir leyfð frávik frá ytri búnaði loftfars fyrir flug (CDL) eða lista yfir lágmarksbúnað og

12) skal ganga úr skugga um að fyrirflugsskoðun hafi farið fram.

g) Í neyðartilvikum, þegar nauðsynlegt er að ákvarðanir séu teknar og brugðist við í skyndingu, skal flugstjórinn, eða sá flugmaður sem hefur verið falin stjórn flugsins, gera allt sem hann telur rétt að gera miðað við aðstæður. Í slíkum tilvikum er honum heimilt í öryggisskyni að víkja frá reglum, verklagsreglum og vinnuaðferðum.

OPS 1.090

Valdsvið flugstjóra

Flugrekandi skal gera allar réttmætar ráðstafanir til að tryggja að allir, sem í flugvélinni eru, hlýði lögmætum fyrirskipunum flugstjórans sem miða að því að tryggja öryggi flugvélarinnar og fólks eða eigna um borð.

OPS 1.095

Heimild til að aka flugvél

Flugrekandi skal gera allar réttmætar ráðstafanir til að tryggja að flugvél í umsjá hans sé ekki ekið á athafnasvæði flugvallar af öðrum en flugliða nema að sá sem situr við stýrið:

1) hafi fengið viðeigandi heimild frá flugrekanda eða tilnefndum fulltrúa og sé hæfur til:

   i. að aka flugvélinni,

   ii. að nota talstöð og

2) hafi fengið kennslu að því er varðar skipulag flugvallar, leiðir, skilti, merkingar, ljós, merki frá flugumferðarstjórn og leiðbeiningar, orðfæri og verklagsreglur og geti farið að stöðlum fyrir starfrækslu sem krafist er fyrir örugga hreyfingu flugvélar á flugvelli.

OPS 1.100

Aðgangur að stjórnklefa

a) Flugrekandi skal sjá til þess að engir aðrir en flugliðar, sem skráðir eru í flugið, fari inn í stjórnklefann, eða séu fluttir í stjórnklefa, nema viðkomandi:

   1) sé starfandi flugverji,

   2) sé fulltrúi flugmálayfirvalda, sem bera ábyrgð á veitingu skírteina eða leyfa svo og eftirliti, þurfi hann þess með til að gegna opinberum skyldustörfum sínum,

   3) hafi leyfi til þess samkvæmt flugrekstrarhandbókinni og sé fluttur í samræmi við fyrirmælin í henni.

b) Flugstjórinn skal sjá til þess:

   1) í öryggisskyni, að koma í stjórnklefa valdi ekki ónæði og/eða trufli ekki flugstörfin og

   2) að öllum, sem fluttir eru í stjórnklefa, séu kynntar þær öryggisreglur sem við eiga.

c) Flugstjórinn tekur endanlega ákvörðum um að heimila aðgang að stjórnklefanum.

OPS 1.105

Óheimill flutningur

Flugrekandi skal gera allar réttmætar ráðstafanir til að tryggja að enginn geti leynst eða falið farm um borð í flugvél.

OPS 1.110

Handrafeindatæki

Flugrekandi skal ekki heimila neinum, sem er um borð í flugvél, notkun handrafeindatækja sem geta haft truflandi áhrif á afköst flugvélakerfa og búnaðar og skal hann gera allar réttmætar ráðstafanir til þess að tryggja að þau séu ekki notuð.

OPS 1.115

Áfengi og lyf

Flugrekandi skal ekki heimila neinum að fara inn eða vera í flugvél, og gera allar réttmætar ráðstafanir til þess að tryggja að enginn fari inn eða sé í flugvél, undir áhrifum áfengis eða lyfja í þeim mæli að það stofni öryggi flugvélarinnar eða þeirra sem í henni eru í hættu.

OPS 1.120

Öryggi stofnað í hættu

Flugrekandi skal gera allar réttmætar ráðstafanir til að tryggja að enginn aðhafist eða láti vera að aðhafast, af gáleysi eða kæruleysi, neitt það sem:

1) gæti stofnað flugvél eða þeim sem í henni eru í hættu,

2) gæti valdið því að flugvél stofni fólki eða eignum í hættu.

OPS 1.125

Skjöl sem skulu vera um borð

a) Flugrekandi skal sjá til þess að eftirfarandi skjöl eða afrit af þeim séu um borð í hverju flugi:

   1) skráningarskírteini,

   2) lofthæfivottorð,

   3) frumrit eða afrit af hljóðstigsvottorði (ef við á) ásamt enskri þýðingu ef flugmálayfirvöld, sem bera ábyrgð á útgáfu hljóðstigsvottorðsins, hafa lagt hana fram,

   4) frumrit eða afrit af flugrekandaskírteini,

   5) talstöðvarskírteini loftfars og

   6) frumrit eða afrit af ábyrgðartryggingarskírteini loftfars.

b) Allir flugliðar skulu í hverju flugi hafa með sér gilt flugliðaskírteini með viðeigandi áritun eða áritunum sem gilda í því flugi.

OPS 1.130

Handbækur sem skulu vera um borð

Flugrekandi skal sjá til þess:

1) að þeir hlutar flugrekstrarhandbókar, sem varða skyldustörf áhafnar, séu um borð í hverju flugi, og séu í gildi,

2) að þeir hlutar flugrekstrarhandbókar, sem nota þarf við framkvæmd flugsins, séu auðveldlega tiltækir áhöfninni um borð og

3) að gildandi flughandbók flugvélarinnar sé um borð, nema flugmálayfirvöld hafi viðurkennt að í flugrekstrarhandbókinni, sem mælt er fyrir um í B-hluta 1. viðbætis við OPS 1.1045, séu upplýsingar sem eiga við þá flugvél.

OPS 1.135

Viðbótarupplýsingar og eyðublöð sem skulu vera um borð

a) Flugrekandi skal sjá til þess að til viðbótar þeim skjölum og handbókum, sem mælt er fyrir um í OPS 1.125 og OPS 1.130, séu eftirfarandi upplýsingar og eyðublöð, er varða viðkomandi tegund flugs og flugsvæði, um borð í hverju flugi:

1) leiðarflugáætlun þar sem koma fram a.m.k. þær upplýsingar sem krafist er í OPS 1.1060,

2) tækniflugbók flugvélar þar sem koma fram a.m.k. þær upplýsingar sem krafist er í lið M.A. 306 í M-hluta,

3) nákvæm sundurliðun á skráðri flugáætlun fyrir flugumferðarþjónustuna (ATS),

4) viðeigandi upplýsingar til flugmanna (NOTAM/AIS),

5) viðeigandi upplýsingar um veður,

6) massa- og jafnvægisskrár sem tilgreindar eru í J-kafla,

7) tilkynningar um sérstaka flokka farþega, t.d. öryggisverði, ef þeir teljast ekki til áhafnar, fatlað fólk, óæskilega farþega, menn sem vísað er úr landi og gæslufanga,

8) tilkynningar um sérstakan farm, t.d. hættulegan varning, með skriflegum upplýsingum handa flugstjóranum, eins og kveðið er á um í c-lið OPS 1.1215,

9) gildandi landabréf og kort og tilheyrandi skjöl, eins og mælt er fyrir um í 7. lið. b-liðar OPS 1.290,

10) önnur skjöl sem ríki, sem eiga hlut að máli í viðkomandi flugi, kunna að krefjast eins og farmskrá, farþegaskrá o. fl. og

11) eyðublöð sem skylt er að skila til flugmálayfirvalda og flugrekanda.

b) Flugmálayfirvöld geta heimilað að upplýsingarnar, sem um getur í a-lið hér að framan, séu lagðar fram í öðru formi en prentuðu. Það þarf að vera tryggt að þær séu auðveldlega tiltækar, nothæfar og áreiðanlegar.

OPS 1.140

Upplýsingar sem haldið er eftir á jörðu niðri

a) Flugrekandi skal sjá til þess:

a.m.k. á meðan hver flugferð eða röð ferða stendur yfir:

i. að upplýsingar, er varða flugferðina og eiga við um þá tegund flugrekstrar sem fer fram, séu geymdar á jörðu niðri og

ii. að upplýsingunum sé haldið eftir á þeim stað þar sem þær verða geymdar uns gert hefur verið eftirrit af þeim, í samræmi við OPS 1.1065, eða, ef það er óframkvæmanlegt,

iii. að sömu upplýsingar fari með flugvélinni í eldtraustum kassa.

b) Til þeirra upplýsinga, sem um getur í a-lið hér að framan, teljast m.a.:

1) afrit af leiðarflugáætlun, ef við á,

2) afrit af viðeigandi hlutum tækniflugbókar flugvélarinnar,

3) upplýsingar til flugmanna er varða leiðina sérstaklega, hafi flugrekandi gefið út slíkar upplýsingar,

4) massa- og jafnvægisskrár, ef þess er krafist (samanber OPS 1.625) og

5) tilkynningar um sérstakan farm.

OPS 1.145

Umboð til skoðunar

Flugrekandi skal sjá til þess að hver sá sem hefur til þess umboð flugmálayfirvalda fái hvenær sem er að fara um borð og fljúga í flugvél, sem starfrækt er í samræmi við flugrekandaskírteini sem flugmálayfirvöld hafa gefið út, og fara inn og vera í stjórnklefanum, að því tilskildu að flugstjórinn geti synjað um aðgang að stjórnklefa ef öryggi flugvélarinnar væri með því stofnað í hættu að hans áliti.

OPS 1.150

Framvísun skjala og skráa

a) Flugrekandi skal:

1) veita hverjum þ eim sem hefur til þ ess umboð flugmálayfirvalda aðgang að skjölum og skrám sem tengjast flugrekstrinum eða viðhaldi og

2) framvísa, innan eðlilegra tímamarka, öllum slíkum skjölum og skrám ef flugmálayfirvöld krefjast þess.

b) Flugstjórinn skal framvísa þ eim skjölum sem skylt er að hafa um borð til þ ess sem óskar þ ess í umboði flugmálayfirvalda, innan eðlilegra tímamarka frá því að farið er fram á það.

OPS 1.155

Varðveisla skjala

Flugrekandi skal sjá til þess:

1) að frumrit eða afrit af skjölum, sem honum er skylt að varðveita, séu varðveitt eins lengi og krafist er, jafnvel þótt hann sé ekki lengur flugrekandi flugvélarinnar og

2) að þegar flugverji, þar sem flugrekandi hefur haldið skrá yfir flugvaktir, vinnu- og hvíldartíma hans, gerist flugverji hjá öðrum flugrekanda fái nýi flugrekandinn aðgang að skránni.

OPS 1.160

Varðveisla, framvísun og notkun á upptökum ferðrita

a) Varðveisla á upptökum:

1) Ef slys ber að höndum skal flugrekandi flugvélar, sem búin er ferðrita, varðveita í 60 daga, eftir því sem framast er unnt, frumrit skráðra gagna um slysið eins og þau voru í flugritanum, nema rannsóknaryfirvöld fyrirskipi annað.

2) Hafi orðið flugatvik, sem skylt er að gefa skýrslu um og hafi flugmálayfirvöld ekki veitt leyfi til annars, skal flugrekandi flugvélar, sem búin er ferðrita, varðveita í 60 daga, eftir því sem framast er unnt, frumrit skráðra gagna um flugatvikið eins og þau voru í ferðritanum, nema rannsóknaryfirvöld fyrirskipi annað.

3) Auk þessa skal flugrekandi flugvélar, sem búin er ferðrita, varðveita frumrit skráðra gagna í 60 daga ef flugmálayfirvöld krefjast þess nema rannsóknaryfirvöld fyrirskipi annað.

4) Þegar þess er krafist að flugvél sé búin flugrita ber flugrekanda sem starfrækir þá flugvél:

i. að geyma upptökurnar þann hluta starfrækslutímans, sem krafist er samkvæmt OPS 1.715, 1.720 og 1.725 nema þegar flugriti er prófaður eða honum viðhaldið en þá er heimilt að þurrka út allt nema einn klukkutíma af upptökunum sem elstar eru þegar prófun fer fram og

ii. að halda eftir skjali þar sem koma fram upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að endurheimta varðveitt tölvugögn og umbreyta þeim í tækniupplýsingar.

b) Upptökum framvísað

Flugrekanda flugvélar, sem búin er ferðrita, ber að framvísa öllum upptökum úr ferðritanum, sem tiltækar eru eða hafa verið varðveittar, innan eðlilegs tíma frá því að flugmálayfirvöld óskuðu þess.

c) Notkun á upptökum:

1) Upptökur úr hljóðrita má ekki nota í öðrum tilgangi en að rannsaka slys eða flugatvik, sem skylt er að gefa skýrslu um, nema með samþykki allra hlutaðeigandi flugverja.

2) Upptökur úr flugrita má ekki nota í öðrum tilgangi en að rannsaka slys eða flugatvik, sem skylt er að gefa skýrslu um, nema slíkar upptökur:

i. séu eingöngu notaðar af flugrekandanum vegna atriða er varða lofthæfi eða viðhald flugvélar eða

ii. séu brenglaðar svo að ekki verði borin kennsl á neinn eða

iii. séu kunngerðar í samræmi við leyndarreglur.

OPS 1.165

Leiga

a) Orðskýringar

Í þessum lið er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) Tómaleiga (dry lease): Þegar flugvél er starfrækt samkvæmt flugrekandaskírteini leigutaka.

2) Þjónustuleiga (wet lease): Þegar flugvél er starfrækt samkvæmt flugrekandaskírteini leigusala.

b) Flugvélar leigðar milli flugrekenda í Bandalaginu

1) Þjónustuútleiga. Flugrekandi í Bandalaginu, sem leigir öðrum flugrekanda í Bandalaginu flugvél með allri áhöfn, í samræmi við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2407/92 frá 23. júlí 1992 um veitingu flugrekstrarleyfa til handa flugfélögum ([1]) og gegnir áfram öllum störfum og ber ábyrgð eins og lýst er í C-kafla, telst áfram vera rekandi flugvélarinnar.

2) Öll leiga nema þjónustuútleiga

i. Með fyrirvara um 1. lið. b-liðar hér að framan þarf flugrekandi í Bandalaginu, sem notar flugvél annars flugrekanda í Bandalaginu eða veitir öðrum flugrekanda í Bandalaginu afnot af flugvél sinni, fyrst að fá samþykki eigin flugmálayfirvalda fyrir rekstrinum. Öll skilyrði, sem eru hluti af samþykkinu, skulu einnig koma fram í leigusamningnum.

([1]) Stjtíð. EB L 240, 24.8.1992, bls. 1.

ii. Þau atriði leigusamninga, sem hafa hlotið samþykki flugmálayfirvalda, annarra en leigusamninga um flugvél með allri áhöfn án þess að fyrirhugaðar séu breytingar á störfum og ábyrgð, skulu, að því er varðar flugvélina sem leigð er, teljast vera breytingar á flugrekandaskírteini fyrir þann flugrekstur sem fyrirhugaður er.

c) Leiga flugvéla milli flugrekanda í Bandalaginu og fyrirtækis sem er ekki flugrekandi í Bandalaginu:

1) Tekið á tómaleigu (dry lease-in)

i. Flugrekandi í Bandalaginu skal ekki taka flugvél á tómaleigu hjá fyrirtæki sem er ekki flugrekandi í Bandalaginu nema að fengnu samþykki flugmálayfirvalda. Öll skilyrði, sem eru hluti af samþykkinu, skulu einnig koma fram í leigusamningnum.

ii. Flugrekandi í Bandalaginu skal sjá til þess, að því er varðar flugvélar sem teknar eru á tómaleigu, að öll frávik frá kröfunum, sem mælt er fyrir um í K- og L- kafla og/eða b-lið OPS 1.005, séu tilkynnt til flugmálayfirvalda og að flugmálayfirvöld geti fallist á þau.

2) Tekið á þjónustuleigu (wet lease-in)

i. Flugrekandi í Bandalaginu skal ekki taka flugvél á þ jónustuleigu hjá fyrirtæki sem er ekki flugrekandi í Bandalaginu nema að fengnu samþykki flugmálayfirvalda.

ii. Flugrekandi í Bandalaginu skal sjá til þess, að því er varðar flugvélar sem eru teknar á þjónustuleigu:

A) að öryggisstaðlar leigusala, að því er varðar viðhald og starfrækslu, séu sambærilegir við þá öryggisstaðla sem ákvarðaðir eru með þessari reglugerð,

B) að leigusali sé flugrekandi sem hafi flugrekandaskírteini, gefið út af ríki sem hefur skrifað undir Chicago-samninginn,

C) að flugvélin hafi staðlað lofthæfivottorð, gefið út í samræmi við 8. viðauka Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO). stöðluð lofthæfivottorð, gefin út af öðru aðildarríki en ríkinu sem ber ábyrgð á útgáfu flugrekandaskírteinisins, verða viðurkennd ef þau eru gefin út í samræmi við 21.hluta og

D) að farið sé að reglum sem gilda hjá flugmálayfirvöldum leigutakans.

3) Tómaútleiga (dry lease-out)

Flugrekanda í Bandalaginu er heimilt að leigja út flugvél í tómaleigu til flutningaflugs til hvers flugrekanda sem er í ríki sem hefur skrifað undir Chicago-samninginn, að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

A) að flugmálayfirvöld hafi veitt flugrekandanum undanþágu frá þar að lútandi ákvæðum 1. hluta OPS og, eftir að eftirlitsyfirvald í hlutaðeigandi ríki hefur skriflega viðurkennt ábyrgð sína á eftirliti með viðhaldi og rekstri flugvélarinnar/flugvélanna og að flugrekandinn, sem leigir út, hafi strikað flugvélina út af flugrekandaskírteini sínu og

B) að viðhald flugvélarinnar fari fram eftir samþykktri viðhaldsáætlun.

4) Þjónustuútleiga

Flugrekandi í Bandalaginu, sem leigir öðru fyrirtæki flugvél með allri áhöfn, í samræmi við reglugerð (EBE) nr. 2407/92, og gegnir áfram öllum störfum og ábyrgð, sem lýst er í C-kafla, telst áfram vera rekandi flugvélarinnar.

1. viðbætir við a-lið OPS 1.005

Starfræksla flugvéla í afkastagetuflokki B

a) Orðskýringar:

1) Starfræksla A til A — Flugtak og lending fer fram á sama stað.

2) Starfræksla A til B — Flugtak og lending fer fram á mismunandi stöðum.

3) Nótt — Klukkustundirnar á milli loka ljósaskipta að kvöldi og að upphafi ljósaskipta að morgni eða annað slíkt tímabil milli sólseturs og sólarupprásar sem viðkomandi yfirvöld geta mælt fyrir um.

b) Starfræksla, sem þessi viðbætir nær til, má fara fram í samræmi við eftirfarandi tilslakanir.

1) OPS 1.035 gæðakerfi: Þegar um er að ræða mjög lítinn flugrekanda má tilnefndur yfirmaður gegna stöðu gæðastjóra ef utanaðkomandi úttektarmenn eru notaðir. Þetta á einnig við þar sem ábyrgðarmaðurinn gegnir einni eða fleiri yfirmannsstöðum sem tilnefnt er í.

2) Frátekið til notkunar síðar

3) OPS 1.075 Aðferðir við fólksflutninga: Ekki krafist fyrir sjónflug eins hreyfils flugvéla.

4) OPS 1.100 Aðgangur að stjórnklefa:

i. Flugrekandi skal setja reglur um flutning farþega í flugmannssæti.

ii. Flugstjórinn skal sjá til þess:

A) að flutningur farþega í flugmannssæti valdi ekki ónæði og/eða truflun á flugstörfum og

B) að farþega, sem situr í flugmannssæti, séu kynntar þær takmarkanir og öryggisreglur sem við eiga.

5) OPS 1.105 Óheimill flutningur: Ekki krafist fyrir sjónflug eins hreyfils flugvéla.

6) OPS 1.135 Viðbótarupplýsingar og eyðublöð sem skulu vera um borð:

i. Eftirfarandi skjöl þurfa ekki að vera um borð fyrir sjónflug eins hreyfils flugvéla frá A til A að degi til:

A) leiðarflugáætlun,

B) tækniflugbók flugvélar,

C) upplýsingar til flugmanna,

D) veðurupplýsingar,

E) tilkynningar um sérstaka flokka farþega ... o.s.frv. og

F) tilkynningar um sérstakan farm, t.d. hættulegan varning ... o.s.frv.

ii. Í sjónflugi eins hreyfils flugvéla frá A til B að degi til þurfa ekki að vera tilkynningar um sérstaka flokka farþega eins og lýst er í 7. lið a-liðar OPS 1.135.

iii. Í sjónflugi að degi til frá A til B má leiðarflugáætlunin vera af einfaldaðri gerð og verður hún að uppfylla þarfir þeirrar tegundar flugrekstrar sem fer fram.

7) OPS 1.215 Notkun flugumferðarþjónustu: Í sjónflugi eins hreyfils flugvéla að degi til skal halda sambandi við flugumferðarþjónustu, að því marki sem við á miðað við eðli flugrekstrarins, þó að það sé ekki lögboðið. Tryggja verður að leitar- og björgunarþjónusta sé til staðar í samræmi við OPS 1.300.

8) OPS 1.225 Flugvallarlágmörk: Stöðluð sjónflugslágmörk uppfylla venjulega þessa kröfu fyrir sjónflug. Þegar nauðsyn krefur skal flugrekandi tilgreina viðbótarkröfur þar sem tekið er tillit til þátta eins og talstöðvardrægis, landslags, hvers eðlis staðir til flugtaks og lendingar eru, flugskilyrða og getu flugumferðarþjónustu.

9) OPS 1.235 Verklagsreglur um hávaðamildun: Á ekki við fyrir sjónflug eins hreyfils flugvéla.

10) OPS 1.240 Flugleiðir og flugsvæði:

Ákvæði 1. liðar. a-liðar eiga ekki við um sjónflug eins hreyfils flugvéla að degi til frá A til A.

11) OPS 1.250 Lágmarksflughæðir ákveðnar:

Þessi krafa gildir um sjónflug að degi til sem hér segir. Flugrekandi skal sjá til þess að flugrekstur fari aðeins fram á flugleiðum eða svæðum þar sem hægt er að halda öruggu hindranabili yfir landi og skal taka tillit til þátta eins og hitastigs, landslags, óhagstæðs veðurs (t.d. mikillar ókyrrðar og niðurstreymis, leiðréttinga vegna frávika frá staðalgildum hita og þrýstings).

12) OPS 1.255 Viðmiðunarreglur um eldsneytisútreikninga:

i. Fyrir flug frá A til A — Flugrekandi skal tilgreina það lágmarksmagn eldsneytis sem verður að vera til staðar þegar flugi lýkur. Lágmarksneyðareldsneyti skal ekki vera minna en það magn sem þarf til að fljúga í 45 mínútur.

ii. Fyrir flug frá A til B — Flugrekandi skal sjá til þess að við útreikninga á þörf á nýtanlegu eldsneyti fyrir flug sé eftirfarandi talið með:

A) eldsneyti til aksturs — eldsneyti sem notað er fyrir flugtak ef það er verulegt og

B) eldsneyti til flugs (eldsneyti til að ná til ákvörðunarstaðar) og

C) varaeldsneyti –

1) viðlagaeldsneyti —

eldsneyti sem er ekki minna en 5% af áætluðu eldsneyti til flugs eða, ef flugáætlun er breytt á flugi, 5% af eldsneyti til að ljúka fluginu og

2) neyðareldsneyti —

eldsneyti til að fljúga í 45 mínútur til viðbótar (strokkhreyflar) eða 30 mínútur (hverfihreyflar) og

D) eldsneyti til varaflugvallar —

eldsneyti til að ná til varaflugvallar um ákvörðunarstað ef varaflugvallar ákvörðunarstaðar er krafist og

E) aukaeldsneyti —

eldsneyti sem flugstjóri kann að krefjast til viðbótar við það sem krafist er samkvæmt a- til d-lið hér að framan.

13) OPS 1.265 Flutningur óæskilegra farþega, manna sem vísað er úr landi eða gæslufanga: Að því er varðar sjónflug eins hreyfils flugvéla, þar sem ekki er ætlunin að flytja óæskilega farþega, menn, sem vísað er úr landi, eða gæslufanga, þarf flugrekandi ekki að setja verklagsreglur um flutning slíkra farþega.

14) OPS 1.280 Skipan farþega í sæti: Á ekki við um sjónflug eins hreyfils flugvéla.

15) OPS 1.285 Upplýsingar til farþega: Sýnikennsla skal fara fram og upplýsingar skulu gefnar farþegum eins og við á eftir tegund flugsins. Í flugi með einum flugmanni má ekki úthluta flugmanninum verkefnum sem trufla hann á flugvaktinni.

16) OPS 1.290 Undirbúningur flugs:

i. Leiðarflugáætlun fyrir rekstur frá A til A — Ekki krafist.

ii. Rekstur frá A til B samkvæmt reglum um sjónflug að degi til — flugrekandi skal sjá til þess að leiðarflugáætlun af einfaldaðri gerð, sem er viðeigandi fyrir viðkomandi tegund starfrækslu, sé gerð fyrir hvert flug.

17) OPS 1.295 Val á flugvöllum: Á ekki við um sjónflug. Nauðsynlegar leiðbeiningar um notkun flugvalla og staða til flugtaks og lendingar skulu gefnar út með vísun til OPS 1.220.

18) OPS 1.310 Flugverjar í vinnureitum:

Að því er varðar sjónflug er leiðbeininga um þetta efni aðeins krafist þegar um flug með tveimur flugmönnum er að ræða.

19) OPS 1.375 Eftirlit og stjórnun eldsneytisnotkunar á flugi:

Þess er ekki krafist að 1. viðbætir við OPS 1.375 nái til sjónflugs eins hreyfils flugvéla að degi til.

20) OPS 1.405 Byrjun og framhald á aðflugi:

Á ekki við um sjónflug.

21) OPS 1.410 Verklagsreglur í flugi — hæð yfir þröskuldi:

Á ekki við um sjónflug.

22) OPS 1.430 til 1.460 að meðtöldum viðbætum:

Á ekki við um sjónflug.

23) OPS 1.530 Flugtak:

i. Ákvæði a-liðar gilda með eftirfarandi viðbót. Flugmálayfirvöld geta í einstökum tilvikum samþykkt önnur gögn um afkastagetu sem flugrekandi framvísar og sem byggjast á sýndri afkastagetu og/eða skjalfestri reynslu. Ákvæði b- og c-liða gilda með eftirfarandi viðbót. Þegar ekki er hægt að uppfylla kröfur í þessum lið vegna efnislegra takmarkana, sem tengjast því að lengja flugbrautina og skýrir almannahagsmunir og nauðsyn liggja til grundvallar starfrækslunni, geta flugmálayfirvöld, í einstökum tilvikum, samþykkt önnur gögn um afkastagetu sem stangast ekki á við flughandbók flugvélarinnar og tengjast sérstökum verklagsreglum sem flugrekandi útbýr og byggjast á sýndri afkastagetu og/eða skjalfestri reynslu.

ii. Flugrekandi, sem óskar þess að starfrækja flugvél í samræmi við i. lið, verður fyrst að hafa samþykki flugmálayfirvaldanna sem gáfu flugrekandaskírteinið út. Í slíku samþykki skal:

A) tilgreina tegund flugvélar,

B) tilgreina tegund starfrækslu,

C) tilgreina flugvöll eða flugvelli og viðkomandi flugbrautir,

D) takmarka flugtak við sjónflugsskilyrði,

E) tilgreina starfsréttindi áhafnar og

F) skal það takmarkast við flugvélar þar sem fyrsta tegundarvottorð var gefið út fyrir 1. janúar 2005.

iii. Ríkið, þar sem flugvöllurinn er staðsettur, verður að samþykkja starfræksluna.

24) OPS 1.535 Hindranabil við flugtak — fjölhreyfla flugvélar:

i. Ákvæði a- liðar (3., 4. og 5. liður), b-liðar (2. liður), c-liðar (1. og 2. liður) og viðbætirinn eiga ekki við um sjónflug að degi til.

ii. Að því er varðar blindflug og sjónflug að degi til gilda b- og c-liðir með eftirfarandi breytingum.

A) Þegar flugskyggni er 1500 m eða meira telst vera hægt að fylgja ferli eftir kennileitum.

B) Þegar flugskyggni er 1500 m eða meira er hámarksbreidd hindranalauss svæðis, sem krafist er, 300 m.

25) OPS 1.545 Lending – ákvörðunarflugvellir og varaflugvellir:

i. Liðurinn gildir með eftirfarandi viðbót. Þegar ekki er hægt að uppfylla kröfur í þessum lið vegna efnislegra takmarkana, sem tengjast því að lengja flugbrautina og skýrir almannahagsmunir og nauðsyn liggja til grundvallar starfrækslunni, geta flugmálayfirvöld, í einstökum tilvikum, samþykkt önnur gögn um afkastagetu sem stangast ekki á við flughandbók flugvélarinnar og tengjast sérstökum verklagsreglum sem flugrekandi útbýr og byggjast á sýndri afkastagetu og/eða skjalfestri reynslu.

ii. Flugrekandi, sem óskar þess að starfrækja flugvél í samræmi við i. lið, verður að hafa fyrirframsamþykki flugmálayfirvaldanna sem gáfu flugrekandaskírteinið út. Í slíku samþykki skal:

A) tilgreina tegund flugvélar,

B) tilgreina tegund starfrækslu,

C) tilgreina flugvöll eða flugvelli og viðkomandi flugbrautir,

D) takmarka aðflug og lendingu við sjónflugsskilyrði,

E) tilgreina starfsréttindi áhafnar og

F) skal það takmarkast við flugvélar þar sem fyrsta tegundarvottorð var gefið út fyrir 1. janúar 2005.

iii. Ríkið, þar sem flugvöllurinn er staðsettur, verður að samþykkja starfræksluna.

26) OPS 1.550 Lending — þurrar flugbrautir:

i. Liðurinn gildir með eftirfarandi viðbót. Þegar ekki er hægt að uppfylla kröfur í þessum lið vegna efnislegra takmarkana, sem tengjast því að lengja flugbrautina og skýrir almannahagsmunir og nauðsyn liggja til grundvallar starfrækslunni, geta flugmálayfirvöld, í einstökum tilvikum, samþykkt önnur gögn um afkastagetu, sem stangast ekki á við flughandbók flugvélarinnar og tengjast sérstökum verklagsreglum sem flugrekandi útbýr og byggjast á sýndri afkastagetu og/eða skjalfestri reynslu.

ii. Flugrekandi, sem óskar þess að starfrækja flugvél í samræmi við i. lið, verður að hafa fyrirframsamþykki flugmálayfirvaldanna sem gáfu flugrekandaskírteinið út. Í slíku samþykki skal:

A) tilgreina tegund flugvélar,

B) tilgreina tegund starfrækslu,

C) tilgreina flugvöll eða flugvelli og viðkomandi flugbrautir,

D) takmarka aðflug og lendingu við sjónflugsskilyrði,

E) tilgreina starfsréttindi áhafnar og

F) skal það takmarkast við flugvélar þar sem fyrsta tegundarvottorð var gefið út fyrir 1. janúar 2005.

iii. Ríkið, þar sem flugvöllurinn er staðsettur, verður að samþykkja starfræksluna.

27) Frátekið til notkunar síðar.

28) OPS 1.650 Sjónflug að degi til:

Liður 1.650 gildir með eftirfarandi viðbót. Flugmálayfirvöld mega veita eins hreyfils flugvélum með lofthæfivottorð, sem gefið var út í fyrsta sinn fyrir 22. maí 1995, undanþágu frá kröfum í f-, g-, h- og i-lið ef ísetning endurbótarhlutar væri nauðsynleg til að uppfylla þær.

29) Liður M.A.704 í M-hluta, Lýsing á stjórnun á áframhaldandi lofthæfi

Aðlaga má lýsingu á stjórnun á áframhaldandi lofthæfi að starfrækslunni sem fyrirhuguð er.

30) Liður M.A. 306 í M-hluta, tækniflugbók flugrekanda:

Flugmálayfirvöld geta samþykkt stytta gerð tækniflugbókar sem varðar þá tegund starfrækslu sem fram á að fara.

31) OPS 1.940 Samsetning flugáhafnar:

Um sjónflug að degi til eiga 2. og 4. liður a-liðar og b-liður ekki við, að því undanskildu að 4. liður a-liðar skal beitt að öllu leyti þegar tveggja flugmanna er krafist samkvæmt OPS 1.

32) OPS 1.945 Þjálfun og próf vegna flugvélaskipta:

i. Ákvæði 7. liðar a-liðar — flug á flugleið undir umsjón (LIFUS) má fara fram á hvaða flugvél sem er innan tiltekins flokks. Hversu mikils flugs á flugleið undir umsjón er krafist veltur á því hversu flókin starfræksla á að fara fram.

ii. Ekki er krafist 8. liðar a-liðar.

33) OPS 1.955 Tilnefning til flugstjóra:

Ákvæði b-liðar gilda sem hér segir. Flugmálayfirvöld geta samþykkt stytta gerð flugstjóranámskeiðs sem varðar þá tegund starfrækslu sem fram á að fara.

34) OPS 1.960 Flugstjórar með atvinnuflugmannsskírteini

Að því er varðar sjónflug að degi til á i. liður 1. liðar. a-liðar ekki við.

35) OPS 1.965 Reglubundin þjálfun og próf:

i. Um sjónflug að degi til gildir 1. liður. a-liðar sem hér segir. Öll þjálfun og próf skulu vera í samræmi við þá tegund starfrækslu og þann flugvélaflokk sem flugliði starfar í og tilhlýðilegt tillit tekið til sérhæfðs búnaðar sem notaður er.

ii. Ákvæði ii. liðar 3. liðar a-liðar gilda sem hér segir. Þjálfun í flugvél má vera í höndum flokksprófdómara (CRE), flugprófdómara (FE) eða tegundarprófdómara (TRE).

iii. Ákvæði i. liðar 4. liðar a-liðar gilda sem hér segir. Hæfnipróf flugrekanda má vera í höndum tegundarprófdómara, flokksprófdómara eða í höndum flugstjóra með tilskilin starfsréttindi, sem flugrekandi tilnefnir og flugmálayfirvöld geta fallist á, sem hefur hlotið þjálfun í hugtökum um stjórnun áhafnarsamvinnu og mati á hæfni í stjórnun áhafnarsamvinnu.

iv. Ákvæði 2. liðar b-liðar gilda um sjónflug að degi til sem hér segir. Í þeim tilvikum þar sem starfræksla fer fram á tímabilum, sem eru ekki lengri en 8 mánuðir samfellt, er eitt hæfnipróf flugrekanda nægilegt. Hæfniprófið verður að fara fram áður en rekstur hefst í flutningaflugi

36) OPS 1.968 Starfsréttindi flugmanns til starfa í hvoru flugmannssætinu sem er:

Ákvæði 1. viðbætis gilda ekki um sjónflug eins hreyfils flugvéla að degi til.

37) OPS 1.975 Hæfni til flugs á tilteknum leiðum og inn á tiltekna flugvelli:

i. Að því er varðar sjónflug að degi til gilda b-, c- og d-liðir ekki, að því undanskildu að flugrekandi skal sjá til þess að í þeim tilvikum, þar sem krafist er sérstaks samþykkis ríkisins sem flugvöllurinn er í, sé farið að þeim kröfum sem því fylgja.

ii. Að því er varðar blindflug eða sjónflug að nóttu til má, í stað þess að fara að b- til d-lið, framlengja gildistíma hæfni til flugs á tilteknum leiðum og inn á tiltekna flugvelli sem hér segir:

A) Með því að hafa flogið a.m.k. 10 flug á flugsvæðinu á síðastliðnum 12 mánuðum til viðbótar við þá upplýsingaöflun, sem krafist er á eigin vegum, að undanskildri starfrækslu til erfiðustu flugvalla.

B) Aðeins má starfrækja flug til erfiðustu flugvalla:

1) ef flugstjórinn hefur hlotið réttindi til að fljúga til flugvallarins á síðastliðnum 36 mánuðum með heimsókn sem starfandi flugliði eða sem áhorfandi í áhöfn,

2) ef aðflugið fer fram við sjónflugsskilyrði úr lágmarksflughæð viðeigandi geira og

3) ef viðeigandi upplýsingaöflun á eigin vegum hefur farið fram fyrir flugið.

38) OPS 1.980 Fleiri en ein tegund eða afbrigði:

i. Gildir ekki ef starfræksla takmarkast við flokka flugvéla, knúna strokkhreyflum, sem flogið er af einum flugmanni samkvæmt sjónflugsreglum að degi til.

ii. Að því er varðar blindflug og sjónflug að nóttu til er krafan í i. lið 2. liðar. d-liðar 1. viðbætis við OPS 1.980 um 500 fartíma í viðeigandi áhafnarstöðu, áður en réttinda tveggja skírteinisáritana er neytt, minnkuð í 100 fartíma eða flug ef ein skírteinisáritunin tengist flokki. Ljúka verður prófflugi áður en flugmaðurinn hefur störf sem flugstjóri.

39) OPS 1.981 Starfræksla þyrlna og flugvéla:

Ef starfræksla takmarkast við flokka flugvéla, knúna strokkhreyflum, sem flogið er af einum flugmanni, gildir 1.liður a-liðar ekki.

40) Frátekið til notkunar síðar.

41) OPS 1.1060 Leiðarflugáætlun:

Ekki krafist fyrir sjónflug að degi til frá A til A. Í sjónflugi að degi til frá A til B á krafan við en flugáætlunin má vera af einfaldaðri gerð og varða þá tegund starfrækslu sem fer fram (sjá OPS 1.135).

42) OPS 1.1070 Lýsing á stjórnun á áframhaldandi lofthæfi

Aðlaga má lýsingu á stjórnun á áframhaldandi lofthæfi að starfrækslunni sem fyrirhuguð er.

43) OPS 1.1071 Tækniflugbók flugvélar:

Gildir eins og tilgreint er fyrir lið M.A. 306 í M-hluta í tækniflugbók flugrekanda.

44) Frátekið til notkunar síðar.

45) Frátekið til notkunar síðar.

46) OPS 1.1240 Þjálfunaráætlanir:

Þjálfunaráætlanir skulu aðlagaðar þeirri tegund starfrækslu sem fram á að fara. Samþykkja má þjálfunaráætlun sem byggist á sjálfsnámi fyrir sjónflug að degi til.

47) OPS 1.1250 Gátlistar fyrir verklag við leit í flugvél:

Á ekki við um sjónflug að degi til.

1. viðbætir við OPS 1.125

Skjöl sem skulu vera um borð

Sjá OPS 1.125.

Í þeim tilvikum, þar sem skjölin, sem tilgreind eru í OPS 1.125, tapast eða þeim er stolið, er leyfilegt að halda starfrækslu áfram þar til flugið kemst til stöðvar eða til staðar þar sem hægt er að útvega nýtt skjal.

C-KAFLI

ÚTGÁFA FLUGREKANDASKÍRTEINA OG EFTIRLIT

OPS 1.175

Almennar reglur um útgáfu flugrekandaskírteina

Aths. 1: Í 1. viðbæti við þennan lið eru efni og skilyrði flugrekandaskírteina tilgreind.

Aths. 2: Í 2. viðbæti við þennan lið eru tilgreindar kröfur sem gerðar eru um stjórn og skipulag.

a) Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél í flutningaflugi nema samkvæmt og í samræmi við skilmála og skilyrði flugrekandaskírteinis.

b) Umsækjandi um flugrekandaskírteini, eða breytingu á flugrekandaskírteini, skal heimila flugmálayfirvöldum að skoða alla þætti öryggismála í fyrirhuguðum rekstri.

c) Umsækjandi um flugrekandaskírteini skal:

1) ekki vera handhafi flugrekandaskírteinis, sem önnur flugmálayfirvöld hafa gefið út, nema það sé sérstaklega samþykkt af hlutaðeigandi yfirvöldum,

2) hafa höfuðstöðvar sínar og skráða skrifstofu, ef til er, í ríkinu sem ber ábyrgð á útgáfu flugrekandaskírteinisins,

3) fullvissa flugmálayfirvöld um að hann sé fær um að stunda öruggan flugrekstur.

d) Hafi flugrekandi flugvélar skráðar í mismunandi aðildarríkjum skulu viðeigandi ráðstafanir gerðar til að tryggja viðeigandi öryggiseftirlit.

e) Flugrekandi skal veita flugmálayfirvöldum aðgang að fyrirtæki sínu og flugvélum og, að því er varðar viðhald, tryggja aðgang að tilheyrandi viðhaldsstöðvum, sem hafa hlotið samþykki skv. 145. hluta, til að ákvarða hvort farið sé áfram að ákvæðum OPS 1.

f) Flugrekandaskírteini verður breytt, það fellt úr gildi tímabundið eða afturkallað ef flugmálayfirvöld hafa ekki lengur fulla vissu um að flugrekandinn geti haldið uppi öruggum flugrekstri.

g) Flugrekandi skal fullvissa flugmálayfirvöld um:

1) að stjórnun og skipulag séu hentug og hæfi stærð og umfangi rekstrarins og

2) að verklagsreglur um eftirlit með rekstrinum hafi verið skilgreindar.

h) Flugrekandi skal tilnefna ábyrgðarmann sem flugmálayfirvöld geta fallist á og sem hefur umboð fyrirtækisins til að tryggja fjármagn til rekstrar og viðhalds samkvæmt þeim staðli sem flugmálayfirvöld krefjast.

i) Flugrekanda ber að tilnefna yfirmenn, sem flugmálayfirvöld geta fallist á, til að hafa umsjón með stjórnun og eftirliti á eftirfarandi sviðum:

1) flugrekstri,

2) viðhaldskerfi,

3) þjálfun áhafna og

4) rekstri á jörðu niðri.

j) Sami maður má gegna fleiri en einni af yfirmannsstöðunum, sem tilnefnt er í, ef flugmálayfirvöld geta fallist á það en flugrekandi, sem hefur 21 starfsmann eða fleiri í fullu starfi, þarf að lágmarki að hafa tvo starfsmenn til að sjá um ábyrgðarsviðin fjögur.

k) Hjá flugrekendum, sem hafa 20 starfsmenn í fullu starfi eða færri, má ábyrgðarmaðurinn gegna einni eða fleiri af yfirmannsstöðunum, sem tilnefnt er í, ef flugmálayfirvöld fallast á það.

l) Flugrekandi skal sjá til þess að allt flug fari fram í samræmi við ákvæði flugrekstrarhandbókarinnar.

m) Flugrekandi skal koma upp viðeigandi aðstöðu til flugafgreiðslu til að tryggja örugga afgreiðslu flugs.

n) Flugrekandi skal sjá til þess að flugvélar hans hafi búnað og áhafnirnar þau starfsréttindi sem krafist er á viðkomandi flugsvæðum og fyrir þá tegund starfrækslu sem um ræðir hverju sinni.

o) Flugrekandi skal fara að kröfum um viðhald, í samræmi við M-hluta, sem gilda um allar flugvélar sem starfræktar eru samkvæmt skilmálum í flugrekandaskírteininu.

p) Flugrekandi skal láta flugmálayfirvöldum í té eintak af flugrekstrarhandbókinni, eins og um getur í P-kafla, og allar breytingar eða leiðréttingar á henni.

q) Flugrekandi skal hafa rekstraraðstöðu við aðalbækistöðina til að halda uppi flugi sem hentar tegund viðkomandi flugs og flugsvæði.

OPS 1.180

Útgáfa, breyting og framlenging á flugrekandaskírteini

a) Flugrekandi fær ekki flugrekandaskírteini eða breytingu á því og það heldur ekki gildi nema:

1) flugvélarnar, sem starfræktar eru, hafi staðlað lofthæfivottorð sem aðildarríki gefur út í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1702/2003 frá 24. september 2003 um framkvæmdarreglur varðandi lofthæfi- og umhverfisvottun loftfara og tilheyrandi framleiðsluvara, hluta og búnaðar og varðandi vottun hönnunar- og framleiðslufyrirtækja ([1]); stöðluð lofthæfivottorð, gefin út af öðru aðildarríki en ríkinu sem ber ábyrgð á útgáfu flugrekandaskírteinisins, verða viðurkennd ef þau eru gefin út í samræmi við 21. hluta,

2) viðhaldskerfið hafi verið samþykkt af flugmálayfirvöldum í samræmi við G-kafla í M-hluta og

3) hann hafi fullvissað flugmálayfirvöld um að hann geti:

i. komið á fót og rekið viðunandi starfsemi,

ii. komið á fót og haldið við nauðsynlegu gæðakerfi í samræmi við OPS 1.035,

iii. uppfyllt kröfur um þjálfunaráætlanir,

iv. uppfyllt kröfur um viðhald í samræmi við eðli og umfang þess rekstrar, sem tilgreindur er, að meðtöldum viðeigandi atriðum sem kveðið er á um í g- til o-lið OPS 1.175 og

v. farið að ákvæðum OPS 1.175.

b) Þrátt fyrir ákvæði f-liðar OPS 1.185 skal flugrekandi tilkynna flugmálayfirvöldum, eins fljótt og auðið er, um allar breytingar á þeim upplýsingum sem hafa verið lagðar fram í samræmi við a-lið OPS 1.185 hér á eftir.

c) Ef flugmálayfirvöld eru þess ekki fullviss að kröfur a-liðar hér að framan hafi verið uppfylltar geta þau krafist sannprófunarflugs, einu sinni eða oftar, þar sem flogið er eins og væri það flutningaflug.

([1]) Stjtíð. ESB L 243, 27.9.2003, bls. 6.

OPS 1.185

Stjórnsýslukröfur

a) Flugrekandi skal sjá til þess að eftirfarandi upplýsingar fylgi fyrstu umsókn um flugrekandaskírteini og, þegar við á, öllum umsóknum um breytingar eða endurnýjun:

1) opinbert nafn, firmaheiti, heimilisfang og póstfang umsækjanda,

2) lýsing á fyrirhuguðum rekstri,

3) lýsing á stjórnskipulagi,

4) nafn ábyrgðarmanns,

5) nöfn helstu yfirmanna, að meðtöldum þeim sem bera ábyrgð á flugrekstri, viðhaldskerfi, þjálfun áhafna og rekstri á jörðu niðri, ásamt upplýsingum um starfsréttindi þeirra og reynslu og

6) flugrekstrarhandbók.

b) Að því er varðar viðhaldskerfi flugrekanda eingöngu skulu eftirfarandi upplýsingar fylgja fyrstu umsókn um flugrekandaskírteini og, þegar við á, öllum umsóknum um breytingu eða endurnýjun og, fyrir hverja tegund flugvélar sem á að starfrækja:

1) lýsing flugrekanda á stjórnun á áframhaldandi lofthæfi,

2) viðhaldsáætlanir flugrekanda fyrir flugvélar,

3) tækniflugbók flugvélar,

4) tækniforskriftir í viðhaldssamningum milli flugrekandans og samþykktra viðhaldsstöðva skv. 145.hluta, þar sem það á við,

5) fjöldi flugvéla.

c) Leggja verður fram umsókn um fyrstu útgáfu á flugrekandaskírteini a.m.k. 90 dögum áður en fyrirhugað er að hefja rekstur, að því undanskildu að flugrekstrarhandbókina má leggja fram síðar en þó eigi síðar en 60 dögum áður en fyrirhugað er að hefja rekstur.

d) Umsókn um breytingar á flugrekandaskírteini skal leggja fram a.m.k. 30 dögum áður en fyrirhugað er að hefja rekstur nema samið sé um annað.

e) Umsókn um endurnýjun flugrekandaskírteinis skal leggja fram a.m.k. 30 dögum áður en gildistími þess rennur út nema samið sé um annað.

f) Flugmálayfirvöldum skal tilkynnt það með a.m.k. 10 daga fyrirvara ef fyrirhugað er að skipta um tilnefndan yfirmann nema sérstakar aðstæður séu fyrir hendi.

1. viðbætir við OPS 1.175

Efni og skilyrði flugrekandaskírteina

Í flugrekandaskírteini er eftirfarandi tilgreint:

a) nafn og aðsetur (höfuðstöðvar) flugrekanda,

b) útgáfudagur og gildistími,

c) lýsing á þeim flugrekstri sem hefur verið heimilaður,

d) tegundir flugvéla sem heimilt er að nota,

e) skrásetningarmerki flugvéla, sem hafa verið heimilaðar, en þó geta flugrekendur fengið samþykkt kerfi til að upplýsa flugmálayfirvöld um skrásetningarmerki flugvéla sem starfræktar eru samkvæmt flugrekandaskírteini þeirra,

f) heimiluð flugsvæði,

g) sérstakar takmarkanir og

h) sérstakar heimildir/samþykki, t.d.:

— Aðflugslágmörk skv. II./III. fl. (CAT II/III) (að meðtöldum samþykktum lágmörkum)

— (MNPS) lágmarkskröfur um nákvæmni í flugleiðsögu (MNPS)

— (ETOPS) Fjarflug tveggja hreyfla flugvéla
— (RNAV) Svæðisleiðsaga

— (RVSM) Minnkaður lágmarkshæðaraðskilnaður

— Flutningur hættulegs varnings.

— heimild til að veita öryggis- og þjónustuliðum grunnöryggisþjálfun og, ef við á, að gefa út staðfestinguna, sem kveðið er á um í O-kafla, hjá þeim flugrekendum sem veita slíka þjálfun með beinum eða óbeinum hætti.

2. viðbætir við OPS 1.175

Stjórnun og skipulag handhafa flugrekandaskírteinis

a) Almenn ákvæði:

Flugrekandi skal hafa traust og skilvirkt stjórnskipulag til þess að tryggja öruggan flugrekstur. Tilnefndir yfirmenn skulu búa yfir stjórnunarhæfni auk þess að hafa viðeigandi tækni-/rekstrarmenntun á sviði flugmála.

b) Tilnefndir yfirmenn:

1) Í flugrekstrarhandbókinni skal vera lýsing á starfi og ábyrgð tilnefndra yfirmanna, ásamt nöfnum þeirra, og þarf að tilkynna skriflega til flugmálayfirvalda ef breytingar eru fyrirhugaðar eða gerðar á tilnefningum eða störfum.

2) Flugrekandi skal gera ráðstafanir til þess að tryggja samfellt eftirlit í fjarveru tilnefndra yfirmanna.

3) Maður, sem handhafi flugrekandaskírteinis tilnefnir sem yfirmann, má ekki vera tilnefndur yfirmaður hjá öðrum handhafa flugrekandaskírteinis nema hlutaðeigandi flugmálayfirvöld geti fallist á það.

4) Þeir sem eru tilnefndir yfirmenn verða að vera bundnir samningi um að vinna nógu marga tíma til að geta sinnt nægilega vel stjórnunarstörfum sínum miðað við stærð og umfang rekstrarins.

c) Nægjanlegt starfsfólk og eftirlit með því:

1) Flugverjar. Flugrekandi verður að ráða í þjónustu sína nógu marga flug- og öryggis- og þjónustuliða fyrir þann rekstur sem fyrirhugaður er og þjálfa þá og prófa í samræmi við N- og O-kafla, eftir því sem við á.

2) Starfsfólk á jörðu niðri:

i. Fjöldi starfsfólks á jörðu niðri fer eftir eðli og umfangi rekstrarins. Einkum skulu flugrekstrardeild og flugafgreiðsludeild vera mannaðar þjálfuðu starfsfólki sem gerir sér fulla grein fyrir því hver ábyrgð þess er innan fyrirtækisins.

ii. Flugrekandi, sem gerir samning við önnur fyrirtæki um að veita tiltekna þjónustu, ber þó sjálfur ábyrgð á að réttir staðlar séu uppfylltir. Þegar málum er þannig háttað skal tilnefndum yfirmanni falið að tryggja að verktakar, sem ráðnir eru, uppfylli tilskilda staðla.

3) Eftirlit:

i. Fjöldi þeirra eftirlitsmanna, sem eru tilnefndir, fer eftir því hvernig fyrirtæki flugrekandans er skipulagt og fjölda starfsfólks.

ii. Nauðsynlegt er að skilgreina störf og ábyrgð eftirlitsmanna og haga öllum flugskuldbindingum þannig að hver þeirra geti innt af hendi skyldustörf sín við eftirlit.

iii. Eftirlit með flugverjum og starfsfólki á jörðu niðri skal vera í höndum manna sem hafa næga reynslu og eru þeim kostum búnir að geta tryggt að staðlarnir, sem tilgreindir eru í flugrekstrarhandbókinni, séu uppfylltir.

d) Vinnuaðstaða:

1) Flugrekandi skal sjá til þess að í hverri bækistöð sé nægilegt vinnurými fyrir starfsmenn sem tengjast öryggisþættinum í flugrekstrinum. Taka verður mið af þörfum starfsfólks á jörðu niðri, þeirra sem hafa með höndum flugrekstrarstjórn, geymslu og aðgang að skjölum og flugáætlanagerð áhafna.

2) Starfsmenn á skrifstofu verða að geta dreift tafarlaust leiðbeiningum varðandi reksturinn og öðrum upplýsingum til allra sem hlut eiga að máli.

e) Skjöl:

Flugrekandi skal gera ráðstafanir til útgáfu handbóka, breytingarskjala og annarra skjala.

D-KAFLI

VERKLAGSREGLUR

OPS 1.195

Flugrekstrarstjórn

Flugrekandi skal:

a) koma á fót og hafa með höndum aðferð til að stjórna flugrekstri sem flugmálayfirvöld samþykkja og

b) hafa með höndum flugrekstrarstjórn á öllu flugi sem starfrækt er samkvæmt flugrekandaskírteini hans.

OPS 1.200

Flugrekstrarhandbók

Flugrekandi skal leggja fram flugrekstrarhandbók, í samræmi við P-kafla, til notkunar og leiðbeiningar fyrir starfsfólk flugrekstrarsviðs.

OPS 1.205

Hæfni starfsfólks flugrekstrarsviðs

Flugrekandi skal sjá til þess að allir starfsmenn flugrekstrarsviðs, sem gegna störfum eða eiga beina aðild að rekstrinum hvort sem er á jörðu niðri eða í lofti, hafi fengið fullnægjandi fræðslu, sýnt fram á kunnáttu sína í þeim störfum, sem þeim er sérstaklega ætlað að inna af hendi, og geri sér grein fyrir ábyrgð sinni og með hvaða hætti störf þeirra tengjast starfseminni í heild.

OPS 1.210

Setning verklagsreglna

a) Flugrekandi skal setja verklagsreglur og gefa út fyrirmæli um hverja tegund flugvéla fyrir sig þar sem kemur fram hverjar eru skyldur starfsfólks á jörðu niðri og flugverja við hvers konar starfrækslu á jörðu niðri og á flugi.

b) Flugrekandi skal koma sér upp gátlistakerfi fyrir flugverja til nota á öllum stigum flugsins við eðlilegar eða óeðlilegar aðstæður og í neyðartilvikum, eins og við á, til að tryggja að verklagsreglum í flugrekstrarhandbók sé fylgt.

c) Flugrekandi skal ekki krefjast þess að á varasömustu stigum flugsins sinni flugverji öðrum störfum en þeim er lúta að öruggri starfrækslu flugvélarinnar.

OPS 1.215

Notkun flugumferðarþjónustu

Flugrekandi skal sjá til þess að flugumferðarþjónusta sé notuð fyrir allt flug þegar hún er tiltæk.

OPS 1.216

Rekstrarfyrirmæli á flugi

Flugrekandi skal sjá til þess að rekstrarfyrirmæli á flugi, sem hann gefur og fela í sér breytingu á flugáætlun til flugumferðarþjónustu, skuli, ef unnt er, vera samræmd með viðeigandi flugumferðarþjónustudeild áður en þau eru send til flugvélar.

OPS 1.220

Heimild flugrekanda til notkunar flugvalla

Flugrekandi skal einungis heimila notkun flugvalla sem eru viðunandi fyrir viðkomandi flugvélartegundir og starfrækslu.

OPS 1.225

Flugvallarlágmörk

a) Flugrekandi skal tiltaka flugvallarlágmörk, sem sett eru í samræmi við OPS 1.430, fyrir hvern brottfarar-, ákvörðunar- eða varaflugvöll sem heimilt er að nota í samræmi við OPS 1.220.

b) Í þessum lágmörkum skal tekið tillit til allra breytinga á þeim gildum sem flugmálayfirvöld hafa mælt fyrir um í samræmi við framangreindan a-lið.

c) Lágmörk fyrir tiltekna tegund aðflugs og lendingar teljast gilda ef:

1) búnaður á jörðu niðri, sýndur á kortum, sem krafist er vegna fyrirhugaðs flugs, er virkur,

2) flugvélarkerfin, sem krafist er fyrir viðkomandi tegund aðflugs, eru virk,

3) kröfur um afkastagetu flugvélar eru uppfylltar og

4) áhöfnin hefur viðeigandi starfsréttindi.

OPS 1.230

Verklagsreglur um blindbrottflug og blindaðflug

a) Flugrekandi skal sjá til þess að farið sé að verklagsreglum um blindbrottflug og blindaðflug sem settar eru af ríkinu þar sem flugvöllurinn er.

b) Þrátt fyrir a-lið hér að framan getur flugstjóri samþykkt heimild flugumferðarstjórnar um að víkja frá útgefinni brottflugs- eða komuleið, að því tilskildu að viðmiðanir um hindranabil séu virtar og fullt tillit tekið til flugskilyrða. Í lokaaðflugi skal þó flogið eftir kennileitum eða samkvæmt settum verklagsreglum um blindaðflug.

c) Flugrekanda er heimilt að nota aðrar verklagsreglur en þær sem krafist er að séu notaðar samkvæmt a-lið hér að framan, að því tilskildu að þær hafi verið samþykktar af ríkinu þar sem flugvöllurinn er, ef þess er krafist, og flugmálayfirvöld hafi viðurkennt þær.

OPS 1.235

Verklagsreglur um hávaðamildun

a) Flugrekandi skal setja verklagsreglur um hávaðamildun í blindflugi í samræmi við verklagsreglur Alþjóðaflugmálastofnunarinnar um flugleiðsöguþjónustu og rekstur flugvéla (ICAO PANS OPS, 1. bindi, skjal 8168-OPS/611).

b) Verklagsreglur um hávaðamildun í flugtaki og klifri, sem flugrekandi ákveður fyrir hverja flugvélartegund, skulu vera þær sömu fyrir alla flugvelli.

OPS 1.240

Flugleiðir og flugsvæði

a) Flugrekandi skal sjá til þess að einungis sé flogið á tilteknum leiðum og svæðum þar sem:

1) aðstaða og þjónusta á jörðu niðri, þ.m.t. veðurþjónusta, er viðunandi fyrir fyrirhugaða starfrækslu,

2) afkastageta flugvélarinnar, sem fyrirhugað er að nota, stenst kröfur um lágmarksflughæð,

3) búnaður flugvélarinnar, sem fyrirhugað er að nota, stenst lágmarkskröfur til fyrirhugaðs flugs,

4) viðeigandi landabréf og kort eru tiltæk (sbr. 9. lið. a-liðar OPS 1.135),

5) ef tveggja hreyfla flugvélar eru notaðar, viðunandi flugvellir eru tiltækir innan tíma- eða fjarlægðarmarka OPS 1.245,

6) ef eins hreyfils flugvélar eru notaðar, að yfirborð, þar sem unnt er að nauðlenda með öruggum hætti, er tiltækt.

b) Flugrekandi skal sjá til þess að flogið sé í samræmi við hverja þá takmörkun á flugleiðum eða flugsvæðum sem flugmálayfirvöld setja.

OPS 1.241

Starfræksla í skilgreindu loftrými með minnkuðum lágmarkshæðaraðskilnaði (RVSM)

Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél í skilgreindum hlutum loftrýmis, þar sem í gildi eru reglur um lágmarkshæðaraðskilnað sem er 300 m (1000 fet), byggðar á samningi um svæðisbundna flugleiðsögu (Regional Air Navigation Agreement), nema hafa til þess leyfi flugmálayfirvalda (RVSM-leyfi). (Sjá einnig OPS 1.872).

OPS 1.243

Starfræksla á svæðum með tilgreindar kröfur um nákvæmni í flugleiðsögu

a) Flugrekandi skal sjá til þess að flugvél, sem starfrækt er innan svæða eða í hlutum loftrýmis eða á leiðum þar sem tilgreindar eru kröfur um nákvæmni í flugleiðsögu, hafi verið vottuð í samræmi við þessar kröfur og hafi hlotið, ef þörf krefur, viðeigandi starfræksluleyfi frá flugmálayfirvöldum. (Sjá einnig 2. lið. c-liðar OPS 1.865, OPS 1.870 og OPS 1.872).

b) Flugrekandi flugvélar, sem er starfrækt á svæðum sem um getur í a-lið, skal sjá til þess að allar viðlagaverklagsreglur, sem flugmálayfirvöld, sem bera ábyrgð á viðkomandi loftrými, tilgreina, sé að finna í flugrekstrarhandbókinni.

OPS 1.245

Mesta leyfilega fjarlægð tveggja hreyfla flugvéla frá viðunandi flugvelli án fjarflugsleyfis

a) Flugrekandi skal ekki starfrækja tveggja hreyfla flugvél, nema með sérstöku leyfi flugmálayfirvalda til fjarflugs sbr. a-lið OPS 1.246 (fjarflugsleyfi), á flugleið þar sem einhver hluti leiðarinnar liggur fjær viðunandi flugvelli þegar um er að ræða:

1) flugvél í afkastagetuflokki A, annaðhvort með:

i. hámarksfjölda farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi fyrir 20 eða fleiri eða

ii. hámarksflugtaksmassa, sem er 45 360 kg eða meiri,

þá vegalengd sem flogin er á 60 mínútum með einn hreyfil óstarfhæfan á farflugshraða, ákvarðað í samræmi við b-lið hér á eftir,

2) flugvél í afkastagetuflokki A með:

i. hámarksfjölda farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi fyrir 19 eða færri og

ii. 45 360 kg hámarksflugtaksmassa eða minni,

þá vegalengd sem flogin er á 120 mínútum, eða, ef flugmálayfirvöld samþykkja það, allt að 180 mínútum fyrir þotur, með einn hreyfil óstarfhæfan á farflugshraða, ákvarðað í samræmi við b-lið hér á eftir,

3) flugvél í afkastagetuflokki B eða C:

i. vegalengd sem flogin er á 120 mínútum með einn hreyfil óstarfhæfan á farflugshraða, í samræmi við b-lið hér á eftir eða

ii. 300 sjómílur hvort sem er styttra.

b) Flugrekandi skal ákvarða hraða, sem fer ekki yfir hámarkshraða í rekstri (VMO), til þess að reikna út hámarksfjarlægð frá viðunandi flugvelli fyrir hverja tegund eða hvert afbrigði tveggja hreyfla flugvélar sem byggist á réttum flughraða sem flugvélin getur haldið með einn hreyfil óstarfhæfan við eftirfarandi aðstæður:

1) málloft (ISA),

2) Í láréttu flugi

i. fyrir þotur í:

A) fluglagi 170 eða

B) í hæsta fluglagi, sem flugvélin getur klifrað í, og haldist í, með einn hreyfil óstarfhæfan, miðað við mesta stighraða sem tilgreindur er í flughandbók flugvélarinnar (AFM), hvort sem er lægra.

ii. flugvélar knúnar skrúfuhreyflum í:

A) fluglagi 80 eða

B) í hæsta fluglagi, sem flugvélin getur klifrað í, og haldist í, með einn hreyfil óstarfhæfan, miðað við mesta stighraða sem tilgreindur er í flughandbók flugvélarinnar, hvort sem er lægra.

3) samfelldur hámarksknýr eða hámarksafl á þeim hreyfli sem enn er virkur,

4) massi flugvélar er ekki undir þeim massa sem leiðir af:

i. flugtaki við sjávarmál með hámarksflugtaksmassa og

ii. klifri á báðum hreyflum upp í ákjósanlegustu farflugshæð fyrir langdrægi og

iii. farflugi á báðum hreyflum á farflugshraða fyrir langdrægi í þessari flughæð þar til tíminn sem liðinn er frá flugtaki er jafnlangur og þau tímamörk sem mælt er fyrir um í a-lið hér að framan.

c) Flugrekandi skal sjá til þess að gögn um eftirfarandi atriði, sem eiga við hverja tegund eða hvert afbrigði, séu felld inn í flugrekstrarhandbókina:

1) farflugshraða með annan hreyfilinn óstarfhæfan sem ákvarðast í samræmi við b-lið hér að framan og

2) hámarksfjarlægð frá viðunandi flugvelli ákvörðuð í samræmi við a- og b-lið hér að framan.

Aths.: Hraðar og hæðir (fluglag), sem tilgreint er hér að framan, er einungis ætlað sem viðmiðun til að ákvarða hámarksfjarlægð frá viðunandi flugvelli.

OPS 1.246

Fjarflug tveggja hreyfla flugvéla

a) Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél fjær viðunandi flugvelli en ákvarðað er í samræmi við OPS 1.245 nema hafa leyfi flugmálayfirvalda til fjarflugs.

b) Áður en flugrekandi sendir flugvél í fjarflug skal hann sjá til þess að viðeigandi varaflugvöllur á flugleið í fjarflugi sé fyrir hendi, annaðhvort innan heimilaðs fjarflugstíma eða fjarflugstíma sem byggist á lista yfir lágmarksbúnað fyrir starfhæfiástand flugvélarinnar, eftir því hvor er styttri. (Sjá d-lið OPS 1.297).

OPS 1.250

Lágmarksflughæðir ákveðnar

a) Flugrekandi skal ákveða lágmarksflughæðir og aðferðir til að ákvarða þær hæðir á öllum leiðarleggjum, sem flogið er á, með tilskildu lágmarksbili frá hindrun með hliðsjón af kröfum í köflum F til I.

b) Allar aðferðir við að ákveða lágmarksflughæðir eru háðar samþykki flugmálayfirvalda.

c) Ef lágmarksflughæðir í ríkjum, sem flogið er yfir, eru hærri en mörk flugrekanda gilda hærri mörkin.

d) Flugrekandi skal taka tillit til eftirfarandi atriða þegar hann ákveður lágmarksflughæðir:

1) af hve mikilli nákvæmni unnt er að ákvarða staðsetningu flugvélarinnar,

2) líklegrar ónákvæmni hæðarmæla sem notaðir eru,

3) landslags (t. d. snöggra breytinga á landhæð) á leiðum eða svæðum þar sem flogið er,

4) líkum á óhagstæðu veðri (t. d. mikilli ókyrrð og niðurstreymi) og

5) hugsanlegrar ónákvæmni flugkorta.

e) Þegar farið er að d-lið hér að framan skal taka tilhlýðilegt tillit til:

1) leiðréttinga vegna frávika frá staðalgildum hita og þrýstings,

2) krafna flugumferðarstjórnar og

3) hvers kyns fyrirsjáanlegra aðstæðna á fyrirhugaðri leið.

OPS 1.255

Viðmiðunarreglur um eldsneytisútreikninga

a) Flugrekandi skal setja viðmiðunarreglur um eldsneytisútreikninga við gerð flugáætlana og endurgerð áætlunar á flugi svo að tryggt sé að nægjanlegt eldsneyti sé tekið með í hvert flug svo og nægilegt varaeldsneyti ef víkja þarf frá flugáætlun.

b) Flugrekandi skal sjá til þess að flugáætlanir séu a.m.k. byggðar á 1. og 2. lið hér á eftir:

1) verklagsreglum í flugrekstrarhandbókinni og gögnum sem fengin eru úr:

i. gögnum sem framleiðandi flugvélarinnar útvegar eða

ii. gögnum sem fylgja viðkomandi flugvél, fengnum úr kerfi þar sem fylgst er með eyðslu eldsneytis.

2) Þau flugskilyrði, sem gera má ráð fyrir í ferðinni, þ.m.t.:

i. raunhæft mat á eldsneytiseyðslu flugvélarinnar,

ii. áætlaður massi,

iii. veðurútlit og

iv. verklagsreglur flugumferðarþjónustu og takmarkanir.

c) Flugrekandi skal sjá til þess að við útreikninga á þörf á nýtanlegu eldsneyti fyrir flug sé eftirfarandi talið með:

1) eldsneyti til aksturs,

2) eldsneyti til flugs,

3) varaeldsneyti sem er:

i. viðalagaeldsneyti,

ii. eldsneyti til varaflugvallar ef varaflugvallar ákvörðunarstaðar er krafist. (Það útilokar þó ekki að brottfararflugvöllur sé valinn sem varaflugvöllur ákvörðunarstaðar),

iii. neyðareldsneyti og

iv. viðbótareldsneyti ef flugið er þess eðlis, t.d. fjarflug og

4) aukaeldsneyti ef flugstjórinn krefst þess.

d) Flugrekandi skal sjá til þess að eftirfarandi sé innifalið þegar nýtanlegt eldsneyti er reiknað út vegna endurgerðar áætlunar á flugi og fljúga verður aðra leið eða til annars ákvörðunarstaðar en upphaflega var áætlað:

1) eldsneyti til að ljúka fluginu,

2) varaeldsneyti sem er:

i. viðalagaeldsneyti,

ii. eldsneyti til varaflugvallar ef varaflugvallar ákvörðunarstaðar er krafist. (Það útilokar þó ekki að brottfararflugvöllur sé valinn sem varaflugvöllur ákvörðunarstaðar),

iii. neyðareldsneyti og

iv. viðbótareldsneyti ef flugið er þess eðlis, t.d. fjarflug og

3) aukaeldsneyti ef flugstjórinn krefst þess.

OPS 1.260

Flutningur hreyfihamlaðra

a) Flugrekandi skal setja verklagsreglur um flutning hreyfihamlaðra (PRM).

b) Flugrekandi skal sjá til þess að hreyfihamlaðir fái ekki úthlutað sætum eða sitji í sætum þar sem vera þeirra getur:

1) hindrað áhöfnina í að sinna störfum sínum,

2) lokað aðgengi að neyðarbúnaði eða

3) hindrað neyðarrýmingu flugvélarinnar.

c) Flugstjóra skal tilkynnt um það þegar flytja á hreyfihamlað fólk.

OPS 1.265

Flutningur óæskilegra farþega, manna sem er vísað úr landi eða gæslufanga

Flugrekandi skal setja verklagsreglur um flutning óæskilegra farþega, manna sem vísað er úr landi eða gæslufanga til þess að tryggja öryggi flugvélarinnar og þeirra sem í henni eru. Flugstjóra skal tilkynnt um það þegar flytja á fyrrnefnda farþega.

OPS 1.270

Frágangur á farangri og fragt

(Sjá 1. viðbæti við OPS 1.270)

a) Flugrekandi skal setja verklagsreglur til að tryggja að einungis handfarangur, sem unnt er að ganga frá á viðunandi og öruggan hátt, sé tekinn um borð í farþegaklefann.

b) Flugrekandi skal setja verklagsreglur til að tryggja að gengið sé frá öllum farangri og farmi um borð, sem gæti valdið slysi eða skaða eða lokað göngum og útgöngum ef farangur eða fragt færist úr stað, í geymslurými sem er hannað til að koma í veg fyrir hreyfingu.

OPS 1.275

Hér á að vera eyða

OPS 1.280

Skipan farþega í sæti

Flugrekandi skal setja verklagsreglur til að tryggja að farþegum sé skipað þannig í sæti að þeir geti orðið að sem mestu liði en ekki til trafala ef til neyðarrýmingar kemur.

OPS 1.285

Upplýsingar til farþega

Flugrekandi skal sjá til þess:

a) Almenn ákvæði:

1) að farþegar fái upplýsingar um öryggismál munnlega. Kynning getur farið fram með aðstoð hljóð- eða myndmiðla að hluta eða að öllu leyti.

2) að farþegar fái í hendur spjöld með öryggisleiðbeiningum þar sem leiðbeint er í myndum um notkun neyðarbúnaðar og -útganga sem líklegt er að farþegar noti.

b) Fyrir flugtak:

1) að farþegar fái upplýsingar um eftirtalin atriði, ef við á:

i. reglur um reykingar,

ii. að stólbök skuli vera upprétt og sætisbakkar frágengnir,

iii. staðsetningu neyðarútganga,

iv. staðsetningu og notkun ratmerkja í gólfi til neyðarútganga,

v. hvernig gengið skuli frá handfarangri,

vi. takmarkanir á notkun handrafeindatækja og

vii. staðsetningu og efni spjalds með öryggisleiðbeiningum ásamt því

2) að farþegum séu sýnd eftirfarandi atriði:

i. notkun öryggisbelta og/eða öryggistygja, þ.m.t. hvernig þau eru fest og losuð,

ii. staðsetning og notkun súrefnistækja, ef þess er krafist (sbr. OPS 1.770 og OPS 1.775); einnig skulu farþegar fá fyrirmæli um að drepa í öllu reykingatóbaki þegar súrefni er notað og

iii. staðsetning og notkun björgunarvesta, ef þess er krafist (sbr. OPS 1.825).

c) Eftir flugtak:

1) að farþegar séu minntir á eftirfarandi, ef við á:

i. reglur um reykingar og

ii. notkun öryggisbelta og/eða öryggistygja auk öryggiskostanna við að hafa öryggisbeltin spennt þegar setið er í sætum hvort sem kveikt er á sætisbeltaljósum eða ekki.

d) Fyrir lendingu:

1) að farþegar séu minntir á eftirfarandi, ef við á:

i. reglur um reykingar,

ii. notkun öryggisbelta og/eða öryggistygja,

iii. að stólbök skuli vera upprétt og sætisbakkar frágengnir,

iv. að gengið skuli frá handfarangri á ný og

v. takmarkanir á notkun handrafeindatækja.

e) Eftir lendingu:

1) að farþegar séu minntir á eftirfarandi:

i. reglur um reykingar og

ii. notkun öryggisbelta og/eða öryggistygja.

f) Í neyðartilvikum á flugi skulu farþegar fá leiðbeiningar um hvernig rétt er að bregðast við aðstæðum í neyðartilvikum, eftir því sem við á.

OPS 1.290

Undirbúningur flugs

a) Flugrekandi skal sjá til þess að lokið sé við gerð leiðarflugáætlunar fyrir hvert flug sem fyrirhugað er.

b) Flugstjóri skal ekki leggja upp í flug án þess að hafa gengið úr skugga um:

1) að flugvélin sé lofthæf,

2) að flugvélin sé ekki notuð andstætt því sem leyft er í lista yfir leyfð frávik í ytri búnaði loftfars fyrir flug,

3) að mælitæki og búnaður, sem krafist er fyrir fyrirhugað flug, séu tiltæk og í samræmi við K- og L-kafla,

4) að mælitæki og búnaður séu starfhæf, með þeim undantekningum sem kveðið er á um í listanum yfir lágmarksbúnað,

5) að þeir hlutar flugrekstrarhandbókarinnar, sem krafist er fyrir viðkomandi flug, séu fyrir hendi,

6) að skjöl, viðbótarupplýsingar og eyðublöð, sem samkvæmt OPS 1.125 og OPS 1.135 eiga að vera tiltæk, séu um borð,

7) að gildandi landabréf og kort og tengd skjöl eða tilsvarandi gögn, er lúta að fyrirhuguðu flugi flugvélarinnar, séu tiltæk, þar á meðal vegna hvers kyns breytinga á flugleið sem telja má eðlilegt að geti orðið; einnig skulu vera til staðar umreikningstöflur sem nauðsynlegar eru fyrir starfrækslu þar sem nota þarf hæðir, flughæðir og fluglög í metrum,

8) að nauðsynleg aðstaða og þjónusta á jörðu niðri fyrir fyrirhugað flug sé fyrir hendi og viðunandi,

9) að í fyrirhuguðu flugi sé unnt að fara að ákvæðum flugrekstrarhandbókarinnar um eldsneytis-, olíu- og súrefnisbirgðir, lágmarksflughæðir, flugvallarlágmörk og að varaflugvellir séu fyrir hendi, ef þörf krefur,

10) að hleðslunni sé rétt dreift og hún tryggilega fest,

11) að í byrjun flugtaks sé massi flugvélarinnar slíkur að unnt sé að fljúga í samræmi við kafla F- til I, eftir því sem við á, og

12) að á fluginu sé unnt að virða aðrar takmarkanir á starfrækslu, auk þeirra sem kveðið er á um í 9. og 11. lið hér að framan.

OPS 1.295

Val á flugvöllum

a) Flugrekandi skal setja verklagsreglur um val á ákvörðunarflugvöllum og/eða varaflugvöllum ákvörðunarstaðar, í samræmi við OPS 1.220, þegar flugáætlun er gerð.

b) Flugrekandi skal velja og tilgreina í leiðarflugáætlun varaflugvöll fyrir flugtak verði ekki unnt að snúa aftur til brottfararflugvallar vegna veðurs eða leyfi afkastagetan það ekki. Varaflugvöllur fyrir flugtak skal vera innan tiltekinnar fjarlægðar frá brottfararflugvelli sem hér segir:

1) að því er varðar tveggja hreyfla flugvélar, annaðhvort sem nemur:

i. einnar klukkustundar flugi á farflugshraða með annan hreyfilinn óstarfhæfan, í samræmi við flughandbók, í logni og við staðalaðstæður miðað við raunmassa við flugtak eða

ii. heimiluðum fjarflugstíma flugrekanda, háð takmörkunum á lista yfir lágmarksbúnað, að hámarki tveggja stunda flug á farflugshraða með annan hreyfilinn óstarfhæfan, í samræmi við flughandbók, í logni og við staðalaðstæður, miðað við raunmassa við flugtak, að því er varðar flugvélar og áhafnir sem hafa fjarflugsleyfi eða

2) tveggja klukkustunda flugi á farflugshraða með einn hreyfil óstarfhæfan, í samræmi við flughandbók, í logni og við staðalaðstæður miðað við raunmassa við flugtak, að því er varðar þriggja og fjögurra hreyfla flugvélar og

3) ef farflugshraði með einn hreyfil óstarfhæfan er ekki gefinn upp í flughandbók skal hraðinn, sem notaður er við útreikningana, vera sá hraði sem næst með því að nota samfellt hámarksafl á þeim hreyfli eða hreyflum sem enn eru virkir.

c) Flugrekandi skal velja a.m.k. einn varaflugvöll fyrir ákvörðunarstað í hvert sinn sem flogið er samkvæmt blindflugsreglum (IFR) nema:

1) hvort tveggja sé,

i. að tíminn frá flugtaki til lendingar samkvæmt flugáætlun sé ekki lengri en sex klukkustundir og

ii. að á ákvörðunarstað séu tiltækar tvær aðskildar og nothæfar flugbrautir og veðurlýsingar eða veðurspár fyrir ákvörðunarflugvöllinn eða sambland af þessu tvennu gefi til kynna að á tímabilinu klukkustund fyrir til klukkustund eftir áætlaðan komutíma á ákvörðunarstað verði skýjaþekja í a.m.k. 2 000 fetum eða hringaðflugshæð +500 fet, hvort sem hærra er, og skyggni a.m.k. 5 km

eða

2) að ákvörðunarflugvöllurinn sé afskekktur og ekki um nothæfan varaflugvöll ákvörðunarstaðar að ræða.

d) Flugrekandi skal velja tvo varaflugvelli fyrir ákvörðunarstað ef:

1) veðurspár eða veðurlýsingar fyrir ákvörðunarstað, eða sambland af þessu tvennu, benda til þess að á tímabilinu klukkustund fyrir til klukkustund eftir áætlaðan komutíma verði veðurskilyrði undir gildandi áætlunarlágmörkum eða

2) að engar veðurupplýsingar séu fáanlegar.

e) Flugrekandi skal tilgreina í leiðarflugáætlun þá varaflugvelli sem krafist er.

OPS 1.297

Áætlunarlágmörk fyrir blindflug

a) Áætlunarlágmörk fyrir varaflugvelli fyrir flugtak. Flugrekandi skal ekki velja flugvöll sem varaflugvöll fyrir flugtak nema veðurlýsingar eða veðurspár, eða sambland af þessu tvennu, bendi til þess að klukkustund fyrir og klukkustund eftir áætlaðan komutíma til flugvallarins verði veðurskilyrði jafngóð eða betri en gildandi lendingarlágmörk sem tilgreind eru í samræmi við OPS 1.225. Taka verður tillit til skýjaþekjuhæðar ef eina mögulega aðflugið er grunnaðflug og/eða hringaðflug. Taka verður tillit til allra takmarkana á flugi með einn hreyfil óstarfhæfan.

b) Áætlunarlágmörk fyrir ákvörðunarflugvöll og varaflugvelli ákvörðunarstaðar. Flugrekandi skal einungis velja ákvörðunarflugvöll og/eða varaflugvöll/-flugvelli ákvörðunarstaðar ef veðurlýsingar eða veðurspár, eða sambland af þessu tvennu, benda til þess að á tímabilinu klukkustund fyrir til klukkustund eftir áætlaðan komutíma til flugvallarins verði veðurskilyrði jafngóð eða betri en gildandi áætlunarlágmörk eru sem hér segir:

1) áætlunarlágmörk fyrir ákvörðunarflugvöll, annan en afskekktan ákvörðunarflugvöll:

i. flugbrautarskyggni (RVR)/skyggni er í samræmi við OPS 1.225 og

ii. fyrir grunnaðflug eða hringaðflug, skýjaþekja er í eða yfir lágmarkslækkunarhæð (MDH) og

2) áætlunarlágmörk fyrir varaflugvöll/-flugvelli ákvörðunarstaðar og afskekkta ákvörðunarflugvelli verða í samræmi við töflu 1 hér á eftir:

Tafla 1

Áætlunarlágmörk — varaflugvellir á flugleið og varaflugvellir ákvörðunarstaðar — afskekktir ákvörðunarflugvellir

Tegund aðflugs	Áætlunarlágmörk
II. og III. flokkur	I. flokkur (*Aths. 1*)
I. flokkur	Grunnaðflug (*Aths. 1 og 2*)
Grunnaðflug	Grunnaðflug (*Aths. 1 og 2*) að viðbættum 200 fetum/1 000 m
Hringaðflug	Hringaðflug (*Aths. 2 og 3*)

Aths. 1: Flugbrautarskyggni.

Aths. 2: Skýjaþekja skal vera í eða yfir lágmarkslækkunarhæð.

Aths. 3: Skyggni.

c) Áætlunarlágmörk fyrir varaflugvöll á flugleið. Flugrekandi skal ekki velja flugvöll sem varaflugvöll á flugleið nema viðeigandi veðurlýsingar eða veðurspár, eða sambland af þessu tvennu, bendi til þess að klukkustund fyrir og klukkustund eftir áætlaðan komutíma til flugvallarins verði veðurskilyrði jafngóð eða betri en áætlunarlágmörkin sem tilgreind eru í töflu 1 hér að framan.

d) Áætlunarlágmörk fyrir varaflugvöll á flugleið í fjarflugi. Flugrekandi skal ekki velja flugvöll sem varaflugvöll á flugleið í fjarflugi nema viðeigandi veðurlýsingar eða veðurspár, eða sambland af þessu tvennu, bendi til þess að klukkustund fyrir og klukkustund eftir áætlaðan komutíma til flugvallarins verði veðurskilyrði jafngóð eða betri en áætlunarlágmörkin í töflu 2 hér á eftir og í samræmi við fjarflugsleyfi flugrekanda.

Tafla 2

Áætlunarlágmörk — Fjarflug

Tegund aðflugs	Áætlunarlágmörk	
	(Tilskilið flugbrautarskyggni/skyggni og skýjaþekja ef við á)	
	FLUGVÖLLUR MEÐ	
	a.m.k. tvenns konar verklagi við aðflug sem byggist á tveimur aðskildum aðflugstækjum og þjónar tveimur aðskildum flugbrautum	a.m.k. tvenns konar verklagi við aðflug sem byggist á tveimur aðskildum aðflugstækjum og þjónar einni flugbraut eða a.m.k. einu verklagi við aðflug sem byggist á einu aðflugstæki og þjónar einni flugbraut
Nákvæmnisaðflug II., III. flokkur (blindlendingarkerfi (ILS), örbylgjulendingarkerfi (MLS))	Nákvæmnisaðflug, lágmörk skv. I. flokki	Grunnaðflugslágmörk
Nákvæmnisaðflug I. flokkur (blindlendingarkerfi, örbylgjulendingarkerfi)	Grunnaðflugslágmörk	Hringaðflugslágmörk eða, ef þau eru ekki fyrir hendi, grunnaðflugslágmörk að viðbættum 200 fetum/1 000 m
Grunnaðflug	Það sem lægra er: grunnaðflugslágmörk að viðbættum 200 fetum/1 000 m eða hringaðflugslágmörk	Það sem hærra er: hringaðflugslágmörk eða grunnaðflugslágmörk að viðbættum 200 fetum/1 000 m
Hringaðflug	Hringaðflugslágmörk	

OPS 1.300

Afhending flugáætlunar fyrir flugumferðarþjónustu

Flugrekandi skal sjá til þess að ekki sé lagt upp í flug nema flugáætlun til flugumferðarþjónustu hafi verið afhent eða nægilegar upplýsingar lagðar fram til að unnt sé að gera viðbúnaðarþjónustu viðvart, ef þörf krefur.

OPS 1.305

Taka eða losun eldsneytis á meðan farþegar fara um borð, eru um borð eða fara frá borði

(Sjá 1. viðbæti við OPS 1.305)

Flugrekandi skal sjá til þess að flugvélabensín eða sambærilegt eldsneyti með suðumark á breiðu hitabili (t.d. Jet-B eða annað sambærilegt), eða ef um blöndu með þessu eldsneyti getur verið að ræða, sé ekki tekið á eða losað af flugvél á meðan farþegar fara um borð, eru um borð eða fara frá borði. Í öllum öðrum tilvikum skulu gerðar nauðsynlegar varúðarráðstafanir og skal flugvélin vera mönnuð hæfu starfsfólki sem getur hafið og stjórnað rýmingu flugvélarinnar á sem hagkvæmastan og skjótastan hátt.

OPS 1.307

Taka eða losun eldsneytis með suðumark á breiðu hitabili

Flugrekandi skal setja verklagsreglur um töku og losun eldsneytis með suðumark á breiðu hitabili, t.d. Jet-B eða annað sambærilegt, ef þess er krafist.

OPS 1.308

Ýting og dráttur

a) Flugrekandi skal sjá til þ ess að allt verklag við ýtingu og drátt sé í samræmi við viðeigandi flugmálastaðla og verklagsreglur.

b) Flugrekandi skal sjá til þ ess að staðsetning flugvélar fyrir eða eftir akstur sé ekki framkvæmd með drætti án dráttarstangar nema

1) flugvél sé hönnuð þannig að stýrisbúnaður nefhjóls skemmist ekki vegna dráttar án dráttarstangar eða

2) kerfi/verklagsregla sé til staðar sem lætur flugáhöfn vita að slíkar skemmdir kunni að hafa orðið, hafi orðið eða

3) dráttarökutækið án dráttarstangar sé hannað til að koma í veg fyrir skemmdir á flugvélartegundinni.

OPS 1.310

Flugverjar í vinnureitum

a) Flugliðar:

1) Hver flugliði, sem krafist er að sé á vakt í stjórnklefa, skal vera í vinnureit sínum í flugtaki og lendingu.

2) Á öllum öðrum stigum flugsins skal hver flugliði, sem krafist er að sé á vakt í stjórnklefa, ávallt vera í vinnureit sínum nema fjarvera hans sé óhjákvæmileg vegna starfa í tengslum við starfrækslu vélarinnar eða hann þurfi að sinna líkamlegum þörfum, og þá að því tilskildu að alltaf sé a.m.k. einn flugmaður með tilskilin starfsréttindi við stýrið.

3) Hver flugliði, sem krafist er að sé á vakt í stjórnklefa, skal á öllum stigum flugs halda árvekni sinni. Ef vart verður við skort á árvekni skal viðeigandi gagnráðstöfunum beitt. Ef óvænt þreyta gerir vart við sig má nota skammtaða hvíld sem flugstjóri skipuleggur ef vinnuálag heimilar það. Skömmtuð hvíld, sem kemur til á þennan hátt, má aldrei teljast hluti af hvíldartíma þegar takmarkanir á flugtíma eru reiknaðar eða notaðar til að réttlæta flugvakt.

b) Öryggis- og þjónustuliðar. Á öllum þilförum flugvélarinnar, þar sem farþegar eru, skulu öryggis- og þjónustuliðar sitja í vinnureit sínum á varasömustu stigum flugsins.

OPS 1.315

Búnaður til neyðarrýmingar

Flugrekandi skal setja verklagsreglur til að tryggja að búnaður til neyðarrýmingar, sem opnast sjálfkrafa, sé undirbúinn fyrir notkun þegar það er óhætt og því verður við komið áður en ekið er af stað og fyrir flugtak og lendingu.

OPS 1.320

Sæti, öryggisbelti og öryggistygi

a) Flugverjar:

1) Í flugtaki og lendingu svo og ávallt þegar flugstjóri telur þess þörf í öryggisskyni skulu allir flugverjar vera tryggilega spenntir með öllum öryggisbeltum og öryggistygjum sem fyrir hendi eru.

2) Á öðrum stigum flugsins skulu allir flugliðar í stjórnklefa hafa sætisólar spenntar þegar þeir eru í vinnureit sínum.

b) Farþegar:

1) Fyrir flugtak og lendingu, í akstri svo og ávallt þegar þess er talin þörf í öryggisskyni skal flugstjórinn sjá til þess að allir farþegar um borð séu tryggilega spenntir í sæti sínu eða legurúmi, með öryggisbeltum eða öryggistygjum þar sem þau eru fyrir hendi.

2) Flugrekandi skal mæla svo fyrir og flugstjórinn skal sjá til þess að aldrei sé leyft að fleiri en einn sé um sama flugvélarsæti nema í tilteknum sætum þar sem saman sitja einn fullorðinn og ungbarn sem er vandlega fest niður með viðbótarlykkjubelti eða annars konar festibúnaði.

OPS 1.325

Öryggi í farþegarými og eldhúsum

a) Flugrekandi skal setja verklagsreglur til að tryggja að áður en ekið er af stað og fyrir flugtak og lendingu séu útgangar og neyðarútgönguleiðir hvergi tepptar.

b) Flugstjórinn skal sjá til þess að fyrir flugtak og lendingu og ávallt þegar það telst nauðsynlegt í öryggisskyni sé allur búnaður og farangur tryggilega festur.

OPS 1.330

Aðgengi að neyðarbúnaði

Flugstjórinn skal sjá til þess að viðeigandi neyðarbúnaður sé ávallt aðgengilegur fyrirvaralaust.

OPS 1.335

Reykingar um borð

a) Flugstjórinn skal sjá til þess að um borð sé engum leyft að reykja:

1) þegar það telst nauðsynlegt í öryggisskyni,

2) þegar flugvélin er á jörðu niðri, nema það sé sérstaklega leyft í samræmi við verklagsreglur sem skilgreindar eru í flugrekstrarhandbókinni,

3) utan þeirra svæða sem ætluð eru til reykinga, s.s. á göngum og inni á snyrtingum,

4) í vörurými og/eða á öðrum stöðum þar sem er farmur sem er ekki geymdur í eldþolnum gámum eða ekki er breitt yfir með eldþolnum segldúk og

5) í þeim hlutum farþegaklefans þar sem súrefnisgjöf fer fram.

OPS 1.340

Veðurskilyrði

a) Þegar flogið er samkvæmt blindflugsreglum skal flugstjóri hvorki:

1) hefja flugtak né

2) halda lengra en að þeim stað þaðan sem endurskoðuð flugáætlun gildir, hafi áætlun verið breytt á flugi nema upplýsingar liggi fyrir um að væntanlega verði veðurskilyrði á ákvörðunarstað og/eða tilskildum varaflugvöllum, sem mælt er fyrir um í OPS 1.295, jafngóð eða betri en áætlunarlágmörk sem mælt er fyrir um í OPS 1.297.

b) Þegar flogið er samkvæmt blindflugsreglum skal flugstjóri ekki halda lengra en:

1) að ákvörðunarpunkti (DP) þegar hann flýgur samkvæmt verklagsreglum um ákvörðunarpunkt eða

2) leiðarskilum þegar hann flýgur samkvæmt verklagsreglum um leiðarskil nema upplýsingar liggi fyrir um að væntanlega verði veðurskilyrði á ákvörðunarstað og/eða tilskildum varaflugvelli/-flugvöllum, sem kveðið er á um í OPS 1.295, jafngóð eða betri en gildandi flugvallarlágmörk sem kveðið er á um í OPS 1.225.

c) Þegar flogið er samkvæmt blindflugsreglum skal flugstjóri ekki halda áfram til fyrirhugaðs ákvörðunarflugvallar nema nýjustu, tiltækar upplýsingar gefi til kynna að á áætluðum komutíma verði veðurskilyrði á ákvörðunarstað, eða a.m.k. á einum varaflugvelli ákvörðunarstaðar, jafngóð eða betri en gildandi flugvallarlágmörk.

d) Þegar flogið er samkvæmt sjónflugsreglum (VFR) skal flugstjóri ekki hefja flugtak nema síðustu, fáanlegar veðurlýsingar eða sambland af veðurlýsingum og spám bendi til þess að veðurskilyrði á leiðinni, eða á þeim hluta leiðarinnar og á þeim tíma, sem fyrirhugað er að fljúga samkvæmt sjónflugsreglum, séu þannig að hægt sé að fljúga samkvæmt þeim reglum.

OPS 1.345

Ísing og önnur aðskotaefni — verklagsreglur á jörðu niðri

a) Flugrekandi skal setja verklagsreglur um hvenær ísingarvarnir og afísing á jörðu niðri og tilheyrandi skoðun á flugvélinni eru nauðsynlegar.

b) Flugstjóri skal ekki hefja flugtak nema allt ytra borð flugvélarinnar sé laust við öll aðskotaefni sem gætu haft slæm áhrif á eða dregið úr afkastagetu og/eða stjórnhæfi flugvélarinnar nema eins og leyfilegt er samkvæmt flughandbók hennar.

OPS 1.346

Ísing og önnur aðskotaefni — verklagsreglur á flugi

a) Flugrekandi skal setja verklagsreglur um flug í ísingu eða ef búast má við ísingu.

b) Flugstjóri skal hvorki leggja upp í flug né vísvitandi fljúga inn í veðurskilyrði þar sem vitað er um ísingu eða búast má við henni nema flugvélin hafi skírteini og tækjabúnað til flugs við slík skilyrði.

OPS 1.350

Eldsneytis- og olíubirgðir

Flugstjóri skal ekki leggja upp í flug nema hann hafi gengið úr skugga um að á flugvélinni sé eldsneyti og olía sem ætla má að nægi a.m.k. til að ljúka fluginu örugglega, að teknu tilliti til þeirra flugskilyrða sem búist er við.

OPS 1.355

Flugtaksskilyrði

Áður en flugstjóri hefur flugtak skal hann ganga úr skugga um að samkvæmt þeim upplýsingum, sem honum eru tiltækar, eigi veður á flugvellinum og ástand flugbrautarinnar, sem fyrirhugað er að nota, ekki að spilla öryggi í flugtaki og brottflugi.

OPS 1.360

Flugtakslágmörk

Áður en flugstjóri hefur flugtak skal hann ganga úr skugga um að flugbrautarskyggni eða skyggni í flugtaksátt flugvélarinnar sé jafngott eða betra en gildandi lágmark.

OPS 1.365

Lágmarksflughæðir

Flugstjórinn, eða sá flugmaður sem hefur verið falin stjórn flugsins, skal ekki fljúga undir tilteknum lágmarksflughæðum nema þegar nauðsynlegt er við flugtak eða lendingu.

OPS 1.370

Hermt eftir óeðlilegum aðstæðum á flugi

Flugrekandi skal setja verklagsreglur til að tryggja að í flutningaflugi sé ekki hermt eftir óeðlilegum aðstæðum eða neyðarástandi, sem gerir það að verkum að nota þarf að hluta eða að öllu leyti verklagsreglur fyrir slíkar aðstæður, né heldur hermt eftir blindflugsskilyrðum (IMC) með gerviblindflugi.

OPS 1.375

Eftirlit og stjórnun eldsneytisnotkunar á flugi

(Sjá 1. viðbæti við OPS 1.375)

a) Flugrekandi skal setja verklagsreglur til að tryggja að eftirlit sé haft með eldsneytisbirgðum á flugi og að notkun eldsneytis sé stjórnað.

b) Flugstjóri skal sjá til þess að birgðir nothæfs eldsneytis á flugi séu ekki minni en svo að þær endist til flugvallar þar sem lenda má örugglega, en þó sé neyðareldsneytið ónotað.

c) Flugstjóri skal lýsa yfir neyðarástandi ef reiknað magn af nothæfu eldsneyti við lendingu er minna en neyðareldsneytið.

OPS 1.380

Hér á að vera eyða

OPS 1.385

Notkun viðbótarsúrefnis

Flugstjóri skal sjá til þess að flugliðar, sem hafa með höndum störf sem lúta að öruggri starfrækslu flugvélarinnar í flugi, noti ávallt viðbótarsúrefni þegar inniþrýstingshæð samsvarar meira en 10 000 feta hæð lengur en í 30 mínútur og ávallt þegar hún samsvarar meira en 13 000 fetum.

OPS 1.390

Geimgeislun

a) Flugrekandi skal taka tillit til váhrifa vegna geimgeislunar sem flugverjar á flugvakt (og við flutning á flugverjum) verða fyrir á flugi og skal hann gera eftirfarandi ráðstafanir vegna þeirra í áhöfninni sem geta orðið fyrir váhrifum sem nema meira en 1 mSv á ári,

   1) meta hversu miklum váhrifum þeir verða fyrir,

   2) taka tillit til mats á váhrifum þegar vinnuáætlanir eru skipulagðar með það fyrir augum að minnka geislunarmagn hjá þeim flugverjum sem hafa orðið fyrir miklum váhrifum,

   3) upplýsa hlutaðeigandi flugverja um þá hættu sem heilsu þeirra stafar af starfi þeirra,

4) sjá til þess að vinnuáætlanir kvenkyns flugverja, þegar þær hafa tilkynnt flugrekanda að þær eru barnshafandi, séu þannig að jafngildisgeislamagn, sem fóstrið verður fyrir, sé eins lítið og hugsast getur og í öllum tilvikum tryggja að magnið verði ekki meiri en 1 mSv það sem eftir er af meðgöngunni,

5) sjá til þess að einstakar skýrslur séu haldnar fyrir þá flugverja sem geta orðið fyrir miklum váhrifum; Þessi váhrif skulu tilkynnt einstaklingnum árlega og einnig þegar hann hættir störfum hjá flugrekandanum.

b) 1) Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél fyrir ofan 15 000 metra hæð (49 000 fet) nema búnaðurinn, sem skilgreindur er í 1. lið. a-liðar OPS 1.680, sé nothæfur, eða að farið sé að verklagsreglunni sem kveðið er á um í 2. lið. a-liðar OPS 1.680.

2) Flugstjórinn, eða sá flugmaður sem hefur verið falin stjórn flugsins, skal lækka flugið strax og unnt er ef farið er yfir viðmiðunarmörk þess styrkleika geimgeislunar sem tilgreind eru í flugrekstrarhandbókinni.

OPS 1.395

Viðvörun um nálægð við jörð

Ef flugliði eða jarðvarakerfi greinir óvænta nálægð við jörð skal flugstjórinn, eða sá flugmaður sem hefur verið falin stjórn flugsins, tafarlaust bregðast við og gera ráðstafanir til að færa flugið aftur í öruggt horf.

OPS 1.398

Notkun árekstrarvarakerfis flugvélar (ACAS)

Flugrekandi skal setja verklagsreglur til að tryggja:

a) að þegar árekstrarvarakerfi er uppsett og nothæft skuli það notað á flugi í tilteknum starfshætti sem gerir kleift að framkalla ráðleggingar (RA) nema það sé ekki viðeigandi við aðstæður á þeim tíma,

b) að ef árekstrarvarakerfi greinir óleyfilega nálægð við annað loftfar (RA) verði flugstjórinn, eða sá flugmaður sem hefur verið falin stjórn flugsins, að sjá til þess að tafarlaust sé farið eftir ráðleggingu árekstrarvarans, nema slíkt myndi stofna öryggi flugvélarinnar í hættu. Viðbrögðin:

i. mega aldrei fara þvert á ráðleggingar árekstrarvarans,

ii. verða að vera í samræmi við ráðleggingar árekstrarvarans jafnvel þ ótt þ að brjóti í bága við leiðbeiningar flugumferðarstjórnar um hæðaraðskilnað,

iii. mega ekki vera meiri en nauðsynlegt er til að fara eftir ráðleggingum árekstrarvarans,

c) að reglur um fjarskipti við flugumferðarstjórn varðandi árekstrarvara séu fyrir hendi,

d) Þegar hættan er liðin hjá sé samstundis aftur farið eftir fyrirmælum eða heimildum flugumferðarstjórnar.

OPS 1.400

Aðflugs- og lendingarskilyrði

Áður en flugstjórinn hefur aðflug til lendingar skal hann ganga úr skugga um að samkvæmt þeim upplýsingum sem honum eru tiltækar sé veður á flugvellinum og ástand flugbrautarinnar, sem fyrirhugað er að nota, með þeim hætti að hvorugt eigi að spilla öryggi í aðflugi, lendingu eða fráflugi, með hliðsjón af upplýsingum um afkastagetu í flugrekstrarhandbók.

OPS 1.405

Byrjun og framhald á aðflugi

a) Flugstjórinn, eða sá flugmaður sem hefur verið falin stjórn flugsins, getur hafið blindaðflug óháð þ ví hvaða flugbrautarskyggni/skyggni hefur verið tilkynnt en hann má ekki fara lengra í aðfluginu en að ytri markvita eða sambærilegum stað ef tilkynnt flugbrautarskyggni/skyggni er undir gildandi lágmörkum.

b) Ef upplýsingar um flugbrautarskyggni eru ekki tiltækar má reikna út flugbrautarskyggni með því að umreikna tilkynnt skyggni samkvæmt h-lið 1. viðbætis við OPS 1.430.

c) Fari tilkynnt flugbrautarskyggni/skyggni niður fyrir gildandi lágmark eftir að farið hefur verið fram hjá ytri markvitanum eða sambærilegri stöðu, samkvæmt a-lið hér að framan, má halda áfram aðflugi í ákvörðunarflughæð/ákvörðunarhæð (DA/H) eða lágmarkslækkunarflughæð/lágmarkslækkunarhæð (MDA/H).

d) Þar sem enginn ytri markviti er eða sambærileg staða skal flugstjórinn, eða sá flugmaður sem hefur verið falin stjórn flugsins, ákveða hvort hann heldur áfram eða hættir við aðflug áður en hann er kominn niður fyrir 1000 fet yfir flugvellinum á lokakafla blindaðflugs. Ef lágmarkslækkunarflughæð/lágmarkslækkunarhæð er 1000 fetum eða meira fyrir ofan flugvöllinn skal flugrekandi ákvarða hæð fyrir hverja aðflugsaðferð, sem aðflugi skal ekki haldið áfram niður fyrir, ef flugbrautarskyggni/skyggni er minna en gildandi lágmörk.

e) Flugmaður má halda aðflugi áfram niður fyrir ákvörðunarflughæð/ákvörðunarhæð eða lágmarkslækkunar-flughæð/lágmarkslækkunarhæð og lenda, svo fremi tilskilin kennileiti séu sýnileg í ákvörðunarflughæð/ákvörðunarhæð eða lágmarkslækkunarflughæð/lágmarkslækkunarhæð og haldist sýnileg.

f) Flugbrautarskyggni á snertisvæði er alltaf ráðandi. Ef flugbrautarskyggni á miðjupunkti og við stöðvunarenda hefur verið tilkynnt, og það er viðeigandi, er það líka ráðandi. Lágmarksgildi flugbrautarskyggnis á miðjupunkti er 125 m eða það flugbrautarskyggni sem krafist er á snertisvæði, ef það er minna, og 75 m á stöðvunarsvæði. Fyrir flugvélar, sem búnar eru leiðbeiningar- eða stýringarkerfi fyrir lendingarbrun, er lágmarksgildi flugbrautarskyggnis á miðjupunkti 75 m.

Aths. „viðeigandi“ merkir í þessu samhengi þann hluta flugbrautarinnar sem notaður er á háhraðastigi lendingarinnar niður að u.þ.b. 60 hnúta hraða.

OPS 1.410

Verklagsreglur í flugi — hæð yfir þröskuldi

Flugrekandi skal setja verklagsreglur sem ætlað er að tryggja að flugvél í nákvæmnisaðflugi fari yfir þröskuld með nægilegu öryggisbili og flugvélin sé þá í lendingarham og -horfi.

OPS 1.415

Leiðarflugbók

Flugstjóri skal sjá til þess að færð sé leiðarflugbók.

OPS 1.420

Skýrslugjöf vegna atvika

a) Orðskýringar:

1) Flugatvik: atvik, annað en slys, sem tengist starfrækslu loftfars og sem hefur eða getur haft áhrif á öryggi starfrækslunnar.

2) Alvarlegt flugatvik: flugatvik sem verður við aðstæður sem benda til þess að það hafi legið við slysi.

3) Slys: atvik sem gerist í tengslum við starfrækslu loftfars frá því að einhver fer um borð í loftfarið í þeim tilgangi að fljúga með því og þar til allir eru farnir frá borði þar sem:

i. maður lætur lífið eða slasast vegna þess:

A) að hann var um borð í loftfarinu,

B) að hann var í beinni snertingu við einhvern hluta loftfarsins, þar á meðal hluta sem hafa losnað frá loftfarinu eða

C) að hann varð fyrir útblæstri þotuhreyfils,

nema þegar meiðslin eiga sér eðlilegar orsakir, eru af völdum mannsins sjálfs eða annarra eða þegar meiðsl verða á laumufarþegum sem leynast utan svæðis sem farþegar og áhöfn hafa venjulega aðgang að eða

ii. loftfarið verður fyrir skemmdum eða bilun eða brestur verður í burðarvirki sem hefur veruleg áhrif á styrkleika þess, afkastagetu eða flugeiginleika, og myndi að öllu jöfnu krefjast mikillar viðgerðar eða þess að skipt væri um viðkomandi íhlut, nema um sé að ræða hreyfilbilun eða skemmd, sem takmarkast við hreyfil, hlífar hans eða fylgibúnað, eða um er að ræða skemmdir sem takmarkast við loftskrúfur, vængenda, loftnet, hjólbarða, hemla, vindhlífar, smádældir eða göt á ytra byrði loftfarsins eða

iii. loftfarsins er saknað eða engin leið er að komast að því.

b) Skýrsla vegna flugatvika. Flugrekandi skal setja verklagsreglur um skýrslugjöf vegna flugatvika sem taka mið af þeirri ábyrgð sem lýst er hér á eftir og aðstæðunum sem lýst er í d-lið hér á eftir.

1) Í b-lið OPS 1.085 er tilgreind ábyrgð flugverja á að gefa skýrslu um flugatvik sem stofna eða gætu stofnað öryggi starfrækslunnar í hættu.

2) Flugrekandi eða flugstjóri flugvélar skal senda flugmálayfirvöldum skýrslu um hvert það flugatvik sem hefur eða gæti stofnað öryggi starfrækslunnar í hættu.

3) Skýrslurnar skulu sendar áður en 72 klukkustundir eru liðnar frá því að flugatvikið átti sér stað nema sérstakar aðstæður komi í veg fyrir það.

4) Flugstjóri skal sjá til þess að allar tæknibilanir, sem vitað er um eða grunur leikur á að séu til staðar, svo og frávik út fyrir tæknileg mörk, sem komu fram á meðan hann bar ábyrgð á stjórn flugsins, séu skráðar í tækniflugbók loftfarsins. Ef annmarki eða frávik út fyrir tæknileg mörk hefur eða gæti stofnað öryggi starfrækslunnar í hættu verður flugstjórinn að auki að gefa skýrslu til flugmálayfirvalda í samræmi við 2. lið b-liðar hér að framan.

5) Í þeim tilvikum þegar skýrslur eru gefnar um flugatvik í samræmi við 1., 2. og 3. lið. b-liðar hér að framan, sem verða vegna eða tengjast bilun, ólagi eða galla í flugvélinni, búnaði hennar eða þjónustubúnaði á jörðu niðri eða sem valda eða gætu valdið óæskilegum áhrifum á áframhaldandi lofthæfi flugvélarinnar verður flugrekandi einnig að gefa upplýsingar til fyrirtækisins, sem ber ábyrgð á hönnuninni, eða birgisins eða, ef við á, fyrirtækisins, sem ber ábyrgð á áframhaldandi lofthæfi, á sama tíma og skýrsla er afhent flugmálayfirvöldum.

c) Skýrslugjöf um slys og alvarleg flugatvik.

Flugrekandi skal setja verklagsreglur um skýrslugjöf vegna slysa og alvarlegra flugatvika sem taka mið af þeirri ábyrgð, sem lýst er hér á eftir, og aðstæðunum sem lýst er í d-lið hér á eftir.

1) Flugstjóri skal tilkynna flugrekanda um slys eða alvarleg flugatvik sem eiga sér stað meðan hann ber ábyrgð á fluginu. Í þeim tilvikum, sem flugstjórinn er ófær um að gefa slíka tilkynningu, skal annar flugverji, sem er fær um það, sjá um tilkynninguna, að teknu tilliti til þess í hvaða röð flugverjar taka við stjórn flugvélarinnar eins og flugrekandi tilgreinir.

2) Flugrekandi skal sjá til þess að flugmálayfirvöldum í ríki flugrekanda, viðkomandi flugmálayfirvöldum, sem næst eru (ef það eru ekki flugmálayfirvöldin í ríki flugrekandans), og öðrum stofnunum, sem ríki flugrekandans krefst að látin séu vita, sé tilkynnt eins fljótt og auðið er um slys eða alvarleg flugatvik og, aðeins þegar um er að ræða slys, a.m.k. áður en flugvélin er hreyfð nema sérstakar aðstæður komi í veg fyrir það.

3) Flugrekandi eða flugstjóri flugvélar skal senda flugmálayfirvöldum í ríki flugrekanda skýrslu um hvert það slys eða alvarlegt flugatvik sem verður innan 72 klukkustunda.

d) Sérstakar skýrslur

Atvikum, sem nota verður sérstakar tilkynningar- og skýrslugjafaraðferðir fyrir, er lýst hér á eftir.

1) Flugumferðaratvik Flugstjóri skal án tafar tilkynna viðeigandi flugumferðarþjónustudeild um flugatvik og að hann muni gefa skýrslu um flugumferðaratvikið eftir að fluginu lýkur hvenær sem loftfar á flugi hefur verið stefnt í hættu þar sem:

i. við árekstri lá við annað flugtæki af einhverju tagi eða

ii. flugumferðarstjórn var ábótavant eða flugumferðarþjónusta eða flugliðar fylgdu ekki gildandi verklagsreglum,

iii. bilun varð í starfsstöð flugumferðarþjónustu. Að auki skal flugstjóri tilkynna flugmálayfirvöldum um flugatvikið.

2) Ráðleggingar frá árekstrarvarakerfi. Flugstjóri skal tilkynna viðeigandi flugumferðarþjónustudeild og gefa árekstrarvaraskýrslu til flugmálayfirvalda þegar loftfar á flugi hefur breytt flugi sínu vegna ráðleggingar frá árekstrarvarakerfi.

3) Hætta af fuglum og árekstri við þá:

i. Flugstjóri skal ávallt tilkynna það þegar í stað til næstu flugumferðarþjónustudeildar þegar hætta kann að stafa af fuglum.

ii. Ef flugstjóri veit að árekstur við fugl hefur átt sér stað skal hann gefa skriflega skýrslu um árekstur við fugl til flugmálayfirvalda eftir lendingu þegar loftfar, sem hann ber ábyrgð á, verður fyrir árekstri við fugl sem leiðir til umtalsverðra skemmda á loftfarinu eða taps eða bilunar á nauðsynlegum búnaði. Ef í ljós kemur að árekstur við fugl hefur átt sér stað þegar flugstjórinn er ekki tiltækur ber flugrekandi ábyrgð á því að gefa skýrsluna.

4) Flugatvik eða slys sem verða í tengslum við hættulegan varning. Flugrekandi skal gefa skýrslu um flugatvik og slys er varða hættulegan varning til flugmálayfirvalda og viðkomandi yfirvalda þess ríkis þar sem slysið eða flugatvikið átti sér stað eins og kveðið er á um í 1. viðbæti OPS 1.1225. Fyrstu skýrslu skal senda innan 72 klukkustunda frá því að atburðurinn átti sér stað nema sérstakar aðstæður hamli því og skal hún fela í sér allt það sem þá er vitað. Ef nauðsynlegt er skal, eins fljótt og unnt er, útbúa aðra skýrslu með viðbótarupplýsingum sem hafa komið fram. (Sjá einnig OPS 1.1225).

5) Ólögmæt afskipti. Þegar ólögmæt afskipti hafa átt sér stað um borð í loftfari skal flugstjórinn eða flugrekandinn, ef flugstjórinn er fjarverandi, senda, eins fljótt og unnt er, þar til bæru yfirvaldi á staðnum og flugmálayfirvöldum í ríki flugrekandans skýrslu um atburðinn. (Sjá einnig OPS 1.1245).

6) Aðstæður sem hugsanlega eru hættulegar. Flugstjóri skal tilkynna viðeigandi flugumferðarþjónustudeild, eins fljótt og unnt er, þegar aðstæður, sem hugsanlega eru hættulegar, koma upp á flugi eins og ólag á búnaði á jörðu niðri eða flugleiðsögubúnaði, veðurfyrirbæri eða gosöskuský.

OPS 1.425

Frátekið til notkunar síðar

1. viðbætir við OPS 1.270

Frágangur á farangri og farmi

Í verklagsreglum, sem flugrekandi setur til að tryggja að gengið sé frá handfarangri og farmi á viðunandi og öruggan hátt, skal tekið mið af eftirfarandi atriðum:

1) hluti, sem teknir eru inn í farþegaklefann, má einungis geyma þar sem hægt er að skorða þá,

2) ekki má fara yfir massamörk sem tilgreind eru á skiltum sem eru á eða við hliðina á geymslurými,

3) ekki má nota geymslurými undir sæti nema sætið sé búið festistöng og ummál farangursins leyfi að stöngin skorði hann,

4) ekki má geyma hluti á snyrtingum eða upp við þverþil, sem hindrar ekki tilfærslu fram, til hliðar eða upp á við, og á þverþilinu skal vera skilti þar sem er tilgreindur sá hámarksmassi sem þar má geyma,

5) farangur og farmur, sem er settur í lokaðar hirslur, má ekki vera stærri en svo að unnt sé að loka hirslunum tryggilega,

6) ekki má koma farangri og farmi þannig fyrir að það hindri aðgang að neyðarbúnaði og

7) fyrir flugtak og lendingu og í hvert sinn sem kveikt er á skiltunum „Spennið beltin“, eða svo mælt fyrir á annan hátt, skal litið eftir því að gengið hafi verið frá farangri þar sem hann hindrar ekki rýmingu loftfarsins eða veldur skaða með því að falla niður (eða hreyfast til á annan hátt) eftir því á hvaða stigi flugið er.

1. viðbætir við OPS 1.305

Taka eða losun eldsneytis á meðan farþegar fara um borð, eru um borð eða fara frá borði

Flugrekandi skal setja verklagsreglur um það þegar eldsneyti er tekið/losað af flugvél á meðan farþegar fara um borð, eru um borð eða fara frá borði og tryggja að eftirfarandi varúðarráðstafanir séu gerðar:

1) þegar eldsneyti er tekið/losað af flugvél á meðan farþegar eru um borð þarf einn maður með tilskilin starfsréttindi að vera til taks á tilteknum stað; sá hinn sami þarf að vera fær um að beita verklagsreglum í neyðartilvikum, að því er varðar eldvarnir og slökkvistörf, og sjá um fjarskipti og hefja og stjórna rýmingu flugvélarinnar.

2) fjarskiptum skal komið á og þau vera möguleg yfir talkerfi flugverja flugvélarinnar eða annan heppilegan búnað á milli starfsmanna á jörðu niðri, sem umsjón hafa með eldsneytistökunni, og hæfs starfsfólks um borð í flugvélinni,

3) áhöfn, starfsfólk og farþegar skulu fá viðvörun um að eldsneyti verði tekið/losað,

4) slökkt skal vera á skiltunum „Spennið beltin“,

5) kveikt skal vera á skiltunum „REYKINGAR BANNAÐAR“ og einnig á ljósum inni í flugvélinni til þess að neyðarútgangar sjáist,

6) farþegar skulu fá fyrirmæli um að hafa beltin ekki spennt og reykja ekki,

7) nógu fjölmennt hæft starfsfólk skal vera um borð og undir það búið að hefja neyðarrýmingu samstundis,

8) ef vart verður við eldsneytisgufur inni í flugvélinni eða ef önnur hætta skapast á meðan eldsneyti er tekið eða losað skal því samstundis hætt,

9) svæðum á jörðu niðri, undir neyðarútgöngum og þar sem neyðarrennur opnast, skal haldið auðum og

10) ráðstafanir skulu gerðar til að skjót og örugg rýming flugvélarinnar sé möguleg.

1. viðbætir við OPS 1.375

Eftirlit og stjórnun eldsneytisnotkunar á flugi

a) Fylgst með eldsneytisbirgðum á flugi:

1) Flugstjóri skal sjá til þess að fylgst sé með eldsneytisbirgðum með reglubundnu millibili meðan á flugi stendur. Það sem eftir er af eldsneyti skal skráð og metið til þess:

i. að bera saman raunverulega og áætlaða eldsneytiseyðslu,

ii. að kanna hvort eldsneytið, sem eftir er, nægi til að komast á leiðarenda og

iii. að áætla hversu mikið eldsneyti verði eftir við komuna til ákvörðunarstaðar.

2) Skrá verður viðkomandi eldsneytistölur.

b) Eftirlit og stjórnun eldsneytisnotkunar á flugi.

1) Ef athugun á eldsneytisbirgðum á flugi sýnir að við komu á ákvörðunarstað verði reiknað magn af eldsneytisforða minna en tilskilið eldsneyti til varaflugvallar, ásamt neyðareldsneyti, skal flugstjórinn taka með í reikninginn umferð og ríkjandi aðstæður á ákvörðunarstað, á breyttri leið til varaflugvallar, svo og á varaflugvelli ákvörðunarstaðar, þegar hann ákveður hvort hann eigi að halda áfram til ákvörðunarstaðar eða víkja af leið til þess að geta lent með a.m.k. neyðareldsneytið ónotað.

2) Á flugi til afskekkts flugvallar:

skal ákvarða ystu mögulegu vendimörk á flugleið til tiltæks varaflugvallar á flugleið. Áður en að þessum mörkum er komið skal flugstjórinn meta eldsneytið, sem búist er við að verði eftir yfir afskekkta flugvellinum, veðurskilyrði og umferð og ríkjandi aðstæður á afskekkta flugvellinum og flugvöllunum á flugleið áður en ákveðið er hvort halda skal áfram til afskekkta flugvallarins eða víkja af leið til flugvallar á flugleið.

E-KAFLI

STARFRÆKSLA Í SKERTU SKYGGNI

OPS 1.430

Flugvallarlágmörk — almenn ákvæði

(Sjá 1. viðbæti við OPS 1.430)

a) Flugrekandi skal ákvarða flugvallarlágmörk, sem eru ekki lægri en þau sem gefin eru upp í 1. viðbæti, fyrir hvern flugvöll sem hann hyggst nota. Flugmálayfirvöld verða að geta fallist á þá aðferð sem notuð er. Lágmörkin skulu aldrei vera undir þeim lágmörkum sem flugmálayfirvöld þess ríkis, þar sem flugvöllurinn er, kunna að setja fyrir slíka flugvelli nema þau hafi verið samþykkt sérstaklega af því ríki.

Aths.: Í liðnum hér að framan er ekki lagt bann við að reikna út á flugi flugvallarlágmörk varaflugvallar, sem er ekki á áætlun, svo fremi að notuð sé viðurkennd aðferð.

b) Þegar flugrekandi ákveður flugvallarlágmörk fyrir tiltekið flug skal hann taka fullt tillit til eftirfarandi atriða:

1) tegundar, afkastagetu flugvélarinnar og stjórnunareiginleika hennar,

2) samsetningar flugáhafnar, hæfni hennar og reynslu,

3) stærðar og eiginleika flugbrautanna sem kunna að verða valdar til notkunar,

4) afkastagetu sjónrænna leiðsögutækja og annarra leiðsögutækja á jörðu niðri og að þau séu tiltæk og viðunandi,

5) tækjabúnaðar, sem tiltækur er í flugvélinni, til nota við flugleiðsögu og/eða til að stjórna flugslóð, eftir því sem við á, í flugtaki, aðflugi, sléttingu, lendingu, lendingarbruni og fráflugi,

6) hindrana á aðflugs-, fráflugs- og fráklifursvæðum, svo hægt sé að taka tillit til þeirra varðandi verklagsreglur í viðlögum, og nauðsynlegra fjarlægða frá þeim hindrunum,

7) lágmarksflughæðar/lágmarkshæðar yfir hindrun í blindaðflugi,

8) möguleika á því að ákvarða og tilkynna um veðurskilyrði.

c) Flokka flugvéla, sem um getur í þessum kafla, verður að ákvarða í samræmi við aðferðina sem lýst er í 2. viðbæti við c-lið OPS 1.430.

OPS 1.435

Orðskýringar

Í þessum kafla er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) Hringaðflug. Aðflug loftfars sem flýgur síðasta hluta blindaðflugs í sjónaðflugi til þess að komast á rétta stefnu til lendingar á braut sem liggur ekki vel við beinu aðflugi.

2) Verklag í lélegu skyggni (LVP). Verklagsreglur á flugvöllum sem miða að því að tryggja öryggi í aðflugi skv. II. og III. flokki (CAT II - III) og við flugtak í lélegu skyggni.

3) Flugtak í lélegu skyggni (LVTO). Flugtak í minna en 400 m flugbrautarskyggni.

4) Stýrakerfi. Kerfi með sjálfvirkt lendingarkerfi og/eða lendingarkerfi með blandaðri tækni.

5) Bilunarhlutlaust stýrakerfi. Stýrakerfi telst bilunarhlutlaust verði ekki veruleg breyting á stillingu stýra eða frávik frá flugslóð eða flughorfi ef bilun verður, en lendingu er ekki lokið sjálfvirkt. Ef sjálfstýring er bilunarhlutlaus tekur flugmaður við stjórn flugvélarinnar eftir að bilun verður.

6) Bilunarstarfhæft stýrakerfi. Stýrakerfi telst bilunarstarfhæft ef unnt er að ljúka aðflugi, sléttingu og lendingu sjálfvirkt ef bilun verður undir viðbúnaðarhæð. Verði bilun starfar sjálflendingarkerfið eins og bilunarhlutlaust kerfi.

7) Bilunarstarfhæft lendingarkerfi með blandaðri tækni. Kerfi þar sem aðalkerfið er bilunarhlutlaust sjálflendingarkerfi með undirkerfi sem er sjálfstætt leiðsögukerfi og gerir flugmanninum kleift að ljúka lendingu handvirkt ef aðalkerfið bilar.

Aths.: Dæmigert sjálfstætt undirleiðsögukerfi er yfirleitt samsett úr vaktaðri framrúðuskjámynd sem veitir leiðsögu, venjulega í formi skipanaupplýsinga, en einnig getur verið um að ræða upplýsingar um stöðu (eða frávik).

8) Sjónaðflug. Aðflug þar sem blindaðflugi eða hluta af því er ekki lokið samkvæmt verklagsreglum og aðflug er flogið með hliðsjón af kennileitum á landsvæði.

OPS 1.440

Starfræksla í lélegu skyggni — almennar reglur

(Sjá 1. viðbæti við OPS 1.440)

a) Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvélar skv. II. eða III. flokki nema að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

1) hver flugvél skal hafa skírteini sem leyfir starfrækslu í minna en 200 feta ákvörðunarhæð eða án ákvörðunarhæðar og skal hún búin tækjum í samræmi við ákvæði í reglum CS-AWO um starfrækslu í skertu skyggni eða jafngild ákvæði sem flugmálayfirvöld hafa samþykkt,

2) koma skal á hentugu kerfi til að skrá heppnað eða misheppnað aðflug og/eða sjálflendingu og því viðhaldið til að vakta heildaröryggi starfrækslunnar,

3) viðkomandi starfræksla skal vera samþykkt af flugmálayfirvöldum,

4) í flugáhöfn skulu vera a.m.k. 2 flugmenn og

5) ákvörðunarhæð skal mæld með ratsjárhæðarmæli.

b) Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvélar í flugtaki í lélegu skyggni þegar flugbrautarskyggni er undir 150 m (fyrir flugvélar í A-, B- og C-flokki) eða undir 200 m (fyrir flugvélar í D-flokki) nema með samþykki flugmálayfirvalda.

OPS 1.445

Starfræksla í lélegu skyggni — flugvellir

a) Flugrekandi skal því aðeins nota flugvöll til starfrækslu skv. II. eða III. flokki að ríkið, þar sem flugvöllurinn er, hafi samþykkt slíkt á flugvellinum.

b) Flugrekandi skal ganga úr skugga um að settar hafi verið reglur um verklag í lélegu skyggni og að þeim sé beitt á flugvöllum þar sem starfræksla í lélegu skyggni á að fara fram.

OPS 1.450

Starfræksla í lélegu skyggni — þjálfun og starfsréttindi

(Sjá 1. viðbæti við OPS 1.450)

Áður en flugrekandi starfrækir flugvél í flugtaki í lélegu skyggni eða fyrir starfrækslu skv. II. og III. flokki (CAT II- III) skal hann sjá til þess:

1) að hver flugliði:

i. hafi lokið þjálfun og prófum, sem mælt er fyrir um í 1. viðbæti, þ.m.t. þjálfun í flughermi, til að starfrækja flugvél í lágmarksgildum flugbrautarskyggnis og ákvörðunarhæðar sem svara til leyfis flugrekanda til starfrækslu skv. II./III. flokki og

ii. hafi réttindi í samræmi við 1. viðbæti,

2) að þjálfun og próf fari fram í samræmi við ítarlega námsskrá sem flugmálayfirvöld hafa samþykkt og kemur fram í flugrekstrarhandbókinni; þessi þjálfun kemur til viðbótar þjálfuninni, sem mælt er fyrir um í N-kafla og

3) að starfsréttindi flugliða séu sérstaklega miðuð við starfrækslu og tegund flugvélar.

OPS 1.455

Starfræksla í lélegu skyggni — verklagsreglur

(Sjá 1. viðbæti við OPS 1.455)

a) Flugrekandi skal setja verklagsreglur og gefa út leiðbeiningar til nota við flugtak í lélegu skyggni og starfrækslu skv. II. og III. flokki. Verklagsreglurnar skulu vera í flugrekstrarhandbókinni og ná til starfa flugliða við akstur loftfars, flugtak, aðflug, sléttingu, lendingu, lendingarbrun og fráflug, eftir því sem við á.

b) Flugstjóri skal ganga úr skugga um:

1) að ástand sjónræns leiðsögubúnaðar og annars búnaðar sé nógu gott áður en hann hefur flugtak eða aðflug skv. II. eða III. flokki í lélegu skyggni,

2) að viðeigandi reglur um verklag í lélegu skyggni séu í gildi, samkvæmt upplýsingum frá flugumferðarþjónustu, áður en hann hefur flugtak eða aðflug skv. II. eða III. flokki í lélegu skyggni og

3) að flugliðar hafi tilskilin réttindi, áður en þeir hefja flugtak í lélegu skyggni, í flugbrautarskyggni sem er undir 150 m (fyrir flugvélar í A-, B- og C-flokki) eða undir 200 m (fyrir flugvélar í D-flokki) eða aðflug skv. II. eða III. flokki.

OPS 1.460

Starfræksla í lélegu skyggni — lágmarksbúnaður

a) Í flugrekstrarhandbókinni skal flugrekandi geta þess hvaða lágmarksbúnaður skuli vera starfhæfur við upphaf flugtaks í lélegu skyggni eða aðflugs skv. II. eða III. flokki, í samræmi við flughandbók flugvélarinnar eða annað samþykkt skjal.

b) Flugstjóri skal ganga úr skugga um að ástand flugvélar og viðkomandi flugvélakerfa sé eins og vera ber fyrir það flug sem fyrirhugað er.

OPS 1.465

Sjónflugslágmörk

(Sjá 1. viðbæti við OPS 1.465)

Flugrekandi skal sjá til þess:

1) að sjónflug sé flogið í samræmi við reglur um sjónflug og í samræmi við töfluna í 1. viðbæti við OPS 1.465.

2) að ekki sé lagt upp í sérlegt sjónflug ef skyggni er minna en 3 km og að slíkt flug sé aldrei flogið í minna en 1,5 km skyggni.

1. viðbætir við OPS 1.430

Flugvallarlágmörk

a) Flugtakslágmörk

1) Almenn ákvæði

i. Flugtakslágmörk, sem flugrekandi setur, skulu gefin upp sem skyggni eða flugbrautarskyggni, að teknu tilliti til allra þátta þessu viðkomandi á hverjum flugvelli, sem fyrirhugað er að nota, og til eiginleika flugvélarinnar. Þegar sérstök þörf er á að sjá og sneiða hjá hindrunum við brottför og/eða reikna með nauðlendingu skal tiltaka frekari skilyrði (s.s. skýjaþekjuhæð).

ii. Flugstjóri skal því aðeins hefja flugtak að veðurskilyrði á brottfararflugvelli séu jafngóð eða betri en gildandi lágmarkslendingarskilyrði á sama flugvelli nema nothæfur varaflugvöllur fyrir flugtak sé tiltækur.

iii. Ef skyggni samkvæmt veðurupplýsingum er minna en tilskilið lágmarksskyggni til flugtaks og flugbrautarskyggni hefur ekki verið tilkynnt er því aðeins heimilt að hefja flugtak ef flugstjórinn getur verið viss um að flugbrautarskyggni/skyggni á flugtaksbraut sé jafngott eða betra en tilskilið lágmark.

iv. Ef ekki hefur verið tilkynnt um skyggni eða flugbrautarskyggni er því aðeins heimilt að hefja flugtak ef flugstjórinn getur verið viss um að flugbrautarskyggni/skyggni á flugtaksbraut sé jafngott eða betra en tilskilið lágmark.

2) Kennileiti: Flugtakslágmörkin skulu vera slík að þau tryggi nægilega útsýn til kennileita svo að stjórna megi flugvélinni, hvort sem hætta þarf við flugtak við erfiðar aðstæður eða halda áfram í flugtaki þótt markhreyfill bili.

3) Tilskilið flugbrautarskyggni/skyggni

i. Ef um er að ræða fjölhreyflaflugvélar, þar sem afkastagetan er slík að ef markhreyfill bilar, hvar sem er í flugtaki, sé annaðhvort hægt að stöðva flugvélina eða halda áfram flugtaki upp í 1500 feta hæð yfir flugvelli með tilskildu hindranabili, skulu flugtakslágmörkin, sem flugrekandi setur, gefin upp sem flugbrautarskyggni/skyggni og ekki vera lægri en gildin í töflu 1 hér á eftir, að undanskildum ákvæðum 4. liðar. hér á eftir:

Tafla 1

Flugbrautarskyggni/skyggni við flugtak

Tilskilið flugbrautarskyggni/skyggni við flugtak	
Virki	Flugbrautarskyggni/skyggni (*Aths. 3*)
Engin (aðeins að degi til)	500 m
hliðarljós á flugbraut og/eða miðlínumerking	250/300 m (*Aths. 1 og 2*)
hliðarljós á flugbraut og miðlínuljós	200/250 m (*Aths. 1*)
hliðarljós á flugbraut og miðlínuljós og upplýsingar um flugbrautarskyggni á fleiri en einum stað	150/200 m (*Aths. 1 og 4*)

Aths. 1: Hærri gildin eiga við flugvélar í D-flokki.
Aths. 2: Í næturflugi er a.m.k. krafist hliðarljósa á flugbraut og ljósa á brautarendum.
Aths. 3: Í stað flugbrautarskyggnis/skyggnis samkvæmt veðurupplýsingum getur komið mat flugmanns á skyggni á upphafshluta flugtaksbruns.
Aths. 4: Kröfur um flugbrautarskyggni skulu uppfylltar á öllum viðeigandi mælingastöðum flugbrautarskyggnis með þeirri undantekningu sem greint er frá í athugasemd 3 hér að framan.

ii. Ef um er að ræða fjölhreyflaflugvélar, þar sem afkastagetan er slík að ef markhreyfill bilar geti þær ekki uppfyllt skilyrði um afköst skv. i. lið 3. liðar a-liðar hér að framan, kann að reynast nauðsynlegt að lenda strax aftur og sjá þá hindranir á flugtakssvæði og sneiða hjá þeim. Eftirfarandi flugtakslágmörk gilda við starfrækslu þessara flugvéla, að því tilskildu að ekki sé farið niður fyrir viðmiðanir um gildandi lágmarksbil frá hindrunum þótt hreyfilbilun verði í tiltekinni hæð. Flugtakslágmörkin, sem flugrekandi ákveður, skulu miðast við þá hæð þaðan sem unnt er að leggja grundvöll að útreikningi á raunflugtaksslóð með einn hreyfil óstarfhæfan. Lágmarksgildi, sem notuð eru fyrir flugbrautarskyggni/skyggni, mega ekki vera undir gildunum sem gefin eru upp annaðhvort í töflu 1 hér að framan eða töflu 2 hér á eftir.

Tafla 2

Áætluð hæð yfir flugbraut við hreyfilbilun miðað við flugbrautarskyggni/skyggni

Flugbrautarskyggni/skyggni við flugtak — flugslóð	
Áætluð hæð yfir flugtaksbraut við hreyfilbilun	Flugbrautarskyggni/skyggni (*aths. 2*)
< 50 fet	200 m
51-100 fet	300 m
101-150 fet	400 m
151-200 fet	500 m
201-300 fet	1 000 m
> 300 fet	1 500 m (*Aths. 1*)

Aths. 1: 1500 m gilda einnig ef ekki er unnt að reikna út jákvæða raunflugtaksslóð.
Aths. 2: Í stað flugbrautarskyggnis/skyggnis samkvæmt veðurupplýsingum getur komið mat flugmanns á skyggni á upphafshluta flugtaksbruns.

iii. Hafi ekki borist tilkynning um flugbrautarskyggni eða veðurupplýsingar um skyggni skal flugstjóri ekki hefja flugtak nema hann geti verið viss um að skilyrðin séu í raun ekki undir flugtakslágmörkum.

4) Undantekningar frá i. lið 3. liðar a-liðar hér að framan:

i. Með fyrirvara um samþykki flugmálayfirvalda og að því tilskildu að kröfum samkvæmt liðum A til E hér á eftir hafi verið fullnægt er flugrekanda heimilt að lækka flugtakslágmörkin niður í 125 m flugbrautarskyggni (fyrir flugvélar í A-, B- og C-flokki) eða 150 m flugbrautarskyggni (fyrir flugvélar í D-flokki) ef:

A) verklagsreglur í lélegu skyggni eru í gildi,

B) hástyrks-miðlínuljós með 15 m millibili eða minna og hástyrks-hliðarljós með 60 m millibili eða minna eru í notkun,

C) flugliðar hafa lokið þjálfun með fullnægjandi árangri í flughermi,

D) 90 m langur kafli er sjáanlegur úr stjórnklefa í upphafi flugtaksbruns og

E) flugbrautarskyggni nær lágmarki á öllum viðkomandi mælingarstöðum.

ii. Með fyrirvara um samþykki flugmálayfirvalda er flugrekanda flugvélar með samþykktu stefnubeinandi leiðsögukerfi fyrir flugtak heimilt að lækka flugtakslágmörkin niður í minna en 125 m flugbrautarskyggni (fyrir flugvélar í A-, B- og C-flokki) eða 150 m (fyrir flugvélar í D-flokki) en ekki minna en 75 m, að því tilskildu að flugbrautarsvæðið sé verndað í samræmi við kröfur fyrir lendingar skv. III. flokki og að fyrir hendi séu flugbrautarvirki í samræmi við þær kröfur.

b) Grunnaðflug

1) Kerfislágmörk

i. Flugrekandi skal sjá til þ ess að lágmörk fyrir grunnaðflug sem byggjast á notkun blindlendingarkerfis án hallageisla (einungis miðlínugeisla (LLZ)), fjölstefnuvita (VOR), hringvita (NDB), stefningaraðflugs (SRA) og VHF-miðunarstöðvar séu ekki lægri en gildin fyrir lágmarkslækkunarhæð sem gefin eru upp í töflu 3 hér á eftir.

Tafla 3

Kerfislágmörk leiðsögutækja fyrir grunnaðflug

Kerfislágmörk	
Virki	Lágmarkslækkunarhæð
Blindlendingarkerfi (enginn hallageisli — miðlínugeisli	250 fet
Stefningaraðflug (lýkur við 1/2 sjómílu)	250 fet
Stefningaraðflug (lýkur við 1 sjómílu)	300 fet
Stefningaraðflug (lýkur við 2 sjómílur)	350 fet
Fjölstefnuviti	300 fet
Fjölstefnuviti/fjarlægðarviti (VOR/DME)	250 fet
Hringviti	300 fet
VHF-miðunarstöð (segulnefstefna (QDM) og beiðni um notkun á aðflugstækinu (QGH))	300 fet

2) Lágmarkslækkunarhæð. Flugrekandi skal sjá til þess að lágmarkslækkunarhæð í grunnaðflugi sé hvorki lægri en:

   i. lágmarkshæð yfir hindrun/lágmarksbil yfir hindrun fyrir flugvél í þeim flokki sem um ræðir né

   ii. kerfislágmarkið.

3) Kennileiti. Flugmanni er óheimilt að halda áfram aðflugi niður fyrir lágmarkslækkunarflughæð/lágmarkslækkunarhæð nema hann sjái greinilega og beri kennsl á a.m.k. eitt af eftirfarandi kennileitum flugbrautarinnar sem hann hyggst nota:

   i. hluta af aðflugsljósakerfinu,

   ii. þröskuldinn,

   iii. þröskuldarmerkingarnar,

   iv. þröskuldarljósin,

   v. þröskuldarauðkenniljósin,

   vi. aðflugshallaljósin,

   vii. snertisvæðið eða snertisvæðismerkingarnar,

   viii. snertisvæðisljósin,

   ix. hliðarljós flugbrautarinnar eða

   x. önnur kennileiti sem eru viðurkennd af flugmálayfirvöldum.

4) Tilskilið flugbrautarskyggni. Lægstu gildi sem flugrekandi skal nota til grunnaðflugs eru sem hér segir:

Tafla 4a

Flugbrautarskyggni fyrir grunnaðflug — öll virki

Grunnaðflugslágmörk Öll virki (*Aths. 1, 5, 6 og 7*)				
Lágmarkslækkunarhæð	Flugbrautarskyggni/flugvélaflokkur			
	A	B	C	D
250-299 fet	800 m	800 m	800 m	1 200 m
300-449 fet	900 m	1 000 m	1 000 m	1 400 m
450-649 fet	1 000 m	1 200 m	1 200 m	1 600 m
650 fet og yfir	1 200 m	1 400 m	1 400 m	1 800 m

Tafla 4b

Flugbrautarskyggni fyrir grunnaðflug — miðlungsvirki

Grunnaðflugslágmörk Miðlungsvirki (*Aths. 2, 5, 6 og 7*)				
Lágmarkslækkunarhæð	Flugbrautarskyggni/flugvélaflokkur			
	A	B	C	D
250-299 fet	1 000 m	1 100 m	1 200 m	1 400 m
300-449 fet	1 200 m	1 300 m	1 400 m	1 600 m
450-649 fet	1 400 m	1 500 m	1 600 m	1 800 m
650 fet og yfir	1 500 m	1 500 m	1 800 m	2 000 m

Tafla 4c

Flugbrautarskyggni fyrir grunnaðflug — grunnvirki

Grunnaðflugslágmörk Grunnvirki (*Aths. 3, 5, 6 og 7*)				
Lágmarkslækkunarhæð	Flugbrautarskyggni/flugvélaflokkur			
	A	B	C	D
250-299 fet	1 200 m	1 300 m	1 400 m	1 600 m
300-449 fet	1 300 m	1 400 m	1 600 m	1 800 m
450-649 fet	1 500 m	1 500 m	1 800 m	2 000 m
650 fet og yfir	1 500 m	1 500 m	2 000 m	2 000 m

Tafla 4d

Flugbrautarskyggni fyrir grunnaðflug — engin aðflugsljósavirki

Grunnaðflugslágmörk Engin aðflugsljósavirki (*Aths. 4, 5, 6 og 7*)				
Lágmarkslækkunarhæð	Flugbrautarskyggni/flugvélaflokkur			
	A	B	C	D
250-299 fet	1 500 m	1 500 m	1 600 m	1 800 m
300-449 fet	1 500 m	1 500 m	1 800 m	2 000 m
450-649 fet	1 500 m	1 500 m	2 000 m	2 000 m
650 fet og yfir	1 500 m	1 500 m	2 000 m	2 000 m

Aths. 1: Öll virki merkir flugbrautarmerkingar, 720 m eða meira af hástyrks-/meðalstyrks-aðflugsljósum, hliðarljós flugbrautar, þröskuldarljós og ljós á brautarenda. Kveikt skal vera á ljósunum.

Aths. 2: Miðlungsvirki merkir flugbrautarmerkingar, 420-719 m af hástyrks-/meðalstyrks-aðflugsljósum, hliðarljós flugbrautar, þröskuldarljós og ljós á brautarenda. Kveikt skal vera á ljósunum.

Aths. 3: Grunnvirki merkir flugbrautarmerkingar, < 420 m af hástyrks-/meðalstyrks-aðflugsljósum, einhver röð lágstyrks-aðflugsljósa, hliðarljós flugbrautar, þröskuldarljós og ljós á brautarenda. Kveikt skal vera á ljósunum.

Aths. 4: Engin aðflugsljósavirki merkir flugbrautarmerkingar, hliðarljós flugbrautar, þröskuldarljós, ljós á brautarenda eða alls engin ljós.

Aths. 5: Töflurnar gilda aðeins um hefðbundið aðflug undir aðflugshallahorni sem er ekki stærra en 4°. Meiri aðflugshalli útheimtir venjulega að aðflugshallaljós (t.d. PAPI) séu einnig sýnileg í lágmarkslækkunarhæð.

Aths. 6: Framangreindar tölur eru annaðhvort tölur um tilkynnt flugbrautarskyggni eða skyggni samkvæmt veðurupplýsingum umreiknað í flugbrautarskyggni eins og í h-lið hér á eftir.

Aths. 7: Lágmarkslækkunarhæðin sem nefnd er í töflum 4a, 4b, 4c og 4d vísar til frumútreiknings á lágmarkslækkunarhæð. Þegar valið er viðeigandi flugbrautarskyggni er ástæðulaust að taka tillit til hækkunar upp í næstu 10 fet, sem kann að stafa af hagkvæmnisástæðum (t.d. vegna umreiknings yfir í lágmarkslækkunarflughæð).

5) Næturflug. Þegar um næturflug er að ræða skal a.m.k. vera kveikt á hliðarljósum flugbrautar, þröskuldarljósum og ljósum á flugbrautarendum.

c) Nákvæmnisaðflug — starfræksla skv. I. flokki (CAT I)

1) Almenn ákvæði. Starfræksla skv. I. flokki er nákvæmnisblindaðflug og -lending með aðstoð blindlendingarkerfis, örbylgjulendingarkerfis eða blindlendingarratsjár (PAR) með ákvörðunarhæð (DH) sem er ekki undir 200 fetum og flugbrautarskyggni sem ekki er undir 550 m.

2) Ákvörðunarhæð. Flugrekandi skal sjá til þess að ákvörðunarhæðin fyrir nákvæmnisaðflug skv. I. flokki sé ekki minni en:

i. lágmarksákvörðunarhæð samkvæmt flughandbók flugvélarinnar, ef hún er tilgreind þar,

ii. minnsta hæð sem unnt er að nota nákvæmnisaðflugstækin í án tilskilinna kennileita,

iii. lágmarkshæð yfir hindrun/lágmarksbil yfir hindrun fyrir flugvél í þeim flokki sem um ræðir eða

iv. 200 fet

3) Kennileiti. Flugmanni er óheimilt að halda áfram aðflugi skv. I. flokki niður fyrir ákvörðunarhæð, sem ákvörðuð er í samræmi við 2. lið. c-liðar hér að framan, nema hann sjái greinilega og beri kennsl á a.m.k. eitt af eftirfarandi kennileitum flugbrautarinnar sem hann hyggst nota:

i. hluta af aðflugsljósakerfinu,

ii. þröskuldinn,

iii. þröskuldarmerkingarnar,

iv. þröskuldarljósin,

v. þröskuldarauðkenniljósin,

vi. aðflugshallaljósin,

vii. snertisvæðið eða snertisvæðismerkingarnar,

viii. snertisvæðisljósin eða,

ix. hliðarljós flugbrautarinnar.

4) Tilskilið flugbrautarskyggni. Lægstu gildi sem flugrekandi skal nota í starfrækslu skv. I. flokki eru sem hér segir:

Tafla 5

Flugbrautarskyggni fyrir aðflug skv. I. flokki miðað við virki og ákvörðunarhæð

Lágmörk skv. I flokki				
Ákvörðunarhæð (*Aths. 7*)	Virki/flugbrautarskyggni (*Aths. 5*)			
	Öll *(Aths. 1 og 6)*	Miðlungs (*Aths. 2 og 6*)	Grunn (*Aths. 3 og 6*)	Engin (*Aths. 4 og 6*)
200 fet	550 m	700 m	800 m	1 000 m
201-250 fet	600 m	700 m	800 m	1 000 m
251-300 fet	650 m	800 m	900 m	1 200 m
301 fet og yfir	800 m	900 m	1 000 m	1 200 m

Aths. 1: Öll virki merkir flugbrautarmerkingar, 720 m eða meira af hástyrks-/meðalstyrks-aðflugsljósum, hliðarljós flugbrautar, þröskuldarljós og ljós á brautarenda. Kveikt skal vera á ljósunum.

Aths. 2: Miðlungsvirki merkir flugbrautarmerkingar, 420-719 m af hástyrks-/meðalstyrks-aðflugsljósum, hliðarljós flugbrautar, þröskuldarljós og ljós á brautarenda. Kveikt skal vera á ljósunum.

Aths. 3: Grunnvirki merkir flugbrautarmerkingar, < 420 m af hástyrks-/meðalstyrks-aðflugsljósum, einhver röð lágstyrks-aðflugsljósa, hliðarljós flugbrautar, þröskuldarljós og ljós á brautarenda. Kveikt skal vera á ljósunum.

Aths. 4: Engin aðflugsljósavirki merkir flugbrautarmerkingar, hliðarljós flugbrautar, þröskuldarljós, ljós á brautarenda eða alls engin ljós.

Aths. 5: Framangreindar tölur eru annaðhvort tölur um tilkynnt flugbrautarskyggni eða skyggni samkvæmt veðurupplýsingum umreiknað í flugbrautarskyggni eins og í h-lið hér á eftir.

Aths. 6: Taflan gildir aðeins um hefðbundið aðflug með aðflugshallahorni sem er ekki stærra en 4° (gráður).

Aths. 7: Ákvörðunarhæðin, sem nefnd er í töflu 5, vísar til frumútreiknings á ákvörðunarhæð. Þegar valið er viðeigandi flugbrautarskyggni er ástæðulaust að taka tillit til hækkunar upp í næstu 10 fet, sem kann að stafa af hagkvæmnisástæðum (t.d. vegna umreiknings yfir í ákvörðunarflughæð (DA)).

5) Flug með einum flugmanni. Þegar um er að ræða flug með einum flugmanni verður flugrekandi að reikna út lágmarksflugbrautarskyggni fyrir öll aðflug í samræmi við OPS 1.430 og þennan viðbæti. Flugbrautarskyggni undir 800 m er ekki heimilt nema notuð sé viðeigandi sjálfstýring sem tengd er blindlendingarkerfi eða örbylgjulendingarkerfi og gilda þá venjuleg lágmörk. Ákvörðunarhæðin, sem er notuð, má ekki vera lægri en 1,25 × lágmarksnotkunarhæð fyrir sjálfstýringuna.

6) Næturflug. Þegar um næturflug er að ræða skal a.m.k. vera kveikt á hliðarljósum flugbrautar, þröskuldarljósum og ljósum á flugbrautarendum.

d) Nákvæmnisaðflug — starfræksla skv. II. flokki (CAT II)

1) Almenn ákvæði. Starfræksla skv. II. flokki er nákvæmnisblindaðflug og -lending með blindlendingarkerfi eða örbylgjulendingarkerfi:

i. í ákvörðunarhæð sem er undir 200 fetum en ekki minni en 100 fet og

ii. í flugbrautarskyggni sem er ekki undir 300 m.

2) Ákvörðunarhæð Flugrekandi skal sjá til þess að ákvörðunarhæð fyrir starfrækslu skv. II. flokki sé ekki minni en:

i. lágmarksákvörðunarhæð samkvæmt flughandbók flugvélarinnar, ef hún er tilgreind þar,

ii. minnsta hæð, sem unnt er að nota nákvæmnisaðflugstækin í, án tilskilinna kennileita,

iii. lágmarkshæð yfir hindrun/lágmarksbil yfir hindrun fyrir flugvél í þeim flokki sem um ræðir

iv. ákvörðunarhæðin sem flugáhöfninni er heimilt að fara niður í eða

v. 100 fet.

3) Kennileiti. Flugmanni er óheimilt að halda áfram aðflugi skv. II. flokki niður fyrir ákvörðunarhæð, sem ákvörðuð er í samræmi við 2. lið d-liðar hér að framan nema hann komi auga á kennileiti í formi a.m.k. þriggja ljósa í röð, sem geta verið miðlína aðflugsljósa, snertisvæðisljós, miðlínuljós eða hliðarljós flugbrautar eða einhver samsetning þessara ljósa og haldi þe im í sjónmáli. Hluti af þessum kennileitum verður að samanstanda af þverliggjandi merkjum sem mynda mynstur á jörðinni, t.d. þverslá aðflugsljósa, þröskuldarljós eða stuttslár snertisvæðisljósa.

4) Tilskilið flugbrautarskyggni. Lægstu gildi sem flugrekandi skal nota í starfrækslu skv. II. flokki eru sem hér segir:

Tafla 6

Flugbrautarskyggni fyrir aðflug skv. II. flokki miðað við ákvörðunarhæð

Lágmörk skv. II. flokki		
	Með sjálfstýringu tengda niður fyrir ákvörðunarhæð (*sjá aths. 1*)	
Ákvörðunarhæð	Flugbrautarskyggni/flugvélar í A-, B- og C-flokki	Flugbrautarskyggni/flugvélar í D-flokki
100-120 fet	300 m	300 m (*aths. 2*)/350 m
121-140 fet	400 m	400 m
141 fet og yfir	450 m	450 m

Aths. 1: Í þessari töflu merkir „Með sjálfstýringu tengda niður fyrir ákvörðunarhæð“ samfellda notkun sjálfstýrikerfis niður í hæð sem er ekki meiri en 80% af gildandi ákvörðunarhæð. Lofthæfikröfur geta þannig haft áhrif á hvaða ákvörðunarhæð er notuð eftir því hvaða lágmarkshæð er leyfð fyrir notkun á sjálfstýrikerfinu.

Aths. 2: Nota má 300 m fyrir sjálflendingu flugvéla í D-flokki.

e) Nákvæmnisaðflug — starfræksla skv. III. Flokki (CAT III)

1) Almenn ákvæði. Starfræksla skv. III. flokki er skipt á eftirfarandi hátt:

i. Starfræksla skv. III. flokki A. Nákvæmnisblindaðflug og -lending með blindlendingarkerfi eða örbylgjulendingarkerfi í:

A) ákvörðunarhæð sem er undir 100 fetum, og

B) flugbrautarskyggni sem er ekki minna en 200 m.

ii. Starfræksla skv. III. flokki B. Nákvæmnisblindaðflug og -lending með blindlendingarkerfi eða örbylgjulendingarkerfi í:

A) ákvörðunarhæð sem er undir 50 fetum eða án ákvörðunarhæðar og

B) flugbrautarskyggni sem er undir 200 m en ekki minna en 75 m.

Aths.: þar sem ákvörðunarhæð og flugbrautarskyggni falla ekki í sama flokk skal flugbrautarskyggni ákvarða í hvaða flokk starfrækslan fellur.

2) Ákvörðunarhæð. Flugrekandi skal sjá til þess að í flugi, þar sem ákvörðunarhæð er notuð, sé hún ekki minni en:

i. lágmarksákvörðunarhæð samkvæmt flughandbók flugvélarinnar ef hún er tilgreind þar,

ii. minnsta hæð sem unnt er að nota nákvæmnisaðflugstækin í án þess að sjáist til tilskilinna kennileita eða

iii. sú ákvörðunarhæð sem flugáhöfninni er heimilt að fara niður í.

3) Starfræksla án ákvörðunarhæðar. Starfræksla án ákvörðunarhæðar er því aðeins heimil ef:

i. starfræksla án ákvörðunarhæðar er heimiluð í flughandbók flugvélarinnar,

ii. aðflugstækin og flugvallarvirkin eru gerð fyrir starfrækslu án ákvörðunar-hæðar og

iii. flugrekandinn hefur leyfi til starfrækslu skv. III. flokki án ákvörðunarhæðar.

Aths.: þegar um er að ræða flugbraut með búnaði skv. III. flokki má gera ráð fyrir að starfræksla án ákvörðunarhæðar geti viðgengist nema sérstakar takmarkanir séu þar á og þær birtar í flugmálahandbókinni (AIP) eða tilkynningu til flugmanna.

4) Kennileiti

i. Þegar um er að ræða starfrækslu skv. III. flokki A og B með bilunarhlutlausu stýrikerfi er flugmanni óheimilt að halda áfram aðflugi niður fyrir ákvörðunarhæð, sem ákvörðuð er í samræmi við 2. lið e-liðar hér að framan nema hann komi auga á kennileiti í formi a.m.k. þ riggja ljósa í röð, sem geta verið miðlína aðflugsljósa, snertisvæðisljós, miðlínuljós eða hliðarljós flugbrautar eða einhver samsetning þessara ljósa, og haldi þeim í sjónmáli.

ii. Þegar um er að ræða starfrækslu skv. III. flokki B með bilunarstarfhæfu stýrakerfi, sem notar ákvörðunarhæð, er flugmanni óheimilt að halda aðflugi áfram niður fyrir ákvörðunarhæð, sem ákvörðuð er í samræmi við 2. lið e-liðar hér að framan nema hann komi auga á kennileiti sem er a.m.k. eitt miðlínuljós og haldi því í sjónmáli.

iii. Þegar um er að ræða starfrækslu skv. III. flokki án ákvörðunarhæðar er þess ekki krafist að flugbrautin sjáist fyrir snertingu.

5) Tilskilið flugbrautarskyggni. Lægstu gildi sem flugrekandi skal nota í starfrækslu skv. III. flokki eru sem hér segir:

Tafla 7

Flugbrautarskyggni fyrir aðflug skv. III. flokki miðað við ákvörðunarhæð og með leiðsögu- eða stýrakerfi fyrir lendingarbrun

Lágmörk skv. III. flokki			
Aðflugsflokkur	Ákvörðunarhæð (fet) (*Aths. 3*)	Stýrikerfi/leiðsögukerfi fyrir lendingarbrun	Flugbrautarskyggni (m)
III A	Minni en 100 fet	Ekki krafist	200 m (*Aths. 1*)
III B	Minni en 100 fet	Bilunarhlutlaust	150 m (*Aths. 1 og 2*)
III B	Minni en 50 fet	Bilunarhlutlaust	125 m
III B	Minni en 50 fet eða engin ákvörðunarhæð	Bilunarstarfhæft	75 m

Aths. 1: Viðbrögð áhafnar ef bilun verður í sjálfstýringu í eða fyrir neðan ákvörðunarhæð í bilunarhlutlausri starfrækslu skv. III. flokki.
Aths. 2: Fyrir flugvélar sem eru vottaðar í samræmi við 3. lið b-liðar í reglum CS-AWO 321 um starfrækslu í skertu skyggni.
Aths. 3: Aukageta stýrakerfa er ákveðin samkvæmt ákvæðum í reglum CS-AWO um starfrækslu í skertu skyggni eftir lágmarksákvörðunarhæð sem hefur verið vottuð.

f) Hringaðflug

1) Lægstu mörk sem flugrekandi skal nota fyrir hringaðflug eru sem hér segir:

Tafla 8

Skyggni og lágmarkslækkunarhæð fyrir hringaðflug – skipt eftir flugvélaflokkum

	Flugvélaflokkur			
	A	B	C	D
Lágmarkslækkunarhæð	400 fet	500 fet	600 fet	700 fet
Minnsta skyggni samkvæmt veðurupplýsingum	1 500 m	1 600 m	2 400 m	3 600 m

2) Hringaðflug eftir tilskildum ferlum er viðurkennt verklag í skilningi þessa liðar

g) Sjónaðflug. Flugrekandi skal ekki nota flugbrautarskyggni undir 800 m til sjónaðflugs.

h) Umreikningur skyggnis samkvæmt veðurupplýsingum yfir í flugbrautarskyggni.

1) Flugrekandi skal sjá til þess að umreiknað skyggni samkvæmt veðurupplýsingum yfir í flugbrautarskyggni sé ekki notað til að reikna út flugtakslágmörk eða lágmörk skv. II. eða III. flokki eða þegar upplýsingar um flugbrautarskyggni eru tiltækar.

Aths.: Ef tilkynnt flugbrautarskyggni er meira en hámarksgildið sem flugvallarrekandi metur, t.d. „flugbrautarskyggni meira en 1500 metrar“, er það ekki álitið vera tilkynnt flugbrautarskyggni í því samhengi og nota má umreiknunartöfluna.

2) Þegar skyggni samkvæmt veðurskeyti er umreiknað yfir í flugbrautarskyggni skal flugrekandi, í öllum öðrum tilvikum en um getur í 1. lið. h-liðar hér að framan, sjá til þess að eftirfarandi tafla sé notuð:

Tafla 9

Umreikningur skyggnis yfir í flugbrautarskyggni

Ljós í notkun	Flugbrautarskyggni=skyggni samkvæmt veðurskeyti x	
	Að degi	Að nóttu
Hástyrks-aðflugsljós og flugbrautarljós	1,5	2,0
Öll önnur lýsing en framangreind	1,0	1,5
Engin lýsing	1,0	Gildir ekki

2. viðbætir við c-lið OPS 1.430

Flugvélaflokkar — starfræksla í skertu skyggni

a) Flokkun flugvéla

Viðmiðunin, sem hafa þarf til hliðsjónar við skiptingu flugvéla í flokka, er sýndur flughraði yfir þröskuldi (VAT), sem er jafn ofrishraða með flapa í lendingarham (VSO), margfölduðum með 1,3 eða ofrishraða miðuðum við 1G (VS1G) margfölduðum með 1,23 og er þetta miðað við lendingarham við skráðan hámarkslendingarmassa. Ef bæði VSO- og VS1G-ofrishraðar eru fyrir hendi skal nota þann hraða sem gefur hærri flughraða yfir þröskuldi (VAT). Flugvélaflokkarnir sem svara til VAT-gildanna eru gefnir upp í töflunni hér á eftir:

Flugvélaflokkur	Sýndur flughraði yfir þröskuldi (V_{AT})
A	Minna en 91 hnútur
B	Frá 91 til 120 hnúta
C	Frá 121 til 140 hnúta
D	Frá 141 til 165 hnúta
E	Frá 166 til 210 hnúta

Flugrekandi eða framleiðandi flugvélarinnar skal skilgreina lendingarhaminn sem taka þarf mið af.

b) Varanleg breyting á flokki (hámarkslendingarmassi)

1) Flugrekanda er heimilt að ákveða varanlegan lendingarmassa sem er lægri og nota þann massa til að ákvarða flughraða yfir þröskuldi (V_{AT}) ef það er samþykkt af flugmálayfirvöldum.

2) Flokkun flugvéla samkvæmt skilgreiningu er varanleg og því óháð breytilegum aðstæðum í daglegu flugi.

1. viðbætir við OPS 1.440

Starfræksla í lélegu skyggni — Almennar reglur

a) Almenn ákvæði. Eftirfarandi verklagsreglur gilda við undirbúning og samþykki fyrir starfrækslu í lélegu skyggni.

b) Sannprófun í starfrækslu. Markmiðið með sannprófun í starfrækslu er að ákvarða eða fullgilda notkun og skilvirkni viðkomandi flugleiðsögukerfa loftfara, þ jálfunar, verklagsreglna flugliða, viðhaldsáætlana og handbóka samkvæmt áætluninni í II./III. flokki sem er verið að samþykkja.

1) Framkvæma verður a.m.k. 30 aðflug og lendingar í flugi þar sem notuð eru kerfi í II./III. flokki sem eru sett upp í hverri loftfarstegund ef tilskilin ákvörðunarhæð er 50 fet eða meiri. Ef ákvörðunarhæðin er undir 50 fetum verður að framkvæma a.m.k. 100 aðflug og lendingar nema flugmálayfirvöld hafi samþykkt annað.

2) Noti flugrekandi mismunandi afbrigði sömu loftfarstegundar, sem í aðalatriðum eru með sama stýra- og upplýsingakerfi eða mismunandi stýra- og upplýsingakerfi í sömu loftfarstegund, skal flugrekandinn sýna fram á að afkastageta hinna ýmsu afbrigða sé fullnægjandi, en flugrekandinn þarf ekki að ljúka fullri sannprófun í starfrækslu fyrir hvert afbrigði. Flugmálayfirvöldum er einnig heimilt að samþykkja að fækkað sé fjölda aðfluga og lendinga og er þá tekið mið af reynslu annars flugrekanda með flugrekandaskírteini, sem gefið er út í samræmi við OPS 1, sem notar sömu flugvélategund eða sama afbrigði og verklagsreglur.

3) Ef fjöldi misheppnaðra aðfluga er meiri en 5% heildaraðfluga (t.d. misheppnaðar lendingar, sambandsleysi í kerfum) verður að framlengja matsáætlunina í þ repum, með a.m.k. 10 aðflugum og lendingum, þ ar til heildarhlutfall misheppnaðra aðfluga er ekki meira en 5%.

c) Söfnun gagna fyrir sannprófun í starfrækslu. Hver umsækjandi verður að þróa gagnasöfnunaraðferð (t.d. eyðublað sem flugliðar nota) til að skrá árangur við aðflug og lendingu. Flugmálayfirvöld skulu fá í hendur og meta niðurstöður gagnanna ásamt samantekt á sannprófunargögnunum.

d) Greining gagna. Skrá skal og greina misheppnað aðflug og/eða sjálflendingar.

e) Stöðug vöktun

1) Eftir að hafa fengið leyfi í fyrsta sinn skal flugrekandi fylgjast stöðugt með starfrækslunni til að greina óæskilega þróun áður en hún verður hættuleg. Til þess má nota skýrslur flugáhafna.

2) Eftirfarandi gögn skulu geymd í 12 mánuði:

i. upplýsingar um heildarfjölda aðfluga, eftir flugvélartegund, þar sem búnaður flugvélar skv. II. eða III. flokki var notaður við fullnægjandi aðflug, hvort heldur var í atvinnu- eða æfingaskyni, við gildandi lágmörk skv. II. eða III. flokki og

ii. skýrslur um misheppnað aðflug og/eða sjálflendingar, skráðar eftir flugvöllum og einkennisstöfum flugvéla, í eftirfarandi flokkum:

A) bilanir í búnaði flugvélar,

B) vandamál vegna virkja á jörðu niðri,

C) fráflug vegna fyrirmæla frá flugumferðarstjórn eða

D) aðrar ástæður.

3) Flugrekandi skal koma á ákveðnu verklagi til að fylgjast með afkastagetu sjálflendingarkerfis hverrar flugvélar.

f) Aðlögunartími

1) Flugrekandi sem hefur enga fyrri reynslu af starfrækslu skv. II. eða III. flokki

i. Flugrekandi, sem hefur enga fyrri reynslu af starfrækslu skv. II. eða III. flokki, getur fengið samþykki til flugs skv. II. eða III. flokki A, hafi hann fengið a.m.k. sex mánaða reynslu af starfrækslu skv. I. flokki á viðkomandi flugvélartegund.

ii. Að fenginni sex mánaða reynslu af starfrækslu skv. II. eða III. flokki A á viðkomandi flugvélartegund getur flugrekandi fengið leyfi til starfrækslu skv. III. flokki B. Þegar flugmálayfirvöld veita slíkt leyfi geta þau sett tímabundið hærri mörk en þau lægstu sem í gildi eru. Hækkun lágmarka tekur venjulega aðeins til flugbrautarskyggnis og/eða takmarka á starfrækslu án ákvörðunarhæðar og skulu þau valin þannig að þau útheimti ekki breytingar á verklagi.

2) Flugrekendur með fyrri reynslu skv. II. eða III. flokki. Flugrekandi með fyrri reynslu skv. II. eða III. flokki getur sótt um styttri aðlögunartíma til flugmálayfirvalda.

g) Viðhald á búnaði skv. II. eða III. flokki og búnaði til flugtaks í lélegu skyggni. Flugrekandi skal gefa út fyrirmæli um viðhald á leiðsögukerfum flugvélar í samráði við framleiðanda og setja þau inn í viðhaldsáætlun flugrekanda sem mælt er fyrir um í lið M.A.302 í M-hluta og háð er samþykki flugmálayfirvalda.

h) Flugvellir og flugbrautir sem til greina koma

1) Áður en starfræksla skv. III. flokki er hafin skal sannprófa hvort samsetningin flugvélartegund/búnaður um borð/flugbraut sé samrýmanleg og er það gert með því að ljúka með fullnægjandi hætti a.m.k. einu aðflugi og lendingu við skilyrði sem eru skv. II. flokki eða betri.

2) Fyrir flugbrautir, þar sem landslag fyrir framan þröskuld er óslétt eða aðrir fyrirsjáanlegir eða þekktir annmarkar eru til staðar, skal sannprófa, við skilyrði skv. I. flokki eða betri skilyrði, áður en starfræksla skv. II. eða III. flokki hefst, hvort starfræksla hverrar samsetningar flugvélartegundar/búnaðar um borð/flugbrautar sé samrýmanleg í starfrækslu.

3) Noti flugrekandi mismunandi afbrigði sömu loftfarstegundar, sem í aðalatriðum eru með sama stýra- og upplýsingakerfi, eða mismunandi stýra- og upplýsingakerfi í sömu loftfarstegund skal flugrekandinn sýna fram á að afkastageta hinna ýmsu afbrigða sé fullnægjandi, og þarf flugrekandinn þá ekki að ljúka fullri sannprófun í starfrækslu fyrir hverja afbrigða- og flugbrautarsamsetningu.

4) Flugrekendur, sem nota sömu samsetningu flugvélategundar/afbrigðis og búnaðar um borð og sömu verklagsreglur, geta fengið metna reynslu hvers annars og skrár ef þeir uppfylla kröfur þessa liðar.

1. viðbætir við OPS 1.450

Starfræksla í lélegu skyggni — þjálfun og starfsréttindi

a) Almenn ákvæði: Flugrekandi skal sjá til þess að í áætlunum um þjálfun flugliða fyrir starfrækslu í lélegu skyggni séu innifalin skipuleg þjálfunarnámskeið á jörðu niðri, í flughermi og/eða í flugvél. Flugrekanda er heimilt að stytta efni námskeiðanna, eins og mælt er fyrir um í 2. og 3. lið hér á eftir, að því tilskildu að flugmálayfirvöld geti fallist á stytt námsefni.

1) Flugliðar, sem hafa enga reynslu skv. II. og III. flokki, skulu fá alla þá þjálfun sem mælt er fyrir um í b-, c- og d-lið hér á eftir.

2) Flugliðum, sem hafa reynslu skv. II. og III. flokki hjá öðrum flugrekanda, er heimilt að sækja stytt þjálfunarnámskeið á jörðu niðri.

3) Flugliðum, sem hafa reynslu skv. II. eða III. flokki hjá flugrekandanum, er heimilt að sækja stytt þjálfunarnámskeið á jörðu niðri, í flughermi og/eða í flugvél. Á styttri námskeiðum skulu a.m.k. vera innifaldar þær kröfur sem eru í 1. lið d-liðar, i. lið 2. liðar d-liðar eða ii. lið 2. liðar d-liðar, eftir því sem við á, og i. lið 3. liðar d-liðar.

b) Þjálfun á jörðu niðri. Flugrekandi skal sjá til þess að á fyrsta þjálfunarnámskeiðinu á jörðu niðri í starfrækslu í lélegu skyggni skuli a.m.k. fjallað um:

1) eiginleika og takmarkanir blindlendingarkerfis og/eða örbylgjulendingarkerfis,

2) eiginleika sjónrænu leiðsögutækjanna,

3) eiginleika þoku,

4) starfshæfni og takmarkanir viðkomandi flugvélakerfis,

5) áhrif úrkomu, íssöfnunar svo og vindhvarfa og ókyrrðar í lítilli hæð,

6) áhrif sem tilteknar bilanir í flugvél geta haft,

7) notkun og takmarkanir kerfa til að meta flugbrautarskyggni,

8) meginreglur krafna um hindranabil,

9) greiningu bilunar í búnaði á jörðu og ráðstafanir sem gera þarf í framhaldi af því,

10) verklag og varúðarráðstafanir sem gera skal, að því er varðar hreyfingar á jörðu niðri þegar flugbrautarskyggni er 400 m eða þar undir, og annað verklag sem nauðsynlegt er að viðhafa við flugtak í minna en 150 m skyggni (200 m fyrir flugvélar í D-flokki),

11) mikilvægi ákvörðunarhæðar, sem byggð er á ratsjárhæðarmælum, og áhrif af sniði landslags í aðflugsreit á ratsjárhæðarmælingar og sjálfvirk aðflugs-/lendingarkerfi,

12) mikilvægi og gildi viðbúnaðarhæðar (Alert Height), ef við á, og ráðstafanir sem gera þarf ef bilun verður fyrir ofan eða neðan viðbúnaðarhæð,

13) hvaða kröfur flugmenn verða að standast til að öðlast réttindi, og halda þeim, til að stjórna flugtaki í lélegu skyggni og starfrækslu skv. II. eða III. flokki,

14) mikilvægi réttrar setu og augnstellingar.

c) Þjálfun í flughermi og/eða í flugvél

1) Flugrekandi skal sjá til þess að þjálfun í starfrækslu í lélegu skyggni í flughermi og/eða í flugvél feli í sér:

i. athugun á því hvort búnaður starfi á fullnægjandi hátt, bæði á jörðu niðri og á flugi,

ii. áhrif á lágmörk sem stafa af breytingum á ástandi búnaðar á jörðu niðri,

iii. vöktun sjálfstýrikerfa og tilkynningarskjáa um stöðu sjálflendingar, með áherslu á ráðstafanir sem gera þarf ef kerfin bila,

iv. ráðstafanir, sem gera þarf, ef bilun verður t.d. í hreyflum, rafkerfum, vökvaþrýstikerfum eða stýrakerfum,

v. áhrif af óstarfhæfni í búnaði, sem vitað er um, og notkun lista yfir lágmarksbúnað,

vi. takmarkanir á starfrækslu vegna lofthæfivottorðs,

vii. leiðbeiningar varðandi kennileiti, sem krafist er að séu sýnileg í ákvörðunarhæð, ásamt upplýsingum um leyfilegt hámarksfrávik frá hallageisla eða miðlínugeisla og

viii. mikilvægi og gildi viðbúnaðarhæðar, ef við á, og ráðstafanir, sem gera skal, ef bilun verður fyrir ofan eða neðan viðbúnaðarhæð.

2) Flugrekandi skal sjá til þess að hver flugliði fái þjálfun í störfum sínum og leiðbeiningar um þá samræmingu við störf annarra flugverja sem nauðsynleg er. Nýta ber flugherma sem mest.

3) Skipta verður þjálfuninni í áfanga þar sem æfð er eðlileg starfræksla án bilunar í flugvél eða búnaði, og felst þá í henni þjálfun við skilyrði, sem búast má við í starfrækslu í skertu skyggni, og nákvæm eftirlíking af bilun í flugvél og búnaði sem gætu haft áhrif á starfrækslu skv. II. eða III. flokki. Ef kerfi með blandaðri tækni eða önnur sérkerfi (s.s. framrúðuskjámynd eða sjónaukandi búnaður) eru í flugvélakerfinu verða flugliðar að æfa sig í notkun þessara kerfa í flughermi við venjulegar og afbrigðilegar aðstæður.

4) Æfa skal viðbrögð við óstarfhæfni flugverja í flugtaki í lélegu skyggni og í starfrækslu skv. II. og III. flokki.

5) Ef ekki er til flughermir fyrir tilteknar flugvélar skulu flugrekendur sjá til þess að sá áfangi flugþjálfunar, þar sem fjallað er sérstaklega um sjónrænar aðstæður í starfrækslu skv. II. flokki, fari fram í flughermi sem flugmálayfirvöld hafa samþykkt sérstaklega til þess. Í þeirri þjálfun verða a.m.k. að vera 4 aðflug. Þjálfun, sem miðast við tiltekna flugvélartegund, skal fara fram og verklag æft í flugvélinni.

6) Við fyrstu þjálfun skv. II. og III. flokki skal æfa a.m.k. eftirfarandi atriði:

i. aðflug niður í viðeigandi ákvörðunarhæð, þar sem viðkomandi flugleiðsögukerfi, sjálfstýringar og stýrakerfi flugvélarinnar eru notuð, auk skiptingar yfir í sjónflug og lendingu,

ii. aðflug niður í viðeigandi ákvörðunarhæð með alla hreyfla virka, þar sem viðeigandi flugleiðsögukerfi, sjálfstýringar og stýrakerfi flugvélarinnar eru notuð, og fráflug í framhaldi af því, allt án útsýnis til kennileita,

iii. aðflug þar sem sjálfstýrikerfi eru notuð við sjálfvirka sléttingu, lendingu og lendingarbrun, eftir því sem við á, og

iv. eðlilega starfrækslu viðkomandi kerfis, bæði án þess og með því að hafa komið auga á kennileiti úr ákvörðunarhæð.

7) Í síðari áföngum þjálfunarinnar verður a.m.k. að þjálfa:

i. aðflug með hreyfilbilun á ýmsum stigum aðflugs,

ii. aðflug með bilunum í veigamiklum búnaði (s.s. rafkerfum, sjálfstýrikerfum, blindlendingar-/örbylgjulendingarkerfum á jörðu og/eða í flugvél og stöðuvökturum (status monitors)),

iii. aðflug þar sem bilun í búnaði sjálfstýrikerfa í lítilli hæð útheimtir annaðhvort:

A) skipti yfir í handstýrt flug til að stjórna sléttingu, lendingu og lendingarbruni eða fráflugi eða

B) skipti yfir í handstýrt flug eða skertan sjálfstýrihátt til að stjórna fráflugi í eða undir ákvörðunarhæð, þ.m.t. fráflug sem getur endað með snertingu við braut,

iv. bilanir í kerfum sem leiða til of mikils fráviks frá miðlínugeisla eða hallageisla, bæði yfir og undir ákvörðunarhæð, í minnsta skyggni sem leyfi er fyrir; að auki þarf að æfa skiptingu yfir í handstýrða lendingu ef framrúðuskjámynd virkar sem skertur sjálfstýriháttur eða sem eini sléttingarhátturinn og

v. bilanir og verklag sem eiga sérstaklega við ákveðna tegund eða afbrigði flugvéla.

8) Í þjálfunaráætluninni skal gert ráð fyrir æfingu í viðbrögðum við bilunum sem útheimta að horfið sé til hærri lágmarka.

9) Í aðflugi skv. III. flokki með bilunarhlutlausu stýrakerfi skal þjálfunaráætlunin fela í sér stjórnun flugvélar ef bilun leiðir til þess að sjálfstýringin fer af í eða undir ákvörðunarhæð og síðasta tilkynning um flugbrautarskyggni hljóðar upp á 300 m eða minna.

10) Ef flugtök eru framkvæmd í 400 m flugbrautarskyggni eða minna skal koma á þjálfun sem tekur til kerfabilana og hreyfilbilunar þar sem flugtaki er haldið áfram eða hætt við flugtak.

d) Kröfur sem uppfylla þarf um þjálfun vegna flugvélaskipta til að fá leyfi til flugtaks í lélegu skyggni og starfrækslu skv. II. og III. flokki. Flugrekandi skal sjá til þess að hver flugliði ljúki eftirfarandi þjálfun í verklagi í lélegu skyggni ef hann skiptir yfir á tegund eða afbrigði flugvélar sem verður notuð í flugtök í lélegu skyggni og starfrækt skv. II. og III. flokki. Í 2. lið a-liðar og 3. lið a-liðar hér að framan eru settar fram kröfur um þá reynslu sem flugliðar verða að hafa til að fara á styttra námskeið:

1) Þjálfun á jörðu niðri. Viðeigandi kröfur í b-lið hér að framan þar sem tekið er mið af þjálfun og reynslu flugliða skv. II. og III. flokki.

2) Þjálfun í flughermi og/eða í flugvél.

i. Minnst átta aðflug og/eða lendingar í flughermi.

ii. Ef ekki er til flughermir, sem er eins og flugvélartegundin sem um er að ræða, þarf að gera minnst þrjú aðflug á flugvélinni og hætta við lendingu a.m.k. einu sinni.

iii. Viðeigandi viðbótarþjálfun, ef krafist er sérbúnaðar, s.s. framrúðuskjámyndar eða sjónaukandi búnaðar.

3) Starfsréttindi flugliða. Kröfur um starfsréttindi flugliða miðast við flugrekanda og flugvélartegundina sem flogið er.

i. Flugrekandinn skal sjá til þess að hver flugliði ljúki prófi áður en hann framkvæmir aðflug skv. II. eða III. flokki.

ii. Í stað prófsins í i. lið hér að framan getur komið þjálfun í flughermi og/eða í flugvél, skv. 2. lið d-liðar hér að framan, sem lokið er með fullnægjandi árangri.

4) Flug á flugleiðum undir umsjón. Flugrekandi skal sjá til þess að hver flugliði fljúgi á flugleið undir umsjón sem hér segir:

i. í II. flokki, ef krafist er handstýrðrar lendingar, minnst þriggja lendinga eftir að sjálfstýringin hefur verið tekin af,

ii. í III. flokki, minnst þriggja sjálflendinga en þó er aðeins krafist einnar sjálflendingar þegar þjálfunin, sem krafist er í 2. lið d-liðar hér að framan, hefur farið fram í flughermi sem nota má til þjálfunar án þjálfunar í flugvél.

e) Reynsla af flugvélartegund og flugstjórn. Áður en flugstjóri, sem hefur ekki flogið viðkomandi flugvélartegund áður, eða flugmaður, sem hefur verið falin stjórn flugsins, fær réttindi til starfrækslu nýrrar flugvélar, skv. II. eða III. flokki, eru gerðar eftirfarandi viðbótarkröfur til hans:

1) að hafa flogið 50 stundir eða 20 flug á viðkomandi tegund, þ.m.t. flug á flugleið undir umsjón og

2) bæta skal 100 m við lágmarkskröfur um flugbrautarskyggni, skv. II. eða III. flokki, nema hann hafi áður fengið réttindi til starfrækslu skv. II. eða III. flokki hjá flugrekanda í Bandalaginu, þar til hann hefur að baki 100 klukkustundir eða 40 flug, þ.m.t. flug á flugleið undir umsjón, á þeirri tegund flugvélar.

3) Flugmálayfirvöldum er heimilt að slaka á framangreindum kröfum um flugstjórnarreynslu þegar um er að ræða flugliða sem hafa flugstjórnarreynslu skv. II. og III. flokki.

f) Flugtak í lélegu skyggni þegar flugbrautarskyggni er undir 150/200 m

1) Flugrekandi skal sjá til þess að leyfi til að stjórna flugtaki í minna en 150 m flugbrautarskyggni (200 m fyrir flugvélar í D-flokki) séu ekki veitt fyrr en að lokinni þjálfun sem hér segir:

i. eðlilegt flugtak í minnsta leyfilega flugbrautarskyggni,

ii. flugtak í minnsta leyfilega flugbrautarskyggni og með hreyfilbilun milli ákvörðunarhraða V_1 og öryggishraða (í frumklifri) V_2, eða um leið og öryggi leyfir og

iii. flugtak í minnsta leyfilega flugbrautarskyggni og með hreyfilbilun áður en ákvörðunarhraða V_1 er náð sem leiðir til þess að hætt er við flugtak.

2) Flugrekandi skal sjá til þess að þjálfun, sem krafist er í 1. lið hér að framan, fari fram í flughermi. Þjálfunin verður að taka til allrar notkunar sérstaks verklags og búnaðar. Ef ekki er til flughermir, sem er eins og flugvélartegundin sem um er að ræða, geta flugmálayfirvöld samþykkt að þessi þjálfun fari fram um borð í flugvél án þess að gerðar séu kröfur um minnsta leyfilega flugbrautarskyggni (sjá 1. viðbæti við OPS 1.965).

3) Flugrekandi skal sjá til þess að flugliði hafi lokið prófi áður en hann fær leyfi til að stjórna flugtaki í lélegu skyggni í minna en 150 m flugbrautarskyggni (minna en 200 m fyrir flugvélar í D-flokki), eftir því sem við á. Aðeins þjálfun, sem lokið er með fullnægjandi árangri í flughermi og/eða í flugvél skv. 1. lið f-liðar hér að framan þegar skipt er um flugvélartegund, getur komið í stað prófsins.

g) Reglubundin þjálfun og próf — starfræksla í lélegu skyggni

1) Flugrekandi skal sjá til þess að í tengslum við venjulega, reglubundna þjálfun og hæfnipróf flugrekanda sé kunnátta og geta flugmanns til að inna af hendi störf, sem tengjast tilteknum flokki réttinda hans til starfrækslu, prófuð. Tilskilinn fjöldi aðfluga á gildistíma hæfniprófs flugrekanda (eins og mælt er fyrir um í b-lið OPS 1.965) skal vera minnst þrír, og má eitt þeirra fela í sér aðflug og lendingu flugvélarinnar með samþykktu II. eða III. flokks verklagi. Eitt fráflug skal flogið í hæfniprófi flugrekanda. Hafi flugrekandi heimild til að nota flugtak í flugbrautarskyggni, sem er undir 150/200 metrum, skal í hæfniprófi flugrekanda framkvæmt a.m.k. eitt flugtak í lélegu skyggni í minnsta leyfilega skyggni.

2) Til þjálfunar fyrir starfræksla skv. III. flokki skal flugrekandi nota flughermi.

3) Flugrekandi skal sjá til þess að fyrir starfræksla skv. III. flokki, þegar um er að ræða flugvélar með bilunarhlutlaust stýrakerfi, sé, a.m.k. einu sinni á því tímabili, sem þrjú hæfnipróf flugrekanda eru tekin, flogið fráflug sem leiðir af bilun í sjálfstýringu í eða undir ákvörðunarhæð þegar síðasta tilkynning um flugbrautarskyggni hljóðar upp á 300 m eða minna.

4) Flugmálayfirvöldum er heimilt að leyfa reglubundna þjálfun og próf í starfræksla skv. II. flokki og flugtaki í lélegu skyggni í tiltekinni flugvélartegund þar sem ekki er völ á samþykktum flughermi fyrir flugvélategundina, sem um er að ræða, eða öðrum valkosti sem hægt er að fallast á.

Aths.: Nýleg reynsla af flugtaki í lélegu skyggni og aðflugi (starfræksla) skv. II. eða III. flokki er byggist á sjálfvirkum aðflugum og/eða sjálflendingum er haldið við með reglubundinni þjálfun og prófum eins og mælt er fyrir um í þessum lið.

1. viðbætir við OPS 1.455

Starfræksla í lélegu skyggni — verklagsreglur

a) Almenn ákvæði. Starfræksla í lélegu skyggni felur í sér:

1) handstýrt flugtak (með eða án rafeindaleiðsögukerfa),

2) aðflug með sjálfstýringuna tengda við blindlendingarkerfið niður fyrir ákvörðunarhæð, með handstýrðri sléttingu, lendingu og lendingarbruni,

3) aðflug með sjálfstýringuna tengda við blindlendingarkerfið og í framhaldi af því sjálfstýrð slétting og lending en handstýrt lendingarbrun og

4) aðflug með sjálfstýringuna tengda við blindlendingarkerfið og í framhaldi af því sjálfstýrð slétting, lending og lendingarbrun, þegar gildandi flugbrautarskyggni er minna en 400 m.

Aths. 1: Nota má blandað kerfi við allar þessar tegundir starfrækslu.

Aths. 2: Heimilt er að votta og samþykkja önnur leiðsögukerfi eða aðra skjái.

b) Verklagsreglur og leiðbeiningar

1) Eðli og umfang þeirra verklagsreglna og leiðbeininga, sem settar eru fram, er háð búnaði flugvélarinnar og verklagi í stjórnklefa. Flugrekandi skal tilgreina skilmerkilega í flugrekstrarhandbókinni hverjar eru skyldur flugliða í flugtaki, aðflugi, sléttingu, lendingarbruni og fráflugi. Leggja verður sérstaka áherslu á ábyrgð flugliða þegar skiptir úr blindflugi yfir í flug eftir kennileitum og verklag sem ber að viðhafa þegar skyggni fer versnandi eða bilun verður. Sérstaklega verður að huga að því hvernig störfum í stjórnklefa er skipt niður til að tryggja að vinnuálagið á flugmanninum, sem tekur ákvörðun um lendingu eða fráflug, sé með þeim hætti að hann geti einbeitt sér að því að hafa yfirumsjón og taka ákvarðanir.

2) Flugrekandi skal tilgreina lið fyrir lið allar verklagsreglur og leiðbeiningar í flugrekstrarhandbókinni. Leiðbeiningarnar verða að vera í samræmi við takmarkanir og skyldubundið verklag í flughandbók flugvélarinnar og skulu sérstaklega taka til eftirfarandi atriða:

i. athugun á því hvort búnaður flugvélarinnar starfi á viðunandi hátt bæði fyrir brottflug og í flugi,

ii. áhrif á lágmörk sem stafa af breyttu ástandi búnaðar á jörðu niðri og búnaði flugvélarinnar,

iii. verklag við flugtak, aðflug, sléttingu, lendingu, lendingarbrun og fráflug,

iv. verklagsreglur sem fylgja skal ef bilun verður, ef viðvörunarmerki koma fram og við aðrar óvenjulegar aðstæður,

v. tilskilin lágmarkssýn til kennileita,

vi. mikilvægi réttrar setu og augnstellingar,

vii. ráðstafanir sem kann að vera nauðsynlegt að gera ef útsýn til kennileita versnar,

viii. skipting starfa niður á áhöfn þegar fylgt er verklagsreglum skv. i. til iv. lið og vi. lið hér að framan, svo að flugstjórinn geti einbeitt sér að því að hafa yfirumsjón og taka ákvarðanir.

ix. kröfur um að öll hæðarútköll undir 200 fetum séu byggð á ratsjárhæðarmæli og að einn flugmaður haldi áfram að vakta mælitæki flugvélarinnar þar til lendingu er lokið,

x. kröfur um að viðkvæmt svæði miðlínugeisla sé varið,

xi. notkun upplýsinga um vindhraða, vindhvörf, ókyrrð og spillta flugbraut ásamt notkun fjölmælinga varðandi flugbrautarskyggni,

xii. verklag, sem skal viðhaft á æfingum á aðflugi og lendingu á flugbrautum, þar sem ekki eru í gildi allar verklagsreglur flugvallarins skv. II. og III. flokki,

xiii. takmarkanir á starfrækslu vegna lofthæfivottorðs og

xiv. upplýsingar um leyfilegt hámarksfrávik frá hallageisla og/eða miðlínugeisla.

1. viðbætir við OPS 1.465

Lágmarksskyggni fyrir sjónflug

Flokkur loftrýmis		A B C D E [*Aths. 1*]	F G	
			Fyrir ofan 900 m (3 000 fet) yfir meðalsjávarhæð eða 300 m (1 000 fet) yfir landi, eftir því hvort er hærra	Í eða undir 900 m (3 000 fet) yfir meðalsjávarhæð eða 300 m (1 000 fet) yfir landi, eftir því hvort er hærra
Fjarlægð frá skýjum		1 500 m lárétt 300 m (1 000 fet) lóðrétt		Laus við ský og sér til jarðar
Flugskyggni	8 km í og yfir 3 050 m (10 000 fet) meðalsjávarhæð (*Aths. 2*) 5 km undir 3 050 m (10 000 fet) meðalsjávarhæð			5 km (*Aths. 3*)

Aths. 1: Sjónflugslágmörk fyrir A-flokk loftrýmis eru höfð með til leiðbeiningar en það þýðir ekki að sjónflug sé samþykkt í A-flokki loftrýmis.

Aths. 2: Þegar skiptihæð er lægri en 3 050 m (10 000 fet) yfir meðalsjávarhæð skal nota fluglag (FL) 100 í stað 10 000 feta.

Aths. 3: Heimilt er að starfrækja flugvélar í A- og B-flokki niður í 3000 m flugskyggni, að því tilskildu að hlutaðeigandi flugumferðaryfirvöld leyfi starfrækslu í minna en 5 km flugskyggni og aðstæður séu þannig að líkur á að mæta annarri umferð séu litlar og sýndur flughraði (IAS) sé 140 hnútar eða minni.

F-KAFLI

AFKASTAGETA – ALMENN ÁKVÆÐI

OPS 1.470

Gildissvið

a) Flugrekandi skal sjá til þess að fjölhreyflaflugvélar knúnar skrúfuhverfihreyflum, með hámarksfjölda farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi fyrir fleiri en níu eða með yfir 5700 kg hámarksflugtaksmassa, og allar fjölhreyflaflugvélar knúnar þotuhreyflum séu starfræktar í samræmi við G-kafla (Afkastagetuflokkur A).

b) Flugrekandi skal sjá til þess að flugvélar knúnar skrúfuhreyflum, með hámarksfjölda farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi fyrir níu eða færri og með 5700 kg hámarksflugtaksmassa eða minni séu starfræktar í samræmi við H-kafla (Afkastagetuflokkur B).

c) Flugrekandi skal sjá til þess að flugvélar knúnar strokkhreyflum, með hámarksfjölda farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi fyrir fleiri en níu eða með yfir 5700 kg hámarksflugtaksmassa, séu starfræktar í samræmi við I-kafla (Afkastagetuflokkur C).

d) Ef ekki er unnt að sýna fram á að kröfur í viðkomandi kafla hafi verið uppfylltar vegna sérstakra hönnunareiginleika (t.d. ef um er að ræða hljóðfráar flugvélar eða lagarflugvélar), skal flugrekandi nota samþykkta staðla um afkastagetu sem tryggja að öryggið sé jafnmikið og gerð er krafa um í viðkomandi kafla.

OPS 1.475

Almenn ákvæði

a) Flugrekandi skal sjá til þess að massi flugvélar:

1) í upphafi flugtaks eða

ef flugáætlun er breytt á flugi,

2) á upphafsstað breyttrar flugáætlunar,

sé ekki meiri en sá massi, sem gerir kleift að uppfylla kröfurnar í þeim kafla sem flugið fellur undir, og er þá gert ráð fyrir að massinn minnki eftir því sem líður á flugið og að tekið sé tillit til snögglosunar eldsneytis eins og kveðið er á um í þeim sérstaka kafla.

b) Flugrekandi skal sjá til þess að samþykkt gögn um afkastagetu í flughandbók flugvélarinnar séu notuð til að ákvarða hvort kröfur í viðkomandi kafla hafi verið uppfylltar og, ef þurfa þykir, að viðbættum öðrum gögnum sem flugmálayfirvöld geta fallist á og mælt er fyrir um í viðkomandi kafla. Ef notaðir eru stuðlar, sem mælt er fyrir um í viðkomandi kafla, má taka tillit til þess ef sömu starfrækslustuðlar eru þegar í gögnum flughandbókar flugvélarinnar um afkastagetu svo að sömu stuðlar séu ekki notaðir tvisvar sinnum.

c) Þegar farið er að ákvæðum í viðkomandi kafla, ber að taka tilhlýðilegt tillit til þess í hvaða ham flugvélinni er flogið, umhverfisaðstæðna og starfrækslu kerfa sem hafa óhagstæð áhrif á afkastagetu.

d) Að því er varðar afkastagetu má flokka rakar flugbrautir, að undanskildum grasbrautum, sem þurrar væru.

e) Flugrekandi skal taka tillit til nákvæmni í kortagerð þegar metið er hvort flugtakskröfur í viðeigandi kafla séu uppfylltar.

OPS 1.480

Orðskýringar

a) Merking eftirfarandi hugtaka, sem notuð eru í F-, G-, H-, I- og J-kafla er sem hér segir:

1) Tiltæk hemlunarvegalengd við flugtak (ASDA). Lengd tiltæks flugtaksbruns, að viðbættri lengd öryggisbrautar, ef viðkomandi flugmálayfirvöld hafa lýst því yfir að slík braut sé tiltæk og geti borið massa flugvélarinnar við ríkjandi starfræksluskilyrði.

2) Spillt flugbraut. Flugbraut telst vera spillt (hvort sem það er á afmörkuðu svæði eða ekki) þegar meira en 25% af yfirborði hennar, innan þeirrar lengdar og breiddar sem tilskilin er og er notuð, er þakið eftirfarandi:

i. meira en 3 mm (0,125 þumlungum) dýpt af vatni, eða krapi eða lausamjöll sem svarar til meira en 3 mm (0,125 þumlunga) af vatni,

ii. snjó, þjöppuðum saman í þéttan massa, sem er ekki hægt að þjappa meira og loðir saman eða brotnar í stykkjum ef hann er tekinn upp (samþjappaður snjór) eða

iii. ís, þ.m.t. blautur ís.

3) Rök flugbraut. Flugbraut telst vera rök ef yfirborðið er ekki þurrt en glansar þó ekki af rakanum.

4) Þurr flugbraut. Flugbraut, sem hvorki er blaut né spillt, en til þeirra teljast flugbrautir með slitlagi með sérstökum raufum eða gljúpu slitlagi, sem er haldið við til þess að hemlun á flugbrautinni verði eins og hún væri þurr, jafnvel þótt rakinn sé einhver.

5) Tiltæk lendingarvegalengd (LDA). Lengd flugbrautar sem viðkomandi flugmálayfirvöld hafa lýst tiltæka og nothæfa fyrir brautarbrun flugvélar í lendingu.

6) Hámarksfjöldi farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi. Hámarksfjöldi farþegasæta í flugvél, sem flugrekandi notar, flugmálayfirvöld hafa samþykkt og tiltekinn er í flugrekstrarhandbókinni, að frátöldum flugmannssætum eða sætum í stjórnklefa og sætum öryggis- og þjónustuliða, eftir því sem við á.

7) Tiltæk flugtaksvegalengd (TODA). Tiltæk lengd flugtaksbruns að viðbættri lengd tiltæks hindrunarlauss klifursvæðis.

8) Flugtaksmassi. Flugtaksmassi flugvélar er massi hennar, að meðtöldu öllu og öllum sem um borð eru við upphaf flugtaksbruns.

9) Tiltækt flugtaksbrun (TORA). Lengd flugbrautar sem viðkomandi flugmálayfirvöld hafa lýst tiltæka og nothæfa fyrir brautarbrun flugvélar í flugtaki.

10) Blaut flugbraut. Flugbraut telst vera blaut ef yfirborð hennar er þakið vatni, eða öðru sambærilegu, í minna magni en tilgreint er í 2. lið. a-liðar hér að framan, eða ef raki á yfirborðinu er svo mikill að af henni sýnist stafa speglun án þess þó að vatn liggi á stórum hluta hennar.

b) Hugtökin „hemlunarvegalengd við flugtak“, „flugtaksvegalengd“, „flugtaksbrun“, „raunflugslóð flugtaks“, „raunflugslóð á flugleið með einn hreyfil óstarfhæfan“ og „raun-flugslóð á flugleið með tvo hreyfla óstarfhæfa“, að því er varðar flugvélina, eru eins og segir í lofthæfikröfum, sem flugvélin þurfti að uppfylla til að fá skírteini, eða hafa þá merkingu sem flugmálayfirvöld tilgreina telji þau skilgreiningarnar ófullnægjandi til að sýna fram á að farið sé eftir rekstrartakmörkunum varðandi afkastagetu.

G-KAFLI

AFKASTAGETUFLOKKUR A

OPS 1.485

Almenn ákvæði

a) Til þess að unnt sé að ákvarða hvort farið sé að ákvæðum þessa kafla skal flugrekandi sjá til þess að til viðbótar samþykktum gögnum um afköst í flughandbókinni sé öðrum gögnum, sem flugmálayfirvöld geta fallist á, bætt við eftir þörfum ef samþykkt gögn um afkastagetu í flughandbók eru ófullnægjandi að því er varðar atriði eins og:

1) að taka tillit til erfiðra starfræksluskilyrða, t.d. í flugtaki og lendingu á spilltum flugbrautum sem eðlilegt er að gera ráð fyrir og

2) að hafa í huga að hreyfilbilun getur orðið á öllum stigum flugs.

b) Flugrekandi skal sjá til þess, að því er varðar blautar eða spilltar flugbrautir, að notuð séu gögn um afköst, sem eru ákvörðuð í samræmi við gildandi kröfur um vottun stórra flugvéla, eða sambærileg gögn sem flugmálayfirvöld geta fallist á.

OPS 1.490

Flugtak

a) Flugrekandi skal sjá til þess að flugtaksmassi fari ekki yfir þann hámarksflugtaksmassa, sem er tilgreindur í flughandbók flugvélarinnar fyrir málþrýstingshæð og umhverfishita, á flugvellinum þar sem flugvélin á að hefja sig til flugs.

b) Þegar flugrekandi ákvarðar leyfilegan hámarksmassa í flugtaki skal hann uppfylla eftirfarandi kröfur:

1) hemlunarvegalengd má ekki vera lengri en tiltæk hemlunarvegalengd,

2) flugtaksvegalengd má ekki vera lengri en tiltæk flugtaksvegalengd, með hindrunarlaust klifursvæði sem er ekki lengra en helmingur tiltæks flugtaksbruns,

3) flugtaksbrun má ekki vera lengra en tiltækt flugtaksbrun,

4) sýna verður fram á að farið sé að ákvæðum þessa liðar með því að nota eitt gildi ákvörðunarhraða (V_1) fyrir flugtak, sem hætt er við eða haldið áfram, og

5) á blautri eða spilltri flugbraut má flugtaksmassi ekki vera meiri en leyfilegt er í flugtaki á þurri flugbraut við sömu aðstæður.

c) Flugrekandi skal taka mið af eftirfarandi atriðum þegar hann sýnir fram á að hann uppfylli kröfur b-liðar hér að framan:

1) málþrýstingshæð á flugvelli,

2) umhverfishita á flugvelli,

3) ástandi og gerð yfirborðs flugbrautar,

4) halla brautar í flugtaksátt,

5) að ekki sé reiknað með meira en 50% af tilkynntum mótvindsstuðli eða ekki minna en 150% af tilkynntum meðvindsstuðli og

6) að flugbrautin kann að styttast vegna þess hvernig flugvélinni er stillt upp fyrir flugtak.

OPS 1.495

Hindranabil við flugtak

a) Flugrekandi skal sjá til þess að á raunflugslóð flugtaks sé a.m.k. 35 feta lóðrétt hindranabil sem er innan láréttrar fjarlægðar frá hindrun, sem er a.m.k. 90 m plús 0,125 x D, þar sem D er lárétt vegalengd sem flugvélin leggur að baki að lokinni tiltækri flugtaksvegalengd, eða, ef gert er ráð fyrir beygju áður en tiltækri flugtaksvegalengd lýkur, að lokinni flugtaksvegalengd. Fyrir flugvélar með minna en 60 m vænghaf er heimilt að nota lárétt hindranabil sem samsvarar hálfu vænghafi flugvélarinnar, plús 60 m plús 0,125 x D.

b) Flugrekandi skal taka mið af eftirfarandi atriðum þegar hann sýnir fram á að hann uppfylli kröfur a-liðar hér að framan:

1) massa flugvélarinnar við upphaf flugtaksbruns,

2) málþrýstingshæð á flugvelli,

3) umhverfishita á flugvelli og

4) að ekki sé reiknað með meira en 50% af tilkynntum mótvindsstuðli eða ekki minna en 150% af tilkynntum meðvindsstuðli.

c) Þegar sýnt er fram á að farið sé að ákvæðum a-liðar hér að framan:

1) skulu ferilbreytingar ekki leyfðar fyrr en raunflugslóð flugtaks er komin í hæð sem svarar til hálfs vænghafs en er ekki minni en 50 fet yfir landhæð við lok tiltæks flugtaksbruns. Þaðan og upp í 400 feta hæð er gert ráð fyrir að flugvélinni sé ekki hallað meira en 15°. Fyrir ofan 400 feta hæð má áætla beygjuhalla á bilinu 15 til 25°,

2) skal alls staðar á raunflugslóð flugtaks, þar sem flugvélinni er hallað meira en 15°, vera a.m.k. 50 feta lóðrétt bil yfir hindranir innan láréttrar fjarlægðar, sem tiltekin er í a-, d- og e-lið þessarar greinar, og

3) skal flugrekandi viðhafa sérstakt verklag, sem er háð samþykki flugmálayfirvalda, og nota aukinn beygjuhalla sem ekki er meiri en 20° í 200-400 feta hæð eða ekki meira en 30° í yfir 400 feta hæð (sjá 1. viðbæti við 3. lið c-liðar OPS 1.495),

4) skal taka nægilegt tillit til áhrifa beygjuhalla á hraða og flugslóð, s.s. lengri vegalengda vegna aukins flughraða.

d) Þegar flugrekandi sýnir fram á að farið sé að ákvæðum a-liðar hér að framan, í tilvikum þegar ekki er þörf á að breyta ferli meira en 15° á fyrirhugaðri flugslóð, þarf hann ekki að taka tillit til hindrana sem eru lengra til hliðar en:

1) 300 m, ef flugmaðurinn getur haldið tilskilinni nákvæmni í flugleiðsögu á því svæði þar sem taka þarf tillit til hindrana, eða

2) 600 m, í flugi við allar aðrar aðstæður.

e) Þegar flugrekandi sýnir fram á að farið sé að ákvæðum a-liðar hér að framan í tilvikum þegar þörf er á að breyta ferli meira en 15° á fyrirhugaðri flugslóð þarf hann ekki að taka tillit til hindrana sem eru lengra til hliðar en:

1) 600 m ef flugmaðurinn getur haldið tilskilinni nákvæmni í flugleiðsögu á því svæði þar sem taka þarf tillit til hindrana eða

2) 900 m, í flugi við allar aðrar aðstæður.

f) Flugrekandi skal setja reglur um verklag í viðlögum til að uppfylla kröfur OPS 1.495 og tryggja að leið sé örugg og að sneitt sé hjá hindrunum þannig að flugvélin geti annaðhvort uppfyllt kröfur OPS 1.500 á flugleið eða lent á brottfararflugvelli eða á varaflugvelli fyrir flugtak.

OPS 1.500

Á flugleið — einn hreyfill óstarfhæfur

a) Flugrekandi skal sjá til þess að gögn um einn hreyfil óstarfhæfan á raunflugslóð á flugleið, sem eru í flughandbók flugvélarinnar og eiga við þau veðurskilyrði sem gert er ráð fyrir á fluginu, séu í samræmi við annaðhvort b- eða c-lið alls staðar á leiðinni. Raunflugslóð verður að geta haft jákvæðan halla í 1500 fetum yfir flugvellinum þar sem áætlað er að lenda ef hreyfill bilar. Við veðurskilyrði, þar sem nauðsynlegt er að starfrækja ísvarnarkerfin, þarf að taka tillit til áhrifa af notkun þeirra á raunflugslóð.

b) Halli raunflugslóðar verður að vera jákvæður í a.m.k. 1000 fetum yfir öllu landi og hindrunum á leiðinni á 9,3 km (5 sjómílna) breiðu belti á hvorn veg við áætlaðan feril.

c) Nauðsynlegt er að á raunflugslóð geti flugvélin haldið fluginu áfram úr farflugshæð til flugvallar þar sem unnt er að lenda í samræmi við OPS 1.515 eða 1.520, eftir því sem við á, og að á raunflugslóðinni sé lóðrétt hindranabil a.m.k. 2000 fet yfir öllu landi og hindrunum á leiðinni á 9,3 km (5 sjómílna) breiðu belti á hvorn veg við áætlaðan feril, í samræmi við 1.-4. lið hér á eftir:

1) gert er ráð fyrir að hreyfillinn verði óstarfhæfur á versta stað á leiðinni,

2) tekið er tillit til áhrifa vinda á flugslóðina,

3) ef öruggt verklag er viðhaft er snögglosun eldsneytis leyfileg, svo framarlega sem komið er til flugvallarins með tilskildar eldsneytisbirgðir, og

4) flugvöllurinn, þar sem gert er ráð fyrir að flugvélin lendi eftir að hreyfillinn verður óstarfhæfur, skal uppfylla eftirfarandi skilyrði:

i. kröfum um afkastagetu miðað við áætlaðan lendingarmassa skal vera fullnægt og

ii. veðurlýsingar eða veðurspár, eða sambland af þessu tvennu, og skýrslur um ástand vallarins skulu gefa til kynna að unnt verði að lenda á öruggan hátt á áætluðum lendingartíma.

d) Þegar flugrekandi sýnir fram á að farið sé að ákvæðum OPS 1.500 verður hann að breikka beltið, sem um getur í b- og c-lið hér að framan, í 18,5 km (10 sjómílur) ef nákvæmni í flugleiðsögu nær ekki 95% markinu.

OPS 1.505

Á flugleið — flugvélar með þrjá hreyfla eða fleiri, tveir hreyflar óstarfhæfir

a) Flugrekandi skal sjá til þess að á fyrirhuguðum flugferli sé flugvél með þrjá hreyfla eða fleiri, á öllum hreyflum á farflugshraða fyrir langdrægi aldrei fjær en svo frá flugvelli, sem stenst gildandi kröfur um afköst miðað við áætlaðan lendingarmassa, að unnt sé að ná þangað á 90 mínútum við staðalhitastig í logni, nema farið sé eftir b- til f-lið hér á eftir.

b) Gögn um raunflugslóð flugvélar á flugleið með tvo hreyfla óstarfhæfa verða að gera flugvélinni kleift að halda fluginu áfram við þau veðurskilyrði sem búist er við, frá þeim stað þar sem gert er ráð fyrir að tveir hreyflar bili á sama tíma, til flugvallar þar sem unnt er að lenda og stöðva vélina að fullu með því að nota tilskilið verklag fyrir lendingu með tvo hreyfla óstarfhæfa. Á raunflugslóð skal lóðrétt hindranabil vera a.m.k. 2000 fet yfir öllu landi og hindrunum á leiðinni á 9,3 km (5 sjómílna) breiðu belti á hvorn veg við áætlaðan feril. Í þeirri hæð og við veðurskilyrði þar sem nauðsynlegt er að starfrækja ísvarnarkerfin þarf að taka tillit til áhrifa af notkun þeirra á raunflugslóð. Ef nákvæmni í flugleiðsögu nær ekki 95% markinu skal flugrekandi breikka áðurnefnt belti í 18,5 km (10 sjómílur).

c) Gert er ráð fyrir að tveir hreyflar bili á versta stað á þeim hluta leiðarinnar þar sem flugvélin á lengra en 90 mínútna flug eftir á farflugshraða fyrir langdrægi á öllum hreyflum við staðalhitastig í logni til flugvallar sem stenst gildandi kröfur um afköst miðað við áætlaðan lendingarmassa.

d) Raunflugslóð verður að geta haft jákvæðan halla í 1500 fetum yfir flugvelli þar sem ráðgert er að lenda eftir að tveir hreyflar hafa bilað.

e) Ef öruggt verklag er viðhaft er snögglosun eldsneytis leyfileg, svo framarlega sem komið er til flugvallar með tilskildar eldsneytisbirgðir.

f) Áætlaður massi flugvélarinnar, á þeim stað þar sem gert er ráð fyrir að tveir hreyflar bili, má ekki vera minni en svo að nægilegt eldsneyti sé eftir til að halda áfram til flugvallar, þar sem gert er ráð fyrir að lenda, og skal flugvélin koma í a.m.k. 1500 fetum beint yfir lendingarsvæðið og fljúga í þeirri hæð í 15 mínútur eftir það.

OPS 1.510

Lending — ákvörðunarflugvellir og varaflugvellir

a) Flugrekandi skal sjá til þess að lendingarmassi flugvélarinnar, sem er ákvarðaður í samræmi við a-lið OPS 1.475, fari ekki yfir hámarkslendingarmassann, sem tilgreindur er fyrir hæð, og væntanlegan umhverfishita á áætluðum lendingartíma á ákvörðunarflugvelli og varaflugvelli.

b) Fyrir blindaðflug með klifurhalla í fráflugi, sem er meiri en 2,5%, skal flugrekandi staðfesta að áætlaður lendingarmassi flugvélarinnar leyfi fráflug með klifurhalla sem er jafn eða meiri en viðeigandi klifurhalli í fráflugi á þeim hraða og í þeim ham sem notaður er við fráflug með einn hreyfil óstarfhæfan (sjá gildandi kröfur um vottun stórra flugvéla). Notkun annarrar aðferðar þarf að vera samþykkt af flugmálayfirvöldum.

c) Fyrir blindaðflug með ákvörðunarhæð undir 200 fetum þ arf flugrekandi að staðfesta að áætlaður lendingarmassi flugvélarinnar leyfi klifurhalla í fráflugi, með bilaðan markhreyfil, á hraða og í ham sem notaður er þegar hætt er við lendingu með a.m.k. 2,5% eða útgefnum halla, hvort sem meira er (sjá CS-AWO 243*)*. Notkun annarrar aðferðar þarf að vera samþykkt af flugmálayfirvöldum.

OPS 1.515

Lending — Þurrar flugbrautir

a) Flugrekandi skal sjá til þ ess að lendingarmassi flugvélarinnar, ákvarðaður í samræmi við a-lið OPS 1.475 miðað við áætlaðan lendingartíma á ákvörðunarflugvelli og varaflugvöllum, leyfi lendingu og algera stöðvun úr 50 fetum yfir þröskuldi:

1) þegar um er að ræða flugvélar knúðar þotuhreyflum, á innan við 60% af tiltækri lendingarvegalengd eða

2) þegar um er að ræða flugvélar knúnar skrúfuhverfihreyflum, á innan við 70% af tiltækri lendingarvegalengd,

3) þegar um er að ræða verklag í bröttu aðflugi þ ar sem flugmálayfirvöld geta samþykkt notkun gagna um lendingarvegalengdir, sem eru leiðrétt í samræmi við 1. og 2. lið a-liðar hér að framan, eftir því sem við á, og byggð á lágmarkshæð yfir ímynduðum hindrunum sem er minni en 50 fet en ekki minni en 35 fet. (Sjá 1. viðbæti við 3. lið a-liðar OPS 1.515),

4) þegar flugrekandi sýnir fram á að farið sé að ákvæðum 1. og 2. liðar a-liðar hér að framan er flugmálayfirvöldum þó í undantekningartilvikum heimilt, ef þau eru þess fullviss að þess sé þörf (sjá 1. viðbæti), að samþykkja skammbrautarlendingu, í samræmi við 1. og 2. viðbæti, ásamt hvers konar öðrum viðbótarskilyrðum sem flugmálayfirvöld telja vera nauðsynleg til þess að tryggja viðunandi öryggi í því sérstaka tilviki.

b) Flugrekandi skal taka mið af eftirfarandi atriðum þegar hann sýnir fram á að hann uppfylli kröfur a-liðar hér að framan:

1) hæð flugvallarins,

2) að ekki sé reiknað með meira en 50% af tilkynntum mótvindsstuðli eða ekki minna en 150% af tilkynntum meðvindsstuðli og

3) flugbrautarhalla í lendingarátt, ef hann er meiri en +/– 2%.

c) Þegar sýnt er fram á að farið sé að ákvæðum a-liðar hér að framan þarf að gera ráð fyrir því:

1) að flugvélin lendi á hagstæðustu flugbrautinni, í logni, og

2) að flugvélin lendi á þeirri flugbraut, sem líklegast er að henni verði ætluð, með tilliti til líklegs vindhraða og -áttar og stjórnunareiginleika flugvélarinnar á jörðu niðri, og með hliðsjón af öðrum aðstæðum, s.s. lendingartækjum og landslagi.

d) Ef flugrekandi getur ekki uppfyllt skilyrði 1. liðar. c-liðar um ákvörðunarflugvöll með eina flugbraut, þar sem lending er háð tilteknum vindstuðli, má senda flugvél af stað ef tilgreindir eru tveir varaflugvellir sem eru í fullu samræmi við ákvæði a-, b- og c-liðar. Áður en aðflug til lendingar á ákvörðunarflugvelli er hafið verður flugstjórinn að ganga úr skugga um að unnt sé að lenda í fullu samræmi við ákvæði OPS 1.510 og a- og b-liðar hér að framan.

e) Ef flugrekandi getur ekki fullnægt skilyrðum 2. liðar c-liðar hér að framan um ákvörðunarflugvöll má senda flugvélina af stað ef tilgreindur er varaflugvöllur sem uppfyllir að öllu leyti ákvæði a-, b- og c-liðar.

OPS 1.520

Lending — Blautar og spilltar flugbrautir

a) Flugrekandi skal sjá til þess ef veðurlýsingar eða veðurspár, eða sambland af þessu tvennu, gefa til kynna að flugbrautin kunni að vera blaut á áætluðum komutíma, að tiltæk lendingarvegalengd sé a.m.k. 115% af tilskilinni lendingarvegalengd sem ákvörðuð er í samræmi við OPS 1.515.

b) Flugrekandi skal sjá til þess, ef veðurlýsingar eða veðurspár, eða sambland af þessu tvennu, gefa til kynna að flugbrautin geti verið spillt á áætluðum komutíma, að tiltæk lendingarvegalengd verði a.m.k. söm og ákvörðuð er í samræmi við a-lið eða a.m.k. 115% af lendingarvegalengd þeirri sem ákvörðuð er í samræmi við samþykkt gögn um lendingarvegalengd á spilltri braut eða sambærileg gögn, sem flugmálayfirvöld hafa viðurkennt, eftir því hvort er lengra.

c) Á blautri flugbraut er heimilt að notast við lendingarvegalengd, sem er styttri en krafist er í a-lið hér að framan en ekki styttri en krafist er í a-lið OPS 1.515, ef í flughandbók flugvélarinnar er að finna sérstakar viðbótarupplýsingar um lendingarvegalengdir á blautum flugbrautum.

d) Á spilltum flugbrautum, sérstaklega undirbúnum, má notast við lendingarvegalengd sem er styttri en krafist er í b-lið hér að framan, en ekki styttri en krafist er í a-lið OPS 1.515, ef sérstakar viðbótarupplýsingar um lendingarvegalengdir á spilltum flugbrautum er að finna í flughandbók flugvélarinnar.

e) Þegar farið er að ákvæðum b-, c- og d-liðar hér að framan skal nota viðmiðanir OPS 1.515, eftir því sem við á, að því undanskildu að 1. og 2. liður a-liðar OPS 1.515 gilda ekki um b-lið hér að framan.

1. viðbætir við 3. lið c-liðar OPS 1.495

Samþykki fyrir auknum beygjuhalla

a) Til að nota aukinn beygjuhalla sem þarfnast sérstaks samþykkis verður að uppfylla eftirfarandi viðmið:

1) flughandbók flugvélarinnar verður að innihalda samþykktar upplýsingar um þá aukningu á flughraða sem nauðsynleg er og upplýsingar sem leyfa að reiknuð sé út flugslóð sem tekur tillit til aukins beygjuhalla og hraða,

2) leiðsaga eftir kennileitum verður að vera til staðar til að halda nákvæmni í flugleiðsögu,

3) lágmarksveðurskilyrði og vindmörk skulu tilgreind fyrir hverja flugbraut og samþykkt af flugmálayfirvöldum,

4) þjálfun fari fram í samræmi við ákvæði OPS 1.975.

1. viðbætir við 3. lið a-liðar OPS 1.515

Verklag í bröttu aðflugi

a) Flugmálayfirvöld geta samþykkt verklag í bröttu aðflugi þ ar sem notað er 4,5° aðflugshallahorn eða stærra, með lágmarkshæð yfir ímynduðum hindrunum, sem eru undir 50 fetum en ekki undir 35 fetum, að því tilskildu að eftirfarandi viðmiðanir séu virtar:

1) í flughandbók flugvélarinnar verður að gefa upp samþykkt hámarkshorn aðflugshalla, allar aðrar takmarkanir, venjulegt eða óvenjulegt verklag eða neyðarverklag í bröttu aðflugi svo og breytingar á gögnum um vallarlengd þegar viðmiðanir um bratt aðflug eru notaðar,

2) á öllum flugvöllum, þar sem á að gera bratt aðflug, skal vera viðeigandi viðmiðunarkerfi fyrir aðflugshalla, sem felst a.m.k. í leiðsögukerfi sem gefur sjónrænar upplýsingar um aðflugshalla og

3) tilgreina þarf og samþykkja lágmarksveðurskilyrði fyrir hverja flugbraut sem á að nota í bröttu aðflugi. Taka skal mið af eftirfarandi atriðum:

i. hindrunum,

ii. tegund aðflugshallaviðmiðana og flugbrautarleiðsögu, s.s. sjónrænum leiðsögutækjum, örbylgjulendingarkerfi, þrívíddarleiðsögukerfi (3D-NAV), blindlendingarkerfi, miðlínusendi, fjölstefnuvita og hringvita,

iii. lágmarkssýn til kennileita, sem krafist er úr ákvörðunarhæð og lágmarkslækkunarflughæð,

iv. tiltækum tækjabúnaði flugvélar,

v. starfsréttindum flugmanns og þekkingu hans á staðháttum við flugvöllinn,

vi. takmörkunum og verklagsreglum í flughandbók flugvélarinnar og

vii. viðmiðunum fyrir fráflug.

1. viðbætir við 4. lið a-liðar OPS 1.515

Skammbrautarlendingar

a) Að því er varðar 4. lið a-liðar OPS 1.515 getur vegalengdin, sem notuð er við útreikninga á leyfilegum lendingarmassa, verið nothæf lengd yfirlýsts öryggissvæðis auk tiltækrar, yfirlýstrar lendingarvegalengdar. Flugmálayfirvöld geta samþykkt slíkar skammbrautarlendingar í samræmi við eftirfarandi viðmiðanir:

1) Sýna þarf fram á nauðsyn á flugi með skammbrautarlendingum. Augljósir almannahagsmunir þurfa að vera í húfi og rekstrarleg nauðsyn fyrir slíku flugi, annaðhvort vegna þess að flugvöllurinn er afskekktur eða að landfræðilegar takmarkanir séu á að framlengja flugbrautina.

2) Viðmiðanir fyrir flugvélina og rekstrarviðmiðanir.

i. Skammbrautarlending er einungis hægt að samþykkja fyrir flugvélar þ ar sem lóðrétt fjarlægð milli sjónlínu flugmanns og neðsta hluta hjólanna, þegar flugvélin er á eðlilegum hallageisla, er ekki meiri en þrír metrar,

ii. þegar flugvallarlágmörk eru ákvörðuð skal flugbrautarskyggni /skyggni ekki vera undir 1,5 km; auk þess skal tilgreina vindmörk í flugrekstrarhandbókinni,

iii. lágmarksreynsla flugmanns, kröfur um þjálfun og þ ekkingu á staðháttum við flugvöllinn, verður að vera tilgreind fyrir slíka starfrækslu í flugrekstrarhandbókinni.

3) Gert er ráð fyrir því að hæð yfir byrjun nothæfrar lengdar yfirlýsta öryggissvæðisins sé 50 fet.

4) Viðbótarviðmiðanir. Flugmálayfirvöld geta sett hvers konar viðbótarskilyrði, sem teljast nauðsynleg, svo flugið sé öruggt, að teknu tilliti til einkenna flugvélartegundarinnar, landslagseinkenna á aðflugssvæðinu, tiltækra leiðsögutækja fyrir aðflug og atriða er taka þarf til greina varðandi fráflug eða ef hætt er við lendingu. Slík viðbótarskilyrði geta t.d. verið kröfur um kerfi aðflugshallaljósa af gerðinni VASI/PAPI.

2. viðbætir við 4. lið a-liðar OPS 1.515

Skilyrði fyrir flugvelli til skammbrautarlendinga

a) Notkun öryggissvæðis skal vera samþykkt af flugvallaryfirvöldum.

b) Nothæf lengd yfirlýsts öryggissvæðis, samkvæmt ákvæðum 4. liðar a-liðar í 1.515, skal ekki vera yfir 90 m.

c) Breidd yfirlýsts öryggissvæðis skal ekki vera minni en tvöföld breidd flugbrautarinnar frá framlengdri miðlínu flugbrautarinnar að telja, eða tvöfalt vænghaf, hvort sem er meira.

d) Yfirlýst öryggissvæði skal vera laust við hindranir eða lægðir, sem myndu stofna flugvél í hættu sem nær ekki inn á flugbrautina, og enginn hreyfanlegur hlutur má vera á yfirlýstu öryggissvæði á meðan brautin er notuð til skammbrautarlendinga.

e) Á yfirlýstu öryggissvæði má hvorki vera yfir 5% halli upp á við í flugtaksátt né 2% halli niður á við í lendingarátt.

f) Að því er varðar þessa starfrækslu er ekki nauðsynlegt að burðarþolskröfur 5. liðar a-liðar OPS 1.480 gildi um yfirlýst öryggissvæði.

H-KAFLI

AFKASTAGETUFLOKKUR B

OPS 1.525

Almenn ákvæði

a) Flugrekandi skal ekki starfrækja eins hreyfils flugvél:

1) að nóttu til eða

2) við blindflugsskilyrði nema samkvæmt reglum um sérlegt sjónflug.

Aths.: Takmarkanir á starfrækslu eins hreyfils flugvéla eru í 6. lið a-liðar OPS 1.240.

b) Flugrekandi skal fara með tveggja hreyfla flugvélar, sem standast ekki kröfur b-liðar 1. viðbætis við OPS 1.525 um klifur, eins og þær væru eins hreyfils flugvélar.

OPS 1.530

Flugtak

a) Flugrekandi skal sjá til þess að flugtaksmassi fari ekki yfir þann hámarksflugtaksmassa sem er tilgreindur í flughandbók flugvélarinnar fyrir málþrýstingshæð og umhverfishita á flugvellinum þar sem flugvélin á að hefja sig til flugs.

b) Flugrekandi skal sjá til þess að óleiðrétt flugtaksvegalengd, eins og hún er tilgreind í flughandbók flugvélarinnar, sé ekki lengri en:

1) tiltækt flugtaksbrun, ef margfaldað er með stuðlinum 1,25 eða

2) ef öryggisbraut og/eða hindrunarlaust klifursvæði er tiltækt sem hér segir:

i. tiltækt flugtaksbrun,

ii. tiltæk flugtaksvegalengd ef margfaldað er með stuðlinum 1,15 og

iii. tiltæk hemlunarvegalengd við flugtak ef margfaldað er með stuðlinum 1,3.

c) Flugrekandi skal taka mið af eftirfarandi atriðum þegar hann sýnir fram á að hann uppfylli kröfur b-liðar hér að framan:

1) massa flugvélarinnar við upphaf flugtaksbruns,

2) málþrýstingshæð á flugvelli,

3) umhverfishita á flugvelli,

4) ástandi og gerð yfirborðs brautar,

5) halla brautar í flugtaksátt og

6) að ekki sé reiknað með meira en 50% af tilkynntum mótvindsstuðli eða ekki minna en 150% af tilkynntum meðvindsstuðli.

OPS 1.535

Hindranabil við flugtak — fjölhreyfla flugvélar

a) Flugrekandi skal sjá til þess að á flugtaksflugslóð flugvéla með tvo hreyfla eða fleiri, sem ákveðin er í samræmi við þennan kafla, sé a.m.k. 50 feta lóðrétt hindranabil sem er innan láréttrar fjarlægðar frá hindrun, sem er a.m.k. 90 m plús 0,125 x D, þar sem D er lárétt vegalengd, sem flugvélin leggur að baki eftir að tiltækri flugtaksvegalengd lýkur, eða flugtaksvegalengd, ef gert er ráð fyrir beygju áður en tiltækri flugtaksvegalengd lýkur, nema í þeim tilvikum sem kveðið er á um í b- og c-lið hér á eftir. Fyrir flugvélar með minna en 60 m vænghaf er heimilt að nota lárétt hindranabil sem samsvarar hálfu vænghafi flugvélarinnar, plús 60 m plús 0,125 x D. Þegar sýnt er fram á að farið sé að ákvæðum a-liðar hér að framan þarf að gera ráð fyrir því:

1) að flugtaksflugslóð byrji í 50 feta hæð yfir yfirborði við enda þeirrar flugtaksvegalengdar sem krafist er í b-lið OPS 1.530 og endi í 1500 feta hæð yfir yfirborði,

2) að flugvélinni sé ekki hallað fyrr en hún hefur náð 50 feta hæð yfir yfirborði og eftir það sé henni ekki hallað meira en 15°,

3) að markhreyfill flugvélarinnar bili á flugtaksslóð með alla hreyfla virka þar sem reiknað er með að kennileiti, sem tekið er mið af til að sneiða hjá hindrunum, hverfi úr augsýn,

4) að halli flugtaksflugslóðar, úr 50 fetum upp í þá hæð þar sem gert er ráð fyrir að hreyfill bili, sé jafn meðalgildi halla í klifri á öllum hreyflum og við skipti yfir í leiðarflugsham, margfaldað með stuðlinum 0,77 og

5) að halli flugtaksflugslóðar, úr þeirri hæð sem náð er í samræmi við 4. lið hér að framan allt til enda flugtaksflugslóðar, sé sá sami og klifurhalli á flugleið með einn hreyfil óstarfhæfan á flugleið, eins og gefið er upp í flughandbók flugvélarinnar.

b) Þegar flugrekandi sýnir fram á að farið sé að ákvæðum a-liðar hér að framan í tilvikum þegar ekki er þörf á að breyta ferli meira en 15° á fyrirhugaðri flugslóð þarf hann ekki að taka tillit til hindrana sem eru lengra til hliðar en:

1) 300 m, ef flogið er við aðstæður sem leyfa að ferli sé fylgt eftir kennileitum, eða ef tiltæk eru flugleiðsögutæki sem gera flugmanninum kleift að halda áætlaðri flugslóð af sömu nákvæmni (sjá 1.viðbæti við 1. lið a- og b-liðar OPS 1.535) eða

2) 600 m, í flugi við allar aðrar aðstæður.

c) Þegar flugrekandi sýnir fram á að farið sé að ákvæðum a-liðar hér að framan í þeim tilvikum þegar þörf er á að breyta ferli meira en 15° á fyrirhugaðri flugslóð þarf hann ekki að taka tillit til hindrana sem eru lengra til hliðar en:

1) 600 m, í flugi við aðstæður sem leyfa að ferli sé fylgt eftir kennileitum (sjá 1, viðbæti við 1. lið b- og c-liðar OPS 1.535),

2) 900 m, í flugi við allar aðrar aðstæður.

d) Þegar flugrekandi sýnir fram á að farið sé að ákvæðum a-, b- og c-liðar hér að framan skal hann taka mið af eftirfarandi atriðum:

1) massa flugvélarinnar við upphaf flugtaksbruns,

2) málþrýstingshæð á flugvelli,

3) umhverfishita á flugvelli og

4) að ekki sé reiknað með meira en 50% af tilkynntum mótvindsstuðli eða ekki minna en 150% af tilkynntum meðvindsstuðli.

OPS 1.540

Á flugleið — fjölhreyfla flugvélar

a) Flugrekandi skal sjá til þess að við þau veðurskilyrði, sem búist var við fyrir flugið, geti flugvélin, ef einn hreyfill bilar og þeir sem enn eru virkir starfa innan tilgreindra marka fyrir samfellt hámarksafl, haldið áfram flugi í eða ofan við viðeigandi lágmarkshæðir fyrir öruggt flug samkvæmt flugrekstrarhandbókinni, að stað í 1000 fetum yfir flugvelli sem uppfyllir skilyrðin um afkastagetu.

b) Þegar sýnt er fram á að farið sé að ákvæðum a-liðar hér að framan:

1) má ekki gera ráð fyrir að flugvélin fljúgi í meiri hæð en svo að stighraði hennar nái 300 fetum á mínútu með alla hreyfla virka innan tilgreindra marka fyrir samfellt hámarksafl og

2) skal fyrirhugaður halli á flugleið með einn hreyfil óstarfhæfan vera minnsti lækkunarhalli, aukinn með 0,5% halla, eða mesti klifurhalli minnkaður með 0,5% halla, eftir því sem við á.

OPS 1.542

Á flugleið — eins hreyfils flugvélar

a) Flugrekandi skal sjá til þess að við þau veðurskilyrði, sem búist var við fyrir flugið, geti flugvélin náð stað þar sem unnt er að nauðlenda örugglega ef hreyfill bilar. Fyrir landflugvélar er þess krafist að um sé að ræða stað á landi, nema flugmálayfirvöld hafi samþykkt annað.

b) Þegar sýnt er fram á að farið sé að ákvæðum a-liðar hér að framan:

1) má ekki gera ráð fyrir að flugvélin fljúgi í meiri hæð en svo að stighraði hennar nái 300 fetum á mínútu, með hreyfilinn virkan innan tilgreindra marka fyrir samfellt hámarksafl og

2) skal fyrirhugaður halli á flugleið vera minnsti lækkunarhalli, aukinn með 0,5% halla.

OPS 1.545

Lending — ákvörðunarflugvellir og varaflugvellir

Flugrekandi skal sjá til þess að lendingarmassi flugvélarinnar, sem er ákvarðaður í samræmi við a-lið OPS 1.475, fari ekki yfir hámarkslendingarmassann, sem tilgreindur er fyrir hæð og væntanlegan umhverfishita, á áætluðum lendingartíma á ákvörðunarflugvelli og varaflugvelli.

OPS 1.550

Lending — þurrar flugbrautir

a) Flugrekandi skal sjá til þess að lendingarmassi flugvélar, sem ákvarðaður er í samræmi við a-lið OPS 1.475 fyrir áætlaðan lendingartíma, leyfi lendingu og algjöra stöðvun úr 50 fetum ofan við þröskuld á innan við 70% tiltækrar lendingarvegalengdar á ákvörðunarflugvelli og varaflugvöllum.

1) Flugmálayfirvöld geta samþykkt að notuð séu gögn um lendingarvegalengdir, leiðrétt í samræmi við þennan lið og miðuð við lágmarkshæð yfir ímyndaðri hindrun, sem er undir 50 fetum en ekki undir 35 fetum (sjá 1. viðbæti við a-lið OPS 1.550).

2) Flugmálayfirvöld geta samþykkt skammbrautarlendingar í samræmi við viðmiðanirnar í 2. viðbæti við a-lið OPS 1.550.

b) Flugrekandi skal taka mið af eftirfarandi atriðum þegar hann sýnir fram á að hann uppfylli kröfur a-liðar hér að framan:

1) hæð flugvallar,

2) að ekki sé reiknað með meira en 50% af tilkynntum mótvindsstuðli og ekki minna en 150% af tilkynntum meðvindsstuðli,

3) ástandi og gerð yfirborðs flugbrautar og

4) halla flugbrautar í lendingarátt.

c) Ef senda á flugvél í flug í samræmi við a-lið hér að framan þarf að gera ráð fyrir:

1) að flugvélin lendi á hagstæðustu flugbrautinni, í logni, og

2) að flugvélin lendi á þeirri flugbraut, sem líklegast er að henni verði ætluð, með tilliti til líklegs vindhraða og -áttar og stjórnunareiginleika flugvélarinnar á jörðu niðri og með hliðsjón af öðrum aðstæðum, s.s. lendingartækjum og landslagi.

d) Ef flugrekandi getur ekki fullnægt skilyrðum 2. liðar c-liðar hér að framan um ákvörðunarflugvöll má senda flugvélina af stað ef tilgreindur er varaflugvöllur sem fullnægir að öllu leyti skilyrðum a-, b- og c-liðar hér að framan.

OPS 1.555

Lending — blautar og spilltar flugbrautir

a) Flugrekandi skal sjá til þess, ef veðurlýsingar eða veðurspár, eða sambland af þessu tvennu, gefa til kynna að flugbrautin kunni að vera blaut á áætluðum komutíma, að tiltæk lendingarvegalengd sé jafnlöng eða lengri en tilskilin lendingarvegalengd, ákvörðuð í samræmi við OPS 1.550, margfölduð með stuðlinum 1,15.

b) Flugrekandi skal sjá til þess, ef veðurlýsingar eða veðurspár, eða sambland af þessu tvennu, gefa til kynna að flugbrautin kunni að vera spillt á áætluðum komutíma, að lendingarvegalengdin, sem er ákvörðuð út frá gögnum, sem flugmálayfirvöld geta fallist á, fyrir þær aðstæður, sé ekki lengri en tiltæk lendingarvegalengd.

c) Á blautri flugbraut er heimilt að notast við lendingarvegalengd, sem er styttri en krafist er í a-lið hér að framan en ekki styttri en krafist er í a-lið OPS 1.550, ef í flughandbók flugvélarinnar er að finna sérstakar viðbótarupplýsingar um lendingarvegalengdir á blautum flugbrautum.

1. viðbætir við b-lið OPS 1.525

Almenn ákvæði — klifur í flugtaki og við lendingu

a) Flugtaksklifur

1) Allir hreyflar virkir

i. Eftir flugtak skal stöðugur klifurhalli vera a.m.k. 4% með:

A) flugtaksafl á öllum hreyflum,

B) lendingarbúnað niðri nema ef unnt er að draga hann upp, á innan við 7 sekúndum, en þá gildir það eins og hann sé uppdreginn,

C) flapa í flugtaksstöðu og

D) klifurhraða sem er ekki minni en hærri talan af 1,1 lágmarksstjórnunarhraða (V_{MC}) og 1,2 ofrishraða (V_{S1}).

2) Einn hreyfill óstarfhæfur

i. Stöðugur klifurhalli í 400 feta hæð yfir flugtaksbraut verður að vera mælanlega jákvæður:

A) með óstarfhæfan markhreyfil og skrúfu hans í lágmarksviðnámsstöðu,

B) með hreyfilinn, sem enn er virkur, með flugtaksafli,

C) með lendingarbúnað uppdreginn,

D) með flapa í flugtaksstöðu og

E) með klifurhraða sem jafngildir klifurhraðanum sem næst í 50 fetum.

ii. Stöðugur klifurhalli má ekki vera undir 0,75% í 1500 feta hæð yfir flugtaksbraut:

A) með óstarfhæfan markhreyfil og skrúfu hans í lágmarksviðnámsstöðu,

B) með ekki meira en samfellt hámarksafl á hreyflinum sem enn er virkur,

C) með lendingarbúnað uppdreginn,

D) með flapa uppdregna og

E) með klifurhraða sem er ekki undir ofrishraða 1,2 (VS1).

b) Klifur við lendingu

1) Allir hreyflar virkir

i. Stöðugur klifurhalli skal vera a.m.k. 2,5%:

A) með ekki meira afli eða kný en tiltækur er 8 sekúndum eftir að aflgjafar eru fyrst færðir úr lægstu gangstöðu á flugi,

B) með lendingarbúnað niðri,

C) með flapa í lendingarstöðu og

D) með klifurhraða sem jafngildir viðmiðunarhraða (V_{REF}) í aðflugi til lendingar.

2) Einn hreyfill óstarfhæfur

i. Stöðugur klifurhalli má ekki vera minni en 0,75% í 1500 feta hæð yfir yfirborði sem lent er á:

A) með óstarfhæfan markhreyfil og skrúfu hans í lágmarksviðnámsstöðu,

B) með ekki meira en samfellt hámarksafl á hreyflinum sem enn er virkur,

C) með lendingarbúnað uppdreginn,

D) með flapa uppdregna og

E) með klifurhraða sem er ekki undir ofrishraða 1,2 (VS1).

1. viðbætir við 1. lið b- og c-liðar OPS 1.535

Flugtaksflugslóð — ferli fylgt eftir kennileitum

Til þess að hægt sé að leyfa að ferli sé fylgt eftir kennileitum skal flugrekandi sjá til þess að ríkjandi veðurskilyrði á starfrækslutímanum, þ.m.t. skýjaþekjuhæð og skyggni, séu slík að unnt sé að sjá og þekkja hindranir og/eða kennileiti á jörðu niðri. Til að bil yfir hindrunum og landi sé öruggt skal tilgreina lágmarksveðurskilyrði fyrir viðkomandi flugvöll í flugrekstrarhandbókinni svo að flugliðar geti allan tímann ákvarðað og fylgt réttri flugslóð, með hliðsjón af kennileitum sem hér segir:

a) verklag skal vera vel skilgreint að því er varðar viðmiðanir við kennileiti á jörðu niðri svo að unnt sé að greina flugferilinn með tilliti til krafna um hindranabil,

b) verklag skal vera innan getumarka flugvélarinnar að því er varðar framhraða, beygjuhalla og vindáhrif,

c) áhöfnin skal hafa skriflega og/eða myndræna lýsingu af verklaginu til að styðjast við og

d) tilgreina skal takmarkandi umhverfisaðstæður (t.d. vind, ský, skyggni, dag/nótt, umhverfislýsingu og hindranalýsingu).

1. viðbætir við a-lið OPS 1.550

Verklag í bröttu aðflugi

a) Flugmálayfirvöld geta samþykkt verklag í bröttu aðflugi, þ ar sem notað er 4,5° aðflugshallahorn eða stærra með lágmarkshæð yfir ímynduðum hindrunum sem eru undir 50 fetum en ekki undir 35 fetum, að því tilskildu að eftirfarandi viðmiðanir séu virtar:

1) í flughandbók flugvélarinnar verður að gefa upp samþykkt hámarkshorn aðflugshalla, allar aðrar takmarkanir, venjulegt eða óvenjulegt verklag eða neyðarverklag í bröttu aðflugi svo og breytingar á gögnum um vallarlengd þegar viðmiðanir um bratt aðflug eru notaðar,

2) á öllum flugvöllum, þar sem á að gera bratt aðflug, skal vera viðeigandi viðmiðunarkerfi fyrir aðflugshalla, sem felst a.m.k. í leiðsögukerfi sem gefur sjónrænar upplýsingar um aðflugshalla,

3) tilgreina þarf og samþykkja lágmarksveðurskilyrði fyrir hverja flugbraut sem á að nota í bröttu aðflugi. Taka skal mið af eftirfarandi atriðum:

i. hindrunum,

ii. tegund aðflugshallaviðmiðana og flugbrautarleiðsögu, svo sem sjónrænum leiðsögutækjum, örbylgjulendingarkerfi, þrívíddarleiðsögukerfi, blindlendingarkerfi, miðlínusendi, fjölstefnuvita og hringvita,

iii. lágmarkssýn til kennileita sem krafist er úr ákvörðunarhæð og lágmarkslækkunarflughæð,

iv. tiltækum tækjabúnaði flugvélar,

v. starfsréttindum flugmanns og þekkingu hans á staðháttum við flugvöllinn,

vi. takmörkunum og verklagsreglum í flughandbók flugvélarinnar og

vii. viðmiðunum fyrir fráflug.

2. viðbætir við a-lið OPS 1.550

Skammbrautarlendingar

a) Að því er varðar 2. lið a-liðar OPS 1.550 getur fjarlægðin, sem notuð er við útreikninga á leyfilegum lendingarmassa, verið nothæf lengd yfirlýsts öryggissvæðis auk tiltækrar, yfirlýstrar lendingarvegalengdar. Flugmálayfirvöld geta samþykkt slíka starfrækslu í samræmi við eftirfarandi viðmiðanir:

1) notkun yfirlýsts öryggissvæðis skal vera samþykkt af flugvallaryfirvöldum,

2) yfirlýst öryggissvæði skal vera laust við hindranir eða lægðir, sem myndu stofna flugvél í hættu sem nær ekki inn á flugbrautina, og enginn hreyfanlegur hlutur má vera á yfirlýstu öryggissvæði á meðan brautin er notuð til skammbrautarlendinga,

3) á yfirlýstu öryggissvæði má hvorki vera yfir 5% halli upp á við né 2% halli niður á við í lendingarátt,

4) nothæf lengd yfirlýsts öryggissvæðis, samkvæmt ákvæðum þessa viðbætis, skal ekki vera meiri en 90 m,

5) breidd yfirlýsts öryggissvæðis skal ekki vera minni en tvöföld breidd flugbrautarinnar, frá framlengdri miðlínu flugbrautarinnar að telja,

6) gert er ráð fyrir því að hæð yfir byrjun nothæfrar lengdar yfirlýsts öryggissvæðis sé ekki undir 50 fetum í aðfluginu,

7) að því er varðar þessa starfrækslu er ekki nauðsynlegt að burðarþolskröfur 5. liðar. a-liðar OPS 1.480 gildi um yfirlýst öryggissvæði,

8) lágmarksveðurskilyrði skulu vera tilgreind og samþykkt fyrir hverja flugbraut, sem nota á, og skulu þau ekki vera undir mörkum sjónflugslágmarka eða lágmörkum grunnaðflugs hvort sem hærra er,

9) kröfurnar sem gerðar eru til flugmannsins skulu vera tilgreindar (sbr. a-lið OPS 1.975),

10) flugmálayfirvöld geta sett öll þau viðbótarskilyrði sem nauðsynleg eru af flugöryggisástæðum, að teknu tilliti til tegundareinkenna flugvélarinnar, aðflugstækja og atriða er taka þarf til greina varðandi fráflug eða ef hætt er við lendingu.

I-KAFLI

AFKASTAGETUFLOKKUR C

OPS 1.560

Almenn ákvæði

Til þess að unnt sé að ákvarða hvort farið sé að ákvæðum þessa kafla skal flugrekandi sjá til þess að til viðbótar samþykktum gögnum um afköst í flughandbókinni sé öðrum gögnum, sem flugmálayfirvöld geta fallist á, bætt við eftir þörfum ef samþykkt gögn um afkastagetu í flughandbók eru ófullnægjandi.

OPS 1.565

Flugtak

a) Flugrekandi skal sjá til þess að flugtaksmassi fari ekki yfir þann hámarksflugtaksmassa sem er tilgreindur í flughandbók flugvélarinnar fyrir málþrýstingshæð og umhverfishita á flugvellinum þar sem flugvélin á að hefja sig til flugs.

b) Flugrekandi skal sjá til þess, að því er varðar flugvélar með flughandbók þar sem tilgreind eru gögn varðandi lengd flugtaksbrautar en hreyfilbilun er ekki tekin með í reikninginn, að fjarlægð frá byrjun flugtaksbruns sem flugvélin þarf til að ná 50 feta hæð yfir yfirborði með alla hreyfla virka innan tilgreindra marka fyrir samfellt hámarksflugtaksafl, þegar margfaldað er annaðhvort með stuðlinum:

   1) 1,33 fyrir tveggja hreyfla flugvélar eða

   2) 1,25 fyrir þriggja hreyfla flugvélar eða

   3) 1,18 fyrir fjögurra hreyfla flugvélar,

   sé ekki lengri en tiltækt flugtaksbrun á flugvellinum þar sem flugvélin á að hefja sig til flugs.

c) Flugrekandi skal sjá til þess, að því er varðar flugvélar með flughandbók þar sem tilgreind eru gögn varðandi lengd flugtaksbrautar og hreyfilbilun er tekin með í reikninginn, að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt í samræmi við forskriftir í flughandbók flugvélarinnar:

   1) hemlunarvegalengd við flugtak má ekki vera lengri en tiltæk hemlunarvegalengd við flugtak,

   2) flugtaksvegalengd má ekki vera lengri en tiltæk flugtaksvegalengd, með hindrunarlaust klifursvæði sem er ekki lengra en helmingur tiltæks flugtaksbruns,

   3) flugtaksbrun má ekki vera lengra en tiltækt flugtaksbrun,

   4) sýna verður fram á að farið sé að ákvæðum þessarar greinar með því að nota eitt gildi ákvörðunarhraða (V_1) fyrir flugtak, sem hætt er við eða haldið áfram, og

   5) á blautri eða spilltri flugbraut má flugtaksmassi ekki vera meiri en leyfilegt er í flugtaki á þurri flugbraut við sömu aðstæður.

d) Flugrekandi skal taka mið af eftirfarandi atriðum þegar hann sýnir fram á að hann standist kröfur b- og c-liðar hér að framan:

   1) málþrýstingshæð á flugvelli,

   2) umhverfishita á flugvelli,

   3) ástandi og gerð yfirborðs flugbrautar,

   4) halla brautar í flugtaksátt,

   5) að ekki sé reiknað með meira en 50% af tilkynntum mótvindsstuðli eða ekki minna en 150% af tilkynntum meðvindsstuðli og

   6) að flugbrautin kann að styttast vegna þess hvernig flugvélinni er stillt upp fyrir flugtak.

OPS 1.570

Hindranabil við flugtak

a) Flugrekandi skal sjá til þess, þegar einn hreyfill er óstarfhæfur, að á flugtaksflugslóð sé a.m.k. 50 feta lóðrétt hindranabil plús 0,01 x D sem er innan láréttrar fjarlægðar frá hindrun, sem er a.m.k. 90 m plús 0,125 x D, þar sem D er lárétt vegalengd sem flugvélin leggur að baki eftir að tiltækri flugtaksvegalengd lýkur. Fyrir flugvélar með minna en 60 m vænghaf er heimilt að nota lárétt hindranabil sem samsvarar hálfu vænghafi flugvélarinnar plús 60 m plús 0,125 x D.

b) Flugtaksflugslóð verður að byrja í 50 feta hæð yfir yfirborði í lok flugtaksvegalengdarinnar, sem krafist er í b- eða c-lið OPS 1.565, eftir því sem við á, og enda í 1500 fetum yfir yfirborði.

c) Flugrekandi skal taka mið af eftirfarandi atriðum þegar hann sýnir fram á að hann uppfylli kröfur a-liðar hér að framan:

1) massa flugvélarinnar við upphaf flugtaksbruns,

2) málþrýstingshæð á flugvellinum,

3) umhverfishita á flugvellinum og

4) að ekki sé reiknað með meira en 50% af tilkynntum mótvindsstuðli eða ekki minna en 150% af tilkynntum meðvindsstuðli.

d) Þegar sýnt er fram á að farið sé að ákvæðum a-liðar hér að framan skulu ferilbreytingar ekki leyfðar fyrr en flugtaksflugslóð er komin í 50 feta hæð yfir yfirborði. Þaðan og upp í 400 feta hæð er gert ráð fyrir að flugvélinni sé ekki hallað meira en 15°. Fyrir ofan 400 feta hæð má áætla beygjuhalla á bilinu 15 til 25°. Taka skal nægilegt tillit til áhrifa beygjuhalla á hraða og flugslóð, s.s. lengri vegalengda vegna aukins flughraða.

e) Þegar sýnt er fram á að farið sé að ákvæðum a-liðar hér að framan í þeim tilvikum þegar ekki er þörf á að breyta ferli meira en 15° þarf flugrekandi ekki að taka tillit til hindrana í láréttri fjarlægð sem er meiri en:

1) 300 m, ef flugmaðurinn getur haldið tilskilinni nákvæmni í flugleiðsögu á því svæði þar sem taka þarf tillit til hindrana eða

2) 600 m, í flugi við allar aðrar aðstæður.

f) Þegar sýnt er fram á að farið sé að ákvæðum a-liðar hér að framan, í þeim tilvikum þegar þörf er á að breyta ferli meira en 15°, þarf flugrekandi ekki að taka tillit til hindrana í láréttri fjarlægð sem er meiri en:

1) 600 m, ef flugmaðurinn getur haldið tilskilinni nákvæmni í flugleiðsögu á því svæði þar sem taka þarf tillit til hindrana eða

2) 900 m, í flugi við allar aðrar aðstæður.

g) Flugrekandi skal setja reglur um verklag í viðlögum til að standast kröfur OPS 1.570 og til að tryggja örugga leið og sneiða hjá hindrunum þannig að flugvélin standist annaðhvort kröfur OPS 1.580 á flugleið eða lendi á brottfararflugvelli eða á varaflugvelli fyrir flugtak.

OPS 1.575

Á flugleið — allir hreyflar virkir

a) Flugrekandi skal sjá til þess að við þau veðurskilyrði, sem búist var við fyrir flugið, geti stighraði flugvélarinnar, á hvaða stað sem er á leiðinni eða ráðgerðum frávikum frá henni, verið a.m.k. 300 fet á mínútu með alla hreyfla virka innan tilgreindra marka fyrir samfellt hámarksafl:

1) í lágmarksflughæð fyrir öruggt flug alls staðar á leiðinni, sem á að fljúga, eða ráðgerðum frávikum frá henni, sem tilgreind eru eða reiknuð út frá upplýsingum um flugvélina í flugrekstrarhandbókinni, og

2) í þeim lágmarksflughæðum, sem nauðsynlegar eru til að fara að skilyrðum sem kveðið er á um í OPS 1.580 og 1.585, eftir því sem við á.

OPS 1.580

Á flugleið — einn hreyfill óstarfhæfur

a) Flugrekandi skal sjá til þess að við þau veðurskilyrði, sem búist er við fyrir flugið, geti flugvélin, ef hreyfill verður óstarfhæfur einhvers staðar á leiðinni eða ráðgerðu fráviki frá henni og hinn eða hinir hreyflarnir, sem enn eru virkir, starfa innan tilgreindra marka fyrir samfellt hámarksafl, haldið fluginu áfram úr farflugshæð til flugvallar þar sem unnt er að lenda í samræmi við ákvæði OPS 1.595 eða OPS 1.600, eftir því sem við á, og flogið yfir hindranir á 9,3 km (5 sjómílna) breiðu belti á hvorn veg við áætlaðan feril með lóðréttu bili sem er minnst:

1) 1000 fet, þegar stighraðinn er núll eða meiri, eða

2) 2000 fet, þegar stighraðinn er neikvæður (þ.e. flugvélin heldur ekki hæð).

b) Flugslóðin verður að geta haft jákvæðan halla í 450 m (1500 feta) hæð yfir flugvellinum þar sem gert er ráð fyrir að lenda eftir að einn hreyfill bilar.

c) Að því er varðar þessa grein er gert ráð fyrir að tiltækur stighraði flugvélarinnar sé 150 fetum minni á mínútu en mesti stighraði sem er tilgreindur.

d) Flugrekandi verður að breikka beltið, sem um getur í a-lið hér að framan, í 18,5 km (10 sjómílur) þegar hann sýnir fram á að farið sé að ákvæðum þessarar greinar, ef nákvæmni í flugleiðsögu nær ekki 95% markinu.

e) Ef öruggt verklag er viðhaft er snögglosun eldsneytis leyfileg, svo framarlega sem komið er til flugvallar með tilskildar eldsneytisbirgðir.

OPS 1.585

Á flugleið — flugvélar með þrjá hreyfla eða fleiri, tveir hreyflar óstarfhæfir

a) Flugrekandi skal sjá til þess að á fyrirhuguðum flugferli sé flugvél með þrjá hreyfla eða fleiri aldrei fjær en svo frá flugvelli, sem stenst gildandi kröfur um afköst miðað við áætlaðan lendingarmassa, að ekki sé unnt að ná þangað á 90 mínútum í logni við staðalaðstæður, á öllum hreyflum á farflugshraða fyrir langdrægi, nema farið sé að b- til e-lið hér á eftir

b) Á flugslóð, sem gefin er upp fyrir flugvél með tvo hreyfla óstarfhæfa, verður að vera mögulegt að fljúga áfram við þau veðurskilyrði, sem búist var við, og fljúga yfir allar hindranir á 9,3 km (5 sjómílna) breiðu belti á hvorn veg við áætlaðan feril með a.m.k. 2000 feta lóðrétt hindranabil til flugvallar sem stenst gildandi kröfur um afköst miðað við áætlaðan lendingarmassa.

c) Gert er ráð fyrir að tveir hreyflar bili á versta stað á þeim hluta leiðarinnar þar sem flugvélin á lengra en 90 mínútna flug eftir á farflugshraða fyrir langdrægi á öllum hreyflum, við staðalhitastig í logni til flugvallar sem stenst gildandi kröfur um afköst miðað við áætlaðan lendingarmassa.

d) Áætlaður massi flugvélarinnar, á þeim stað þar sem gert er ráð fyrir að tveir hreyflar bili, má ekki vera minni en svo að nægilegt eldsneyti sé eftir til að halda áfram til flugvallar, þar sem gert er ráð fyrir að lenda, og skal flugvélin koma í a.m.k. 450 m (1500 fetum) beint yfir lendingarsvæðið og fljúga í þeirri hæð í 15 mínútur eftir það.

e) Að því er varðar þessa grein er gert ráð fyrir að mögulegur stighraði flugvélarinnar sé 150 fetum minni á mínútu en tilgreindur stighraði.

f) Flugrekandi verður að breikka beltið, sem um getur í a-lið hér að framan, í 18,5 km (10 sjómílur) þegar hann sýnir fram á að farið sé að ákvæðum þessarar greinar, ef nákvæmni í flugleiðsögu nær ekki 95% markinu.

g) Ef öruggt verklag er viðhaft er snögglosun eldsneytis leyfileg, svo framarlega sem komið er til flugvallar með tilskildar eldsneytisbirgðir.

OPS 1.590

Lending — ákvörðunarflugvellir og varaflugvellir

Flugrekandi skal sjá til þess að lendingarmassi flugvélarinnar, sem er ákvarðaður í samræmi við a-lið OPS 1.475, fari ekki yfir hámarkslendingarmassann sem tilgreindur er í flughandbók flugvélarinnar fyrir hæð og væntanlegan umhverfishita, ef hann er tiltekinn í flughandbók flugvélarinnar, á fyrirhuguðum lendingartíma á ákvörðunarflugvelli og varaflugvelli.

OPS 1.595

Lending — þurrar flugbrautir

a) Flugrekandi skal sjá til þess að lendingarmassi flugvélarinnar, sem er ákvarðaður í samræmi við a-lið OPS 1.475 miðað við áætlaðan lendingartíma, leyfi lendingu og algera stöðvun úr 50 fetum yfir þröskuldi á innan við 70% af tiltækri lendingarvegalengd á ákvörðunarflugvelli og varaflugvöllum.

b) Flugrekandi skal taka mið af eftirfarandi atriðum þegar hann sýnir fram á að hann uppfylli kröfur a-liðar hér að framan:

   1) hæð flugvallar,

   2) að ekki sé reiknað með meira en 50% af tilkynntum mótvindsstuðli eða ekki minna en 150% af tilkynntum meðvindsstuðli,

   3) gerð flugbrautaryfirborðs, og

   4) halla flugbrautar í lendingarátt.

c) Ef senda á flugvél í flug í samræmi við a-lið hér að framan þarf að gera ráð fyrir:

   1) að flugvélin lendi á hagstæðustu flugbrautinni, í logni, og

   2) að flugvélin lendi á þeirri flugbraut, sem líklegast er að henni verði ætluð, með tilliti til líklegs vindhraða og -áttar og stjórnunareiginleika flugvélarinnar á jörðu niðri og með hliðsjón af öðrum aðstæðum, s.s. lendingartækjum og landslagi.

d) Ef flugrekandi getur ekki fullnægt skilyrðum 2. liðar c-liðar hér að framan um ákvörðunarflugvöll má senda flugvélina af stað ef tilgreindur er varaflugvöllur sem uppfyllir að öllu leyti ákvæði a-, b- og c-liðar.

OPS 1.600

Lending — blautar og spilltar flugbrautir

a) Flugrekandi skal sjá til þess, ef viðeigandi veðurlýsingar eða veðurspár, eða sambland af þessu tvennu, gefa til kynna að flugbrautin kunni að vera blaut á áætluðum komutíma, að tiltæk lendingarvegalengd sé jafnlöng eða lengri en tilskilin lendingarvegalengd, ákvörðuð í samræmi við OPS 1.595, og margfölduð með stuðlinum 1,15.

b) Flugrekandi skal sjá til þess, ef veðurlýsingar eða veðurspár, eða sambland af þessu tvennu, gefa til kynna að flugbrautin kunni að vera spillt á áætluðum komutíma, að lendingarvegalengdin, sem er ákvörðuð út frá gögnum, sem flugmálayfirvöld geta fallist á, fyrir þær aðstæður, sé ekki lengri en tiltæk lendingarvegalengd.

J-KAFLI

MASSI OG JAFNVÆGI

OPS 1.605

Almenn ákvæði

(Sjá 1. viðbæti við OPS 1.605)

a) Flugrekandi skal sjá til þess að á öllum stigum starfrækslu sé hleðsla, massi og þyngdarmiðja flugvéla jafnan í samræmi við þær takmarkanir sem tilgreindar eru í samþykktri flughandbók flugvélarinnar eða flugrekstrarhandbók ef hún er meira takmarkandi.

b) Flugrekandi skal ákvarða massa og þyngdarmiðju hverrar flugvélar með því að vigta hana áður en hún er tekin fyrst í notkun og síðan á fjögurra ára fresti ef stuðst er við massa hverrar flugvélar en á níu ára fresti ef stuðst er við massa flugvélaflota. Gera skal grein fyrir samanlögðum áhrifum breytinga og viðgerða á massa og jafnvægi og skrásetja á tilskilinn hátt. Enn fremur skal endurvigta flugvélar ef ekki er vitað nákvæmlega um áhrif breytinganna á massa og jafnvægi.

c) Flugrekandi skal ákvarða massa allra hluta, sem notaðir eru við starfrækslu, svo og flugverja sem reiknað er með í þurrarekstrarmassa flugvélarinnar, með vigtun eða notkun staðalmassa. Ákvarða skal áhrif staðsetningar þeirra á þyngdarmiðju flugvélarinnar.

d) Flugrekandi skal ákvarða massa flutningshleðslu, að meðtalinni kjölfestu, með því að vigta hana eða ákvarða massa flutningshleðslunnar í samræmi við staðalmassa farþega og farangurs samkvæmt OPS 1.620.

e) Flugrekandi skal ákvarða massa eldsneytis á flugvél út frá raunverulegum eðlismassa eldsneytisins eða, ef eðlismassi eldsneytisins er ekki þekktur, með aðferð sem tilgreind er í flugrekstrarhandbókinni.

OPS 1.607

Orðaskýringar

a) Þurrarekstrarmassi: heildarmassi flugvélar sem er tilbúin til tiltekinnar tegundar starfrækslu, að frádreginni heildarþyngd nýtanlegs eldsneytis og flutningshleðslu. Í þessum massa eru eftirtaldir þættir:

   1) áhöfn og áhafnarfarangur,

   2) vistir og lausabúnaður fyrir þjónustu við farþega og

   3) drykkjarvatn og íðefni í salerni.

b) Hámarksþurramassi: mesti leyfilegi massi flugvélar án nýtanlegs eldsneytis. Massi eldsneytis í tilteknum geymum skal reiknaður með í þurramassanum ef það er tekið sérstaklega fram í ákvæðum um takmarkanir í flughandbók flugvélarinnar.

c) Hámarkslendingarmassi miðað við burðarþol: mesti leyfilegi heildarmassi flugvélar í lendingu við eðlilegar aðstæður.

d) Hámarksflugtaksmassi miðað við burðarþol: mesti leyfilegi heildarmassi flugvélar við upphaf flugtaksbruns.

e) Flokkun farþega:

   1) fullorðnir, konur og karlar, eru skilgreindir sem einstaklingar tólf ára og eldri,

   2) börn eru skilgreind sem einstaklingar tveggja ára og eldri en undir tólf ára aldri,

   3) ungbörn eru skilgreind sem einstaklingar undir tveggja ára aldri.

f) Flutningshleðsla: heildarmassi farþega, farangurs og farms, að meðtalinni óarðbærri hleðslu.

OPS 1.610

Hleðsla, massi og jafnvægi

Í flugrekstrarhandbók skal flugrekandi tilgreina þær meginreglur og aðferðir viðvíkjandi hleðslu og massa- og jafnvægiskerfinu er uppfylla kröfur OPS 1.605. Það kerfi skal ná til allrar fyrirhugaðrar starfrækslu.

OPS 1.615

Massagildi fyrir áhöfn

a) Flugrekandi skal nota eftirfarandi massagildi til að ákvarða þurrarekstrarmassa:

1) raunmassa, þ.m.t. allan áhafnarfarangur eða

2) staðalmassa, sem er 85 kg fyrir flugliða og 75 kg fyrir öryggis- og þjónustuliða, þ.m.t. handfarangur eða

3) aðra staðalmassa sem flugmálayfirvöld geta fallist á.

b) Flugrekandi skal leiðrétta þ urrarekstrarmassann, með hliðsjón af viðbótarfarangri ef einhver er. Taka skal tillit til staðsetningar þessa viðbótarfarangurs þegar þyngdarmiðja flugvélar er ákvörðuð.

OPS 1.620

Massagildi fyrir farþega og farangur

a) Flugrekandi skal reikna út massa farþega og skráðs farangurs, annaðhvort með þ ví að nota raunverulega þyngd hvers einstaklings samkvæmt vigt og raunverulega þyngd farangurs samkvæmt vigt eða staðalmassagildi, sem tilgreind eru í töflu 1 til 3 hér á eftir, nema farþegasæti séu færri en tíu. Þá er heimilt að ákvarða massa farþega með því að láta hvern farþega, eða einhvern fyrir hans hönd, gefa upp þyngd sína munnlega með því að áætla hana og bæta við hann fyrir fram reiknuðum stuðli fyrir handfarangur og fatnað. Í flugrekstrarhandbókinni skulu vera reglur um hvenær skuli nota raunmassa, hvenær staðalmassa og hvaða verklag skal viðhaft þegar þyngd er gefin upp munnlega.

b) Ef raunmassi er ákvarðaður með vigtun skal flugrekandi sjá til þess að persónulegir munir og handfarangur sé reiknaður með. Skal þá vigtun fara fram rétt áður en farið er um borð og sem næst þeim stað.

c) Ef massi farþega er ákvarðaður með staðalmassagildum skal nota staðalmassagildin í töflu 1 til 2 hér á eftir. Í staðalmassa er innifalinn handfarangur og massi allra ungbarna undir tveggja ára aldri sem fullorðinn farþegi situr með í einu farþegasæti. Ungbörn sem sitja ein í farþegasæti teljast börn, að því er þennan lið varðar.

d) Massagildi fyrir farþega — 20 sæti eða fleiri

1) Ef farþegasæti í flugvél eru samtals 20 eða fleiri skal nota staðalmassagildin fyrir karla og konur í töflu 1. Ef heildarfjöldi farþegasæta er 30 eða fleiri er annar kostur að nota massagildin fyrir „alla fullorðna“ í töflu 1.

2) Í töflu 1 merkir orlofsleiguflug leiguflug sem er einungis ætlað sem hluti af orlofsferðatilboði. Massagildi orlofsleiguflugs gilda að þ ví tilskildu að ekki séu notuð meira en 5% farþegasætanna, sem hafa verið sett í flugvélina, til óaðbærs flutnings sérstakra flokka farþega.

Tafla 1

Farþegasæti	20 eða fleiri		30 eða fleiri
	Karl	Kona	Allir fullorðnir
Öll flug nema orlofsleiguflug	88 kg	70 kg	84 kg
Orlofsleiguflug	83 kg	69 kg	76 kg
Börn	35 kg	35 kg	35 kg

e) Massagildi fyrir farþega — 19 sæti eða færri.

1) Ef farþegasæti í flugvél eru samtals 19 eða færri skal nota staðalmassagildin í töflu 2.

2) Ef enginn handfarangur er í farþegaklefa í flugi eða ef handfarangur er reiknaður sér er heimilt að draga 6 kg frá massagildum fyrir karla og konur hér að framan. Hlutir eins og yfirhafnir, regnhlífar, litlar handtöskur eða veski, lesefni eða litlar myndavélar teljast ekki handfarangur að því er þennan lið varðar.

Tafla 2

Farþegasæti	1-5	6-9	10-19
Karl	104 kg	96 kg	92 kg
Kona	86 kg	78 kg	74 kg
Börn	35 kg	35 kg	35 kg

f) Massagildi fyrir farangur

1) Ef farþegasæti í flugvél eru samtals 20 eða fleiri skal nota staðalmassagildin í töflu 3 fyrir hvern hlut í skráðum farangri. Ef farþegasæti í flugvél eru samtals 19 eða færri skal nota raunmassa skráðs farangurs samkvæmt vigt.

2) Að því er töflu 3 varðar:

i. innanlandsflug er flug sem hefst og lýkur innan landamæra eins og sama ríkis,

ii. flug á evrópska svæðinu er flug, annað en innanlandsflug, sem hefst og lýkur á svæði sem tilgreint er í 1. viðbæti við f-lið OPS 1.620 og

iii. alþjóðaflug er flug, annað en flug á evrópska svæðinu, sem hefst á brottfararstað og lýkur á ákvörðunarstað sem eru í mismunandi heimsálfum.

Tafla 3

20 sæti eða fleiri

Tegund flugs	Staðalmassi farangurs
Innanlandsflug	11 kg
Á evrópska svæðinu	13 kg
Alþjóðaflug	15 kg
Öll önnur flug	13 kg

g) Óski flugrekandi eftir að nota önnur staðalmassagildi en gefin eru upp í töflu 1 til 3 hér að framan skal hann greina flugmálayfirvöldum frá ástæðunum og fá samþykki þeirra fyrir fram. Hann skal einnig leggja fram ítarlega vigtunaráætlun til samþykkis og beita þeirri aðferð við tölfræðilega greiningu sem gefin er upp í 1. viðbæti við g-lið OPS 1.620. Þegar flugmálayfirvöld hafa sannprófað og samþykkt niðurstöður vigtananna gilda endurskoðuðu staðalmassagildin aðeins fyrir þann flugrekanda. Ekki er unnt að nota endurskoðuðu staðalmassagildin nema við sams konar aðstæður og vigtað var við. Í þeim tilvikum sem endurskoðuðu staðalmassagildin eru hærri en gildin í töflu 1 til 3 skal nota hærri gildin.

h) Í öllu flugi, þar sem ljóst er að reikna verður með því að verulegur fjöldi farþega ásamt handfarangri sé þyngri en staðalmassi farþega, skal flugrekandi ákvarða raunmassa farþeganna með því að vigta þá eða auka massagildin nægilega.

i) Ef notuð eru staðalmassagildi fyrir skráðan farangur og verulegur fjöldi farþega lætur skrá farangur, sem gert er ráð fyrir að fari yfir staðalmassa farangurs, skal flugrekandi ákvarða raunmassa þessa farangurs með því að vigta hann eða auka massagildin nægilega.

j) Flugrekandi skal sjá til þess að flugstjóri sé látinn vita ef notuð hefur verið óstöðluð aðferð til að ákvarða massa hleðslunnar og að sú aðferð sé tilgreind í massa- og jafnvægisskrá.

OPS 1.625

Massa- og jafnvægisskrár

(Sjá 1. viðbæti við OPS 1.625)

a) Fyrir hvert flug skal flugrekandi gera massa- og jafnvægisskrá þar sem hleðsla og dreifing hennar er tilgreind. Massa- og jafnvægisskrá skal gera flugstjóra kleift að ákvarða að hleðslu og dreifingu sé þannig háttað að ekki sé farið yfir massa- og jafnvægismörk fyrir flugvélina. Nafn þess sem fyllir út massa- og jafnvægisskrána skal koma fram í skránni. Sá sem hefur yfirumsjón með hleðslu flugvélarinnar skal staðfesta, með undirskrift sinni, að hleðsla og dreifing hennar séu í samræmi við massa- og jafnvægisskrána. Flugstjórinn verður að geta fallist á það skjal og skal hann samþykkja það með áritun eða á annan sambærilegan hátt. (Sjá einnig 12. lið. a-liðar OPS 1.1055.)

b) Flugrekandi skal setja verklagsreglur um breytingar á hleðslu á síðustu stundu.

c) Með fyrirvara um samþykki flugmálayfirvalda er flugrekanda heimilt að nota aðrar aðferðir en kveðið er á um í a- og b-lið hér að framan.

1. viðbætir við OPS 1.605

Massi og jafnvægi — Almenn ákvæði

(Sjá OPS 1.605)

a) Ákvörðun þurrarekstrarmassa flugvélar

1) Vigtun flugvélar

i. Nýjar flugvélar eru venjulega vigtaðar í verksmiðjunni og því tilbúnar til starfrækslu án endurvigtunar ef massa- og jafnvægisskrár hafa verið leiðréttar með tilliti til breytinga eða lagfæringa á flugvélinni. Ekki þarf að vigta flugvél, sem einn flugrekandi með samþykkta áætlun um massaeftirlit afhendir öðrum flugrekanda með samþykkta áætlun um massaeftirlit, áður en flugrekandinn, sem tekur við henni, tekur hana í notkun nema fjögur ár séu liðin frá því að hún var vigtuð síðast.

ii. Massa og staðsetningu þyngdarmiðju skal endurákvarða reglubundið fyrir hverja flugvél. Flugrekandi ákveður hámarkstímann sem líða má milli tveggja vigtana og skal hann vera í samræmi við ákvæði b-liðar OPS 1.605. Auk þess skal endurákvarða massa og þyngdarmiðju hverrar flugvélar, annaðhvort með:

A) vigtun eða

B) útreikningi, ef flugrekandi getur lagt fram nægileg rök fyrir gildi þeirrar reikningsaðferðar sem notuð er, ef breytingar á þurrarekstrarmassa eru samtals meiri en 0,5% af hámarkslendingarmassa eða ef breytingar á staðsetningu þyngdarmiðju eru samtals meiri en 0,5% af meðalvænglínu.

2) Massi og staðsetning þyngdarmiðju fyrir flugvélaflota

i. Þegar um er að ræða flota eða hóp flugvéla af sömu tegund í sömu útfærslu er heimilt að nota meðalgildi þurrarekstrarmassa og meðalstaðsetningu þyngdarmiðju sem massagildi og staðsetningu þyngdarmiðju fyrir flugvélaflotann, að því tilskildu að þurrarekstrarmassi og staðsetning þyngdarmiðju í hverri flugvél uppfylli ákvæðin um leyfileg frávik í ii. lið hér á eftir. Enn fremur gilda viðmið sem kveðið er á um í iii. og iv. lið og í 3. lið a-liðar hér á eftir.

ii. Leyfileg frávik

A) Ef þurrarekstrarmassi flugvélar, sem hefur verið vigtuð, eða útreiknaður þurrarekstrarmassi flugvélar í flugvélaflota víkur meira en 0,5% frá hámarkslendingarmassa miðað við burðarþol frá ákvörðuðum þurrarekstrarmassa flugvélaflotans eða staðsetning þyngdarmiðju víkur meira en 0,5% af meðalvænglínu frá þyngdarmiðju flugvélaflotans skal ekki telja flugvélina með í flugvélaflotanum. Heimilt er að ákvarða aðra flugvélaflota sem hver um sig er með mismunandi meðalmassa flugvélaflota.

B) Þegar massi flugvélar er innan marka þurrarekstrarmassa flugvélaflota en staðsetning þyngdarmiðju flugvélarinnar er utan leyfilegra marka fyrir flotann er þó heimilt að starfrækja flugvélina samkvæmt gildandi þurrarekstrarmassa flugvélaflotans með staðsetningu þyngdarmiðju fyrir þá flugvél.

C) Sé unnt að benda á verulegan útlitsmun á tiltekinni flugvél og öðrum flugvélum í flotanum, sem gera má nákvæma grein fyrir (t.d. eldhús- eða sætafyrirkomulag), og það veldur því að hún fer yfir mörk flugvélaflotans er heimilt að hafa flugvélina áfram í flotanum, að því tilskildu að leiðrétt sé á viðeigandi hátt fyrir massa og/eða staðsetningu þyngdarmiðju fyrir þá flugvél.

D) Hafi meðalvænglína flugvéla ekki verið gefin upp skal starfrækja flugvélarnar, samkvæmt gildum fyrir massa og þyngdarmiðju hverrar flugvélar, eða láta athuga þær og samþykkja sérstaklega.

iii. Gildi flotans notuð

A) Þegar flugvél hefur verið vigtuð, eða hafi breytingar orðið á búnaði flugvélarinnar eða útfærslu, skal flugrekandi ganga úr skugga um að flugvélin sé innan fráviksmarkanna sem kveðið er á um í ii. lið 2. lið hér að framan.

B) Flugvélar, sem hafa ekki verið vigtaðar frá síðustu úttekt á flotamassa, má hafa áfram í flota, sem starfræktur er með flotagildum, að því tilskildu að gildi fyrir hverja flugvél séu endurmetin með útreikningi og haldist innan fráviksmarkanna sem skilgreind eru í ii. lið 2. liðar hér að framan. Ef gildi einstakra flugvéla eru ekki lengur innan leyfilegra fráviksmarka skal flugrekandi annaðhvort ákvarða ný flotagildi, sem uppfylla skilyrði samkvæmt i. og ii. 2. liðar hér að framan eða starfrækja flugvélar sem eru ekki innan markanna samkvæmt þeirra eigin gildum.

C) Til að bæta flugvél í flota, sem starfræktur er samkvæmt flotagildum, skal flugrekandi sannprófa, með vigtun eða útreikningum, að raunveruleg gildi séu innan fráviksmarkanna sem kveðið er á um í ii. lið 2. liðar hér að framan.

iv. Til að uppfylla ákvæði i. liðar 2. liðar hér að framan skal uppfæra flotagildin eigi sjaldnar en í lok hverrar úttektar á flotamassa.

3) Fjöldi flugvéla sem þarf að vigta til að finna flotagildi

i. Ef „n“ er fjöldi flugvéla í flota, þar sem flotagildi eru notuð, skal flugrekandi, á tímabilinu milli tveggja úttekta á flotamassa, vigta a.m.k. ákveðinn fjölda flugvéla eins og tilgreint er í töflunni hér á eftir.

Fjöldi flugvéla í flotanum	Lágmarksfjöldi vigtana
2 eða 3	N
4 til 9	(n + 3)/2
10 eða fleiri	(n + 51)/10

ii. Þegar flugvélar eru valdar til vigtunar ber að velja þær flugvélar úr flotanum sem lengst er síðan að voru vigtaðar,

iii. Ekki mega líða meira en 48 mánuðir milli tveggja úttekta á flotamassa.

4) Vigtunaraðferð

i. Framleiðandi eða samþykkt viðhaldsstöð skal annast vigtun.

ii. Gera skal eðlilegar varúðarráðstafanir í samræmi við reglur um góðar starfsvenjur, s.s.:

a) kanna hvort flugvél og búnaður er fullfrágenginn,

b) ganga úr skugga um að tekið hafi verið tillit til allra vökva,

c) sjá til þess að flugvélin sé hrein og

d) sjá til þess að vigtun fari fram í lokaðri byggingu.

iii. Búnaður, sem notaður er til vigtunar, skal kvarðaður og núllstilltur á réttan hátt og notaður í samræmi við fyrirmæli framleiðanda. Framleiðandi, mælifræðistofnun eða önnur löggilt stofnun skal annast kvörðun allra voga innan tveggja ára eða innan tímamarka sem framleiðandi vigtunarbúnaðarins tiltekur, hvort heldur skemmra er. Búnaðurinn verður að gera kleift að finna nákvæmlega massa flugvélarinnar.

b) Sérstök staðalmassagildi fyrir flutningshleðslu. Til viðbótar við staðalmassa fyrir farþega og skráðan farangur getur flugrekandi farið fram á samþykki flugmálayfirvalda fyrir staðalmössum annarrar hleðslu.

c) Hleðsla flugvéla

1) Flugrekandi skal sjá til þess að flugvélar hans séu hlaðnar undir umsjón hæfs starfsfólks.

2) Flugrekandi skal sjá til þess að hleðsla á fragt sé í samræmi við gögn sem notuð eru við útreikning á massa og jafnvægi flugvélarinnar.

3) Flugrekandi skal virða viðbótartakmarkanir vegna burðarþols, s.s. burðartakmarkanir gólfs, hámarkshleðslu á lengdarmetra, hámarksmassa í vörurými og/eða hámarkshleðslumörk vegna sæta.

d) Þyngdarmiðjumörk

1) Þyngdarmiðjusvið í rekstri Ef ekki er raðað í sæti og tekið nákvæmlega tillit til fjölda farþega í hverri sætaröð, farms í hverju vörurými og eldsneytis í hverjum geymi við útreikning á jafnvægi verður að þrengja samþykkt þyngdarmiðjusvið með rekstrartakmörkunum. Þegar mörk þ yngdarmiðjusviðs eru ákvörðuð skal hafa í huga hugsanleg frávik frá áætlaðri dreifingu hleðslunnar. Sé sætaval frjálst skal flugrekandi setja verklagsreglur til að tryggja að velji farþegar sér of einhliða sæti eftir flugvélinni endilangri þá bregðist flugliðar eða öryggis- og þjónustuliðar við og leiðrétti það. Flugmálayfirvöld verða að geta fallist á þ rengingu þ yngdarmiðjusviðsins og verklagsreglur þar að lútandi, þ.m.t. áætluð skipan farþega í sæti.

2) Þyngdarmiðja á flugi. Auk 1. liðar d-liðar hér að framan skal flugrekandi sýna fram á að í reglunum sé tekið fullt tillit til mestu frávika í færslu þyngdarmiðju sem orðið geta á flugi og stafa af því að áhöfn/farþegar eru á ferli svo og eyðslu og tilfærslu eldsneytis.

1. viðbætir við f-lið OPS 1.620

Skilgreining á flugi á evrópska svæðinu

Að því er varðar f-lið OPS 1.620 merkir flug á evrópska svæðinu, að innanlandsflugi undanskildu, flug á svæði sem markað er með kompáslínu milli eftirfarandi punkta:

— N7200 E04500

— N4000 E04500

— N3500 E03700

— N3000 E03700

— N3000 W00600

— N2700 W00900

— N2700 W03000

— N6700 W03000


— N7200 W01000

— N7200 E04500

eins og sýnt er á mynd 1 hér fyrir neðan:

Mynd 1

Evrópska svæðið



1. viðbætir við g-lið OPS 1.620

Útreikningur endurskoðaðra staðalmassagilda fyrir farþega og skráðan farangur

a) Farþegar

1) Úrtaksaðferð við vigtun. Ákvarða skal meðalmassa farþega og handfarangurs þeirra með vigtun þar sem notuð eru slembiúrtök. Tilhögun og umfang slembiúrtöku skal vera dæmigert fyrir fjölda farþega með hliðsjón af tegund starfrækslu og tíðni á mismunandi leiðum, innleið/útleið, árstíð og sætaframboði í flugvélinni.

2) Fjöldi í úrtaki. Vigtunaráætlunin skal a.m.k. taka til þess fjölda sem mestur er:

i. fjöldi farþega sem reiknaður er út frá tilraunaúrtaki með venjulegum tölfræðilegum aðferðum og byggist á hlutfallslegum vikmörkum (nákvæmni) sem eru 1% fyrir alla fullorðna og 2% fyrir meðalmassa fyrir karla annars vegar og konur hins vegar og

ii. fyrir flugvélar:

A) þar sem framboð farþegasæta er 40 eða meira, alls 2000 farþega, eða

B) þar sem framboð farþegasæta er minna en 40, alls 50 × sætaframboðið.

3) Farþegamassi. Farþegamassi verður að innihalda massa þess farangurs sem farþegi hefur með sér þegar hann gengur um borð í flugvélina. Þegar tekin eru slembiúrtök af farþegamassa skal vigta ungbörn með þeim fullorðna sem er með þau (sjá einnig c-, d-, og e-lið OPS 1.620).

4) Vigtunarstaður. Vigtun skal fara fram eins nálægt flugvélinni og unnt er, á stað þar sem ólíklegt er að breyting verði á farþegamassa með því að farþegar losi sig við eða bæti á sig persónulegum munum áður en þeir fara um borð í flugvélina.

5) Vog. Vogin, sem notuð er til að vigta farþegana, skal geta vigtað a.m.k. 150 kg. Minnsta kvarðaskipting má ekki vera stærri en 500 g. Nákvæmni vogarinnar skal vera innan 0,5% eða 200 g skekkjumarka, eftir því hvort er meira.

6) Skráning massagilda. Í hverju flugi skal skrá massa farþeganna, í hvaða farþegaflokki þeir eru (þ.e. karl/kona/barn) og flugnúmer.

b) Skráður farangur. Tölfræðiaðferðin til að ákvarða endurskoðuð staðalmassagildi fyrir farangur, sem byggjast á meðalmassa farangurs í tilskildum lágmarksfjölda úrtaka, er í grundvallaratriðum sú sama og fyrir farþega og eins og greint er frá í 1. lið a-liðar. Hlutfallsleg vikmörk (nákvæmni) fyrir farangur eru 1%. Vigta skal minnst 2000 stykki af skráðum farangri.

c) Útreikningur endurskoðaðra staðalmassagilda fyrir farþega og skráðan farangur.

1) Framkvæma skal tölfræðilega greiningu til að tryggja að það hafi ekki óhagstæð áhrif á öryggi í starfrækslu að nota endurskoðuð staðalmassagildi fyrir farþega og skráðan farangur fremur en raunveruleg massagildi sem ákvörðuð eru með vigtun. Úr slíkri greiningu fást meðalmassagildi fyrir farþega og farangur og sömuleiðis önnur gögn.

2) Í flugvélum með 20 farþegasætum eða fleiri gilda þessar meðaltalstölur sem endurskoðuð staðalmassagildi fyrir karla og fyrir konur.

3) Í minni flugvélum skal bæta við eftirfarandi gildisaukum fyrir meðalfarþegamassa til að fá fram endurskoðuð staðalmassagildi:

Fjöldi farþegasæta	Aukning á massagildi sem krafist er
1-5 þ.m.t.	16 kg
6-9 þ.m.t.	8 kg
10-19 þ.m.t.	4 kg

Annar möguleiki er að nota endurskoðuðu (meðal) staðalmassagildin fyrir alla fullorðna í flugvélum með 30 eða fleiri farþegasæti. Endurskoðuð (meðal) staðalmassagildi fyrir skráðan farangur gilda í flugvélum með 20 farþegasæti eða fleiri.

4) Flugrekendur eiga þess kost að leggja ítarlega vigtunaráætlun fyrir flugmálayfirvöld til samþykkis til að fá síðan að víkja frá endurskoðuðu staðalmassagildi, að því tilskildu að fráviksgildið sé ákvarðað með aðferðinni sem gerð er grein fyrir í þessum viðbæti. Slík frávik skal endurskoða með minnst 5 ára millibili.

5) Endurskoðuð staðalmassagildi fyrir alla fullorðna skulu byggjast á hlutfalli karla/kvenna sem er 80/20 í öllu flugi nema orlofsleiguflugi þar sem hlutfallið er 50/50. Óski flugrekandi eftir samþykki fyrir öðru hlutfalli á tilteknum leiðum eða í tilteknu flugi skal hann afhenda flugmálayfirvöldum gögn sem sýna að hið nýja hlutfall karla/kvenna er varlega áætlað og að það tekur til a.m.k. 84% af mældu hlutfalli karla/kvenna í úrtaki úr a.m.k. 100 dæmigerðum flugferðum.

6) Meðalmassagildin sem fást skulu hækkuð eða lækkuð í næstu heilu kílóatölu. Massagildi skráðs farangurs skulu hækkuð eða lækkuð í næstu 0,5 kg tölu, eftir því sem við á.

1. viðbætir við OPS 1.625

Massa- og jafnvægisskrár

a) Massa- og jafnvægisskrár

1) Inntak

i. Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram í massa- og jafnvægisskrám:

A) skrásetning og tegund flugvélar,

B) flugnúmer og dagsetning flugs,

C) nafn flugstjórans,

D) nafn þess sem fyllti út skrána,

E) þurrarekstrarmassi og samsvarandi þyngdarmiðja flugvélarinnar,

F) massi eldsneytis við flugtak og massi eldsneytiseyðslu í fluginu,

G) massi annarrar eyðslu en eldsneytis í fluginu,

H) hleðslueiningar, að meðtöldum farþegum, farangri, fragt og kjölfestu,

I) flugtaksmassi, lendingarmassi og þurramassi,

J) dreifing hleðslu,

K) viðeigandi staðsetning þyngdarmiðju flugvélarinnar og

L) takmarkandi massa- og þyngdarmiðjugildi.

ii. Með fyrirvara um samþykki flugmálayfirvalda er flugrekanda heimilt að sleppa sumum þessara upplýsinga úr massa- og jafnvægisskrám.

2) Breytingar á síðustu stundu. Verði breytingar á síðustu stundu eftir að gengið hefur verið frá massa- og jafnvægisskrá skal athygli flugstjórans vakin á því og verður að færa þær breytingar inn í massa- og jafnvægisskrána. Í flugrekstrarhandbókinni skal tilgreina mestu leyfilega breytingu á fjölda farþega eða á farmi í lest sem unnt er að fallast á sem breytingu á síðustu stundu. Ef farið er yfir þá tölu skal gera nýja massa- og jafnvægisskrá.

b) Tölvuvædd kerfi. Ef massa- og jafnvægisskrárnar eru unnar í tölvuvæddu massa- og jafnvægiskerfi skal flugrekandi ganga úr skugga um áreiðanleika frálagsgagna. Hann skal koma á kerfi til að hafa eftirlit með því að breytingar á ílagsgögnum hans séu teknar á réttan hátt inn í kerfið ásamt því að kerfið starfi rétt og óslitið og hann gerir þetta með því að sannprófa frálagsgögnin með í mesta lagi sex mánaða millibili.

c) Massa- og jafnvægiskerfi í flugvélinni. Óski flugrekandi eftir því að fá að nota massa- og jafnvægistölvukerfi í flugvél sem aðalgagnagrunn fyrir flugið þarf hann að fá samþykki flugmálayfirvalda fyrir því.

d) Gagnatenging. Ef massa- og jafnvægisskrá er send flugvélum um gagnatengingu skal afrit af endanlegu massa- og jafnvægisskránni, sem flugstjórinn hefur samþykkt, vera tiltækt á jörðu niðri.

K-KAFLI

MÆLITÆKI OG BÚNAÐUR

OPS 1.630

Almennur inngangur

a) Flugrekandi skal sjá til þess að flug sé ekki hafið nema mælitæki og búnaður sem krafist er samkvæmt þessum kafla:

1) hafi verið samþykktur, nema sá sem tilgreindur er í c-lið, og settur upp í samræmi við kröfur, sem um hann gilda, þ.m.t. staðlar um lágmarksafkastagetu og kröfur er lúta að starfrækslu og lofthæfi og

2) séu í starfhæfu ástandi fyrir þá tegund flugs sem fram á að fara, að undanskildu því sem kveðið er á um í lista yfir lágmarksbúnað (sbr. OPS 1.030).

b) Staðlar um lágmarksafköst mælitækja og búnaðar eru hinir sömu og í gildandi evrópskum tækniforskriftum (ETSO) eins og þeir eru skráðir í viðeigandi forskriftum um evrópskar tækniforskriftir (CS-TSO) nema mælt sé fyrir um aðra staðla um afkastagetu í starfrækslu- eða lofthæfireglum. Þegar OPS-reglurnar koma til framkvæmda má halda áfram að nota eða setja upp mælitæki og búnað, sem samrýmist öðrum forskriftum en evrópskum tækniforskriftum fyrir hönnun og afkastagetu, nema gerðar séu viðbótarkröfur í þessum kafla. Mælitæki og búnaður, sem hefur þegar hlotið samþykki, þarf ekki að samrýmast endurskoðuðum evrópskum tækniforskriftum eða öðrum endurskoðuðum forskriftum, nema gerðar séu kröfur um afturvirkni þar að lútandi.

c) Ekki þarf sérstakt samþykki fyrir eftirfarandi búnaði:

1) bræðivörum sem um getur í OPS 1.635,

2) vasaljósum sem um getur í 4. lið a-liðar OPS 1.640,

3) nákvæmri klukku sem um getur í b-liðum OPS 1.650 og 1.652,

4) kortahaldara sem um getur í n-lið OPS 1.652,

5) sjúkrakössum sem um getur í OPS 1.745,

6) læknatösku sem um getur í OPS 1.755,

7) gjallarhornum sem um getur í OPS 1.810,

8) búnaði til að lifa af og neyðarblysum sem um getur í a- og c-lið OPS 1.835,

9) rekakkerum og búnaði til að liggja við legufæri, akkeri eða stýra lagarflugvélum og láðs- og lagarflugvélum á vatni eins og um getur í OPS 1.840,

10) festibúnaði fyrir börn sem um getur í 3. lið a-liðar OPS 1.730.

d) Ef flugliði þarf að nota búnað í vinnureit sínum á flugi er nauðsynlegt að hann eigi auðvelt með að nota búnaðinn frá vinnureitnum. Ef tveir eða fleiri flugliðar þurfa að nota einn og sama búnað skal honum komið þannig fyrir að auðvelt sé að starfrækja hann frá öllum vinnureitum þar sem á að nota hann.

e) Mælitækjum, sem einn flugliði þarf að nota, skal komið þannig fyrir að hann geti hæglega lesið af þeim úr sæti sínu með því að víkja sem minnst frá þeirri stöðu og sjónlínu sem hann venjulega hefur þegar hann horfir fram flugslóðina. Þegar krafist er einungis eins mælitækis um borð í flugvél, sem tveir eða fleiri flugliðar nota, skal koma því þannig fyrir að mælitækið sjáist frá öllum vinnureitum flugliða sem þetta gildir um.

OPS 1.635

Öryggi rafrása

Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél þar sem bræðivör eru notuð nema tiltæk séu til vara í hverju flugi a.m.k. 10% af þeim fjölda bræðivara sem þarf af hverjum styrkleika, eða þrjú af hverjum styrkleika, og gildir sú tala sem hærri er.

OPS 1.640

Ljós á flugvélum

Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél nema hún hafi eftirfarandi búnað:

a) Til flugs að degi til:

1) blikljósakerfi,

2) ljós sem fá rafmagn frá rafkerfi flugvélarinnar og gefa næga lýsingu fyrir öll mælitæki og búnað sem nauðsynlegt er fyrir örugga starfrækslu flugvélarinnar,

3) ljós sem fá rafmagn frá rafkerfi flugvélarinnar og lýsa upp alla farþegaklefa, og

4) vasaljós handa hverjum flugverja sem skylt er að hafa um borð og skulu flugverjar eiga hægt með að grípa til þeirra úr sæti sínu í vinnureit.

b) Til flugs að nóttu til, auk búnaðarins sem tilgreindur er í a-lið hér að framan:

1) siglingaljós og

2) tvö lendingarljós eða eitt ljós með tveimur glóðarþráðum sem fá orku hvor frá sínum aflgjafa og

3) ljós samkvæmt alþjóðareglum til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, ef um er að ræða lagarflugvél eða láðs- og lagarflugvél.

OPS 1.645

Rúðuþurrkur

Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél með yfir 5700 kg samþykktan hámarksflugtaksmassa nema rúðuþurrka sé í vinnureit hvers flugmanns eða sambærilegur búnaður til að halda hluta rúðunnar auðum í úrkomu.

OPS 1.650

Sjónflug að degi til — flugmælar, flugleiðsögutæki og fylgibúnaður

Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél að degi til í samræmi við reglur um sjónflug nema í henni séu eftirfarandi flugmælar, flugleiðsögutæki og fylgibúnaður sem uppfylla, þar sem það á við, kröfur í eftirfarandi liðum:

a) um seguláttavita,

b) um nákvæma klukku sem sýnir klukkustundir, mínútur og sekúndur,

c) um næman þ rýstingshæðarmæli sem er kvarðaður í fetum með undirkvarða sem er kvarðaður í hektópaskölum/millíbörum og hægt er að stilla á allan loftþrýsting sem líklegt er að stilla þurfi á í flugi,

d) um hraðamæli sem er kvarðaður í hnútum,

e) um stig- og fallmæli,

f) um beygju- og skriðmæli eða beygju- og hallastilli (turn coordinator) með innbyggðum skriðmæli,

g) um sjónbaug,

h) um nefstefnuvísi með stefnustöðugleika og

i) um mæli inni í stjórnklefa sem sýnir hitastig utan flugvélarinnar og er kvarðaður í Celsíus-gráðum,

j) um að í flugi sem tekur skemmri tíma en 60 mínútur, þar sem lagt er í flug og lent á einum og sama flugvellinum og flogið í innan við 50 sjómílna fjarlægð frá flugvellinum, sé heimilt að nota annaðhvort beygju- og skriðmæli eða beygju- og hallastilli með innbyggðum skriðmæli, eða bæði sjónbaug og skriðmæli í stað mælitækjanna sem mælt er fyrir um í f-, g- og h-lið hér að framan og 4., 5. og 6. lið k-liðar hér á eftir,

k) um að ef krafist er tveggja flugmanna skuli eftirfarandi tæki einnig vera í vinnureit aðstoðarflugmanns:

   1) næmur þrýstingshæðarmælir, kvarðaður í fetum, með undirkvarða sem er kvarðaður í hektópaskölum/millíbörum og hægt er að stilla á allan loftþrýsting sem líklegt er að stilla þurfi á í flugi,

   2) hraðamælir sem er kvarðaður í hnútum,

   3) stig- og fallmælir,

   4) beygju- og skriðmælir eða beygju- og hallastillir með innbyggðum skriðmæli,

   5) sjónbaugur og

   6) nefstefnuvísir með stefnustöðugleika.

l) um að öll hraðamælakerfi skuli vera búin hituðum stemmurörum eða sambærilegum búnaði til að koma í veg fyrir truflanir vegna vatnsþéttingar eða ísmyndunar:

   1) í flugvélum með skráðan hámarksflugtaksmassa yfir 5700 kg eða hámarksfjölda farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi fyrir fleiri en 9,

   2) flugvélar með lofthæfivottorð sem gefið var út í fyrsta sinn 1. apríl 1999 eða síðar.

m) um að þegar krafist er tveggja samstæðra mælitækja felist í þeirri kröfu að báðir flugmennirnir skuli hafa sérskjá og sérveljara eða annan fylgibúnað, eftir því sem við á,

n) um að í öllum flugvélum skuli vera búnaður sem gefur það til kynna þegar ekki er nægileg orka á tilskildum flugmælum og

o) um að allar flugvélar með þéttnitakmarkanir, sem ekki eru á annan hátt sýndar á tilskildum flughraðamælum, skuli hafa Mach-töluvísi í vinnureit beggja flugmannanna,

p) um að flugrekandi skuli ekki starfrækja flugvél í sjónflugi að degi til nema hún sé búin heyrnartólum með hljóðnema eða jafngildum búnaði fyrir hvern flugliða sem er á flugvakt í stjórnklefa.

OPS 1.652

Blindflug eða flug að nóttu til — flugmælar, flugleiðsögutæki og fylgibúnaður

Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél samkvæmt blindflugsreglum eða að nóttu til í samræmi við sjónflugsreglur nema í henni séu flugmælar, flugleiðsögutæki og fylgibúnaður sem uppfylla, þar sem það á við, kröfur í eftirfarandi liðum:

a) um seguláttavita,

b) um nákvæma klukku sem sýnir klukkustundir, mínútur og sekúndur,

c) um tvo næma þ rýstingshæðarmæla sem eru kvarðaðir í fetum með undirkvarða sem er kvarðaður í hektópaskölum/millíbörum og hægt er að stilla á allan loftþrýsting sem líklegt er að stilla þ urfi á í flugi; þessir hæðarmælar skulu hafa tromluteljara og vísi eða sambærilegan búnað,

d) um hraðamælakerfi með hituðu stemmuröri eða sambærilegum búnaði til að koma í veg fyrir truflun vegna vatnsþéttingar eða ísmyndunar, þ .m.t. búnaður sem gefur viðvörun þ egar stemmurörshitari bilar; krafa um viðvörunarbúnað vegna bilunar í stemmurörshitara gildir ekki um flugvélar með hámarksfjölda farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi fyrir níu eða færri eða skráðan hámarksflugtaksmassa sem er 5700 kg eða minni og með lofthæfivottorð sem gefið var út fyrir 1. apríl 1998,

e) um stig- og fallmæli,

f) um beygju- og skriðmæli,

g) um sjónbaug,

h) um nefstefnuvísi með stefnustöðugleika,

i) um mæli inni í stjórnklefa sem sýnir hitastig utan flugvélarinnar og er kvarðaður í Celsíus-gráðum og

j) um tvö sjálfstæð kyrruþrýstingskerfi, nema í skrúfuflugvélum með skráðan hámarksflugtaksmassa sem er 5700 kg eða minni, er heimilt að nota eitt kyrruþrýstingskerfi ásamt einu varakerfi sem gengur fyrir öðrum kyrruþrýstingsgjafa,

k) um að krafist er tveggja flugmanna skuli eftirfarandi tæki einnig vera í vinnureit aðstoðarflugmanns:

   1) næmur þrýstingshæðarmælir, kvarðaður í fetum, með undirkvarða sem er kvarðaður í hektópaskölum/millíbörum og hægt er að stilla á allan loftþrýsting, sem líklegt er að stillt sé á í flugi, og má mælirinn vera annar af hæðarmælunum tveimur sem gerð er krafa um í c-lið hér að framan; þessir hæðarmælar skulu hafa tromluteljara og vísi eða sambærilegan búnað,

   2) hraðamælakerfi með hituðu stemmuröri eða sambærilegum búnaði til að koma í veg fyrir truflun vegna vatnsþéttingar eða ísmyndunar, þ .m.t. búnaður sem gefur viðvörun þ egar stemmurörshitari bilar; krafa um viðvörunarbúnað vegna bilunar í stemmurörshitara gildir ekki um flugvélar með hámarksfjölda farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi fyrir níu eða færri eða skráðan hámarksflugtaksmassa sem er 5700 kg eða minni og með lofthæfivottorð sem gefið var út fyrir 1. apríl 1998,

   3) stig- og fallmælir,

   4) beygju- og skriðmælir,

   5) sjónbaugur og

   6) nefstefnuvísir með stefnustöðugleika,

l) um að flugvélar með skráðan hámarksflugtaksmassa yfir 5700 kg og hámarksfjölda farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi fyrir fleiri en níu verði auk þess að vera búnar einum varasjónbaugi (gervisjónbaugi) sem unnt er að nota frá vinnureit hvors flugmannsins sem er og

   1) fær stöðugt afl við eðlilegar aðstæður í flugi en verði allsherjarbilun í aðalrafkerfi flugvélarinnar fær hann rafmagn frá öðrum sjálfstæðum aflgjafa,

   2) starfar á öruggan hátt í minnst 30 mínútur eftir að allsherjarbilun hefur orðið í aðalrafkerfi flugvélarinnar, með hliðsjón af öðru álagi á neyðaraflgjafa og verklagsreglum,

   3) starfar óháð öllum öðrum sjónbaugskerfum,

   4) fer í gang sjálfkrafa þegar allsherjarbilun verður í aðalrafkerfinu og

   5) er nægilega vel lýstur á öllum stigum flugsins

   nema þegar um er að ræða flugvélar, með skráðan hámarksflugtaksmassa sem er 5700 kg eða minni, sem höfðu þegar verið skráðar í aðildarríki 1. apríl 1995 og eru búnar varasjónbaugi vinstra megin í mælaborði,

m) um að samkvæmt ákvæðum l-liðar hér að framan verði flugáhöfnin að fá greinilegt merki um það hvenær sjónbaugurinn, sem gerð er krafa um í þeim lið, gangi fyrir neyðarafli; ef sjónbaugurinn hefur eigin aflgjafa skal það sjást annaðhvort á tækinu sjálfu eða í mælaborðinu hvenær sá aflgjafi er í notkun,

n) um að kortahaldari skuli vera þannig staðsettur að auðvelt sé að lesa á kortin og hægt sé að lýsa hann upp þegar flogið er að nóttu til,

o) um að ef varasjónbaugskerfi, vottað skv. 4. lið. b-liðar CS 25.1303 eða samsvarandi kröfum, er sett í flugvélina sé heimilt að nota skriðmæla í stað beygju- og skriðmæla,

p) um að þegar krafist er tveggja samsvarandi mælitækja felist í þeirri kröfu að báðir flugmennirnir skuli hafa skjá og sérstillibúnað eða annan fylgibúnað, eftir því sem við á,

q) um að í öllum flugvélum skuli vera búnaður sem gefur það til kynna þegar ekki er nægileg orka á tilskildum flugmælum og

r) um að allar flugvélar með þéttnitakmarkanir, sem ekki eru á annan hátt sýndar á tilskildum flughraðamælum, skuli hafa Mach-töluvísi í vinnureit beggja flugmannanna,

s) um að flugrekandi skuli ekki starfrækja flugvél í blindflugi eða að nóttu til nema hún sé búin heyrnartólum með hljóðnema eða jafngildum búnaði fyrir hvern flugliða, sem er á flugvakt í stjórnklefa, og sendihnappi á stýrishjóli fyrir hvern flugmann sem krafist er í áhöfn.

OPS 1.655

Viðbótarbúnaður fyrir flug með einum flugmanni samkvæmt blindflugsreglum eða að nóttu til

Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél í blindflugi með einum flugmanni nema hún sé búin sjálfstýringu með a.m.k. hæðarhafti og nefstefnustýringu.

OPS 1.660

Hæðarviðvörunarkerfi

a) Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél búna skrúfuhverfihreyflum, með skráðan hámarksflugtaksmassa yfir 5700 kg, eða hámarksfjölda farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi fyrir fleiri en níu eða flugvélar knúnar þotuhreyflum nema þær hafi hæðarviðvörunarkerfi sem getur:

   1) varað flugáhöfnina við þegar flugvélin nálgast fyrir fram valda flughæð, hvort sem verið er að hækka eða lækka flugið, og

   2) varað flugáhöfn við, a.m.k. með hljóðmerki, ef flugvélin fer yfir eða undir fyrir fram valda flughæð

   nema um sé að ræða flugvélar með skráðan hámarksflugtaksmassa, sem er 5700 kg eða minni, og hámarksfjölda farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi fyrir fleiri en níu og með lofthæfivottorð, sem gefið var út í fyrsta sinn fyrir 1. apríl 1972, og höfðu þegar verið skráðar í aðildarríki 1. apríl 1995.

OPS 1.665

Jarðvarakerfi og landslagsgreiningar- og viðvörunarkerfi

a) Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél búna hverfihreyflum með skráðan hámarksflugtaksmassa yfir 5700 kg eða hámarksfjölda farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi fyrir fleiri en níu nema hún sé búin jarðvarakerfi sem er með framsýna virkni sem varar við hættum í landslagi (landslagsgreiningar- og viðvörunarkerfi — TAWS).

b) Jarðvarakerfið, skal gefa flugáhöfn greinileg hljóðmerki sem geta auk þess verið með sjónmerkjum og fara sjálfkrafa í gang nógu tímanlega og greinilega til að vara við fallhraða, jarðnánd, hæðarmissi eftir flugtak eða eftir að hætt er við lendingu, röngum lendingarhami eða fráviki niður fyrir hallageisla.

c) Landslagsgreiningar og viðvörunarkerfið verður sjálfkrafa að veita flugliðum sjón- og hljóðmerki og hafa skjá fyrir landslagsgreiningu sem gefur nægjanlegan viðvörunartíma til að koma í veg fyrir stýrt flug á hindranir í landslagi og vera með framsýna virkni og lágmarksfjarlægðarbil frá hindrunum í landslagi.

OPS 1.668

Árekstrarvarakerfi

Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél búna hverfihreyflum með skráðan hámarksflugtaksmassa yfir 5700 kg eða hámarksfjölda farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi fyrir fleiri en 19, nema hún sé búin árekstrarvarakerfi með lágmarksafkastagetu ACAS II.

OPS 1.670

Veðurratsjá flugvélar

a) Flugrekandi skal ekki starfrækja:

1) flugvél með jafnþrýstibúnaði eða

2) flugvél án jafnþrýstibúnaðar sem er með skráðan hámarksflugtaksmassa yfir 5700 kg, eða

3) flugvél án jafnþrýstibúnaðar, sem er með hámarksfjölda farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi fyrir fleiri en níu,

nema hún sé búin veðurratsjá þegar flugvélinni er flogið að nóttu til eða við blindflugsskilyrði á svæðum þar sem búast má við þrumuveðri á leiðinni eða öðrum veðurskilyrðum sem teljast sjáanleg í veðurratsjá og geta orðið hættuleg.

b) Þegar um er að ræða skrúfuflugvélar með jafnþrýstibúnaði og skráðan hámarksflugtaksmassa 5700 kg eða þar undir og með hámarksfjölda farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi fyrir níu eða færri er heimilt að nota í stað veðurratsjár annan búnað, sem getur greint þrumuveður eða önnur veðurskilyrði, sem geta orðið hættuleg og teljast sjáanleg í veðurratsjá, með fyrirvara um samþykki flugmálayfirvalda.

OPS 1.675

Búnaður fyrir flug í ísingu

a) Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél í ísingu eða þar sem búist er við ísingu nema flugvélin sé skráð og búin tækjum til flugs í ísingu.

b) Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél að nóttu til, í ísingu eða ef búast má við ísingu, nema flugvélin hafi búnað til að lýsa upp eða greina ísmyndun. Nota verður lýsingu sem veldur ekki glampa eða endurspeglun sem truflar flugverja við störf.

OPS 1.680

Geimgeislunarmælir

a) Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél fyrir ofan 15 000 m hæð (49 000 fet) nema:

1) í henni sé búnaður til að mæla stöðugt og gefa til kynna styrkleika allrar geimgeislunar, sem flugvélin verður fyrir, (þ.e. heildarmagn jónandi geislunar og nifteindageislunar frá vetrarbraut eða sólu) og heildarmagn geimgeislunar sem flugvélin verður fyrir í hverju flugi eða

2) komið sé upp kerfi um borð sem mælir geislun ársfjórðungslega sem flugmálayfirvöld geta fallist á.

OPS 1.685

Talkerfi flugáhafnar

Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél, þar sem skylt er að hafa fleiri en einn flugliða í flugáhöfn, nema hún sé búin talkerfi fyrir flugliðana með heyrnartólum og hljóðnemum, þó ekki handtækjum, sem öllum flugliðum er ætlað að nota.

OPS 1.690

Talkerfi flugverja

a) Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél með skráðan hámarksflugtaksmassa yfir 15 000 kg eða hámarksfjölda farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi fyrir fleiri en 19, nema hún sé búin talkerfi fyrir flugverja, að því frátöldu að um sé að ræða flugvélar með lofthæfivottorð, sem gefið var út í fyrsta sinn fyrir 1. apríl 1965, og sem höfðu þegar verið skráðar í aðildarríki 1. apríl 1995.

b) Talkerfi flugverja sem skylt er að hafa samkvæmt þessari grein:

1) skal geta starfað óháð hinu almenna hátalarakerfi nema að því er varðar handtól, heyrnartól, hljóðnema, stillirofa og merkjabúnað,

2) skal gefa færi á fjarskiptum milli stjórnklefa og:

i. hvers farþegaklefa,

ii. hvers eldhúss, sem er annars staðar en á farþegaþilfari, og

iii. hvers áhafnarklefa sem er fjarliggjandi og utan farþegaþilfars og ekki er greiður aðgangur að úr farþegaklefa,

3) skal vera þar sem auðvelt er að ná til þess frá öllum vinnureitum tilskildrar flugáhafnar í stjórnklefa,

4) skal vera þar sem auðvelt er að ná til þess frá öllum tilskildum vinnureitum öryggis- og þjónustuliða, næst hverjum stökum neyðarútgangi í gólfhæð eða tveimur samstæðum,

5) skal hafa viðvörunarkerfi með hljóð- eða sjónmerkjum sem flugliðar geta notað til að gera öryggis- og þjónustuliðum, og öryggis- og þjónustuliðar flugliðum, viðvart um hættu,

6) skal gera þeim, sem kallað er á, kleift að greina á milli hvort um venjulegt kall eða neyðarkall er að ræða og

7) skal sjá til þess að á jörðu niðri sé búnaður til fjarskipta milli starfsfólks á jörðu og a.m.k. tveggja flugliða.

OPS 1.695

Almennt hátalarakerfi

a) Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél með hámarksfjölda farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi fyrir fleiri en 19 nema almennt hátalarakerfi sé í flugvélinni.

b) Hátalarakerfið sem krafist er í þessari grein:

1) skal geta starfað óháð hinum talkerfunum, að undanskildum handtólum, heyrnartólum, hljóðnemum, stillirofum og merkjabúnaði,

2) skal vera þar sem tafarlaust má ná til þess til notkunar frá öllum vinnureitum tilskildra flugliða,

3) skal vera við hvern tilskilinn neyðarútgang farþega í gólfhæð þar sem næst er sæti öryggis- og þjónustuliða, vera búið hljóðnema, sem öryggis- og þjónustuliðinn á auðvelt með að ná til úr sæti sínu, þó þannig að nota má einn hljóðnema fyrir fleiri en einn neyðarútgang, að því tilskildu að svo skammt sé á milli neyðarútganga að öryggis- og þjónustuliðar geti talast við úr sætum sínum án tækjabúnaðar,

4) skal vera þannig að öryggis- og þjónustuliði geti notað þ að innan tíu sekúndna í hverjum vinnureit í farþegaklefanum þar sem unnt er að ná til hátalarakerfisins og

5) skal vera þannig að unnt sé að heyra og skilja það sem sagt er í því í öllum farþegasætum, salernum og sætum öryggis- og þjónustuliða og vinnureitum.

OPS 1.700

Hljóðritar — 1

a) Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél með lofthæfivottorð, sem gefið var út í fyrsta sinn 1. apríl 1998 eða síðar, ef flugvélin:

1) er fjölhreyflaflugvél knúin hverfihreyflum með hámarksfjölda farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi fyrir fleiri en níu, eða

2) er með skráðan hámarksflugtaksmassa yfir 5700 kg,

nema hún sé búin hljóðrita sem tímasetur og skráir:

i. fjarskipti um talstöð í stjórnklefa,

ii. öll hljóð í stjórnklefa, auk órofinna hljóðmerkja frá öllum hljóðnemum á heyrnartólum og í grímum sem eru í notkun,

iii. talfjarskipti flugliða í stjórnklefa um talkerfi flugvélarinnar,

iv. radd- eða hljóðmerki sem auðkenna leiðsöguvirki eða aðflugstæki, sem heyrast í heyrnartólum eða hátalara, og

v. talfjarskipti flugliða í stjórnklefa um almenna hátalarakerfið, ef slíkt kerfi hefur verið sett upp.

b) Hljóðritinn skal a.m.k. geta geymt upplýsingar sem hann skráði tvær síðustu klukkustundirnar sem hann var í gangi en þó má stytta þennan tíma í 30 mínútur þegar um er að ræða flugvélar með skráðan hámarksflugtaksmassa sem er 5700 kg eða minni.

c) Hljóðritinn skal hefja skráningu sjálfkrafa áður en flugvélin hreyfist fyrir eigin afli og halda áfram að skrá þar til flugi lýkur og flugvélin hreyfist ekki lengur fyrir eigin afli. Að auki skal hljóðritinn byrja skráningu eins fljótt og unnt er ef rafafl er tiltækt, á meðan gátun fer fram í stjórnklefa, áður en hreyflar eru ræstir í upphafi flugs, fram að gátun í stjórnklefa um leið og hreyflar hafa verið stöðvaðir í lok flugs.

d) Í hljóðritanum skal vera búnaður sem auðveldar leit að honum í vatni.

OPS 1.705

Hljóðritar — 2

a) Flugrekandi skal ekki starfrækja fjölhreyfla flugvél sem knúin er hverfihreyflum, með lofthæfivottorð sem gefið var út í fyrsta sinn á tímabilinu 1. janúar 1990 til 31. mars 1998, að báðum dögum meðtöldum, með skráðan hámarksflugtaksmassa sem er 5700 kg eða minni og hámarksfjölda farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi fyrir fleiri en níu, nema hún sé búin hljóðrita sem skráir:

1) fjarskipti um talstöð í stjórnklefa,

2) öll hljóð í stjórnklefa, auk órofinna hljóðmerkja, ef unnt er, frá öllum hljóðnemum á heyrnartólum og í grímum sem eru í notkun,

3) talfjarskipti flugliða í stjórnklefa um talkerfi flugvélarinnar,

4) radd- eða hljóðmerki sem auðkenna leiðsöguvirki eða aðflugstæki, sem heyrast í heyrnartólum eða hátalara, og

5) talfjarskipti flugliða í stjórnklefa um almenna hátalarakerfið, ef slíkt kerfi hefur verið sett upp.

b) Hljóðritinn skal a.m.k. geta geymt upplýsingar sem hann skráði síðustu 30 mínúturnar sem hann var í gangi.

c) Hljóðritinn skal hefja skráningu sjálfkrafa áður en flugvélin hreyfist fyrir eigin afli og halda áfram að skrá þar til flugi lýkur og flugvélin hreyfist ekki lengur fyrir eigin afli. Að auki skal hljóðritinn byrja skráningu eins fljótt og unnt er, ef rafafl er tiltækt, á meðan gátun fer fram í stjórnklefa, áður en hreyflar eru ræstir í upphafi flugs, fram að gátun í stjórnklefa um leið og hreyflar hafa verið stöðvaðir í lok flugs.

d) Í hljóðritanum skal vera búnaður sem auðveldar leit að honum í vatni.

OPS 1.710

Hljóðritar — 3

a) Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél með skráðan hámarksflugtaksmassa yfir 5700 kg og lofthæfivottorð, sem gefið var út í fyrsta sinn fyrir 1. apríl 1998, nema hún sé búin hljóðrita sem skráir:

1) send og móttekin fjarskipti um talstöð í stjórnklefa,

2) öll hljóð í stjórnklefa,

3) talfjarskipti flugliða í stjórnklefa um talkerfi flugvélarinnar,

4) radd- eða hljóðmerki sem auðkenna leiðsöguvirki eða aðflugstæki, sem heyrast í heyrnartólum eða hátalara, og

5) talfjarskipti flugliða í stjórnklefa um almenna hátalarakerfið, ef slíkt kerfi hefur verið sett upp.

b) Hljóðritinn skal a.m.k. geta geymt upplýsingar sem hann skráði síðustu 30 mínúturnar sem hann var í gangi.

c) Hljóðritinn skal hefja skráningu áður en flugvélin hreyfist fyrir eigin afli og halda áfram að skrá þar til flugi lýkur og flugvélin hreyfist ekki lengur fyrir eigin afli.

d) Í hljóðritanum skal vera búnaður sem auðveldar leit að honum í vatni.

OPS 1.715

Flugritar — 1

(Sjá 1. viðbæti við OPS 1.715)

a) Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél með lofthæfivottorð, sem gefið var út í fyrsta sinn 1. apríl 1998 eða síðar, ef flugvélin:

1) er fjölhreyflaflugvél knúin hverfihreyflum með hámarksfjölda farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi fyrir fleiri en níu eða

2) er með skráðan hámarksflugtaksmassa yfir 5700 kg

nema hún sé búin stafrænum flugrita sem skráir og varðveitir gögn og skal vera auðvelt að sækja gögnin í geymslumiðilinn.

b) Flugritinn skal a.m.k. geta geymt gögnin sem hann skráði 25 síðustu klukkustundirnar, sem hann var í gangi, en þó má stytta tímann í tíu klukkustundir þegar um er að ræða flugvélar með skráðan hámarksflugtaksmassa sem er 5700 kg eða minni.

c) Flugriti skal skrá og tímasetja:

1) breyturnar, sem eru taldar upp í töflum A1 eða A2 í 1. viðbæti við OPS 1.715, eftir því sem við á**,**

2) þegar um er að ræða flugvélar með skráðan hámarksflugtaksmassa sem er yfir 27 000 kg, þær breytur til viðbótar sem eru taldar upp í töflu B í 1. viðbæti við OPS 1.715,

3) þegar um er að ræða flugvélar, sem tilgreindar eru í a-lið hér að framan, verður flugriti að skrá allar sérsniðnar breytur sem tengjast nýjum eða sérstökum hönnunar- eða rekstrareiginleikum flugvélarinnar, eins og þær eru skilgreindar af flugmálayfirvöldum við tegundar- eða viðbótartegundarvottun, og

4) þegar um er að ræða flugvélar sem eru búnar rafrænu upplýsingakerfi, þær breytur sem eru taldar upp í töflu C í 1. viðbæti við OPS 1.715, með þeirri undantekningu þó að ef um er að ræða flugvélar sem fengu lofthæfivottorð í fyrsta sinn fyrir 20. ágúst 2002, að breytur þar sem:

i. neminn er ekki tiltækur eða

ii. breyta verður flugvélakerfinu- eða búnaðinum sem býr til gögnin eða

iii. merkin eru ósamhæfanleg skráningarkerfinu,

er ekki nauðsynlegt að skrá ef flugmálayfirvöld geta fallist á það.

d) Gögn skulu fengin úr tækjum flugvélarinnar þannig að unnt sé bera þau nákvæmlega saman við þær upplýsingar sem birtast flugáhöfninni.

e) Flugritinn verður sjálfkrafa að hefja skráningu gagna áður en flugvélin getur hreyfst fyrir eigin afli og stöðvast sjálfkrafa eftir að vélin hættir að hreyfast fyrir eigin afli.

f) Í flugritanum skal vera búnaður sem auðveldar leit að honum í vatni.

g) Ekki er nauðsynlegt að flugvélar með lofthæfivottorð, sem gefið var út í fyrsta sinn 1. apríl 1998 eða síðar, en ekki síðar en 1. apríl 2001, fari að ákvæðum c-liðar OPS 1.715 ef flugmálayfirvöld samþykkja það, að því tilskildu:

1) að ekki sé unnt að fara að ákvæðum c-liðar OPS 1.715 án verulegra breytinga á flugvélakerfunum- og búnaðinum öðru en flugritakerfinu og

2) að flugvélin uppfylli ákvæði c-liðar OPS 1.720, að því undanskildu að ekki er nauðsynlegt að skrá breytu 15b í töflu A í 1. viðbæti við OPS 1.720.

OPS 1.720

Flugritar — 2

(Sjá 1. viðbæti við OPS 1.720)

a) Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél með lofthæfivottorð, sem gefið var út í fyrsta sinn á tímabilinu 1. júní 1990 til 31. mars 1998, að báðum dögum meðtöldum, og með skráðan hámarksflugtaksmassa, sem er yfir 5700 kg, nema flugvélin sé búin stafrænum flugrita sem skráir og varðveitir gögn og auðvelt skal vera að sækja gögnin í geymslumiðilinn.

b) Flugritinn skal a.m.k. geta geymt gögnin sem hann skráði síðustu 25 klukkustundirnar sem hann var í gangi.

c) Flugriti skal skrá og tímasetja:

1) breyturnar, sem eru taldar upp í töflu A í 1. viðbæti við OPS 1.720, og

2) þegar um er að ræða flugvélar með skráðan hámarksflugtaksmassa sem er yfir 27 000 kg, þær breytur til viðbótar sem eru taldar upp í töflu B í 1. viðbæti við OPS 1.720.

d) Þegar um er að ræða flugvélar með skráðan hámarksflugtaksmassa, sem er 27 000 kg eða minni, er ekki nauðsynlegt að skrá breytur 14 og 15b í töflu A í 1. viðbæti við OPS 1.720 ef flugmálayfirvöld geta fallist á það og með einhverjum eftirtalinna skilmála:

1) neminn er ekki auðveldlega tiltækur,

2) ekki er nægilegt geymslurými í ferðritakerfinu,

3) breytingar er krafist á búnaðinum sem býr til gögnin.

e) Þegar um er að ræða flugvélar með skráðan hámarksflugtaksmassa, sem er yfir 27 000 kg, er ekki nauðsynlegt að skrá eftirfarandi breytur ef flugmálayfirvöld geta fallist á það: 15b í töflu A í 1. viðbæti við OPS 1.720 og 23, 24, 25, 26, 27, 28, 29, 30 og 31 í töflu B í 1. viðbæti með einhverjum eftirtalinna skilmála:

1) neminn er ekki auðveldlega tiltækur,

2) ekki er nægilegt geymslurými í flugritakerfinu,

3) breyta þarf búnaðinum sem býr til gögnin,

4) merkin fyrir flugleiðsögugögn (tíðnival fyrir flugleiðsögu (NAV), fjarlægðarmæliviti, vegalengd, breiddargráða, lengdargráða, jarðhraði og rek) eru ekki tiltæk á stafrænu formi.

f) Ekki er nauðsynlegt að skrá einstaka breytur sem hægt er að ákvarða með útreikningi sem miðast við aðrar skráðar breytur ef flugmálayfirvöld fallast á það.

g) Gögn skulu fengin úr tækjum flugvélarinnar þannig að unnt sé bera þau nákvæmlega saman við þær upplýsingar sem birtast flugáhöfninni.

h) Flugritinn skal hefja skráningu gagna áður en flugvélin getur hreyfst fyrir eigin afli og hætta skráningu þegar vélin getur ekki lengur hreyfst fyrir eigin afli.

i) Í flugritanum skal vera búnaður sem auðveldar leit að honum í vatni.

OPS 1.725

Flugritar — 3

(Sjá 1. viðbæti við OPS 1.725)

a) Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél með hverfihreyflum, með lofthæfivottorð sem gefið var út í fyrsta sinn fyrir 1. júní 1990, með skráðan hámarksflugtaksmassa sem er yfir 5700 kg nema flugvélin sé búin stafrænum flugrita sem skráir og varðveitir gögn og skal vera auðvelt að sækja gögnin í geymslumiðilinn.

b) Flugritinn skal a.m.k. geta geymt gögnin sem hann skráði síðustu 25 tímana sem hann var í gangi.

c) Flugriti skal skrá og tímasetja:

1) breyturnar sem eru taldar upp í töflu A í 1. viðbæti við OPS 1.725,

2) þegar um er að ræða flugvélar með skráðan hámarksflugtaksmassa, sem er yfir 27 000 kg, sem eru af þeirri tegund sem fékk fyrst tegundarvottorð eftir 30. september 1969, þær breytur til viðbótar frá 6 til 15b í töflu B í 1. viðbæti við OPS 1.725 í þessari grein. Ekki er nauðsynlegt að skrá eftirfarandi breytur ef flugmálayfirvöld geta fallist á það: 13, 14 og 15b í töflu B í 1. viðbæti við OPS 1.725 og þá með einhverjum af eftirfarandi skilmálum:

i. neminn er ekki auðveldlega tiltækur,

ii. ekki er nægilegt geymslurými í ferðritakerfinu,

iii. breyta þarf búnaðinum, sem býr til gögnin, og

3) þegar nægilegt geymslurými er tiltækt í ferðritakerfinu, neminn er auðveldlega tiltækur og ekki er krafist breytingar á búnaðinum sem býr til gögnin:

i. þegar um er að ræða flugvélar með lofthæfivottorð, sem gefið var út í fyrsta sinn 1. janúar 1989 eða síðar, með skráðan hámarksflugtaksmassa yfir 5700 kg en ekki meiri en 27 000 kg, breytur 6 til 15b í töflu B í 1. viðbæti við OPS 1.725 og

ii. þegar um er að ræða flugvélar með lofthæfivottorð, sem gefið var út í fyrsta sinn 1. janúar 1987 eða síðar, með skráðan hámarksflugtaksmassa yfir 27 000 kg, þær breytur sem eftir eru í töflu B í 1. viðbæti við OPS 1.725.

d) Ekki er nauðsynlegt að skrá einstaka breytur, sem hægt er að ákvarða með útreikningi sem miðast við aðrar skráðar breytur, ef flugmálayfirvöld fallast á það.

e) Gögn skulu fengin úr tækjum loftfarsins til að unnt sé að bera þau nákvæmlega saman við þær upplýsingar sem birtast flugáhöfninni.

f) Flugritinn skal hefja skráningu gagna áður en flugvélin getur hreyfst fyrir eigin afli og hætta skráningu þegar vélin getur ekki lengur hreyfst fyrir eigin afli.

g) Í flugritanum skal vera búnaður sem auðveldar leit að honum í vatni.

OPS 1.727

Sambyggður ferðriti

a) Kröfur um hljóðrita og flugrita er hægt að uppfylla:

1) með einum sambyggðum ferðrita ef flugvélin verður að vera búin hljóðrita eða flugrita eða

2) með einum sambyggðum ferðrita ef flugvélin, sem er með skráðan hámarksflugtaksmassa, sem er 5700 kg eða minni, verður einungis að vera búin hljóðrita og flugrita eða

3) með tveimur sambyggðum ferðritum ef flugvélin, sem er með skráðan hámarksflugtaksmassa yfir 5700 kg, verður að vera búin hljóðrita og flugrita.

b) Sambyggður ferðriti er ferðriti sem skráir:

1) öll talfjarskipti og hljóð sem krafist er í viðkomandi grein um hljóðrita og

2) allar breytur sem krafist er í viðkomandi lið um flugrita með sömu forskriftum og krafist er í þessum liðum.

OPS 1.730

Sæti, sætisbelti, öryggistygi og festibúnaður fyrir börn

a) Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél nema hún hafi eftirfarandi búnað:

1) sæti eða legurúm fyrir hvern farþega sem náð hefur tveggja ára aldri,

2) sætisbelti, með eða án skáliggjandi axlaróla, eða öryggistygi í hverju farþegasæti fyrir hvern farþega sem náð hefur tveggja ára aldri,

3) festibúnað fyrir hvert ungbarn, sem flugmálayfirvöld geta fallist á,

4) að undanskildum þeim tilvikum, sem kveðið er á um í b-lið hér á eftir, sætisbelti með axlatygjum fyrir hvert sæti flugliða og sæti hjá flugmannssætinu ásamt búnaði sem sjálfkrafa heldur bol þess sem situr í sætinu við snögga hraðalækkun,

5) að undanskildum þeim tilvikum sem kveðið er á um í b-lið hér á eftir, sætisbelti með axlatygjum fyrir hvert sæti öryggis- og þjónustuliða og áhorfenda; þetta ákvæði kemur þó ekki í veg fyrir að öryggis- og þjónustuliðar, sem eru umfram tilskilinn fjölda í öryggis- og þjónustuáhöfn, noti farþegasæti og

6) sæti fyrir öryggis- og þjónustuliða nálægt tilskildum neyðarútgöngum í gólfhæð en ef það auðveldar neyðarrýmingu farþegaklefa að öryggis- og þjónustuliðar sitji annars staðar má hafa sætin annars staðar. Sætin skulu snúa fram eða aftur og vera innan 15° frá langási flugvélarinnar.

b) Öll sætisbelti með axlatygjum skal vera hægt að losa með einu átaki.

c) Sætisbelti með skáliggjandi axlaról í flugvélum með skráðan hámarksflugtaksmassa, sem er ekki yfir 5700 kg, eða sætisbelti í flugvélum með skráðan hámarksflugtaksmassa, sem er ekki yfir 2730 kg, mega koma í stað sætisbelta með axlatygjum ef mjög erfitt er að koma þeim síðarnefndu fyrir.

OPS 1.731

Skiltin „Spennið beltin“ og „Reykingar bannaðar“

Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél þar sem ekki sést til allra farþegasæta úr stjórnklefanum nema í flugvélinni sé búnaður sem gefur öllum farþegum og öryggis- og þjónustuliðum til kynna hvenær spenna skuli sætisbelti og reykingar eru bannaðar.

OPS 1.735

Innihurðir og dyratjöld

Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél nema eftirfarandi búnaði hafi verið komið fyrir:

a) í flugvél með hámarksfjölda farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi fyrir fleiri en 19 skal vera hurð milli farþegaklefa og stjórnklefa með skilti sem á stendur „Aðeins fyrir áhöfn“ og læsingu svo hægt sé að koma í veg fyrir að farþegar opni dyrnar án leyfis flugáhafnar,

b) búnaði til að opna allar dyr sem skilja farþegaklefa frá öðru rými með neyðarútgangi; auðvelt skal vera að komast að opnunarbúnaðinum,

c) liggi leiðin frá farþegasæti að tilskildum neyðarútgangi í gegnum dyr eða dyratjöld, sem skilja farþegaklefa frá öðru rými, skal vera unnt að festa hurðina eða dyratjöldin í opinni stöðu,

d) skilti á hverri hurð inni í flugvél eða næst dyratjaldi, sem er á leið farþega að neyðarútgangi, þar sem segir að festa verði hurðina eða tjaldið í opinni stöðu í flugtaki og lendingu og

e) búnaði fyrir hvern flugverja til að opna allar dyr sem farþegar eiga venjulega aðgang að og þeir geta læst.

OPS 1.745

Sjúkrakassar

a) Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél nema hún sé búin þeim fjölda sjúkrakassa, sem hér segir, og þeir séu geymdir þar sem auðvelt er að ná til þeirra:

Fjöldi farþegasæta	Fjöldi sjúkrakassa sem krafist er
0 til 99	1
100 til 199	2
200 til 299	3
300 eða fleiri	4

b) Flugrekandi skal sjá til þess:

1) að sjúkrakassar séu skoðaðir reglubundið til að staðfesta, að því marki sem unnt er, að innihaldið sé í nógu góðu ástandi fyrir fyrirhugaða notkun og

2) að bætt sé í sjúkrakassana með reglulegu millibili, í samræmi við fyrirmæli á merkimiðum á þeim eða eftir aðstæðum.

OPS 1.755

Læknataska

a) Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél með hámarksfjölda farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi fyrir fleiri en 30 nema í henni sé læknataska til notkunar í neyðartilvikum ef einhvers staðar á áætlaðri flugleið er flogið fjær en svo frá flugvelli, þar sem vænta má læknishjálpar, að ná megi til flugvallarins á 60 mínútum eða skemmri tíma (á eðlilegum farflugshraða).

b) Flugstjórinn skal sjá til þess að einungis læknar, hjúkrunarfræðingar eða aðrir með svipuð réttindi á þessu sviði gefi lyf.

c) Kröfur er lúta að læknatöskum

1) Læknatöskur skulu vera ryk- og rakaþéttar og vera í öruggri geymslu, ef unnt er, í stjórnklefa og

2) flugrekandi skal sjá til þess:

i. að læknatöskur séu skoðaðar reglubundið til að fá staðfest, að því marki sem unnt er, að innihaldið sé í nógu góðu ástandi fyrir fyrirhugaða notkun og

ii. að bætt sé í læknatöskurnar með reglulegu millibili, í samræmi við fyrirmæli á merkimiðum á þeim eða eftir aðstæðum.

OPS 1.760

Súrefni til skyndihjálpar

a) Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél með jafnþrýstibúnaði í meira en 25 000 feta hæð, þegar skylt er að hafa öryggis- og þjónustuliða um borð, nema birgðir óblandaðs súrefnis séu tiltækar fyrir farþega sem gætu, af lífeðlisfræðilegum ástæðum, þurft á súrefni að halda ef loftþrýstingur fellur í farþegaklefa. Magn súrefnis skal reiknað þannig að það svari til minnst þriggja lítra súrefnisstreymis á mínútu af þurru súrefni fyrir hvern farþega, reiknað við staðalhita og staðalþrýsting (STPD- Standard Pressure Temperature Dry), og skal það vera nægilegt fyrir minnst 2% fluttra farþega, og minnst einn farþega, það sem eftir er flugsins frá því að þrýstingur tapast af farþegaklefa í meira en 8000 feta en ekki yfir 15 000 feta inniþrýstingshæð. Hafa verður nægilega mörg tæki til að gefa súrefni, þó aldrei færri en tvö, og skulu öryggis- og þjónustuliðar eiga möguleika á að nota súrefnið. Tæki til að gefa súrefni geta verið handtæki.

b) Reikna skal nauðsynlegt magn viðbótarsúrefnis til skyndihjálpar fyrir tiltekið flug út frá inniþrýstingshæð og flugtíma og í samræmi við verklagsreglur fyrir hvert flug og hverja flugleið.

c) Súrefnisbúnaðurinn skal geta gefið hverjum notanda minnst fjóra lítra á mínútu miðað við staðalhita og staðalþrýsting. Gera má ráðstafanir til að hægt sé að minnka streymið, í hvaða flughæð sem er, niður í allt að tvo lítra á mínútu, miðað við staðalhita og staðalþrýsting.

OPS 1.770

Viðbótarsúrefni — flugvélar með jafnþrýstibúnaði

(Sjá 1. viðbæti við OPS 1.770)

a) Almenn ákvæði

1) Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél með jafnþrýstibúnaði í meira en 10 000 feta málþrýstingshæð nema um borð sé búnaður til að geyma og gefa af þeim birgðum viðbótarsúrefnis sem gerð er krafa um í þessum lið.

2) Magn tilskilins viðbótarsúrefnis skal miða við inniþrýstingshæð, flugtíma og þann möguleika að jafnþrýstikerfið bili í þeirri flughæð eða þar á flugleiðinni sem súrefnisþörfin er mest og einnig er gert ráð fyrir að eftir að bilun hefur komið fram lækki flugvélin flugið, í samræmi við neyðarráðstafanir sem tilgreindar eru í flughandbók flugvélarinnar, niður í örugga flughæð á fyrirhugaðri flugleið sem gerir kleift að halda fluginu áfram og lenda örugglega.

3) Eftir að bilun verður í jafnþrýstibúnaði skal gera ráð fyrir að inniþrýstingshæð sé sú sama og flughæð flugvélarinnar nema flugmálayfirvöldum sé sýnt fram á að engin sennileg bilun í farþegaklefa eða í jafnþrýstikerfi leiði til þess að inniþrýstingshæð verði sú sama og flughæð flugvélar. Við þær aðstæður er heimilt að nota þá mestu inniþrýstingshæð, sem sýnt hefur verið fram á að hægt sé að halda, sem grundvöll til að ákvarða súrefnisbirgðir.

b) Kröfur um súrefnistæki og súrefnisbirgðir

1) Flugliðar

i. Allir flugliðar, sem eru á flugvakt í stjórnklefa, skulu vera birgir af viðbótarsúrefni í samræmi við ákvæði 1. viðbætis. Ef allir, sem sitja í stjórnklefa, fá súrefni úr súrefnisgjöfum flugáhafnar skulu þeir, að því er súrefnisbirgðir varðar, teljast vera flugliðar á flugvakt í stjórnklefa. Þeir sem sitja í stjórnklefa en fá ekki súrefni úr súrefnisgjöfum flugáhafnar teljast farþegar að því er súrefnisbirgðir varðar.

ii. Flugliðar, sem falla ekki undir ákvæði i. liðar 1. liðar b-liðar hér að framan, teljast farþegar að því er súrefnisbirgðir varðar.

iii. Súrefnisgrímur skulu geymdar þar sem flugliðar geta umsvifalaust náð til þeirra frá vinnureit sínum.

iv. Súrefnisgrímur handa flugliðum í flugvélum með jafnþrýstibúnaði, sem starfræktar eru í yfir 25 000 feta hæð, skulu vera af gerð sem unnt er að setja á sig í skyndingu.

2) Öryggis- og þjónustuliðar, viðbótaráhöfn og farþegar

i. Öryggis- og þjónustuliðar og farþegar skulu fá viðbótarsúrefni, í samræmi við ákvæði 1. viðbætis, nema þegar v. liður 1. viðbætis hér á eftir á við. Öryggis- og þjónustuliðar, sem eru umfram þann lágmarksfjölda öryggis- og þjónustuliða sem skylt er að hafa um borð, og viðbótaráhöfn teljast farþegar að því er súrefnisbirgðir varðar.

ii. Í flugvélum ætluðum til starfrækslu í málþrýstingshæð fyrir ofan 25 000 fet skulu vera tiltæk nógu mörg aukaúttök og -grímur og/eða nægilega mörg handsúrefnistæki með grímum handa öllum öryggis- og þjónustuliðum sem skylt er að hafa um borð. Jöfn dreifing skal vera á aukaúttökum og/eða handsúrefnistækjum um farþegaklefann til að tryggja að allir öryggis- og þjónustuliðar, sem skylt er að hafa um borð, geti strax fengið súrefni, án tillits til þess hvar þeir eru staddir, ef jafnþrýstikerfið í klefanum bilar.

iii. Í flugvélum ætluðum til starfrækslu í málþrýstingshæð fyrir ofan 25 000 fet skulu vera öndunartæki til skömmtunar súrefnis sem eru tengd súrefnisgjafa og tilbúin til tafarlausrar notkunar við hvert sæti, hvar sem setið er. Heildarfjöldi öndunartækja og úttaka skal vera a.m.k. 10% meiri en fjöldi sæta. Umframtækjum skal dreift jafnt í farþegaklefanum.

iv. Í flugvélum ætluðum til starfrækslu í málþrýstingshæð fyrir ofan 25 000 fet, eða ef þær eru starfræktar í eða undir 25 000 fetum en geta ekki lækkað sig örugglega niður í 13 000 fet á innan við 4 mínútum og hafa fengið útgefið sérstakt lofthæfivottorð 9. nóvember 1998 eða síðar, skal vera til taks súrefnisbúnaður sem fella má niður umsvifalaust við hvert sæti, hvar sem setið er. Heildarfjöldi öndunartækja og úttaka skal vera a.m.k. 10% meiri en fjöldi sæta. Umframtækjum skal dreift jafnt í farþegaklefanum.

v. Fyrir flugvélar, sem eru ekki með vottun til að fljúga í meira en 25 000 feta hæð, má slaka á kröfunum um súrefnisbirgðir, sem tilgreindar eru í 1. viðbæti, þannig að birgðirnar dugi allan þann tíma, sem flogið er í hæð sem samsvarar 10 000 til 13 000 feta inniþrýstingshæð, fyrir alla öryggis- og þjónustuliða, sem skylt er að hafa um borð, og fyrir a.m.k. 10% farþeganna, ef flugvélin getur, hvenær sem er, á fyrirhugaðri flugleið lækkað flugið örugglega á innan við 4 mínútum niður í hæð þar sem inniþrýstingshæð samsvarar 13 000 fetum.

OPS 1.775

Viðbótarsúrefni — flugvélar án jafnþrýstibúnaðar

(Sjá 1. viðbæti við OPS 1.775)

a) Almenn ákvæði

1) Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél án jafnþrýstibúnaðar í meira en 10 000 feta hæð nema um borð sé búnaður til að geyma og gefa af þeim birgðum viðbótarsúrefnis sem gerð er krafa um í þessum lið.

2) Reikna skal nauðsynlegt magn viðbótarsúrefnis til notkunar fyrir tiltekið flug út frá flughæðum og flugtíma, í samræmi við verklagsreglur fyrir hvert flug í flugrekstrarhandbókinni og í samræmi við fyrirhugaða flugleið og neyðarráðstafanir sem tilgreindar eru í flugrekstrarhandbókinni.

3) Flugvél, sem á að fljúga í meira en 10 000 feta hæð, skal hafa búnað til að geyma og gefa súrefni í nauðsynlegu magni.

b) Kröfur um súrefnisbirgðir

1) Flugliðar. Allir flugliðar, sem eru á flugvakt í stjórnklefa, skulu vera birgir af viðbótarsúrefni í samræmi við ákvæði 1. viðbætis. Ef allir, sem sitja í stjórnklefa, fá súrefni úr súrefnisgjöfum flugáhafnar skulu þeir, að því er súrefnisbirgðir varðar, teljast vera flugliðar á flugvakt í stjórnklefa.

2) Öryggis- og þjónustuliðar, viðbótaráhöfn og farþegar. Öryggis- og þjónustuliðar og farþegar skulu fá viðbótarsúrefni í samræmi við ákvæði 1. viðbætis. Öryggis- og þjónustuliðar, sem eru umfram þann lágmarksfjölda öryggis- og þjónustuliða sem skylt er að hafa um borð, og viðbótaráhöfn teljast farþegar að því er súrefnisbirgðir varðar.

OPS 1.780

Öndunarhlífar (PBE) handa áhöfn

a) Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél með jafnþrýstibúnaði eða flugvél án jafnþrýstibúnaðar með skráðan hámarksflugtaksmassa yfir 5700 kg eða hámarksfjölda farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi fyrir fleiri en 19 nema:

1) í henni sé búnaður til að verja augu, nef og munn allra flugliða, sem eru á flugvakt í stjórnklefa, og gefa súrefni í a.m.k. 15 mínútur. Nota má viðbótarsúrefnið, sem krafist er í 1. lið b-liðar OPS 1.770 eða 1.775, sem súrefni fyrir öndunarhlífarnar. Ef fleiri en einn eru í flugáhöfn og enginn öryggis- og þjónustuliði um borð skal til viðbótar vera um borð beranleg öndunarhlíf til að unnt sé að verja augu, nef og munn eins flugliða og sjá honum fyrir viðbótarsúrefni í a.m.k. 15 mínútur og

2) um borð séu nægilega margar, beranlegar öndunarhlífar til að verja augu, nef og munn allra öryggis- og þjónustuliða, sem skylt er að séu um borð, og sjá þeim fyrir viðbótarsúrefni í a.m.k. 15 mínútur.

b) Öndunarhlífar fyrir flugáhöfn skulu geymdar á hentugum stað í stjórnklefa þannig að hver flugliði, sem skylt er að hafa um borð, geti strax náð í öndunarhlíf frá vinnureit sínum.

c) Öndunarhlífar fyrir öryggis- og þjónustuliða skulu geymdar næst vinnureit hvers öryggis- og þjónustuliða.

d) Til viðbótar skulu beranlegar öndunarhlífar, sem auðvelt er að ná til, geymdar hjá eða nálægt handslökkvitækjunum, sem gerð er krafa um í c- og d-lið OPS 1.790, nema slökkvitækið sé geymt inni í vörurými en þá skal geyma öndunarhlífarnar utan við dyrnar á fragtrýminu.

e) Notkun öndunarhlífa má ekki koma í veg fyrir fjarskipti sem krafist er samkvæmt OPS 1.685, OPS 1.690, OPS 1.810 og OPS 1.850.

OPS 1.790

Handslökkvitæki

Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél nema hún sé búin handslökkvitækjum, sem nota á í stjórnklefa og farþegaklefum, og, eftir því sem við á, í vörurými og eldhúsum í samræmi við eftirfarandi:

a) tegund og magn slökkviefnis skal henta fyrir þá elda, sem líklegir eru til að koma upp í klefanum þar sem nota á slökkvitækið, og, að því er varðar klefa starfsfólks, draga sem mest úr líkum á að eitrað gas safnist fyrir,

b) a.m.k. eitt handslökkvitæki, sem inniheldur halon 1211 (brómóklóródíflúormetan, $CBrClF_2$) eða jafngildi þess sem slökkviefni, skal geymt á hentugum stað í stjórnklefa til afnota fyrir flugáhöfnina,

c) a.m.k. eitt handslökkvitæki skal vera staðsett eða auðvelt að ná til þess í öllum eldhúsum sem eru ekki á aðalfarþegaþilfari,

d) a.m.k. eitt handslökkvitæki, sem auðvelt er að ná til, skal geymt og vera tiltækt til notkunar í hverju vörurými eða farangursgeymslu í A- eða B-flokki og í öllum vörurýmum í E-flokki, sem eru flugverjum aðgengileg á flugi, og

e) a.m.k. eftirfarandi fjöldi handslökkvitækja skal vera á hentugum stöðum í farþegaklefa/-um:

Hámarksfjöldi farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi	Fjöldi slökkvitækja
7 til 30	1
31 til 60	2
61 til 200	3
201 til 300	4
301 til 400	5
401 til 500	6
501 til 600	7
601 eða fleiri	8

Ef krafist er tveggja eða fleiri slökkvitækja skal dreifing þeirra vera jöfn í farþegaklefanum.

f) a.m.k. eitt handslökkvitækjanna, sem skylt er að hafa í farþegaklefa flugvélar með hámarksfjölda farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi fyrir minnst 31 og mest 60, og a.m.k. tvö slökkvitækjanna, sem geymd eru í farþegaklefa flugvélar með hámarksfjölda farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi fyrir 61 eða fleiri, skulu innihalda halon 1211 (brómóklóródíflúormetan, $CBrClF_2$) eða jafngildi þess sem slökkviefni.

OPS 1.795

Neyðaraxir og kúbein


a) Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél með skráðan hámarksflugtaksmassa yfir 5700 kg eða hámarksfjölda farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi fyrir fleiri en níu sæti nema hún sé búin a.m.k. einni neyðaröxi eða kúbeini sem er geymt í stjórnklefa. Ef hámarksfjöldi sæta í samþykktu sætafyrirkomulagi er yfir 200 skal vera önnur öxi eða kúbein til viðbótar um borð, geymt í eða nálægt aftasta eldhúsinu.

b) Neyðaraxir og kúbein, sem geymd eru í farþegaklefa, mega ekki vera sýnileg farþegum.

OPS 1.800

Merking rofstaða á bol

Ef á bol flugvélar eru merktir staðir, sem heppilegt er fyrir björgunarmenn að rjúfa gat á í neyðartilvikum, skal flugrekandi sjá til þess að þeir staðir séu merktir eins og sýnt er hér á eftir. Merkingarnar skulu vera í rauðum eða gulum lit og, ef nauðsyn krefur, skulu útlínurnar dregnar með hvítum lit til að þær skeri sig frá bakgrunninum. Ef meira en 2 m eru milli hornamerkinganna skal mála millilínur, sem eru 9 cm × 3 cm, svo að hvergi sé meira en 2 m bil milli merkjanna.



OPS 1.805

Búnaður til neyðarrýmingar

a) Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél ef hæð þröskulda á neyðarútgöngum fyrir farþega:

1) er meiri en 1,83 m (6 fet) yfir jörðu þegar flugvélin er á jörðinni og lendingarbúnaður niðri eða

2) væri meiri en 1,83 m (6 fet) yfir jörðu ef einn eða fleiri hjólaleggir lendingarbúnaðar féllu saman eða færu ekki niður og þar sem fyrst var sótt um tegundarskírteini fyrir flugvélina 1. apríl 2000 eða síðar,

nema búnaður eða tæki séu við hvern útgang, sem fellur undir 1. eða 2. lið, til að gera farþegum og áhöfn kleift að komast klakklaust niður á jörð í neyðartilvikum.

b) Þennan búnað eða tæki þarf ekki að hafa við útganga yfir vængjum ef tilgreindur staður, þar sem flóttaleiðin endar, er minna en 1,83 m (6 fet) yfir jörðu þegar flugvélin er á jörðu, lendingarbúnaður niðri og flapar í flugtaks- eða lendingarstöðu, eftir því hvor flapstaðan er lengra frá jörðu.

c) Í flugvélum þar sem skylt er að hafa sérstakan neyðarútgang fyrir flugáhöfn og:

1) neðri brún neyðarútgangs er meira en 1,83 m (6 fet) yfir jörðu, þegar lendingarbúnaður er niðri, eða

2) ef ekki var sótt um tegundarvottorð fyrir flugvélina fyrr en 1. apríl árið 2000 eða síðar og neðri brún neyðarútgangs væri meira en 1,83 m (6 fet) yfir jörðu ef einn eða fleiri hjólaleggir lendingarbúnaðar falla saman eða fara ekki niður,

skal vera búnaður til að gera öllum flugliðum kleift að komast klakklaust niður á jörðina í neyðartilvikum.

OPS 1.810

Gjallarhorn

a) Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél með hámarksfjölda farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi fyrir fleiri en 60, sem flytur a.m.k. einn farþega, nema hún sé búin jafnmörgum handgjallarhornum, sem ganga fyrir rafhlöðum, og flugverjar geta auðveldlega gripið til við neyðarrýmingu, sem hér segir:

1) Á hverju farþegaþilfari:

Fyrirkomulag farþegasæta	Tilskilinn fjöldi gjallarhorna
61 til 99	1
100 eða fleiri	2

2) Í flugvélum með fleiri en eitt farþegaþilfar, þar sem heildarfjöldi farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi er alltaf yfir 60, er skylt að hafa a.m.k. eitt gjallarhorn.

OPS 1.815

Neyðarlýsing

a) Flugrekandi skal ekki starfrækja farþegaflugvél með hámarksfjölda farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi fyrir fleiri en níu, nema hún hafi búnað til neyðarlýsingar, sem fær afl frá sérstökum aflgjafa, til að auðvelda rýmingu flugvélarinnar. Í búnaðinum fyrir neyðarlýsinguna skulu vera:

1) í flugvélum þar sem hámarksfjöldi sæta í samþykktu sætafyrirkomulagi eru fyrir fleiri en 19:

i. ljósgjafar til almennrar lýsingar í öllu farþegarými,

ii. inniljós við neyðarútganga í gólfhæð og

iii. upplýst skilti og merki við neyðarútganga,

iv. í flugvélum, sem hafði verið sótt um tegundarvottorð fyrir eða jafngildi þess fyrir 1. maí 1972, og þegar flogið er að nóttu til, skal vera útilýsing við alla neyðarútganga yfir vængjum og við útganga þar sem þörf er á hjálparbúnaði til að komast niður úr flugvélinni,

v. í flugvélum, sem hafði verið sótt um tegundarvottorð fyrir eða jafngildi þess 1. maí 1972 eða síðar, og þegar flogið er að nóttu til, skal vera útilýsing við alla neyðarútganga fyrir farþega,

vi. í flugvélum, sem fyrst fengu tegundarvottorð eða jafngildi þess 1. janúar 1958 eða síðar, skulu vera ratmerki í gólfi til neyðarútganga í öllu farþegarými.

2) í flugvélum, þar sem hámarksfjöldi farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi er 19 eða færri og sem hafa vottun samkvæmt vottunarforskrift í CS-25 eða CS-23, skulu vera:

i. ljósgjafar til almennrar lýsingar í öllu farþegarými,

ii. inniljós við neyðarútganga og

iii. upplýst neyðarútgangsmerking og staðsetningarskilti.

3) í flugvélum, þar sem hámarksfjöldi farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi er 19 eða færri og sem hafa ekki vottun samkvæmt vottunarforskrift í CS-25 eða CS-23, ljósgjafar til almennrar lýsingar í farþegarými.

b) Flugrekandi skal ekki starfrækja farþegaflugvél að nóttu til ef hámarksfjöldi farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi hennar er níu eða færri nema í henni séu ljósgjafar til almennrar lýsingar í farþegarými til að greiða fyrir rýmingu flugvélarinnar. Í þessu kerfi er heimilt að nota loftlýsingu eða aðra ljósgjafa sem eru fyrir hendi í flugvélinni og geta haldið áfram að lýsa eftir að slökkt hefur verið á rafhlöðum flugvélarinnar.

OPS 1.820

Sjálfvirkur neyðarsendir

a) Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél með lofthæfivottorð, sem gefið var út í fyrsta sinn 1. janúar 2002 eða síðar, nema hún sé búin sjálfvirkum neyðarsendi (ELT) sem getur sent á 121,5 MHz og 406 MHz tíðni.

b) Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél með lofthæfivottorð, sem gefið var út í fyrsta sinn fyrir 1. janúar 2002 eða síðar, nema hún sé búin einhverri tegund af neyðarsendi sem getur sent á 121,5 MHz og 406 MHz tíðni.

c) Flugrekandi skal sjá til þess að allir neyðarsendar, sem geta sent á 406 MHz tíðni, skuli kóðaðir í samræmi við 10. viðauka Alþjóðaflugmálastofnunarinnar og skráðir hjá innlendu stofnuninni sem ber ábyrgð á leit og björgun eða annarri tilnefndri stofnun.

OPS 1.825

Björgunarvesti

a) Landflugvélar. Flugrekandi skal ekki starfrækja landflugvél:

1) yfir hafi eða vatni fjær landi en 50 sjómílur eða

2) ef hún hefur sig á loft eða lendir á flugvelli, þar sem flugtaks- eða aðflugsslóð liggur yfir vatni, þannig að flugvélin geti þurft að nauðlenda á vatni ef óhapp verður,

nema hún sé búin björgunarvestum, með ljósi til að auðvelda leit, handa öllum í flugvélinni. Björgunarvestin skulu geymd þar sem auðveldlega má ná til þeirra úr sætum eða legurúmum þeirra sem þau eru ætluð. Í stað björgunarvesta fyrir ungbörn er heimilt að nota annan viðurkenndan flotbúnað með ljósi til að auðvelda leit.

b) Lagarflugvélar og láðs- og lagarflugvélar. Flugrekandi skal ekki starfrækja lagarflugvél eða láðs- og lagarflugvél á sjó eða vatni nema hún sé búin björgunarvestum, með ljósi til að auðvelda leit, handa öllum í flugvélinni. Björgunarvestin skulu geymd þar sem auðveldlega má ná til þeirra úr sætum eða legurúmum þeirra sem þau eru ætluð. Í stað björgunarvesta fyrir ungbörn er heimilt að nota annan viðurkenndan flotbúnað með ljósi til að auðvelda leit.

OPS 1.830

Björgunarbátar og neyðarsendar til að auðvelda leit og björgun til nota í langflugi yfir haf eða vatn

a) Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél yfir sjó eða vatni lengra frá landi sem hentar til nauðlendingar en sem nemur:

1) 120 mínútna flugi á farflugshraða eða 400 sjómílur, eftir því hvort skemmra er, þegar um er að ræða flugvélar sem geta haldið áfram flugi til flugvallar þótt markhreyfill eða markhreyflar verði óstarfhæfir einhvers staðar á leiðinni eða á áætlaðri breyttri flugleið eða

2) 30 mínútna flugi á farflugshraða eða 100 sjómílur, eftir því hvort skemmra er, þegar um allar aðrar flugvélar er að ræða,

nema búnaðurinn, sem tilgreindur er í b- og c-lið hér á eftir, sé í flugvélinni.

b) Í flugvélinni skulu vera nægilega margir björgunarbátar til að rúma alla um borð. Ef flugvélin er ekki búin varabjörgunarbátum með nægilegu rými skal flotkraftur og sætarými umfram skráð rými björgunarbátanna nægja til að rúma alla í flugvélinni ef björgunarbáturinn, sem rúmar flesta, týnist. Í björgunarbátunum skal vera:

1) ljós til að auðvelda leit og

2) björgunarbúnaður, þ.m.t. búnaður til að lifa af, og miðast sá búnaður við það flug sem fyrirhugað er hverju sinni og

c) a.m.k. tveir neyðarsendar, sem geta sent á þeirri neyðartíðni sem kveðið er á um í 2. kafla, V. bindi 10. viðauka Alþjóðaflugmálastofnunarinnar.

OPS 1.835

Búnaður til að lifa af

Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél yfir svæðum, sem eru mjög erfið til leitar og björgunar, nema í henni sé:

a) búnaður til að senda upp neyðarblys s.s. lýst er í 2. viðauka Alþjóðaflugmálastofnunarinnar,

b) a.m.k. einn neyðarsendir, sem getur sent á þeirri neyðartíðni sem kveðið er á um í 2. kafla V. bindis 10. viðauka Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, og

c) annar búnaður til að lifa af slys miðað við fyrirhugaða flugleið og með hliðsjón af fjölda manna um borð,

að því undanskildu að ekki þarf að hafa búnaðinn, sem er tilgreindur í c-lið, um borð ef flugvélin heldur sig annaðhvort:

1) í fjarlægð sem er ekki meiri en svo til svæðis, sem er ekki mjög erfitt til leitar og björgunar, að svari til:

i. 120 mínútna flugs á farflugshraða með einn hreyfil óstarfhæfan, ef um er að ræða flugvél sem getur haldið flugi áfram til flugvallar þótt markhreyfill eða -hreyflar verði óstarfhæfir einhvers staðar á leiðinni eða á áætlaðri breyttri flugleið eða

ii. 30 mínútna flugs á farflugshraða þegar um allar aðrar flugvélar er að ræða eða

2) ef um er að ræða flugvélar með vottun samkvæmt vottunarforskrift í CS-25 eða samsvarandi kröfum, ekki fjær en svarar til 90 mínútna flugs á farflugshraða til svæðis sem hentar til nauðlendingar.

OPS 1.840

Lagarflugvélar og láðs- og lagarflugvélar — ýmiss búnaður

a) Flugrekandi skal ekki starfrækja lagarflugvél eða láðs- og lagarflugvél á sjó eða vatni nema hún sé búin:

1) rekakkeri og öðrum búnaði til að auðveldara sé að leggjast við legufæri eða akkeri eða stýra loftfarinu á vatni, með hliðsjón af stærð, þyngd og stjórnunareiginleikum þess,

2) tæki til að gefa frá sér hljóðmerki, sem kveðið er á um í alþjóðareglum til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, þegar það á við.

1. viðbætir við OPS 1.715

Flugritar — 1 — Skrá yfir breytur sem skal skrá

Tafla A1 - Flugvélar með skráðan hámarksflugtaksmassa yfir 5700 kg

Aths.: Talan í vinstri dálkinum segir til um raðnúmerin sem birt eru í EUROCAE skjali ED55

Nr.	Breyta
1	TÍMI EÐA TÍMATAKA
2	MÁLÞRÝSTINGSHÆÐ
3	SÝNDUR FLUGHRAÐI
4	NEFSTEFNA
5	EÐLILEG HRÖÐUN
6	KINKHORF
7	VELTUHORF
8	HANDVIRK LYKLUN FJARSKIPTASENDINGA
9	KNÝRINN/AFLIÐ Á HVERJUM HREYFLI OG STAÐA KNÝS/AFLGJAFA Í STJÓRNKLEFA, EF ÞAÐ Á VIÐ
10	STAÐA AFTURBRÚNARFLAPA EÐA STILLING ÞEIRRA Í STJÓRNKLEFA
11	STAÐA FRAMBRÚNARFLAPA EÐA STILLING ÞEIRRA Í STJÓRNKLEFA
12	STAÐA KNÝVENDIS
13	STAÐA JARÐLYFTISPILLIS OG/EÐA VAL Á LOFTHEMLUM
14	HEILDARHITI EÐA HITASTIG UTAN FLUGVÉLARINNAR
15	SJÁLFSTÝRING, SJÁLFVIRK ELDSNEYTISGJÖF OG STÝRIHÆTTIR OG TENGINGARSTAÐA SJÁLFSTÝRIKERFIS (AFCS)
16	LANGSUMHRÖÐUN (ÁS BOLSINS)
17	HLIÐARHRÖÐUN

Tafla A2 — Flugvélar með skráðan hámarksflugtaksmassa sem er 5700 kg eða minni

Aths.: Talan í vinstri dálkinum segir til um raðnúmerin sem birt eru í EUROCAE skjali ED55

Nr.	Breyta
1	TÍMI EÐA TÍMATAKA
2	MÁLÞRÝSTINGSHÆÐ
3	SÝNDUR FLUGHRAÐI
4	NEFSTEFNA
5	EÐLILEG HRÖÐUN
6	KINKHORF
7	VELTUHORF
8	HANDVIRK LYKLUN FJARSKIPTASENDINGA
9	KNÝRINN/AFLIÐ Á HVERJUM HREYFLI OG STAÐA KNÝS/AFLGJAFA Í STJÓRNKLEFA, EF ÞAÐ Á VIÐ
10	STAÐA AFTURBRÚNARFLAPA EÐA STILLING ÞEIRRA Í STJÓRNKLEFA
11	STAÐA FRAMBRÚNARFLAPA EÐA STILLING ÞEIRRA Í STJÓRNKLEFA
12	STAÐA KNÝVENDIS
13	STAÐA JARÐLYFTISPILLIS OG/EÐA VAL Á LOFTHEMLUM
14	HEILDARHITI EÐA HITASTIG UTAN FLUGVÉLARINNAR
15	TENGINGARSTAÐA SJÁLFSTÝRINGAR/SJÁLFVIRKRAR ELDSNEYTISGJAFAR
16	ÁFALLSHORN (EF HENTUGUR NEMI ER TILTÆKUR)
17	LANGSUMHRÖÐUN (ÁS BOLSINS)

Tafla B — Viðbótarbreytur flugvéla með skráðan hámarksflugtaksmassa yfir 27 000 kg

Aths.: Talan í vinstri dálkinum segir til um raðnúmerin sem birt eru í EUROCAE skjali ED55

Nr.	Breyta
18D	AÐALSTÝRI — STAÐA STÝRISFLATAR OG/EÐA HVERNIG FLUGMAÐUR BEITIR ÞEIM (KINK, VELTA OG GEIGUN)
19	STAÐA KINKSTILLIS
20	RATSJÁRHÆÐ
21	FRÁVIK FRÁ LÓÐRÉTTUM GEISLA (HALLAGEISLI Í BLINDLENDINGARKERFI EÐA LANDHÆÐ Í ÖRBYLGJULENDINGARKERFI)
22	FRÁVIK FRÁ LÁRÉTTUM GEISLA (MIÐLÍNUGEISLI Í BLINDLENDINGARKERFI EÐA ÁTTARHORN Í ÖRBYLGJULENDINGARKERFI)
23	YFIRFLUG YFIR MARKVITA
24	VIÐVARANIR
25	FRÁTEKIÐ (MÆLT ER MEÐ TÍÐNIVALI FYRIR LEIÐSÖGUVIÐTÆKI)
26	FRÁTEKIÐ (MÆLT ER MEÐ FJARLÆGÐ SEM FENGIN ER MEÐ FJARLÆGÐARMÆLIVITA)
27	STAÐA HJÓLAROFA EÐA LENDINGARBÚNAÐAR/FLUG
28	JARÐVARAKERFI
29	ÁFALLSHORN
30	LÁGÞRÝSTINGSVIÐVÖRUN (VÖKVA- OG LOFTÞRÝSTIAFL)
31	JARÐHRAÐI
32	STAÐA LENDINGARBÚNAÐAR EÐA VELJARA FYRIR LENDINGARBÚNAÐ

Tafla C — Flugvélar sem eru búnar rafrænum upplýsingakerfum

Aths.: Talan í miðdálkinum segir til um raðnúmerin sem birt eru í EUROCAE skjali ED55, töflu A1.5

Nr.	Nr.	Breyta
33	6	VALIN LOFTÞRÝSTINGSSTILLING (Í VINNUREIT HVERS FLUGMANNS)
34	7	VALIN FLUGHÆÐ
35	8	VALINN HRAÐI
36	9	VALIN MACH-TALA
37	10	VALINN STIG- OG FALLHRAÐI
38	11	VALIN NEFSTEFNA
39	12	VALIN FLUGSLÓÐ
40	13	VALIN ÁKVÖRÐUNARHÆÐ
41	14	BIRTINGARSNIÐ Á FLUGSKJÁKERFI (EFIS)
42	15	FJÖLVIRKT BIRTINGARSNIÐ VIÐVARANA FYRIR HREYFLA

1. viðbætir við OPS 1.720

Flugritar — 2 — Skrá yfir breytur sem skal skrá

Tafla A — Flugvélar með skráðan hámarksflugtaksmassa yfir 5700 kg

Nr.	Breyta
1	TÍMI EÐA TÍMATAKA
2	MÁLÞRÝSTINGSHÆÐ
3	SÝNDUR FLUGHRAÐI
4	NEFSTEFNA
5	EÐLILEG HRÖÐUN
6	KINKHORF
7	VELTUHORF
8	HANDVIRK LYKLUN FJARSKIPTASENDINGA NEMA NOTUÐ SÉ ÖNNUR AÐFERÐ VIÐ AÐ STILLA SAMAN SKRÁNINGU FLUGRITA (FDS) OG HLJÓÐRITA (CVR)
9	AFL HVERS HREYFILS
10	STAÐA AFTURBRÚNARFLAPA EÐA STILLING ÞEIRRA Í STJÓRNKLEFA
11	STAÐA FRAMBRÚNARFLAPA EÐA STILLING ÞEIRRA Í STJÓRNKLEFA
12	STAÐA KNÝVENDIS (Á EINUNGIS VIÐ UM ÞOTUR)
13	STAÐA JARÐLYFTISPILLIS OG/EÐA VAL Á LOFTHEMLUM
14	HITASTIG UTAN FLUGVÉLARINNAR EÐA HEILDARHITI
15a	TENGINGARSTAÐA SJÁLFSTÝRINGAR
15b	STÝRIHÆTTIR SJÁLFSTÝRINGAR, SJÁLFVIRK ELDSNEYTISGJÖF OG TENGINGARSTAÐA OG STÝRIHÆTTIR SJÁLFSTÝRIKERFIS

Tafla B — Viðbótarbreytur fyrir flugvélar með skráðan hámarksflugtaksmassa yfir 27 000 kg

Nr.	Breyta
16	LANGSUMHRÖÐUN
17	HLIÐARHRÖÐUN
18	AÐALSTÝRI — STAÐA STÝRISFLATAR OG/EÐA HVERNIG FLUGMAÐUR BEITIR ÞEIM (KINK, VELTA OG GEIGUN)
19	STAÐA KINKSTILLIS
20	RATSJÁRHÆÐ
21	FRÁVIK FRÁ HALLAGEISLA
22	FRÁVIK FRÁ MIÐLÍNUGEISLA
23	YFIRFLUG YFIR MARKVITA
24	VÁVIÐVÖRUN
25	TÍÐNIVAL FYRIR LEIÐSÖGUKERFI 1 (NAV-1) OG LEIÐSÖGUKERFI 2 (NAV-2)
26	FJARLÆGÐ FRÁ FJARLÆGÐARVITA 1 (DME-1) OG FJARLÆGÐARVITA 2 (DME-2)
27	STAÐA HJÓLAROFA LENDINGARBÚNAÐAR
28	JARÐVARAKERFI
29	ÁFALLSHORN
30	VÖKVAKERFI, HVERT KERFI (LÁGÞRÝSTINGUR)
31	LEIÐSÖGUGÖGN
32	STAÐA LENDINGARBÚNAÐAR EÐA VELJARA FYRIR LENDINGARBÚNAÐ

1. viðbætir við OPS 1.725

Flugritar — 3 — Skrá yfir breytur sem skal skrá

Tafla A — Flugvélar með skráðan hámarksflugtaksmassa yfir 5700 kg

Nr.	Breyta
1	TÍMI EÐA TÍMATAKA
2	MÁLÞRÝSTINGSHÆÐ
3	SÝNDUR FLUGHRAÐI
4	NEFSTEFNA
5	EÐLILEG HRÖÐUN

Tafla B — Viðbótarbreytur fyrir flugvélar með skráðan hámarksflugtaksmassa yfir 27 000 kg

Nr.	Breyta
6	KINKHORF
7	VELTUHORF
8	HANDVIRK LYKLUN FJARSKIPTASENDINGA NEMA NOTUÐ SÉ ÖNNUR AÐFERÐ VIÐ AÐ STILLA SAMAN SKRÁNINGU FLUGRITA (FDR) OG HLJÓÐRITA (CVR)
9	AFL HVERS HREYFILS
10	STAÐA AFTURBRÚNARFLAPA EÐA STILLING ÞEIRRA Í STJÓRNKLEFA
11	STAÐA FRAMBRÚNARFLAPA EÐA STILLING ÞEIRRA Í STJÓRNKLEFA
12	STAÐA KNÝVENDIS (Á EINUNGIS VIÐ UM ÞOTUR)
13	STAÐA JARÐLYFTISPILLIS OG/EÐA VAL Á LOFTHEMLUM
14	HITASTIG UTAN FLUGVÉLARINNAR EÐA HEILDARHITI
15a	TENGINGARSTAÐA SJÁLFSTÝRINGAR
15b	STÝRIHÆTTIR SJÁLFSTÝRINGAR, SJÁLFVIRK ELDSNEYTISGJÖF OG TENGINGARSTAÐA OG STÝRIHÆTTIR SJÁLFSTÝRIKERFIS
16	LANGSUMHRÖÐUN
17	HLIÐARHRÖÐUN
18	AÐALSTÝRI — STAÐA STÝRISFLATAR OG/EÐA HVERNIG FLUGMAÐUR BEITIR ÞEIM (KINK, VELTA OG GEIGUN)
19	STAÐA KINKSTILLIS
20	RATSJÁRHÆÐ
21	FRÁVIK FRÁ HALLAGEISLA
22	FRÁVIK FRÁ MIÐLÍNUGEISLA
23	YFIRFLUG YFIR MARKVITA
24	VÁVIÐVÖRUN
25	TÍÐNIVAL FYRIR LEIÐSÖGUKERFI 1 OG LEIÐSÖGUKERFI 2
26	FJARLÆGÐ FRÁ FJARLÆGÐARVITA 1 OG FJARLÆGÐARVITA 2
27	STAÐA HJÓLAROFA LENDINGARBÚNAÐAR
28	JARÐVARAKERFI
29	ÁFALLSHORN
30	VÖKVAKERFI, HVERT KERFI (LÁGÞRÝSTINGUR)
31	LEIÐSÖGUGÖGN (BREIDDARGRÁÐA, LENGDARGRÁÐA, JARÐHRAÐI OG REKHORN)
32	STAÐA LENDINGARBÚNAÐAR EÐA VELJARA FYRIR LENDINGARBÚNAÐ

1. viðbætir við OPS 1.770

Súrefni — lágmarkskröfur um viðbótarsúrefni í flugvélum með jafnþrýstibúnað við og eftir lækkun flugs í neyðartilvikum

Tafla 1

(a)		(b)
Birgðir fyrir:		Tími og innþrýstingshæð
1.	Alla sem sitja í stjórnklefa og eru á flugvakt	Allan flugtímann þegar inniþrýstingshæðin er meiri en sem svarar 13 000 feta hæð og allan flugtímann þegar inniþrýstingshæðin er meiri en sem svarar 10 000 feta hæð en er ekki meiri en sem svarar 13 000 feta hæð eftir fyrstu 30 mínúturnar í þeim hæðum en aldrei skemur en: i. 30 mínútur fyrir flugvélar sem eru ekki með vottun til að fljúga í meira en 25 000 feta hæð (*aths. 2*) ii. tvær klukkustundir fyrir flugvélar sem eru með vottun til að fljúga í meira en 25 000 feta hæð (*aths. 3*).
2.	Öryggis- og þjónustuliða sem skylt er að hafa um borð	Allan flugtímann þegar inniþrýstingshæðin er meiri en sem svarar 13 000 feta hæð en ekki skemur en 30 mínútur (*aths. 2*), og allan flugtímann þegar inniþrýstingshæðin er meiri en sem svarar 10 000 feta hæð en er ekki meiri en sem svarar 13 000 feta hæð eftir fyrstu 30 mínúturnar í þeim hæðum.
3.	100% farþega (*aths. 5*)	Allan flugtímann þegar inniþrýstingshæð er meiri en sem svarar 15 000 feta hæð en aldrei skemur en 10 mínútur (*aths. 4*).
4.	30% farþega (*aths. 5*)	Allan flugtímann þegar inniþrýstingshæð er meiri en sem svarar 14 000 feta hæð en er ekki meiri en sem svarar 15 000 feta hæð.
5.	10% farþega (*aths. 5*)	Allan flugtímann þegar inniþrýstingshæð er meiri en sem svarar 10 000 feta hæð en er ekki meiri en sem svarar 14 000 feta hæð eftir fyrstu 30 mínúturnar í þessum hæðum.

Aths. 1: Súrefnisbirgðirnar skulu miðaðar við inniþrýstingshæð og lækkunarsnið á viðkomandi flugleiðum.
Aths. 2: Tilskildar lágmarksbirgðir eru það magn súrefnis sem nauðsynlegt er í lækkun með jöfnum hraða úr skráðri hámarksflughæð niður í 10 000 fet á 10 mínútum og, í næstu 20 mínúturnar eftir það, í 10 000 feta flughæð.
Aths. 3: Tilskildar lágmarksbirgðir eru það magn súrefnis sem nauðsynlegt er í lækkun með jöfnum hraða úr skráðri hámarksflughæð niður í 10 000 fet á 10 mínútum og, í næstu 110 mínúturnar eftir það, í 10 000 feta flughæð. Heimilt er að reikna súrefnið, sem krafist er skv. 1. lið a-liðar OPS 1.780, með í súrefnisbirgðunum sem gerð er krafa um.
Aths. 4: Tilskildar lágmarksbirgðir eru það súrefnismagn sem þarf í lækkun með jöfnum hraða úr skráðri hámarksflughæð niður í 15 000 fet á 10 mínútum.
Aths. 5: Í þessari töflu merkir orðið „farþegar“ farþega, sem eru um borð í flugvélinni, að ungbörnum meðtöldum.

1. viðbætir við OPS 1.775

Viðbótarsúrefni fyrir flugvélar án jafnþrýstibúnaðar

Tafla 1

	(a)	(b)
	Birgðir fyrir:	Tími og málþrýstingshæð
1.	Alla sem sitja í stjórnklefa og eru á flugvakt	Allan flugtímann í meira en 10 000 feta málþrýstingshæð.
2.	Öryggis- og þjónustuliða sem skylt er að hafa um borð	Allan flugtímann í málþrýstingshæð sem er meiri en sem svarar 13 000 feta hæð og lengur en 30 mínútur í málþrýstingshæð sem er meiri en sem svarar 10 000 feta hæð, en sem er ekki meiri en 13 000 fet.
3.	100% farþega (sjá *aths.*)	Allan flugtímann í meira en 13 000 feta málþrýstingshæð.
4.	10% farþega (sjá *aths.*)	Allan flugtímann eftir 30 mínútur í málþrýstingshæð sem er meiri en sem svarar 10 000 feta hæð en er ekki meiri en sem svarar 13 000 feta hæð.

Aths.: Í þessari töflu merkir orðið „farþegar“ farþega, sem eru um borð í flugvélinni, að ungbörnum meðtöldum.

L-KAFLI

FJARSKIPTA- OG LEIÐSÖGUTÆKI

OPS 1.845

Almennur inngangur

a) Flugrekandi skal sjá til þess að flug sé ekki hafið nema fjarskipta- og leiðsögutæki þau sem krafist er samkvæmt þessum kafla:

1) hafi verið samþykkt og uppsett í samræmi við ákvæði, sem um þau gilda, þ.m.t. staðlar um lágmarksafkastagetu og ákvæði er lúta að starfrækslu og lofthæfi,

2) séu þannig uppsett að bilun í einu tæki af þeim, sem nauðsynleg eru til fjarskipta eða leiðsögu eða hvorttveggja, leiði ekki til bilunar í öðru tæki sem nauðsynlegt er til fjarskipta eða leiðsögu,

3) séu í starfhæfu ástandi fyrir þá tegund flugs sem fram á að fara, að undanskildu því sem kveðið er á um í lista yfir lágmarksbúnað (sbr. OPS 1.030) og

4) sé þannig komið fyrir að eigi flugliði að nota tækin í vinnureit sínum í flugi verður hann að geta starfrækt þau auðveldlega frá þeim vinnureit. Ef tveir eða fleiri flugliðar þurfa að nota einn og sama búnað skal honum komið þannig fyrir að auðvelt sé að starfrækja hann frá öllum vinnureitum þar sem á að nota hann.

b) Staðlar um lágmarksafköst fjarskipta- og leiðsögutækja eru hinir sömu og í gildandi evrópskum tækniforskriftum (ETSO) eins og þeir eru skráðir í viðeigandi forskriftum um evrópskar tækniforskriftir (CS-TSO) nema mælt sé fyrir um aðra staðla um afkastagetu í starfrækslu- eða lofthæfireglunum. Þegar OPS-reglurnar koma til framkvæmda má halda áfram að nota eða setja upp fjarskipta- og leiðsögutæki, sem samrýmast öðrum forskriftum en evrópskum tækniforskriftum fyrir hönnun og afkastagetu nema gerðar séu viðbótarkröfur í þessum kafla. Fjarskipta- og leiðsögutæki, sem hafa þegar hlotið samþykki, þurfa ekki að samrýmast endurskoðuðum evrópskum tækniforskriftum eða öðrum endurskoðuðum forskriftum, nema gerðar séu kröfur um afturvirkni þar að lútandi.

OPS 1.850

Fjarskiptabúnaður

a) Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél nema hún hafi tilskilinn fjarskiptabúnað fyrir viðkomandi tegund flugs.

b) Þar sem krafist er tveggja sjálfstæðra fjarskiptakerfa, (sem eru aðskilin og fullbúin) samkvæmt þessum kafla, skal hvort kerfið um sig hafa sjálfstæðan loftnetsbúnað, nema notuð séu loftnet, sem eru ekki vír eingöngu, s.s. stoðloftnet eða annar loftnetsbúnaður sem er jafnáreiðanlegur og þarf þá aðeins eitt loftnet.

c) Fjarskiptabúnaðurinn, sem krafist er í a-lið hér að framan, skal einnig geta annast fjarskipti á neyðartíðnisviði í flugi, 121,5 MHz.

OPS 1.855

Hlustunarvalborð

Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél samkvæmt blindflugsreglum nema hún sé búin hlustunarvalborði sem er aðgengilegt öllum flugliðum sem skylt er að hafa í áhöfn.

OPS 1.860

Fjarskiptabúnaður til flugs samkvæmt sjónflugsreglum á leiðum sem flognar eru með hliðsjón af kennileitum

Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél í flugi samkvæmt sjónflugsreglum á leiðum, þ ar sem unnt er að fljúga eftir kennileitum, nema hún hafi fjarskiptabúnað sem nauðsynlegur er við eðlileg starfræksluskilyrði til að uppfylla eftirfarandi:

a) vera í fjarskiptasambandi við viðeigandi jarðstöðvar,

b) vera í fjarskiptasambandi við viðeigandi flugumferðarstjórnstöð, frá hvaða stað sem er í þ ví flugstjórnarrými sem fyrirhugað er að fljúga í og

c) taka við veðurupplýsingum.

OPS 1.865

Fjarskipta- og leiðsögutæki fyrir flug samkvæmt blindflugsreglum eða sjónflugsreglum á leiðum sem eru ekki flognar eftir kennileitum

a) Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél samkvæmt blindflugsreglum eða sjónflugsreglum á leiðum þar sem ekki er unnt að fljúga eftir kennileitum nema flugvélin sé búin fjarskiptabúnaði, ratsjárvara fyrir kögunarratsjá (SSR) og leiðsögutæki í samræmi við kröfur flugumferðarþjónustu á flugsvæðinu eða -svæðunum.

b) Fjarskiptabúnaður. Flugrekandi skal sjá til þess að fjarskiptabúnaðurinn samanstandi a.m.k. af:

1) tveimur sjálfstæðum fjarskiptakerfum sem við eðlileg starfræksluskilyrði eru nauðsynleg til að hafa samband við viðeigandi jarðstöð hvaðan sem er á leiðinni, einnig ef vikið er af leið og

2) ratsjársvara fyrir kögunarratsjá sem krafist er á leiðinni sem flogin er.

c) Leiðsögutæki. Flugrekandi skal sjá til þess að leiðsögutækin

1) sem samanstanda að lágmarki af:

i. einu móttökukerfi fyrir fjölstefnuvita, einu fyrir hringvita (ADF), einu fyrir fjarlægðarvita nema ekki þ arf móttökukerfi fyrir hringvita, ef ekki er krafa um leiðsögu eftir hringvitum á neinum hluta áætlaðrar flugleiðar,

ii. einu blindlendingarkerfi eða örbylgjulendingarkerfi þar sem krafist er blindlendingarkerfis eða örbylgjulendingarkerfis til leiðsagnar í aðflugi,

iii. einu móttökukerfi fyrir markvita þar sem krafist er markvita til leiðsögu í aðflugi,

iv. svæðisleiðsögukerfi ef svæðisleiðsögu er krafist á leiðinni sem flogin er,

v. einu móttökukerfi fyrir fjarlægðarvita til viðbótar á hverri leið eða hluta leiðar þ ar sem leiðsaga byggist eingöngu á fjarlægðarvitum,

vi. einu móttökukerfi til viðbótar fyrir fjölstefnuvita á einhverri leið eða hluta leiðar þar sem leiðsaga er eingöngu byggð á merkjum fjölstefnuvita,

vii. einu móttökukerfi fyrir hringvita til viðbótar á einhverri leið eða hluta hennar þar sem leiðsaga byggist eingöngu á hringvitamerkjum eða

2) uppfylli skilyrði um nákvæmni í svæðisleiðsögu (RNP) sem krafist er við starfrækslu í viðkomandi loftrými.

d) Flugrekanda er heimilt að starfrækja flugvél, sem ekki er búin móttökukerfi fyrir hringvita eða þeim leiðsögutækjum sem tiltekin eru í vi. og/eða vii. lið í 1. lið c-liðar, að því tilskildu að hún sé búin öðrum tækjum sem flugmálayfirvöld hafa samþykkt fyrir þá leið sem flogin er. Þau tæki verða að vera nægilega áreiðanleg og nákvæm til að tryggja örugga leiðsögu á fyrirhugaðri leið.

e) Flugrekandi skal sjá til þ ess að VHF-fjarskiptabúnaður, móttökubúnaður fyrir miðlínugeisla í blindlendingarkerfi og móttökubúnaður fjölstefnuvita, sem settur er í flugvélar sem starfrækja á í blindflugi, sé af tegund sem hefur verið samþykkt og uppfyllir staðla um afkastagetu varðandi ónæmi fyrir langbylgjutruflunum (FM).

OPS 1.866

Ratsjársvarabúnaður

a) Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél nema hún hafi eftirfarandi búnað:

1) ratsjársvara fyrir kögunarsvarratsjá sem gefur upp málþrýstingshæð og

2) annan ratsjársvörunarbúnað fyrir kögunarsvarratsjá sem býr yfir þeirri getu sem krafist er á leiðinni sem flogin er.

OPS 1.870

Viðbótarleiðsögutæki til flugs í loftrými þar sem gerðar eru kröfur um lágmarksnákvæmni í flugleiðsögu

a) Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél í loftrými þar sem gerðar eru lágmarkskröfur um nákvæmni í flugleiðsögu nema hún sé búin leiðsögutækjum sem samrýmast forskriftum um lágmarksnákvæmni í leiðsögu sem mælt er fyrir um í ICAO-skjali 7030 í formi svæðisbundinna viðbótarreglna (Regional Supplementary Procedures).

b) Báðir flugmennirnir, sitjandi í vinnureit sínum, skulu geta séð á leiðsögutækin sem kveðið er á um í þessari grein og notað þau.

c) Til að heimilt sé að starfrækja flugvél ótakmarkað í loftrými, þar sem gerðar eru lágmarkskröfur um nákvæmni í flugleiðsögu, skal hún vera búin tveimur sjálfstæðum leiðsögukerfum fyrir langflug (LRNS).

d) Til að heimilt sé að starfrækja flugvélar í loftrými þar sem gerðar eru lágmarkskröfur um nákvæmni í flugleiðsögu á tilkynntum sérleiðum skal hún vera búin einu leiðsögukerfi fyrir langflug nema annað sé tiltekið.

OPS 1.872

Búnaður til starfrækslu í skilgreindu loftrými með minnkuðum lágmarkshæðaraðskilnaði

a) Flugrekandi skal sjá til þess að flugvélar, sem er flogið í loftrými með minnkuðum lágmarkshæðaraðskilnaði, séu búnar:

1) tveimur sjálfstæðum hæðarmælingakerfum,

2) hæðarviðvörunarkerfi,

3) sjálfvirku hæðarstýringarkerfi og

4) ratsjársvara fyrir kögunarsvarratsjá með hæðartilkynningarkerfi sem tengja má hæðarmælingarkerfinu sem notað er til að halda hæð.

M-KAFLI

VIÐHALD FLUGVÉLA

OPS 1.875

Almenn ákvæði

a) Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél nema tilhlýðilega samþykkt/viðurkennd viðhaldsstöð annist viðhald og gefi út viðhaldsvottorð fyrir hana í samræmi við 145. hluta, að því frátöldu að ekki er nauðsynlegt að fyrirflugsskoðun fari fram í viðhaldsfyrirtæki sem hlotið hefur samþykki skv. 145. hluta.

b) Í M-hluta eru tilgreindar þær kröfur, sem þarf að uppfylla, um áframhaldandi lofthæfi flugvéla svo að farið sé að kröfum OPS 1.180 um flugrekendaskírteini.

N-KAFLI

FLUGLIÐAR

OPS 1.940

Samsetning flugáhafnar

(Sjá 1. og 2. viðbæti við OPS 1.940)

a) Flugrekandi skal sjá til þess:

1) að samsetning flugáhafnar og fjöldi flugliða á tilteknum vinnureitum sé bæði í samræmi við fyrirmæli í flughandbók flugvélarinnar og ekki undir því lágmarki sem þar er tilgreint,

2) að aukaflugliðar teljist til flugáhafnar þegar þeirra er þörf vegna eðlis starfrækslunnar og að ekki séu færri í flugáhöfn en tilgreint er í flugrekstrarhandbókinni,

3) að allir flugliðar séu handhafar viðeigandi og fullgildra skírteina, sem flugmálayfirvöld geta fallist á, og hafi tilskilin starfsréttindi og hæfni til að rækja þau störf sem þeim eru falin,

4) að settar séu verklagsreglur, sem flugmálayfirvöld geta fallist á, til að koma í veg fyrir að óreyndir flugliðar verði saman í áhöfn,

5) að einn flugmannanna í flugáhöfn, sem hefur starfsréttindi sem flugstjóri samkvæmt kröfum um veitingu flugliðaskírteina, sé tilnefndur flugstjóri, sem getur falið öðrum flugmanni með tilskilin starfsréttindi að stjórna fluginu, og

6) að sé þess krafist í flughandbók flugvélar að sérstakur flugkerfastjóri sé í áhöfn þá hafi einn í flugáhöfninni flugvélstjóraskírteini eða tilskilin starfsréttindi sem flugmálayfirvöld geta fallist á,

7) að þegar ráðnir eru flugliðar, sem eru sjálfstæðir atvinnurekendur og/eða vinna í lausamennsku eða hlutastarfi, séu kröfur N-kafla uppfylltar. Einkum skal í þessu sambandi taka sérstakt tillit til heildarfjölda þeirra loftfarstegunda og – afbrigða sem flugliðinn má fljúga í flutningaflugi, sem ekki má vera yfir þeim kröfum sem mælt er fyrir um í OPS 1.980 og OPS 1.981, að meðtöldum þeim sem hann flýgur í þjónustu annars flugrekanda. Flugverjar, sem þjóna flugrekanda sem flugstjórar, skulu ljúka grunnþjálfun flugrekanda í stjórnun áhafnarsamvinnu áður en þeir hefja flug á flugleið án umsjónar nema flugverjinn hafi áður lokið grunnnámskeiði flugrekanda í stjórnun áhafnarsamvinnu.

b) Lágmarksfjöldi flugliða til starfrækslu samkvæmt blindflugsreglum eða að nóttu til. Við starfrækslu samkvæmt blindflugsreglum eða að nóttu til skal flugrekandi sjá til þess:

1) að í öllum skrúfuþotum, þar sem hámarksfjöldi farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi er meiri en níu, og í öllum flugvélum, sem knúðar eru þotuhreyflum, séu ekki færri en tveir flugmenn í áhöfn eða

2) að einn flugmaður starfræki aðrar flugvélar en þær sem heyra undir 1. lið b-liðar hér að framan, að því tilskildu að kröfum, sem settar eru fram í 2. viðbæti við OPS 1.940, sé fullnægt. Sé kröfunum í 2. viðbæti ekki fullnægt skulu ekki vera færri en tveir flugmenn í áhöfn.

OPS 1.943

Grunnþjálfun flugrekanda í stjórnun áhafnarsamvinnu

a) Hafi flugliði ekki áður lokið grunnþjálfun flugrekanda í stjórnun áhafnarsamvinnu (hvort heldur sem er nýir starfsmenn eða starfsmenn sem fyrir eru) skal flugrekandi sjá til þess að flugliðinn ljúki grunnþjálfunarnámskeiði í stjórnun áhafnarsamvinnu. Nýir starfsmenn skulu ljúka grunnþjálfun flugrekanda í stjórnun áhafnarsamvinnu innan árs frá því að þeir hefja störf fyrir flugrekanda.

b) Hafi flugliði ekki áður hlotið þjálfun í mannlegum þáttum skal hann ljúka fræðilegu námskeiði, sem byggt er á efnisskránni um mannlega afkastagetu og takmarkanir, fyrir atvinnuflugmannsskírteini 1. flokks (sjá viðeigandi kröfur fyrir útgáfu skírteina flugliða) áður en hann lýkur grunnþjálfun flugrekanda í stjórnun áhafnarsamvinnu eða samhliða grunnþjálfun flugrekanda í stjórnun áhafnarsamvinnu.

c) Grunnþjálfun í stjórnun áhafnarsamvinnu skal vera í höndum a.m.k. eins kennara í stjórnun áhafnarsamvinnu, sem flugmálayfirvöld geta fallist á, sem má njóta aðstoðar sérfræðinga til að fjalla um tiltekin svið.

d) Grunnþjálfun í stjórnun áhafnarsamvinnu fer fram í samræmi við ítarlega námskrá sem kemur fram í flugrekstrarhandbókinni.

OPS 1.945

Þjálfun og próf vegna flugvélaskipta

(Sjá 1. viðbæti við OPS 1.945)

a) Flugrekandi skal sjá til þess:

1) að flugliði ljúki námskeiði til tegundarréttinda, sem uppfyllir viðeigandi kröfur fyrir útgáfu skírteina flugliða þegar hann skiptir yfir á aðra tegund eða flokk flugvéla þar sem krafist er nýrrar tegundaráritunar eða flokksáritunar,

2) að flugliði ljúki námskeiði flugrekanda vegna flugvélaskipta áður en hann hefur flug á flugleið án umsjónar:

i. ef hann skiptir yfir á flugvél þar sem krafist er nýrrar tegundaráritunar eða flokksáritunar eða

ii. ef hann skiptir um flugrekanda,

3) að þjálfun vegna flugvélaskipta sé í höndum starfsfólks með tilskilin starfsréttindi og fari fram í samræmi við nákvæma námskrá í flugrekstrarhandbókinni; flugrekandi skal sjá til þess að starfsmenn, sem samþætta hluta úr stjórnun áhafnarsamvinnu við þjálfun vegna flugvélaskipta, hafi tilskilin starfsréttindi,

4) að við ákvörðun um hversu mikla þjálfun flugliði þurfi að fá á námskeiði flugrekanda vegna flugvélaskipta sé tekið mið af fyrri þjálfun flugliðans samkvæmt þjálfunarskrám hans sem mælt er fyrir um í OPS 1.985,

5) að í flugrekstrarhandbókinni séu tilgreind þau lágmarksskilyrði um starfsréttindi og reynslu sem flugliðar þurfa að uppfylla áður en þeir fá þjálfun vegna flugvélaskipta,

6) að allir flugliðar fari í prófin, sem krafist er í b-lið OPS 1.965, og í þá þjálfun og próf, sem krafist er í d-lið OPS 1.965, áður þeir hefja flug á flugleið undir umsjón,

7) að þegar flugliði hefur lokið flugi á flugleið undir umsjón fari hann í prófið sem krafist er í c-lið OPS 1.965,

8) að eftir að námskeið flugrekanda vegna flugvélaskipta er hafið taki flugliði ekki að sér flugvaktir á annarri tegund eða flokki flugvéla fyrr en að námskeiði loknu eða eftir að því hefur verið hætt og

9) að hlutar úr þjálfun í stjórnun áhafnarsamvinnu séu samþættir við námskeið vegna flugvélaskipta.

b) Þegar skipt er um flugvélategund eða -flokk má sameina prófið, sem krafist er í b-lið OPS 1.965, og prófið til tegundar- eða flokksréttinda samkvæmt viðeigandi kröfum fyrir útgáfu skírteina flugliða.

c) Heimilt er að sameina námskeið flugrekanda vegna flugvélaskipta og námskeið til tegundar- eða flokksréttinda sem krafist er fyrir útgáfu skírteina flugliða.

d) Flugmaður, sem sækir námskeið sem fer fram eingöngu í flughermi (Zero Flight Time Training (ZFTT)), skal:

1) hefja leiðarflug undir umsjón eins fljótt og unnt er áður en 21 dagur er liðinn frá því að færniprófi er lokið.

Ef leiðarflug undir umsjón hefur ekki hafist innan 21 dags skal flugrekandi sjá fyrir þjálfun sem flugmálayfirvöld telja ásættanlega.

2) ekki seinna en 21 degi eftir að færniprófi er lokið ljúka sex flugtökum og lendingum í flughermi, sem er samþykktur samkvæmt kröfum sem gilda fyrir flugþjálfa og samþykktur til notkunar fyrir viðkomandi flugrekanda af flugmálayfirvöldum.

Tegundarkennari (flugvél) (TRI(A)), sem situr í sæti flugmanns, skal stjórna þessari flughermissetu.

Þegar Sameiginlega matsnefndin í flugrekstrarmálum (JOEB) mælir með því og flugmálayfirvöld samþykkja það má fækka fjölda flugtaka og lendinga.

Hafi þessi flugtök og lendingar ekki verið framkvæmd innan 21 dags skal flugrekandi sjá fyrir upprifjunarþjálfun sem flugmálayfirvöld telja ásættanlega.

3) framkvæma fyrstu fjögur flugtökin og lendingarnar í flugvél í leiðarflugi undir umsjón tegundarkennara (flugvél) sem situr í sæti flugmanns.

Þegar Sameiginleg matsnefnd í flugrekstrarmálum mælir með því og flugmálayfirvöld samþykkja það má fækka fjölda flugtaka og lendinga.

OPS 1.950

Mismunarþjálfun og kynningarþjálfun

a) Flugrekandi skal sjá til þess að flugliði ljúki:

1) mismunarþjálfun sem krefst viðbótarþekkingar og þjálfunar í viðeigandi þjálfunartæki fyrir flugvélina:

i. ef hann starfrækir annað afbrigði flugvélar sömu tegundar eða aðra tegund í sama flokki og flugvélin, sem er starfrækt, eða

ii. ef búnaði og/eða verklagi er breytt á afbrigði flugvélar sem er starfrækt,

2) kynningarþjálfun sem útheimtir meiri kunnáttu:

i. ef hann starfrækir aðra flugvél sömu tegundar eða afbrigði af henni eða

ii. ef búnaði og/eða verklagi er breytt á tegund eða afbrigði flugvélar sem er starfrækt.

b) Í flugrekstrarhandbókinni skal flugrekandi tilgreina hvenær mismunarþjálfunar eða kynningarþjálfunar er krafist.

OPS 1.955

Tilnefning til flugstjóra

a) Flugrekandi skal sjá til þess að eftirfarandi gildi um þá sem hækka úr stöðu aðstoðarflugmanns í stöðu flugstjóra og þá sem koma til starfa sem flugstjórar:

1) að þeir hafi lágmarksreynslu, sem flugmálayfirvöld geta fallist á, og skal hún tilgreind í flugrekstrarhandbókinni og

2) þegar um er að ræða flug þar sem fleiri en einn flugmaður er í áhöfn, að flugmaður ljúki tilheyrandi flugstjóranámskeiði.

b) Flugstjóranámskeiðið, sem krafist er í 2. lið a-liðar hér að framan, skal tilgreint í flugrekstrarhandbókinni og felur a.m.k. í sér:

1) þjálfun í flugþjálfa (þ.m.t. þjálfun í flugi á flugleið) og/eða flugþjálfun,

2) hæfnipróf flugrekanda við stjórn sem flugstjóri,

3) ábyrgð flugstjóra,

4) þjálfun á flugleið sem flugstjóri undir umsjón; fyrir flugmenn, sem hafa þegar öðlast tilskilin réttindi á flugvélategundina, er lágmarkskrafan tíu flug,

5) fullnægjandi leiðarflugspróf flugstjóra, eins og mælt er fyrir um í c-lið OPS 1.965, og réttindi og hæfni til flugs á tilteknum leiðum og inn á tiltekna flugvelli, eins og mælt er fyrir um í OPS 1.975, og

6) hlutar úr stjórnun áhafnarsamvinnu (CRM).

OPS 1.960

Flugstjórar með atvinnuflugmannsskírteini

a) Flugrekandi skal sjá til þess:

1)

að handhafi atvinnuflugmannsskírteinis (CPL) starfi ekki sem flugstjóri flugvélar sem er skráð til starfrækslu með einum flugmanni í flughandbók flugvélarinnar

i. þegar um er að ræða farþegaflug samkvæmt sjónflugsreglum utan 50 sjómílna radíusar frá brottfararflugvelli nema flugmaðurinn hafi að baki minnst 500 flugstundir samanlagt á flugvél eða fullgild blindflugsréttindi eða

ii. þegar um er að ræða fjölhreyflaflugvél og flogið er samkvæmt blindflugsreglum, nema flugmaðurinn hafi að baki minnst 700 flugstundir samanlagt á flugvél og af þeim hafi hann flogið 400 flugstundir sem flugstjóri (samkvæmt kröfum um veitingu flugliðaskírteina) og 100 þessara flugstunda samkvæmt blindflugsreglum og þar af séu 40 flugstundir við stjórn fjölhreyflaflugvéla: í stað 400 flugstunda sem flugstjóri geta komið flugstundir sem aðstoðarflugmaður, þar sem reglan er að tvær flugstundir sem aðstoðarflugmaður jafngildi einni flugstund sem flugstjóri, að því tilskildu að þessum stundum hafi verið safnað eftir föstu fyrirkomulagi þar sem fleiri en einn flugmaður er í áhöfn eins og mælt er fyrir um í flugrekstrarhandbókinni,

2) að til viðbótar við ii. lið 1. liðar a-liðar hér að framan sé kröfum 2. viðbætis við OPS 1.940 fullnægt þegar flugmaður flýgur blindflug sem eini flugmaðurinn í áhöfn og

3) að, ef um er að ræða flug þar sem fleiri en einn flugmaður er í áhöfn, ljúki flugmaðurinn flugstjóranámskeiðinu, sem mælt er fyrir um í 2. lið a-liðar OPS 1.955, til viðbótar ákvæði 1. lið a-liðar hér að framan áður en hann tekur til starfa sem flugstjóri.

OPS 1.965

Reglubundin þjálfun og próf

(Sjá 1. og 2. viðbæti við OPS 1.965)

a) Almenn ákvæði. Flugrekandi skal sjá til þess:

1) að hver flugliði gangist undir reglubundna þjálfun og próf og að hvort tveggja miðist við þá tegund eða afbrigði flugvélar sem flugliðinn starfrækir,

2) að áætlun um reglubundna þjálfun og próf sé skráð í flugrekstrarhandbókina og samþykkt af flugmálayfirvöldum,

3) að reglubundin þjálfun sé í höndum eftirfarandi starfsfólks:

i. þjálfun á jörðu niðri og upprifjunarþjálfun — í höndum starfsfólks með tilskilin réttindi,

ii. þjálfun í flugvél/flugþjálfa — í höndum tegundarkennara, flokkskennara eða flugþjálfakennara (SFI) þegar um kennslu í flugþjálfa er að ræða og tegundarkennarinn, flokkskennarinn eða flugþjálfakennarinn uppfyllir nógu vel kröfur flugrekandans um reynslu og kunnáttu til að kenna þau atriði sem tilgreind eru í i. lið 1. liðar a-liðar A og B í 1. viðbæti við OPS 1.965,

iii. þjálfun og próf í notkun neyðar- og öryggisbúnaðar — í höndum starfsfólks með tilskilin réttindi og

iv. stjórnun áhafnarsamvinnu:

A) samþætting hluta stjórnunar áhafnarsamvinnu við öll stig reglubundnu þjálfunarinnar — í höndum starfsfólks sem annast reglubundnu þjálfunina; flugrekandi skal sjá til þess að allt starfsfólk, sem annast reglubundna þjálfun, hafi tilskilin starfsréttindi til að samþætta hluta úr stjórnun áhafnarsamvinnu við þá þjálfun,

B) áfangaþjálfun í stjórnun áhafnarsamvinnu — skal vera í höndum a.m.k. eins kennara í stjórnun áhafnarsamvinnu, sem flugmálayfirvöld geta fallist á, sem má njóta aðstoðar sérfræðinga til að fjalla um tiltekin svið.

4) að reglubundin próf séu í höndum eftirfarandi starfsfólks:

i. hæfnipróf flugrekanda — í höndum tegundarprófdómara, flokksprófdómara eða, ef prófið er tekið í flugþjálfa, tegundarprófdómara, flokksprófdómara eða flugþjálfaprófdómara sem hefur hlotið þjálfun í hugtökum varðandi stjórnun áhafnarsamvinnu og mati á hæfni í stjórnun áhafnarsamvinnu,

ii. leiðarflugspróf — í höndum flugstjóra með tilskilin starfsréttindi, sem flugrekandi tilnefnir og flugmálayfirvöld geta fallist á,

iii. próf í notkun neyðar- og öryggisbúnaðar — í höndum starfsfólks með tilskilin réttindi.

b) Hæfnipróf flugrekanda

1) Flugrekandi skal sjá til þess:

i. að hver flugliði gangist undir hæfnipróf flugrekanda til að sýna kunnáttu sína í verklagi við venjulegar og óvenjulegar aðstæður og við neyðaraðstæður og

ii. að hæfniprófið fari fram án útsýnis ef krafist er að flugliðar starfi samkvæmt blindflugsreglum,

iii. að hver flugliði gangist undir hæfnipróf flugrekanda þar sem hann er í eðlilega skipaðri flugáhöfn.

2) Gildistími hæfniprófs flugrekanda skal vera sex almanaksmánuðir auk þess sem eftir er af útgáfumánuðinum. Ef prófið er gefið út á síðustu þremur almanaksmánuðunum sem fyrra hæfnipróf flugrekanda er í gildi skal gildistíminn vera frá útgáfudegi og fram til loka sex almanaksmánaða frá því að gildistími fyrra hæfniprófsins rann út.

c) Leiðarflugspróf. Flugrekandi skal sjá til þess að hver flugliði gangist undir leiðarflugspróf í flugvélinni til að sýna hæfni sína í venjulegu flugi á flugleið eins og lýst er í flugrekstrarhandbókinni. Gildistími leiðarflugspróf skal vera tólf almanaksmánuðir auk þess sem eftir er af útgáfumánuðinum. Ef prófið er gefið út á síðustu þremur almanaksmánuðunum sem fyrra leiðarflugspróf er í gildi skal gildistíminn vera frá útgáfudegi fram til loka tólfta almanaksmánaðar frá því að fyrra leiðarflugsprófið rann út.

d) Þjálfun og próf í notkun neyðar- og öryggisbúnaðar. Flugrekandi skal sjá til þess að hver flugliði gangist undir þjálfun og próf í því sem lýtur að staðsetningu og notkun alls neyðar- og öryggisbúnaðar um borð. Gildistími prófs í notkun neyðar- og öryggisbúnaðar skal vera tólf almanaksmánuðir auk þess sem eftir er af útgáfumánuðinum. Ef áritun er gefin út á síðustu þremur almanaksmánuðunum sem fyrra prófið í notkun neyðar-og öryggisbúnaðar er í gildi skal gildistíminn vera frá útgáfudegi og fram til loka tólfta almanaksmánaðar frá því að fyrra prófið (í notkun neyðar- og öryggisbúnaðar) rann út.

e) Stjórnun áhafnarsamvinnu. Flugrekandi skal sjá til þess:

1) að hlutar úr þjálfun í stjórnun áhafnarsamvinnu séu samþættir viðeigandi stigum reglubundnu þjálfunarinnar og

2) að hver flugliði fari í sértæka áfangaþjálfun í stjórnun áhafnarsamvinnu. Farið skal yfir öll helstu viðfangsefni þjálfunar í stjórnun áhafnarsamvinnu á tímabili sem er ekki lengra en þrjú ár.

f) Þjálfun á jörðu niðri og upprifjunarþjálfun. Flugrekandi skal sjá til þess að hver flugliði fari í þjálfun á jörðu niðri og upprifjun a.m.k. á tólf almanaksmánaða fresti. Ef þjálfunin fer fram innan þriggja síðustu almanaksmánaða áður en tólf mánaða tímabilinu lýkur þarf þjálfun á jörðu niðri og upprifjunarþjálfun að vera lokið innan tólf almanaksmánaða frá lokum gildistíma fyrra námskeiðs.

g) Þjálfun í flugvél/flughermi. Flugrekandi skal sjá til þess að hver flugliði fari í þjálfun í flugvél/flugþjálfa a.m.k. á tólf almanaksmánaða fresti. Ef þjálfunin fer fram innan þriggja síðustu almanaksmánaða áður en tólf mánaða tímabilinu lýkur þarf þjálfun í flugvél/flugþjálfa að vera lokið innan tólf almanaksmánaða frá lokum gildistíma fyrra námskeiðs.

OPS 1.968

Starfsréttindi flugmanns til starfa í hvoru flugmannssætinu sem er

(Sjá 1. viðbæti við OPS 1.968)

a) Flugrekandi skal sjá til þess:

1) að flugmaður, sem kann að vera settur til starfa í hvoru flugmannssætinu sem er, ljúki tilheyrandi þjálfun og prófi og

2) að áætlun um þjálfunina og prófið sé skráð í flugrekstrarhandbókina og að flugmálayfirvöld geti fallist á hana.

OPS 1.970

Nýleg reynsla

a) Flugrekandi skal sjá til þess:

1) að flugmaður sé ekki settur til starfa í flugvél sem hluti af skráðri lágmarksáhöfn sem flugmaður sem stýrir eða flugmaður sem aðstoðar nema hann hafi framkvæmt a.m.k. þrjú flugtök og þrjár lendingar næstliðna 90 daga sem flugmaður sem stýrir í flugvél eða í flughermi af sömu tegund/flokki,

2) að flugmaður, sem hefur ekki fullgild blindflugsréttindi, sé ekki settur til starfa í flugvél að nóttu til sem flugstjóri nema hann hafi framkvæmt a.m.k. eina lendingu að nóttu til næstliðna 90 daga sem flugmaður sem stýrir í flugvél eða í flughermi af sömu tegund/flokki.

b) Heimilt er að lengja 90 daga tímabilið, sem mælt er fyrir um í 1. og 2. lið a-liðar hér að framan, í 120 daga í mesta lagi ef flogið er leiðarflug undir umsjón tegundarkennara eða tegundarprófdómara. Að því er varðar tímabil, sem er umfram 120 daga, er kröfunni um nýlega reynslu fullnægt með þjálfunarflugi eða með notkun flughermis fyrir þá tegund flugvélar sem nota á.

OPS 1.975

Réttindi og hæfni til flugs á tilteknum leiðum og inn á tiltekna flugvelli

a) Flugrekandi skal sjá til þess að maður sé ekki settur til starfa sem flugstjóri eða flugmaður, sem flugstjórinn felur stjórn flugsins, fyrr en hann hefur öðlast næga þekkingu á flugleiðinni, sem á að fljúga, flugvöllum þeim, (að varaflugvöllum meðtöldum) sem fyrirhugað er að nota, og búnaði og verklagi á þeim flugvöllum.

b) Gildistími réttinda og hæfni til flugs á tilteknum leiðum og inn á tiltekna flugvelli er tólf almanaksmánuðir til viðbótar við það sem eftir er:

1) af mánuðinum þegar réttindin fengust eða

2) af mánuðinum þegar síðast var flogið á umræddum leiðum eða á viðkomandi flugvelli.

c) Endurnýja skal réttindi og hæfni til flugs á tilteknum leiðum og inn á tiltekna flugvelli með því að fljúga á leiðunum eða inn á flugvellina innan gildistímans sem mælt er fyrir um í b-lið hér að framan.

d) Ef réttindi og hæfni eru endurnýjuð á síðustu þremur almanaksmánuðunum, sem fyrri réttindin og hæfni til flugs á tilteknum leiðum og inn á tiltekna flugvelli eru í gildi, skal gildistíminn framlengdur frá endurnýjunardegi til loka tólfta almanaksmánaðar frá því að fyrri réttindi og hæfni til flugs á tilteknum leiðum og inn á tiltekna flugvelli rann út.

OPS 1.978

Sérhönnuð þjálfunar- og starfsréttindaáætlun (ATQP)

(Sjá 1. viðbæti við OPS 1.978)

a) Flugrekandi, sem hefur stundað samfelldan flugrekstur í minnst tvö ár, má, í stað þess að fara eftir kröfum um þjálfun og próf fyrir flugliða í a-lið 1. viðbætis við OPS 1.978, fara eftir sérhannaðri þjálfunar- og starfsréttindaáætlun sem flugmálayfirvöld hafa samþykkt. Lækka má kröfur um tveggja ára samfelldan flugrekstur að ákvörðun flugmálayfirvalda.

b) Sérhannaða þjálfunar- og starfsréttindaáætlunin skal fela í sér þjálfun og próf sem sýna fram á a.m.k. jafnmikla hæfni og sem næst með því að fara eftir ákvæðum OPS 1.945, 1.965 og 1.970. Staðfesta skal staðal um þjálfun og starfsréttindi flugliða áður en þjálfun og prófun hefst samkvæmt sérhannaðri þjálfunar- og starfsréttindaáætlun. Einnig skal tilgreina þjálfunar- og starfsréttindastaðla sem krafist er samkvæmt sérhönnuðu þjálfunar- og starfsréttindaáætluninni.

c) Flugrekandi, sem sækir um samþykki flugmálayfirvalda til að innleiða sérhannaða þjálfunar- og starfsréttindaáætlun, skal leggja fram innleiðingaráætlun sem er í samræmi við c-lið 1. viðbætis við OPS 1.978.

d) Til viðbótar við prófin, sem krafist er samkvæmt OPS 1.965 og 1.970, skal flugrekandi sjá til þess að allir flugliðar fari í frammistöðumat í leiðarflugi (LOE).

1) Frammistöðumat í leiðarflugi skal fara fram í flughermi. Það má framkvæma um leið og önnur sérhönnuð þjálfunar- og starfsréttindaáætlun fer fram.

2) Gildistími frammistöðumats í leiðarflugi skal vera tólf almanaksmánuðir til viðbótar við það sem eftir er af útgáfumánuðinum. Ef það er gefið út fyrir lok þriggja síðustu almanaksmánaða síðasta gildistíma skal gildistíminn vera frá útgáfudegi í tólf almanaksmánuði frá þeim degi sem síðasta frammistöðumat í leiðarflugi féll úr gildi.

e) Eftir að hafa stundað flugrekstur í samræmi við samþykkta sérhannaða þjálfunar- og starfsréttindaáætlun í tvö ár getur flugrekandi, ef flugmálayfirvöld samþykkja það, lengt gildistímann í OPS 1.965 og 1.970 á eftirfarandi hátt:

1) Hæfnipróf flugrekanda — í tólf almanaksmánuði til viðbótar við það sem eftir er af útgáfumánuðinum. Ef prófið er gefið út á síðustu þremur almanaksmánuðunum, sem fyrra hæfnipróf flugrekanda er í gildi, skal gildistíminn vera frá útgáfudegi í tólf almanaksmánuði frá því að gildistími fyrra hæfniprófsins rann út.

2) Leiðarflugspróf — í 24 almanaksmánuði til viðbótar við það sem eftir er af útgáfumánuðinum. Ef prófið er gefið út á síðustu sex almanaksmánuðum, sem fyrra leiðarflugspróf er í gildi, skal gildistíminn vera frá útgáfudegi í 24 almanaksmánuði frá því að fyrra leiðarflugsprófið féll úr gildi. Leiðarflugsprófið má sameina gæðamati í leiðarflugi (LOQE) með samþykki flugmálayfirvalda.

3) Próf í notkun neyðar- og öryggisbúnaðar — í 24 almanaksmánuði til viðbótar við það sem eftir er af útgáfumánuðinum. Ef prófið er gefið út á síðustu sex almanaksmánuðum, sem fyrra prófið er í gildi, skal gildistími vera frá útgáfudegi í 24 almanaksmánuði frá því að fyrra prófið féll úr gildi.

f) Sérhannaða þjálfunar- og starfsréttindaáætlunin skal vera á ábyrgð tilnefnds yfirmanns.

OPS 1.980

Starfræksla á fleiri en einni tegund eða afbrigði flugvélar

(Sjá 1. viðbæti við OPS 1.980)

a) Flugrekandi skal sjá til þess að flugliði starfi ekki á fleiri en einni tegund eða afbrigði flugvélar nema flugliðinn sé til þess hæfur.

b) Þegar flugrekandi hyggur á starfrækslu fleiri en einnar tegundar eða afbrigðis flugvéla skal hann tryggja að mismunur viðkomandi flugvéla og/eða hversu líkar þær eru leyfi að slík starfræksla sé réttlætanleg, með hliðsjón af eftirfarandi atriðum:

1) tæknistigi,

2) verklagsreglum,

3) stjórnunareiginleikum.

c) Flugrekandi skal sjá til þess að flugliði, sem starfar á fleiri en einni tegund eða afbrigði flugvélar, uppfylli allar kröfur N-kafla fyrir hverja tegund eða afbrigði nema flugmálayfirvöld hafi samþykkt að telja honum til tekna atriði varðandi þjálfun, próf og nýlega reynslu.

d) Flugrekandi skal skilgreina í flugrekstrarhandbókinni viðeigandi verklagsreglur og/eða starfrækslutakmarkanir, samþykktar af flugmálayfirvöldum, fyrir alla starfrækslu fleiri en einnar tegundar eða eins afbrigðis flugvélar og skulu þær taka til:

1) lágmarksflugreynslu flugliðans,

2) lágmarksreynslu á einni tegund eða afbrigði flugvélar áður en þjálfun og starfræksla á annarri tegund eða afbrigði flugvélar hefst,

3) þjálfunarferlis flugliða með réttindi á eina tegund eða afbrigði flugvélar til að fá að starfa á annarri tegund eða afbrigði flugvélar,

4) allra krafna sem gerðar eru um nýlega reynslu á hverri tegund eða afbrigði flugvélar.

OPS 1.981

Starfræksla þyrlna og flugvéla

a) Þegar flugliði starfrækir bæði þyrlur og flugvélar:

1) er flugrekanda skylt að sjá til þess að starfræksla þyrlna og flugvéla sé takmörkuð við eina tegund af hvoru,

2) er flugrekanda skylt að skilgreina í flugrekstrarhandbókinni viðeigandi verklag og/eða starfrækslutakmarkanir sem samþykktar eru af flugmálayfirvöldum.

OPS 1.985

Þjálfunarskrár

a) Flugrekandi skal:

1) halda skrár yfir alla þjálfun, próf og starfsréttindi, sem mælt er fyrir um í OPS 1.945, 1.955, 1.965, 1.968 og 1.975 fyrir hvern flugliða og

2) veita viðkomandi flugliða aðgang að öllum skrám um námskeið vegna flugvélaskipta og um reglubundna þjálfun og próf, ef hann óskar þess.

1. viðbætir við OPS 1.940

Afleysingar flugliða í flugi

a) Heimilt er að flugliði með tilskilin starfsréttindi leysi annan flugliða af við stjórntækin á flugi.

b) Flugstjóri leystur af

1) Flugstjóri getur falið öðrum að sjá um framkvæmd flugsins sem hér segir:

i. öðrum flugstjóra með tilskilin starfsréttindi eða

ii. í flugi yfir fluglagi 200 eingöngu, flugmanni með starfsréttindi sem eru nánar tilgreind í c-lið hér á eftir.

c) Lágmarkskröfur, sem gerðar eru til flugmanns sem leysir flugstjóra af, eru sem hér segir:

1) hann skal hafa gilt 1. flokks atvinnuflugmannsskírteini,

2) hann skal hafa lokið þjálfun og prófi vegna flugvélaskipta (að meðtalinni þjálfun til tegundarréttinda) eins og mælt er fyrir um í OPS 1.945,

3) hann skal hafa lokið allri reglubundinni þjálfun og prófum, eins og mælt er fyrir um í OPS 1.965 og 1.968, og

4) hann skal hafa réttindi og hæfni til flugs á tilteknum leiðum sem mælt er fyrir um í OPS 1.975.

d) Aðstoðarflugmaður leystur af

1) Eftirtaldir mega leysa aðstoðarflugmanninn af:

i. annar flugmaður með tilskilin starfsréttindi eða

ii. aðstoðarflugmaður sem leysir af í farflugi og hefur starfsréttindi eins og nánar er tiltekið í e-lið hér á eftir.

e) Lágmarkskröfur, sem gerðar eru til aðstoðarflugmanns sem leysir af í farflugi, eru sem hér segir:

1) hann skal hafa gilt atvinnuflugmannsskírteini með blindflugsáritun,

2) hann skal hafa lokið þjálfun og prófi vegna flugvélaskipta, að meðtalinni þjálfun til tegundarréttinda, eins og mælt er fyrir um í OPS 1.945, að undanskildum kröfum um þjálfun í flugtaki og lendingu,

3) hann skal hafa lokið allri reglubundinni þjálfun og prófum, eins og mælt er fyrir um í OPS 1.965, að undanskildum kröfum um þjálfun í flugtaki og lendingu og

4) hann má einungis starfa sem aðstoðarflugmaður í farflugi og ekki undir fluglagi 200,

5) ekki er krafist nýlegrar reynslu eins og mælt er fyrir um í OPS 1.970. Þó skal flugmaður fá æfingu í flughermi til að uppfylla skilyrði um nýlega reynslu og flugþjálfun til upprifjunar á minnst 90 daga fresti. Upprifjunina má sameina þjálfuninni sem mælt er fyrir um í OPS 1.965.

f) Flugkerfastjóri leystur af. Flugverja með flugvélstjóraskírteini eða flugliða með tilskilin starfsréttindi, sem flugmálayfirvöld geta fallist á, er heimilt að leysa flugkerfastjóra af.

2. viðbætir við OPS 1.940

Starfræksla með einum flugmanni samkvæmt blindflugsreglum eða að nóttu til

a) Heimilt er að einn flugmaður starfræki flugvélar, sem um getur í 2. lið b-liðar OPS 1.940, samkvæmt blindflugsreglum eða að nóttu til að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

1) flugrekandi skal birta áætlun um þjálfun vegna flugvélaskipta og reglubundna þjálfun flugmannanna í flugrekstrarhandbókinni ásamt frekari kröfum sem gerðar eru til starfrækslu með einum flugmanni,

2) verklagsreglur í stjórnklefa skulu sérstaklega taka til:

i. stjórnunar á hreyflum og neyðarmeðferðar,

ii. notkunar gátlista fyrir venjulegar og óvenjulegar aðstæður og neyðaraðstæður,

iii. fjarskipta við flugumferðarstjórn (ATC),

iv. verklags við brottflug og aðflug,

v. meðhöndlunar sjálfstýringar og

vi. notkunar einfaldrar gagnafærslu í flugi,

3) reglubundnu prófin, sem krafist er í OPS 1.965, skulu fara fram þannig að flugmaðurinn sé í hlutverki eina flugmannsins á þeirri tegund eða flokki flugvéla og í því umhverfi sem er dæmigert fyrir flugið,

4) flugmaðurinn skal hafa flogið þeirri tilteknu tegund eða flokki flugvéla, sem um ræðir, samkvæmt blindflugsreglum í minnst 50 flugstundir, þar af tíu flugstundir sem flugstjóri, og

5) lágmarkskröfur, sem gerðar eru um nýlega reynslu flugmanns sem er eini flugmaðurinn í áhöfn, þar sem flogið er eftir blindflugsreglum eða að nóttu til, skulu vera fimm flug samkvæmt blindflugsreglum, þar af þrjú blindaðflug næstliðna 90 daga sem eini flugmaðurinn á sömu tegund eða flokk flugvéla. Í stað þessarar kröfu getur komið próf í blindaðflugi samkvæmt blindflugsreglum á viðkomandi flugvélategund eða -flokk.

1. viðbætir við OPS 1.945

Námskeið flugrekenda vegna flugvélaskipta

a) Námskeið flugrekanda vegna flugvélaskipta skal ná yfir:

1) þjálfun á jörðu niðri og próf, þ .m.t. í flugvélakerfum og verklagi við venjulegar og óvenjulegar aðstæður og neyðaraðstæður,

2) þjálfun og próf í notkun neyðar- og öryggisbúnaðar sem skal lokið áður en þjálfun í flugvél hefst,

3) þjálfun og próf í flugvél/flughermi og

4) leiðarflug undir umsjón og leiðarflugspróf.

b) Námskeið vegna flugvélaskipta skulu fara fram í þeirri röð sem kemur fram í a-lið hér að framan.

c) Hlutar úr stjórnun áhafnarsamvinnu skulu samþættir námskeiðinu vegna flugvélaskipta og vera í höndum starfsfólks með tilskilin réttindi.

d) Hafi flugliði ekki áður lokið námskeiði flugrekanda vegna flugvélaskipta skal flugrekandi sjá til þess að til viðbótar við a-lið hér að framan fái flugliðinn almenna þjálfun í skyndihjálp og, ef við á, þjálfun í verklagi við nauðlendingu á vatni og notkun viðeigandi búnaðar í vatni.

1. viðbætir við OPS 1.965

Reglubundin þjálfun og próf — flugmenn

a) Reglubundin þjálfun. Reglubundin þjálfun skal ná yfir:

1) þjálfun á jörðu niðri og upprifjunarþjálfun,

i. áætlun um þjálfun á jörðu niðri og upprifjunarþjálfun skal ná yfir eftirfarandi:

A) flugvélakerfi,

B) verklagsreglur og kröfur, sem gerðar eru vegna hennar, þ.m.t. íseyðing og ísingarvarnir á jörðu niðri og óstarfhæfni flugmanns og

C) farið yfir atvik, slys og flugatvik.

ii. Að lokinni þjálfun á jörðu niðri og upprifjunarþjálfun skal sannreyna kunnáttu með spurningalista eða öðrum heppilegum aðferðum.

2) Þjálfun í flugvél/flugþjálfa

i. Áætlun um þjálfun í flugvél/flugþjálfa skal hagað þannig að á næstliðnum þremur árum hafi verið fjallað um allar helstu bilanir í flugvélakerfum og verklagsreglur í tengslum við þær.

ii. Þegar æft er flug með hreyfilbilun í flugvél skal líkt eftir hreyfilbilun.

iii. Heimilt er að sameina þjálfun í flugvél/flugþjálfa og hæfnipróf flugrekanda.

3) Þjálfun í notkun neyðar- og öryggisbúnaðar

i. Heimilt er að sameina þjálfun í notkun neyðar- og öryggisbúnaðar og próf í notkun neyðar- og öryggisbúnaðar og skal hvort tveggja fara fram um borð í flugvél eða öðru hentugu þjálfunartæki.

ii. Í áætlun um þjálfun í notkun neyðar- og öryggisbúnaðar skal á hverju ári gera ráð fyrir:

A) að þátttakendur fari í björgunarvesti ef þau eru hluti af búnaðinum,

B) að þátttakendur setji á sig öndunarhlífar, ef þau eru hluti af búnaðinum,

C) að þátttakendur meðhöndli slökkvitæki,

D) kennslu um staðsetningu og í notkun alls neyðar- og öryggisbúnaðar um borð í flugvélinni,

E) kennslu um staðsetningu og í notkun útganga af öllum gerðum og

F) æfingum í verklagi við flugvernd.

iii. Í þjálfunaráætlun skal á þriggja ára fresti gera ráð fyrir:

A) raunverulegri notkun útganga af öllum gerðum,

B) sýnikennslu í notkun neyðarrennu ef hún er hluti af búnaðinum,

C) að barist sé gegn raunverulegum eldi eða eftirlíkingu af eldi með sams konar búnaði og er í flugvélinni, nema ef um halonslökkvitæki er að ræða, en þá er heimilt að nota aðra aðferð sem flugmálayfirvöld geta fallist á,

D) umfjöllun um áhrif reyks í lokuðu rými, og raunverulegri notkun alls búnaðar þar að lútandi, þar sem líkt er eftir reykmettun,

E) meðhöndlun neyðarblysa, raunverulegra eða eftirlíkinga, ef þau eru hluti af búnaðinum og

F) sýnikennslu í notkun björgunarbáta ef þeir eru hluti af búnaðinum.

4) Þjálfun í stjórnun áhafnarsamvinnu

i. hlutar úr þjálfun í stjórnun áhafnarsamvinnu skulu samþættir viðeigandi stigum reglubundinnar þjálfunar

ii. sértækri áætlun fyrir áfangaþjálfun í stjórnun áhafnarsamvinnu skal hagað þannig að farið sé yfir öll helstu viðfangsefni þjálfunar í stjórnun áhafnarsamvinnu á tímabili, sem er ekki lengra en þrjú ár, sem hér segir:

A) mannleg mistök og áreiðanleika, mistakatengsla, og að koma í veg fyrir og að greina mistök,

B) öryggisstefnu fyrirtækis, staðlaðar verklagsreglur, skipulagsþætti,

C) streitu, streitustjórnun, þreytu og árvekni,

D) upplýsingaöflun og -vinnslu, næmi á aðstæður, stjórnun vinnuálags,

E) ákvarðanatöku,

F) samskipti og samræmingu innan og utan stjórnklefa,

G) forystuhæfileika og hóphegðun, samvirkni,

H) sjálfvirkni og grundvallarreglur um notkun sjálfvirkni (ef við á um tegundina),

I) sértækan mismun sem tengist tilteknum tegundum flugvéla,

J) raundæmi,

K) önnur svið sem krefjast frekari athygli og koma fram í áætluninni um slysavarnir og flugöryggi (sjá OPS 1.037).

iii. Flugrekendur skulu setja verklagsreglur um uppfærslu áætlunar sinnar að því er varðar reglubundna þjálfun í stjórnun áhafnarsamvinnu. Endurskoðunin skal framkvæmd á tímabili sem er ekki lengra en þrjú ár. Við endurskoðun á þjálfunaráætluninni skal taka tillit til ópersónugreinanlegrar niðurstöðu í mati á áhöfnum í stjórnun áhafnarsamvinnu og upplýsinga sem hafa komið í ljós í áætluninni um slysavarnir og flugöryggi.

b) Reglubundin próf. Reglubundin próf eru sem hér segir:

1) Hæfnipróf flugrekanda.

i. Þar sem við á, skulu hæfnipróf flugrekanda felast í eftirfarandi æfingum:

A) flugtaki sem hætt er við, ef flughermir er tiltækur, annars aðeins snertiæfingar,

B) flugtaki með hreyfilbilun milli ákvörðunarhraða V_1 eða öryggishraða V_2 eins fljótt og öryggi leyfir,

C) nákvæmnisblindaðflugi niður í aðflugslágmark og, ef um er að ræða fjölhreyflaflugvélar, með einn hreyfil óstarfhæfan,

D) grunnaðflugi niður í aðflugslágmark,

E) blindfráflugi úr aðflugslágmarki og, ef um er að ræða fjölhreyflaflugvélar, með einn hreyfil óstarfhæfan,

F) lendingu með einn hreyfil óstarfhæfan. Ef um er að ræða eins hreyfils vélar er þess krafist að nauðlending sé æfð.

ii. Þegar æft er flug í flugvél með hreyfilinn óstarfhæfan skal líkja eftir hreyfilbilun.

iii. Til viðbótar við prófin, sem mælt er fyrir í a- til f-lið í i. lið hér að framan, verður að standast kröfurnar sem gilda um útgáfu flugliðaskírteina á tólf mánaða fresti en það má sameina hæfniprófi flugrekanda.

iv. Ef um er að ræða flugmann, sem flýgur einungis samkvæmt sjónflugsreglum, er heimilt að sleppa prófunum, sem mælt er fyrir um í c- til e-lið í i. lið hér að framan, nema fljúga þurfi aðflug og hætta við lendingu í fjölhreyflaflugvél með einn hreyfil óstarfhæfan.

v. Hæfnipróf flugrekanda skulu vera í höndum tegundarprófdómara.

2) Próf í notkun neyðar- og öryggisbúnaðar. Atriðin, sem prófa á, skulu vera þau sömu og farið var yfir í þjálfuninni skv. 3. lið a-liðar hér að framan.

3) Leiðarflugspróf

i. Í leiðarflugsprófi verður að fást fullnægjandi staðfesting á kunnáttu í flugi á flugleið frá byrjun til enda, að meðtöldu verklagi fyrir og eftir flug og notkun þess búnaðar sem tiltækur er, og eins og tilgreint er í flugrekstrarhandbókinni.

ii. Meta verður hæfni flugáhafnar í stjórnun áhafnarsamvinnu í samræmi við aðferðafræði sem flugmálayfirvöld geta fallist á og er birt í flugrekstrarhandbókinni. Tilgangurinn með slíku mati er:

a) að veita áhöfninni í heild og hverjum einstaklingi svörun (um það sem fram kemur í því mati) og greina hvar endurþjálfunar er þörf og

b) að nota það til að bæta þjálfunarkerfið fyrir stjórnun áhafnarsamvinnu.

iii. Ekki má nota mat á stjórnun áhafnarsamvinnu eitt og sér þegar metið er hvort viðkomandi hafi náð leiðarflugsprófi.

iv. Þegar flugmanni eru falin störf sem flugmaður sem stýrir og flugmaður sem aðstoðar verður að prófa hann í báðum störfunum.

v. Leiðarflugspróf skulu fara fram í flugvél.

vi. Leiðarflugspróf skulu vera í höndum flugstjóra sem flugrekandi hefur tilnefnt og flugmálayfirvöld geta fallist á. Einstaklingurinn, sem hefur með höndum framkvæmd leiðarflugsprófsins, og lýst er í ii. lið 4. liðar a-liðar OPS 1.965, skal hafa hlotið þjálfun í hugtökum varðandi stjórnun áhafnarsamvinnu og mati á hæfni í stjórnun áhafnarsamvinnu og skal sitja í áhorfendasæti þar sem það er til staðar. Þegar um er að ræða langflug, með aukinni flugáhöfn, má einstaklingurinn gegna hlutverki flugmanns, sem leysir af í farflugi, og skal ekki sitja í flugmannssæti í flugtaki, brottflugi, upphafi farflugs, lækkun, aðflugi og lendingu. Skal mat hans á stjórnun áhafnarsamvinnu aðeins byggjast á athugunum sem gerðar eru á meðan grunnkynning, upplýsingar í farþegaklefa og kynning í stjórnklefa eru gefnar og á þeim stigum þegar hann situr í áhorfendasæti.

2. viðbætir við OPS 1.965

Reglubundin þjálfun og próf — flugkerfastjórar

a) Í reglubundinni þjálfun og prófum fyrir flugkerfastjóra skulu þeir uppfylla kröfur, sem gerðar eru til flugmanna, og um hvers kyns viðbótarstörf, að undanskildum þeim atriðum sem eiga ekki við um flugkerfastjóra.

b) Reglubundin þjálfun og prófun flugkerfastjóra skal, alltaf ef unnt er, fara fram um leið og flugmaður gengst undir reglubundna þjálfun og próf.

c) Leiðarflugspróf skal vera í höndum flugstjóra, sem flugrekandi hefur tilnefnt og flugmálayfirvöld geta fallist á, eða í höndum tegundarkennara eða tegundarprófdómara fyrir flugkerfastjóra.

1. viðbætir við OPS 1.968

Starfsréttindi flugmanns til starfa í hvoru flugmannssætinu sem er

a) Ef starf flugstjóra felst einnig í því að starfa í hægra sætinu og inna af hendi störf aðstoðarflugmanns, eða annast þjálfun eða prófstörf úr hægra sætinu, skal hann ljúka frekari þjálfun og prófum, eins og tilgreint er í flugrekstrarhandbókinni, um leið og hann tekur hæfnipróf flugrekanda sem mælt er fyrir um í b-lið OPS 1.965. Þessi viðbótarþjálfun skal a.m.k. taka til:

   1) hreyfilbilunar í flugtaki,

   2) aðflugs með óstarfhæfan hreyfil og að hætt sé við lendingu með einn hreyfil óstarfhæfan og

   3) lendingar með einn hreyfil óstarfhæfan.

b) Þegar æft er flug í flugvél með óstarfhæfan hreyfil skal líkt eftir hreyfilbilun.

c) Ef starfað er í hægra sætinu skulu prófin, sem krafist er í OPS til starfa í vinstra sætinu, einnig vera í gildi.

d) Flugmaður, sem leysir flugstjóra af við framkvæmd flugsins, skal sýna kunnáttu sína í æfingum og verklagi við störf, sem venjulega væru ekki í verkahring þess sem leysir af, um leið og hann tekur hæfnipróf flugrekanda sem mælt er fyrir um í b-lið OPS 1.965. Ef munurinn á vinstra og hægra sæti er óverulegur (t.d. vegna sjálfstýringar) má þjálfun fara fram í hvoru sætinu sem er.

e) Flugmaður, annar en flugstjóri, sem situr í vinstra sæti, skal sýna kunnáttu sína í æfingum og verklagi við störf, sem annars væru í verkahring flugstjóra sem flugmanns sem ekki stýrir, um leið og hann tekur hæfnipróf flugrekanda sem mælt er fyrir um í b-lið OPS 1.965. Ef munurinn á vinstra og hægra sæti er óverulegur (t.d. vegna sjálfstýringar) má þjálfun fara fram í hvoru sætinu sem er.

1. viðbætir við OPS 1.978

Sérhönnuð þjálfunar- og starfsréttindaáætlun

a) Sérhönnuð þ jálfunar- og starfsréttindaáætlun flugrekanda getur átt við eftirfarandi kröfur varðandi þ jálfun og starfsréttindi:

1) OPS 1.450 og 1. viðbæti OPS 1.450 — Starfræksla í lélegu skyggni –þjálfun og starfsréttindi,

2) OPS 1.945 Þjálfun og próf vegna flugvélaskipta og 1. viðbæti við OPS 1.945,

3) OPS 1.950 Mismunarþjálfun og kynningarþjálfun,

4) b-lið OPS 1.955 — Tilnefning til flugstjóra,

5) OPS 1.965 Reglubundin þjálfun og próf og 1. og 2. viðbæti OPS 1.965,

6) OPS 1.980 Starfræksla á fleiri en einni tegundar eða afbrigði flugvélar og 1. viðbæti OPS 1.980.

b) Þættir sérhönnuðu þ jálfunar- og starfsréttindaáætlunarinnar — Eftirfarandi felst í sérhannaðri þjálfunar- og starfsréttindaáætlun:

1) Skjöl þar sem skráð er umfang og kröfur þjálfunaráætlunarinnar,

2) Verkgreining til að ákveða hvaða verkefni skal greina varðandi:

i. þekkingu,

ii. færni sem krafist er,

iii. viðeigandi færniþjálfun,

og, þar sem við á,

iv. gildandi skor við atferlismat.

3) Námsefni — Samsetning og innihald námsefnis skal ákvarðað með þ ví að greina verkefnið og markmið þ ess varðandi færni, þ.m.t. hvenær og hvernig eigi að ná þessum markmiðum. Flugmálayfirvöld skulu telja aðferð við samningu námsefnis ásættanlega.

4) Sérstök þjálfunaráætlun:

i. fyrir allar tegundir/flokka flugvéla sem sérhannaða þjálfunar- og starfsréttindaáætlunin tekur til,

ii. fyrir kennara (flokkskennara/flugþjálfakennara/tegundarkennara) og annað starfsfólk sem hefur með höndum kennslu flugáhafna,

iii. fyrir prófdómara (flokksprófdómara/flugþjálfa prófdómara/tegundarprófdómara) ásamt aðferð til að samræma störf kennara og prófdómara.

5) Svörunarkerfi til að meta og bæta námskrá og tryggja að þjálfunaráætlunin sé í samræmi við markmið varðandi hæfni.

6) Aðferð til að meta flugáhafnir í þjálfun bæði vegna námskeiðs til flugvélaskipta og vegna reglubundinnar þjálfunar og prófa. Matsferlið skal fela í sér atburðamiðað mat sem hluti af frammistöðumati í leiðarflugi. Matsaðferðin skal vera í samræmi við OPS 1.965.

7) Samþætt gæðaeftirlitskerfi sem tryggir að uppfylltar séu allar kröfur, ferli og verklagsreglur í þjálfunaráætluninni.

8) Ferli sem lýsir þ eirri aðferð sem á að fylgja ef áætlun varðandi eftirlit og mat tryggir ekki að uppfylltir séu hefðbundnir hæfnis- og starfsréttindastaðlar fyrir flugáhafnir.

9) Áætlun um gagnaeftirlit og greiningu.

c) Framkvæmd — Flugrekandi skal semja áætlun um mat og framkvæmd sem flugmálayfirvöld geta fallist á og þar sem uppfylla skal eftirfarandi kröfur:

1) Framkvæmdarferlið skal fela í sér eftirfarandi stig:

i. öryggisferli sem færir sönnur á gildi:

A) endurskoðaðra þjálfunar- og starfsréttindastaðla í samanburði við þann árangur sem náðist samkvæmt OPS 1 áður en þjálfun samkvæmt sérhannaðri þjálfunar- og starfsréttindaáætlun hófst,

B) allra nýrra aðferða við þjálfun sem eru framkvæmdar sem hluti af sérhönnuðu þjálfunar- og starfsréttindaáætluninni;

ef flugmálayfirvöld samþykkja það getur flugrekandinn notað jafngóða aðferð aðra en formlegt öryggisferli,

ii. framkvæmd verkgreiningar, eins og krafist er í 2. lið. b-liðar hér að framan, til þess að útbúa þjálfunaráætlun flugrekandans, með þeirri þjálfun sem stefnt er að, ásamt viðkomandi þjálfunarmarkmiðum,

iii. tímabil flugrekstrar á meðan upplýsingum er safnað og þær greindar til að tryggja skilvirkni öryggisferilsins eða sambærilegrar aðferðar og staðfesta verkgreininguna. Á þessu tímabili skal flugrekandinn halda áfram að starfa samkvæmt kröfum OPS 1 (fyrir framkvæmd sérhönnuðu þjálfunar- og starfsréttindaáætlunarinnar. Komast skal að samkomulagi við flugmálayfirvöld um lengd þessa tímabils.

2) Síðan er hægt að samþykkja að flugrekandinn annist þjálfun og starfsréttindi eins og lýst er í sérhönnuðu þjálfunar- og starfsréttindaáætluninni.

1. viðbætir við OPS 1.980

Starfræksla á fleiri en einni tegund eða afbrigði flugvélar

a) Þegar flugliði starfrækir fleiri en einn flokk, tegund eða afbrigði flugvélar, sem skráð eru í samræmi við þær kröfur sem gilda um kröfur um veitingu flugliðaskírteina og tengdra verklagsreglna fyrir flokk og/eða tegund einstjórnar, en ekki á einni skírteinisáritun skal flugrekandi fara að eftirfarandi ákvæðum:

1) Flugliði skal ekki starfrækja fleiri en:

i. þrjár tegundir eða afbrigði flugvéla knúnum strokkhreyflum eða

ii. þrjár tegundir eða afbrigði skrúfuþotna eða

iii. eina tegund eða afbrigði skrúfuþotu og eina tegund eða afbrigði flugvélar knúinni strokkhreyfli, eða

iv. eina tegund eða afbrigði skrúfuþotu og hvaða flugvél sem er í ákveðnum flokki.

2) OPS 1.965 fyrir hverja tegund eða afbrigði sem starfrækt er nema flugrekandi hafi sýnt fram á tiltekið verklag og/eða starfrækslutakmarkanir sem flugmálayfirvöld geta fallist á.

b) Þegar flugliði starfrækir fleiri en eina tegund eða afbrigði flugvélar á einni eða fleiri skírteinisáritunum, eins og skilgreint er í kröfum um veitingu flugliðaskírteina og tengdum verklagsreglum fyrir tegund-fjölstjórnar, skal flugrekandi sjá til þess:

1) að lágmarksflugáhöfn, sem tilgreind er í flugrekstrarhandbókinni, sé hin sama fyrir hverja tegund eða afbrigði sem á að starfrækja,

2) að flugliði starfræki ekki fleiri en tvær tegundir eða afbrigði flugvéla, sem krafist er sérstakrar skírteinisáritunar fyrir, og

3) að aðeins flugvélum á einni skírteinisáritun sé flogið á einni flugvakt nema flugrekandi hafi sett verklagsreglur sem tryggja að nægur tími sé til undirbúnings.

Aths.: sjá c- og d-lið hér á eftir fyrir tilvik þar sem fleiri en ein skírteinisáritun kemur við sögu.

c) Þegar flugliði starfrækir fleiri en eina tegund eða eitt afbrigði flugvélar, sem talin eru upp í kröfum um veitingu flugliðaskírteina og tengdum verklagsreglum fyrir tegund-einstjórnar og tegund-fjölstjórnar en ekki á einni skírteinisáritun, skal flugrekandi fara að eftirfarandi ákvæðum:

1) 1., 2. og 3. lið b-liðar hér að framan,

2) d-lið hér á eftir.

d) Þegar flugliði starfrækir fleiri en eina tegund eða afbrigði flugvélar sem talin eru upp í kröfum um veitingu flugliðaskírteina og tengdum verklagsreglum fyrir tegund-fjölstjórnar en ekki á einni skírteinisáritun skal flugrekandi fara að eftirfarandi ákvæðum:

1) 1., 2. og 3. lið b-liðar hér að framan,

2) áður en neytt er réttinda tveggja skírteinisáritana:

i. verða flugliðar að hafa lokið tveimur hæfniprófum flugrekanda í röð og eiga að baki 500 klukkustundir í viðeigandi áhafnarstöðu í flutningaflugi hjá sama flugrekanda,

ii. þegar um er að ræða flugmann með reynslu hjá flugrekanda, sem neytir réttinda tveggja skírteinaáritana og er síðan gerður að flugstjóra hjá sama flugrekanda á annarri af þeim tegundum, er lágmarksreynsla sem flugstjóri sex mánuðir og 300 stundir og flugmaðurinn verður að hafa lokið tveimur hæfniprófum flugrekanda í röð áður en hann verður aftur gjaldgengur til að neyta réttinda tveggja skírteinisáritana,

3) áður en þjálfun og starfræksla annarrar tegundar eða afbrigðis hefst verða flugliðar að hafa lokið þremur mánuðum og 150 klukkustundum við flug á grunnflugvélinni sem verða að innihalda a.m.k. eitt hæfnipróf,

4) eftir að hafa lokið fyrsta leiðarflugsprófi á nýju tegundinni verður að ná 50 klukkustundum í flugi eða fljúga 20 flug aðeins á flugvélum sem nýju tegundarréttindin eiga við um,

5) OPS 1.970 fyrir hverja tegund, sem starfrækt er, nema leyfi hafi verið veitt af flugmálayfirvöldum til að slaka á kröfum í samræmi við 7. lið hér á eftir,

6) tilgreina verður í flugrekstrarhandbókinni þann tíma sem ætlaður er til að ljúka reynslutíma í leiðarflugi á hverja tegund,

7) þegar sóst er eftir leyfi til að slaka á kröfum um þjálfun og próf og nýlega reynslu á milli flugvélategunda verður flugrekandi að sýna flugmálayfirvöldum hvaða atriði þarf ekki að endurtaka á hverri tegund eða hverju afbrigði vegna þess hversu lík þau eru.

i. Í b-lið OPS 1.965 er krafist tveggja hæfniprófa flugrekanda á hverju ári. Þegar undanþága er veitt í samræmi við 7. lið hér að framan vegna hæfniprófa flugrekanda til að skipta á milli tveggja tegunda gildir hvort hæfnipróf flugrekanda um sig til endurnýjunar á hæfniprófi flugrekandans fyrir hina tegundina. Að því tilskildu að tíminn milli hæfniprófa, sem tengjast leyfinu, sé ekki lengri en sá sem mælt er fyrir um í gildandi reglum um veitingu flugliðaskírteina fyrir hverja tegund, teljast viðeigandi kröfur um veitingu flugliðaskírteina uppfylltar. Að auki verður viðeigandi og samþykkt, reglubundin þjálfun að vera tilgreind í flugrekstrarhandbókinni.

ii. Í c-lið OPS 1.965 er krafist eins leiðarflugsprófs á hverju ári. Þegar undanþága er veitt í samræmi við 7. lið hér að framan vegna leiðarflugsprófa til að skipta á milli tveggja tegunda eða afbrigða gildir hvort leiðarflugsprófið um sig til endurnýjar á leiðarflugsprófinu fyrir hina tegundina eða afbrigðið.

iii. Árleg þjálfun og próf í notkun neyðar- og öryggisbúnaðar verður að taka til allra krafna fyrir hverja tegund.

8) OPS 1.965 fyrir hverja tegund eða afbrigði flugvélar, sem starfrækt er, nema leyfi hafi verið veitt af flugmálayfirvöldum til að slaka á kröfum í samræmi við 7. lið hér að framan.

e) Þegar flugliði starfrækir sambland af tegundum eða afbrigðum flugvéla, eins og skilgreint er í kröfum um veitingu flugliðaskírteina og tengdum verklagsreglum fyrir flokk-einstjórnar og tegund-fjölstjórnar verður flugrekandi að sýna fram á tiltekið verklag og/eða starfrækslutakmarkanir sem eru samþykktar í samræmi við d-lið OPS 1.980.

O-KAFLI

ÖRYGGIS- OG ÞJÓNUSTULIÐAR

OPS 1.988

Gildissvið

Flugrekandi skal sjá til þess að allir öryggis- og þjónustuliðar uppfylli kröfur í þessum kafla og aðrar öryggiskröfur sem gilda um öryggis- og þjónustuliða.

Í þessari reglugerð er „öryggis- og þjónustuliði“ sérhver flugverji, annar en flugliði, sem gegnir störfum í þágu öryggis farþega sem flugrekandi eða flugstjóri felur honum í farþegarými flugvélar.

OPS 1.989

Auðkenni

a) Flugrekandi skal sjá til þess að allir þjónustuliðar klæðist einkennisbúningi öryggis- og þjónustuliða, sem flugrekandi lætur í té, og séu auðþekkjanlegir öllum farþegum sem öryggis- og þjónustuliðar.

b) Annað starfsfólk, eins og heilbrigðisstarfsfólk, öryggisverðir, gæslufólk barna, fylgdarmenn, tæknimenntað starfsfólk, skemmtikraftar og túlkar, sem sinnir störfum í farþegarýminu, skal ekki klæðast einkennisbúningi, sem gefur farþegum til kynna að um öryggis- og þjónustuliða sé að ræða, nema það uppfylli kröfur þessa kafla og aðrar viðeigandi kröfur þessarar reglugerðar.

OPS 1.990

Fjöldi í öryggis- og þjónustuáhöfn og samsetning hennar

a) Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél með hámarksfjölda farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi fyrir fleiri en 19, sem flytur einn eða fleiri farþega, nema í áhöfn sé a.m.k. einn öryggis- og þjónustuliði til að gegna störfum sem tilgreind eru í flugrekstrarhandbókinni og varða öryggi farþega.

b) Til að fylgja ákvæðum a-liðar hér að framan skal flugrekandi sjá til þess að lágmarksfjöldi öryggis- og þjónustuliða sé hærri talan af því sem hér segir:

   1) einn öryggis- og þjónustuliði á hver 50 farþegasæti, eða brot af þeirri tölu, sem eru á sama þilfari í flugvélinni, eða

   2) sá fjöldi öryggis- og þjónustuliða, sem var þátttakandi í farþegarými flugvélarinnar við sannprófun á tilheyrandi neyðarrýmingu, eða sem í tilheyrandi greiningu var reiknað með að hefði tekið þátt í sannprófuninni, nema hámarkstala farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi sé a.m.k. 50 lægri en sá fjöldi sem tók þátt í neyðarrýmingunni en heimilt er að fækka um einn í öryggis- og þjónustuáhöfn fyrir hver 50 sæti sem hámarkstala farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi lækkar niður fyrir skráðan hámarkssætafjölda.

c) Við sérstakar aðstæður geta flugmálayfirvöld krafist þess að flugrekandi bæti við öryggis- og þjónustuliðum í áhöfn.

d) Við ófyrirséðar aðstæður er heimilt að fara niður fyrir lágmarksfjölda öryggis- og þjónustuliða í áhöfn, að því tilskildu:

   1) að farþegunum sé fækkað í samræmi við verklagsreglur í flugrekstrarhandbókinni og

   2) að flugmálayfirvöld fái skýrslu um málið að fluginu loknu.

e) Þegar flugrekandi ræður til sín öryggis- og þjónustuliða, sem eru sjálfstæðir atvinnurekendur og/eða vinna í lausamennsku eða hlutastarfi, skal hann sjá til þess að kröfur O-kafla séu uppfylltar. Einkum skal í þessu sambandi taka sérstakt tillit til heildarfjölda þeirra loftfarstegunda og -afbrigða sem öryggis- og þjónustuliðinn má fljúga á í flutningaflugi og sem ekki má vera yfir þeim kröfum sem mælt er fyrir um í OPS 1.1030, þ.m.t. þegar hann starfar hjá öðrum flugrekanda.

OPS 1.995

Lágmarkskröfur

Flugrekandi skal sjá til þess að allir öryggis- og þjónustuliðar:

a) séu a.m.k. 18 ára gamlir,

b) hafi með reglulegu millibili gengist undir læknisskoðun eða mat læknis eins og flugmálayfirvöld krefjast til að kanna hvort þeir séu líkamlega hæfir til að inna af hendi störf sín,

c) hafi lokið með fullnægjandi árangri grunnþjálfun í samræmi við OPS 1.1005 og séu með staðfestingu um að hafa lokið þjálfunarnámskeiði um öryggismál,

d) hafi lokið viðeigandi þjálfun vegna flugvélaskipta og mismunarþjálfun sem nær a.m.k. yfir það námsefni sem skráð er í OPS 1.1010,

e) fái reglubundna þjálfun í samræmi við ákvæði OPS 1.1015,

f) séu hæfir til að gegna störfum sínum í samræmi við verklagsreglur sem tilgreindar eru í flugrekstrarhandbókinni.

OPS 1.1000

Fyrstu öryggis- og þjónustuliðar

a) Flugrekandi skal tilnefna einn öryggis- og þjónustuliða sem fyrsta öryggis- og þjónustuliða ef fleiri en einn er að störfum. Í flugi, þar sem fleiri en einn öryggis- og þjónustuliði er að störfum en aðeins er krafist eins öryggis- og þjónustuliða, skal flugrekandi tilnefna einn öryggis- og þjónustuliða sem á að vera ábyrgur gagnvart flugstjóranum.

b) Fyrsti öryggis- og þjónustuliði ber ábyrgð gagnvart flugstjóra á stjórnun og samræmingu öryggismála í farþegarými og verklagi við eðlilegar aðstæður og í neyðartilvikum eins og tilgreint er í flugrekstrarhandbókinni. Meðan á ókyrrð stendur og leiðbeiningar vantar frá flugáhöfn skal fyrsta öryggis- og þjónustuliða vera heimilt að hætta að fást við skylduverk, sem ekki varða öryggisatriði, og greina flugáhöfn frá því hvaða áhrif ókyrrðin hefur og þörfinni á því að kveikt sé á skiltunum „spennið beltin“. Að því loknu skal öryggis- og þjónustuáhöfn ganga tryggilega frá farþegaklefanum og öðrum viðeigandi svæðum.

c) Ef skylt er samkvæmt OPS 1.990 að hafa fleiri en einn öryggis- og þjónustuliða um borð skal flugrekandi einungis skipa í stöðu fyrsta öryggis- og þjónustuliða einstakling sem hefur a.m.k. eins árs reynslu sem starfandi öryggis- og þjónustuliði og hefur lokið tilskildu námskeiði sem nær a.m.k. yfir eftirfarandi:

   1) fyrirflugskynningu:

      i. starf öryggis- og þjónustuliða,

      ii. skipan öryggis- og þjónustuliða í vinnureiti og ábyrgð þeirra,

      iii. tiltekið flug, þ.m.t. flugvélategund, búnaður, svæði og tegund starfrækslu og flokkur farþega, með sérstöku tilliti til fatlaðra, ungbarna og farþega á sjúkrabörum, og

   2) samvinnu öryggis- og þjónustuliða:

      i. verklagsreglur, ábyrgð og valdbraut,

      ii. mikilvægi samræmingar og samskipta,

      iii. óstarfhæfni flugmanns og

   3) upprifjun krafna flugrekanda og lagakrafna:

      i. öryggisleiðbeiningar til farþega, öryggisspjöld,

      ii. öryggi í eldhúsum,

iii. frágangur handfarangurs,

iv. rafrænn búnaður,

v. verklagsreglur þegar fyllt er á eldsneyti með farþega um borð,

vi. ókyrrð í lofti,

vii. skjöl og

4) mannlegir þættir og stjórnun áhafnarsamvinnu,

5) skýrslugjöf um slys og flugatvik og

6) fartíma- og vinnutímamörk og reglur um hvíldartíma.

d) Flugrekandi skal setja verklagsreglur um hvernig velja skuli næsthæfasta öryggis- og þjónustuliðann til að gegna starfi fyrsta öryggis- og þjónustuliða ef sá sem skipaður er verður ófær til starfa. Flugmálayfirvöld verða að geta fallist á þessar reglur og skal í þeim tekið mið af starfsreynslu öryggis- og þjónustuliðans.

e) Þjálfun í stjórnun áhafnarsamvinnu: flugrekandi skal tryggja að allir viðeigandi þættir a-dálks töflu 1 í 2. viðbæti við OPS 1.1005/1.1010/1.1015 séu felldir inn í þjálfunina og farið yfir þá að því marki sem krafist er í f-dálki, námskeiði fyrir fyrstu öryggis- og þjónustuliða.

OPS 1.1002

Starfræksla með einum öryggis- og þjónustuliða

a) Flugrekandi skal tryggja að hver öryggis- og þjónustuliði, sem hefur ekki sambærilega fyrri reynslu, skuli ljúka eftirfarandi áður en hann starfar einn sem öryggis- og þjónustuliði:

1) þjálfun til viðbótar við þá sem krafist er í OPS 1.1005 og OPS 1.1010 þar sem sérstök áhersla skal lögð á eftirfarandi til að endurspegla starfsemi með einum öryggis- og þjónustuliða:

i. ábyrgð gagnvart flugstjóra á stjórnun öryggismála í farþegarými og verklagi í neyðartilvikum, eins og tilgreint er í flugrekstrarhandbókinni,

ii. mikilvægi samræmingar og samskipta við flugliða, stjórnun farþega sem eru óstýrilátir eða með ólæti,

iii. upprifjun krafna flugrekanda og lagakrafna,

iv. skjalahald,

v. skýrslugjöf um slys og flugatvik,

vi. fartíma- og vinnutímamörk.

2) Kynningarflug í a.m.k. 20 klukkustundir og 15 flug. Kynningarflug skal fara fram undir umsjón nægjanlega reynds öryggis- og þjónustuliða á þeirri flugvélartegund sem skal starfrækt.

b) Flugrekandi skal sjá til þess áður en öryggis- og þjónustuliði er settur einn til starfa sem öryggis- og þjónustuliði að hann sé hæfur til að gegna störfum sínum í samræmi við verklagsreglur sem tilgreindar eru í flugrekstrarhandbókinni. Fjallað skal um hæfi til að starfa einn sem öryggis- og þjónustuliði í viðmiðunum fyrir val á öryggis- og þjónustuliðum, ráðningu, þjálfun og hæfnismat.

OPS 1.1005

Grunnþjálfunarnámskeið um öryggismál

(Sjá 1. viðbæti við OPS 1.1005)

a) Flugrekandi skal sjá til þess að hver öryggis- og þjónustuliði hafi lokið grunnþjálfunarnámskeiði um öryggismál með fullnægjandi árangri, sem nær a.m.k. yfir námsefnið, sem talið er upp í 1. viðbæti við OPS 1.1005, áður en öryggis- og þjónustuliði fer í þjálfun vegna flugvélaskipta.

b) Þjálfunarnámskeið eru haldin samkvæmt ákvörðun flugmálayfirvalda og með fyrirvara um samþykki þeirra:

annaðhvort

1) af flugrekanda

— beint eða

— óbeint í gegnum þjálfunarstöð sem starfar fyrir hönd flugrekanda eða

2) af samþykktri þjálfunarstöð.

c) Áætlun og uppbygging grunnþjálfunarnámskeiðsins skal vera í samræmi við gildandi kröfur og skal áður hafa verið samþykkt af flugmálayfirvöldum.

d) Samkvæmt ákvörðun flugmálayfirvalda skulu flugmálayfirvöld, flugrekandi eða samþykkta þjálfunarstöðin, sem heldur þjálfunarnámskeiðið, láta öryggis- og þjónustuliða í té staðfestingu um að hann hafi lokið þjálfunarnámskeiði um öryggismál og að hann hafi lokið prófinu, sem um getur í OPS 1.1025, með tilskildum árangri.

e) Þegar flugmálayfirvöld heimila flugrekanda eða samþykktri þjálfunarstöð að láta öryggis- og þjónustuliða í té staðfestingu um að hann hafi lokið þjálfunarnámskeiði um öryggismál skal vísun í samþykki flugmálayfirvalda koma þar skýrt fram.

OPS 1.1010

Þjálfun vegna flugvélaskipta og mismunarþjálfun

(Sjá 1. viðbæti við OPS 1.1010)

a) Flugrekandi skal sjá til þess að allir öryggis- og þjónustuliðar hafi lokið viðeigandi þjálfun vegna flugvélaskipta og mismunarþjálfun í samræmi við gildandi reglur, og a.m.k. námsefninu sem talið er upp í 1. viðbæti við OPS 1.1010. Þjálfunarnámskeiðið skal vera tilgreint í flugrekstrarhandbókinni. Áætlun og uppbygging þjálfunarnámskeiðsins skal vera með fyrirvara um að það hafi áður verið samþykkt af flugmálayfirvöldum.

1) Þjálfun vegna flugvélaskipta: öryggis- og þjónustuliði verður að hafa lokið námskeiði vegna flugvélaskipta:

i. áður en flugrekandi setur hann fyrst til starfa sem öryggis- og þjónustuliða eða

ii. áður en hann er settur til starfa í annarri flugvélategund og

2) Mismunarþjálfun: öryggis- og þjónustuliði verður að hafa lokið mismunarþjálfun áður en hann tekur til starfa:

i. um borð í afbrigði af flugvélategund sem starfrækt er eða

ii. þar sem öryggisbúnaður, staðsetning öryggisbúnaðar eða verklag við eðlilegar aðstæður og í neyðartilvikum er öðruvísi í flugvélategundum sem starfræktar eru eða í afbrigðum þeirra.

b) Flugrekandi skal ákvarða kennsluefni þjálfunar vegna flugvélaskipta og mismunarþjálfunar með hliðsjón af fyrri þjálfun öryggis- og þjónustuliða eins og hún er skráð í þjálfunarskrá öryggis- og þjónustuliðans sem krafist er í OPS 1.1035.

c) Sameina má tengda þætti úr grunnþjálfun (OPS 1.1005) og þjálfun vegna flugvélaskipta og mismunarþjálfun (OPS 1.1010), sbr. þó c-lið OPS 1.995.

d) Flugrekandi skal sjá til þess:

1) að þjálfun vegna flugvélaskipta fari fram á skipulegan og raunsannan hátt í samræmi við 1. viðbæti við OPS 1.1010,

2) að mismunarþjálfun fari fram á skipulegan hátt og

3) að þjálfun vegna flugvélaskipta og, ef þörf krefur, mismunarþjálfun, taki til notkunar alls öryggisbúnaðar og verklags við eðlilegar aðstæður og í neyðartilvikum sem við á um flugvélategundina eða afbrigði hennar og felur í sér þjálfun og æfingu, annaðhvort í viðeigandi þjálfunartæki eða um borð í flugvélinni sjálfri.

e) Flugrekandi skal sjá til þess að áður en öryggis- og þjónustuliða eru fyrst falin störf ljúki hann þjálfun flugrekanda í stjórnun áhafnarsamvinnu og þjálfun í stjórnun áhafnarsamvinnu, bundinni tiltekinni flugvélategund í samræmi við j-lið 1. viðbætis við OPS 1.1010. Öryggis- og þjónustuliðar, sem starfa þegar sem öryggis- og þjónustuliðar hjá flugrekanda og sem hafa ekki áður lokið þjálfun flugrekanda í stjórnun áhafnarsamvinnu, skulu ljúka þeirri þjálfun áður en kemur að næstu reglubundnu þjálfun og prófum, sem krafist er í samræmi við j-lið 1. viðbætis við OPS 1.1010, þ.m.t. þjálfun í áhafnarsamvinnu bundinni tiltekinni flugvélategund, eftir því sem við á.

OPS 1.1012

Kynning

Flugrekandi skal sjá til þess að eftir þjálfun vegna flugvélaskipta fari hver öryggis- og þjónustuliði í kynningu áður en hann tekur til starfa sem einn af þeim lágmarksfjölda öryggis- og þjónustuliða sem kveðið er á um í OPS 1.990.

OPS 1.1015

Reglubundin þjálfun

(Sjá 1. viðbæti við OPS 1.1015)

a) Flugrekandi skal sjá til þess að hver öryggis- og þjónustuliði fái reglubundna þjálfun í þeim störfum, sem honum er ætlað að sinna, viðeigandi verklagi, bæði við eðlilegar aðstæður og í neyðartilvikum, og fái æfingu í þeim tegundum og/eða afbrigðum flugvéla sem þeir starfa í, í samræmi við 1. viðbæti OPS 1.1015.

b) Flugrekandi skal sjá til þess að áætlun um reglubundna þjálfun, sem flugmálayfirvöld hafa viðurkennt, feli í sér bóklegt og verklegt nám ásamt einstaklingsbundnum æfingum eins og mælt er fyrir um í 1. viðbæti við OPS 1.1015.

c) Gildistími reglubundinnar þjálfunar og tilheyrandi prófa, sem gerð er krafa um í OPS 1.1025, skal vera tólf almanaksmánuðir til viðbótar því sem eftir er af prófmánuðinum. Ef prófið er tekið innan þriggja síðustu almanaksmánaða af gildistíma fyrra prófs skal gildistími prófsins vera frá útgáfudegi og þar til tólf almanaksmánuðir eru liðnir frá því að gildistími fyrra prófsins rann út.

OPS 1.1020

Upprifjunarþjálfun

(Sjá 1. viðbæti við OPS 1.1020)

a) Flugrekandi skal sjá til þess að öryggis- og þjónustuliði, sem hefur ekki verið á flugvakt í meira en sex mánuði en er enn innan gildistíma fyrra prófs, sem krafist er skv. 3. lið b-liðar OPS 1.1025, fái upprifjunarþjálfun sem tilgreind er í flugrekstrarhandbókinni og mælt er fyrir um í 1. viðbæti við OPS 1.1020.

b) Flugrekandi skal sjá til þess, hafi öryggis- og þjónustuliði verið á flugvakt en ekki starfað sem öryggis- og þjónustuliði samkvæmt b-lið OPS 1.990 síðastliðna sex mánuði á tiltekinni flugvélategund, að hann ljúki annaðhvort:

1) upprifjunarþjálfun á tegundinni eða

2) að hann fari tvisvar í kynningarflug í flutningaflugi á þeirri tegund.

OPS 1.1025

Próf

a) Samkvæmt ákvörðun flugmálayfirvalda skulu flugmálayfirvöld, flugrekandi eða samþykkt þjálfunarstöð sjá til þess að í þjálfun, sem krafist er samkvæmt OPS 1.1005, 1.1010, 1.1015 og 1.1020 eða að henni lokinni, skuli hver öryggis- og þjónustuliði gangast undir próf í þeim efnisatriðum, sem þjálfunin tók til, til að sanna hæfni sína í störfum er varða öryggi við eðlilegar aðstæður og í neyðartilvikum.

Samkvæmt ákvörðun flugmálayfirvalda skulu flugmálayfirvöld, flugrekandi eða samþykkta þjálfunarstöðin, sem veitir þjálfunarnámskeiðið, sjá til þess að starfsfólkið, sem sér um prófin, hafi tilskilin réttindi.

b) Flugrekandi skal sjá til þess að hver öryggis- og þjónustuliði gangist undir próf sem hér segir:

1) Grunnþjálfunarnámskeið um öryggismál. Efnisatriðin eru talin upp í 1. viðbæti við OPS 1.1005.

2) Þjálfun vegna flugvélaskipta og mismunarþjálfun. Efnisatriðin eru talin upp í 1. viðbæti við OPS 1.1010.

3) Reglubundin þjálfun. Efnisatriðin eru talin upp í 1. viðbæti við OPS 1.1015, eftir því sem við á.

4) Upprifjunarþjálfun. Efnisatriðin eru talin upp í 1. viðbæti við OPS 1.1020.

OPS 1.1030

Starfræksla á fleiri en einni tegund eða afbrigði flugvélar

a) Flugrekandi skal sjá til þess að öryggis- og þjónustuliði starfi ekki um borð í fleiri en þremur tegundum flugvéla, þó með þeirri undantekningu að öryggis- og þ jónustuliða er heimilt, viðurkenni flugmálayfirvöld það, að starfa á fjórum tegundum flugvéla, að því tilskildu að á a.m.k. tveimur tegundanna:

1) sé verklag, sem ekki er bundið tegund, sams konar við eðlilegar aðstæður og í neyðartilvikum og

2) sé öryggisbúnaður og verklag, sem er bundið tegund, svipað við eðlilegar aðstæður og í neyðartilvikum

b) Að því er varðar a-lið hér að framan teljast afbrigði flugvélategunda vera mismunandi tegundir ef þær eru ekki svipaðar að því er varðar öll eftirtalin atriði:

1) notkun neyðarútganga,

2) staðsetningu og tegund handöryggisbúnaðar, og

3) verklag í neyðartilvikum sem bundið er tegund.

OPS 1.1035

Þjálfunarskrár

Flugrekandi skal:

1) halda skrár um þjálfun og próf, sem kveðið er á um í OPS 1.1005, 1.1010, 1.1015, 1.1020 og 1.1025, og

2) geyma afrit af staðfestingunni um þjálfunarnámskeið um öryggismál og

3) uppfæra þ jálfunarskrár og skrár um læknisskoðanir eða mat læknis, og sýna, að þ ví er varðar þjálfunarskrárnar, dagsetningar og innihald fenginnar þjálfunar vegna flugvélaskipta, mismunarþjálfunar og reglubundinnar þjálfunar og

4) veita öryggis- og þjónustuliðum aðgang að öllum skrám um grunnþjálfun, þjálfun vegna flugvélaskipta og reglubundna þjálfun og próf, sem þeir hafa gengist undir, ef þeir óska þess.

1. viðbætir við OPS 1.1005

Grunnþjálfunarnámskeið um öryggismál

Grunnþjálfunarnámskeið um öryggismál, sem um getur í OPS 1.1005, skal að lágmarki ná yfir eftirfarandi:

a) þjálfun í eld- og reykvörnum:

1. áhersla er lögð á að það sé á ábyrgð öryggis- og þjónustuáhafnar að bregðast umsvifalaust við í neyðartilvikum þegar eldur og reykur koma upp og ekki síst skal leggja áherslu á hve mikilvægt er að finna eldsupptökin,

2. mikilvægi þess að láta flugáhöfn þegar í stað vita ef elds eða reyks verður vart og einnig hvaða sérráðstafanir eru nauðsynlegar til samræmingar og aðstoðar,

3. nauðsyn þess að fylgjast vel með hugsanlegum eldhættusvæðum, s.s. salernum og einnig tilheyrandi reykskynjurum,

4. flokkun elds og viðeigandi tegundir slökkviefna og verklag við tilteknar aðstæður við bruna, aðferðir við notkun slökkviefna og afleiðingar rangrar notkunar, svo og notkun í lokuðu rými, og

5. almennt verklag neyðarþjónustunnar á jörðu niðri á flugvöllum.

b) Þjálfun í að lifa af í vatni:

fara í flotbúnað og nota hann í vatni. Áður en öryggis- og þ jónustuliði er fyrst settur til starfa í flugvél með björgunarbátum eða ámóta búnaði skal hann fá þjálfun í að nota búnaðinn og skal einnig æft í vatni.

c) Þjálfun í að lifa af:

þjálfun í að lifa af skal vera miðuð við viðkomandi flugsvæði (s.s. heimsskaut, eyðimerkur, frumskóga eða sjó).

d) Læknisfræðileg atriði og skyndihjálp:

1. kennsla í hjálp í viðlögum og notkun sjúkrakassa,

2. hjálp í viðlögum sem tengist því að lifa af og hreinlætismálum og

3. kennsla um líffeðlisfræðileg áhrif flugs, með sérstaka áherslu á vefildisskort (hypoxia).

e) Farþegaafgreiðsla:

1. hvernig megi þekkja úr og hafa stjórn á þeim farþegum sem eru, eða verða, ofdrukknir af áfengi, eru undir áhrifum lyfja eða sýna ofstopa,

2. aðferðir við hópstjórn og hvernig hvetja megi farþega til að flýta fyrir neyðarrýmingu flugvélar,

3. reglugerðir um örugga geymslu farangurs í farþegarými (þ.m.t. hlutir til þjónustu í farþegarými) og líkur á að farangurinn geti orðið hættulegur þeim sem eru í farþegarýminu eða lokað aðgangi að eða skemmt neyðarbúnað eða útganga flugvélarinnar,

4. mikilvægi þess að skipa rétt í sæti með tilliti til massa og jafnvægis flugvélar; sérstaklega skal leggja áherslu á skipan fatlaðra farþega í sæti og nauðsyn þess að skipa fullfærum farþegum í sæti hjá útgöngum sem ekki eru nálægt sætum öryggis- og þjónustuliða,

5. hvað gera þarf þegar ókyrrt er í lofti, þ.m.t. að ganga tryggilega frá farþegarýminu,

6. varúðarráðstafanir sem gera þarf þegar lifandi dýr eru flutt í farþegarými,

7. þjálfunaráætlun varðandi hættulegan varning, þ.m.t. ákvæði R-kafla,

8. verklagsreglur um flugvernd, þ.m.t. ákvæði S-kafla.

f) Samskipti:

í þjálfuninni skal áhersla lögð á mikilvægi góðra samskipta milli þjónustu- og flugliða, þ .m.t. tækni, sameiginlegt tungumál og orðaforði.

g) Hegðunarreglur og ábyrgð:

1. mikilvægi þess að öryggis- og þjónustuáhöfn ræki skyldustörf sín í samræmi við flugrekstrarhandbókina,
2. áframhaldandi hæfni og geta til að starfa sem öryggis- og þ jónustuliði, með sérstakri hliðsjón af fartíma- og vinnutímamörkum og reglum um hvíldartíma,
3. flugreglugerðir sem varða öryggis- og þjónustuáhafnir og hlutverk flugmálayfirvalda,
4. almenn þekking á viðeigandi orðaforða á sviði flugmála, á flugfræði, dreifingu farþega í sæti, veðurfræði og á flugsvæðum,
5. fyrirflugskynning til öryggis- og þjónustuliða og nauðsynlegar upplýsingar um öryggi með hliðsjón af störfum hvers og eins,
6. mikilvægi þess að tryggja að nýjustu breytingar flugrekanda séu jafnóðum færðar inn í viðeigandi skjöl og handbækur,
7. mikilvægi þess að gera sér grein fyrir því hvenær öryggis- og þ jónustuliði hefur vald og ber skylda til að hafa frumkvæði að því að hefja rýmingu og annað neyðarverklag og
8. mikilvægi starfa sem tengjast öryggismálum og ábyrgð á þeim og nauðsyn þess að bregðast umsvifalaust og af festu við neyðarástandi.

h) Stjórnun áhafnarsamvinnu:

1) Inngangsnámskeið í stjórnun áhafnarsamvinnu:

i. öryggis- og þjónustuliði skal ljúka inngangsnámskeiði í stjórnun áhafnarsamvinnu áður en hann er fyrst settur til starfa sem öryggis- og þjónustuliði; öryggis- og þjónustuliðar, sem starfa þegar sem öryggis- og þjónustuliðar í flutningaflugi og sem hafa ekki áður lokið inngangsnámskeiði, skulu ljúka inngangsnámskeiði í stjórnun áhafnarsamvinnu áður en kemur að næstu reglubundnu þjálfun og/eða prófi,

ii. farið skal yfir alla viðeigandi þjálfunarþætti í a-dálki töflu 1 í 2. viðbæti við OPS 1.1005/1.1010/1/1.1015 að því marki sem krafist er í b-dálki, inngangsnámskeiði í stjórnun áhafnarsamvinnu,

iii. inngangsnámskeiðið í stjórnun áhafnarsamvinnu skal vera í höndum a.m.k. eins kennara öryggis- og þjónustuliða í stjórnun áhafnarsamvinnu.

1. viðbætir við OPS 1.1010

Þjálfun vegna flugvélaskipta og mismunarþjálfun

a) Almenn ákvæði:

flugrekandi skal sjá til þess:

1. að þjálfun vegna flugvélaskipta og mismunarþjálfun sé í höndum starfsfólks með tilskilin starfsréttindi og

2. að við þjálfun vegna flugvélaskipta og í mismunarþjálfun sé kennt um staðsetningu, losun og notkun alls öryggis- og björgunarbúnaðar um borð í flugvélinni sem og allt verklag við eðlilegar aðstæður og í neyðartilvikum sem tengjast tegund eða afbrigði svo og hami flugvélarinnar sem á að starfrækja.

b) Þjálfun í eld- og reykvörnum:

flugrekandi skal sjá til þess:

1. að allir öryggis- og þjónustuliðar fái raunsanna og verklega þjálfun í að nota allan eldvarnarbúnað, þ.m.t. sams konar hlífðarfatnað og er um borð í flugvélinni. Æfa skal eftirfarandi aðstæður:

   i. að slökkva sams konar elda og geta komið upp inni í flugvél en ef um er að ræða halonslökkvitæki er heimilt að æfa það með öðru slökkviefni og

   ii. að setja á sig og nota öndunarhlíf í lokuðu rými þar sem líkt er eftir reykfylltu umhverfi.

c) Notkun dyra og útganga:

flugrekandi skal sjá til þess:

1. að hver öryggis- og þjónustuliði noti og opni í reynd allar tegundir eða afbrigði venjulegra útganga og neyðarútganga eins og þeir eru notaðir við venjulegar aðstæður og í neyðartilvikum, einnig þegar bilun er í átaksléttikerfum. Í þessu skulu einnig felast þau viðbrögð og það afl sem þarf að beita til að stjórna og setja neyðarrennur út. Þessi þjálfun skal fara fram í flugvél eða í dæmigerðu þjálfunartæki og

2. að sýnd sé notkun allra annara útganga s.s. glugga í stjórnklefa.

d) Þjálfun í notkun neyðarrennu:

flugrekandi skal sjá til þess:

1. að hver öryggis- og þjónustuliði fari niður neyðarrennu úr hæð sem er dæmigerð fyrir hæð á þröskuldum útganga á aðalþilfari flugvélarinnar,

2. að neyðarrennan sé fest á flugvél eða viðeigandi þjálfunartæki og

3. að þegar öryggis- og þjónustuliði öðlast réttindi til að starfa í tiltekinni flugvélategund, þar sem hæð á þröskuldum útganga er verulega frábrugðin því sem var í flugvélategundinni þar sem hann starfaði áður, fari hann á ný niður neyðarrennu.

e) Verklag við neyðarrýmingu og önnur neyðartilvik:

flugrekandi skal sjá til þess:

1. að við æfingar í neyðarrýmingu sé öryggis- og þjónustuliða kennt að greina hvort neyðarrýming á landi eða sjó er undirbúin eða óundirbúin; þá verður einnig að kenna honum að greina hvenær útgangar eru ónothæfir eða búnaður til neyðarrýmingar er bilaður og

2. að hver öryggis- og þjónustuliði fái æfingu í að bregðast við eftirfarandi aðstæðum:

   i. eldi í flugvél á flugi og lögð sérstök áhersla á að finna eldsupptökin,

   ii. mikilli ókyrrð í lofti,

   iii. skyndilegri þrýstingsminnkun, m.a. skal hver öryggis- og þjónustuliði setja á sig grímu handsúrefnistækis og

   iv. öðrum neyðartilvikum á flugi.

f) Hópstjórn:

flugrekandi skal sjá til þess að öryggis- og þjónustuliði fái þjálfun í verklegum þætti hópstjórnar við ýmiss konar neyðaraðstæður með hliðsjón af viðkomandi flugvélategund.

g) Óstarfhæfni flugmanns:

flugrekandi skal sjá til þess að hver öryggis- og þjónustuliði fái þjálfun í verklagi við að stilla sætis- og öryggistygi, ef flugliði verður óstarfhæfur, nema lágmarksfjöldi flugliða sé meiri en tveir. Þjálfun í notkun súrefniskerfis flugliða og notkun gátlista flugliða, þar sem þess er krafist í stöðluðum verklagsreglum flugrekanda, skal fara fram með verklegri sýnikennslu.

h) Öryggisbúnaður:

flugrekandi skal sjá til þess að hver öryggis- og þjónustuliði fá verklega þjálfun í notkun öryggisbúnaðar og sé sýnt hvar hann er geymdur, þ.m.t.:

1. neyðarrennur og, ef rennurnar í flugvélinni eru ekki með sjálfvirkum búnaði, hvernig nota skuli kaðla með þeim,
2. björgunarbátar og rennubátar, þ.m.t. notkun búnaðar sem er festur á bátinn og/eða er í honum,
3. björgunarvesti, björgunarvesti fyrir ungbörn og flotbjörgunarvöggur,
4. súrefniskerfi sem fellir grímur sjálfkrafa niður,
5. súrefni til skyndihjálpar,
6. slökkvitæki,
7. neyðaraxir eða kúbein,
8. neyðarljós, þ.m.t. blys,
9. fjarskiptabúnaður, þ.m.t. gjallarhorn,
10. viðlagabögglar ásamt innihaldi þeirra,
11. flugeldar (raunverulegur búnaður eða sýnishorn),
12. sjúkrakassar, innihald þeirra og sjúkrabúnaður fyrir neyðartilvik og
13. annar öryggisbúnaður eða öryggiskerfi í farþegarými, eftir því sem við á.

i) Upplýsingar og sýning á öryggisbúnaði fyrir farþega

flugrekandi skal sjá til þess að öryggis- og þjónustuliðar fái þjálfun í að búa farþega undir eðlilegar aðstæður og neyðarástand á flugi í samræmi við OPS 1.285.

j) Stjórnun áhafnarsamvinnu: flugrekandi skal sjá til þess:

1) að sérhver öryggis- og þjónustuliði ljúki þjálfun flugrekanda í stjórnun áhafnarsamvinnu, þar sem farið er yfir þjálfunarþættina í a-dálki töflu 1 í 2. viðbæti við OPS 1.1005/1.1010/1.1015 að því marki sem krafist er í c-dálki, áður en hann fer í reglubundna þjálfun í stjórnun áhafnarsamvinnu eða þjálfun í stjórnun áhafnarsamvinnu sem er bundin flugvélategund.

2) að þegar öryggis- og þjónustuliði fer á námskeið vegna flugvélaskipta á annarri flugvélategund skal farið yfir þjálfunarþættina í a-dálki töflu 1 í 2. viðbæti við OPS 1.1005/1.1010/1.1015 að því marki sem krafist er í d-dálki, stjórnun áhafnarsamvinnu sem er bundin flugvélategund.

3) Þjálfun flugrekanda í stjórnun áhafnarsamvinnu og stjórnun áhafnarsamvinnu, sem er bundin flugvélategund, skal vera í höndum a.m.k. eins kennara öryggis- og þjónustuliða í stjórnun áhafnarsamvinnu.

1. viðbætir við OPS 1.1015

Reglubundin þjálfun

a) Flugrekandi skal sjá til þess að reglubundin þjálfun sé í höndum einstaklinga með tilskilin réttindi.

b) Flugrekandi skal sjá til þess að í áætlun um verklega þjálfun sé á tólf almanaksmánaða fresti gert ráð fyrir kennslu að því er varðar:

1. verklag í neyðartilvikum, þ.m.t. þegar flugmaður verður óstarfhæfur,

2. verklag við neyðarrýmingu, þ.m.t. aðferðir við hópstjórn,

3. snertiæfingar þar sem hver öryggis- og þjónustuliði æfir að opna venjulega útganga og neyðarútganga sem eru notaðir þegar farþegarými eru rýmd,

4. staðsetningu og meðferð neyðarbúnaðar, að súrefniskerfum meðtöldum, og að hver öryggis- og þjónustuliði fari í björgunarvesti og setji á sig grímu handsúrefnistækis og öndunarhlíf,

5. skyndihjálp og notkun á innihaldi sjúkrakassa,

6. frágang lausra hluta í farþegarými,

7. verklagsreglur um flugvernd,

8. farið yfir flugatvik og slys og

9. stjórnun áhafnarsamvinnu: flugrekandi skal sjá til þess að þjálfun í stjórnun áhafnarsamvinnu uppfylli eftirfarandi:

i. að farið sé yfir þjálfunarþættina í a-dálki töflu 1 í 2. viðbæti við OPS 1.1005/1.1010/1/1.1015 á innan við þriggja ára tímabili að því marki sem krafist er í e-dálki, árleg reglubundin þjálfun í stjórnun áhafnarsamvinnu,

ii. að mótun og notkun þessa námsefnis skal vera í höndum kennara öryggis- og þjónustuliða í stjórnun áhafnarsamvinnu,

iii. að þegar þjálfun í stjórnun áhafnarsamvinnu fer fram í sjálfstæðum einingum skal hún vera í höndum a.m.k. eins kennara öryggis- og þjónustuliða í stjórnun áhafnarsamvinnu.

c) Flugrekandi skal sjá til þess að ekki líði lengri tími en 3 ár milli reglubundinnar þjálfunar í:

1. að hver öryggis- og þjónustuliði noti og opni í reynd allar tegundir eða afbrigði venjulegra útganga og neyðarútganga eins og þeir eru notaðir við venjulegar aðstæður og í neyðartilvikum, einnig þegar bilun er í átaksléttikerfum. Í þessu skulu einnig felast þau viðbrögð og það afl sem þarf að beita til að stjórna og setja neyðarrennur út. Þessi þjálfun skal fara fram í flugvél eða í viðeigandi þjálfunartæki,

2. að sýna hvernig nota eigi alla aðra útganga,

3. að veita raunsanna og verklega þjálfun í að nota allan eldvarnarbúnað, þ.m.t. sams konar hlífðarfatnað og er um borð í loftfarinu.

Æfa skal eftirfarandi aðstæður:

i. að slökkva sams konar elda og geta komið upp inni í flugvél en ef um er að ræða halonslökkvitæki er heimilt að æfa það með öðru slökkviefni og

ii. að setja á sig og nota öndunarhlíf í lokuðu rými þar sem líkt er eftir reykfylltu umhverfi,

4. að flugeldar séu notaðir (raunverulegur búnaður eða sýnishorn) og

5. að notkun björgunarbáta og rennubáta, ef þeir eru til staðar, sé sýnd.

6. flugrekandi skal sjá til þess að hver öryggis- og þjónustuliði fái þjálfun í verklagi við að stilla sætis- og öryggistygi, ef flugliði verður óstarfhæfur, nema lágmarksfjöldi flugliða sé meiri en tveir. Þjálfun í notkun súrefniskerfis flugliða og notkun gátlista flugliða, þar sem þess er krafist í stöðluðum verklagsreglum flugrekanda, skal fara fram með verklegri sýnikennslu.

d) Flugrekandi skal sjá til þess að allar viðeigandi kröfur í III. viðauka við OPS 1 séu hluti af þjálfun öryggis- og þjónustuliða.

1. viðbætir við OPS 1.1020

Upprifjunarþjálfun

Flugrekandi skal sjá til þess að upprifjunarþjálfun sé í höndum einstaklinga með tilskilin réttindi og feli a.m.k. í sér eftirfarandi atriði fyrir alla öryggis- og þjónustuliða:

1) verklag í neyðartilvikum, þ.m.t. þegar flugmaður verður óstarfhæfur,

2) verklag við neyðarrýmingu, þ.m.t. aðferðir við hópstjórn,

3) að nota og opna í reynd allar tegundir eða afbrigði venjulegra útganga og neyðarútganga, eins og þeir eru notaðir við venjulegar aðstæður og í neyðartilvikum, einnig þegar bilun er í átaksléttikerfum. Í þessu skulu einnig felast þau viðbrögð og það afl sem þarf að beita til að stjórna og setja neyðarrennur út; þessi þjálfun skal fara fram í flugvél eða í viðeigandi þjálfunartæki,

4) að sýna notkun allra annarra útganga, þ.m.t. gluggar í stjórnklefa og

5) staðsetningu og meðferð neyðarbúnaðar, að súrefniskerfum meðtöldum, og að hver öryggis- og þjónustuliði fari í björgunarvesti og setji á sig grímu handsúrefnistækis og öndunarhlíf.

2. viðbætir við OPS 1.005/1.1010/1.1015

Þjálfun

1. Námsefnið fyrir þjálfun í stjórnun áhafnarsamvinnu ásamt aðferðafræði og orðaforða skal vera í flugrekstrarhandbókinni.
2. Í töflu 1 kemur fram hvaða þættir í stjórnun áhafnarsamvinnu skulu vera í hverri tegund þjálfunar.

Tafla 1

Þjálfun í stjórnun áhafnarsamvinnu:

Þjálfunarþættir (a)	Inngangsnámskeið í stjórnun áhafnarsamvinnu (b)	Þjálfun flugrekanda í stjórnun áhafnarsamvinnu (c)	Þjálfun í stjórnun áhafnarsamvinnu, bundin flugvélartegund (d)	Árleg, reglubundin þjálfun í stjórnun áhafnarsamvinnu (e)	Námskeið fyrir fyrsta öryggis- og þjónustuliða (f)
Almennar grundvallarreglur					
Mannlegir þættir í flugi Almennar leiðbeiningar um meginreglur í stjórnun áhafnarsamvinnu og markmið	Ítarlega	Ekki krafist	Ekki krafist	Ekki krafist	Yfirlit
Mannleg geta og takmarkanir					
Fyrir sérhvern öryggis- og þjónustuliða [DQC1]					
Meðvitund um persónugerð, mannleg mistök og áreiðanleiki, viðhorf og hegðun, sjálfsmat	Ítarlega	Ekki krafist	Ekki krafist	Yfirlit (Á þriggja ára fresti)	Ekki krafist
Streita og streitustjórnun					
Þreyta og árvekni					
Ákveðni					
Næmi á aðstæður, upplýsingaöflun og -úrvinnsla					
Fyrir alla áhöfn flugvélarinnar					
Að koma í veg fyrir og greina mistök	Ekki krafist	Ítarlega	Fer eftir tegund eða tegundum	Yfirlit (Á þriggja ára fresti)	Aukið við þekkingu (varðandi skyldur fyrsta öryggis- og þjónustuliða)
Sameiginlegt næmi á aðstæður, upplýsingaöflun og -úrvinnsla					
Stjórnun vinnuálags					
Góð samskipti og samræming milli allra flugverja, að flugliðum meðtöldum, auk óreyndra öryggis- og þjónustuliða, menningarlegur mismunur					
Forystuhæfileikar, samvinna, samvirkni, ákvarðanataka, verkskipan					
Ábyrgð einstaklinga og hóps, ákvarðanataka og aðgerðir					
Greining og stjórnun mannlegra þátta sem varða farþega: hópstjórn, streita farþega, deilustjórnun, læknisfræðilegir þættir					
Sérstök atriði sem tengjast tegundum flugvéla (mjór/breiður bolur, eitt þilfar/mörg þilför), samsetning áhafnar fluglioða og öryggis- og þjónustuliða og fjölda farþega		Ekki krafist	Ítarlega		

Þjálfunarþættir (a)	Inngangsnámskeið í stjórnun áhafnarsamvinnu (b)	Þjálfun flugrekanda í stjórnun áhafnarsamvinnu (c)	Þjálfun í stjórnun áhafnarsamvinnu, bundin flugvélartegund (d)	Árleg reglubundin þjálfun í stjórnun áhafnarsamvinnu (e)	Námskeið fyrir fyrsta öryggis- og þjónustuliða (f)
Efni varðandi flugrekandann og skipulag					
Öryggisstefna fyrirtækis, staðlaðar verklagsreglur, skipulagsþættir, þættir sem tengjast tegund starfrækslu	Ekki krafist	Ítarlega	Fer eftir tegund eða tegundum	Yfirlit (Á þriggja ára fresti)	Aukið við þekkingu (varðandi skyldur fyrsta öryggis- og þjónustuliða)
Góð samskipti og samræming milli flugrekstrarstarfsfólks og milli þess og þjónustu á jörðu niðri					
Þátttaka í skýrslugerð vegna flugatvika eða slysa sem tengjast öryggi í farþegarými.					
Raundæmi (sjá athugasemd)		Krafist		Krafist	

Aths.: Varðandi d-dálk, ef raundæmi, byggð á tiltekinni flugvélategund, eru ekki fyrirliggjandi skal nota raundæmi sem eru í samræmi við umfang og stærð rekstrarins.

P-KAFLI

HANDBÆKUR, LEIÐARBÆKUR OG SKRÁR

OPS 1.1040

Almennar reglur um flugrekstrarhandbækur

a) Flugrekandi skal sjá til þess að flugrekstrarhandbókin hafi að geyma öll fyrirmæli og allar upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að starfsfólk flugrekstrarsviðs geti sinnt skyldustörfum sínum.

b) Flugrekandi skal sjá til þess að efni flugrekstrarhandbókarinnar, þ.m.t. allar breytingar og leiðréttingar, brjóti ekki í bága við skilyrði flugrekandaskírteinisins (AOC) eða gildandi reglugerðir og að flugmálayfirvöld geti fallist á efni hennar eða, eftir því sem við á, samþykkt það.

c) Flugrekandi skal útbúa flugrekstrarhandbókina á ensku nema flugmálayfirvöld samþykki annað eða öðruvísi sé mælt fyrir í landslögum. Að auki er flugrekanda heimilt að þýða flugrekstrarhandbókina, eða hluta hennar, á annað tungumál og nota þá útgáfu.

d) Ef flugrekanda reynist nauðsynlegt að semja nýjar flugrekstrarhandbækur eða stóran hluta/mörg bindi flugrekstrarhandbóka, skal hann fara að ákvæðum c-liðar hér að framan.

e) Flugrekanda er heimilt að gefa flugrekstrarhandbók út í fleiri en einu bindi.

f) Flugrekandi skal sjá til þess að allt starfsfólk hans á flugrekstrarsviði hafi greiðan aðgang að eintaki af öllum þeim hlutum flugrekstrarhandbókarinnar sem lúta að skyldustörfum þess. Að auki skal flugrekandi fá öllum flugverjum eigið eintak af A- og B-hluta flugrekstrarhandbókarinnar eða útdrætti úr þessum hlutum hennar til að kynna sér, eftir því sem við á, svo hver og einn geti kynnt sér þá.

g) Flugrekandi skal sjá til þess að flugrekstrarhandbókinni sé breytt eða hún leiðrétt svo að fyrirmæli og upplýsingar í henni séu jafnan í gildi. Flugrekandi skal sjá til þess að allt starfsfólk flugrekstrarsviðs fái vitneskju um þær breytingar sem lúta að skyldustörfum þess.

h) Allir handhafar flugrekstrarhandbókarinnar, eða viðeigandi hluta hennar, skulu bæta inn í hana jafnóðum öllum breytingum eða leiðréttingum sem flugrekandi lætur þeim í té.

i) Flugrekandi skal afhenda flugmálayfirvöldum fyrirhugaðar breytingar og leiðréttingar áður en þær öðlast gildi. Ef breytingar eru gerðar á einhverjum hluta flugrekstrarhandbókarinnar, sem samþykkja verður í samræmi við OPS, skal samþykkið fengið áður en breytingarnar öðlast gildi. Reynist nauðsynlegt að láta tafarlaust gera breytingar eða leiðréttingar af öryggisástæðum er heimilt að birta þær og beita þeim tafarlaust, að því tilskildu að sótt hafi verið um tilskilið samþykki.

j) Flugrekandi skal bæta inn öllum breytingum og leiðréttingum sem flugmálayfirvöld gera kröfu um.

k) Flugrekandi skal sjá til þess að upplýsingar, sem fengnar eru úr samþykktum skjölum og allar breytingar á slíkum samþykktum skjölum, komi rétt fram í flugrekstrarhandbókinni og að í henni séu engar upplýsingar sem brjóta í bága við samþykkt skjöl. Þetta kemur þó ekki í veg fyrir að flugrekandi geti gert strangari kröfur um gögn og verklagsreglur.

l) Flugrekandi skal sjá til þess að efni flugrekstrarhandbókarinnar sé sett fram á þann hátt að vandalaust sé að nota hana. Hönnun flugrekstrarhandbókarinnar skal taka tillit til meginreglna um mannlega þætti.

m) Flugmálayfirvöld geta heimilað flugrekanda að setja flugrekstrarhandbókina eða hluta hennar fram í öðru formi en á prenti. Ef það er gert skal flugrekandi tryggja að efnið sé aðgengilegt, nothæft og áreiðanlegt.

n) Þótt flugrekandi noti stytta útgáfu af flugrekstrarhandbókinni er hann ekki undanþeginn ákvæðum OPS 1.130.

OPS 1.1045

Flugrekstrarhandbók — efnisskipan og efni

(Sjá 1. viðbæti við OPS 1.1045)

a) Flugrekandi skal sjá til þess að meginefnisskipan flugrekstrarhandbókarinnar sé þessi:

— A-hluti: Almenn ákvæði/grunnákvæði

Í þessum hluta skal koma fram öll stefnumótun, sem ekki er tengd tilteknum tegundum flugvéla, fyrirmæli og verklagsreglur sem nauðsynlegar eru fyrir örugga starfrækslu.

— B-hluti: Starfræksla flugvéla

Í þessum hluta skulu vera öll fyrirmæli og verklagsreglur sem tengjast tilteknum flugvélategundum og eru nauðsynleg fyrir örugga starfrækslu. Þar skal tekið tillit til mismunandi tegunda flugvéla, flugvélaafbrigða eða einstakra flugvéla sem flugrekandi notar.

— C-hluti: Fyrirmæli og upplýsingar er varða flugleiðir og flugvelli

Í þessum hluta skulu vera öll fyrirmæli og upplýsingar sem eru nauðsynlegar fyrir flugsvæðið.

— D-hluti: Þjálfun

Í þessum hluta skulu vera öll fyrirmæli um þjálfun starfsfólks sem krafist er fyrir örugga starfrækslu.

b) Flugrekandi skal sjá til þess að efnisatriði flugrekstrarhandbókarinnar séu í samræmi við 1. viðbæti við OPS 1.1045 og fjalli um viðkomandi flugrekstrarsvæði og tegund starfrækslu.

c) Flugrekandi skal sjá til þess að nákvæm efnisskipan flugrekstrarhandbókarinnar sé með þeim hætti að flugmálayfirvöld geti fallist á hana.

OPS 1.1050

Flughandbók flugvélar

Flugrekandi skal hafa gildandi, samþykkta flughandbók flugvélar eða jafngilt skjal fyrir hverja flugvél sem hann starfrækir.

OPS 1.1055

Leiðarflugbók

a) Flugrekandi skal geyma eftirfarandi upplýsingar um hvert flug í formi leiðarflugbókar:

1) skrásetningu flugvélar,

2) dagsetningu,

3) nöfn flugverja,

4) starfssvið hvers flugverja,

5) brottfararstað,

6) komustað,

7) brottfarartíma (hlaðfarartíma),

8) komutíma (hlaðkomutíma),

9) flugstundir,

10) tegund flugs,

11) flugatvik og athugasemdir (ef einhverjar eru) og

12) undirskrift flugstjóra (eða jafngildi hennar).

b) Flugmálayfirvöld geta heimilað flugrekanda að halda ekki leiðarflugbók, eða hluta hennar, ef viðkomandi upplýsingar eru tiltækar í öðrum skjölum.

c) Flugrekandi skal sjá til þess að leiðarflugbók sé færð jafnóðum og að færslurnar séu varanlegar.

OPS 1.1060

Leiðarflugáætlun

a) Flugrekandi skal sjá til þess að leiðarflugáætlunin, sem notuð er, og færslur í hana á flugi nái yfir eftirfarandi atriði:

1) skrásetningu flugvélar,

2) tegund flugvélar og afbrigði,

3) dagsetningu flugs,

4) auðkenni flugs,

5) nöfn flugliða,

6) starfssvið hvers flugliða,

7) brottfararstað,

8) brottfarartíma (raunverulegan hlaðfarartíma og flugtakstíma),

9) komustað (áætlaðan og í raun),

10) komutíma (raunverulegan lendingartíma og hlaðkomutíma),

11) tegund flugs (fjarflug, sjónflug, ferjuflug, o.s.frv.),

12) flugleið og leiðarleggi, ásamt gátstöðum/vörðum, fjarlægðir, tíma og ferla,

13) áætlaðan farflugshraða og flugtíma milli gátstaða/varða; áætlaðan og raunverulegan tíma yfir þeim stöðum,

14) öruggar flughæðir og lægstu fluglög,

15) áætlaðar flughæðir og fluglög,

16) útreikning á eldsneyti (skráning athugunar eldsneytisstöðu á flugi),

17) eldsneyti um borð við gangsetningu hreyfla,

18) varaflugvöll/varaflugfelli ákvörðunarstaðar og, eftir því sem við á, fyrir flugtak og á flugleið, ásamt upplýsingum sem krafist er í 12., 13., 14. og 15. lið hér að framan,

19) upphafleg flugheimild flugumferðarþjónustu og endurgerðar heimildir,

20) útreikninga þegar leiðarflugáætlun er endurgerð á flugi, og

21) viðeigandi veðurupplýsingar.

b) Heimilt er að sleppa úr leiðarflugáætlun atriðum, sem tiltæk eru í öðrum skjölum eða fáanleg frá heimildum sem unnt er að fallast á eða eru óviðkomandi þessari tegund flugs.

c) Flugrekandi skal sjá til þess að leiðarflugáætlun og notkun hennar sé lýst í flugrekstrarhandbókinni.

d) Flugrekandi skal sjá til þess að allar færslur í leiðarflugáætlun séu gerðar jafnóðum og að færslurnar séu varanlegar.

OPS 1.1065

Geymslutími skjala

Flugrekandi skal sjá til þess að allar skrár og viðeigandi rekstrar- og tækniupplýsingar um hvert einstakt flug séu geymdar eins lengi og mælt er fyrir um í 1. viðbæti við OPS 1.1065.

OPS 1.1070

Lýsing flugrekanda á stjórnun á áframhaldandi lofthæfi

Flugrekandi skal jafnan hafa gildandi, samþykkta lýsingu á stjórnun viðhalds eins og mælt er fyrir um í lið M.A. 704, lýsing á stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, í M-hluta.

OPS 1.1071

Tækniflugbók flugvélar

Flugrekandi skal halda tækniflugbók flugvélar eins og mælt er fyrir um í lið M.A.306, tækniflugbók flugrekanda, í M-hluta.

1. viðbætir við OPS 1.1045

Efni flugrekstrarhandbókar

Flugrekandi skal sjá til þess að í flugrekstrarhandbók séu:

A. **ALMENN ÁKVÆÐI/GRUNNÁKVÆÐI**

0. UMSJÓN OG EFTIRLIT MEÐ FLUGREKSTRARHANDBÓKINNI

0.1. Inngangur

a) Yfirlýsing um að handbókin uppfylli ákvæði allra viðeigandi reglugerða svo og skilmála og skilyrði viðkomandi flugrekandaskírteinis.

b) Yfirlýsing um að handbókin hafi að geyma rekstrarfyrirmæli sem hlutaðeigandi starfsfólk á að fylgja.

c) Skrá og stutt lýsing á hlutum handbókarinnar, efni þeirra, gildissviðum og notkun.

d) Skýringar og skilgreiningar á hugtökum og orðum sem nauðsynlegt er að kunna skil á við notkun handbókarinnar.

0.2. Fyrirkomulag við breytingar og leiðréttingar

a) Hver ber ábyrgð á útgáfu breytinga og leiðréttinga og að þeim sé bætt inn í handbókina.

b) Skrá yfir breytingar og leiðréttingar, þar sem færslur þeirra í handbókina og gildistaka eru dagsettar.

c) Yfirlýsing um að handskrifaðar breytingar og leiðréttingar séu ekki leyfðar nema þörf sé á tafarlausri breytingu eða leiðréttingu af öryggisástæðum.

d) Lýsing á hvaða kerfi er notað til að merkja við breytingar á blaðsíðum og dagsetningu gildistöku.

e) Skrá yfir blaðsíður í gildi.

f) Skýringar á breytingum (á textasíðum og, eftir því sem unnt er, á kortum og uppdráttum).

g) Bráðabirgðaleiðréttingar.

h) Lýsing á því eftir hvaða kerfi handbókum, breytingum á þeim og leiðréttingum er dreift.

1. SKIPULAG OG ÁBYRGÐ

1.1. Stjórnskipulag. Lýsing á stjórnskipulagi, þ.m.t. almennt skipurit fyrirtækisins og skipurit flugrekstrarsviðs. Í skipuritinu skal lýsa tengslum flugrekstrarsviðs við önnur svið fyrirtækisins. Einkum ber að sýna niðurröðun og boðleiðir allra sviða og deilda o.s.frv. sem varða öryggi í flugrekstri.

1.2. Tilnefndir yfirmenn. Nöfn allra sem tilnefndir eru yfirmenn flugrekstrar, viðhaldskerfis, þjálfunar áhafna og rekstrar á jörðu niðri, eins og mælt er fyrir um í i-lið OPS 1.175. Einnig ber að lýsa starfi þeirra og ábyrgð.

1.3. Ábyrgð og skyldustörf starfsfólks í stjórnunarstöðum á flugrekstrarsviði. Lýsing á skyldum, ábyrgð og valdsviði starfsfólks í stjórnunarstöðum sem varðar öryggi í flugrekstri og fylgni við gildandi reglugerðir.

1.4. Valdsvið, skyldustörf og ábyrgð flugstjóra. Lýsing á valdsviði, skyldustörfum og ábyrgð flugstjóra.

1.5. Skyldustörf og ábyrgð annarra flugverja en flugstjóra.

2. FLUGREKSTRARSTJÓRN OG EFTIRLIT

2.1. Eftirlit flugrekanda með rekstrinum. Lýsing á fyrirkomulagi á eftirliti flugrekanda með rekstrinum (sjá g-lið OPS 1.175). Þar skal koma fram hvernig staðið er að eftirliti með öryggi í flugrekstri og að starfsfólk hafi tilskilin starfsréttindi. Einkum skal lýsa í hverju eftirlit með eftirfarandi atriðum er fólgið:

a) gildistíma skírteina og starfsréttinda,

b) hæfni starfsfólks flugrekstrardeildar og

c) umsjón, greiningu og geymslu skráa, flugskjala, frekari upplýsinga og gagna.

2.2. Kerfi til dreifingar frekari rekstrarfyrirmæla og upplýsinga. Lýsing á kerfum til dreifingar upplýsinga sem geta tengst rekstri en koma til viðbótar upplýsingum í flugrekstrarhandbókinni. Einnig skal tilgreina gildissvið þessara upplýsinga og hverjir bera ábyrgð á dreifingu.

2.3. Áætlun um slysavarnir og flugöryggi. Lýsing á meginþáttum áætlunar um slysavarnir og flugöryggi.

2.4. Flugrekstrarstjórn. Lýsing á verklagi og ábyrgð við flugrekstrarstjórn með tilliti til flugöryggis.

2.5. Valdheimildir flugmálayfirvalds. Lýsing á valdheimildum flugmálayfirvaldsins og leiðbeiningar til starfsmanna um hvernig auðvelda skuli skoðun starfsfólks flugmálayfirvalda.

3. GÆÐAKERFI

Lýsing á því gæðakerfi sem notað er en til þess skal a.m.k. teljast:

a) gæðastefna,

b) lýsing á skipulagi gæðakerfisins og

c) úthlutun skyldustarfa og ábyrgðar.

4. SAMSETNING ÁHAFNAR

4.1. Samsetning áhafnar. Útskýring á aðferðinni við að ákvarða samsetningu áhafnar, þar sem tekið er mið af eftirfarandi þáttum:

a) tegund flugvélar sem notuð er,

b) flugsvæði og tegund flugsins sem verður flogið,

c) stigi flugsins,

d) lágmarkskröfum um áhöfn og áætlaðri flugvakt,

e) reynslu (samtals og á flugvélategund), nýlegri reynslu og starfsréttindum flugverja og

f) tilnefningu flugstjóra og, ef þörf krefur vegna þess hve langur flugtíminn er, reglum um afleysingar flugstjóra eða annarra flugliða (sjá 1. viðbæti við OPS 1.940),

g) tilnefningu fyrsta öryggis- og þjónustuliða, og hvernig verklag skuli viðhaft við afleysingar ef flugtíminn er svo langur að nauðsynlegt er að leysa fyrsta öryggis- og þ jónustuliðann, eða einhvern annan öryggis- og þjónustuliða, af.

4.2. Tilnefning flugstjóra. Reglur sem gilda um tilnefningu flugstjóra.

4.3. Flugliði verður óstarfhæfur. Ákvæði um í hvaða röð flugliðar taka við stjórn flugvélarinnar ef einhver þeirra verður óstarfhæfur.

4.4. Starfræksla á fleiri en einni tegund. Yfirlýsing um hvaða flugvélar teljast vera ein og sama tegund að því er varðar:

a) áhafnarskár flugliða og

b) áhafnaskrár öryggis- og þjónustuliða.

5. HÆFNIKRÖFUR

5.1. Lýsing á nauðsynlegum skírteinum, áritunum, réttindum/hæfni (t.d. á leiðum og flugvöllum), reynslu, þjálfun, eftirliti og nýlegri reynslu sem krafist er af starfsfólki flugrekstrarsviðs til að það geti sinnt störfum sínum. Taka ber tillit til flugvélategundar, tegundar flugs og samsetningar áhafnar.

5.2. Flugliðar

a) Flugstjóri.

b) Flugmaður sem leysir flugstjórann af.

c) Aðstoðarflugmaður.

d) Flugmaður undir umsjón.

e) Flugkerfastjóri.

f) Starfræksla á fleiri en einni tegund eða afbrigði flugvélar.

5.3. Öryggis- og þjónustuliðar.

a) Fyrsti öryggis- og þjónustuliði.

b) Öryggis- og þjónustuliði.

i. Öryggis- og þjónustuliði sem skylt er að hafa um borð.

ii. Viðbótaröryggis- og þjónustuliði og öryggis- og þjónustuliði í kynningarflugi.

c) Starfræksla á fleiri en einni tegund eða afbrigði flugvélar.

5.4. Starfsfólk við þjálfun, eftirlit og umsjón.

a) Fyrir flugliða.

b) Fyrir öryggis- og þjónustuliða.

5.5. Annað starfsfólk flugrekstrarsviðs.

6. VARÚÐARRÁÐSTAFANIR VEGNA HEILSU ÁHAFNAR

6.1. Varúðarráðstafanir vegna heilsu áhafnar. Viðkomandi reglur og leiðbeiningar til flugverja að því er heilsuna varðar, þ.m.t.:

a) um áfengi og aðra áfenga drykki,

b) um fíkniefni,

c) um lyf,

d) um svefntöflur,

e) um lyfjablöndur,

f) um ónæmisaðgerðir,

g) um djúpköfun,

h) um blóðgjöf,

i) um varúðarráðstafanir vegna máltíða fyrir flug og meðan á flugi stendur,

j) um svefn og hvíld og

k) um skurðaðgerðir.

7. FARTÍMAMÖRK

7.1. Fartíma- og vinnutímamörk og reglur um hvíldartíma. Kerfið sem flugrekandi hefur þróað í samræmi við viðeigandi kröfur.

7.2. Farið út fyrir fartíma- og vinnutímamörk og/eða hvíldartími styttur. Tilgreina skal við hvaða skilyrði er heimilt að fara út fyrir fartíma- og vinnutímamörk eða stytta hvíldartíma og hvernig beri að tilkynna breytingar þar að lútandi.

8. VERKLAGSREGLUR Í FLUGI

8.1. Fyrirmæli um undirbúning flugs. Eftirfarandi gildir í flugrekstri, eftir því sem við á:

8.1.1. Lágmarksflughæðir. Lýsing á aðferð við ákvörðun og notkun lágmarksflughæða, þ.m.t.:

a) verklag við ákvörðun lágmarksflughæða/lágmarksfluglaga í sjónflugi og

b) verklag við ákvörðun lágmarksflughæða/lágmarksfluglaga í blindflugi.

8.1.2. Viðmiðanir og ábyrgð fyrir samþykki notkunar flugvalla með hliðsjón af viðeigandi kröfum í D-, E-, F-, G-, H-, I- og J-kafla.

8.1.3. Aðferðir við að ákvarða flugvallarlágmörk. Aðferð við að ákvarða flugvallarlágmörk í blindflugi í samræmi við E-kafla OPS 1. Vísa skal í verklagsreglur um ákvörðun skyggnis og/eða flugbrautarskyggnis og um gildi raunverulegs skyggnis eins og flugmenn meta það, tilkynnts skyggnis og tilkynnts flugbrautarskyggnis.

8.1.4. Veðurlágmörk á flugleið í sjónflugi eða sjónflugshluta flugs og, ef um er að ræða eins hreyfils flugvélar, fyrirmæli um val á flugleið með hliðsjón af yfirborði þar sem unnt er að nauðlenda á öruggan hátt.

8.1.5. Framsetning og notkun flugvallarlágmarka og starfrækslulágmarka á flugleið.

8.1.6. Túlkun veðurupplýsinga. Skýringarefni um afkóðun veðurspáa og veðurlýsinga frá veðurstofu (MET) fyrir viðkomandi flugsvæði, þ.m.t. túlkun á skilyrtum orðasamböndum.

8.1.7. Ákvörðun á magni eldsneytis, olíu og vatnsmetanóls um borð. Aðferðir við að ákvarða magn eldsneytis, olíu og vatnsmetanóls sem skal vera um borð og eftirlit með því á flugi. Í þessum kafla ber einnig að gefa fyrirmæli um mælingar og dreifingu vökva um borð. Í fyrirmælunum ber að taka tillit til allra aðstæðna, sem líklegt er að upp kunna að koma á flugi, þ .m.t. möguleiki á endurgerð flugáætlunar á flugi og bilun í einum eða fleiri hreyflum flugvélarinnar. Einnig ber að lýsa því eftir hvaða kerfi eldsneytis- og olíuskrár eru haldnar.

8.1.8. Massi og þyngdarmiðja. Almennar grundvallarreglur um massa og þyngdarmiðju, þ.m.t.:

a) skilgreiningar,

b) aðferðir, verklag og ábyrgð við undirbúning og samþykki á útreikningum á massa og þyngdarmiðju,

c) viðmiðunarreglur við notkun annaðhvort staðal- og/eða raunmassa,

d) aðferð við ákvörðun massa farþega, farangurs og farms, eins og við á,

e) farþega- og farangursmassi í mismunandi tegundum flugs og flugvéla, eins og við á,

f) almenn fyrirmæli og upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að unnt sé að sannprófa mismunandi tegundir massa- og jafnvægisskráa sem eru í notkun,

g) verklagsreglur um breytingar á síðustu stundu,

h) eðlisþyngd eldsneytis, olíu og vatnsmetanóls og

i) verklagsreglur um skipan í sæti.

8.1.9. Flugáætlun fyrir flugumferðarþjónustu. Verklagsreglur og ábyrgð vegna undirbúnings og afhendingar flugáætlunar til flugumferðarþjónustu. Þættir sem hafa þarf í huga, þ.m.t. aðferðir við afhendingu bæði einstakra og endurtækra flugáætlana.

8.1.10. Leiðarflugáætlun. Verklagsreglur og ábyrgð á undirbúningi og samþykkt leiðarflugáætlunar. Lýsa skal notkun leiðarflugáætlunar, þ.m.t. eyðublöð sem eru notuð fyrir þær.

8.1.11. Tækniflugbók flugrekanda. Lýsa skal tækniflugbók flugrekanda hvað varðar ábyrgð og notkun, þ.m.t. eyðublöð sem eru notuð.

8.1.12. Skrá yfir skjöl, eyðublöð og viðbótarupplýsingar sem skulu vera um borð.

8.2. Fyrirmæli um flugafgreiðslu

8.2.1. Verklag við eldsneytistöku og –losun. Lýsing á verklagi við eldsneytistöku og -losun, þ.m.t.:

a) öryggisráðstafanir við eldsneytistöku og -losun, þ.m.t. þegar aukastöð (APU) eða hverfihreyfill er í gangi og skrúfuhemlarnir eru á,

b) eldsneytistaka og -losun þegar farþegar fara um borð, eru um borð eða fara frá borði og

c) varúðarráðstafanir, sem gera þarf, til að koma í veg fyrir blöndun mismunandi eldsneytis.

8.2.2. Reglur um afgreiðslu flugvélar, farþega og farms með tilliti til öryggis. Lýsing á verklagsreglum um afgreiðslu við úthlutun sæta og þegar farþegum er hleypt um borð og frá borði og við hleðslu og affermingu flugvélarinnar. Einnig ber að setja verklagsreglur sem miða að því að tryggja öryggi á meðan flugvélin er á hlaði. Eftirfarandi fellur undir verklagsreglur um afgreiðslu:

a) börn/ungbörn, veikir farþegar og hreyfihamlaðir,

b) flutningur óæskilegra farþega, manna sem er vísað úr landi eða gæslufanga,

c) leyfileg stærð og þyngd handfarangurs,

d) hleðsla og festing hluta í flugvélinni,

e) sérstakur farmur og flokkun farmrýmis,

f) staðsetning búnaðar á jörðu,

g) opnun og lokun flugvéladyra,

h) öryggi á hlaði, þ.m.t. eldvarnir og svæði þar sem reikna má með útblæstri og sogi,

i) verklag við ræsingu, brottför af hlaði og við komu þ.m.t. að ýta frá og draga,

j) afgreiðsla flugvéla og

k) skjöl og eyðublöð fyrir afgreiðslu flugvélar,

l) þegar fleiri en einn eru um sama flugvélarsæti.

8.2.3. Verklagsreglur um synjun borðgöngu. Reglur til að tryggja að mönnum, sem virðast drukknir eða af hátterni þeirra og útliti má ráða að þeir séu undir áhrifum lyfja, sé synjað um borðgöngu, að undanskildum sjúklingum sem fá tilhlýðilega umönnun. Þetta á ekki við um sjúklinga sem fá tilhlýðilega umönnun.

8.2.4. Íseyðing og ísingarvörn á jörðu niðri. Lýsing á viðmiðunar- og verklagsreglum um íseyðingu og ísingarvarnir þegar flugvélar eru á jörðu niðri. Í þeim skal lýsa tegundum og áhrifum ísingar og annarra aðskotaefna sem setjast á flugvélar á meðan þær eru í kyrrstöðu eða er ekið á jörðu niðri og í flugtaki. Að auki skal lýsa vökvategundum, sem eru notaðar, og tilgreina m.a. eftirfarandi:

a) vöruheiti eða viðskiptaheiti,

b) eiginleika,

c) áhrif á afkastagetu flugvélarinnar,

d) endingartíma og

e) varúðarráðstafanir við notkun.

8.3. Verklag á flugi

8.3.1. Viðmiðunarreglur um sjónflug/blindflug. Lýsing á viðmiðunarreglum þeim sem fylgt er og lúta að því við hvaða aðstæður sjónflug er leyft eða hvenær krafist er að flogið sé samkvæmt blindflugsreglum eða leyft að skipta úr einu í annað.

8.3.2. Verklag við leiðsögu. Lýsing á öllu verklagi við leiðsögu sem lýtur að flugvélategund og flugsvæði. Taka ber tillit til:

a) staðlaðs verklags í leiðsögu, þ.m.t. viðmiðunarreglur um tvöfalda gátun færslna á hnappaborði ef þær hafa áhrif á flugslóðina sem flugvélin á að fylgja,

b) leiðsögu um svæði, þar sem gerðar eru lágmarkskröfur um nákvæmni í flugleiðsögu (MNPS) og leiðsögu um heimskautssvæði (POLAR) svo og leiðsögu á öðrum tilteknum svæðum,

c) svæðisleiðsögu (RNAV),

d) endurgerðrar flugáætlunar á flugi,

e) verklagi sem er viðhaft ef leiðsögukerfi tapa nákvæmni og

f) minnkaður lágmarkshæðaraðskilnaður.

8.3.3. Verklagsreglur um stillingu hæðarmæla þ.m.t., þar sem við á, notkun:

— hæðarmælingar í metrum og taflna til umreiknings,

og

— verklagsreglna varðandi notkun hæðarmælis sem stilltur er á staðarþrýsting (QFE).

8.3.4. Verklagsreglur um viðvörunarkerfi vegna frávika frá flughæð

8.3.5. Jarðvarakerfi/landslagsgreiningarkerfi. Verklagsreglur og leiðbeiningar sem krafist er til að koma í veg fyrir stýrt flug á hindranir í landslagi, þ.m.t. takmarkanir á mikilli lækkun nálægt jörðu (þjálfunarkröfur sem þetta varða er að finna í D.2.1).

8.3.6. Viðmiðunar- og verklagsreglur um notkun árekstrarvara (TCAS/ACAS).

8.3.7. Viðmiðunar- og verklagsreglur um stjórnun eldsneytis á flugi.

8.3.8. Erfiðar aðstæður og aðstæður sem geta verið hættulegar í lofthjúpnum. Verklagsreglur um flug og/eða hvernig megi forðast aðstæður í lofthjúpnum, sem geta verið hættulegar, þ.m.t.:

a) þrumuveður,

b) ísing,

c) ókyrrð í lofti,

d) vindhvörf,

e) skotvindur,

f) gosöskuský,

g) mikil úrkoma,

h) sandrok,

i) fjallabylgjur og

j) skörp hitahvörf.

8.3.9. Flugröst. Viðmiðanir um aðskilnað loftfara vegna flugrastar, með hliðsjón af flugvélategundum, vindi og staðsetningu flugbrautar.

8.3.10. Flugverjar í vinnureit sínum. Kröfur um að flugverjar séu í vinnureit sínum eða í sætum sínum á mismunandi stigum flugs eða þegar það er talið nauðsynlegt af öryggisástæðum og einnig verklagsreglur um skammtaða hvíld í stjórnklefa.

8.3.11. Notkun sætisbelta fyrir áhöfn og farþega. Kröfur um að flugverjar og farþegar noti sætisbelti og/eða öryggistygi á mismunandi stigum flugs eða þegar það telst nauðsynlegt af öryggisástæðum.

8.3.12. Aðgangur að stjórnklefa. Skilyrði fyrir því að veita öðrum en flugliðum aðgang að stjórnklefa. Undir þessum lið skulu einnig vera viðmiðunarreglur um aðgang eftirlitsmanna flugmálayfirvalda.

8.3.13. Notkun lausra sæta sem ætluð eru áhöfn. Skilyrði og verklagsreglur um notkun lausra sæta sem ætluð eru áhöfn.

8.3.14. Óstarfhæfni flugverja. Verklagsreglur sem fara skal eftir ef flugverjar verða óstarfhæfir á flugi. Með þeim skulu fylgja dæmi um mismunandi tegundir óstarfhæfni og hvernig bera megi kennsl á þær.

8.3.15. Öryggiskröfur í farþegarými. Verklagsreglur sem taka til:

a) undirbúnings farþegarýmis fyrir flug, krafna sem gerðar eru á flugi og undirbúnings undir lendingu, að meðtöldum reglum um frágang í farþegarými og eldhúsum,

b) verklagsreglna til að tryggja að farþegar sitji þar sem þeir eiga auðveldast með að veita aðstoð og séu ekki til trafala við rýmingu flugvélar, komi til neyðarrýmingar,

c) verklagsreglna, sem fylgja skal, þegar farþegar fara um borð og frá borði og

d) verklagsreglna, sem fylgja skal, ef farþegar fara um borð, eru um borð eða fara frá borði meðan á eldsneytistöku og -losun stendur,

e) reykinga um borð.

8.3.16. Upplýsingar til farþega. Efni og upplýsingar sem farþegum eru veittar og hvenær það er gert, í samræmi við OPS 1.285.

8.3.17. Verklagsreglur í flugvélum þegar tilskilið er að geislunarmælar til að mæla geimgeislun eða sólargeislun séu um borð. Verklagsreglur um notkun geislunarmæla og um skráningu mælinganna, að meðtöldum aðgerðum sem gripið skal til ef geislun fer yfir mörkin sem tilgreind eru í flugrekstrarhandbókinni. Auk þess skal setja verklagsreglur sem fylgja skal, þ.m.t. reglur um flugumferðarþjónustu, ef tekin er ákvörðun um að lækka flug eða breyta flugleiðinni.

8.3.18. Viðmiðunarreglur um notkun sjálfstýringar og sjálfvirkrar eldsneytisgjafar.

8.4. Starfræksla í skertu skyggni. Lýsing á verklagsreglum við starfrækslu í skertu skyggni (sjá einnig D- og E-kafla OPS).

8.5. Fjarflug. Lýsing á verklagsreglum í fjarflugi.

8.6. Notkun lista yfir lágmarksbúnað og lista yfir leyfð frávik frá ytri búnaði

8.7. Óarðbært flug. Verklagsreglur og takmarkanir er gilda:

a) um æfingaflug,

b) um reynsluflug.

c) um afhendingarflug,

d) um ferjuflug,

e) um sannprófunarflug og

f) um staðsetningarflug, ásamt reglum um hverjir megi vera um borð í slíku flugi.

8.8. Kröfur um súrefni.

8.8.1. Útskýringar á því við hvaða aðstæður skuli séð fyrir súrefni og það notað um borð.

8.8.2. Sérstakar kröfur um súrefni:

a) handa flugliðum,

b) handa öryggis- og þjónustuliðum og

c) handa farþegum.

9. HÆTTULEGUR VARNINGUR OG VOPN

9.1. Upplýsingar, fyrirmæli og almennar leiðbeiningar um flutning hættulegs varnings, þ.m.t.:

a) viðmiðunarreglur flugrekanda í málum er varða flutning hættulegs varnings,

b) fyrirmæli er varða kröfur um móttöku, merkingar og meðferð hættulegs varnings, svo og geymslu og aðgreiningu frá öðrum farmi,

c) sérstök tilkynningaskylda um slys eða atvik við flutning hættulegs varnings,

d) verklagsreglur um viðbrögð í neyðartilvikum vegna hættulegs varnings,

e) skyldustörf alls starfsfólks sem hlut á að máli, sbr. OPS 1.1215 og

f) leiðbeiningar um flutning starfsmanna flugrekanda.

9.2. Skilyrði fyrir flutningi vopna, skotfæra til hernaðar og sportvopna.

10. FLUGVERND

10.1. Fyrirmæli og leiðbeiningar um flugvernd sem ekki eru bundnar trúnaði og fjalla um valdsvið og ábyrgð starfsfólks flugrekstrarsviðs. Viðmiðunar- og verklagsreglur um hvernig skuli taka á og skýra frá lögbrotum um borð, s.s. ólögmætum afskiptum, skemmdarverkum, sprengjuhótunum og flugráni.

10.2. Lýsing á forvörnum og þjálfun í flugvernd.

Aths.: Heimilt er að flokka hluta fyrirmæla og leiðbeininga um flugvernd sem trúnaðarmál.

11. MEÐFERÐ, TILKYNNING OG SKÝRSLUGERÐ VEGNA ATVIKA

Verklagsreglur um meðferð, tilkynningu og skýrslugerð vegna atvika. Í þessum hluta skulu vera:

a) skilgreiningar á atvikum og ábyrgð allra sem hlut eiga að máli,

b) skýringarmyndir af eyðublöðum sem notuð eru til skýrslugerðar vegna allra gerða atvika (eða afrit af eyðublöðunum sjálfum), leiðbeiningar um hvernig ber að fylla þau út, hvert skuli senda þau og tími sem leyfður er til vinnslu,

c) ef slys skyldi verða, lýsingar á því hvaða deildum fyrirtækisins, flugmálayfirvöldum og öðrum stofnunum beri að tilkynna um það, hvernig það skuli gert og í hvaða röð,

d) verklagsreglur um munnlega tilkynningu til flugumferðarþjónustudeilda um flugatvik sem tengjast ráðleggingum frá árekstrarvörum, hættu af fuglum og hættulegum aðstæðum,

e) verklagsreglur um afhendingu skriflegra skýrslna um flugumferðaratvik, ráðleggingar frá árekstrarvörum, árekstra við fugla, flugatvik eða slys í tengslum við hættulegan varning og ólögmæt afskipti,

f) verklagsreglur um skýrslugerð til að tryggja að kröfur b-liðar OPS 1.085 og 1.420 séu uppfylltar. Í þessum verklagsreglum verða að vera verklagsreglur um skýrslugerð vegna verklagsreglna um innra öryggi sem flugverjar verða að fylgja og sem eru hannaðar til að tryggja að flugstjóra sé tilkynnt þegar í stað um öll flugatvik sem hafa eða kunna að hafa stefnt öryggi flugvélarinnar í hættu meðan á flugi stendur og að hann fái allar viðeigandi upplýsingar.

12. FLUGREGLUR

Flugreglur, þ.m.t.:

a) sjónflugs- og blindflugsreglur,

b) beiting flugreglna eftir því yfir hvaða svæði er flogið,

c) verklagsreglur um fjarskipti, þ.m.t. reglur um viðbrögð þegar fjarskipti bregðast,

d) upplýsingar og fyrirmæli um einelti almenningsflugvéla,

e) við hvaða aðstæður skal hafa hlustvörð í fjarskiptum,

f) merkjagjöf,

g) tímakerfið sem notað er í flugi,

h) heimildir flugumferðarþjónustu, fylgni við flugáætlun og stöðutilkynningar,

i) sjónmerki sem notuð eru til að gera flugvél, sem er án heimildar, viðvart um að hún sé á eða um það bil að fljúga inn á svæði þar sem umferð er takmörkuð eða á bann- eða hættusvæði,

j) verklagsreglur fyrir flugmenn sem verða vitni að slysi eða heyra neyðarsendingu,

k) sýnilegt merkjamál notað á jörðu niðri til að sjást úr lofti, sem þeir sem lifa af slys geta notað, lýsing og notkun búnaðar til merkjagjafar og

l) neyðar- og hættumerki.

13. LEIGA

Lýsing á fyrirkomulagi starfrækslu vegna leigu, verklagsreglur í tengslum við hana og stjórnunarábyrgð.

B. **ATRIÐI ER VARÐA STARFRÆKSLU FLUGVÉLA — (FLOKKAÐ) EFTIR TEGUNDUM**

Taka skal tillit til munar á tegundum og afbrigðum tegunda undir eftirfarandi fyrirsögnum:

0. ALMENNAR UPPLÝSINGAR OG MÆLIEININGAR

0.1. Almennar upplýsingar (t.d. um mál flugvélar) ásamt lýsingu á mælieiningum, sem notaðar eru við starfrækslu viðkomandi flugvélategundar, og umreikningstöflum.

1. TAKMARKANIR

1.1. Lýsing á takmörkunum samkvæmt tegundarvottorði og gildandi takmörkunum á starfrækslu, þ.m.t.:

a) skilmálar lofthæfivottorðs (s.s. CS–23, CS–25, 16. viðauki Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (CS–36 og CS–34) o.fl.),

b) fyrirkomulag farþegasæta í hverri flugvélategund ásamt lýsingu í myndum,

c) tegundir samþykkts flugs (s.s. samkvæmt sjónflugs-/blindflugsreglum, aðflug skv. II./III. flokki (CAT II/III), nákvæmni svæðisleiðsögu, flug við þekkt ísingarskilyrði o.fl.),

d) samsetning áhafnar,

e) massi og þyngdarmiðja,

f) hraðatakmarkanir,

g) flugrammar,

h) vindmörk, sem taka einnig til starfrækslu á spilltum flugbrautum,

i) takmarkanir afkastagetu fyrir viðeigandi flughami,

j) halli flugbrautar,

k) takmarkanir á blautum eða spilltum flugbrautum,

l) aðskotaefni á flugskrokki og

m) kerfistakmarkanir.

2. VERKLAG VIÐ EÐLILEGAR AÐSTÆÐUR

2.1. Verklag og skyldustörf áhafnar við eðlilegar aðstæður, tilheyrandi gátlistar, fyrirkomulag á notkun gátlista og lýsing á nauðsynlegri samræmingu á störfum flugliða og öryggis- og þ jónustuliða. Fjalla skal um eftirfarandi verklagsreglur og skyldustörf við eðlilegar aðstæður:

a) undirbúning fyrir flug,

b) undirbúning fyrir brottför,

c) stillingu og athugun hæðarmæla,

d) akstur, flugtak og klifur,

e) hávaðamildun,

f) farflug og lækkun,

g) aðflug, undirbúning lendingar og lendingarkynningu,

h) aðflug samkvæmt sjónflugsreglum,

i) aðflug samkvæmt blindflugsreglum,

j) sjónaðflug og hringaðflug,

k) fráflug,

l) eðlilega lendingu,

m) störf að lokinni lendingu og

n) starfrækslu á blautum og spilltum flugbrautum.

3. VERKLAG VIÐ ÓEÐLILEGAR AÐSTÆÐUR OG Í NEYÐARTILVIKUM

3.1. Verklag og skyldustörf áhafnar við óeðlilegar aðstæður og í neyðartilvikum, tilheyrandi gátlistar, fyrirkomulag á notkun gátlista og lýsing á nauðsynlegri samræmingu á störfum flugliða og öryggis- og þjónustuliða. Fjalla skal um verklagsreglur og skyldustörf við eftirfarandi óeðlilegar aðstæður og neyðaraðstæður:

a) óstarfhæfni flugverja,

b) æfingar í eld- og reykvörnum,

c) flug án jafnþrýstibúnaðar og flug með jafnþrýstibúnaði sem virkar ekki nema að hluta til,

d) þegar farið er yfir burðarþolsmörk, s.s. í lendingu með yfirþyngd,

e) þegar farið er yfir geimgeislunarmörk,

f) þegar eldingu slær niður,

g) neyðarfjarskipti og þegar flugumferðarstjórn er gert viðvart um neyðartilvik,

h) hreyfilbilun,

i) kerfisbilanir,

j) leiðbeiningar um að víkja af leið vegna alvarlegrar bilunar í tæknibúnaði,

k) viðvörun frá jarðvarakerfi (GPWS),

l) viðvörun frá árekstrarvara,

m) vindhvörf og

n) nauðlendingu á landi/vatni og

o) verklag í viðlögum við brottflug.

4. AFKASTAGETA

4.0. Upplýsingar um afkastagetu skulu settar þannig fram að vandalaust sé að nota þær.

4.1. Gögn um afkastagetu. Gögn um afkastagetu, þar sem fram koma upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að fullnægja kröfum um afkastagetu í F-, G-, H- og I-kafla OPS 1, skulu fylgja með til að ákvarða megi:

a) klifurgetumörk í flugtaki — massa, hæð, hitastig,

b) lengd flugtaksbrautar (þurr, blaut, spillt flugtaksbraut),

c) upplýsingar um raunflugslóð til að reikna út hindranabil eða, þegar það á við, flugtaksslóð,

d) minnkun á klifurhalla vegna brottflugs með beygjum,

e) klifurgetumörk á flugleið,

f) klifurgetumörk í aðflugi,

g) klifurgetumörk í lendingu,

h) lengd lendingarbrautar (þurr, blaut, spillt lendingarbraut), þ.m.t. áhrif kerfis- eða tækjabilunar á flugi ef bilunin hefur áhrif á lendingarvegalengd,

i) hemlunarorkumörk og

j) hraða á mismunandi stigum flugs (einnig með tilliti til blautra eða spilltra flugbrauta).

4.1.1. Viðbótarupplýsingar um flug við ísingarskilyrði. Tilgreina skal alla skráða afkastagetu sem tengist leyfilegum flugham eða fráviki frá flugham, s.s. óvirk skriðvörn.

4.1.2. Ef upplýsingar, sem krafist er fyrir viðkomandi afkastagetuflokk, eru ekki tiltækar í samþykktri flughandbók skal tilgreina önnur gögn sem flugmálayfirvöld geta fallist á. Annar kostur er að í flugrekstrarhandbókinni sé tilvísun í samþykktar upplýsingar í flughandbókinni ef ekki er líklegt að þ ær upplýsingar verði notaðar oft eða í neyðartilvikum.

4.2. Frekari upplýsingar um afkastagetu. Frekari upplýsingar um afkastagetu þegar við á, s.s.:

a) klifurhalli með alla hreyfla í gangi,

b) upplýsingar um siglækkun,

c) áhrif íseyðingarvökva/ísvarnarvökva,

d) flug með lendingarbúnað niðri,

e) á flugvélum með þrjá eða fleiri hreyfla, flug með einn hreyfil óstarfhæfan í ferjuflugi og

f) flug samkvæmt ákvæðum lista yfir leyfð frávik frá ytri búnaði.

5. GERÐ FLUGÁÆTLUNAR

5.1. Upplýsingar og fyrirmæli sem eru nauðsynleg fyrir gerð flugáætlunar áður en flug hefst og endurskoðun flugáætlunar á flugi, þ.m.t. þættir eins og áætlun um flughraða og aflstillingar. Einnig skal, ef við á, gera grein fyrir verklagsreglum þegar einn eða fleiri hreyflar bila, fjarflugi, einkum farflugshraða með annan hreyfil óstarfhæfan og hámarksfjarlægð frá viðunandi flugvelli sem ákvörðuð er í samræmi við OPS 1.245 og flugi til afskekktra flugvalla.

5.2. Aðferð til að reikna út hve mikil eldsneytisþörfin er á mismunandi stigum flugs, í samræmi við OPS 1.255.

6. MASSI OG JAFNVÆGI.

Fyrirmæli og upplýsingar um útreikning á massa og jafnvægi, þ.m.t.:

a) útreikningskerfi (t.d. stuðulkerfi),

b) upplýsingar og fyrirmæli um gerð massa- og jafnvægisskjala, bæði handvirkt og í tölvu,

c) takmarkandi massar og þyngdarmiðjumörk fyrir mismunandi tegundir, afbrigði eða einstaka flugvélar, sem flugrekandinn notar, og

d) þurrarekstrarmassi og tilheyrandi þyngdarmiðja eða stuðull.

7. HLEÐSLA

Verklagsreglur og ákvæði um hvernig hlaða skuli farmi og festa hann tryggilega í flugvélinni.

8. LISTI YFIR LEYFÐ FRÁVIK FRÁ YTRI BÚNAÐI

Listi eða listar yfir frávik frá búnaði ef framleiðandi hefur látið þá í té með hliðsjón af tegundum og afbrigðum flugvéla, þ.m.t. verklagsreglur sem fylgja skal þegar flugvél er send í flug samkvæmt skilmálum listans.

9. LISTI YFIR LÁGMARKSBÚNAÐ

Listi yfir lágmarksbúnað, með hliðsjón af tegundum og afbrigðum flugvéla og tegundum flugs og flugsvæða. Leiðsögubúnaður verður að vera á listanum ásamt tilskilinni nákvæmni á flugleiðinni og flugsvæðinu.

10. LISTI YFIR BÚNAÐ TIL AÐ LIFA AF OG NEYÐARBÚNAÐ, AÐ SÚREFNI MEÐTÖLDU

10.1. Listi yfir búnað til að lifa af sem skal vera um borð miðað við fyrirhugaðar flugleiðir og reglur um athugun á því hvort búnaðurinn sé nothæfur áður en flug hefst. Hér skal einnig gera grein fyrir fyrirmælum um staðsetningu, aðgengi og notkun búnaðar til að lifa af og neyðarbúnaðar og tilheyrandi gátlista eða gátlistum.

10.2. Aðferð við að reikna út nauðsynlegt magn súrefnis og tiltækt magn. Hafa ber hliðsjón af flugsniði, fjölda þeirra sem er um borð og hugsanlegri þrýstingsminnkun. Upplýsingar, sem veittar eru, skulu settar þannig fram að vandalaust sé að nota þær.

11. REGLUR UM NEYÐARRÝMINGU

11.1. Fyrirmæli um undirbúning neyðarrýmingar, þ.m.t. samhæfing á viðbrögðum áhafnar og skipan í vinnureiti í neyðartilvikum.

11.2. Verklag við neyðarrýmingu. Lýsing á skyldustörfum allra flugverja til að tryggja skjóta neyðarrýmingu flugvélar og stjórn á farþegum ef kemur til nauðlendingar á landi eða vatni eða annars neyðarástands.

12. FLUGVÉLAKERFI

Lýsing á kerfum flugvélarinnar og tilheyrandi stjórntækjum, vísibúnaði svo og notkunarreglur.

C. **FYRIRMÆLI OG UPPLÝSINGAR UM FLUGLEIÐIR OG FLUGVELLI**

1. Fyrirmæli og upplýsingar um fjarskipti, leiðsögu og flugvelli, að meðtöldum lágmarksfluglögum og lágmarksflughæðum á öllum flugleiðum, sem fyrirhugað er að fljúga á, og flugvallarlágmörk fyrir alla flugvelli, sem áætlað er að nota, þ.m.t.:

a) lágmarksfluglag/-hæð,

b) flugvallarlágmörk fyrir brottfarar-, ákvörðunar- og varaflugvelli,

c) fjarskiptavirki og leiðsögutæki,

d) upplýsingar um flugbrautir og flugvallarvirki,

e) verklag við aðflug, fráflug og brottflug ásamt verklagi við hávaðamildun,

f) verklag þegar fjarskipti bregðast,

g) leitar- og björgunarþjónusta á svæðinu sem fljúga á yfir,

h) lýsing á flugkortum, sem skylt er að hafa um borð með tilliti til tegundar flugs og flugleiðar, sem fljúga á, að meðtalinni aðferð til að kanna hvort kortin séu í gildi,

i) tiltækar flugmálaupplýsingar og veðurþjónusta,

j) verklagsreglur um fjarskipti/leiðsögu (COM/NAV) á flugleið,

k) flokkun flugvalla með tilliti til krafna sem gerðar eru um réttindi og hæfni flugliða,

(l) sérstakar takmarkanir á flugvöllum (takmarkanir á afkastagetu og verklagsreglur).

D. **ÞJÁLFUN**

1. Áætlun um námsefni til þjálfunar og prófs fyrir allt starfsfólk flugrekstrarsviðs sem falin eru störf í tengslum við undirbúning flugs og/eða flugið sjálft.

2. Áætlun um námsefni til þjálfunar og prófs skal ná yfir:

2.1. fyrir flugliða: öll atriði sem við eiga og mælt er fyrir um í E- og N-kafla,

2.2. fyrir öryggis- og þjónustuliða: öll atriði sem við eiga og mælt er fyrir um í O-kafla,

2.3. fyrir hlutaðeigandi starfsfólk flugrekstrarsviðs, að flugverjum meðtöldum:

a) öll atriði sem við eiga og mælt er fyrir um í R-kafla (Flutningur á hættulegum varningi flugleiðis) og

b) öll atriði sem við eiga og mælt er fyrir um í S-kafla (Flugvernd),

2.4. fyrir starfsfólk flugrekstrarsviðs, að flugverjum undanskildum (t.d. flugumsjónarmann, starfsfólk í flugafgreiðslu o.s.frv.), öll önnur atriði er við eiga og lúta að skyldustörfum þess og mælt er fyrir um í OPS.

3. Verklagsreglur

3.1. Verklag við þjálfun og próf.

3.2. Verklagsreglur sem fara skal eftir ef starfsfólk nær ekki í upphafi eða til lengdar að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til þess.

3.3. Verklagsreglur til að tryggja að í flutningaflugi sé ekki hermt eftir óeðlilegum aðstæðum eða neyðarástandi, sem gerir það að verkum að nota þarf að hluta eða að öllu leyti verklagsreglur fyrir slíkar aðstæður, né heldur hermt eftir blindflugsskilyrðum með gerviblindflugi.

4. Lýsing á skjölum sem ber að geyma og geymslutími þeirra (sjá 1. viðbæti við OPS 1.1065).

1. viðbætir við OPS 1.1065

Geymslutími skjala

Flugrekandi skal sjá til þess að eftirfarandi upplýsingar/skjöl séu geymd í formi sem unnt er að fallast á og séu aðgengileg flugmálayfirvöldum eins lengi og tiltekið er í töflunum hér á eftir.

Aths.: Í c-lið liðar M.A.306 í M-hluta í tækniflugbók flugrekanda eru frekari upplýsingar um viðhaldsskrár.

Tafla 1

Upplýsingar sem notaðar eru við undirbúning og framkvæmd flugs

Upplýsingar sem notaðar eru við undirbúning og framkvæmd flugs eins og lýst er í OPS 1.135	
Leiðarflugáætlun	Þrír mánuðir
Tækniflugbók flugvélar	36 mánuðir eftir síðustu færslu, í samræmi við c-lið liðar M.A.306 í M-hluta
Upplýsingar til flugmanna er varða leiðina, hafi flugrekandi gefið út slíkar upplýsingar	Þrír mánuðir
Massa- og jafnvægisskrár	Þrír mánuðir
Tilkynningar um sérstakan farm, þ.m.t. skriflegar upplýsingar til flugstjóra um hættulegan varning	Þrír mánuðir

Tafla 2

Skýrslur

Skýrslur	
Leiðarflugbók	Þrír mánuðir
Flugskýrslur til að tilkynna atvik, eins og mælt er fyrir um í OPS 1.420, eða þá atburði sem flugstjóri telur nauðsynlegt að tilkynna/skrá	Þrír mánuðir
Skýrslur um það þegar farið út fyrir fartíma- og vinnutímamörk og/eða hvíldartími er styttur	Þrír mánuðir

Tafla 3

Skrár yfir flugliða

Skrár yfir flugliða	
Far-, vinnu- og hvíldartími	15 mánuðir
Skírteini	Á meðan flugliðinn neytir réttinda skírteinisins fyrir flugrekanda
Þjálfun og próf vegna flugvélaskipta	Þrjú ár
Flugstjóranámskeið (þ.m.t. próf)	Þrjú ár
Reglubundin þjálfun og próf	Þrjú ár
Þjálfun og próf til starfa í hvoru flugmannssætinu sem er	Þrjú ár
Nýleg reynsla (sbr. OPS 1.970)	15 mánuðir
Hæfni til flugs á tilteknum leiðum og inn á tiltekna flugvelli (sbr. OPS 1.975)	Þrjú ár
Þjálfun og starfsréttindi til sérstakrar starfrækslu þegar þess er krafist í OPS (t.d. fjarflug og starfræksla skv. II.-III. flokki) (CAT-II-III)	Þrjú ár
Þjálfun vegna hættulegra efna eftir því sem við á	Þrjú ár

Tafla 4

Skrár yfir öryggis- og þjónustuliða

Skrár yfir öryggis- og þjónustuliða	
Far-, vinnu- og hvíldartími	15 mánuðir
Grunnþjálfun, þjálfun vegna flugvélaskipta og mismunarþjálfun (þ.m.t. próf)	Á meðan öryggis- og þjónustuliðinn starfar hjá flugrekandanum
Reglubundin þjálfun og upprifjun (þ.m.t. próf)	Í 12 mánuði eftir að öryggis- og þjónustuliði hefur hætt störfum hjá flugrekandanum
Þjálfun vegna hættulegra efna eftir því sem við á	Þrjú ár

Tafla 5

Skrár yfir annað starfsfólk flugrekstrarsviðs

Skrár yfir annað starfsfólk flugrekstrarsviðs	
Þjálfunar-/hæfisskrár annars starfsfólks sem krafist er samþykktrar þjálfunaráætlunar fyrir í OPS	Nýjustu tvær þjálfunarskrárnar

Tafla 6

Aðrar skrár

Aðrar skrár	
Skrár um magn geim- og sólargeislunar	Í 12 mánuði eftir að flugverji hefur hætt störfum hjá flugrekandanum
Gæðakerfisskrár	Fimm ár
Flutningsskjal fyrir hættulegan varning	Þrjá mánuði að flugi loknu
Gátlisti við móttöku hættulegs varnings	Þrjá mánuði að flugi loknu

Q-KAFLI

FARTÍMA- OG VINNUTÍMAMÖRK OG REGLUR UM HVÍLDARTÍMA

OPS 1.1090

Markmið og gildissvið

1. Flugrekandi skal setja fartíma- og vinnutímamörk og leggja fram áætlun um hvíldartíma fyrir flugverja.

2. Flugrekandi skal sjá til þess í öllu flugi sínu:

2.1. að fartíma- og vinnutímamörk og áætlun um hvíldartíma sé í samræmi við:

a) ákvæði þessa kafla og

b) önnur viðbótarákvæði sem flugmálayfirvöld beita í samræmi við ákvæði þessa kafla í þeim tilgangi að viðhalda öryggi.

2.2. Flug á að vera skipulagt þannig að því ljúki innan leyfilegrar flugvaktar, að teknu tilliti til þess tíma sem þarf til undirbúnings undir flug, fartíma og viðdvalartíma.

2.3. Vaktaskrár verða samdar og birtar með nægilegum fyrirvara til að gefa flugverjum færi á að skipuleggja nægilega hvíld.

3. Ábyrgð flugrekenda

3.1. Flugrekandi skal tilnefna heimahöfn fyrir hvern flugverja.

3.2. Flugrekendur skulu virða tengslin milli tíðni og mynsturs flugvaktar og hvíldartímabila og taka tilhlýðilegt tillit til uppsafnaðra áhrifa af völdum langra vakta og lágmarkshvíldar.

3.3. Flugrekendur skulu úthluta vakttímum á þann hátt að komist sé hjá óæskilegu verklagi, t.d. dag-og næturvaktir til skiptis eða að flutningur á flugverjum valdi alvarlegri röskun á hefðbundnu svefn- og vinnumynstri.

3.4. Flugrekendur skulu áætla staðardaga án vinnuskyldu og tilkynna flugverjum um þá fyrir fram.

3.5. Flugrekendur skulu tryggja að hvíldartímabil veiti áhöfninni nægan tíma til að jafna sig af áhrifum undangenginna vakta og að hún sé vel úthvíld við upphaf næstu flugvaktar.

3.6. Flugrekendur skulu tryggja að flugvaktir séu skipulagðar á þann hátt að flugverjar fái nægilega hvíld svo þeir geti, við allar aðstæður, sinnt starfi sínu við viðunandi öryggi.

4. Ábyrgð flugverja

4.1. Flugverji skal ekki starfa um borð í flugvél ef hann veit að hann sé haldinn eða muni líklega verða haldinn ofþreytu eða finnst hann vera svo ófær til vinnu að hann geti stofnað fluginu í hættu.

4.2. Flugverjar skulu nýta sér til fullnustu þau tækifæri og þær aðstæður sem bjóðast til hvíldar og skipuleggja og nota hvíldartíma sinn á tilhlýðilegan hátt.

5. Ábyrgð flugmálayfirvalda

5.1. Frávik

5.1.1. Með fyrirvara um ákvæði 8. gr. geta flugmálayfirvöld veitt heimild til frávika frá kröfum þessa kafla í samræmi við gildandi lög og verklagsreglur innan hlutaðeigandi aðildarríkja og í samráði við hagsmunaaðila.

5.1.2. Hver flugrekandi þarf að sýna flugmálayfirvöldum fram á, með því að nota starfsreynslu sína og aðra þætti sem skipta máli, t.d. fyrirliggjandi vísindaþekkingu, að það frávik sem beðið er um feli í sér sambærilegt öryggisstig.

Ef við á, skulu viðeigandi ráðstafanir til að draga úr áhættu fylgja slíkum frávikum.

OPS 1.1095

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1.1. Aukin flugáhöfn:

Flugáhöfn þar sem flugliðar eru fleiri en sá lágmarksfjöldi sem þarf til að starfrækja flugvélina og þar sem hver flugliði getur yfirgefið starfsstöð sína og annar flugliði, með viðeigandi starfsréttindi, tekið við af honum.

1.2. Fartími:

Tíminn frá því að flugvél hreyfist af flugvélastæði sínu til að hefja flug og þar til hún stöðvast að því loknu á flugvélastæði, sem henni hefur verið úthlutað, eða þar til allir hreyflar hafa verið stöðvaðir.

1.3. Vinnuhlé:

Tímabil án vinnuskyldu sem telst þó til vinnu þar eð það er styttra en hvíldartími.

1.4. Vinna:

Öll störf sem flugverja ber að inna af hendi í tengslum við starfsemi handhafa flugrekandaskírteinis (AOC). Flugmálayfirvöld skulu skilgreina hvort og að hve miklu leyti bakvakt teljist vinna nema kveðið sé á um slíkt með sérstökum reglum í þessari reglugerð.

1.5. Vakt:

Tímabil sem hefst þegar flugverja ber að mæta til vinnu, samkvæmt fyrirmælum flugrekanda, og lýkur þegar flugverjinn er laus við alla vinnuskyldu.

1.6. Flugvakt:

Flugvakt er sá tími sem einstaklingur starfar í loftfari sem flugverji. Flugvaktin hefst þegar flugverja ber að mæta í flug eða röð fluga, samkvæmt fyrirmælum flugrekanda, og henni lýkur í lok síðasta flugsins þar sem flugverjinn er starfandi flugverji.

1.7. Heimahöfn:

Staður sem flugrekandi tilnefnir fyrir flugverja og þar sem flugverji alla jafna hefur og lýkur vakt eða röð vakta en við venjulegar aðstæður er flugrekanda ekki skylt að sjá viðkomandi flugverja fyrir gistiaðstöðu þar.

1.8. Staðardagur:

24 stunda tímabil (sólarhringur) sem hefst klukkan 00.00 að staðartíma.

1.9. Staðarnótt:

Átta stunda tímabil milli klukkan 22:00 og 08:00 að staðartíma.

1.10. Stakur dagur án vinnuskyldu:

Stakur dagur án vinnuskyldu skal fela í sér tvær staðarnætur. Hvíldartímabil getur verið hluti af frídeginum

.

1.11. Starfandi flugverji:

Flugverji sem starfar um borð í loftfari meðan á fartíma stendur eða einhvern hluta fartímans.

1.12 Flutningur á flugverjum:

Flutningur á flugverjum, sem eru ekki starfandi, frá einum stað til annars, samkvæmt fyrirmælum flugrekanda, að undanskildum ferðatíma. Ferðatími er skilgreindur sem:

— sá tími sem fer í flutning að heiman til tilgreinds mætingarstaðar og öfugt,

— sá tími sem fer í flutning á staðnum frá hvíldarstað til upphafs vaktar og öfugt.

1.13. Hvíldartímabil:

Órofið og afmarkað tímabil þar sem flugverji er laus við alla vinnuskyldu og bakvaktir á flugvelli.

1.14. Bakvakt:

Afmarkað tímabil þar sem flugverja er skylt, samkvæmt fyrirmælum frá flugrekanda, að vera til taks til að fara í flug, til flutnings á flugverjum eða til annars konar vinnu án undanfarandi hvíldartíma.

1.15. Dægurlægð (Window of circadian low, WOCL):

Dægurlægð er tímabilið milli klukkan 02.00 og 05.59. Innan þriggja samliggjandi tímabelta vísar dægurlægð til tímabeltisins í heimahöfninni. Utan þessara þriggja tímabelta vísar dægurlægð til tímabeltisins í heimahöfninni fyrstu 48 klukkustundirnar eftir brottför frá tímabelti heimahafnarinnar og síðan til staðartíma.

OPS 1.1100

Fartíma- og vinnutímamörk

1.1. Uppsafnaðir vinnutímar

Flugrekandi skal sjá til þess að samanlagðar vaktir, sem flugverja eru ætlaðar, fari ekki yfir:

a) 190 klukkustundir, á hverju samfelldu 28 daga tímabili og þeim dreift eins jafnt og mögulegt er yfir þetta tímabil,

b) 60 vaktarklukkustundir á hverju samfelldu sjö daga tímabili.

1.2. Takmörk við samanlagða fartíma

Flugrekandi skal sjá til þess að samanlagðir fartímar, sem hverjum flugverja eru ætlaðir, fari ekki yfir:

a) 900 klukkustundir á hverju almanaksári eða

b) 100 klukkustundir á hverju samfelldu 28 daga tímabili.

OPS 1.1105

Dagleg hámarksflugvakt (FDP)

1.1. Þessi kafli á hvorki við um flug þegar einn flugmaður er í áhöfn né um sjúkraflug.

1.2. Flugrekandi skal tilgreina mætingartíma fyrir flug sem endurspeglar í raun þann tíma sem þarf til að sinna öryggistengdum verkum á jörðu niðri og sem flugmálayfirvöld samþykkja.

1.3. Dagleg hámarksflugvakt er 13 klukkustundir.

1.4. Fyrir hvert flug fram yfir þriðja flug, skerðast þessar 13 klukkustundir um 30 mínútur, þó að hámarki um tvær klukkustundir.

.5. Þegar flugvaktin hefst í dægurlægð skal hámarkið, sem kveðið er á um í liðum 1.3 og 1.4, skerðast um 100% af þeim tíma sem flugvaktin er í dægurlægð, þó að hámarki um tvær klukkustundir. Þegar flugvakt lýkur í dægurlægð eða fer alfarið fram í henni skal hámarksflugvakt, sem kveðið er á um í liðum 1.3 og 1.4, skerðast um 50% af þeim tíma sem flugvaktin er í dægurlægð.

2. Lengingar:

2.1. Lengja má daglega hámarksflugvakt um allt að eina klukkustund.

2.2. Ekki er leyfilegt að lengja flugvaktir sem samanstanda af sex flugum eða fleiri.

2.3. Þegar flugvakt er í dægurlægð í allt að tvær klukkustundir eru lengingar takmarkaðar við allt að fjögur flug.

2.4. Þegar flugvakt er í dægurlægð í meira en tvær klukkustundir eru lengingar takmarkaðar við allt að tvö flug.

2.5. Hámarksfjöldi lenginga eru tvær á hverju samfelldu sjö daga tímabili.

2.6. Þegar fyrirhugað er að lengja flugvakt skal lengja lágmarkshvíld um tvær klukkustundir fyrir og eftir flug eða einungis um fjórar klukkustundir eftir flug. Þegar tvær flugvaktir í röð eru lengdar skulu hvíldartímarnir fyrir og eftir flugin tvö vera hvor á eftir öðrum.

2.7. Þegar flugvakt með lengingu hefst á tímabilinu frá 22:00 til 04:59 skal flugrekandinn takmarka flugvaktina við 11.45 klukkustundir.

3. Öryggis- og þjónustuliðar

3.1. Þegar öryggis- og þ jónustuliðar eru skráðir í flug eða röð fluga er heimilt að lengja flugvakt öryggis- og þjónustuliðanna sem nemur mun á mætingartíma öryggis- og þjónustuliða og flugliða, svo framarlega sem munurinn fer ekki yfir eina klukkustund.

4. Áreiðanleiki rekstursins

4.1. Flugáætlanir skulu skipulagðar þannig að unnt sé að ljúka flugi innan leyfilegrar hámarksflugvaktar. Flugrekendur skulu gera ráðstafanir til að breyta flugáætlun eða áhafnarskipulagi eigi síðar en þegar sjálft flugstarfið fer yfir mörk hámarksflugvaktar í yfir 33% af áætluðum flugferðum á árstíðabundnu tímabili.

5. Flutningur á flugverjum

5.1. Allur tími sem fer í flutning á flugverjum telst til vinnu.

5.2. Flutningur eftir mætingu en fyrir flug telst vera hluti af flugvaktinni en er ekki talinn með fjölda fluga.

5.3. Við flutning á flugverjum flugleiðis, sem fylgir strax í kjölfar flugs þar sem flugverji hefur verið starfandi, skal lágmarkshvíldartími reiknast eins og skilgreint er í liðum 1.1 og 1.2 í OPS 1.1110.

6. Lengd flugvakt (skipt vakt)

6.1. Flugmálayfirvöldum er heimilt að samþykkja flug sem byggist á lengdri flugvakt, þ.m.t. vinnuhlé, sbr. þó ákvæði 8. gr.

6.2. Hver flugrekandi þarf að sýna flugmálayfirvöldum fram á, með því að nota starfsreynslu sína og aðra þætti sem skipta máli, t.d. fyrirliggjandi vísindaþekkingu, að beiðni hans um lengingu á flugvakt feli í sér sambærilegt öryggisstig.

OPS 1.1110

Hvíld

1. Lágmarkshvíld

1.1. Lágmarkshvíld, sem veita verður fyrir flugvakt, sem hefst í heimahöfn, skal vera a.m.k. jafnlöng og undanfarandi vakt eða 12 klukkustundir, eftir því hvort er lengra.

1.2. Lágmarkshvíld, sem veita verður fyrir flugvakt sem hefst fjarri heimahöfn, skal vera a.m.k. jafnlöng og undanfarandi vakt eða 10 klukkustundir, eftir því hvort er lengra. Þegar lágmarkshvíld er ekki tekin í heimahöfn verður flugrekandi að sjá til þess að tækifæri gefist til átta klukkustunda svefns og taka tilhlýðilegt tillit til ferðaþarfa og annarra líkamlegra þarfa.

1.3. Flugrekandi skal sjá til þess að flugverjum verði bætt upp áhrif tímamunar milli tímabelta með viðbótarhvíld, samkvæmt reglum flugmálayfirvalda, sbr. þó ákvæði 8. gr.

1.4.1. Þrátt fyrir liði 1.1 og 1.2 og með fyrirvara um ákvæði 8. gr. er flugmálayfirvöldum heimilt að stytta hvíldartíma.

1.4.2. Hver flugrekandi þarf að sýna flugmálayfirvöldum fram á, með því að nota starfsreynslu sína og aðra þætti sem skipta máli, t.d. fyrirliggjandi vísindaþekkingu, að styttingu á hvíldartíma samkvæmt beiðni hans feli í sér sambærilegt öryggisstig.

2. Hvíldartímabil

2.1. Flugrekandi skal sjá til þess að lágmarkshvíldin, sem kveðið er á um hér að framan, lengist reglubundið upp í vikulegan hvíldartíma sem samanstendur af 36 klukkustunda tímabili, sem felur í sér tvær staðarnætur, þannig að það líði aldrei fleiri en 168 klukkustundir frá lokum vikulegs hvíldartíma til upphafs þess næsta. Sem undantekning frá lið 1.9 í OPS 1.1095 er flugmálayfirvöldum heimilt að ákveða að seinni staðarnóttin hefjist klukkan 20.00 ef vikulegi hvíldartíminn er a.m.k. 40 klukkustundir.

OPS 1.1115

Lenging á flugvakt vegna hvíldar í flugi

1. Hver flugrekandi þarf að sýna flugmálayfirvöldum fram á, með því að nota starfsreynslu sína og aðra þætti sem skipta máli, t.d. fyrirliggjandi vísindaþekkingu, að í beiðni hans felist sambærilegt öryggi, sbr. þó ákvæði 8. gr.

1.1. Aukin flugáhöfn

Flugmálayfirvöld skulu setja kröfur í tengslum við fjölgun í flugáhöfn í þeim tilgangi að lengja flugvaktina umfram þau mörk sem tiltekin eru í OPS 1.1105 hér að framan.

1.2. Öryggis- og þjónustuliðar

Flugmálayfirvöld skulu setja kröfur í tengslum við lágmarkshvíld öryggis- og þjónustuliða í flugi þegar flugvaktin fer yfir þau mörk sem um getur í OPS 1.1105.

OPS 1.1120

Ófyrirséðar aðstæður í flugstarfinu sjálfu — ákvörðunarréttur flugstjóra

1. Að teknu tilliti til þess hve nauðsynlegt er að hafa strangt eftirlit með tilvikunum hér á eftir við flugstarfið sjálft, sem hefst við mætingartíma, má breyta takmörkum flugvaktar, vinnu- og hvíldartíma, sem kveðið er á um í þessum kafla, ef ófyrirséðar aðstæður koma upp. Flugstjórinn þarf að geta fallist á breytingarnar, að höfðu samráði við alla hina flugverjana, og verða þær alltaf að vera í samræmi við eftirfarandi:

1.1. Ekki er heimilt að lengja hámarksflugvakt, sem um getur í lið 1.3 í OPS 1.1105 hér að framan, um meira en tvær klukkustundir nema fjölgað hafi verið í flugáhöfn og er þá heimilt að lengja hámarksflugvaktina um þrjár klukkustundir hið mesta.

1.1.2. Skapist ófyrirséðar aðstæður eftir flugtak í lokaflugi flugvaktar, sem leiða til þess að farið er fram yfir leyfilega lengingu, er heimilt að halda fluginu áfram til áætlaðs ákvörðunarflugvallar eða varaflugvallar.

1.1.3. Skapist slíkar aðstæður má stytta hvíldartímann eftir flugvaktina, en hann má aldrei vera styttri en lágmarkshvíldin sem skilgreind er í lið 1.2 í OPS 1.1110 í þessum kafla.

1.2. Ef upp koma sérstakar aðstæður, sem gætu haft í för með sér alvarlega þreytu, skal flugstjórinn, að höfðu samráði við þá flugverja sem þetta snertir, stytta sjálfa flugvaktina og/eða lengja hvíldartímann til að koma í veg fyrir öll möguleg skaðleg áhrif á flugöryggið.

1.3. Flugrekandi skal sjá til þess:

1.3.1. að flugstjórinn gefi flugrekanda skýrslu í hvert skipti sem hann ákveður að flugvakt sé lengd eða þegar hvíldartími er styttur í sjálfu fluginu og

1.3.2. að ef flugvakt er lengd eða hvíldartími styttur um meira en eina klukkustund fái flugmálayfirvöld sent eintak af skýrslunni, með athugasemdum flugrekanda, eigi síðar en 28 dögum eftir atburðinn.

OPS 1.1125

Bakvakt

1. Bakvakt á flugvelli

1.1. Bakvakt flugverja á flugvelli hefst þegar hann mætir á hefðbundinn mætingarstað og lýkur við lok tilkynnts tíma bakvaktarinnar.

1.2. Bakvakt á flugvelli skal teljast með í heild sinni að því er varðar uppsafnaða vaktatíma.

1.3. Þegar flugvakt er í beinu framhaldi af bakvakt á flugvelli skulu flugmálayfirvöld skilgreina tengslin á milli bakvaktarinnar á flugvelli og flugvaktarinnar. Í slíku tilviki skal bæta bakvakt á flugvelli við vaktina, sem um getur í liðum 1.1. og 1.2 í OPS 1.1110, í þeim tilgangi að reikna út lágmarkshvíldina.

1.4. Þegar bakvakt á flugvelli leiðir ekki til flugvaktar skal a.m.k. fylgja hvíldartími samkvæmt reglum flugmálayfirvalda.

1.5. Flugrekandi skal sjá flugverja, sem er á bakvakt á flugvelli, fyrir rólegum og þægilegum stað sem almenningur hefur ekki aðgang að.

2. Aðrar bakvaktir (þ.m.t. bakvakt á hóteli)

2.1. Með fyrirvara um ákvæði 8. gr., skulu flugmálayfirvöld setja reglur um allar aðrar bakvaktir, að teknu tilliti til eftirfarandi:

2.1.1. Öll starfsemi skal færð í vaktaskrá og/eða tilkynnt fyrir fram.

2.1.2. Tilgreina skal nákvæmlega hvenær bakvakt hefst og hvenær henni lýkur og tilkynna þá tímasetningu fyrir fram.

2.1.3. Ákvarða skal hámarkslengd bakvaktar á öðrum stað en á uppgefnum mætingarstað.

2.1.4. Að teknu tilliti til þeirrar hvíldaraðstöðu, sem er í boði fyrir flugverja, og annarra viðeigandi þátta skal skilgreina tengsl bakvaktar og flugvaktar sem leiðir af bakvakt.

2.1.5. Skilgreina skal útreikning á bakvaktartímum í tengslum við uppsafnaða vaktatíma.

OPS 1.1130

Næring

Flugverjar skulu hafa tækifæri til að neyta fæðu og drykkjar svo að hæfni þeirra skerðist ekki, einkum þegar flugvakt varir lengur en sex klukkustundir.

OPS 1.1135

Skrár um flugvaktir, vinnu- og hvíldartíma

1. Flugrekandi skal sjá til þess að í skrá yfir hvern flugverja komi fram:

   a) fartími,

   b) hvenær hver vakt eða flugvakt hefst, hversu lengi hún varir og hvenær henni lýkur,

   c) hvíldartími og dagar án vinnuskyldu og

   að þessar upplýsingar séu uppfærðar til að tryggja að farið sé að kröfum þessa kafla. Óski flugverji eftir því fær hann afrit af þessum upplýsingum.

2. Nái skrá flugrekanda, skv. 1. mgr., ekki yfir allar flugvaktir, vaktir og hvíldartíma flugverja skal viðkomandi flugverji halda eigin skrá þar sem fram kemur:

   a) fartími,

   b) hvenær hver vakt eða flugvakt hefst, hversu lengi hún varir og hvenær henni lýkur og

   c) hvíldartími og dagar án vinnuskyldu.

3. Óski flugrekandi eftir því, skal hann fá í hendur allar skrár þess flugverja, sem hann hefur ráðið í vinnu, áður en flugvakt hans hefst.

4. Skrár skulu geymdar í a.m.k. 15 almanaksmánuði frá lokum síðustu færslu, sem skiptir máli, eða lengur sé þess krafist í samræmi við landslög.

5. Þar að auki skal hver flugrekandi varðveita allar sérstakar skýrslur flugstjóra um lengdar flugvaktir, lengingu flugstunda og stytt hvíldartímabil í a.m.k. sex mánuði eftir atburðinn.

R-KAFLI

FLUTNINGUR Á HÆTTULEGUM VARNINGI FLUGLEIÐIS

OPS 1.1145

Almenn ákvæði

Flugrekandi skal fullnægja viðeigandi ákvæðum í Tæknilegu fyrirmælunum án tillits til þess:

a) hvort flugið er alveg eða að hluta til innan eða alveg utan lögsögu ríkis eða

b) hvort fyrir hendi sé samþykki fyrir flutningi á hættulegum varningi í samræmi við OPS 1.1155.

OPS 1.1150

Orðskýringar

a) Hugtök sem notuð eru í þessum kafla hafa þá merkingu sem hér segir:

1) Gátlisti við móttöku: Skjal sem notað er við skoðun á ytra útliti pakka með hættulegum varningi, ásamt tilheyrandi skjölum, til að staðfesta að allar viðkomandi kröfur hafi verið uppfylltar.

2) Samþykki: Heimild fyrir flutningi sem flugmálayfirvöld gefa út eingöngu skv. 2. lið b-liðar OPS 1.1165 og um getur í Tæknilegu fyrirmælunum vegna flutnings á hættulegum varningi sem venjulega er bannað að flytja eða af öðrum ástæðum eins og tiltekið er í Tæknilegu fyrirmælunum.

3) Vöruloftfar: Loftfar sem flytur varning og eignir en ekki farþega. Í þessu samhengi eru eftirfarandi ekki taldir til farþega:

i. flugverjar,

ii. starfsmenn flugrekanda sem leyfilegt er að flytja í samræmi við fyrirmæli í flugrekstrarhandbókinni,

iii. viðurkenndir fulltrúar flugmálayfirvalda eða

iv. maður sem hefur störfum að gegna vegna sérstakra sendinga um borð.

4) Hættulegur varningur: Hlutir eða efni sem geta stofnað heilbrigði, öryggi, eignum eða umhverfinu í hættu og sem er að finna í skránni yfir hættulegan varning í Tæknilegu fyrirmælunum eða sem eru flokkuð í samræmi við þessi fyrirmæli.

5) Slys í tengslum við hættulegan varning: Atvik, tengt flutningum á hættulegum varningi, sem hefur í för með sér alvarleg meiðsl, dauðsfall eða mikið eignatjón.

6) Flugatvik í tengslum við hættulegan varning: Atvik, annað en slys í tengslum við hættulegan varning, tengt flutningum á hættulegum varningi, sem gerist ekki endilega um borð í loftfari en hefur í för með sér meiðsl á fólki, eignatjón, eldsvoða, brot, leka eða að vökvi hellist niður, geislavirkni eða önnur ummerki þess að umbúðir hafi gefið sig. Öll atvik tengd flutningi á hættulegum varningi, sem stofna loftfari eða þeim sem eru um borð í hættu, teljast einnig vera flugatvik í tengslum við hættulegan varning.

7) Flutningsskjal fyrir hættulegan varning: Skjal sem er tilgreint í Tæknilegu fyrirmælunum. Það er fyllt út af þeim sem afhendir hættulegan varning til flutnings flugleiðis og í því eru upplýsingar um hættulega varninginn.

8) Undanþága: Heimild sem er að finna í Tæknilegu fyrirmælunum og gefin út af viðkomandi flugmálayfirvöldum sem veitir undanþágu frá kröfum í Tæknilegu fyrirmælunum og aðeins í þeim tilgangi sem samræmist þessum kafla.

9) Flutningagámur: Flutningagámur sem er sérstaklega búinn til flutnings á geislavirkum efnum, sem á að auðvelda flutninga á slíkum efnum, hvort sem þau eru innpökkuð eða óinnpökkuð, með einni eða fleiri flutningsaðferðum. (Aths.: sjá „Hleðslueiningabúnaður“ hér á eftir, ef hættulegi varningurinn er ekki geislavirkt efni).

10) Umboðsaðili: Umboðsskrifstofa sem hefur með höndum suma eða alla starfsemi flugrekanda fyrir hans hönd, þ.m.t. að taka á móti, ferma, afferma, flytja eða á annan hátt sjá um farþega eða farm.

11) Safnumbúðir: Umbúðir utan um einn eða fleiri pakka sem saman mynda eina afgreiðsluheild og einstakur farmsendandi notar til hagræðingar við afgreiðslu og geymslu. (Ath.: hugtakið „hleðslueiningabúnaður“ fellur ekki undir þessa skilgreiningu.).

12) Pakki: Frágengin vörusending, þ.e. umbúðir og innihald, tilbúin til flutnings.

13) Umbúðir: Ílát ásamt hlutum eða efnum sem nauðsynleg eru til þess að ílátið gegni hlutverki sínu.

14) Alvarleg meiðsl. Meiðsl sem maður verður fyrir í slysi og:

i. hafa í för með sér meira en 48 klst. sjúkrahúsvist er hefst innan sjö daga frá þeim degi að maðurinn slasast eða

ii. eru fólgin í beinbroti (að frátöldu minni háttar broti á fingrum, tám eða nefi) eða

iii. eru fólgin í skurðsári sem hefur í för með sér alvarlegar blæðingar eða skemmdir á taugum, vöðvum eða sinum eða

iv. eru fólgin í áverka á hvers kyns innri líffærum eða

v. eru fólgin í annars eða þriðja stigs bruna eða brunasárum sem þekja meira en 5% af yfirborði líkamans eða

vi. eru fólgin í því að maður hefur komist í snertingu við smit eða skaðlega geislun sem hefur verið staðfest.

15) Tæknileg fyrirmæli: Nýjasta gildandi útgáfa af „Tæknileg fyrirmæli um öruggan flutning á hættulegum varningi flugleiðis“ (ICAO-skjal 9284-AN/905), ásamt viðbæti og hvers kyns viðbótum, samþykkt og birt að ákvörðun ráðs Alþjóðaflugmálastofnunarinnar.

16) Hleðslueiningabúnaður. Gámur eða netvörupallur, með eða án hvolfþaks, sem er sérstaklega gerður fyrir loftför. Aths.: þessi skilgreining nær ekki til safnumbúða; sjá skilgreiningu á flutningagámi að því er varðar gáma sem í eru geislavirk efni.).

OPS 1.1155

Samþykki fyrir flutningi á hættulegum varningi

a) Flugrekandi skal ekki flytja hættulegan varning nema að fengnu samþykki flugmálayfirvalda.

b) Áður en samþykki fyrir flutningi á hættulegum varningi er veitt skal flugrekandinn sýna yfirvöldum fram á að nægileg þjálfun hafi verið veitt, að í öllum viðkomandi gögnum (þ.e. um meðferð á jörðu niðri, meðferð í flugvél, þjálfun) séu upplýsingar og leiðbeiningar um hættulegan varning og að fyrir hendi séu verklagsreglur til að tryggja örugga meðferð hættulegs varnings á öllum stigum flutninga í lofti.

Aths.: Undanþágan eða samþykkið, sem tilgreint er í 1. eða 2. lið b-liðar OPS 1.1165, er til viðbótar framangreindu og skilyrðin í b-lið þurfa ekki endilega að eiga við.

OPS 1.1160

Gildissvið

Hlutir og efni, sem annars væru flokkuð sem hættulegur varningur en falla ekki undir Tæknilegu fyrirmælin skv. 1. til 8. hluta í þeim fyrirmælum, falla ekki undir ákvæði þessa kafla, að því tilskildu:

a) að þegar þau eru sett um borð með samþykki flugrekanda til þess að veita sjúklingi læknishjálp meðan á flugi stendur:

1) eru þau meðferðis til notkunar í flugi eða eru hluti af föstum búnaði, sem hefur verið aðlagaður sérstaklega fyrir brottflutning af læknisfræðilegum ástæðum, eða eru um borð í sömu flugvél sem er notuð til að sækja sjúkling eða eftir að sjúklingurinn hefur verið fluttur frá borði þegar ógerlegt er að ferma eða afferma hættulega varninginn þegar verið er að flytja sjúkling en ætlunin er að afferma eins fljótt og gerlegt er og

2) þegar hættulegur varningur er settur um borð með samþykki flugrekanda til að veita sjúklingi læknishjálp meðan á flugi stendur, skulu eftirfarandi skilyrði eiga við og skal varningnum komið fyrir í þeirri stöðu sem hann er í þegar hann er í notkun, gengið skal örugglega frá honum þegar ekki er verið að nota hann og hann festur rækilega í flugtaki og lendingu og alltaf þegar flugstjóri telur það nauðsynlegt af öryggisástæðum:

i. gashylki verða að vera sérstaklega framleidd fyrir áfyllingu og flutning viðkomandi gastegundar,

ii. þegar lyf og önnur sjúkragögn eru í notkun í flugvél skulu þau að vera í umsjá þjálfaðs starfsfólks,

iii. búnað með vökvarafhlöðum verður að geyma í uppréttri stöðu og hann festur tryggilega, ef þörf krefur, til að koma í veg fyrir að rafvökvinn leki úr þeim,

b) að krafist sé að þau séu um borð í flugvélinni og samrýmist viðeigandi kröfum eða af rekstrarástæðum en jafnvel þótt hlutirnir eða efnin séu ætluð til að skipta út eða hafi verið fjarlægð vegna útskiptingar verður að flytja þau í flugvél eins og lýst er í Tæknilegu fyrirmælunum.

c) að þau séu í farangri:

1) farþega eða flugverja í samræmi við Tæknilegu fyrirmælin eða

2) sem hefur orðið viðskila við eiganda við skipti milli flugvéla (þ.e. týndur farangur eða röng merking farangurs) en sem flugrekandinn flytur.

OPS 1.1165

Takmarkanir á flutningi á hættulegum varningi

a) Flugrekandi skal tryggja að hlutir og efni, eða annað sem telst hættulegur varningur, sem eru sérstaklega tilgreind með heiti eða með almennri lýsingu í Tæknilegu fyrirmælunum og bannað er að flytja samkvæmt þeim, séu aldrei flutt með flugvél.

b) Flugrekandi skal ekki flytja hluti og efni eða annan varning sem telst hættulegur varningur, sem tilgreindur er í Tæknilegu fyrirmælunum og bannað er að flytja við venjulegar aðstæður, nema eftirfarandi kröfur í fyrirmælunum séu uppfylltar:

1) öll viðkomandi ríki hafi veitt nauðsynlega undanþágu fyrir þessa hluti og efni í samræmi við ákvæði Tæknilegu fyrirmælanna eða

2) öll viðkomandi ríki hafi veitt samþykki sitt í þeim tilvikum þegar Tæknilegu fyrirmælin gefa til kynna að aðeins sé krafa um slíkt samþykki.

OPS 1.1190

Hér á að vera eyða

OPS 1.1195

Móttaka á hættulegum varningi

a) Flugrekandi skal ekki taka á móti hættulegum varningi:

1) nema, pakkinn, safnumbúðirnar eða vörugámurinn hafi verið skoðaður í samræmi við verklagsreglur um móttöku þeirra í Tæknilegu fyrirmælunum,

2) nema hættulega varningnum fylgi tvö eintök af flutningsskjali fyrir hættulegan varning, að því undanskildu að kveðið sé á um annað í Tæknilegu fyrirmælunum,

3) nema enska sé notuð:

i. fyrir merkimiða og merkingar pakka,

og

ii. fyrir flutningsskjal fyrir hættulegan varning

til viðbótar við öll önnur tungumál sem kann að vera krafist.

b) Flugrekandi skal nota gátlista við móttöku hættulegs varnings þar sem hægt er að athuga öll atriði, sem máli skipta, og skal hann vera í því formi að unnt sé að færa þar inn niðurstöður skoðunar við móttöku, hvort heldur er handskrifað, vélrænt eða í tölvu.

OPS 1.1200

Skoðun til að leita að skemmdum, leka eða mengun

a) Flugrekandi skal sjá til þess:

1) að pakkar, safnumbúðir og vörugámar séu skoðaðir og leitað að ummerkjum um skemmdir eða leka rétt áður en þeim er hlaðið í flugvél eða í hleðslueiningabúnað eins og tilgreint er í Tæknilegu fyrirmælunum,

2) að hleðslueiningabúnaði sé ekki hlaðið í flugvél nema skoðun á honum, í samræmi við Tæknilegu fyrirmælin, hafi leitt í ljós að hvorki sé að finna merki um leka úr hættulegum varningi né skemmdir,

3) að pökkum, safnumbúðum og vörugámum, sem leka eða eru skemmdir, sé ekki hlaðið í flugvél,

4) að allir pakkar með hættulegum varningi, sem eru í flugvél og sýnast vera skemmdir eða leka, séu fjarlægðir eða að viðeigandi yfirvöld eða stofnun sjái til þess að það sé gert; í slíkum tilvikum skal skoða það sem eftir er af sendingunni til að fá fullvissu um að hún sé í flutningshæfu ástandi og að flugvélin og farmur hennar hafi hvorki skemmst né mengast og

5) að pakkar, safnumbúðir og vörugámar séu skoðaðir og leitað að ummerkjum um skemmdir eða leka þegar flugvél eða hleðslueiningabúnaður er affermdur og, ef ummerki sjást um skemmdir eða leka, skal skoða þann stað í flugvélinni þar sem hinn hættulegi varningur var geymdur, með tilliti til skemmda eða mengunar.

OPS 1.1205

Mengun fjarlægð

a) Flugrekandi skal sjá til þess:

1) að mengun af völdum leka eða skemmda, sem finnst á hlutum eða pökkum sem innihalda hættulegan varning, sé tafarlaust fjarlægð og hafist handa við að koma í veg fyrir hvers konar hættu eins og lýst er í Tæknilegu fyrirmælunum og

2) að flugvél, sem hefur mengast af geislavirkum efnum, sé þegar í stað tekin úr notkun og ekki tekin aftur í notkun fyrr en geislavirkni á öllum aðgengilegum stöðum og geislamengun, sem ekki situr föst, er ekki yfir þeim mörkum sem tilgreind eru í Tæknilegu fyrirmælunum.

b) Ef einhver þau mörk í Tæknilegu fyrirmælunum sem gilda um geislunarstig og mengun eru ekki virt,

1) skal flugrekandinn:

i. sjá til þess að vörusendandinn sé upplýstur ef upp kemst, meðan á flugi stendur, að mörkin séu ekki virt,

ii. gera tafarlaust ráðstafanir til þess að milda afleiðingar þess að mörkin voru ekki virt,

iii. hafa samband við vörusendandann og viðkomandi flugmálayfirvöld eins fljótt og unnt er og tafarlaust ef hættuástand hefur skapast eða er að skapast,

2) flugrekandinn skal einnig, í samræmi við sína ábyrgð:

i. rannsaka hvers vegna mörkin voru ekki virt og orsakir þess, kringumstæður og afleiðingar,

ii. gera viðeigandi ráðstafanir til að lagfæra það sem olli þessu og kringumstæður þær sem urðu þess valdandi að ósamræmi varð og hindra að sambærilegar aðstæður skapist sem urðu til þess að mörkin voru ekki virt,

iii. hafa samband við viðkomandi flugmálayfirvöld varðandi orsakir þess að mörkin voru ekki virt og um leiðréttingar og fyrirbyggjandi aðgerðir sem hafa verið framkvæmdar eða á að framkvæma.

OPS 1.1210

Hleðslutakmarkanir

a) Farþegarými og stjórnklefi. Flugrekandi skal sjá til þess að hættulegur varningur sé ekki fluttur í rými flugvélar þar sem eru farþegar eða í stjórnklefa nema að því leyti sem tilgreint er í Tæknilegu fyrirmælunum.

b) Vörurými. Flugrekandi skal sjá til þess að hættulegum varningi sé hlaðið í flugvél og að hann sé aðskilinn frá öðru, frágenginn og tryggilega festur um borð í flugvélinni eins og tilgreint er í Tæknilegu fyrirmælunum.

c) Hættulegur varningur sem einungis má flytja með vöruloftfari. Flugrekandi skal sjá til þess að pakkar með hættulegum varningi, sem merktir eru „Aðeins vöruloftfar“, séu fluttir með vöruloftfari og að þeim sé hlaðið eins og tilgreint er í Tæknilegu fyrirmælunum.

OPS 1.1215

Ákvæði um miðlun upplýsinga

a) Upplýsingar til starfsfólks. Flugrekandi skal sjá til þess að upplýsingar í flugrekstrarhandbók og öðrum viðeigandi handbókum geri starfsfólki kleift að framkvæma skyldustörf sín varðandi flutning hættulegs varnings, eins og kveðið er á um í Tæknilegu fyrirmælunum, ásamt aðgerðum sem þarf að framkvæma ef hættuástand skapast við flutning hættulegs varnings. Ef það á við skal einnig veita umboðsaðilum slíkar upplýsingar.

b) Upplýsingar til farþega og annarra hlutaðeigandi aðila.

1) Flugrekandi skal sjá til þess að upplýsingum sé komið á framfæri við farþega, eins og krafist er í Tæknilegu fyrirmælunum, þannig að þeir fái viðvörun um hvers konar varning þeim er bannað að hafa meðferðis í flugvélum og

2) flugrekandi skal sjá til þess að á stöðum, þar sem tekið er á móti farmi, séu veittar upplýsingar um flutning á hættulegum varningi.

c) Upplýsingar til flugstjóra. Flugrekandi skal sjá til þess:

1) að flugstjórinn fái skriflegar upplýsingar um hættulegan varning sem á að flytja í flugvél eins og tilgreint er í Tæknilegu fyrirmælunum,

2) að séð sé fyrir upplýsingum um hvernig bregðast skuli við hættuástandi í flugi eins og tilgreint er í Tæknilegu fyrirmælunum,

3) að haldið sé eftir, aðgengilegu á jörðu niðri, læsilegu afriti af skriflegum upplýsingum til flugstjórans þar til flugi, sem upplýsingarnar eiga við, er lokið; auðvelt skal vera að nálgast þetta afrit eða upplýsingarnar í því á síðasta brottfararflugvelli og næsta áætlaða komustað þar til flugi sem upplýsingarnar eiga við er lokið,

4) að þegar hættulegur varningur er fluttur með flugi, sem fer fram alveg eða að hluta til utan yfirráðasvæðis ríkis, séu skriflegu upplýsingarnar fyrir flugstjórann á ensku auk annarra tungumála sem krafist er.

(Sjá töflu 1 í 1. viðbæti OPS 1.1065 fyrir geymslutímabil skjala).

d) Miðlun upplýsinga ef flugatvik eða slys verður

1) Verði flugatvik þar sem flugvél flugrekanda á hlut að máli skal hann, ef þess er krafist, láta í té allar upplýsingar sem krafist er í Tæknilegu fyrirmælunum.

2) Verði flugslys eða alvarlegt flugatvik þar sem flugvél flugrekanda á hlut að máli skal hann tafarlaust láta í té allar upplýsingar sem krafist er í Tæknilegu fyrirmælunum.

3) Flugrekandi skal setja verklagsreglur í viðeigandi handbækur og viðbúnaðaráætlanir varðandi ófyrirsjáanleg slys til að auðvelda upplýsingamiðlun.

e) Miðlun upplýsinga ef neyðarástand skapast á flugi.

1) Ef neyðarástand skapast á flugi skal flugstjórinn, um leið og ástand leyfir, tilkynna viðkomandi flugumferðarþjónustudeild um allan hættulegan varning um borð í flugvélinni eins og tilgreint er í Tæknilegu fyrirmælunum.

OPS 1.1220

Þjálfunaráætlanir

a) Flugrekandi skal setja saman og viðhalda þjálfunaráætlunum fyrir starfsfólk sitt, eins og krafist er í Tæknilegu fyrirmælunum, og þurfa flugmálayfirvöld að samþykkja þær.

b) Flugrekandi skal tryggja að starfsfólkið hljóti þjálfun í réttu hlutfalli við ábyrgð þess.

c) Þegar einstaklingur kemur til starfa hjá flugrekanda í tengslum við flutning á hættulegum varningi í flugi verður flugrekandi að tryggja að hann fái viðkomandi þjálfun eða staðfesta að hann hafi áður fengið þá þjálfun.

d) Flugrekandi skal sjá til þess að allt starfsfólk, sem fær þjálfun, gangist undir próf til að sanna að það geri sér grein fyrir ábyrgð sinni.

e) Flugrekandi skal sjá til þess að allir starfsmenn, sem þurfa á þjálfun að halda vegna hættulegs varnings, fái reglubundna þjálfun a.m.k. á tveggja ára fresti.

f) Flugrekandi skal sjá til þess að færðar séu skrár yfir þjálfun alls starfsfólks vegna hættulegs varnings, eins og krafist er í Tæknilegu fyrirmælunum.

g) Flugrekandi skal sjá til þess að starfsfólk umboðsaðila hans fái þjálfun eins og krafist er í Tæknilegu fyrirmælunum.

OPS 1.1225

Skýrslur um flugatvik eða slys sem verða í tengslum við hættulegan varning

a) Flugrekandi skal gefa skýrslu um flugatvik og slys, er verða í tengslum við hættulegan varning, til flugmálayfirvalda og viðkomandi yfirvalds þess ríkis þar sem flugatvikið eða slysið átti sér stað eins og kveðið er á um í 1. viðbæti OPS 1.1225. Frumskýrsla skal send innan 72 klukkustunda eftir að atburðurinn átti sér stað nema sérstakar aðstæður hamli því og skal hún fela í sér allt það sem þá er vitað. Ef nauðsynlegt er skal semja aðra skýrslu, eins fljótt og unnt er, með öllum viðbótarupplýsingum sem hafa komið fram.

b) Flugrekandi skal einnig skýra flugmálayfirvöldum og viðkomandi yfirvaldi þess ríkis þar sem atburðurinn átti sér stað frá hættulegum varningi sem ekki hefur verið gefinn upp eða gefinn upp með röngum hætti sem finnst í farmi eða farangri farþega eins og kveðið er á um í 1. viðbæti OPS 1.1225. Frumskýrsla skal send innan 72 klukkustunda eftir að varningurinn finnst nema sérstakar aðstæður hamli því og skal hún fela í sér allt það sem þá er vitað. Ef nauðsynlegt er skal semja aðra skýrslu eins fljótt og unnt er með öllum viðbótarupplýsingum sem hafa komið fram.

1. viðbætir við OPS 1.1225

Skýrslur um flugatvik eða slys sem verða í tengslum við hættulegan varning

1. Flugrekandi skal ábyrgjast að gefa skýrslu hvers konar flugatvik eða slys sem verða í tengslum við hættulegan varning án tillits til þess hvort varningurinn er í fragt, í pósti, í farangri farþega eða áhafnar. Einnig skal gefa skýrslu um hættulegan varning sem ekki hefur verið gefinn upp eða gefinn upp með röngum hætti sem finnst í fragt, pósti eða farangri.

2. Frumskýrsla skal send innan 72 klukkustunda eftir að atburðurinn átti sér stað nema sérstakar aðstæður hamli því. Skýrsluna má senda með ýmsum hætti, s.s. með tölvupósti, símleiðis eða með símbréfi. Frumskýrslan skal fjalla um það sem þá er vitað, undir fyrirsögnum sem fram koma í 3. lið. Ef nauðsynlegt er skal semja aðra skýrslu eins fljótt og unnt er með öllum viðbótarupplýsingum sem ekki var vitað um þegar frumskýrslan var send. Ef skýrsla hefur verið gefin munnlega skal senda skriflega staðfestingu eins fljótt og unnt er.

3. Frumskýrslan og allar viðbótarskýrslur skulu vera eins nákvæmar og unnt er og skulu fela í sér eftirfarandi, eins og við á:

   a) dagsetningu þegar flugatvikið eða slysið átti sér stað eða þegar fundist hefur hættulegur varningur sem ekki hefur verið gefinn upp eða gefinn upp með röngum hætti,

   b) staðsetningu, flugnúmer og dagsetningu flugs,

   c) lýsingu varnings og tilvísunarnúmer á flugfarmbréfi, tösku, farangursmiða og farseðli o.s.frv.,

   d) rétt sendingarheiti (ásamt tækniheitinu, ef við á) og UN-númer/kenninúmer, þegar það er þekkt,

   e) flokk eða deild og hvers konar áhættuþætti,

   f) tegund umbúða og sérmerkingar á þeim,

   g) magn,

   h) nafn og heimilisfang sendanda, farþega o.s.frv.,

   i) öll önnur viðeigandi atriði,

   j) grunsemdir um orsakir flugatviksins eða slyssins,

   k) framkvæmdar aðgerðir,

   l) allar aðrar aðgerðir sem framkvæmdar eru varðandi skýrslugjöf og

   m) nafn, titil, heimilisfang og símanúmer þess sem gerir skýrsluna.

4. Afrit af viðeigandi gögnum og allar ljósmyndir sem hafa verið teknar skulu fylgja skýrslunni.

S-KAFLI

FLUGVERND

OPS 1.1235

Flugverndarákvæði

Flugrekandi skal sjá til þess að allt hlutaðeigandi starfsfólk sé vel heima í ákvæðum flugverndaráætlunar sem eru í gildi í ríki flugrekanda og fari eftir þeim.

OPS 1.1240

Þjálfunaráætlanir

Flugrekandi skal koma á, viðhalda og stjórna viðurkenndum þjálfunaráætlunum svo að flugverjar hans geti brugðist rétt við til að koma í veg fyrir ólögmæt afskipti, s.s. skemmdarverk eða flugrán, og draga úr afleiðingum þessa ef slíkt gerist. Þjálfunaráætlunin skal samrýmast flugverndaráætlun í hverju ríki fyrir sig. Hver flugverji skal hafa þekkingu á og hæfni í öllum viðeigandi þáttum þjálfunaráætlunarinnar.

OPS 1.1245

Skýrsla um ólögmæt afskipti

Þegar ólögmæt afskipti hafa átt sér stað um borð í flugvél skal flugstjórinn, eða flugrekandinn ef flugstjórinn er fjarverandi, án tafar senda þar til bæru yfirvaldi á staðnum og flugmálayfirvöldum í ríki flugrekandans skýrslu um atburðinn.

OPS 1.1250

Gátlistar fyrir verklag við leit í flugvél

Flugrekandi skal sjá til þess að í öllum flugvélum hans sé gátlisti yfir verklagsreglur, sem fara skal eftir við leit að sprengju eða heimatilbúnum sprengibúnaði, ef grunur leikur á um skemmdarverk og til að leita í flugvélum að földum vopnum, sprengiefnum eða öðrum hættulegum búnaði þegar fyrir liggur vel rökstuddur grunur um að flugvélin kunni að verða fyrir ólögmætum afskiptum. Gátlistanum skulu fylgja leiðbeiningar um viðeigandi aðgerðir sem grípa skal til ef sprengja eða grunsamlegur hlutur finnst og upplýsingar um þann stað þar sem sprengja veldur minnstum skaða í hverri flugvél þegar handhafi tegundarvottorðs lætur þær upplýsingar í té.

OPS 1.1255

Flugvernd í stjórnklefa

a) Í öllum flugvélum með stjórnklefahurð skal vera hægt að læsa hurðinni og séð fyrir aðferðum eða komið á verklagsreglum, sem flugmálayfirvöld geta fallist á, sem öryggis- og þjónustuliðar fara eftir til að gera flugliðum viðvart um grunsamlegt athæfi eða brot sem framin eru í farþegaklefa og ógna öryggi flugvélarinnar.

b) Allar farþegaflugvélar, með skráðan hámarksflugtaksmassa yfir 45 500 kg og hámarksfjölda farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi fyrir fleiri en 60, skulu vera búnar samþykktri stjórnklefahurð sem hægt er að læsa og taka úr lás frá vinnureit hvers flugmanns og hönnuð í samræmi við viðeigandi afturvirkar lofthæfikröfur. Hönnun hurðarinnar skal ekki hindra neyðaraðgerðir eins og krafist er í viðeigandi afturvikum lofthæfikröfum.

c) Í öllum flugvélum sem eru með stjórnklefahurð í samræmi við b-lið:

1) skal þessari hurð lokað áður en hreyflar eru ræstir fyrir flugtak og læst þegar þess er krafist samkvæmt verklagsreglum við flugvernd eða af flugstjóranum þar til hreyflar hafa verið stöðvaðir eftir lendingu nema þegar nauðsynlegt er fyrir þá sem hafa til þess heimild að fara inn eða út í samræmi við flugverndaráætlun í hverju ríki fyrir sig,

2) skal vera búnaður til að fylgjast með svæðinu fyrir utan stjórnklefann frá hvorum vinnureit flugmanns sem er, að því marki sem nauðsynlegt er, til að bera kennsl á einstaklinga, sem óska þess að fá aðgang að stjórnklefanum, og greina grunsamlega hegðun eða hugsanlega ógnun.“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 331/2008 **2013/EES/4/17**

frá 11. apríl 2008

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 474/2006 um að stofna skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2111/2005 frá 14. desember 2005 um að stofna skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem bannað er að stunda flugrekstur innan Bandalagsins og um að upplýsa flugfarþega um það hvaða flugrekendur annast flutning og um niðurfellingu 9. gr. tilskipunar 2004/36/EB ([1]), einkum 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 474/2006 frá 22. mars 2006 var stofnuð skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins, sem um getur í II. kafla reglugerðar (EB) nr. 2111/2005 ([2]).

2) Í samræmi við 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 2111/2005, sendu nokkur aðildarríki framkvæmdastjórninni viðeigandi upplýsingar í tengslum við uppfærslu á skrá Bandalagsins. Þriðju aðilar sendu einnig viðeigandi upplýsingar. Á grundvelli þessa er rétt að uppfæra skrá Bandalagsins.

3) Framkvæmdastjórnin upplýsti alla hlutaðeigandi flugrekendur, annaðhvort beint eða, þegar því varð ekki við komið, fyrir milligöngu yfirvalda sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með þeim, um mikilvægar staðreyndir og forsendur sem ákvörðun um bann við flugrekstri þeirra innan Bandalagsins myndi byggjast á eða breytingar á skilyrðum fyrir flugrekstrarbanni flugrekanda sem er í skrá Bandalagsins.

4) Framkvæmdastjórnin gaf viðkomandi flugrekendum tækifæri til að kynna sér skjölin, sem aðildarríkin lögðu fram, leggja fram skriflegar athugasemdir og koma munnlegum athugasemdum á framfæri við framkvæmdastjórnina innan 10 virkra daga og við flugöryggisnefndina sem komið var á fót með reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 frá 16. desember 1991 um samræmingu á tæknikröfum og stjórnsýslumeðferð á sviði flugmála ([3]).

5) Yfirvöld, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með viðkomandi flugrekendum, hafa fengið ráðgjöf hjá framkvæmdastjórninni og einnig, í sérstökum tilvikum, hjá nokkrum aðildarríkjum.

6) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 474/2006 til samræmis við þetta.

Flugrekendur sem hafa fengið flugrekstrarleyfi í Úkraínu

Albatross Avia Ltd

7) Frakkland sendi framkvæmdastjórninni upplýsingar um samþykki sitt á tafarlausu flugrekstrarbanni á alla starfsemi flugrekandans Albatross Avia Ltd, sem er vottuð í Úkraínu, þar sem sá flugrekandi væri í raun úkraínski flugrekandinn Volare sem hefur þegar verið bannað að stunda flugrekstur ([4]). Frakkland hefur einnig lagt fyrir framkvæmdastjórnina beiðni um að uppfæra skrá Bandalagsins í samræmi við 2. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 2111/2005 og 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 473/2006.

8) Flugrekandinn lagði ekki fram nein viðeigandi sönnunargögn til að eyða þeim áhyggjuefnum sem Frakkland vakti máls á.

9) Að loknum samráðsfundum með framkvæmdastjórninni og nokkrum aðildarríkjum afhentu lögbær yfirvöld í Úkraínu framkvæmdastjórninni þá ákvörðun sína að afturkalla flugrekandaskírteini flugrekandans. Ekki er því þörf á neinum frekari aðgerðum varðandi Albatross Avia Ltd á grundvelli sameiginlegu viðmiðananna.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 102, 12.4.2008, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 72/2008 frá 6. júní 2008 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 58, 25.9.2008, bls. 18.

([1]) Stjtíð. ESB L 344, 27.12.2005, bls. 15.

([2]) Stjtíð. ESB L 84, 23.3.2006, bls. 14. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1400/2007 (Stjtíð. ESB L 311, 29.11.2007, bls. 12).

([3]) Stjtíð. EB L 373, 31.12.1991, bls. 4. Reglugerðinni var breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtíð. ESB L 79, 19.3.2008, bls. 1).

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 787/2007 frá 4. júlí 2007 (Stjtíð. ESB L 175, 5.7.2007, bls. 10).

10) Framkvæmdastjórnin hefur þó áhyggjur af því að lögbær yfirvöld í Úkraínu hafi gefið út flugrekandaskírteini til fyrirtækis sem er í reynd flugrekandi sem hefur verið settur í flugrekstrarbann. Endurtekning slíkra aðstæðna gæti talist sönnun fyrir því að þessi yfirvöld uppfylli mögulega ekki sameiginlegu viðmiðanirnar í viðauka við reglugerð (EB) nr. 2111/2005.

Ukraine Cargo Airways

11) Færðar hafa verið sönnur á verulega annmarka í öryggismálum hjá flugrekandanum Ukraine Cargo Airways, sem hefur fengið vottun í Úkraínu, og hefur það áhrif á allar gerðir loftfara. Þessir annmarkar komu í ljós við skoðun á hlaði sem Austurríki, Ungverjaland, Frakkland, Þýskaland, Ítalía, Lettland, Lúxemborg, Rúmenía, Pólland, Spánn og Holland ([1]) sáu um samkvæmt áætlun um öryggisskoðun erlendra loftfara (SAFA-áætlunin).

12) Austurríki tilkynnti framkvæmdastjórninni um samþykki sitt á tafarlausu flugrekstrarbanni gagnvart loftfari af gerðinni AN-12 frá Ukraine Cargo Airways sem hefur fram að þessu verið starfrækt á flugleið til Austurríkis, að teknu tilliti til sameiginlegu viðmiðananna innan ramma 1. mgr. 6. gr. í reglugerð (EB) nr. 2111/2005, og afhenti framkvæmdastjórninni beiðni um að uppfæra skrá Bandalagsins í samræmi við 2. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 2111/2005 og 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 473/2006.

13) Ástæðurnar fyrir því að gripið er til þessar ráðstöfunar í Austurríki eru eftirfarandi: a) færðar hafa verið sönnur á verulega annmarka í öryggismálum af hálfu flugrekanda á grundvelli skýrslna, sem sýna verulega annmarka í öryggismálum og viðvarandi vanrækslu af hálfu viðkomandi flugrekanda að lagfæra þessa annmarka, sem athygli er vakin á í skýrslum um skoðun á hlaði, sem fer fram samkvæmt SAFA-áætluninni og hefur áður verið tilkynnt um til flugrekandans; b) vangeta flugrekandans til að lagfæra þessa öryggisannmarka, sem lýsir sér í óviðeigandi og ónógum aðgerðum til úrbóta til að bregðast við alvarlegum annmörkum í öryggismálum sem komu í ljós; c) vangeta og viljaleysi yfirvalda, sem bera ábyrgð á eftirliti með viðkomandi flugrekanda, til að lagfæra annmarka í öryggismálum sem lýsir sér í skorti á samvinnu við lögbær yfirvöld í Austurríki, sem sáu um skoðun á hlaði, og vanmátt til að framkvæma og uppfylla viðeigandi öryggisstaðla.

14) Þeir annmarkar í öryggismálum, sem Austurríki og önnur aðildarríki hafa greint hjá loftförum af gerðinni AN-12, AN-26 og IL-76 hafa verið á sama sviði. Enn fremur hafa þessir annmarkar komið endurtekið í ljós á sama tímabili. Þetta er til marks um að þessir annmarkar séu kerfisbundnir.

15) Á samráðsfundum með framkvæmdastjórninni og nokkrum aðildarríkjanna lagði Ukraine Cargo Airways fram áætlun um aðgerðir til úrbóta sem, samkvæmt flugrekandanum, ná til allra annmarka í öryggismálum á sviði viðhalds, tæknimála og starfrækslu sem komið hafa í ljós í öllum þremur gerðum loftfara sem flugrekandinn hefur notað til flugs til Bandalagsins. Á þessum samráðsfundum gat flugrekandinn þó ekki sýnt fram á að fyrirhugaðar aðgerðir til úrbóta væru fullnægjandi. Einkum var rekstraraðilinn ófær um að sýna fram á að fyrirhugaðar aðgerðir varðandi rekstrarreglur væru heppilegar og hann gat ekki útskýrt ástæðuna fyrir því að skoðun á loftfari, sem rekstraraðilinn notar til flugs til Bandalagsins, skyldi enn leiða í ljós sömu annmarkana og áður en Austurríki setti á flugrekstrarbann þrátt fyrir það að ýmsar ráðstafanir í fyrirhugaðri aðgerðaáætlun virtust þegar hafa verið gerðar á sviði starfrækslu allra gerða af loftförum sem flugrekandinn notar.

16) Á sömu samráðsfundum lögðu lögbær yfirvöld í Úkraínu fram upplýsingar um þá ákvörðun sína að takmarka flugrekandaskírteini flugrekandans með því að taka úr umferð AN-12-loftför með skráningarmerkjunum UR-UCK, UR-UDD og UR-UCN, sem Ukraine Cargo Airways hefur notað til flugs til Austurríkis og annarra aðildarríkja, og koma þeim í viðhald og einnig með því að banna starfrækslu IL-76-loftfara með skráningarmerkjunum UR-UCA, UR-UCC, UR-UCD, UR-UCH, UR-UCO, UR-UCQ UR-UCT, UR-UCU, UR-UCW og UR-UCX fram til 19. nóvember 2008. Flugrekstraraðilinn hefur starfrækt flug til Bandalagsins með nokkrum þessara loftfara (UR-UCA, UR-UCO og UR-UCU). Sömu yfirvöld staðfestu einnig að þau hefðu stutt áætlun flugrekandans um aðgerðir til úrbóta og skuldbundu sig til að sannprófa framkvæmd aðgerðanna til úrbóta af hálfu Ukraine Cargo Airways áður en flugrekandinn fær leyfi til að halda áfram starfrækslu AN-12-loftfara sinna til flugs til Bandalagsins.

17) Framkvæmdastjórnin tekur tillit til ráðstafananna, sem lögbær yfirvöld í Úkraínu gera, varðandi AN-12- og IL-76-loftför. Engu að síður telur hún að framkvæmd aðgerða til úrbóta nái ekki til kerfisbundinna annmarka, sem hafa komið í ljós og hafa áhrif á allar gerðir loftfara sem flugrekandi hefur notað í flug til Bandalagsins fram að þessu. Auk þess lítur framkvæmdastjórnin svo á að niðurstöður af skoðun á hlaði ([2]) sem var framkvæmd á loftfari af gerðinni AN-26 eftir samráðsfund, sem haldinn var með flugrekanda og yfirvöldum hans, og eftir að flugrekandi hafði hafið framkvæmd aðgerða til úrbóta undir eftirliti þessara yfirvalda, sýni að slíkar aðgerðir séu ekki viðunandi lausn á þeim öryggisannmörkum sem fundist hafa í þessari gerð eða öðrum gerðum loftfara sem þessi flugrekandi notar til flugs til Bandalagsins.

([1]) SAFA-skýrslur: ACG-2007-36; ACG-2007-43; ACG-2007-56; ACG-2007-150; ACG-2007-205; ACG-2008-42; DGCATR-2007-374; LBA/D-2008-95; LBA/D-2008-117; LBA/D-2008-121; CAO-2007-57; LBA/D-2007-292; MOTLUX-2008-2; CAALAT-2007-14; DGAC-E-2006-801; LBA/D-2007-29; LBA/D-2008-114; LBA/D-2008-120; CAA-NL-2007-137; ENAC-IT-2006-389; LBA/D-2006-684; RCAARO-2006-46; RCAARO-2007-118; ENAC-IT-2007-322; ENAC-IT-2007-432; RCAARO-2006-38; RCAARO-2007-58.

([2]) LBA/D-2008-117, LBA/D-2008-121, MOTLUX-2008-2, BUL-2008-3, LBA/D-2008-114, LBA/D-2008-120.

18) Hinn 1. apríl 2008 lagði flugrekandinn fram gögn með endurskoðaðri áætlun um aðgerðir til úrbóta sem endurspeglar breytingar sem lögbær yfirvöld í Úkraínu kröfðust í kjölfar úttektar á flugrekandanum. Flugrekandinn fékk einnig tækifæri til að koma á framfæri athugasemdum við framkvæmdastjórnina og flugöryggisnefndina 2. apríl. Hann gat hins vegar ekki sýnt fram á að fyrirhugaðar aðgerðir varðandi rekstrarreglur væru heppilegar og gat heldur ekki útskýrt hvernig þessar aðgerðir myndu veita varanlegar lausnir á öllum annmörkum í öryggismálum sem áður höfðu komið í ljós. Því verður að skoða þessi gögn frekar til að ganga úr skugga um að tekið hafi verið með viðeigandi hætti á annmörkum í öryggismálum sem áður höfðu komið í ljós.

19) Þar til slík rannsókn hefur farið fram og þar sem engar aðgerðir til úrbóta eru fyrir hendi, sem geta tafarlaust komið í veg fyrir að kerfibundnir annmarkar endurtaki sig, telur framkvæmdastjórnin að ekki skuli leyfa flugrekandanum að starfrækja flug til Bandalagsins fyrr en hún hefur fengið sönnur fyrir því að nægar ráðstafanir hafi verið gerðar til að tryggja að farið sé eftir viðeigandi öryggisstöðlum um starfrækslu allra loftfara sem flugrekandinn Ukraine Cargo Airways notar.

20) Á grundvelli sameiginlegu viðmiðananna, sem settar eru fram í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 2111/2005, er litið svo á að Ukraine Cargo Airways uppfylli ekki viðeigandi öryggisstaðla. Setja skal bann á alla starfrækslu flugrekandans og skal hann skráður í viðauka A.

Heildaryfirlit yfir öryggi

21) Framkvæmdastjórnin lítur svo á að efla þurfi beitingu heildaryfirlits yfir öryggi og einkum framkvæmd og framfylgd lögbærra yfirvalda í Úkraínu á viðeigandi öryggisstöðlum til að tryggja varanlegar aðgerðir til úrbóta af hálfu flugrekenda sem sæta reglubundnu eftirliti hennar. Lögbær yfirvöld í Úkraínu þurfa sem fyrst að fjalla um aukinn fjöldi flugrekenda sem sæta óvenjulegum ráðstöfunum aðildarríkjanna og eru síðan skráðir í viðauka A. Þessi yfirvöld eru því hvött til að setja fram áætlun um ráðstafanir til að auka öryggiseftirlit með flugrekendum, sem sæta reglubundnu eftirliti þeirra, og eftirlit með loftförum sem eru skráð í Úkraínu en starfrækt innan Bandalagsins. Framkvæmdastjórnin mun fylgjast vel með framkvæmd þessara ráðstafana, þ.m.t. þær sem um getur í 15. og 18. forsendu með það fyrir augum að leggja fram drög að viðeigandi ráðstöfunum á næsta fundi flugöryggisnefndarinnar.

Cubana de Aviación SA

22) Færðar hafa verið sönnur á að ekki er farið að sérstökum öryggisstöðlum, sem settir voru með Chicagosamningnum, af hálfu Cubana de Aviación. Þessir annmarkar komu í ljós við skoðanir á hlaði sem Breska konungsríkið sá um samkvæmt SAFA-áætluninni ([1]).

23) Breska konungsríkið tilkynnti framkvæmdastjórninni um samþykki sitt á tafarlausu flugrekstrarbanni gagnvart loftfari af gerðinni Ilyushin Il-62 með skráningarmerkin CU-T1283 og CU-T1284 frá Cubana de Aviación, að teknu tilliti til sameiginlegu viðmiðananna innan ramma 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 2111/2005. Þessi loftför eru, eins og sakir standa, ekki búin endurbættu jarðvarakerfi (EGPWS) sem er, skv. 6. viðauka við Chicago-samninginn, nauðsynlegur búnaður til að starfrækja flug til Bandalagsins.

24) Að höfðu samráði við framkvæmdastjórnina og nokkur aðildarríkjanna samþykktu lögbær yfirvöld í Lýðveldinu Kúbu ákvörðun um að takmarka flugrekendaskírteini Cubana de Aviación til að koma í veg fyrir að sá flugrekandi geti starfrækt IL-62-loftför til flugs til Bandalagsins þar til endurbætt jarðvarakerfi hefur verið sett upp í slíkum loftförum. Þessi yfirvöld hafa einnig skuldbundið sig til að tryggja að, eigi síðar en 15. júní 2008, verði lokið við að setja upp endurbætt jarðvarakerfi í öll loftför þessa flugrekanda sem starfrækir flug til Bandalagsins. Enn fremur hafa lögbær yfirvöld í Lýðveldinu Kúbu skuldbundið sig til að sannreyna hvort Cubana de Aviación hafi fyrir framangreindan dag lagfært á skilvirkan hátt alla þá annmarka í öryggismálum sem greinst hafa, þ.m.t. að setja upp endurbætt jarðvarakerfi, og að senda niðurstöðurnar úr slíkri athugun til framkvæmdastjórnarinnar áður en flugrekandinn fær leyfi til að halda áfram starfrækslu loftfara af gerðinni IL-62 til flugs til Bandalagsins.

25) Á grundvelli sameiginlegu viðmiðananna, sem eru settar fram í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 2111/2005 og í ljósi aðgerða lögbærra yfirvalda í Lýðveldinu Kúbu, er það metið svo að ekki sé þörf á frekari aðgerðum. Á næsta fundi flugöryggisnefndarinnar skal framkvæmdastjórnin skýra aðildarríkjunum frá framkvæmd aðgerða til úrbóta. Ef ráðstafanirnar eru hins vegar taldar ófullnægjandi leggur framkvæmdastjórnin drög að viðeigandi ráðstöfunum fyrir nefndina.

Islands Development Company

26) Til eru staðfest sönnunargögn um að loftfar af gerðinni Beech 1900 með skráningarmerkinu S7-IDC frá flugrekandanum Islands Development Company, sem hefur flugrekstrarleyfi á Seychelles-eyjum, sé ekki búið endurbættu jarðvarakerfi, búnaði sem er, skv. 6. viðauka við Chicago-samninginn, nauðsynlegur til að starfrækja flug til Bandalagsins Auk þess var ekki hægt að framvísa vottorðunum, sem skulu ávallt vera um borð, samkvæmt Chicago-samningnum. Þessir annmarkar komu í ljós við skoðun á hlaði sem Frakkland sá um samkvæmt SAFA-áætluninni ([2]).

([1]) CAA-UK-2008-8.
([2]) DGAC/F-2008-152.

27) Frakkland tilkynnti framkvæmdastjórninni um samþykki sitt á tafarlausu flugrekstrarbanni gagnvart framangreindu loftfari þessa flugrekanda, að teknu tilliti til sameiginlegu viðmiðananna innan ramma 1. mgr. 6. gr. í reglugerð (EB) nr. 2111/2005 og afhenti framkvæmdastjórninni beiðni um að uppfæra skrá Bandalagsins í samræmi við 2. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 2111/2005 og samkvæmt fyrirmælum í 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 473/2006.

28) Með bréfi frá 11. mars 2006 staðfestu flugmálayfirvöld á Seychelles-eyjum að flugrekandinn Island Development Company með flugrekstrarleyfi á Seychelles-eyjum hefði hafist handa við að setja upp endurbætt jarðvarakerfi í loftfar sitt af gerðinni Beech 1900D með skráningarmerkinu S7-IDC. Pantað var endurbætt jarðvarakerfi og það sett upp 26. mars 2008. Flugrekandinn hefur afhent vottaða staðfestingu á þessari uppsetningu á fundi sem haldinn var með framkvæmdastjórninni 31. mars 2008. Þar að auki staðfestu lögbær yfirvöld á Seychelles-eyjum að vottuð afrit af tilskildum skjölum hafi verið um borð frá og með 27. febrúar 2008.

29) Á grundvelli sameiginlegu viðmiðananna er það metið svo að flugrekandinn Islands Development Company hafi gert allar nauðsynlegar ráðstafanir til að uppfylla viðkomandi öryggisstaðla og skal hann ekki skráður í viðauka A.

Hewa Bora Airways

30) Flugrekandinn Hewa Bora Airways, sem er skráður í viðauka B, starfrækir ekki lengur flug til Bandalagsins, undir eftirliti lögbærra yfirvalda í Belgíu, með því að nota loftfar af gerðinni Boeing B767-266ER með framleiðsluraðnúmerinu 23 178 og skráningarmerkinu 9Q-CJD. Þar eð ekki er lengur hægt að ábyrgjast bráðabirgðafyrirkomulag við skoðun á hlaði og eftirlit með þessu loftfari er rétt að starfræksla þessa loftfars verði einnig bönnuð.

31) Þar af leiðandi skal setja bann á alla starfrækslu flugrekandans og flytja hann úr viðauka B í viðauka A.

TAAG Angola Airlines

32) Að fengnum tilmælum lögbærra yfirvalda í Angola og flugrekandans TAAG Angola Airlines tókst sérfræðingahópur frá framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum á hendur gagnaöflunarverkefni í Angola frá 18.–22. febrúar 2008. Meðan á þessu verkefni stóð lagði flugrekandinn fram uppfærða stöðu áætlunar um aðgerðir til úrbóta og fyrirbyggjandi aðgerðir sem miðar að því að endurheimta samræmi við kröfur alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO). Skýrsla hópsins sýnir að flugrekandinn TAAG Angola Airlines hefur náð góðum árangri við framkvæmd aðgerðaáætlunar sinnar þar eð telja má að meira en fimmtíu prósent af aðgerðunum, að meðaltali, sé lokið. Einkum og sér í lagi hefur í flestum tilvikum verið brugðist við niðurstöðum varðandi flug og starfrækslu á jörðu niðri. Flugrekandinn var hvattur til að halda áfram að vinna að aðgerðaáætlun sinni þar til henni væri að fullu lokið. Auk þess benti hópurinn á að flugrekandinn hefur lokið fyrsta þrepi til fullrar endurvottunar af hálfu lögbærra yfirvalda í Angóla.

33) Hópurinn benti á verulega og viðvarandi annmarka að því er varðar áframhaldandi lofthæfi og viðhald sem var tilkynnt til flugrekandans TAAG Angola Airlines og yfirvalda hans og sem þarf að leiðrétta á fullnægjandi hátt áður en einhverjar breytingar verða gerðar á flugrekstrarbanni flugrekandans.

34) Hópurinn lagði einnig mat á áætlunina um aðgerðir til úrbóta, sem lögbær innlend flugmálayfirvöld í Angóla (INAVIC) lögðu til, sem miðar að auknu öryggiseftirliti með flugrekandanum TAAG Angola Airlines svo og með öllum flugrekendum sem eru undir lögbundnu eftirliti yfirvaldanna. Í því skyni lagði hópurinn mat á það að hvaða marki lögbær innlend flugmálayfirvöld í Angóla gættu samræmis við gildandi staðla Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, einnig á grundvelli niðurstaðna úr úttekt alþjóðaflugmálastofnunarinnar í tengslum við alþjóðlegt eftirlit með öryggismálum (ICAO USOAP) sem unnið var í nóvember 2007. Í skýrslu hópsins kemur fram að ný gerð um almenningsflug var birt 16. janúar 2008 og að lögbær innlend flugmálayfirvöld í Angóla (INAVIC) vinna að því að koma á fót óháðum og vel skipulögðum flugmálayfirvöldum. Hópurinn benti þó á að nýjum ákvæðum í gerðinni um almenningsflug og tengdum sértækum reglum um starfrækslu hefur ekki enn verið komið til framkvæmda og að, eins og sakir standa, hafa allir flugrekendur í Angóla flugrekandaskírteini sem brjóta í bága við 6. gr. Chicago-samningsins. Lögbær, innlend flugmálayfirvöld í Angóla voru hvött til að halda áfram endurskipulagningu uppbyggingar sinnar, til að ná eins skjótum árangri og kostur er við uppbyggingu getu og hæfis, og einnig að halda ótrauð áfram að endurnýja starfsleyfi fyrir flugrekendur til að geta sýnt fram á samræmi við reglur í Angóla og gildandi staðla Alþjóðaflugmálastofnunarinnar og til að geta gefið framkvæmdastjórninni skýrslu um niðurstöðurnar þegar þar að kemur.

35) Framkvæmdastjórnin viðurkennir þá viðleitni sem flugrekandinn TAAG Angola Airlines og lögbær innlend flugmálayfirvöld í Angóla (INAVIC) hafa sýnt til að ná því fram að allar umbeðnar ráðstafanir samrýmist viðeigandi öryggisstöðlum. Engu að síður telur framkvæmdastjórnin að sú ákvörðun að fella flugrekandann TAAG Angola Airlines brott úr skrá Bandalagsins sé ótímabær á þessu stigi málsins þar eð enn eru verulegir annmarkar í öryggismálum sem bæði flugrekandinn og lögbær yfirvöld þurfa að lagfæra. Auk þess stendur endurnýjunarferli starfsleyfis, af hálfu lögbærra yfirvalda, fyrir flugrekandann TAAG Angola Airlines enn yfir svo og endunýjunarferli starfsleyfa annarra flugrekenda. Framkvæmdastjórnin bendir á að ef endurnýjunarferli starfsleyfa, eigi að ljúka innan þeirra tímamarka, sem lögbær yfirvöld í Angóla tiltaka, sé nauðsynlegt að auka verulega mannafla og fjárhagsleg úrræði.

36) Framkvæmdastjórnin lítur svo á að það sé einnig háð fjármögnunarleiðum lögbærra yfirvalda í Angóla hvort þau geti farið að skyldubundnum stöðlum Alþjóða-flugmálastofnunarinnar og samrýmst starfsvenjum sem mælt er með. Framkvæmdastjórnin skal vænta árangurs-skýrslna frá flugrekandanum TAAG Angola Airlines og lögbærum innlendum flugmálayfirvöldum í Angóla þegar þar að kemur.

Mahan Air

37) Framkvæmdastjórnin og nokkur aðildarríki héldu samráðsfundi 14. desember 2007 og 12. mars 2008 með flugrekandanum Mahan Air og lögbærum yfirvöldum í Íran (íslamska lýðveldinu) um sannprófun þessara yfirvalda á áframhaldandi aðgerðum flugrekandans til úrbóta. Á samráðsfundinum 14. desember 2007 krafðist framkvæmdastjórnin þess einkum að öll gögn varðandi árangur af framkvæmd aðgerða til úrbóta af hálfu flugrekandans Mahan Air skyldu lögð fram til framkvæmdastjórnarinnar eigi síðar en í lok febrúar 2008.

38) Á samráðsfundinum sem haldinn var 12. mars 2008 lýstu lögbær yfirvöld í Íran (íslamska lýðveldinu) því yfir að þau hafi rannsakað flugrekandann Mahan Air og að allir annmarkar í öryggismálum hafi verið lagfærðir á fullnægjandi hátt. Hins vegar hafa hvorki flugrekandinn né yfirvöld hans lagt fram sönnunargögn fyrir framkvæmd aðgerða til úrbóta til að sýna fram á að slíkar aðgerðir séu haldbærar lausnir og tryggja að áætlun um aðgerðir til úrbóta, sem kynnt var í september og nóvember 2007, sé fylgt á skilvirkan hátt.

39) Lögbær yfirvöld í Íran (íslamska lýðveldinu) lögðu þann 26. mars 2008 fyrir framkvæmdastjórnina skjöl varðandi ítarlega skýrslu um árangur og efni varðandi framkvæmd aðgerða til úrbóta af hálfu flugrekandans Mahan Air í kjölfar úttekar á flugrekandanum. Framkvæmdastjórnin hyggst rannsaka skjölin, sem lögð voru fram, með tilliti til þess hvort tekið hafi verið með viðeigandi hætti á þeim annmörkum í öryggismálum sem áður höfðu komið í ljós.

40) Þar til slík rannsókn hefur farið fram lítur framkvæmdastjórnin, eins og sakir standa, svo á að ekki séu fyrir hendi nægar sannanir til að sýna fram á að flugrekandinn hafi lokið aðgerðum til úrbóta til að uppræta annmarkana sem leiddu til þess að flugrekandinn var færður í skrá Bandalagsins.

41) Á grundvelli sameiginlegu viðmiðananna er það metið svo að eins og sakir standa hafi ekki verið færðar sönnur á að flugrekandinn Mahan Air hafi gert allar nauðsynlegar ráðstafanir til að uppfylla viðkomandi öryggisstaðla og því sé ekki hægt að fella hann brott úr skránni í viðauka A. Framkvæmdastjórnin mun halda áfram að eiga samstarf við lögbær yfirvöld Írans (íslamska lýðveldisins) til að fylgjast með framkvæmd aðgerða til úrbóta hjá flugrekandanum Mahan Airlines og sjá til þess að hann leggi fram varanlegar lausnir til lengri tíma litið. Með það fyrir augum hefur framkvæmdastjórnin í hyggju að heimsækja flugrekandann á komandi mánuðum.

Flugrekendur frá Rússneska sambandsríkinu

42) Eins og fram kemur í reglugerð (EB) nr. 1400/2007, með skírskotun til ákvörðunar lögbærra yfirvalda í Rússneska sambandsríkinu frá 26. nóvember 2007, er tilteknum flugrekendum, sem þessi yfirvöld hafa veitt flug-rekstrarleyfi, einungis heimilt að fljúga til Bandalagsins ef þau eru með sérstakan búnað. Flugrekendurnir og loftförin, sem þetta hefur áhrif á, eru: Krasnoyarsk Airlines: loftfarið Boeing B-737 (EI-DNH/DNS/DNT/CBQ/CLZ/CLW), B-757 (EI-DUA/DUD/DUC/DUE), B-767 (EI-DMP/DMH), Tupolev Tu-214 (RA-65508), Tu-154M (RA-85720); Ural Airlines: loftfarið Airbus A-320 (VPBQY/ BQZ), Tu-154M (RA-85807/85814/85833/85844); Gazpromavia: loftfarið Falcon-900 (RA-09000/09001/09006/09008); Atlant-Soyuz: loftfarið Boeing B-737 (VP-BBL/BBM), Tu-154M (RA-85709/85740); UTAir: loftfarið ATR-42 (VPBCB/ BCF/BPJ/BPK), Gulfstream IV (RA-10201/10202), Tu-154M (RA-85805/85808); Kavminvodyavia: loftfarið Tu-204 (RA-64022/64016), Tu-154M (RA-85715/85826/85746); Kuban Airlines: loftfarið Yak-42 (RA-42386/42367/42375); Air Company Yakutia: loftfarið Tu-154M (RA-85700/85794) og B-757-200 (VP-BFI); Airlines 400: loftfarið Tu-204 (RA-64018/64020). Enn fremur, í samræmi við þessa ákvörðun, er tilteknum flugrekendum ekki heimilt að starfrækja flug til Bandalagsins með tilteknum loftförum; flugrekendurnir og loftförin eru: Orenburg Airlines: loftfarið Tu-154 (RA-85768) og B-737-400 (VP-BGQ); Air Company Tatarstan: loftfarið Tu-154 (RA 85101 og RA-85109); Air Company Sibir: loftfarið B-737-400 (VP-BTA) og Rossija: loftfarið Tu-154 (RA-85753 og RA-85835).

43) Lögbær yfirvöld í Rússneska sambandsríkinu tilkynntu framkvæmdastjórninni hinn 26. mars 2008 að þau hefðu í huga að breyta ákvörðun sinni frá 26. nóvember 2007, að því er varðar takmarkanir á flugrekstrarleyfi tiltekinna flugrekenda í Rússneska sambandsríkinu, þannig að öllum fyrri takmörkunum á flugrekstrarleyfi allra hlutaðeigandi flugrekenda yrði aflétt frá og með 25. apríl 2008.

44) Hinn 27. mars hvatti framkvæmdastjórnin lögbær yfirvöld Rússneska sambandsríkisins að leggja fyrir framkvæmdastjórnina og flugöryggisnefndina sannanir um áreiðanlegar upplýsingar um úrbætur á innra eftirlitskerfi hlutaðeigandi flugrekenda að því er varðar öryggi flugs þeirra sem leiddi til fyrirhugaðrar ákvörðunar um að aflétta takmörkunum á flugrekstrar-leyfi hlutaðeigandi flugrekenda. Lögbæru yfirvöldin skuldbundu sig til að leggja fram þessar upplýsingar, eigi síðar en 9. apríl 2008, og, ásamt sérhverjum hlutað-eigandi flugrekanda, að koma á framfæri athugasemdum við framkvæmdastjórnina og aðildarríkin um ástandið sem ríkir í öryggismálum þessara flugrekenda áður en þessi ákvörðun öðlast gildi. Ef þessar upplýsingar verða lagðar fyrir framkvæmdastjórnina síðar skuldbundu lögbær yfirvöld í Rússneska sambandsríkinu sig, 2. apríl 2008, gagnvart flugöryggisnefndinni til að fresta gildistöku fyrirhugaðrar ákvörðunar í samvinnu við framkvæmdastjórnina.

45) Framkvæmdastjórnin tekur mið af fyrirhugaðri ákvörðun lögbærra yfirvalda Rússneska sambandsríkisins og hyggst rannsaka það efni sem þ essi yfirvöld hafa skuldbundið sig til að leggja fram í ljósi áætlunarinnar um aðgerðir til úrbóta sem hlutaðeigandi flugrekendur höfðu áður sent framkvæmdastjórninni. Framkvæmdastjórnin hyggst samræma með lögbærum yfirvöldum Rússneska sambandsríkisins niðurstöður rannsóknarinnar áður en framangreind, fyrirhuguð ákvörðun öðlast gildi.

46) Á meðan skulu ákvæði ákvörðunar lögbærra yfirvalda Rússneska sambandsríkisins frá 26. nóvember 2007 gilda áfram og því skal flug framangreindra flugrekenda til Bandalagsins einungis eiga sér stað samkvæmt þeim skilmálum og með þeim skilyrðum sem kveðið er á um í þeirri ákvörðun og tilgreind eru í 34.–36. forsendu í reglugerð (EB) nr. 1400/2007.

47) Framkvæmdastjórnin hyggst fylgjast með frammistöðu framangreindra flugrekenda og rannsaka ástand öryggismála hjá þeim í ljósi niðurstaðna framangreinds ferlis með það í huga að samþykkja, ef þörf krefur, viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að allar viðeigandi reglur séu tryggðar í Bandalaginu, að teknu tilliti til ákvæða 7. gr. í reglugerð (EB) nr. 2111/2005.

Flugrekendur frá Kirgisistan

48) Yfirvöld í Kirgisistan hafa látið framkvæmdastjórninni í té gögn um að flugrekandinn Galaxy Air hafi verið sviptur flugrekandaskírteini af öryggisástæðum. Þar eð þessi flugrekandi, sem er viðurkenndur í Kirgisistan, hefur síðan hætt starfsemi sinni skal fella hann brott úr skránni í viðauka A.

Flugrekendur frá Miðbaugs-Gíneu

49) Framkvæmdastjórnin hefur fengið upplýsingar um að flugrekandinn Ceiba Intercontinental stundi flutninga í atvinnuskyni samkvæmt flugrekandaskírteini sem lögbær yfirvöld í Miðbaugs-Gíneu hafa gefið út og hefur hún farið þess á leit við þau yfirvöld að þau leggi fram allar viðeigandi upplýsingar um þennan flugrekanda. Lögbær yfirvöld í Miðbaugs-Gíneu hafa ekki svarað beiðni framkvæmdastjórnarinnar.

50) Á grundvelli almennra viðmiðana, sem settar eru fram í viðauka við reglugerð (EB) nr. 2111/2005, skal flugrekandanum Ceiba Intercontinental bannað að stunda flugrekstur og skal því skráður í viðauka A.

51) Flugrekandinn Cronos Airlines, með flugrekstrarleyfi í Miðbaugs-Gíneu, hefur lagt fram gögn þar sem þess er farið á leit við framkvæmdastjórnina að hann verði felldur brott úr skránni í viðauka A með þeim rökstuðningi að loftförin, sem hann starfræki, séu í þjónustuleigu á „ACMI-grundvelli“ (loftför, áhöfn, viðhald, tryggingar) hjá flugrekanda sem hefur flugrekstrarleyfi í Lýðveldinu Suður-Afríku.

52) Að áliti framkvæmdastjórnarinnar réttlæta framlögð gögn frá flugrekandanum Cronos Airlines ekki að hann sé felldur brott úr skránni í viðauka A. Þó væri unnt að heimila að allir flugrekendur, sem eru skráðir í viðauka A, nýti flugréttindi, með því að nota loftfar í þjónustuleigu frá flugrekendum, sem er ekki bannað að stunda flugrekstur, að því tilskildu að viðeigandi öryggiskröfur séu uppfylltar.

Flugrekendur frá Svasílandi

53) Lögbær yfirvöld í Svasílandi hafa farið þess á leit að flugrekendurnir Royal Swazi Airways Corporation og Scan Air Charter verði felldir brott úr skránni í viðauka A vegna þess að þessir flugrekendur eiga ekki lengur nein loftför og geta því ekki starfrækt neina þjónustu. Einnig fara þeir fram á að flugrekandinn Swaziland Airlink verið felldur brott úr skránni í viðauka A vegna þess að hann starfræki þjónustu með vottuðum loftförum með viðhaldsskírteini og áhöfnum með flugverjaskírteini frá Lýðveldinu Suður-Afríku. Lögbær yfirvöld í Svasílandi staðfesta viðkomandi skírteini, samþykki og flugrekstrarleyfi.

54) Að því er varðar flugrekandann Royal Swazi Airways Corporation og Scan Air Charter telur framkvæmdastjórnin að ekki sé réttlætanlegt að fella þá brott úr skránni í viðauka A þar eð engin sönnun sé fyrir því að þessir flugrekendur séu ekki lengur til. Varðandi flugrekandann Swaziland Airlink telur framkvæmdastjórnin að ekki sé réttlætanlegt að fella þá brott úr skránni í viðauka A. Þó væri unnt að heimila að allir flugrekendur, sem eru skráðir í viðauka A, nýti flugréttindi, með því að nota loftfar í þjónustuleigu frá flugrekendum, sem er ekki bannað að stunda flugrekstur, að því tilskildu að viðeigandi öryggiskröfur séu uppfylltar.

Flugrekendur frá Lýðveldinu Indónesíu

55) Hinn 25. mars 2008 barst framkvæmdastjórninni ný aðgerðaáætlun frá lögbærum yfirvöldum í Indónesíu, sem ekki fylgdu skjöl því til sönnunar að hún hefði verið framkvæmd og sem sýnir að nokkrum mikilvægum áföngum verður ekki lokið fyrir september 2008. Þessar upplýsingar sýna ekki að innlend yfirvöld hafi, á þessu stigi, getu til að tryggja yfirsýn yfir alla flugrekendur sem þau votta, þ.m.t. flugrekandinn Garuda.

56) Framkvæmdastjórnin mun halda áfram að veita tækniaðstoð og styðja við átak Indónesíu til að koma nauðsynlegum ráðstöfunum í framkvæmd til að tryggja öryggi.

57) Hins vegar lítur framkvæmdastjórnin svo á að þessi yfirvöld hafi ekki sýnt fram á að þau hafi lokið fyrirhuguðum aðgerðum til úrbóta til að tryggja að viðeigandi öryggisreglum sé fylgt og því sé ekki hægt á þessu stigi að fella neinn flugrekanda frá Indónesíu brott úr skrá Bandalagsins nema þessir flugrekendur og lögbær, innlend yfirvöld geti sýnt fram á að staðlar Alþjóðaflugmálastofnunarinnar séu uppfylltir.

Garuda Indonesia Airline

58) Flugrekandinn Garuda Indonesia Airline lagði yfirgripsmikil gögn fyrir framkvæmdastjórnina 10. og 18. mars þar sem er að finna svör flugrekandans við athugasemdunum sem hópur sérfræðinga, á vegum framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna, gerði meðan á sendiför hans stóð 5.–9. nóvember 2007. Framkvæmdastjórnin skoðaði gögnin vandlega og hefur óskað eftir viðbótarupplýsingum svo að unnt sé að ljúka mati á ástandi öryggismála hjá flugrekandanum Garuda. Flugrekandinn skuldbatt sig til að senda þ essar upplýsingar án tafar.

59) Hinn 28. mars 2008 lagði flugrekandinn einnig fram formlega beiðni um að koma munnlegum athugasemdum á framfæri við flugöryggisnefndina á næsta fundi hennar og fékk áheyrn 3. apríl 2008.

60) Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin tóku mið af þ ví að flugrekandinn hefði náð árangri í að framkvæma aðgerðir til úrbóta til að bregðast við athugasemdunum sem hópurinn gerði í skýrslu sinni um sendiförina. Þau tóku hins vegar einnig mið af því að til að uppfylla staðla Alþjóðaflugmálastofnunarinnar væri nauðsynlegt að halda áfram aðgerðum til úrbóta og ljúka þeim á nokkrum sviðum, m.a. væri nauðsynlegt að setja endurbætt jarðvarakerfi (EGPWS) í allan Boeing 737 flugflotann, að framkvæma eftirlit með flugritagögnum fyrir allan flugflota flugrekandans og þar að auki þyrfti að gera nauðsynlegar úrbætur á innra eftirlitskerfi hans.

61) Í ljósi þeirra sjónarmiða, sem eru sett fram í forsendum 55 til 60, lítur framkvæmdastjórnin svo á að ekki sé hægt sem stendur að fella flugrekandann Garuda Indonesia Airlines brott úr skránni í viðauka A.

Almennar forsendur að því er varðar hina flugrekendurna sem eru skráðir í viðauka A og B

62) Engar sannanir fyrir fullri framkvæmd viðeigandi aðgerða til úrbóta af hálfu hinna flugrekendanna, sem eru skráðir í skrá Bandalagsins, sem uppfærð var 28. nóvember 2007, eða yfirvalda, sem er skylt að hafa lögbundið eftirlit með þessum flugrekendum, hafa borist framkvæmdastjórninni, enn sem komið er, þrátt fyrir bein tilmæli hennar þar að lútandi. Á grundvelli hinna sameiginlegu viðmiðana er það því metið svo að þessum flugrekendum skuli áfram bannað að stunda flugrekstur (viðauki A) eða takmarkanir settar á flugrekstur þeirra (viðauki B), eftir því sem við á.

63) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit flugöryggisnefndarinnar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 474/2006 er breytt sem hér segir:

1. Í stað viðauka A komi viðauki A við þessa reglugerð.

2. Í stað viðauka B komi viðauki B við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. apríl 2008.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jacques BARROT

varaforseti.

VIÐAUKI A

SKRÁ YFIR FLUGREKENDUR SEM ER BANNAÐ AÐ STUNDA ALLAN FLUGREKSTUR INNAN BANDALAGSINS ([1])

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda
AIR KORYO	Óskráð	KOR	Norður-Kórea
AIR WEST CO. LTD	004/A	AWZ	Súdan
ARIANA AFGHAN AIRLINES	009	AFG	Afganistan
MAHAN AIR	FS 105	IRM	Íran (íslamskt lýðveldi)
SILVERBACK CARGO FREIGHTERS	Óskráð	VRB	Rúanda
TAAG ANGOLA AIRLINES	001	DTA	Angóla
UKRAINE CARGO AIRWAYS	145	UKS	Úkraína
UKRAINIAN MEDITERRANEAN AIRLINES	164	UKM	Úkraína
VOLARE AVIATION ENTREPRISE	143	VRE	Úkraína
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Austur Kongó (alþýðulýðveldið), þ.m.t.		—	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
AFRICA ONE	409/CAB/MIN/TC/0114/2006	CFR	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
AFRICAN AIR SERVICES COMMUTER SPRL	409/CAB/MIN/TC/0005/2007	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
AIGLE AVIATION	409/CAB/MIN/TC/0042/2006	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
AIR BENI	409/CAB/MIN/TC/0019/2005	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
AIR BOYOMA	409/CAB/MIN/TC/0049/2006	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
AIR INFINI	409/CAB/MIN/TC/006/2006	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
AIR KASAI	409/CAB/MIN/TC/0118/2006	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
AIR NAVETTE	409/CAB/MIN/TC/015/2005	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
AIR TROPIQUES S.P.R.L.	409/CAB/MIN/TC/0107/2006	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
BEL GLOB AIRLINES	409/CAB/MIN/TC/0073/2006	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
BLUE AIRLINES	409/CAB/MIN/TC/0109/2006	BUL	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
BRAVO AIR CONGO	409/CAB/MIN/TC/0090/2006	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)

([1]) Unnt væri að heimila að allir flugrekendur, sem eru skráðir í viðauka A, nýti flugréttindi, með því að nota loftfar í þjónustuleigu frá flugrekanda, sem er ekki bannað að stunda flugrekstur, að því tilskildu að viðeigandi öryggiskröfur séu uppfylltar.

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda
BUSINESS AVIATION S.P.R.L.	409/CAB/MIN/TC/0117/2006	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
BUTEMBO AIRLINES	409/CAB/MIN/TC/0056/2006	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
CARGO BULL AVIATION	409/CAB/MIN/TC/0106/2006	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
CETRACA AVIATION SERVICE	409/CAB/MIN/TC/037/2005	CER	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
CHC STELLAVIA	409/CAB/MIN/TC/0050/2006	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
COMAIR	409/CAB/MIN/TC/0057/2006	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
COMPAGNIE AFRICAINE D'AVIATION (CAA)	409/CAB/MIN/TC/0111/2006	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
DOREN AIR CONGO	409/CAB/MIN/TC/0054/2006	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
EL SAM AIRLIFT	409/CAB/MIN/TC/0002/2007	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
ESPACE AVIATION SERVICE	409/CAB/MIN/TC/0003/2007	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
FILAIR	409/CAB/MIN/TC/0008/2007	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
FREE AIRLINES	409/CAB/MIN/TC/0047/2006	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
GALAXY INCORPORATION	409/CAB/MIN/TC/0078/2006	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
GOMA EXPRESS	409/CAB/MIN/TC/0051/2006	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
GOMAIR	409/CAB/MIN/TC/0023/2005	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
GREAT LAKE BUSINESS COMPANY	409/CAB/MIN/TC/0048/2006	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
HEWA BORA AIRWAYS (HBA)	409/CAB/MIN/TC/0108/2006	ALX	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
I.T.A.B. — INTERNATIONAL TRANS AIR BUSINESS	409/CAB/MIN/TC/0022/2005	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
KATANGA AIRWAYS	409/CAB/MIN/TC/0088/2006	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
KIVU AIR	409/CAB/MIN/TC/0044/2006	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
LIGNES AÉRIENNES CONGOLAISES	Undirskrift ráðherra (tilskipun 78/205)	LCG	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
MALU AVIATION	409/CAB/MIN/TC/0113/2006	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
MALILA AIRLIFT	409/CAB/MIN/TC/0112/2006	MLC	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
MANGO AIRLINES	409/CAB/MIN/TC/0007/2007	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
PIVA AIRLINES	409/CAB/MIN/TC/0001/2007	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
RWAKABIKA BUSHI EXPRESS	409/CAB/MIN/TC/0052/2006	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
SAFARI LOGISTICS SPRL	409/CAB/MIN/TC/0076/2006	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
SAFE AIR COMPANY	409/CAB/MIN/TC/0004/2007	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda
SERVICES AIR	409/CAB/MIN/TC/0115/2006	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
SUN AIR SERVICES	409/CAB/MIN/TC/0077/2006	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
TEMBO AIR SERVICES	409/CAB/MIN/TC/0089/2006	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
THOM'S AIRWAYS	409/CAB/MIN/TC/0009/2007	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
TMK AIR COMMUTER	409/CAB/MIN/TC/020/2005	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
TRACEP CONGO	409/CAB/MIN/TC/0055/2006	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
TRANS AIR CARGO SERVICE	409/CAB/MIN/TC/0110/2006	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
TRANSPORTS AERIENS CONGOLAIS (TRACO)	409/CAB/MIN/TC/0105/2006	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
VIRUNGA AIR CHARTER	409/CAB/MIN/TC/018/2005	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
WIMBI DIRA AIRWAYS	409/CAB/MIN/TC/0116/2006	WDA	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
ZAABU INTERNATIONAL	409/CAB/MIN/TC/0046/2006	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Miðbaugs-Gíneu, þ.m.t.			Miðbaugs-Gínea
CRONOS AIRLINES	Óskráð	Óskráður	Miðbaugs-Gínea
CEIBA INTERCONTINENTAL	Óskráð	CEL	Miðbaugs-Gínea
EUROGUINEANA DE AVIACION Y TRANSPORTES	2006/001/MTTCT/DGAC/SOPS	EUG	Miðbaugs-Gínea
GENERAL WORK AVIACION	002/ANAC	á ekki við	Miðbaugs-Gínea
GETRA — GUINEA ECUATORIAL DE TRANSPORTES AEREOS	739	GET	Miðbaugs-Gínea
GUINEA AIRWAYS	738	á ekki við	Miðbaugs-Gínea
UTAGE — UNION DE TRANSPORT AEREO DE GUINEA ECUATORIAL	737	UTG	Miðbaugs-Gínea
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Indónesíu, þ.m.t.			Indónesía
ADAM SKY CONNECTION AIRLINES	121-036	DHI	Indónesía
AIR PACIFIC UTAMA	135-020	Óskráður	Indónesía
AIRFAST INDONESIA	135-002	AFE	Indónesía
ASCO NUSA AIR TRANSPORT	135-022	Óskráður	Indónesía
ASI PUDJIASTUTI	135-028	Óskráður	Indónesía
AVIASTAR MANDIRI	135-029	Óskráður	Indónesía

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda
BALAI KALIBRASI FASITAS PENERBANGAN	135-031	Óskráður	Indónesía
CARDIG AIR	121-013	Óskráður	Indónesía
DABI AIR NUSANTARA	135-030	Óskráður	Indónesía
DERAYA AIR TAXI	135-013	DRY	Indónesía
DERAZONA AIR SERVICE	135-010	Óskráður	Indónesía
DIRGANTARA AIR SERVICE	135-014	DIR	Indónesía
EASTINDO	135-038	Óskráður	Indónesía
EKSPRES TRANSPORTASI ANTAR BENUA	121-019	Óskráður	Indónesía
EKSPRES TRANSPORTASI ANTAR BENUA	135-032	Óskráður	Indónesía
GARUDA INDONESIA	121-001	GIA	Indónesía
GATARI AIR SERVICE	135-018	GHS	Indónesía
INDONESIA AIR ASIA	121-009	AWQ	Indónesía
INDONESIA AIR TRANSPORT	135-017	IDA	Indónesía
INTAN ANGKASA AIR SERVICE	135-019	Óskráður	Indónesía
KARTIKA AIRLINES	121-003	KAE	Indónesía
KURA-KURA AVIATION	135-016	Óskráður	Indónesía
LION MENTARI ARILINES	121-010	LNI	Indónesía
MANDALA AIRLINES	121-005	MDL	Indónesía
MANUNGGAL AIR SERVICE	121-020	Óskráður	Indónesía
MEGANTARA AIRLINES	121-025	Óskráður	Indónesía
MERPATI NUSANTARA	121-002	MNA	Indónesía
METRO BATAVIA	121-007	BTV	Indónesía
NATIONAL UTILITY HELICOPTER	135-011	Óskráður	Indónesía
PELITA AIR SERVICE	121-008	PAS	Indónesía
PELITA AIR SERVICE	135-001	PAS	Indónesía
PENERBANGAN ANGKASA SEMESTA	135-026	Óskráður	Indónesía
PURA WISATA BARUNA	135-025	Óskráður	Indónesía
REPUBLIC EXPRES AIRLINES	121-040	RPH	Indónesía

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda
RIAU AIRLINES	121-016	RIU	Indónesía
SAMPURNA AIR NUSANTARA	135-036	Óskráður	Indónesía
SMAC	135-015	SMC	Indónesía
SRIWIJAYA AIR	121-035	SJY	Indónesía
TRANS WISATA PRIMA AVIATION	121-017	Óskráður	Indónesía
TRANSWISATA PRIMA AVIATION	135-021	Óskráður	Indónesía
TRAVEL EXPRES AIRLINES	121-038	XAR	Indónesía
TRAVIRA UTAMA	135-009	Óskráður	Indónesía
TRI MG INTRA AIRLINES	121-018	TMG	Indónesía
TRI MG INTRA AIRLINES	135-037	TMG	Indónesía
TRIGANA AIR SERVICE	121-006	TGN	Indónesía
TRIGANA AIR SERVICE	135-005	TGN	Indónesía
WING ABADI NUSANTARA	121-012	WON	Indónesía
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Kirgisistan, þ.m.t.		—	Kirgisistan
AIR CENTRAL ASIA	34	AAT	Kirgisistan
AIR MANAS	17	MBB	Kirgisistan
ASIA ALPHA AIRWAYS	32	SAL	Kirgisistan
AVIA TRAFFIC COMPANY	23	AVJ	Kirgisistan
BISTAIR-FEZ BISHKEK	08	BSC	Kirgisistan
BOTIR AVIA	10	BTR	Kirgisistan
CLICK AIRWAYS	11	CGK	Kirgisistan
DAMES	20	DAM	Kirgisistan
EASTOK AVIA	15	Óskráður	Kirgisistan
ESEN AIR	2	ESD	Kirgisistan
GOLDEN RULE AIRLINES	22	GRS	Kirgisistan
INTAL AVIA	27	INL	Kirgisistan
ITEK AIR	04	IKA	Kirgisistan

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Riki flugrekanda
KYRGYZ TRANS AVIA	31	KTC	Kirgisistan
KYRGYZSTAN	03	LYN	Kirgisistan
KYRGYZSTAN AIRLINES	01	KGA	Kirgisistan
MAX AVIA	33	MAI	Kirgisistan
OHS AVIA	09	OSH	Kirgisistan
S GROUP AVIATION	6	Óskráður	Kirgisistan
SKY GATE INTERNATIONAL AVIATION	14	SGD	Kirgisistan
SKY WAY AIR	21	SAB	Kirgisistan
TENIR AIRLINES	26	TEB	Kirgisistan
TRAST AERO	05	TSJ	Kirgisistan
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Líberíu		—	Líbería
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Síerra Leóne, þ.m.t.	—	—	Síerra Leóne
AIR RUM, LTD	Óskráð	RUM	Síerra Leóne
BELLVIEW AIRLINES (S/L) LTD	Óskráð	BVU	Síerra Leóne
DESTINY AIR SERVICES, LTD	Óskráð	DTY	Síerra Leóne
HEAVYLIFT CARGO	Óskráð	Óskráður	Síerra Leóne
ORANGE AIR SIERRA LEONE LTD	Óskráð	ORJ	Síerra Leóne
PARAMOUNT AIRLINES, LTD	Óskráð	PRR	Síerra Leóne
SEVEN FOUR EIGHT AIR SERVICES LTD	Óskráð	SVT	Síerra Leóne
TEEBAH AIRWAYS	Óskráð	Óskráður	Síerra Leóne
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Svasílandi, þ.m.t.	—	—	Svasíland
AERO AFRICA (PTY) LTD	Óskráð	RFC	Svasíland
JET AFRICA SWAZILAND	Óskráð	OSW	Svasíland
ROYAL SWAZI NATIONAL AIRWAYS CORPORATION	Óskráð	RSN	Svasíland
SCAN AIR CHARTER, LTD	Óskráð	Óskráður	Svasíland
SWAZI EXPRESS AIRWAYS	Óskráð	SWX	Svasíland
SWAZILAND AIRLINK	Óskráð	SZL	Svasíland

VIÐAUKI B

SKRÁ YFIR FLUGREKENDUR SEM SÆTA REKSTRARTAKMÖRKUNUM INNAN BANDALAGSINS ([1])

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC)	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda	Gerð loftfars	Skráningarmerki og framleiðsluraðnúmer ef það er fyrir hendi	Skráningarríki
AIR BANGLADESH	17	BGD	Bangladesh	B747-269B	S2-ADT	Bangladesh
AIR SERVICE COMORES	06-819/TA-15/ DGACM	KMD	Comoros	Öll loftför, að undanskildu LET 410 UVP	Öll loftför, að undanskildu D6-CAM (851336)	Comoros

([1]) Unnt væri að heimila að allir flugrekendur, sem eru skráðir í viðauka B, nýti flugréttindi, með því að nota loftfar í þjónustuleigu frá flugrekanda, sem er ekki bannað að stunda flugrekstur, að því tilskildu að viðeigandi öryggiskröfur séu uppfylltar.

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2013/EES/4/18**

frá 6. júní 2001

um að koma á fót samstarfsnefnd evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila (*)

(tilkynnt með númeri C(2001) 1501)

(2001/527/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Frelsi til að veita þjónustu og frjálsir fjármagnsflutningar eru meginmarkmið Bandalagsins eins og um getur í 49. og 56. gr. EB-sáttmálans.

2) Að koma á einum heilum og óskiptum markaði fyrir fjármálaþjónustu hefur mikla þýðingu fyrir aukinn hagvöxt og atvinnusköpun í Bandalaginu.

3) Í aðgerðaáætlun framkvæmdastjórnarinnar um fjármálaþjónustu ([1]) er gerð grein fyrir röð aðgerða sem krafist er til að gera einn óskiptan markað fyrir fjármálaþjónustu að veruleika.

4) Á fundi sínum í Lissabon í mars 2000 mæltist leiðtogaráðið til þess að þessari aðgerðaáætlun yrði hrundið í framkvæmd eigi síðar en árið 2005.

5) Hinn 17. júlí 2000 skipaði ráðið vísdómsmannanefnd um regluverk yfir verðbréfamarkaði í Evrópu.

6) Í lokaskýrslu sinni fór vísdómsmannanefndin fram á að komið yrði á fót tveimur nefndum, evrópsku verðbréfanefndinni, skipaðri háttsettum fulltrúum aðildarríkjanna, og samstarfsnefnd evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila, skipaðri háttsettum fulltrúum innlendra, opinberra yfirvalda með sérfræðiþekkingu á sviði verðbréfaviðskipta til þess, m.a., að vera framkvæmdastjórninni til ráðgjafar.

7) Í ályktun sinni um skilvirkara regluverk á verðbréfamarkaði í Evrópusambandinu fagnaði leiðtogaráðið á fundi sínum í Stokkhólmi fyrirætlun framkvæmdastjórnarinnar um að koma formlega á fót óháðri nefnd eftirlitsaðila eins og lagt er til í skýrslu vísdómsmannanefndarinnar.

8) Samstarfsnefnd evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila skal starfa sem óháð stofnun sem tekur mál til athugunar og umræðu og sem er framkvæmdastjórninni til ráðgjafar á sviði verðbréfaviðskipta.

9) Samstarfsnefnd evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila skal einnig stuðla að því að lögum Bandalagsins sé hrundið í framkvæmd í aðildarríkjunum á samræmdan hátt og í tæka tíð með þ ví að tryggja skilvirkara samstarf milli innlendra eftirlitsyfirvalda, láta fara fram jafningjarýni og efla bestu starfsvenjur ([2]).

10) Samstarfsnefnd evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila skal skipuleggja starfsfyrirkomulag sitt og vera í nánum starfstengslum við framkvæmdastjórnina og evrópsku verðbréfanefndina. Hún kýs sér formann úr eigin röðum.

11) Samstarfsnefnd evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila skal hafa víðtækt samráð snemma í ferlinu við markaðsaðila, neytendur og notendur á opinn og gagnsæjan hátt.

12) Samstarfsnefnd evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila setur sér starfsreglur og virðir að öllu leyti heimildir stofnana og jafnvægi milli stofnana svo sem kveðið er á um í sáttmálanum ([3]),

---

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 191, 13.7.2001, bls. 43. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 81/2008 frá 4. júlí 2008 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 64, 23.10.2008, bls. 5.

([1]) COM(1999) 232 lokaútgáfa.

([2]) Texti fenginn úr 3. mgr. 6. liðar ályktunar leiðtogaráðsins í Stokkhólmi.

([3]) Texti fenginn úr síðustu mgr. formála að ályktun leiðtogaráðsins í Stokkhólmi.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Óháðri ráðgjafarnefnd á sviði verðbréfa í Bandalaginu, kölluð „samstarfsnefnd evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila“ (hér á eftir kölluð „samstarfsnefndin“) er hér með komið á fót.

2. gr.

Hlutverk samstarfsnefndarinnar er að vera framkvæmdastjórninni til ráðgjafar, annaðhvort að beiðni framkvæmdastjórnarinnar, innan þeirra tímamarka sem framkvæmdastjórninni er heimilt að setja í samræmi við það hversu brýnt málið er, eða að frumkvæði samstarfsnefndarinnar, einkum við undirbúning að drögum að framkvæmdarráðstöfunum á sviði verðbréfaviðskipta.

3. gr.

Nefndina skipa háttsettir fulltrúar frá opinberum yfirvöldum hvers lands sem hafa sérfræðiþekkingu á sviði verðbréfaviðskipta. Hvert aðildarríki skal tilnefna háttsettan fulltrúa frá þar til bæru yfirvaldi til að taka þ átt í fundum samstarfsnefndarinnar.

Framkvæmdastjórnin skal eiga fulltrúa á fundum samstarfsnefndarinnar og tilnefna háttsettan fulltrúa til að taka þátt í öllum umræðum.

Samstarfsnefndin kýs sér formann úr eigin röðum.

Samstarfsnefndin getur óskað eftir að sérfræðingar og áheyrnarfulltrúar sitji fundi hennar.

4. gr.

Nefndin skal vera í nánum starfstengslum við framkvæmdastjórnina og evrópsku verðbréfanefndina.

Henni er heimilt að koma á fót starfshópum.

5. gr.

Áður en samstarfsnefndin leggur álit sitt fyrir framkvæmdastjórnina skal hún hafa víðtækt samráð snemma í ferlinu við markaðsaðila, neytendur og notendur á opinn og gagnsæjan hátt.

6. gr.

Samstarfsnefndin skal skila árlegri skýrslu til framkvæmdastjórnarinnar.

7. gr.

Nefndin setur sér starfsreglur og skipuleggur starfsfyrirkomulag sitt.

8. gr.

Nefndin tekur til starfa 7. júní 2001.

Gjört í Brussel 6. júní 2001.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Frederik BOLKESTEIN

framkvæmdastjóri.

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2013/EES/4/19**

frá 6. júní 2001

um að koma á fót evrópskri verðbréfanefnd (*)

(tilkynnt með númeri C(2001) 1493)

(2001/528/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Frelsi til að veita þjónustu og frjálsir fjármagnsflutningar eru meginmarkmið Bandalagsins eins og um getur í 49. og 56. gr. EB-sáttmálans.

2) Að koma á einum heilum og óskiptum markaði fyrir fjármálaþjónustu í samræmi við meginregluna um opið markaðshagkerfi með frjálsri samkeppni hefur mikla þýðingu fyrir aukinn hagvöxt og atvinnusköpun í Bandalaginu.

3) Í aðgerðaáætlun framkvæmdastjórnarinnar um fjármálaþjónustu ([1]) er gerð grein fyrir röð aðgerða sem krafist er til að gera einn óskiptan markað fyrir fjármálaþjónustu að veruleika og lögð er áhersla á að koma á fót nefnd á sviði verðbréfaviðskipta til að stuðla að gerð laga á sviði verðbréfaviðskipta í Bandalaginu.

4) Á fundi sínum í Lissabon í mars 2000 mæltist leiðtogaráðið til þess að þessari aðgerðaáætlun yrði hrundið í framkvæmd eigi síðar en árið 2005.

5) Hinn 17. júlí 2000 skipaði ráðið vísdómsmannanefnd um regluverk yfir verðbréfa¬markaði í Evrópu.

6) Í lokaskýrslu sinni fór vísdómsmannanefndin fram á að komið yrði á fót tveimur ráðgjafarnefndum, evrópsku verðbréfanefndinni, skipaðri háttsettum fulltrúum aðildarríkjanna, og samstarfsnefnd evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila, skipaðri háttsettum fulltrúum innlendra, opinberra yfirvalda með sérfræðiþekkingu á sviði verðbréfaviðskipta til þess, m.a., að vera framkvæmdastjórninni til ráðgjafar.

7) Í ályktun sinni um skilvirkara regluverk á verðbréfamarkaði í Evrópusambandinu fagnaði leiðtogaráðið á fundi sínum í Stokkhólmi fyrirætlun framkvæmdastjórnarinnar um að koma þegar í stað á fót verðbréfanefnd skipaðri háttsettum embættismönnum frá aðildarríkjunum undir forsæti framkvæmdastjórnarinnar.

8) Í lokaskýrslu vísdómsmannanefndarinnar er lögð áhersla á nauðsyn þess að samþykkja framkvæmdarráðstafanir fyrir beitingu tilskipana og reglugerða til að taka mið af nýrri þróun á fjármálamörkuðum.

9) Evrópska verðbréfanefndin skal starfa sem aðili sem tekur mál til athugunar og umræðu og sem er framkvæmdastjórninni til ráðgjafar á sviði verðbréfaviðskipta.

10) Evrópska verðbréfanefndin setur sér starfsreglur.

11) Með þessari ákvörðun er komið á fót evrópskri verðbréfanefnd sem hefur ráðgefandi hlutverki að gegna. Með fyrirvara um sérlög sem framkvæmdastjórnin leggur til og Evrópuþingið og ráðið samþykkir skal evrópska verðbréfanefndin einnig gegna hlutverki eftirlitsnefndar í samræmi við ákvörðunina frá 1999 um málsmeðferð í nefndum til aðstoðar framkvæmdastjórninni þegar hún tekur ákvarðanir um framkvæmdarráðstafanir skv. 202. gr. EB-sáttmálans,

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Nefnd um verðbréfaviðskipti í Bandalaginu, kölluð „evrópska verðbréfanefndin“ (hér á eftir kölluð „nefndin“) er hér með komið á fót.

2. gr.

Hlutverk nefndarinnar er að vera framkvæmdastjórninni til ráðgjafar um stefnumál sem og um lagafrumvörp sem framkvæmdastjórnin kann að samþykkja á sviði verðbréfaviðskipta.

3. gr.

Nefndina skipa háttsettir fulltrúar aðildarríkjanna undir formennsku fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar.

Formaður samstarfsnefndar evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila, sem komið var á fót með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/527/EB ([2]), situr fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi.

Nefndin getur óskað eftir að sérfræðingar og áheyrnarfulltrúar sitji fundi.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 191, 13.7.2001, bls. 45. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 81/2008 frá 4. júlí 2008 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 64, 23.10.2008, bls. 5.

([1]) COM (1999) 232 lokaútgáfa.

([2]) Stjtíð. EB L 191, 13.7.2001, bls. 43.

4. gr.

Nefndinni er heimilt að koma á fót starfshópum.

5. gr.

Nefndin setur sér starfsreglur. Framkvæmdastjórnin skal sjá nefndinni fyrir skrifstofuaðstöðu og starfsliði.

6. gr.

Nefndin tekur til starfa 7. júní 2001.

Gjört í Brussel 6. júní 2001.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Frederik BOLKESTEIN

framkvæmdastjóri.

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2013/EES/4/20**

frá 29. október 2007

um breytingu á ákvörðun 2007/116/EB með tilliti til þess að fjölga fráteknum númerum sem byrja á „116“ (*)

(tilkynnt með númeri C(2007) 5139)

(2007/698/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/21/EB frá 7. mars 2002 um sameiginlegan regluramma um rafræn fjarskiptanet og –þjónustu (rammatilskipun) (1), einkum 4. mgr. 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/116/EB um að taka frá númeraraðir fyrir hvert aðildarríki, sem byrja á „116“, í því skyni að hafa samræmd númer fyrir samræmda þjónustu sem hefur samfélagslegt gildi (2) eru teknar frá númeraraðir fyrir hvert aðildarríki, sem byrja á „116“, í því skyni að hafa samræmd númer fyrir samræmda þjónustu sem hefur samfélagslegt gildi. Í viðaukanum við þá ákvörðun er að finna skrá yfir númerin í númeraröðinni og þá tegund þjónustu sem hvert númer er tekið frá fyrir. Heimilt er að aðlaga skrána í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 22. gr. tilskipunar 2002/21/EB.

2) Uppfæra skal lýsingu á þjónustu sem tengist númerinu 116000. Enn fremur hafa tvær tegundir þjónustu, þ.e. símaráðgjöf fyrir börn og sálræn hjálparlína, verið tilgreindar sem þjónusta með samfélagslegt gildi sem kann að njóta góðs af samræmdum númerum. Af þessum ástæðum skal uppfæra ákvörðun 2007/116/EB og innleiða fleiri frátekin númer.

3) Því ber að breyta ákvörðun 2007/116/EB til samræmis við það.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fjarskiptanefndarinnar.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað viðaukans við ákvörðun 2007/116/EB komi viðaukinn við þessa ákvörðun.

2. gr.

Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að frá og með 29. febrúar 2008 geti lögbært, landsbundið stjórnvald úthlutað númerunum sem bætt er við skrána með þessari ákvörðun.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 29. október 2007.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Viviane Reding

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 284, 30.10.2007, bls. 31. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 83/2008 frá 4. júlí 2008 um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptapjónusta) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 64, 23.10.2008, bls. 10.

(1) Stjtíð. EB L 108, 24.4.2002, bls. 33. Tilskipuninni var breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 717/2007 (Stjtíð. ESB L 171, 29.6.2007, bls. 32).

(2) Stjtíð. ESB L 49, 17.2.2007, bls. 30.

VIÐAUKI

Skrá yfir frátekin númer fyrir samræmda þjónustu sem hefur samfélagslegt gildi

Númer	Tegund þjónustu sem númerið er frátekið fyrir	Sérstök skilyrði sem bundin eru rétti til afnota af númerinu
116000	*Heiti þjónustunnar:* Ábendingalína vegna barna, sem er saknað *Lýsing:* Þjónustan a) tekur við símtölum varðandi tilkynningar um börn sem er saknað og beinir þeim til lögreglu, b) veitir leiðsögn og stuðning við þá einstaklinga sem bera ábyrgð á barninu sem er saknað, c) styður við rannsóknina.	Þjónustan sé stöðugt aðgengileg (þ.e. allan sólarhringinn, alla daga vikunnar um allt land).
116111	*Heiti þjónustunnar:* Hjálparsími fyrir börn *Lýsing:* Þessi þjónusta er til aðstoðar börnum sem þarfnast umönnunar og verndar og kemur þeim í samband við þar til gerðar stofnanir og þjónustuúrræði, hún veitir börnum tækifæri til að tjá áhyggjur sínar, ræða mál sem varða þau beint og hafa samband við einhvern í neyðartilvikum.	Ef þjónustan er ekki stöðugt opin (þ.e. allan sólarhringinn, alla daga vikunnar um allt land), skal þjónustuveitandinn tryggja að upplýsingar um það hvenær hún sé opin séu tiltækar almenningi með aðgengilegu sniði og að þegar hringt er í þjónustuna utan opnunartíma fái viðkomandi upplýsingar um það hvenær þjónustan verði næst í boði.
116123	*Heiti þjónustunnar:* Sálræn hjálparlína *Lýsing:* Með þessari þjónustu gefst þeim sem hringja inn færi á að nýta sér mannleg tengsl sem byggjast á því að hlusta án þess að dæma. Hún veitir þeim einstaklingum stuðning sem eiga við einmanaleika að stríða, eru í sálarkreppu eða sjálfsvígshugleiðingum.	Ef þjónustan er ekki stöðugt opin (þ.e. allan sólarhringinn, alla daga vikunnar um allt land), skal þjónustuveitandinn tryggja að upplýsingar um það hvenær hún sé opin séu tiltækar almenningi með aðgengilegu sniði og að þegar hringt er í þjónustuna utan opnunartíma fái viðkomandi upplýsingar um það hvenær þjónustan verði næst í boði.

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2013/EES/4/21**

frá 16. maí 2007

um samhæft aðgengi að upplýsingum um notkun tíðnirófsins innan Bandalagsins (*)

(tilkynnt með númeri C(2007) 2085)

(2007/344/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 676/2002/EB frá 7. mars 2002 um regluramma um stefnu Evrópubandalagsins varðandi tíðniróf fyrir þráðlausar sendingar (ákvörðun um tíðniróf fyrir þráðlausar sendingar) ([1]), einkum 3. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í ákvörðun nr. 676/2002/EB (ákvörðunin um fjarskiptatíðnirófið (áður ákvörðunin um tíðniróf fyrir þráðlausar sendingar)) er þess krafist að aðildarríkin tryggi að landsbundið skipulag fjarskiptatíðni og upplýsingar um réttindi, skilyrði, málsmeðferð, gjöld og þóknanir, að því er varðar notkun á fjarskiptatíðnirófinu, skuli birtar, ef við á, í því skyni að uppfylla markmiðið sem sett er í 1. gr. ákvörðunarinnar. Þau skulu halda þessum upplýsingum uppfærðum og gera ráðstafanir til að þróa viðeigandi gagnagrunna í því skyni að koma þessum upplýsingum á framfæri við almenning, þegar við á, í samræmi við viðeigandi ráðstafanir til samhæfingar sem gerðar eru skv. 4. gr. ákvörðunarinnar.

2) Rannsókn sem gerð var á vegum framkvæmdastjórnarinnar ([2]) leiddi í ljós, þrátt fyrir fyrri viðleitni, að aðildarríkin koma þessum upplýsingum um notkun tíðnirófsins á framfæri við almenning á misítarlegan hátt, á mismunandi sniði og munur er á því hversu auðvelt er að nálgast þær og á tíðni uppfærslna. Slíkur munur kann að hafa áhrif á rekstur fyrirtækja, skipulagningu fjárfestinga og ákvarðanatöku í tengslum við innri markað fyrir vöru og þjónustu auk framleiðslu. Upplýsingar um skilyrði fyrir notkun tíðnirófs geta stutt frekar við þátttöku lítilla og miðlungsstórra fyrirtækja og stutt með óbeinum hætti við sjálfbæran vöxt rafræna fjarskiptaiðnaðarins í heild.

3) Aðgengi að viðeigandi upplýsingum er nauðsynlegt í tengslum við betri reglusetningu þar sem afnám óþarfra takmarkandi ráðstafana og innleiðing viðskipta með réttindi til afnota af tíðnum útheimta skýrar, áreiðanlegar og uppfærðar upplýsingar um raunverulega notkun.

4) Ein upplýsingamiðstöð myndi tryggja auðveldan aðgang og notendavæna framsetningu á upplýsingum um tíðniróf í öllu Bandalaginu. Til að ná fram skilvirkni skulu slíkar upplýsingar settar fram á samræmdu sniði með sama innihaldi í öllum aðildarríkjunum og það skal vera hægt að flytja þær úr landsbundnum gagnasöfnum með nútímalegum, sjálfvirkum uppflutningsaðferðum svo komast megi hjá þörf fyrir aukinn fjölda starfsmanna til að færa landsbundin gögn inn í eina upplýsingamiðstöð.

5) Aðildarríkin og aðilar í greininni eru í grundvallaratriðum sammála um að nota kerfið sem komið var á fót af Evrópuskrifstofu þráðlausra fjarskipta (ERO) ([3]). Upplýsingakerfi Evrópuskrifstofu þráðlausra fjarskipta um tíðnir (EFIS) er aðgengilegt öllum á Netinu og það gerir kleift að leita að og bera saman opinberar upplýsingar um tíðniróf innan Evrópu hafi landsbundin stjórnvöld hlaðið slíkum upplýsingunum upp. Öll aðildarríkin skulu nota þetta kerfi.

6) Framkvæmdastjórnin veitti Samtökum póst- og fjarskiptastjórna í Evrópu umboð dagsett 8. desember 2005 til notkunar á upplýsingakerfi Evrópuskrifstofu þráðlausra fjarskipta um tíðnir (EFIS) til birtingar og aðgangs að tíðnirófsupplýsingum innan Bandalagsins. Samtök póst- og fjarskiptastjórna í Evrópu birtu lokaniðurstöður sínar sem sýndu fram á hagkvæmni þess að nota upplýsingakerfi Evrópuskrifstofu þráðlausra fjarskipta um tíðnir sem sameiginlega upplýsingagátt innan Evrópubandalagsins í samræmi við markmiðin sem kveðið er á um í umboðinu. Nefndin um fjarskiptatíðnirófið tók við lokaskýrslu Samtaka póst- og fjarskiptastjórna í Evrópu þann 5. október 2006 og staðfesti markmiðin sem talin eru upp í umboðinu. Niðurstöður umboðsins skulu gilda í Bandalaginu.

7) Evrópsk gátt fyrir tíðnirófsupplýsingar skal ekki koma í stað landsbundinna tíðnirófsgagnagrunna heldur vera viðbótargátt sem eykur virði með því að koma á fót einni upplýsingamiðstöð með búnaði til leitar og samanburðar innan Evrópu, sem byggist á upplýsingum sem veittar eru í samræmi við sameiginlegt snið og nákvæmni.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 129, 17.5.2007, bls. 67. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 84/2008 frá 4. júlí 2008 um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptapjónusta) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 64, 23.10.2008, bls. 11.

([1]) Stjtíð. EB L 108, 24.4.2002, bls. 1.

([2]) Rannsókn á upplýsingum um skiptingu, aðgengi að og notkun fjarskiptatíðnirófsins innan Bandalagsins, IDATE, febrúar 2005.

([3]) Evrópuskrifstofu þráðlausra fjarskipta var komið á fót með samningnum um að koma á fót Evrópuskrifstofu þráðlausra fjarskipta sem undirritaður var í Haag 23. júní 1993.

8) Þegar hefur verið gripið til aðgerða til að samræma framsetningu á forskriftum varðandi skilfleti þráðlausra fjarskipta á vegum nefndarinnar um samræmismat í fjarskiptum og markaðseftirliti (TCAM) sem komið var á fót með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/5/EB frá 9. mars 1999 um fjarskiptabúnað og endabúnað til fjarskipta og gagnkvæma viðurkenningu á samræmi þeirra ([1]) (R & TTE tilskipunin). Þessi skilyrði eiga við um 5. grein ákvörðunarinnar um fjarskiptatíðnirófið og teljast mikilvægar opinberar upplýsingar sem aðildarríkin skulu gera aðgengilegar í öllum.

9) Tilhögun upplýsingamiðlunar varðandi afnotaréttindi kunna að útheimta sérstakt átak af hálfu aðildarríkjanna en hún skiptir einnig miklu máli fyrir gagnsæja og skilvirka markaðstengda stefnu um tíðniróf. Aðildarríkin kunna að þurfa viðbótartíma til að uppfylla kröfur um að gera þessa tegund upplýsinga aðgengilegar.

10) Tryggja skal öllum hagsmunaaðilum auðveldan aðgang að upplýsingunum með fyrirvara um samræmi við reglur Bandalagsins um viðskiptaleynd, einkum ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/21/EB frá 7. mars 2002 um sameiginlegan regluramma um rafræn fjarskiptanet og -þjónustu (rammatilskipun) ([2]).

11) Þessi ákvörðun skal koma til framkvæmda og henni beitt í fullu samræmi við meginreglurnar um vernd persónuupplýsinga í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ([3]) og í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/58/EB frá 12. júlí 2002 um vinnslu persónuupplýsinga og um verndun einkalífs á sviði rafrænna fjarskipta (tilskipun um friðhelgi einkalífsins og rafræn fjarskipti) ([4]).

12) Endurskoða skal skilvirkni upplýsingakerfis Evrópuskrifstofu þráðlausra fjarskipta um tíðnir fyrir aðildarríkin og almenning af og til í því skyni að tryggja að markmiðin sem talin eru upp í umboðinu komi til framkvæmda með skilvirkum hætti.

13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um tíðniróf fyrir þráðlausar sendingar.

([1]) Stjtíð. EB L 91, 7.4.1999, bls. 10. Tilskipunin eins og henni var breytt með reglugerð (EB) nr. 1882/2003 (Stjtíð. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).
([2]) Stjtíð. EB L 108, 24.4.2002, bls. 33.
([3]) Stjtíð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31. Tilskipunin eins og henni var breytt með reglugerð (EB) nr. 1882/2003.
([4]) Stjtíð. EB L 201, 31.7.2002, bls. 37. Tilskipunin eins og henni var breytt með tilskipun 2006/24/EB (Stjtíð. ESB L 105, 13.4.2006, bls. 54).

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Markmiðið með þessari ákvörðun er að samhæfa aðgengi að upplýsingum um notkun fjarskiptatíðnirófsins innan Bandalagsins með sameiginlegri upplýsingamiðstöð og með samhæfingu á sniði og innihaldi slíkra upplýsinga.

2. gr.

Aðildarríkin skulu nota upplýsingakerfi Evrópuskrifstofu þráðlausra fjarskipta um tíðnir sem komið var á fót af Evrópuskrifstofu þráðlausra fjarskipta sem sameiginlega upplýsingamiðstöð í því skyni að gera sambærilegar upplýsingar varðandi notkun tíðnirófsins í hverju aðildarríki fyrir sig aðgengilegar almenningi á Netinu.

3. gr.

1. Aðildarríkin skulu færa eftirfarandi upplýsingar um notkun fjarskiptatíðnirófsins á yfirráðasvæði þeirra inn í upplýsingakerfi Evrópuskrifstofu þráðlausra fjarskipta um tíðnir.

a) fyrir hvert tíðnisvið fyrir sig:

— úthlutanir þjónustu eins og skilgreint er í fjarskiptareglum Alþjóðafjarskiptasambandsins,

— notkunarsvið, með hugtökunum sem tiltæk eru í upplýsingakerfi Evrópuskrifstofu þráðlausra fjarskipta um tíðnir,

— forskriftir varðandi skilfleti þráðlausra fjarskipta í samræmi við sniðið í I. viðauka,

— sérstök afnotaréttindi í samræmi við II. viðauka,

b) fyrir notkun fjarskiptatíðnirófsins almennt,

— innlendur tengiliður sem getur svarað fyrirspurnum almennings um hvar finna megi landsbundnar upplýsingar um fjarskiptatíðnirófið sem ekki er að finna í evrópskri gátt fyrir tíðnirófsupplýsingar ásamt upplýsingum um málsmeðferð og skilyrði sem gilda um fyrirhugaðar, landsbundnar úthlutunaraðferðir á afnotarétti,

— ef við á, landsbundin stefna og áætlun um tíðnirófið í formi skýrslu.

2. Aðildarríkin skulu uppfæra upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. a.m.k. einu sinni á ári til 1. janúar 2010 og tvisvar á ári þaðan í frá. Þetta skal gert með því að færa gögnin handvirkt inn í gegnum Netið eða með sjálfvirkum upphleðslubúnaði þar sem tiltekið snið er notað við gagnaskipti.

4. gr.

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um það ef þau telja að upplýsingakerfi Evrópuskrifstofu þráðlausra fjarskipta um tíðnir sé ekki lengur fært um að haldi tæknilegri getu, heilleika og áreiðanleika til að réttlæta notkun þess sem sameiginlegrar upplýsingamiðstöðvar.

5. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. janúar 2008.

Tilhögun upplýsingamiðlunar að því er varðar sérstök afnotaréttindi gildir frá og með 1. janúar 2010.

6. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 16. maí 2007.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Viviane Reding

framkvæmdastjóri.

I. VIÐAUKI

Snið fyrir forskriftir varðandi skilfleti þráðlausra fjarskipta

Aðildarríkin skulu láta í té upplýsingar um eftirfarandi kennistærðir með vísan í viðkomandi staðal eða lýsandi texta og athugasemdum ef þarf

1. Rásafyrirkomulag,

2. Mótun/notuð bandbreidd

3. Stefna/aðskilnaður,

4. Sendiafl/aflþéttni,

5. Reglur um aðgang og notkun rása

6. Fyrirkomulag við leyfisveitingar,

7. Frekari grunnkröfur skv. 3. mgr. 3. gr. tilskipunar 1999/5/EB,

8. Forsendur tíðniskipulags.

II. VIÐAUKI

Snið upplýsinga um afnotaréttindi

Heimilt er að takmarka upplýsingar um afnotarétt við tíðnisvið sem notuð eru til að veita rafræna fjarskiptaþjónustu sem heimilt er að eiga viðskipti með í samræmi við 3. mgr. 9. gr. í tilskipun 2002/21/EB eða sem er veitt með valaðferðum sem byggjast á samkeppni eða samanburði samkvæmt tilskipun 2002/20/EB.

Að því er varðar viðkomandi tíðnisvið skulu aðildarríkin leggja fram eftirfarandi upplýsingar í samræmi við kröfur tilskipunar 95/46/EB og tilskipunar 2002/58/EB og reglur Bandalagsins og innlendar reglur um viðskiptaleynd:

1. auðkenni rétthafa fjarskiptatíðni,

2. lokadagsetning réttindanna eða, þar sem hún er ekki til staðar, áætlaður gildistími,

3. landfræðilegt gildissvæði réttindanna með því að leggja í það minnsta fram upplýsingar um hvort réttindin séu staðbundin (þ.e. við eina stöð), svæðisbundin eða landsbundin,

4. tilgreiningu á því hvort heimilt sé að eiga viðskipti með réttindin.

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 294/2008 **2013/EES/4/22**

frá 11. mars 2008

um stofnun Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 3. mgr. 157. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([1]),

með hliðsjón af áliti svæðanefndarinnar ([2]), í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í Lissabon-áætluninni um hagvöxt og atvinnu er lögð áhersla á nauðsyn þess að skapa skilyrði sem laða að fjárfestingu í þekkingu og nýsköpun í Evrópu í því skyni að auka samkeppnishæfni, hagvöxt og atvinnu í Evrópusambandinu.

2) Aðildarríkin bera fyrst og fremst ábyrgð á að viðhalda styrkum undirstöðum atvinnugreina, samkeppni og nýsköpunar í Evrópu. Nýsköpunarverkefnið í Evrópusambandinu er þó þess eðlis og það umfangsmikið að einnig er þörf aðgerða á vettvangi Bandalagsins.

3) Framkvæmdastjórnin skal styðja nýsköpun, einkum með sjöundu rammaáætluninni á sviði rannsókna, tækniþróunar og tilraunaverkefna, rammaáætluninni um samkeppnishæfni og nýsköpun, símenntunaráætluninni og þróunarsjóðunum.

4) Á vettvangi Bandalagsins skal hleypa af stokkunum nýju framtaksverkefni, Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu (EIT), til fyllingar fyrirliggjandi stefnumálum og framtaksverkefnum innan Bandalagsins og á landsvísu með því að stuðla að samþættingu þekkingarþríhyrningsins - æðri menntun, rannsóknir og nýsköpun – alls staðar í Evrópusambandinu.

5) Á fundi sínum 15. og 16. júní 2006 hvatti Evrópuráðið framkvæmdastjórnina til þess að semja formlega tillögu um stofnun Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu sem lögð skyldi fram haustið 2006.

6) Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu skal fyrst og fremst stuðla að aukinni nýsköpunargetu Bandalagsins og aðildarríkjanna með því að tengja hana æðri menntun, rannsóknum og nýsköpunarverkefnum í samræmi við ýtrustu kröfur. Í tengslum við það skal Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu leggja áherslu á tengslamyndun og samstarf og einfalda hvort tveggja, auk þess að koma á samvirkni milli nýsköpunarsamfélaga í Evrópu.

7) Starfsemi Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu skal beinast að stefnumótandi viðfangsefnum á sviði nýsköpunar til langs tíma í Evrópu, einkum á samþættum og/eða þverfaglegum sviðum, m.a. þeim sem þegar hafa verið skilgreind á evrópskum vettvangi. Í tengslum við það skal Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu stuðla að reglubundnum skoðanaskiptum við hið borgaralega samfélag.

8) Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu skal setja í forgang yfirfærslu starfsemi sinnar á sviði æðri menntunar, rannsókna og nýsköpunar til viðskiptalífsins og beitingu hennar á sviði viðskipta, auk stuðnings við að koma á fót sprotafyrirtækjum, skiptum fyrirtækjum og litlum og meðalstórum fyrirtækjum.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 97, 9.4.2008, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 93/2008 frá 4. júlí 2008 um breytingu á bókun 31 (um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta)við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 64, 23.10.2008, bls. 26.

([1]) Stjtíð. ESB C 161, 13.7.2007, bls. 28.

([2]) Stjtíð. ESB C 146, 30.6.2007, bls. 27.

([3]) Álit Evrópuþingsins frá 26. september 2007 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB), sameiginleg afstaða ráðsins frá 21. janúar 2008 (Stjtíð. ESB C 52 E, 26.2.2008, bls. 7) og afstaða Evrópuþingsins frá 11. mars 2008 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB).

9) Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu skal fyrst og fremst starfa á grundvelli gæðamiðaðra, sjálfstæðra samstarfsfélaga æðri menntastofnana, rannsóknarstofnana, fyrirtækja og annarra hagsmunaaðila sem sjálfbær, skipulögð netkerfi í nýsköpunarferlinu, sem til lengri tíma fjármagni sig sjálf. Stjórn Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu skal velja þessi samstarfsfélög á grundvelli gagnsæs, gæðamiðaðs ferlis og skulu þau tilgreind sem þekkingar- og nýsköpunarsamfélög (KIC). Stjórnin skal einnig stýra starfsemi Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu og meta starfsemi þekkingar- og nýsköpunarsamfélaganna. Stjórnin skal vera þannig samansett að jafnvægi ríki milli reynslu úr viðskiptaheiminum og reynslu af æðri menntun og/eða rannsóknum, auk nýsköpunargeirans.

10) Í því skyni að stuðla að samkeppnishæfni og auka alþjóðlegt aðdráttarafl evrópska hagkerfisins og nýsköpunargetu þess verða Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu og þekkingar- og nýsköpunarsamfélögin að geta laðað að samstarfsstofnanir, vísindamenn og námsmenn hvaðanæva úr heiminum, m.a. með því að ýta undir hreyfanleika þeirra og jafnframt starfa með samtökum í þriðja landi.

11) Tengslin milli Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu og þekkingar- og nýsköpunarsamfélaganna skulu byggjast á samningum sem setja fram réttindi og skyldur þekkingar- og nýsköpunarsamfélaganna, tryggja nægilega samræmingu og tilgreina fyrirkomulag við að vakta og meta starfsemi og niðurstöður félaganna.

12) Styðja þarf við æðri menntun, sem oft vantar í heildaráætlun um nýsköpun en er óaðskiljanlegur hluti hennar. Í samningi Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu og þekkingar- og nýsköpunarsamfélaganna skal kveða á um að gráður og prófskírteini, sem veitt eru á vegum félaganna, skuli veitt af þeim æðri menntastofnunum, sem taka þátt í verkefninu, og skal hvetja stofnanirnar til að auðkenna þau sem gráður og prófskírteini frá Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu. Með starfsemi sinni og starfi skal Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu stuðla að hreyfanleika innan evrópska rannsóknasvæðisins og evrópsks svæðis æðri menntunar og hvetja til yfirfærslu styrkja sem vísindamenn og námsmenn fá í tengslum við þekkingar- og nýsköpunarsamfélögin. Öll þessi starfsemi skal rekin án þess að það hafi áhrif á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB frá 7. september 2005 um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi ([1]).

13) Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu skal setja skýrar og gagnsæjar viðmiðunarreglur um meðhöndlun hugverkaréttinda, sem stuðli að nýtingu hugverkaréttinda við viðeigandi aðstæður. Í viðmiðunarreglunum skal kveðið á um að tekið sé fullt tillit til framlaga hinna ýmsu samstarfsstofnana þekkingar- og nýsköpunarfélaganna án tillits til stærðar þeirra. Þegar um er að ræða starfsemi, sem er fjármögnuð samkvæmt rammaáætlunum Bandalagsins um rannsóknir og tækniþróun, skal beita þeim reglum sem gilda um þær áætlanir.

14) Setja skal viðeigandi ákvæði til að tryggja áreiðanleika og gagnsæi Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu. Mæla skal fyrir um viðeigandi reglur um starfsemi hennar í stofnsamþykkt Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu.

15) Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu skal hafa lögformlega stöðu og til að tryggja sjálfræði hennar og sjálfstæði skal hún sjálf hafa umsjón með fjárhagsáætlun sinni, en tekjurnar skulu m.a. taka til fjárveitingar frá Bandalaginu.

16) Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu skal leita eftir meira fjárframlagi frá einkageiranum og í formi tekna af eigin starfsemi. Því er gert ráð fyrir umtalsverðu framlagi frá atvinnulífinu, fjármálageiranum og þjónustugeiranum við gerð fjárhagsáætlunar Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu, einkum fjárhagsáætlunar þekkingar- og nýsköpunarsamfélaganna. Þekkingar- og nýsköpunarsamfélögin skulu setja sér það markmið að hlutur framlaga úr einkageiranum verði sem stærstur. Þekkingar- og nýsköpunarsamfélögin og samstarfsstofnanir þeirra skulu kunngera að starfsemi þeirra tengist Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu og að þau fái fjárframlag af almennum fjárlögum Evrópusambandsins.

17) Framlag Bandalagsins til Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu skal standa straum af kostnaði við stofnun, stjórnun og samræmingu á vegum Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu og þekkingar- og nýsköpunarfélaganna. Í því skyni að komast hjá tvífjármögnun skal þessi starfsemi ekki samtímis njóta framlaga úr öðrum áætlunum Bandalagsins, s.s. rammaáætluninni um rannsóknir, tækniþróun og tilraunaverkefni, rammaáætluninni um samkeppnishæfni og nýsköpun, símenntunaráætluninni eða úr þróunarsjóðunum. Umsóknir þekkingar- og nýsköpunarfélagsins eða samstarfsstofnana þess skulu auk þess meðhöndlaðar án nokkurs forgangs gagnvart öðrum umsóknum ef sótt er beint um stuðning Bandalagsins á grundvelli þessara áætlana eða úr þessum sjóðum.

18) Fjárlagagerð Bandalagsins gildir að því er varðar styrk Bandalagsins og aðra styrki sem veittir eru af almennum fjárlögum Evrópusambandsins. Endurskoðunarrétturinn skal annast endurskoðun reikninga í samræmi við reglugerð ráðsins (EB, KBE) nr. 1605/2002 frá 25. júní 2002 um fjárhagsreglugerðina sem gildir um fjárlög Evrópubandalaganna ([2]).

19) Í þessari reglugerð er mælt fyrir um fjárhagsramma sem gildir fyrir tímabilið 2008 til 2013 og er helsta viðmiðun fjárveitingavaldsins í skilningi 37. liðar samstarfssamnings frá 17. maí 2006 milli Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar um eftirlit með fjárlögum og góða fjármálastjórnun ([3]).

([1]) Stjtíð. ESB L 255, 30.9.2005, bls. 22. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1430/2007 (Stjtíð. ESB L 320, 6.12.2007, bls. 3.)

([2]) Stjtíð. EB L 248, 16.9.2002, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1525/2007 (Stjtíð. ESB L 343, 27.12.2007, bls. 9).

([3]) Stjtíð. ESB C 139, 14.6.2006, bls. 1. Samstarfssamningnum var breytt með tilskipun 2008/29/EB. ESB L 6, 10.1.2008, bls. 7).

20) Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu er stofnun sem Bandalögin komu á fót í skilningi 1. mgr. 185. gr. reglugerðar (EB, KBE) nr. 1605/2002 og skal hún samþykkja fjárhagsreglur sínar samkvæmt því. Af þeim sökum gildir reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB, KBE) nr. 2343/2002 frá 19. nóvember 2002 um fjárhagslega rammareglugerð fyrir þá aðila sem um getur í 185. gr. reglugerðar ráðsins (EB, KBE) nr. 1605/2002 ([1]) um Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu.

21) Ár hvert skal Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu taka saman skýrslu um starfsemi næstliðins almanaksárs og gera breytilega þriggja ára vinnuáætlun til að gera grein fyrir fyrirhuguðum framtaksverkefnum og veita Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu tækifæri til að bregðast við innri og utanaðkomandi þróun á sviði vísinda, tækni, æðri menntunar og nýsköpunar og öðrum sviðum sem skipta máli. Þessi skjöl skulu send Evrópuþinginu, ráðinu, framkvæmdastjórninni, endurskoðunarréttinum, efnahags- og félagsmálanefnd Evrópubandalaganna og svæðanefndinni í upplýsingaskyni. Evrópuþingið, ráðið og framkvæmdastjórnin eiga rétt á að láta í ljós álit sitt á drögunum að fyrstu þriggja ára vinnuáætlun Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu.

22) Stefnumótandi forgangssvið til langs tíma og fjárhagsþörf Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu á sjö ára tímabili skulu sett fram í stefnumótandi framkvæmdaáætlun um nýsköpun (SIA). Þar eð stefnumótandi framkvæmdaáætlunin um nýsköpun og pólitísk þýðing félagshagfræðilegra áhrifa hennar á Bandalagið er mikilvæg fyrir nýsköpunarstefnu Bandalagsins skulu Evrópuþingið og ráðið samþykkja áætlunina á grundvelli tillögu framkvæmdastjórnarinnar sem samin er á grundvelli draga frá Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu.

23) Rétt er að framkvæmdastjórnin hefji óháð, utanaðkomandi mat á rekstri Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu, einkum m.t.t. undirbúnings stefnumarkandi framkvæmdaáætlunarinnar um nýsköpun. Ef við á skal framkvæmdastjórnin leggja fram tillögur um breytingar á þessari reglugerð.

24) Rétt er að koma Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu smám saman á fót í áföngum í ljósi þess hve mótun hennar tekur langan tíma. Þörf er á upphafsáfanga með takmörkuðum fjölda þekkingar- og nýsköpunarsamfélaga í því skyni að meta á tilhlýðilegan hátt starfsemi Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu og þekkingar- og nýsköpunarsamfélaganna auk þess að koma á endurbótum ef nauðsyn krefur. Innan 18 mánaða frá skipun stjórnarinnar skal hún velja tvö eða þrjú þekkingar- og nýsköpunarsamfélög á sviðum sem gagnast Evrópusambandinu við að takast á við erfið viðfangsefni, nú og í framtíðinni, sem gætu t.d. verið á sviðum á borð við loftslagsbreytingar, endurnýjanlega orku og næstu kynslóð upplýsinga- og fjarskiptatækni. Unnt skal vera að velja og tilnefna fleiri þekkingar- og nýsköpunarsamfélög eftir innleiðingu fyrstu stefnumótandi áætlunarinnar um nýsköpun sem, til þess að geta tekið langtímahorfur til greina, skal einnig fela í sér nákvæmar reglur um rekstur Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu.

25) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð því markmiði sem fyrirhugaðar aðgerðir fela í sér, þ.e. að koma á fót Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu, og auðveldara er að ná markmiðinu á vettvangi Bandalagsins vegna þess hve aðgerðirnar eru umfangsmiklar og vegna samstarfs milli landa, getur Bandalagið samþykkt ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra með þessari reglugerð en nauðsynlegt er til þess að ná þessu markmiði.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðfangsefni

Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu er hér með komið á fót.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „nýsköpun“: ferlið, þ.m.t. niðurstaðan, þar sem brugðist er við samfélagslegum eða efnahagslegum kröfum með nýjum hugmyndum og sköpun nýrra vara, þjónustu eða viðskipta- og skipulagslíkana sem eru sett á ríkjandi markað með góðum árangri eða geta skapað nýja markaði,

2. „Þekkingar- og nýsköpunarsamfélag“: sjálfstætt samstarfsfélag æðri menntastofnana, rannsóknastofnana, fyrirtækja og annarra hagsmunaaðila í nýsköpunarferlinu í formi skipulegs netkerfis sem grundvallast á sameiginlegri skipulagsáætlun, til langs eða meðallangs tíma, í því skyni að ljúka verkefnum Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu, án tillits til nákvæms lagalegs forms þess,

3. „þátttökuríki“: annaðhvort aðildarríki Evrópusambandsins eða annað ríki sem samið hefur við Bandalagið um Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu,

4. „þriðja land“: ríki sem er ekki þátttökuríki,

5. „samstarfsstofnun“: stofnun sem er aðili að þekkingar- og nýsköpunarfélagi, einkum æðri menntastofnanir, rannsóknastofnanir, opinber fyrirtæki eða einkafyrirtæki, fjármálastofnanir, héraðs- og staðaryfirvöld og sjóðir,

6. „rannsóknastofnun“: opinber eða einkarekinn lögaðili, sem hefur rannsóknir eða tækniþróun sem eitt af meginmarkmiðum sínum,

7. „æðri menntastofnun“: háskóli eða önnur æðri menntastofnun sem veitir háskólagráður og gefur út prófskírteini á meistara- og doktorsstigi, í samræmi við landslög eða venju, óháð heiti hennar í landinu,

([1]) Stjtíð. EB L 357, 31.12.2002, bls. 72.

8. „háskólagráður og prófskírteini“: menntun sem lýkur með meistara- eða doktorsgráðu sem er veitt af æðri samstarfsmenntastofnunum í tengslum við starfsemi á sviði æðri menntunar sem fram fer í þekkingar- og nýsköpunarfélagi,

9. „stefnumótandi framkvæmdaáætlun um nýsköpun“: stefnumarkandi greinargerð þar sem forgangssvið Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu fyrir nýsköpun í framtíðinni eru tilgreind, m.a. með yfirliti yfir fyrirhugaða starfsemi á sviði æðri menntunar, rannsókna og nýsköpunar, fyrir sjö ára tímabil.

3. gr.

Markmið

Markmið Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu er að stuðla að sjálfbærum, evrópskum hagvexti og samkeppnishæfni með því að styrkja nýsköpunarhæfni aðildarríkjanna og Bandalagsins. Þetta skal gert með því að efla og samþætta æðri menntun, rannsóknir og nýsköpun í samræmi við ýtrustu kröfur.

4. gr.

Stofnanir Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu

1. Stofnanir Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu eru:

a) yfirstjórn sem skipuð er háttsettum fulltrúum með reynslu á sviði æðri menntunar, rannsókna, nýsköpunar og viðskipta. Hún skal bera ábyrgð á stjórnun á starfsemi Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu, vali, tilnefningu og mati á þekkingar- og nýsköpunarsamfélögunum og öllum öðrum stefnumótandi ákvörðunum,

b) framkvæmdanefnd sem hefur umsjón með rekstri Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu og tekur nauðsynlegar ákvarðanir milli stjórnarfunda,

c) framkvæmdastjóri sem ber ábyrgð gagnvart stjórninni á framkvæmda- og fjármálastjórn Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu og skal vera lagalegur fyrirsvarsmaður Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu,

d) innri endurskoðun sem skal vera stjórninni og framkvæmdastjóranum til ráðgjafar að því er varðar fjármála- og framkvæmdastjórn og stjórnunarkerfi innan Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu, skipulag fjárhagslegra tengsla við þekkingar- og nýsköpunarsamfélög og önnur mál sem stjórnin ákveður.

2. Framkvæmdastjórnin getur tilnefnt áheyrnarfulltrúa sem sitja fundi stjórnarinnar.

3. Ítarleg ákvæði um stofnanir Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu eru sett fram í stofnsamþykktum hennar í viðauka við þessa reglugerð.

5. gr.

Verkefni

1. Til að ná markmiði sínu skal Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu:

a) skilgreina forgangssvið sín,

b) efla skilning meðal hugsanlegra samstarfsstofnana og hvetja til þátttöku þeirra í starfsemi sinni,

c) velja og tilnefna þekkingar- og nýsköpunarfélög á forgangssviðum í samræmi við 7. gr. og skilgreina réttindi og skyldur þeirra samkvæmt samningi, veita þeim viðeigandi stuðning, grípa til viðeigandi ráðstafana við gæðaeftirlit, vakta starfsemi þeirra að staðaldri og meta hana reglulega auk þess að tryggja nægilega mikla samræmingu milli þeirra,

d) nýta fjármuni úr opinberum og einkareknum sjóðum og nota fjármagn sitt í samræmi við þessa reglugerð. Stofnunin skal einkum leitast við að afla verulegs og vaxandi hluta fjármagns sín úr einkareknum sjóðum og af tekjum af eigin starfsemi,

e) hvetja aðildarríkin til að samþykkja háskólagráður og prófskírteini sem eru veitt af æðri menntastofnunum, sem eru samstarfsstofnanir, og líta má á sem prófgráður og prófskírteini frá Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu,

f) stuðla að miðlun góðra starfsvenja að því er varðar samþættingu þekkingarþríhyrningsins í því skyni að þróa menningu á sviði nýsköpunar- og þekkingarmiðlunar,

g) leitast við að verða gæðastofnun á heimsmælikvarða á sviði æðri menntunar, rannsókna og nýsköpunar,

h) tryggja fyllingu og samvirkni milli starfsemi á vegum Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu og annarra áætlana Bandalagsins.

2. Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu skal hafa heimild til að stofna sjóð (hér á eftir nefndur sjóður Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu) með því sérstaka markmiði að efla og styðja starfsemi hennar.

6. gr.

Þekkingar- og nýsköpunarsamfélög

1. Þekkingar- og nýsköpunarsamfélög skulu einkum fást við:

a) nýsköpunarstarfsemi og fjárfestingar með evrópskum virðisauka, sem samþættir að fullu æðri menntun og rannsóknarþætti, til að safna nauðsynlegum efniviði og örva miðlun og nýtingu niðurstaðna,

b) framsæknar og nýsköpunarmiðaðar rannsóknir á helstu efnahags- og samfélagslegu sviðum, sem byggjast á niðurstöðum evrópskra og landsbundinna rannsókna, með það fyrir augum að styrkja samkeppnishæfi Evrópu á alþjóðavettvangi,

c) menntun og þjálfun í meistara- og doktorsnámi í greinum sem geta hugsanlega fullnægt félagshagfræðilegum þörfum í Evrópu og stuðlað að þróun færni á sviðum tengdum nýsköpun, betri færni á sviði stjórnunar og frumkvöðlastarfsemi og hreyfanleika vísindamanna og námsmanna,

d) miðlun bestu starfsvenja í nýsköpunargeiranum með áherslu á þróun samvinnu milli æðri menntunar, rannsókna og viðskipta, þ.m.t. í þjónustu- og fjármálageiranum.

2. Þekkingar- og nýsköpunarfélög skulu hafa verulegt, almennt sjálfstæði til að móta innra skipulag sitt og samsetningu auk nákvæmrar áætlunar sinnar og starfsaðferða. Einkum skulu þekkingar- og nýsköpunarsamfélög hafa það að markmiði að vera opin nýjum aðilum þegar þeir auka á virði samstarfsfélagsins.

3. Tengsl Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu og sérhvers þekkingar- og nýsköpunarsamfélags skulu byggjast á samningi.

7. gr.

Val á þekkingar- og nýsköpunarsamfélögum

1. Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu skal velja og tilnefna það samstarfsfélag sem verður að þekkingar- og nýsköpunarsamfélagi á grundvelli opins og gagnsæs samkeppnisferlis. Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu skal samþykkja og birta nákvæmar viðmiðanir fyrir val á þekkingar- og nýsköpunarsamfélögum, sem byggjast á meginreglum um gæði og mikilvægi fyrir nýsköpun; óháðir og sjálfstæðir sérfræðingar skulu koma að valferlinu.

2. Í samræmi við meginreglurnar í 1. mgr. skal, við val á þekkingar- og nýsköpunarsamfélagi, taka sérstakt tillit til:

a) fyrirliggjandi og mögulegrar nýsköpunargetu í samstarfsfélaginu auk gæða þess á sviði æðri menntunar, rannsókna og nýsköpunar,

b) getu samstarfsfélagsins til að ná markmiðum stefnumótandi áætlunarinnar um nýsköpun,

c) getu samstarfsfélagsins til að tryggja sjálfbæra fjármögnun, sem ber sig til langs tíma, m.a. umtalsvert og vaxandi framlag frá einkageiranum, atvinnulífinu og þjónustugeiranum,

d) þátttöku í samstarfsfélagi samtaka sem eru virk í þekkingarþríhyrningi æðri menntunar, rannsókna og nýsköpunar,

e) kynningar á áætlun um umsjón með hugverkum sem hentar í viðeigandi geira og er í samræmi við meginreglur og viðmiðunarreglur Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu um umsjón með hugverkum, m.a. hvernig tekið hefur verið tillit til framlaga hinna ýmsu samstarfsstofnana,

f) ráðstafana til að styðja þátttöku einkageirans og samstarf við hann, m.a. fjármálageirann, einkum lítil og meðalstór fyrirtæki, auk stuðnings við að koma á fót sprotafyrirtækjum, skiptum fyrirtækjum og litlum og meðalstórum fyrirtækjum með tilliti til nýtingar á starfsemi þekkingar- og nýsköpunarsamfélags í ábataskyni,

g) vilja til að hafa samskipti við önnur samtök og netkerfi utan þekkingar- og nýsköpunarsamfélagsins í þeim tilgangi að miðla sín á milli góðum starfsvenjum og gæðum.

3. Lágmarksskilyrðið fyrir myndun þekkingar- og nýsköpunarsamfélags er að a.m.k. þrjár samstarfsstofnanir eigi aðild að því og hafi staðfestu í a.m.k. tveimur aðildarríkjum. Þessar samstarfsstofnanir skulu óháðar hver annarri í skilningi 6. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1906/2006 frá 18. desember 2006 um reglur um þátttöku fyrirtækja, rannsóknarmiðstöðva og háskóla í aðgerðum samkvæmt sjöundu rammaáætluninni og um miðlun rannsóknarniðurstaðna (2007-2013). ([1]).

4. Samstarfsstofnanir frá þriðja landi geta, með samþykki stjórnarinnar, átt aðild að þekkingar- og nýsköpunarsamfélagi. Meirihluti samstarfsstofnananna, sem mynda þekkingar- og nýsköpunarsamfélagið, skal hafa staðfestu í aðildarríkjunum. Að minnsta kosti ein æðri menntastofnun og eitt einkafyrirtæki skulu eiga aðild að hverju þekkingar- og nýsköpunarsamfélagi.

8. gr.

Háskólagráður og prófskírteini

1. Æðri menntastofnanirnar, sem taka þátt í samstarfinu, veita háskólagráður og prófskírteini í tengslum við starfsemi á sviði æðri menntunar, sem um getur í c-lið 1. mgr. 6. gr., í samræmi við reglur hvers lands og málsmeðferð við því er varðar faggildingu. Í samningnum milli Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu og þekkingar- og nýsköpunarsamfélaganna skal kveðið á um að þessar háskólagráður og prófskírteini geti einnig verið háskólagráður og prófskírteini frá Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu.

2. Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu skal hvetja æðri menntastofnanir, sem taka þátt, til þess:

a) að veita sameiginlegar eða margþættar háskólagráður og prófskírteini sem endurspegla samþætt eðli þekkingar- og nýsköpunarsamfélaganna. Einstökum æðri menntastofnunum er þó einnig heimilt að veita gráðurnar og prófskírteinin,

b) að taka tillit til:

   i. aðgerða sem Bandalagið hefur gripið til í samræmi við 149. og 150. mgr. sáttmálans,

   ii. aðgerða sem gripið hefur verið til í tengslum við evrópskan vettvang æðri menntunar.

([1]) Stjtíð. ESB L 391, 30.12.2006, bls. 1.

9. gr.

Sjálfstæði Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu og samræmi við aðgerðir Bandalagsins, aðildarríkis eða milliríkjaaðgerðir

1. Starfsemi Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu skal fara fram óháð landsyfirvöldum og utanaðkomandi þrýstingi.

2. Starfsemi Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu skal vera í samræmi við aðrar aðgerðir og gerninga sem ber að framkvæma innan Bandalagsins, einkum á sviði æðri menntunar, rannsókna og nýsköpunar.

3. Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu skal einnig taka tilhlýðilegt tillit til stefnumiða og framtaksverkefna á svæðisbundnum, landsbundnum eða alþjóðlegum vettvangi í því skyni að nýta bestu starfsvenjur, hugmyndir sem löng hefð er fyrir og tiltækt fjármagn.

10. gr.

Umsjón hugverka

1. Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu skal samþykkja viðmiðunarreglur um umsjón hugverka sem m.a. byggjast á reglugerð (EB) nr. 1906/2006.

2. Á grundvelli þessara viðmiðunarreglna skulu samstarfsstofnanir sérhvers þekkingar- og nýsköpunarsamfélags gera samning sín á milli um umsjón og nýtingu hugverka þar sem einkum er skilgreint hvernig tekið verður tillit til framlags hinna ýmsu samstarfsstofnana, þ.m.t. lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

11. gr.

Réttarstaða

1. Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu skal vera Bandalagsstofnun með réttarstöðu lögaðila. Stofnunin skal hafa svo víðtækt rétthæfi og gerhæfi í hverju aðildarríki sem löggjöf þess framast veitir lögaðilum. Henni er heimilt að afla sér eða ráðstafa lausafé og fasteignum og vera aðili að dómsmáli.

2. Bókun um sérréttindi og friðhelgi Evrópubandalaganna gildir um Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu.

12. gr.

Ábyrgð

1. Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu ber ein ábyrgð á því að uppfylla skyldur sínar.

2. Samningsbundin ábyrgð Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu skal háð viðeigandi samningsbundnum ákvæðum og þeirri löggjöf sem gildir um viðkomandi samning. Dómstóllinn hefur lögsögu samkvæmt gerðardómsákvæði í samningi sem stofnunin hefur gert.

3. Þegar um er að ræða aðrar skaðabætur utan samnings ber Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu, samkvæmt almennum meginreglum sem eru sameiginlegar í lögum aðildarríkjanna, að bæta allt tjón sem stofnunin eða starfsfólk hennar kann að valda við skyldustörf sín.

Dómstóllinn fer með lögsögu í deilumálum um bætur vegna slíks tjóns.

4. Allar greiðslur frá Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu vegna ábyrgðarinnar, sem um getur í 2. og 3. mgr., ásamt tengdum kostnaði og útgjöldum, skulu teljast til útgjalda Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu og koma af fjármunum Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu.

5. Dómstóllinn fer með lögsögu í málum sem eru höfðuð gegn Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu samkvæmt skilyrðunum í 230. og 232. gr. sáttmálans.

13. gr.

Gagnsæi og aðgangur að gögnum

1. Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu skal tryggja að starfsemi hennar einkennist af miklu gagnsæi. Einkum skal Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu setja upp aðgengilegt, gjaldfrjálst vefsetur með upplýsingum um starfsemi sína og starfsemi einstaka þekkingar- og nýsköpunarsamfélags.

2. Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu skal birta opinberlega verklagsreglur sínar, sértæku fjármálareglurnar, sem um getur í 1. mgr. 21. gr., og nákvæmu viðmiðanirnar fyrir val á þekkingar- og nýsköpunarsamfélögunum, sem um getur í 7. gr., áður en auglýst er í fyrsta skipti eftir tillögum þegar fyrstu þekkingar- og nýsköpunarsamfélögin eru valin.

3. Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu skal án tafar birta breytilega vinnuáætlun sína til þriggja ára og árlega skýrslu um starfsemi, sbr. 15. gr.

4. Með fyrirvara um 5. og 6. mgr. skal Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu ekki láta þriðju aðilum í té trúnaðarupplýsingar sem hún hefur fengið í hendur og sem óskað hefur verið eftir með rökstuðningi að farið verði með sem trúnaðarmál.

5. Aðilar að stofnunum Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu skulu gangast undir þagnarskylduna sem um getur í 287. gr. sáttmálans.

Upplýsingarnar, sem Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu safnar í samræmi við þessa reglugerð, skulu vera með fyrirvara um reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 frá 18. desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ([1]).

6. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1049/2001 frá 30. maí 2001 um almennan aðgang að skjölum Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar ([2]) gildir um skjöl í vörslu Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu. Stjórnin skal samþykkja skilvirka tilhögun við beitingu þeirrar reglugerðar eigi síðar en sex mánuðum eftir stofnun Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu.

([1]) Stjtíð. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1.
([2]) Stjtíð. EB L 145, 31.5.2001, bls. 43. L 97/6 EN Stjtíð ESB.

7. Þýða skal opinber skjöl og útgefið efni Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu í samræmi við reglugerð nr. 1 frá 15. apríl 1958 þar sem ákveðið er hvaða tungumál skuli nota í Efnahagsbandalagi Evrópu ([1]). Þýðingamiðstöðin, sem þjónar stofnunum Evrópusambandsins og var komið á fót með reglugerð ráðsins (EB) nr. 2965/1994, annast nauðsynlegar þýðingar ([2]).

14. gr.

Fjármagn

1. Fjármagna skal Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu með framlagi af fjárlögum Evrópusambandsins innan fjárhagsrammans, eins og segir í 19. gr., og með öðrum greiðslum frá einkaaðilum og opinberum aðilum.

2. Einkum skulu þekkingar- og nýsköpunarsamfélögin fjármögnuð á eftirfarandi hátt:

a) með framlögum frá fyrirtækjum eða einkareknum stofnunum sem reiða fram umtalsvert fé,

b) með framlögum af fjárlögum Evrópusambandsins,

c) með lögboðnum eða frjálsum framlögum frá þátttökuríkjum, þriðju löndum eða þarlendum opinberum yfirvöldum,

d) með dánargjöfum, gjöfum og framlögum frá einstaklingum, stofnunum, sjóðum eða öðrum innlendum aðilum,

e) með tekjum af eigin starfsemi þekkingar- og nýsköpunarfélaganna og rétthafagreiðslum af hugverkarétti,

f) með tekjum af afrakstri starfsemi Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu eða stofnframlögum, m.a. þeim sem sjóður Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu annast,

g) með framlögum frá alþjóðlegum aðilum eða stofnunum,

h) með lánum og framlögum frá Fjárfestingarbanka Evrópu, m.a. þeim möguleika að nota áhættuhlutdeildar-fjárfestingarsjóðinn, samkvæmt viðmiðununum um hæfi og valaðferðinni.

Framlög geta falið í sér framlög í fríðu.

3. Fyrirkomulag á aðgangi að fjármagni frá Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu skal skilgreint í fjárhagsreglum Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu sem um getur í 1. mgr. 21. gr.

4. Framlag af almennum fjárlögum Evrópusambandsins vegna kostnaðar við stofnun, stjórnsýslu og samræmingu þekkingar- og nýsköpunarsamfélaganna skal vera innan fjárhagsrammans eins og segir í 19. gr.

5. Þekkingar- og nýsköpunarsamfélögunum eða samstarfsstofnunum þeirra er heimilt að sækja um aðstoð Bandalagsins, einkum innan ramma áætlana og sjóða Bandalagsins, í samræmi við reglur sínar og umsóknir þeirra skulu jafngilda öðrum umsóknum. Í þeim tilvikum skal slík aðstoð ekki veitt vegna starfsemi sem þegar nýtur fjárframlaga af fjárlögum Evrópusambandsins.

15. gr.

Áætlanir og skýrslugerð

Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu skal samþykkja:

a) breytilega þriggja ára vinnuáætlun, sem byggist á hinni stefnumótandi framkvæmdaáætlun um nýsköpun, þegar hún hefur verið samþykkt, og felur í sér yfirlýsingu um helstu forgangssvið og fyrirhuguð framtaksverkefni, m.a. mat á fjármögnunarþörf og –leiðum. Til upplýsingar skal Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu senda vinnuáætlunina til Evrópuþingsins, ráðsins, framkvæmda-stjórnarinnar, efnahags- og félagsmálanefndarinnar og svæðanefndarinnar,

b) ársskýrslu eigi síðar en 30. júní ár hvert. Í skýrslunni skal gera grein fyrir starfsemi á vegum Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu á næstliðnu almanaksári og meta árangurinn með tilliti til settra markmiða og tímaáætlunar, áhættunnar í tengslum við starfsemina sem fór fram, nýtingu fjármuna og almenns rekstrar á Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu.

16. gr.

Eftirlit og mat á Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu

1. Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu skal tryggja að starfsemi hennar, þ.m.t. sú sem er undir stjórn þekkingar- og nýsköpunarsamfélaga, sé undir samfelldri vöktun og hljóti óháð mat með reglubundnu millibili til að tryggja vandaða niðurstöðu, gæði í vísindum og að fjármunir nýtist sem best. Birta skal niðurstöður matsins opinberlega.

2. Eigi síðar en júní 2011 og á fimm ára fresti eftir að nýr fjárhagsrammi tekur gildi skal framkvæmdastjórnin láta fara fram mat á Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu. Það skal byggjast á óháðu, utanaðkomandi mati og rannsakað skal hvernig Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu rækir hlutverk sitt. Það skal ná yfir alla starfsemi Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu og þekkingar- og nýsköpunarsamfélaganna og í því skal lagt mat á virðisauka Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu, áhrif, árangur, sjálfbæri, skilvirkni og gildi starfseminnar sem fer fram og samband og/eða fyllingu við gildandi stefnu hvers lands um sig og Bandalagsins til stuðnings við æðri menntun, rannsóknir og nýsköpun. Við matið skal hafa hliðsjón af sjónarmiðum hagsmunaaðila, bæði á evrópskum og innlendum vettvangi.

([1]) Stjtíð. EB L 17, 6.10 1958, bls. 385/58. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1791/2006 (Stjtíð. EB L 363, 20.12.2006, bls. 1.)

([2]) Stjtíð. EB L 314, 7.12.1994, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1645/2003 (Stjtíð. EB L 245, 29.9.2003, bls. 13.)

3. Framkvæmdastjórnin skal senda upplýsingar um niðurstöður matsins ásamt áliti sínu og, eftir því sem við á, allar tillögur um breytingar á þessari reglugerð, til Evrópuþingsins, ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndarinnar og svæðanefndarinnar. Stjórnin skal sjá til þess að í áætlunum og rekstri Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu sé tekið tilhlýðilegt tillit til matsniðurstaðna.

17. gr.

Stefnumótandi framkvæmdaáætlun um nýsköpun

1. Eigi síðar en 30. júní 2011 og á sjö ára fresti eftir það skal Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu semja drög að stefnumótandi framkvæmdaáætlun um nýsköpun til sjö ára og leggja fyrir framkvæmdastjórnina.

2. Í stefnumótandi framkvæmdaáætluninni um nýsköpun skal skilgreina langtímaforgangssvið Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu og þar skal koma fram mat á félagshagfræðilegum áhrifum hennar og getu til að mynda mesta hugsanlega virðisauka nýsköpunar. Í stefnumótandi framkvæmdaáætluninni um nýsköpun skal taka tillit til niðurstaðna úr vöktun og mati á Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu eins og um getur í 16. gr.

3. Stefnumótandi framkvæmdaáætlunin um nýsköpun skal hafa að geyma mat á fjárþörf og fjáröflunarleiðum með tilliti til framtíðarrekstrar á Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu, þróunar hennar til langs tíma og fjármögnunar. Hún skal einnig hafa að geyma leiðbeinandi fjárhagsáætlun fyrir það tímabil sem fjárhagsramminn nær yfir.

4. Að fenginni tillögu framkvæmdastjórnarinnar skulu Evrópuþingið og ráðið samþykkja hina stefnumótandi framkvæmdaáætlun um nýsköpun í samræmi við 3. mgr. 157. gr. sáttmálans.

18. gr.

Upphafsáfangi

1. Stjórnin skal, innan tólf mánaða frá skipun hennar, leggja drög að fyrstu breytilegu þriggja ára vinnuáætluninni, sem um getur í a-lið 15. gr., fyrir Evrópuþingið, ráðið og framkvæmdastjórnina. Evrópuþingið, ráðið og framkvæmdastjórnin geta hvert um sig sent stjórninni álit um allt það efni, sem fjallað er um í drögunum, innan þriggja mánaða frá viðtökudegi. Ef slíku áliti er beint til stjórnarinnar skal hún svara því innan þriggja mánaða og tilgreina allar breytingar á forgangssviðunum og fyrirhugaðri starfsemi.

2. Innan 18 mánaða frá skipunardegi stjórnarinnar skal Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu velja og tilnefna tvö eða þrjú félög þekkingar- og nýsköpunarsamfélaga í samræmi við viðmiðanirnar og verklagsreglurnar sem settar eru fram í 7. gr.

3. Framkvæmdastjórnin skal leggja tillögu að fyrstu stefnumótandi framkvæmdaáætluninni um nýsköpun, á grundvelli draganna frá Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu, fyrir Evrópuþingið og ráðið fyrir lok ársins 2011.

Auk þess efnis stefnumótandi framkvæmdaáætlunarinnar um nýsköpun, sem er í samræmi við 17. gr., skal fyrsta áætlunin ná yfir:

a) nákvæmar forskriftir og starfsskilmála fyrir rekstur Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu,

b) leiðbeiningar um samstarf stjórnar og þekkingar- og nýsköpunarsamfélaga,

c) fyrirkomulag fjármögnunar á þekkingar- og nýsköpunarsamfélögum.

4. Eftir að fyrsta stefnumótandi framkvæmdaáætlunin um nýsköpun hefur verið samþykkt í samræmi við 4. mgr. 17. gr. getur stjórnin valið og tilnefnt fleiri þekkingar- og nýsköpunarfélög samkvæmt ákvæðum 6. og 7. gr.

19. gr.

Skuldbindingar um fjárveitingu

Fjárhagsramminn fyrir framkvæmd þessarar reglugerðar er 308,7 milljónir evra á tímabilinu 1. janúar 2008 til 31. desember 2013. Árlegar fjárveitingar skulu háðar samþykki fjárveitingavaldsins og rúmast innan ramma fjárhagsáætlunarinnar.

20. gr.

Undirbúningur og samþykkt árlegu fjárhagsáætlunarinnar

1. Til gjalda Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu skal telja kostnað vegna starfsmanna, stjórnunar, innviða og rekstrar. Stjórnunarkostnaði skal haldið í lágmarki.

2. Fjárhagsárið skal samsvara almanaksárinu.

3. Framkvæmdastjórinn skal gera áætlun um tekjur og gjöld Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu fyrir komandi fjárhagsár og senda hana til stjórnarinnar.

4. Jafnvægi skal vera milli tekna og gjalda.

5. Stjórnin skal samþykkja drög að áætluninni, ásamt drögum að yfirliti um stöðugildi og breytilegu þriggja ára vinnuáætluninni og senda framkvæmdastjórninni fyrir 31. mars.

6. Á grundvelli þessarar áætlunar skal framkvæmdastjórnin fella inn í fyrstu drög að fjárlagafrumvarpi Evrópusambandsins þá þætti matsáætlana sem hún telur nauðsynlega vegna þeirrar styrkfjárhæðar sem veita skal af fjárlögum.

7. Fjárveitingavaldið heimilar fjárveitingar í formi styrks til Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu.

8. Stjórnin skal samþykkja fjárhagsáætlunina fyrir Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu sem verður gerð endanleg í framhaldi af lokasamþykkt fjárlaga Evrópusambandsins. Ef við á skal leiðrétta hana til samræmis við fjárlögin.

9. Hafi stjórnin í hyggju að hrinda í framkvæmd verkefni, sem kann að hafa umtalsverð áhrif á fjármögnun fjárhagsáætlunar Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu, skal hún tilkynna fjárveitingavaldinu það eins skjótt og unnt er, einkum ef um er að ræða verkefni er varða fasteignir, s.s. leigu eða kaup bygginga. Hún skal tilkynna framkvæmdastjórninni þetta.

10. Fylgja skal sömu málsmeðferð við allar umtalsverðar breytingar á fjárhagsáætluninni.

21. gr.

Framkvæmd og eftirlit með fjárhagsáætluninni

1. Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu skal samþykkja fjárhagsreglur sínar í samræmi við 1. mgr. 185. gr. reglugerðar (EB, KBE) nr. 1605/2002. Þær mega ekki víkja frá reglugerð (EB, KBE) nr. 2343/2002 nema sérstök þörf sé á slíku fráviki vegna rekstrar Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu og framkvæmdastjórnin hafi áður veitt samþykki sitt. Taka skal tilhlýðilegt tillit til þess hvort þörf er á sveigjanleika í rekstri til að gera Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu kleift að ná markmiðum sínum og laða að samstarfsaðila úr einkageiranum til frambúðar.

2. Framkvæmdastjórinn sér um framkvæmd fjárhagsáætlunar Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu.

3. Reikningar Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu skulu sameinaðir reikningum framkvæmdastjórnarinnar.

4. Fyrir 30. apríl árið n + 2 skal Evrópuþingið, að fengnum tilmælum frá ráðinu, leysa framkvæmdastjórann undan ábyrgð á framkvæmd fjárhagsáætlunar Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu og stjórnina undan ábyrgð á stofnun Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu fyrir árið n.

22. gr.

Verndun fjárhagslegra hagsmuna Bandalagsins

1. Ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1073/1999 frá 25. maí 1999 um rannsóknir Evrópuskrifstofunnar um aðgerðir gegn svikum (OLAF) ([1]) gilda að öllu leyti um Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu í þeim tilgangi að berjast gegn svikum, spillingu og annarri ólöglegri starfsemi.

2. Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu skal gerast aðili að samstarfssamningi milli stofnana frá 25. maí 1999 milli Evrópuþingsins, ráðs Evrópusambandsins og framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna um innri rannsóknir Evrópuskrifstofunnar um aðgerðir gegn svikum (OLAF) ([2]). Stjórnin skal gera þessa aðild formlega og samþykkja nauðsynlegar ráðstafanir til að aðstoða OLAF við innri rannsóknir.

3. Í öllum ákvörðunum sem Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu samþykkir og öllum samningum sem hún gerir skal skýrt kveðið á um það að OLAF og endurskoðunarréttinum sé heimilt að láta fara fram skoðun á staðnum á skjölum verktaka og undirverktaka sem hafa tekið við fjármagni frá framkvæmdastjórninni, þ.m.t. í starfsstöðvum aðstoðarþega.

4. Ákvæðin, sem eru sett fram í 1., 2. og 3. mgr., gilda að breyttu breytenda gagnvart sjóði Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu.

23. gr.

Samþykktir

Stofnsamþykktir Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu, eins og þær eru settar fram í viðaukanum, eru hér með samþykktar.

24. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 11. mars 2008.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,
forseti.

Fyrir hönd ráðsins,
forseti.

([1]) Stjtíð. EB L 136, 31.5.1999, bls. 1.

([2]) Stjtíð. EB L 136, 31.5.1999, bls. 15.

VIÐAUKI

Stofnsamþykktir Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu

1. gr.

Skipan stjórnar

1. Stjórnin skal annars vegar skipuð tilnefndum aðilum, þannig að jafnvægi sé milli þeirra sem hafa reynslu af viðskiptum, æðri menntun og rannsóknum (hér á eftir nefndir tilnefndir aðilar) og hins vegar aðilum sem starfsfólk, sem starfar á sviði æðri menntunar, rannsókna og nýsköpunar og á tækni- og rekstrarsviði, háskóla- og doktorsnema Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu og þekkingar- og nýsköpunarsamfélaga, kýs úr röðum sínum (hér á eftir nefndir fulltrúar).

Til bráðabirgða, þar til fulltrúakosning getur farið fram eftir að fyrsta þekkingar- og nýsköpunarsamfélaginu hefur verið komið á fót, skal fyrsta stjórnin eingöngu skipuð tilnefndum aðilum.

2. Tilnefndir fulltrúar skulu vera 18. Kjörtímabil þeirra skal vera sex ár og er ekki endurnýjanlegt. Framkvæmdastjórnin tilnefnir þá í samræmi við gagnsæja málsmeðferð. Framkvæmdastjórnin skal upplýsa Evrópuþingið og ráðið um valferlið og lokatilnefningu þessara fulltrúa í stjórn.

Tilnefndir aðilar í fyrstu stjórnina skulu skipaðir á grundvelli skráar yfir mögulega þátttakendur, sem sérstök greiningarnefnd leggur til, en hana skipa fjórir háttsettir sérfræðingar sem framkvæmdastjórnin tilnefnir. Síðar meir skulu aðilar tilnefndir á grundvelli skráar yfir mögulega þátttakendur sem stjórnin leggur til.

3. Framkvæmdastjórnin skal sjá til þess að jafnvægi sé milli æðri menntunar, rannsókna, nýsköpunar og viðskiptareynslu sem og jafnt hlutfall kynjanna og taka til greina mismunandi umhverfi að því er varðar æðri menntun, rannsóknir og nýsköpun í Sambandinu.

4. Annað hvert ár skal skipta út einum þriðja hluta tilnefndra aðila. Hægt er að endurskipa tilnefndan aðila hafi hann gegnt störfum skemur en fjögur ár, með fyrirvara um að hann sitji ekki lengur en í sex ár samtals.

Á aðlögunartímabili skal velja með hlutkesti 12 tilnefnda aðila úr fyrstu stjórninni sem skipaðir eru til fjögurra ára. Eftir að upphaflega fjögurra ára tímabilinu lýkur skal velja með hlutkesti sex af 12 hinna nýju tilnefndu aðila sem skipaðir eru til fjögurra ára. Þetta aðlögunartímabil á ekki við um formann stjórnar.

5. Fulltrúar skulu vera fjórir talsins. Þeir skulu skipaðir til þriggja ára tímabils sem hægt er að endurnýja einu sinni. Skipunartíma þeirra lýkur yfirgefi þeir Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu eða þekkingar- og nýsköpunarsamfélagið. Þeim skal skipt út á grundvelli sama valferlis fyrir það sem eftir er af skipunartímanum.

6. Stjórnin skal samþykkja skilyrði og fyrirkomulag á vali og breytingu á skipan fulltrúa, á grundvelli tillögu frá framkvæmdastjóranum, áður en fyrsta þekkingar- og nýsköpunarsamfélagið tekur til starfa. Þetta fyrirkomulag skal tryggja viðeigandi fjölbreytni í fyrirsvari og skal taka mið af þróun Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu og þekkingar- og nýsköpunarsamfélaganna.

7. Ef stjórnarmaður getur ekki setið út skipunartíma sinn skal sá sem kemur í stað hans vera tilnefndur eða valinn á sama hátt og fráfarandi stjórnarmaður til þess að ljúka skipunartíma hans.

2. gr.

Skyldur stjórnarinnar

1. Stjórnarmenn skulu starfa í þágu Nýsköpunar- og tæknistofnunarinnar með því að stuðla að markmiðum hennar og hlutverki og standa vörð um ímynd hennar og samkvæmni á sjálfstæðan hátt.

2. Stjórnin skal einkum:

a) skilgreina áætlun Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu, eins og hún er sett fram í stefnumótandi framkvæmdaáætlun um nýsköpun, breytilegri þriggja ára vinnuáætlun, fjárhagsáætlun, ársreikninga og efnahagsreikninga og árlega skýrslu um starfsemi á grundvelli tillögu frá framkvæmdastjóranum,

b) tilgreina forgangssvið þar sem þekkingar- og nýsköpunarsamfélögum er komið á fót,

c) stuðla að undirbúningi á hinni stefnumótandi framkvæmdaáætlun um nýsköpun,

d) semja nákvæmar forskriftir og starfsskilmála fyrir rekstur Nýsköpunar- og tæknistofnunar innan ramma hinnar stefnumótandi framkvæmdaáætlunar um nýsköpun, þ.m.t. viðmið og aðferðir í tengslum við fjármögnun, vöktun og mat á starfsemi þekkingar- og nýsköpunarsamfélaganna,

e) velja og tilnefna samstarfsfélag sem þekkingar- og nýsköpunarsamfélag eða draga tilnefningu til baka ef þörf krefur,

f) tryggja áframhaldandi mat á þekkingar- og nýsköpunarsamfélögunum,

g) setja sér starfsreglur, þ.m.t. reglur til að velja þekkingar- og nýsköpunarsamfélög og reglur fyrir framkvæmdanefndina, auk sérstakra fjárhagsreglna fyrir Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu,

h) skilgreina með samþykki framkvæmdastjórnarinnar viðeigandi þóknun til stjórnarmanna og framkvæmdanefndarinnar, þessa þóknun skal ákveða með hliðsjón af sambærilegum þóknunum í aðildarríkjunum,

i) samþykkja fyrirkomulag við val á framkvæmdanefnd og framkvæmdastjóra,

j) tilnefna framkvæmdastjóra og, ef þörf er á, víkja honum úr starfi og vera yfir hann sett,

k) tilnefna gjaldkera, aðila í framkvæmdanefnd og innri endurskoðun,

l) koma á fót ráðgefandi hópum, eftir því sem við á, hugsanlega til ákveðins tíma,

m) efla Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu hnattrænt svo að hún verði eftirsóknarverð og gera hana að gæðastofnun á heimsmælikvarða á sviði æðri menntunar, rannsókna og nýsköpunar,

n) samþykkja góða starfshætti að því er varðar hagsmunaárekstra,

o) skilgreina meginreglur og viðmiðunarreglur vegna umsjónar með hugverkarétti,

p) koma á fót innri endurskoðun í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB, KBE) nr. 2343/2002,

q) hafa heimild til að stofna sjóð (hér á eftir nefndur sjóður Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu) sem hafi það sérstaka markmið að efla og styðja starfsemi Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu,

r) tryggja fyllingu við og samvirkni milli starfsemi á vegum Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu og annarra áætlana Bandalagsins,

s) taka ákvörðun um tungumálafyrirkomulag Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu, að teknu tilliti til fyrirliggjandi meginreglna um fjöltyngi og hagnýtra krafna vegna starfsemi hennar.

3. Stjórninni er heimilt að fela framkvæmdanefndinni sérstök verkefni.

4. Stjórnin kýs sér formann úr röðum tilnefndra aðila. Skipunartími formannsins er þrjú ár og er heimilt að endurnýja einu sinni.

3. gr.

Hlutverk stjórnarinnar

1. Stjórnin skal taka ákvarðanir með einföldum meirihluta atkvæða allra stjórnarmanna, sbr. þó 2. mgr.

Þó skal krefjast atkvæða tveggja þriðju hluta allra stjórnarmanna vegna ákvarðana skv. a-, b-, c-, d-, i- og s-lið 2. mgr. 2. gr. og skv. 4. gr.

2. Fulltrúum er ekki heimilt að greiða atkvæði um ákvarðanir sem eru teknar skv. e-, g-, i-, j-, k-, q- og s-lið 2. mgr. 2. gr.

3. Stjórnin skal koma saman á reglulegum fundum a.m.k. þrisvar á ári og halda aukafundi sem formaður hennar boðar til að eigin frumkvæði eða að beiðni a.m.k. eins þriðja hluta stjórnarmanna.

4. gr.

Framkvæmdanefndin

1. Framkvæmdanefndin skal skipuð fimm einstaklingum, þ.m.t. formaður stjórnar sem einnig fer með formennsku í framkvæmdanefndinni.

Stjórnin velur fjóra aðila, aðra en formann, úr röðum tilnefndra aðila í stjórn.

2. Framkvæmdanefndin skal koma reglulega saman að boði formanns eða framkvæmdastjórans.

3. Framkvæmdanefndin skal taka ákvarðanir með einföldum meirihluta allra nefndarmanna.

4. Framkvæmdanefndin skal:

a) undirbúa fundi stjórnarinnar

b) hafa umsjón með framkvæmd á stefnumótandi framkvæmdaáætlun um nýsköpun og breytilegu þriggja ára vinnuáætluninni,

c) hafa umsjón með valaðferðinni að því er varðar þekkingar- og nýsköpunarsamfélögin,

d) taka ákvarðanir um verkefni sem stjórnin felur henni.

5. gr.

Framkvæmdastjóri

1. Framkvæmdastjórinn skal búa yfir sérfræðiþekkingu og hafa gott orðspor á þeim sviðum sem Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu fæst við. Stjórnin skipar framkvæmdastjóra til fjögurra ára. Stjórninni er heimilt að framlengja þetta skipunartímabil um fjögur ár einu sinni telji hún hagsmunum Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu best borgið þannig.

2. Framkvæmdastjórinn ber ábyrgð á daglegri stjórnun Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu og er löglegur fulltrúi hennar. Framkvæmdastjórinn er ábyrgur gagnvart stjórninni og sendir henni skýrslu reglulega um þróun starfsemi Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu.

3. Framkvæmdastjórinn skal einkum:

a) aðstoða stjórnina og framkvæmdanefndina við störf þeirra og láta þeim í té skrifstofu fyrir fundi þeirra,

b) semja drög að stefnumótandi framkvæmdaáætlun um nýsköpun, drög að breytilegu þriggja ára vinnuáætluninni, ársskýrsluna og árlega fjárhagsáætlun til að leggja fyrir stjórnina fyrir milligöngu framkvæmdanefndarinnar,

c) hafa umsjón með valferlinu fyrir þekkingar- og nýsköpunarsamfélögin og tryggja að mismunandi áföngum þessa ferlis sé hrundið í framkvæmd á gagnsæjan og hlutlægan hátt,

d) skipuleggja og hafa umsjón með starfsemi Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu,

e) tryggja framkvæmd á skilvirkri vöktun og mati á frammistöðu Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu í samræmi við 16. gr. reglugerðarinnar,

f) bera ábyrgð á stjórnun og fjármálum, þ.m.t. framkvæmd fjárhagsáætlunar Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu. Í því sambandi skal framkvæmdastjórinn taka tilhlýðilegt tillit til ráðgjafar frá innri endurskoðuninni,

g) bera ábyrgð á öllu starfsmannahaldi,

h) leggja drög að ársreikningum og efnahagsreikningum fyrir innri endurskoðun og síðan fyrir stjórnina fyrir milligöngu framkvæmdanefndarinnar,

i) tryggja að staðið sé við skuldbindingar Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu að því er varðar þá samninga sem hún gerir,

j) veita framkvæmdstjórninni og stjórninni allar nauðsynlegar upplýsingar til að hún geti sinnt verkefnum sínum.

6. gr.

Undirbúningur til að koma á stuðningsskipulagi

Til bráðabirgða skal framkvæmdastjórnin veita nauðsynlegan stuðning til að koma Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu á fót. Í því skyni, þar til fyrstu tilnefndu aðilarnir hafa verið skipaðir í stjórnina, skal embættismaður, sem framkvæmdastjórnin tilnefnir, vera lagalegur fyrirsvarsmaður Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu og bera ábyrgð á starfsmannahaldi, stjórnun og fjármálum, þ.m.t. framkvæmd fjárhagsáætlunarinnar fyrir Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu. Að því búnu skal stjórnin, samkvæmt gagnsærri málsmeðferð, tilnefna einstakling, sem skal annast þessa starfsemi, eða framlengja umboð embættismannsins, sem framkvæmdastjórnin tilnefndi, þar til framkvæmdastjórinn hefur störf eftir að stjórnin hefur tilnefnt hann í samræmi við 5. gr. Stjórnin skal án tafar hefja málsmeðferðina til að velja framkvæmdastjóra Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu.

7. gr.

Starfsmenn nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu

1. Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu ræður til sín starfsfólk milliliðalaust á grundvelli tímabundinna samninga. Ráðningarkjör annarra starfsmanna Evrópubandalaganna gilda um framkvæmdastjórann og starfsfólk Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu.

2. Þátttökuríkjunum eða öðrum vinnuveitendum er heimilt að senda sérfræðinga tímabundið til starfa hjá Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu. Stjórnin skal samþykkja ákvæði sem gera sérfræðingum frá þátttökuríkjum eða öðrum vinnuveitendum kleift að starfa hjá Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu og þar sem réttindi þeirra og skyldur eru skilgreind.

3. Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu skal, að því er starfsfólk varðar, beita þeim heimildum sem því yfirvaldi eru faldar sem hefur heimild til að gera ráðningarsamninga.

4. Heimilt er að krefjast þess af starfsmanni að hann bæti, að hluta eða að öllu leyti, skaða sem Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu kann að verða fyrir vegna alvarlegs misferlis hans við störf sín eða í tengslum við þau.

8. gr.

Meginreglur við mat og vöktun á þekkingar- og nýsköpunarsamfélögunum

Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu skal leggja til samfellda vöktun og reglubundið mat á árangri sérhvers þekkingar- og nýsköpunarsamfélags. Þetta mat skal byggjast á góðum stjórnsýsluvenjum og árangursmiðuðum breytum og komast skal hjá óþarfa formfestu og skriffinnsku.

9. gr.

Gildistími, framhald og slit þekkingar- og nýsköpunarsamfélaga

1. Með fyrirvara um niðurstöður reglubundins mats og sérhæfni á tilteknum sviðum skulu þekkingar- og nýsköpunarsamfélögin alla jafna starfrækt á tímabili sem spannar sjö til fimmtán ár.

2. Stjórnin getur ákveðið að framlengja starfsemi þekkingar- og nýsköpunarsamfélaganna fram yfir það tímabil sem upphaflega var ákveðið ef það er hentar best til að ná markmiði Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu.

3. Ef mat á þekkingar- og nýsköpunarsamfélagi leiðir í ljós ófullnægjandi árangur skal stjórnin gera viðeigandi ráðstafanir, þ.m.t. að minnka, breyta eða afturkalla fjárstuðning hennar eða slíta samningi.

10. gr.

Slit Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu

Komi til slita Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu skal framkvæmdastjórnin hafa umsjón með þeim í samræmi við gildandi lög. Í samningunum við þekkingar- og nýsköpunarsamfélögin og gerðinni um að stofna sjóð fyrir Nýsköpunar- og tæknistofnun skal mæla fyrir um þau ákvæði sem eiga við í slíkri stöðu.

Túlkunarorðsending um aðferðir við skráningu vélknúinna ökutækja sem upprunnin eru í öðru aðildarríki (*) **2013/EES/04/23**

1. INNGANGUR

Í dag er mun auðveldara að festa kaup á vélknúnu ökutæki eða flytja vélknúið ökutæki til annars aðildarríkis en það var fyrir nokkrum árum, einkum vegna mikilvægra framfara sem orðið hafa á þremur sviðum.

a) EB-heildargerðarviðurkenningarkerfi (WVTA) ([1]), sem hefur gilt um flestar fólksbifreiðir og bifhjól án undantekninga síðan í janúar 1998 og júní 2003, kom í stað mismunandi gerðarviðurkenningarkerfa aðildarríkjanna. Af því leiðir að þessir flokkar vélknúinna ökutækja skulu samrýmast öllum viðeigandi tilskipunum EB um gerðarviðurkenningar svo hægt sé að setja þá á markað og aðildarríkjum er óheimilt að synja því að slík vélknúin ökutæki séu seld, skráð eða tekin í notkun. Evrópuþingið og ráðið fjalla, eins og sakir standa, um tillögu að nýrri „rammatilskipun“ ([2]). Þegar hún hefur verið samþykkt munu atvinnuökutæki (hópbifreiðar og langferðabifreiðar, sendibifreiðar og vörubifreiðar) falla undir EB-heildargerðarviðurkenningu. Samræmd EB-gerðarviðurkenning í Evrópusambandinu hraðar og auðveldar skráningu í öllum aðildarríkjunum.

b) Nýja reglugerðin um hópundanþágu, að því er varðar beitingu samkeppnisreglna við sölu og þjónustu vélknúinna ökutækja ([3]), hefur enn frekar aukið möguleika evrópskra neytenda á því að njóta góðs af innri markaðinum í reynd, með þeim hætti að neytendur geti nýtt sér til fulls þann verðmun sem er milli einstakra aðildarríkja. Neytendur geta núna t.d. nýtt sér, án nokkurra takmarkana, þjónustu milliliða eða innkaupaaðila til að kaupa sér vélknúið ökutæki þar sem það hentar þeim. Dreifingaraðilar öðlast meira frelsi til að stunda rekstur utan heimalands síns og selja neytendum annarra aðildarríkja ökutæki (svokölluð virk sala til viðbótar við óvirka sölu þar sem neytendur hafa frumkvæði að því að nálgast dreifingaraðilann).

c) Evrópubandalagið (EB) hefur innleitt samræmt skráningarskírteini fyrir vélknúin ökutæki ([4]). Helsta markmiðið með því er að auðvelda frjálsa umferð ökutækja, sem skráð eru í einu aðildarríki, um vegi í öðrum aðildarríkjum og að ökutæki, sem hafa áður verið skráð í öðru aðildarríki, séu aftur tekin í notkun.

Samt sem áður forðast umtalsverður fjöldi borgara og fyrirtækja að kaupa vélknúið ökutæki í öðru aðildarríki því hann óttast að þurfa að standa í óþarfa pappírsvinnu og greiða viðbótarkostnað í heimalandi sínu. Þar að auki er flutningur vélknúinna ökutækja til annars aðildarríkis enn uppspretta kvartana, einkum vegna flókinna gerðarviðurkenningar- og skráningaraðferða. Eins og sakir standa, eru allt að 20% yfirstandandi brotatilvika á sviði 28. til 30. gr. EB-sáttmálans og 7% SOLVIT-tilvika tengd skráningu vélknúinna ökutækja ([5]).

Markmið með þessari orðsendingu er að veita heildstæða og uppfærða yfirsýn yfir þær meginreglur EB-réttar sem gilda um skráningu vélknúinna ökutækja í öðru aðildarríki en því sem kaupin fóru fram í og einnig um yfirfærslu skráningar milli aðildarríkja, í ljósi nýlegrar þróunar á sviði Evrópulöggjafar og dómaframkvæmdar dómstólsins. Þessi orðsending veitir þó ekki yfirsýn yfir þær meginreglur EB-réttar

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB C 68, 24.3.2007, bls. 15. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 96/2008 frá 26. september 2008 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 70, 20.11.2008, bls. 3.

([1]) Tilskipun ráðsins 70/156/EBE frá 6. febrúar 1970 um samræmingu laga aðildarríkjanna um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra.

([2]) Tillaga framkvæmdastjórnarinnar að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um viðurkenningu vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra og kerfa, íhluta og aðskildra tæknieininga sem ætluð eru fyrir slík farartæki, COM(2003) 418, breytt með COM(2004) 738.

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1400/2002 frá 31. júlí 2002 um beitingu 3. mgr. 81. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum lóðréttra samninga og samstilltra aðgerða á sviði vélknúinna ökutækja (Stjtíð. EB L 203, 1.8.2002)

([4]) Tilskipun ráðsins 1999/37/EB frá 29. apríl 1999 um skráningarskjöl fyrir ökutæki (Stjtíð. EB L 138, 1.6.1999) eins og henni var breytt með tilskipun ráðsins 2003/127/EB frá 23. desember 2003 (Stjtíð. ESB L 10, 16.1.2004).

([5]) http://europa.eu.int/solvit/site/statistics/index_en.htm).

sem gilda um skráningarskatta bifreiða og umferðarskatta ([1]), sem falla undir gildissvið 25. eða 90. gr. EB-sáttmálans ([2]).

Þessi orðsending kemur í heild sinni í stað orðsendingar framkvæmdastjórnarinnar (96/C 143/04) ([3]). Athygli skal þó vakin á því að einungis Dómstóll Evrópubandalaganna hefur heimild til að kveða upp endanlegan úrskurð um túlkun laga Bandalagsins.

Þessi orðsending hefur sérstaka þýðingu fyrir yfirvöld aðildarríkja, sem sjá um samþykki og skráningu vélknúinna ökutækja, og mun auðvelda þeim að beita ákvæðum EB-réttar á réttan hátt. Framkvæmdastjórnin mun láta útbúa leiðbeiningar fyrir neytendur þar sem útskýrður verður flutningur ökutækja og skráning þeirra innan Evrópusambandsins.

Hvað sem öðru líður mun framkvæmdastjórnin halda áfram að fylgjast grannt með því hvort meginreglum EB-réttar, sem lúta að skráningu og flutningi ökutækja, verði beitt á réttan hátt.

2. HUGTÖK

Þessi orðsending tekur til fyrstu skráningar vélknúinna ökutækja auk skráningar vélknúinna ökutækja sem áður voru skráð í öðru aðildarríki, óháð því hvort þau eru ný eða notuð.

Í þessari orðsendingu er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir: „vélknúið ökutæki“:

— öll aflknúin ökutæki sem ætluð eru til aksturs á vegum, með eða án yfirbyggingar, á fjórum eða fleiri hjólum, hönnuð fyrir hámarkshraða yfir 25 km/klst., ásamt eftirvögnum þeirra, að undanskildum ökutækjum sem fara eftir teinum, dráttarvélum fyrir landbúnað eða skógrækt, færanlegum vélum og þungum atvinnuökutækjum ([4]) eða

— öll vélknúin ökutæki á tveimur eða þremur hjólum, einnig þau sem hafa tvö hjól á sama ási, sem eru ætluð til aksturs á vegum ([5]).

Vélknúið ökutæki er „áður skráð í öðru aðildarríki“ ef það hefur hlotið opinbert leyfi til að vera tekið í notkun til aksturs á vegum, en í því koma fram auðkenni þess og raðnúmerið sem því er úthlutað. Þessi orðsending varðar því einnig vélknúin ökutæki, sem voru skráningarskyld tímabundið eða til skamms tíma, og einnig vélknúin ökutæki sem skylt var að hlytu atvinnuskráningu.

Ekki skiptir máli hve lengi ökutæki hefur verið skráð í einu aðildarríki áður en það er flutt til annars aðildarríkis.

3. SKRÁNING VÉLKNÚINS ÖKUTÆKIS í BÚSETURÍKI

3.1. Hvert er búsetuaðildarríkið að því er varðar skráningu?

Samkvæmt Dómstól Evrópubandalaganna er skráning eðlileg afleiðing beitingar heimildar til skattlagningar á sviði vélknúinna ökutækja. Hún auðveldar eftirlit, bæði fyrir aðildarríkið, þar sem ökutækið er skráð, og einnig önnur aðildarríki þar eð skráning í einu aðildarríki er sönnun fyrir því að greiddur sé skattur af vélknúnu ökutæki í því ríki ([6]).

([1]) Þær meginreglur EB-réttar sem nú eru í gildi um skráningarskatta bifreiða og umferðarskatta eru settar fram í upplýsingaskjali frá framkvæmdastjórninni um réttindi og skyldur evrópskra borgara hvað varðar skattlagningu bifreiða sem eru fluttar innan Bandalagsins eða reglulega notaðar í ferðir yfir landamæri, sem birt var á
http://ec.europa.eu/taxation_customs/taxation/other_taxes/passenger_car/index_en.htm.

([2]) Framkvæmdastjórnin samþykkti tillögu um skatta tengda fólksbifreiðum [COM(2005)261 frá 5.7.2006]. Sú tillaga kveður á um afnám skráningarskatta í áföngum á fimm til tíu ára aðlögunartímabili auk endurgreiðslukerfis fyrir skatta sem eftir standa þegar bifreið, sem skráð er í einu aðildarríki, er flutt varanlega til skráningar í öðru aðildarríki.

([3]) Stjtíð. EB C143, 15.5.1996, bls. 4.

([4]) Sjá 1. gr. tilskipunar ráðsins 70/156/EBE.

([5]) Þ.e. öll þau bifhjól sem falla undir gildissvið tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/24/EB um gerðarkenningu á vélknúnum ökutækjum á tveimur eða þremur hjólum (1. gr.)

([6]) Úrskurður dómstólsins frá 21. mars 2002., Cura Anlagen GmbH gegn Auto Service Leasing GmbH (ASL), mál C-451/99 (http://curia.europa.eu/en/content/juris/index.htm)

Hver einstaklingur verður að skrá ökutæki sitt í því aðildarríki þar sem hann hefur fasta búsetu. Í 7. gr. tilskipunar 83/182/EBE ([1]) og 6. gr. tilskipunar 83/182/EBE ([2]) er mælt fyrir um nákvæmar reglur til að ákvarða hvað teljist föst búseta í þeim tilvikum þegar viðkomandi einstaklingar, til lengri eða skemmri tíma, búa og aka um í öðru aðildarríki en þar sem þeir hafa fasta búsetu. Samkvæmt dómaframkvæmd Dómstólsins er þó ekki hægt að líta á það tímabilsviðmið, sem um getur í þessari grein, (að búa skuli á tilteknum stað lengur en í 185 daga) sem meginviðmið ef fyrir hendi eru aðrir þættir sem breyta stöðunni.

Samkvæmt Dómstólnum telst föst búseta einstaklings, sem hefur bæði persónutengsl og atvinnutengsl í tveimur aðildarríkjum, vera þar sem hann hefur varanlegra hagsmuna að gæta samkvæmt heildarmati með hliðsjón af öllum staðreyndum sem málið varða. Ef ekki tekst að ákvarða fasta búsetu með slíku heildarmati skulu persónutengsl vega þyngra ([3]).

3.2. Mismunandi stig skráningar vélknúins ökutækis

Í núgildandi landslöggjöf aðildarríkja er kveðið á um (að hámarki) þrjú mismunandi stig skráningar vélknúins ökutækis í viðtökuaðildarríkinu:

— **Viðurkenning tæknilegra eiginleika vélknúna ökutækisins en** í mörgum tilvikum er um að ræða EB-gerðarviðurkenningu. Um sumar tegundir vélknúinna ökutækja gilda þó, eftir sem áður, landsbundnar viðurkenningaraðferðir.

— **Prófun á akstureshæfni notaðra ökutækja** þar sem markmiðið er að sannprófa, í því skyni að vernda heilbrigði og líf manna, að tiltekið vélknúið ökutæki sé í góðu ásigkomulagi við skráningu.

— **Skráning vélknúna ökutækisins**, þ.e. opinbert leyfi til að taka í notkun vélknúið ökutæki til aksturs á vegum en í því koma fram auðkenni ökutækisins og skráningarnúmer sem því er úthlutað.

3.3. Viðurkenning tæknilegra eiginleika vélknúna ökutækisins

3.3.1. EB-gerðarviðurkenning

Allar raðsmíðaðar fólksbifreiðar, sem hafa verið viðurkenndar frá árinu 1996, bifhjól, sem hafa verið viðurkennd frá því í maí 2003, og dráttarvélar, sem hafa verið viðurkenndar frá árinu 2005, eru í meginatriðum háðar EB-gerðarviðurkenningu. Þetta er aðferð aðildarríkis til að votta að gerð ökutækis uppfylli allar gildandi, evrópskar kröfur um öryggi og umhverfisvernd. EB-gerðarviðurkenningin gildir í öllum aðildarríkjum.

Þegar framleiðandi vélknúna ökutækisins leggur **umsókn sína um EB-gerðarviðurkenningu**, samkvæmt tilskipun 70/156/CEE, fyrir viðurkenningaryfirvald aðildarríkis, sem veitir ökutækinu EB-gerðarviðurkenningu, ef það uppfyllir allar kröfur viðeigandi tilskipana ([4]), sendir viðurkenningaryfirvald þessa aðildarríkis viðurkenningaryfirvaldi hins aðildarríkisins afrit af gerðarviðurkenningarvottorðinu fyrir allar gerðir ökutækja sem það viðurkenndi eða synjaði um viðurkenningu, eða þar sem það afturkallaði vottorð.

Framleiðandinn, sem handhafi EB-gerðarviðurkenningar, gefur út **EB-samræmisvottorð**, sem sýnir að ökutækið hafi verið framleitt í samræmi við viðurkennda gerð ökutækisins. EB-samræmisvottorðið skal fylgja hverju nýju ökutæki sem fengið hefur EB-gerðarviðurkenningu. Þar að auki er þess krafist, samkvæmt samkeppnisreglum Evrópubandalagsins, að framleiðendur gefi út EB-samræmisvottorð fyrir tilskilin tímamörk og án mismununar, óháð ákvörðunarstað og/eða uppruna ökutækisins (þ.e. óháð því hvort ökutækið er selt neytanda í öðru aðildarríki eða söluaðilinn fær það frá dreifingaraðila í öðru aðildarríki).

([1]) Tilskipun ráðsins 83/182/EBE frá 28. mars 1983 um undanþágur frá skatti innan Bandalagsins fyrir ákveðin flutningatæki sem eru tímabundið flutt inn til eins aðildarríkis frá öðru, með áorðnum breytingum.

([2]) Tilskipun ráðsins 83/183/EBE frá 28. mars 1983 um undanþágur frá skatti innan Bandalagsins fyrir ákveðin flutningatæki sem eru tímabundið flutt inn til eins aðildarríkis frá öðru, með áorðnum breytingum.

([3]) Úrskurður Dómstólsins frá 12. júlí 2001, Paraskevas Louloudakis gegn Elliniko Dimosio, mál C- 262/99.

([4]) Gildandi tilskipanir eru skráðar í IV. viðauka I. hluta tilskipunar 70/156/EBE.

Aðildarríki mega einungis skrá ný EB-gerðarviðurkennd ökutæki, heimila sölu þeirra eða að þau séu tekin í notkun, af ástæðum er varða smíði og starfsemi þeirra, ef þeim fylgir gilt EB-samræmisvottorð.

Þess er ekki krafist samkvæmt evrópskri löggjöf að samræmisvottorðið fylgi ökutækinu að skráningu lokinni. Í flestum aðildarríkjum er EB-samræmisvottorðið varðveitt hjá yfirvöldum þegar ökutækið hefur verið skráð.

Ekki er heimilt að krefjast þess að ný EB-gerðarviðurkennd ökutæki, sem hafa gild samræmisvottorð, gangist undir nýja viðurkenningu á tæknilegum einkennum sínum eða að þau uppfylli tæknilegar viðbótarkröfur er varða smíði og starfsemi þeirra nema þeim hafi augljóslega verið breytt eftir að þau fóru úr verksmiðju framleiðandans. Því er ekki leyfileg landslöggjöf, þar sem kveðið er á um að ekki sé hægt að skrá vélknúin ökutæki, sem hafa gilt EB-gerðarviðurkenningarvottorð, nema framvísað sé landsbundnu vottorði sem staðfestir að þau samræmist landsbundnum kröfum, t.d. varðandi losun með útblæstri ([1]).

3.3.2. Landsbundin viðurkenning

Samkvæmt núgildandi lögum Bandalagsins hafa eftirfarandi flokkar vélknúinna ökutækja ekki fengið EB-gerðarviðurkenningu:

— atvinnuökutæki (hópbifreiðar, langferðabifreiðar, sendibifreiðar og vörubifreiðar) og eftirvagnar,

— ökutæki sem framleidd eru í litlum framleiðsluröðum,

— ökutæki sem eru viðurkennd hvert fyrir sig.

Viðtökuaðildarríkið getur krafist þess að vélknúið ökutæki, sem ekki hefur fengið EB-gerðarviðurkenningu, fái landsbundna viðurkenningu áður en unnt er að skrá það. Á grundvelli landsbundnu viðurkenningarinnar fæst landsbundið samræmisvottorð sem er m.a. notað við skráningu vélknúna ökutækisins.

Landsbundin viðurkenning getur ýmist verið landsbundin gerðarviðurkenning eða einstök landsbundin viðurkenning:

— **Landsbundnum gerðarviðurkenningum** og landsbundnum gerðarviðurkenningum fyrir litlar framleiðsluraðir er ætlað að tryggja að gerð ökutækisins samræmist gildandi landsbundnum tæknikröfum. Á grundvelli þeirra gefur framleiðandinn út landsbundið gerðarsamræmisvottorð sem staðfestir að viðkomandi ökutæki hafi verið framleitt í samræmi við viðurkenndu ökutækisgerðina.

— **Einstök, landsbundin viðurkenning** staðfestir að tiltekið ökutæki (hvort sem það er sérstakt eða ekki) uppfylli kröfur viðkomandi lands. Þessi aðferð gildir einkum um ökutæki, sem flutt eru inn hvert fyrir sig frá þriðju löndum, og sem ekki uppfylla evrópskar gerðarviðurkenningarkröfur, sem og um sérstök ökutæki.

Landsbundnar gerðarviðurkenningar og aðferðir við veitingu einstakra viðurkenninga fyrir vélknúin ökutæki, sem nota á eða skrá í fyrsta skipti í Evrópusambandinu, falla að öllu jöfnu utan gildissviðs EB-réttar.

Landsbundnar viðurkenningaraðferðir fyrir vélknúin ökutæki, sem hafa þegar fengið landsbundna viðurkenningu í öðru aðildarríki, og fyrir vélknúin ökutæki, sem höfðu þegar verið skráð í öðru aðildarríki, verða þó að samrýmast 28. og 29. gr. EB-sáttmálans. Samkvæmt dómaframkvæmd Dómstólsins þurfa slíkar landsbundnar aðferðir ekki endilega að stangast á við ákvæði þessara greina.

Engu að síður verða þessar viðurkenningar a.m.k. að uppfylla eftirfarandi skilyrði um málsmeðferð til að samrýmast 28. og 30. gr. EB-sáttmálans ([2]):

a) Landsbundnu viðurkenningaraðferðirnar skulu, hvað sem öðru líður, grundvallast á viðmiðunum, sem eru **hlutlægar, án mismununar og vel þekktar fyrir fram**, þannig að afmarka megi beitingu ákvörðunarvalds landsyfirvalda með þeim hætti að það sé ekki notað á tilviljunarkenndan hátt.

([1]) Úrskurður Dómstólsins frá 29. maí 1997, stjórnsýslumál sem VAG Sverige AB höfðaði, mál C-329/95.

([2]) Úrskurður Dómstólsins frá 22. janúar 2002, Canal Satélite Digital SL gegn Adminstración General del Estado, og Distribuidora de Televisión Digital SA (DTS), mál C-390/99.

b) Slíkar aðferðir mega ekki fela í sér tvítekningu á eftirliti, sem þegar hefur farið fram í tengslum við aðrar aðferðir, hvort sem er í sama aðildarríki eða í öðru aðildarríki. Af því leiðir að landsyfirvöldum er ekki heimilt að krefjast tækniprófana þegar slíkar prófanir hafa þegar verið framkvæmdar í öðru aðildarríki og niðurstöður þeirra eru aðgengilegar yfirvöldum eða þau geta fengið þær í hendur óski þau eftir því. Þetta útheimtir markvissar aðgerðir af hálfu þess landsbundna aðila sem tekur á móti umsóknum um viðurkenningu fyrir vélknúið ökutæki, eða viðurkenningu, í þessu sambandi, á jafngildi viðurkenningarvottorðs sem gefið er út af viðurkenningaraðila í öðru aðildarríki. Þar að auki er þess háttar markvissra aðgerða einnig krafist af síðarnefnda aðilanum, þegar það á við, og í þessu tilliti er það í verkahring aðildarríkjanna að tryggja að þar til bærir viðurkenningaraðilar hafi samráð sín á milli í því augnamiði að greiða fyrir þeim aðferðum, sem notaðar eru, til að fá aðgang að innanlandsmarkaði innflutningsaðildarríkisins ([1]).

c) Aðferðin verður að vera auðveldlega aðgengileg og unnt skal vera að ljúka henni innan hæfilegra tímamarka og ef hún leiðir til synjunar verður að vera heimilt að bera ákvörðunina um synjun undir dómstóla. Kveða verður skýrt á um aðferðina í ráðstöfun sem hefur almennt gildi og sem er bindandi fyrir landsyfirvöld. Enn fremur samrýmist landsbundin viðurkenningaraðferð ekki grundvallarreglunum um frjálsa vöruflutninga ef tímalengd hennar og óhóflegur kostnaður, sem hún hefur í för með sér, aftra eiganda vélknúna ökutækisins frá því að verða sér úti um viðurkenninguna fyrir vélknúna ökutækið.

Viðtökuaðildarrríkið skal ekki með tæknikröfum sínum gera kröfu um að vélknúnu ökutæki sé breytt að óþörfu. Hafi vélknúið ökutæki þegar verið skráð í öðru aðildarríki merkir það að lögbær yfirvöld þess töldu að vélknúna ökutækið uppfyllti þær tæknikröfur sem þar eru í gildi. Því er lögbærum landsyfirvöldum einungis heimilt að synja vélknúnu ökutæki um viðurkenningu, sem þegar hefur fengið viðurkenningu í öðru aðildarríki, hvort sem ökutækið var þegar skráð þar eða ekki, ef það stofnar lýðheilsu í raunverulega hættu. Samkvæmt lögum Dómstólsins skulu aðildarríki ekki brjóta gegn meðalhófsreglunni þegar þau beita ákvörðunarvaldi sínu til verndunar lýðheilsu. Þær leiðir, sem aðildarríkin velja, skulu því einskorðast við það sem er í raun nauðsynlegt til að tryggja lýðheilsu eða til að uppfylla brýnar kröfur er varða t.d. öryggi á vegum og þær verða að vera í réttu hlutfalli við markmiðið, sem hefði ekki náðst með ráðstöfunum sem eru ekki eins takmarkandi á viðskipti innan Bandalagsins ([2]). Þar sem í 30. gr. EB-sáttmálans er kveðið á um undanþágu, sem ber að túlka þröngt ([3]), frá reglunni um frjálsa vöruflutninga innan Bandalagsins, **er það hlutverk landsyfirvalda, sem skírskota til hennar, að sýna fram á, í hverju tilviki fyrir sig, að nauðsynlegt sé að beita reglum til að vernda hagsmunina, sem um getur í 30. gr. EB-sáttmálans, með áhrifaríkum hætti,** og einkum til að viðurkenning viðkomandi vélknúins ökutækis stofni ekki lýðheilsu í hættu eða öryggi á vegum.

Ekki er unnt að færa rök fyrir því að einungis vegna þess að ökutæki hafi verið viðurkennt samkvæmt reglum annars aðildarríkis og hafi hugsanlega (en ekki nauðsynlega) ákveðna tæknilega eiginleika, sem eru frábrugðnir þeim sem mælt er fyrir um í lögum viðtökuaðildarríkisins eða þeim sem jafngilda gerðarviðurkenningu þess ríkis, að alvarleg hætta stafi af ökutækinu að því er varðar við heilbrigði og líf manna eða umhverfið.

Í reynd hefur þetta í för með sér að lögbær yfirvöld viðtökuaðildarríkisins þurfa að grípa til eftirfarandi ráðstafana:

a) Tæknilegir eiginleikar vélknúins ökutækis, sem þegar hefur verið viðurkennt og skráð í öðru aðildarríki, skulu fyrst metnir samkvæmt gildandi tæknireglum í viðtökuaðildarríkinu. Þetta mat skal þó ekki grundvallast á núgildandi reglum heldur á þeim reglum sem voru í gildi (í viðtökuaðildarríkinu) þegar viðurkenningin var veitt í upprunaaðildarríkinu.

b) Lögbær yfirvöld skulu taka mið af prófuninni og vottorðum sem lögbær yfirvöld hins aðildarríkisins og framleiðandinn hafa gefið út ([4]). Einungis má krefjast viðbótarprófana þegar þær eru nauðsynlegar til að afla lögbærum yfirvöldum upplýsinga sem ekki er að finna í vottorðunum.

c) Á þeim grundvelli ákveða lögbær yfirvöld að hvaða leyti ökutækið samrýmist ekki þeim tæknireglum sem voru í gildi í viðtökuaðildarríkinu þegar ökutækið var fyrst viðurkennt í Evrópusambandinu.

([1]) Úrskurður Dómstólsins frá 10. nóvember 2005, framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Portúgal, mál C-432/03.

([2]) Úrskurður Dómstólsins frá 5. febrúar 2004, framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Frakklandi, mál C-24/00.

([3]) Úrskurður Dómstólsins frá 5. febrúar 2004, meðferð sakamáls gegn John Greenham og Léonard Abel, mál C-95/01.

([4]) Úrskurður Dómstólsins frá 16. október 2003, framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Ítalíu, mál C-455/01.

d) Lögbæru yfirvöldunum er þá einungis heimilt að beita þeim landsbundnu tæknireglum sem samrýmast meðalhófsreglunni í ljósi einnar af þeim brýnu ástæðum sem Dómstóllinn viðurkennir sem lögbundnar kröfur eða sem tilgreindar eru í 30. gr. EB-sáttmálans. Leggja skal áherslu á að beiting landsbundinna tæknireglna, sem samrýmast ekki meðalhófsreglunni, að því er varðar tiltekið vélknúið ökutæki, myndi brjóta í bága við lög Bandalagsins, sem ganga í öllum tilvikum framar landslögum.

3.4. Prófun á akstureiginleikum notaðra ökutækja

Markmið prófunar á aksturhæfni er að sannprófa að **viðkomandi vélknúið ökutæki sé í raun í góðu ásigkomulagi við skráningu**. Hafi vélknúið ökutæki verið notað á opinberum vegum síðan síðasta prófun á akstureiginleikum fór fram kann það þó að réttlæta prófun á akstureiginleikum við skráningu í öðru aðildarríki.

Samkvæmt lögum Dómstólsins ([1]) geta aðildarríki því krafist þess að **vélknúin ökutæki, sem áður hafa verið skráð í sama aðildarríki eða í öðru aðildarríki, gangist undir prófun á akstureiginleikum** áður en þau eru skráð, að því tilskildu að þessi skoðun sé skyldubundin við öll eigendaskipti allra svipaðra vélknúinna ökutækja eða í hvert sinn sem skráningarskírteini skiptir um hendur, óháð því hvort vélknúna ökutækið var skráð í sama aðildarríki eða í öðru aðildarríki. Prófun á aksturhæfni, áður en kemur til skráningar verður að uppfylla a.m.k. sömu skilyrði um málsmeðferð og viðurkenningin á tæknilegum eiginleikum vélknúna ökutækisins, þ.e.:

a) Hún skal grundvallast á viðmiðunum sem eru **hlutlægar, án mismununar og þekktar fyrir fram** þannig að afmarka megi beitingu ákvörðunarvalds landsyfirvalda svo hún verði ekki geðþóttabundin.

b) Prófun á akstureiginleikum **má ekki fela í sér tvítekningu á eftirliti** sem þegar hefur farið fram í tengslum við aðrar aðferðir, hvort heldur sem er í sama ríki eða í öðru aðildarríki. Þegar prófun á akstureiginleikum ökutækis hefur farið fram í aðildarríki eru öll hin aðildarríkin skuldbundin samkvæmt reglunni um jafngildi og gagnkvæma viðurkenningu, sem um getur í 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 96/96/EB ([2]), til að viðurkenna skírteinið, sem gefið er út við það tilefni, án þess þó að það meini þeim að krefjast frekari prófana sem venjulega eru framkvæmdar í tengslum við skráningu á yfirráðasvæði þeirra, að því tilskildu að skírteinið taki ekki einnig til þeirra prófana ([3]).

c) Framkvæmdastjórnin telur að aðferð við prófun á akstureiginleikum verði að vera auðveldlega aðgengileg og að unnt sé að framkvæma hana innan hæfilegra tímamarka. Það getur falið í sér hindrun á viðskiptum milli aðildarríkja ef prófun á akstureiginleikum innfluttra ökutækja takmarkast við tilteknar og sérstaklega tilnefndar eftirlitsstöðvar.

3.5. Skráning vélknúins ökutækis

Við skráningu vélknúins ökutækis fær aðildarríkið leyfi til að taka það í notkun til aksturs á vegum en skráningin felur í sér auðkenni vélknúna ökutækisins og skráningarnúmer sem því er úthlutað.

3.5.1. Fyrsta skráning vélknúinna ökutækja

Þegar um er að ræða ný EB-gerðarviðurkennd vélknúin ökutæki, sem keypt eru í öðru aðildarríki, skal aðildarríkið, þar sem ökutækið er skráð, krefjast tiltekinna upplýsinga um þá einstaklinga, fyrirtæki eða stofnanir, sem sækja um skráninguna samkvæmt samræmdri táknmynd Bandalagsins ([4]) C, auk **EB-samræmisvottorðsins** ([5]).

Þegar um er að ræða ökutæki, sem ekki hafa fengið EB-gerðarviðurkenningu, geta aðildarríki krafist framvísunar landsbundinnar gerðarviðurkenningar eða einstakra landsbundinna viðurkenningarvottorða (sjá lið 3.3.2).

([1]) Úrskurður Dómstólsins frá 12. júní 1986, Bernhard Schloh gegn Auto contrôle technique SPRL, mál C 50/85, 14-16. mgr.; úrskurður Dómstólsins frá 21. mars 2002, Cura Anlagen GmbH gegn Auto Service Leasing GmbH (ASL), 62., 63. og 64. mgr.

([2]) Stjtíð. EB L 46, 17.2.1997, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1882/2003 (Stjtíð. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

([3]) Mál C-451/99.

([4]) Eins og sett er fram í I. og II. viðauka við tilskipun 1999/37/EB.

([5]) 1. mgr. 7. gr. tilskipunar 70/156/EBE.

Framkvæmdastjórnin telur að aðildarríkin hafi rétt á að athuga við skráningu hvort virðisaukaskattur hafi verið rétt greiddur.

Þegar *söluaðili* í öðru aðildarríki selur vélknúið ökutæki er hann skyldugur til að gefa út reikning. Hvað varðar virðisaukaskatt eru tveir möguleikar í boði:

a) Vélknúna ökutækið er „nýtt“ hafi afhending farið fram annaðhvort innan sex mánaða frá því ökutækið var fyrst tekið í notkun eða ef ökutækinu hefur ekki verið ekið meira en 6000 kílómetra. Greiða ber virðisaukaskatt í því aðildarríki sem ökutækið er flutt til skv. 2. gr. tilskipunar 2006/112/EB frá 28. nóvember 2006 um sameiginlegt kerfi um virðisaukaskatt ([1]) (tilskipun um virðisaukaskatt). Afgreiðsla nýrra flutningatækja er undanþegin skatti í því upprunaaðildarríki þar sem seljandinn hefur staðfestu (a-liður 2. mgr. 138. gr. í tilskipuninni um virðisaukaskatt). Til að fá þessa undanþágu, samkvæmt þessu ákvæði, verður að færa rök fyrir því að nýja flutningatækið sé sent eða flutt til viðskiptavinarins, af seljandanum eða viðskiptavininum eða fyrir hönd þeirra, til áfangastaðar utan upprunaaðildarríkisins en þó innan Bandalagsins.

b) Vélknúna ökutækið er ekki „nýtt“: þegar einkaaðili fer til annars aðildarríkis til að kaupa vélknúna ökutækið og flytur það sjálfur til baka (eða sér um að það sé gert); hann greiðir virðisaukaskattinn á sölustaðnum og þar með fer fram skattlagning í upprunaaðildarríkinu.

Greiða ber virðisaukaskatt í því aðildarríki sem seljandinn hefur staðfestu. Ef bílasali kaupir bíl af upprunalegum kaupanda sem hefur m.a. ekki dregið virðisaukaskattinn frá, sem var innifalinn í kaupverði vélknúna ökutækisins, gildir sérstök áætlun um notaðar vörur (þ.e. skattur á söluhagnað) (312. gr. og áfram í tilskipuninni um virðisaukaskatt).

Þegar einkaaðili selur vélknúna ökutækið sitt má, að því er virðisaukaskatt varðar, flokka það sem:

a) „Nýtt“ (sjá skilgreiningu fyrir nýtt ökutæki í a-lið hér að framan). Í því tilviki ber að greiða virðisaukaskatt í því aðildarríki sem ökutækið er flutt til. (2. gr. í tilskipun um virðisaukaskatt). Til að komast hjá tvísköttun hefur einkaaðilinn, sem seldi „nýja bílinn“, rétt til að draga frá virðisaukaskattinn, sem er innifalinn í kaupverðinu í upprunaaðildarríkinu, eða fá hann endurgreiddan, að fjárhæð sem ekki er hærri en sem nemur þeirri fjárhæð virðisaukaskatts sem honum bæri skylda til að greiða ef salan væri skattskyld í upprunaaðildarríkinu (172. gr. í tilskipun um virðisaukaskatt).

b) Ekki „nýtt“. Viðskiptin falla ekki undir virðisaukaskatt. Ekki þarf að greiða virðisaukaskatt.

Framkvæmdastjórnin telur að landsyfirvöldum sé einnig heimilt að krefjast **sönnunar fyrir tryggingu** þegar skráning fer fram.

3.5.2. Vélknúin ökutæki sem áður hafa verið skráð í öðru aðildarríki

Í tilviki ökutækja, sem áður hafa verið skráð í öðru aðildarríki, getur skráningarríkið einungis krafist þess að eftirfarandi gögn séu afhent:

a) **Frumrit eða afrit af ósamræmdu skráningarskírteini sem gefið var út í öðru aðildarríki:** Mörg ökutæki, sem skráð voru fyrir árið 2004, hafa enn ósamræmd skráningarskírteini. Það er ekkert í lögum Bandalagsins sem kveður á um að senda skuli frumritið eða afrit af þessari tegund skírteinis, sem gefið er út í öðru aðildarríki, til landsbundinna skráningaryfirvalda í viðtökuaðildarríkinu. Framkvæmdastjórnin telur þó að landslög geti skuldbundið kaupandann til að framvísa afriti af skráningarskírteini, sem gefið er út í upprunaaðildarríkinu, áður en vélknúna ökutækið er skráð, til að komast hjá því að eftirlit á sviði stjórnsýslu eigi sér stað tvisvar sinnum eða til að fækka afbrotum sem tengjast vélknúnum ökutækjum.

b) **Samræmda skráningarskírteinið:** Hin aðildarríkin verða að viðurkenna skráningarskírteinið, sem viðkomandi aðildarríki gefur út, svo unnt sé að endurskrá ökutækið í þessu aðildarríki ([2]). Þegar kaupandi festir kaup á vélknúnu ökutæki, sem hefur samræmt skráningarskírteini, fær hann í öllum tilvikum afhentan I. hluta fyrra skráningarskírteinisins og II. hluta, hafi hann verið gefinn út. Senda skal skráningaryfirvöldum í viðtökuaðildarríkinu I. hluta fyrra skráningarskírteinis og II. hluta (ef hann er gefinn út) til að þessi yfirvöld geti afturkallað annan eða báða hluta fyrra skráningarskírteinisins. Þau skulu tilkynna yfirvöldum aðildarríkisins, sem gaf skírteinið út, um afturköllunina innan tveggja mánaða. Auk þess skulu þau skila skírteininu, sem þau afturkölluðu, til þessara yfirvalda, ef þau fara þess á leit, innan

([1]) Stjtíð. ESB L 347, 11.12.2006, bls. 1. Tilskipunin eins og henni var síðast breytt með ákvörðun 2007/133/ESB (Stjtíð. ESB L 57, 24.2.2007, bls. 12)

([2]) Ákvæði 4. gr. tilskipunar 1999/37/EB.

sex mánaða frá afturkölluninni. Ef skráningarskírteinið er samsett úr I. og II. hluta ([1]) og II. hluta vantar geta lögbær yfirvöld í aðildarríkinu, þar sem óskað var eftir nýrri skráningu, ákveðið í undantekningartilvikum að endurskrá ökutækið en þó ekki fyrr en þau hafa fengið staðfestingu á því frá lögbærum yfirvöldum í aðildarríkinu þar sem ökutækið var áður skráð, skriflega eða eftir rafrænum leiðum, að umsækjandi hafi rétt til að láta endurskrá ökutækið í öðru aðildarríki ([2]).

c) EB- eða landsbundið samræmisvottorð:

— Landsyfirvöldum er ekki heimilt að krefjast framvísunar EB-samræmisvottorðs fyrir ökutæki, sem áður hafa verið skráð í öðru aðildarríki, ef fyrra skráningarskírteini ökutækisins samrýmist að öllu leyti fyrirmyndinni í tilskipun 1999/37/EB. Samkvæmt 4. gr. tilskipunarinnar verður skráningarskírteinið, sem gefið var út af aðildarríki, að vera viðurkennt af hinum aðildarríkjunum svo unnt sé að endurskrá ökutækið í þeim ríkjum.

— Landsyfirvöld geta þó krafist framvísunar EB-samræmisvottorðsins fyrir ökutæki, sem áður hafa verið skráð í öðru aðildarríki, ef ósamræmda skráningarskírteinið frá hinu aðildarríkinu gerir þeim ekki kleift að bera kennsl á vélknúna ökutækið af nógu mikilli nákvæmni.

— Hafi vélknúna ökutækið ekkert EB-samræmisvottorð geta landsyfirvöld krafist framvísunar landsbundins samræmisvottorðs.

d) Greiðslukvittun fyrir virðisaukaskatti, ef ökutækið telst nýtt hvað varðar virðisaukaskatt (sjá lið 3.5.1).

e) Tryggingaskírteini.

f) **Skírteini um akstursháfni** ef prófun á akstursháfni er lögboðin við skráningu allra vélknúinna ökutækja sem hafa áður verið skráð í sama eða öðru aðildarríki.

4. FLUTNINGUR VÉLKNÚINS ÖKUTÆKIS TIL ANNARS AÐILDARRÍKIS

Augljóslega er hægt að flytja vélknúið ökutæki til annars aðildarríkis með eftirvagni eða vörubifreið. Mörgum ökutækjum er þó ekið til viðtökuaðildarríkisins.

Í flestum aðildarríkjum gildir almennt sú regla að ekki megi aka vélknúnum ökutækjum á opinberum vegum án þess að þau beri skráningarnúmer. Að öllu jöfnu eru skráningarmerki upprunaaðildarríkisins eða viðtökuaðildarríkisins á vélknúna ökutækinu þegar því er ekið.

Auk þess skal ökutækið hafa gilda ábyrgðartryggingu ([3]) og mælt er með að ökumenn hafi meðferðis „græna skírteinið“, þ.e. alþjóðlega tryggingaskírteinið ([4]), þegar þeir nota ökutæki sín. Í kjölfar undirritunar marghliða samnings ([5]) í öllum aðildarríkjunum (ásamt Andorra, Króatíu, Liechtenstein, Noregi og Sviss) telst skrásetningarmerki ökutækisins þó vera jafngildi tryggingaskírteinis. Samkvæmt því er heimilt að aka vélknúnum ökutækjum, sem hafa númeraplötu frá einu þessara landa, óhindrað um þetta svæði, án þess að eftirlit sé haft með því á landamærum að ökutæki hafi lögboðna ábyrgðartryggingu.

([1]) Samkvæmt 7. forsendu tilskipunar 1999/37/EB nota aðildarríkin skráningarskírteini sem eru annaðhvort í einum hluta eða tveimur aðskildum hlutum og „heppilegt er, eins og sakir standa, að láta bæði þessi kerfi halda sér“. Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar samanstendur skráningarskírteinið því annaðhvort af einum hluta, í samræmi við I. viðauka, eða tveimur hlutum, í samræmi við I. og II. viðauka. Tilvísunin til II. hluta gildir aðeins um aðildarríki sem notast við kerfi skráningarskírteina sem eru í tveimur aðskildum hlutum (I. hluta og II. hluta).

([2]) Ákvæði 2. mgr. 5. gr. tilskipunar 1999/37/EB.

([3]) Tilskipun ráðsins 72/166/EBE frá 24. apríl 1972 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um ábyrgðartryggingu vegna notkunar vélknúinna ökutækja og til að kveða á um skyldu til að viðhalda vátryggingu gagnvart slíkri ábyrgð, með áorðnum breytingum.

([4]) Allir ökumenn geta fengið grænt skírteini hjá þeim vátryggjanda sem veitti þeim lögboðna ábyrgðartryggingu fyrir ökutæki. Græna skírteinið var innleitt árið 1953 undir forystu Efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu og er undir stjórn ráðs landsskrifstofa. Græna skírteinið vottar að ökumaðurinn nýtur a.m.k. lágmarksvátryggingaverndar frá þriðja aðila sem krafist er samkvæmt lögum ríkjanna sem heimsótt eru (nánari upplýsingar er að finna á http://www.cobx.org/public/NXhomeEng-Public.htm).

([5]) Samningur milli landsskrifstofa bifreiðatrygginga í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins, undirritaður 30. maí 2002, sem um getur í viðaukanum við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/564/EB frá 28. júlí 2003 um beitingu tilskipunar ráðsins 72/166/EBE [tilskipun ráðsins 72/166/EBE frá 24. apríl 1972 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um ábyrgðartryggingu vegna notkunar vélknúinna ökutækja og til að kveða á um skyldu til að viðhalda vátryggingu gagnvart slíkri ábyrgð], (Stjtíð. ESB L 192, 31.7.2003, bls. 23).

Til eru tvær leiðir til að aka vélknúnu ökutæki á löglegan hátt til viðtökuaðildarríkisins: annaðhvort hefur vélknúna ökutækið reynslumerki eða tímabundið skráningarmerki.

4.1. Akstur vélknúins ökutækis með reynslumerkjum

Skráningarkerfi fyrir atvinnurekendur eru við lýði í flestum aðildarríkjum til að gera smásölum kleift að aka vélknúnum ökutækjum á opinberum vegum í mjög stuttan tíma án þess að þurfa að skrá þau formlega. Skráningarkerfi fyrir atvinnurekendur eru eingöngu ætluð framleiðendum, samsetningaraðilum, dreifingaraðilum og seljendum, að því er varðar vélknúin ökutæki sem þeir eiga.

Flest aðildarríki gefa ekki út skráningarskírteini fyrir atvinnurekendur sem tengjast auðkenningu vélknúins ökutækis. Þau gefa venjulega út annars konar skjal sem sýnir fram á tengsl milli skráningarmerkjanna og handhafa þeirra, og/eða krefjast þess af handhafanum að hann haldi færslubók yfir ökuferðir sem farnar eru með skráningarmerkinu.

Í a-lið 1. mgr. 35. gr. Vínarsamningsins um umferð á vegum ([1]) er kveðið á um að samningsaðilar megi ekki hindra för vélknúinna ökutækja, sem skráð eru af öðrum samningsaðila, að því tilskildu að ökumaðurinn hafi undir höndum skráningarskírteini. Samningsaðilarnir skulu einnig viðurkenna skráningarskírteini, sem gefin eru út af öðrum samningsaðilum, í samræmi við ákvæði samningsins. Ekkert ákvæði er þó í samningnum sem skuldbindur eða heimilar samningsaðilum að banna frjálsa för ökutækja sem ekki uppfylla ákvæði samningsins.

Að teknu tilliti til frjálsra völuflutninga innan Bandalagsins ([2]) fellur umferð vélknúinna ökutækja, sem hafa atvinnuskráningarnúmer, sem gefið er út í öðru aðildarríki, undir EB-sáttmálann ([3]), einkum 28. gr. hans. Færa skal rök fyrir mögulegum hindrunum í samræmi við 30. gr. EB-sáttmálans eða eina af þeim lögboðnu kröfum sem Dómstóllinn samþykkir.

Sú meginregla, að hvert aðildarríki skuli gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að einkaréttarábyrgð, að því er varðar notkun ökutækja sem að öllu jöfnu eru staðsett á yfirráðasvæði þess sé tryggð, gildi einnig um ökutæki sem bera reynslumerki. Umfang ábyrgðarinnar og skilmálar og skilyrði tryggingarinnar eru ákveðin á grundvelli þessara ráðstafana. Aðildarríkjunum er þó heimilt að undanskilja ökutæki sem hafa reynslumerki frá þessari kvöð (þ.e. víkja frá áðurnefndum ákvæðum), ef slík merki eru tilgreind í skrá sem tekin er saman af viðkomandi aðildarríki og send hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni. Í því tilviki er hinum aðildarríkjunum heimilt að krefjast þess að sá sem ekur ökutækinu eigi gilt, grænt skírteini eða að hann geri vátryggingasamning sem gildir yfir landamæri og uppfyllir kröfur viðkomandi aðildarríkis ([4]). Hins vegar er lýst yfir, í nýrri breytingu við tilskipun 71/166/EBE sem innleidd var með 5. tilskipuninni um ábyrgðartryggingu vélknúinna ökutækja 2005/14/EB ([5]), að fara skuli með ökutæki, sem undanþegin eru tryggingaskyldunni á þeim forsendum að þau hafi sérstakt merki, á sama hátt og ótryggð ökutæki. Fórnarlömb slysa af völdum slíkra ökutækja eiga rétt á að sækja um bætur hjá tjónauppgjörsstofnun í því landi sem slysið varð. Sú stofnun skal þá hafa kröfu á hendur ábyrgðarsjóðnum í því landi sem ökutækið er að öllu jöfnu staðsett.

4.2. Vélknúna ökutækið hefur tímabundið skráningarmerki

Mörg aðildarríki hafa komið á fót kerfi tímabundinna skráninga til þess að aka megi vélknúnu ökutæki í skamman tíma áður en það hlýtur endanlega skráningu eða farið er með það af yfirráðasvæðinu. Tímabundin skráning fer venjulega fram í upprunaaðildarríki ökutækisins. Framkvæmdastjórnin lítur þó svo á að meginreglan um frjálsan umflutning vara og tilskipunin um skráningarskjöl fyrir ökutæki feli í sér að upprunaaðildarríkin skulu einnig samþykkja á sínu yfirráðasvæði notkun tímabundinna skráningarmerkja og -skírteina útgefin af viðtökuaðildarríkinu.

([1]) Sameinuðu þjóðirnar – efnahagsnefnd Evrópu, 8. nóvember 1968, með áorðnum breytingum.

([2]) Ákvæði 18. liðar úrskurðar Dómstólsins frá 23. október 2003, Administration des douanes et droits indirects gegn Rioglass SA og Transremar SL, mál C-115/02.

([3]) Sjá úrskurð Dómstólsins frá 2. október 2003, meðferð sakamáls gegn Marco Grilli, mál C-12/02.

([4]) Ákvæði b-liðar 4. gr. tilskipunar ráðsins 72/166/EBE.

([5]) Ákvæði b-liðar 3. mgr. 1. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/14/EB frá 11. maí 2005 um breytingu á tilskipunum ráðsins 72/166/EBE, 84/5/EBE, 88/357/EBE og 90/232/EBE og á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/26/EB að því er varðar ábyrgðartryggingu vélknúinna ökutækja, Stjtíð. ESB L 149 frá 11.6.2005, bls. 14. Tilskipunin skal koma til framkvæmda eigi síðar en 11. júní 2007.

Að því er varðar tímabundna skráningu:

— Aðildarríkjum er heimilt að gefa út tímabundin **skráningarskírteini sem er í engu eða að afar litlu leyti frábrugðið fyrirmyndinni sem er að finna í tilskipun 1999/37/EB**. Í því tilviki er öðrum aðildarríkjum skylt að viðurkenna tímabundna skráningarskírteinið, sem gefið er út af hálfu aðildarríkis til auðkenningar á viðkomandi ökutæki í umferð milli landa, að því tilskildu að ökumaður hafi með sér I. hluta skráningarskírteinisins skv. 1. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar ([1]).

— Einnig er **heimilt að tímabundna skráningarskírteinið sé verulega frábrugðið fyrirmyndinni sem er að finna í tilskipun 1999/37/EB**. Meginreglan er sú að öðrum aðildarríkjum sé skylt að viðurkenna skírteinið í samræmi við 28. og 30. gr. EB-sáttmálans.

Einungis má hindra frjálsan flutning vélknúins ökutækis með tímabundnu skráningarmerki og -skírteini af ástæðum sem tengjast öryggi á vegum (eins og akstursgetu ökumannsins, því að hann fylgi staðbundnum umferðarreglum eða akstureshæfni vélknúna ökutækisins), ef rökstuddur grunur leikur á um að ökutækið sé stolið eða ef eftirlitsyfirvöld hafa rökstuddar efasemdir um að skírteinið sé í gildi.

Að auki er mælt með því að ökumenn hafi á sér „græna skírteinið“ til staðfestingar þess að þeir hafi a.m.k. þá lágmarksvátryggingavernd sem krafist er samkvæmt lögum þess lands sem er heimsótt. Meðan á ferðalaginu stendur og þar til ökutækið fær endanlega skráningu í viðtökuaðildarríkinu verður það að vera tryggt samkvæmt vátryggingasamningi frá vátryggjanda sem er heimilt að starfa í upprunaríki ökutækisins. Hins vegar er ný regla ([2]), sem aðildarríki skulu taka upp í löggjöf sína í síðasta lagi 11. júní 2007, sem kveður á um að þegar ökutæki er sent frá einu aðildarríki til annars skuli litið svo á að aðildarríkið, þar sem áhættan liggur, teljist viðtökuaðildarríki um leið og kaupandi samþykkir viðtöku sendingar um 30 daga skeið, jafnvel þótt ökutækið hafi ekki verið skráð formlega í viðtökuaðildarríkinu. Þar með er kaupanda ökutækisins gert kleift að fá tryggingavernd í aðildarríkinu þar sem hann er búsettur þrátt fyrir að ökutækið sé með erlent skráningarmerki (bráðabirgðamerki upprunalandsins). Í hagnýtu tilliti merkir þetta að kaupa skal tryggingu í viðtökulandinu. Vátryggingafélög, sem hafa staðfestu í viðtökuaðildarríkinu, eða sem hafa staðfestu í öðrum aðildarríkjum en veita þjónustu í viðtökuaðildarríkinu á grundvelli frjálsrar þjónustustarfsemi eða staðfesturéttar, geta veitt slíka tryggingu.

5. ÚRRÆÐI

Allar ákvarðanir landsyfirvalda um að synja um gerðarviðurkenningu vélknúins ökutækis eða synja um skráningu skulu tilkynntar hlutaðeigandi aðila og um leið skal kynna honum þau lagaúrræði sem hann getur nýtt sér samkvæmt gildandi lögum í hlutaðeigandi aðildarríki og þann frest sem hann hefur til þess ([3]).

Að frátöldum þeim formlegu, landsbundnu úrræðum sem standa til boða aðila sem sækir um skráningu geta borgarar og fyrirtæki einnig leitað lausna á vandamálum tengdum viðurkenningu ökutækja eða bifreiðaskráningu í gegnum SOLVIT-netið ([4]). Notkun SOLVIT-netsins er gjaldfrjáls.

Einnig er hægt að snúa sér beint til framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna og leggja fram kvörtun gegn aðildarríki. Telji framkvæmdastjórnin að aðildarríki hafi ekki gegnt skyldum sínum samkvæmt EB-sáttmálanum getur hún hafið málsmeðferð vegna brota gegn aðildarríkinu skv. 226. gr. EB-sáttmálans.

([1]) Tilskipun 1999/37/EB gildir einnig um tímabundin skráningarmerki sem aðildarríkin skulu viðurkenna á grundvelli b-liðar 2. mgr. 1. gr og 4. gr. tilskipunarinnar.

([2]) Með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/14/EB frá 11. maí 2005 er felld ný grein, 4. gr. a, inn í tilskipun ráðsins 90/232/EBE um ábyrgðartryggingu vegna notkunar vélknúinna ökutækja.

([3]) Ákvæði 12. gr. tilskipunar 70/156/EBE.

([4]) http://europa.eu.int/solvit/

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 109/2008 **2013/EES/4/24**

frá 15. janúar 2008

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1924/2006 um næringar- og heilsufullyrðingar er varða matvæli (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([1]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1924/2006 ([3]) voru settar reglur um notkun fullyrðinga sem koma fram í merkingu, kynningu og auglýsingu matvæla.

2) Bannað er að nota heilsufullyrðingar nema þær uppfylli almennu og sértæku kröfurnar, sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1924/2006, og séu tilgreindar á skrám Bandalagsins yfir leyfilegar heilsufullyrðingar. Ekki er enn búið að fastsetja þessar skrár yfir heilsufullyrðingar samkvæmt málsmeðferðinni sem tilgreind er í þeirri reglugerð. Þessar skrár voru því ekki í gildi 1. júlí 2007 þegar sú reglugerð kom til framkvæmda.

3) Í reglugerð (EB) nr. 1924/2006 er því kveðið á um aðlögunarráðstafanir fyrir aðrar heilsufullyrðingar en þær sem vísa til þess að dregið hafi verið úr sjúkdómsáhættu og til þroskunar og heilsu barna.

4) Ekki var þörf á aðlögunarráðstöfunum fyrir heilsufullyrðingar sem vísa til þess að dregið hafi verið úr sjúkdómsáhættu. Þar eð fullyrðingar, er varða forvarnir, meðhöndlun eða lækningu sjúkdóma, eru bannaðar samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/13/EB frá 20. mars 2000 um samræmingu laga aðildarríkjanna um merkingu, kynningu og auglýsingu matvæla ([4]), og nýr flokkur fullyrðinga, sem vísa til þess að dregið hafi verið úr sjúkdómsáhættu, var innleiddur með reglugerð (EB) nr. 1924/2006 ættu vörur, sem bera slíkar fullyrðingar, ekki að vera á markaði Bandalagsins.

5) Flokkur fullyrðinga, sem vísa til þroskunar og heilsu barna, var innleiddur seint á málsmeðferðarferlinu fyrir samþykkt reglugerðar (EB) nr. 1924/2006 án þess að kveðið væri á um aðlögunarráðstafanir. Vörur, sem bera slíkar fullyrðingar, eru hins vegar þegar komnar á markað Bandalagsins.

6) Til að komast hjá röskun á markaðnum er því við hæfi að sömu aðlögunarráðstafanir gildi fyrir fullyrðingar, sem vísa til þroskunar barna og heilsu, og fyrir aðrar heilsufullyrðingar.

7) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 1924/2006 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 1924/2006 er breytt sem hér segir:

1. Í stað 1. mgr. 14. gr. komi eftirfarandi:

„1. Þrátt fyrir b-lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2000/13/EB má nota eftirtaldar fullyrðingar ef þær hafa verið leyfðar í samræmi við málsmeðferðina, sem mælt er fyrir um í 15., 16., 17. og 19. gr. þessarar reglugerðar, í því skyni að færa þær í skrá Bandalagsins yfir leyfilegar fullyrðingar af því tagi, ásamt öllum nauðsynlegum skilyrðum fyrir notkun þeirra.

a) Fullyrðingar um að dregið hafi verið úr sjúkdómsáhættu.

b) Fullyrðingar sem vísa til þroskunar barna og heilsu.“

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 39, 13.2.2008, bls. 14. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 98/2008 frá 26. september 2008 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 70, 20.11.2008, bls. 7.

([1]) Álit frá 26. september 2007 (hefur enn ekki verið birt í Stjtíð. ESB).

([2]) Álit Evrópuþingsins frá 12. desember 2007 (hefur enn ekki verið birt í Stjtíð. ESB) og ákvörðun ráðsins frá 11 janúar 2008.

([3]) Stjtíð. ESB L 404, 30.12.2006, bls. 9. Leiðrétt í Stjtíð. ESB L 12, 18.1.2007, bls. 3.

([4]) Stjtíð. EB L 109, 6.5.2000, bls. 29. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/68/EB (Stjtíð. ESB L 310, 28.11.2007, bls. 11).

2. Í stað inngangsmálsliðar í 6. mgr. 28. gr. komi eftirfarandi:

„Um heilsufullyrðingar, aðrar en þær sem um getur í a-lið 1. mgr. 13. gr. og a-lið 1. mgr. 14. gr. og hafa verið notaðar í samræmi við landsbundin ákvæði fyrir gildistökudag þessarar reglugerðar, gildir eftirfarandi:“.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. júlí 2007.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 15. janúar 2008.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,
H.-G. PÖTTERING
forseti.

Fyrir hönd ráðsins,
J. LENARČIČ
forseti.

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2008/17/EB **2013/EES/4/25**

frá 19. febrúar 2008

um breytingu á tilteknum viðaukum við tilskipanir ráðsins 86/362/EBE, 86/363/EBE og 90/642/EBE að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir asefat, asetamípríð, asíbensólar-S-metýl, aldrín, benalaxýl, benómýl, karbendasím, klórmekvat, klórþalóníl, klórpýrifos, klófentesín, sýflútrín, sýpermetrín, sýrómasín, díeldrín, dímetóat, díþíókarbamöt, esfenvalerat, famoxadón, fenhexamíð, fenítróþíón, fenvalerat, glýfosat, indoxakarb, lambda-sýhalótrín, mepanípýrim, metalaxýl-M, metídaþíón, metoxýfenósíð, pýmetrósín, pýraklóstróbín, pýrimetaníl, spíroxamín, þíaklópríð, þíófanatmetýl og trífloxýstróbín (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 86/362/EBE frá 24. júlí 1986 um hámarksmagn varnarefnaleifa í og á kornvörum ([1]), einkum 10. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 86/363/EBE frá 24. júlí 1986 um hámarksmagn varnarefnaleifa í og á matvælum úr dýraríkinu ([2]), einkum 10. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 90/642/EBE frá 27. nóvember 1990 um hámarksmagn varnarefnaleifa í og á tilteknum vörum úr jurtaríkinu, meðal annars ávöxtum og matjurtum ([3]), einkum 7. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna ([4]), einkum f-lið 1. mgr. 4. gr.,

1) Í samræmi við ákvæði tilskipunar 91/414/EBE bera aðildarríkin ábyrgð á veitingu leyfa fyrir plöntuvarnarefnum til notkunar á tilteknar plöntur. Slík leyfi verða að byggjast á mati á áhrifum á heilbrigði manna og dýra og áhrifum á umhverfið. Við matið skal m.a. taka tillit til hugsanlegra váhrifa á þá sem nota efnið og aðra nálæga, áhrifa á umhverfi á landi, í vatni og í lofti, auk áhrifa á menn og dýr sem neyta meðhöndlaðra plantna sem innihalda efnaleifar.

2) Hámarksgildi leifa endurspeglar notkun á minnsta magni varnarefna sem nægir til að verja plöntur á árangursríkan hátt þegar varnarefnið er notað þannig að magn varnarefnaleifa verði eins lítið og unnt er og viðunandi frá eiturefnafræðilegu sjónarmiði, einkum að því er varðar magn sem áætlað er að sé tekið inn með fæðu.

3) Stöðugt ber að endurskoða hámarksgildi leifa fyrir varnarefni sem falla undir tilskipanir 90/642/EBE, 86/363/EBE og 86/362/EBE og breyta má gildunum í því skyni að taka tillit til nýrrar eða breyttrar notkunar. Framkvæmdastjórninni hafa borist upplýsingar um nýja eða breytta notkun sem ættu að leiða til breytinga á gildum leifa fyrir asefat, asetamípríð, asíbensólar-S-metýl, aldrín, benalaxýl, benómýl, karbendasím, klórmekvat, klórþalóníl, klórpýrifos, klófentesín, sýflútrín, sýpermetrín, sýrómasín, díeldrín, dímetóat, díþíókarbamöt, esfenvalerat, famoxadón, fenhexamíð, fenítróþíón, fenvalerat, glýfosat, indoxakarb, lambda-sýhalótrín, mepanípýrim, metalaxýl-M, metídaþíón, metoxýfenósíð, pýmetrósín, pýraklóstróbín, pýrimetaníl, spíroxamín, þíaklópríð, þíófanatmetýl og trífloxýstróbín.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 50, 23.2.2008, bls. 17. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 98/2008 frá 26. september 2008 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 70, 20.11.2008, bls. 7.

([1]) Stjtíð. EB L 221, 7.8.1986, bls. 37. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/73/EB (Stjtíð. ESB L 329, 14.12.2007, bls. 40).

([2]) Stjtíð. EB L 221, 7.8.1986, bls. 43. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/57/EB (Stjtíð. ESB L 243, 18.9.2007, bls. 61).

([3]) Stjtíð. EB L 350, 14.12.1990, bls. 71. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/73/EB.

([4]) Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/76/EB (Stjtíð. ESB L 337, 21.12.2007, bls. 100).

4) Ævilöng váhrif varnarefnanna, sem um getur í þessari tilskipun, á neytendur frá matvælum, sem kunna að innihalda leifar varnarefnanna, hafa verið metin í samræmi við þær reglur og venjur sem er fylgt innan Bandalagsins, að teknu tilliti til þeirra viðmiðunarreglna sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin gefur út ([1]). Ákvarða skal hámarksgildi leifa fyrir þessi varnarefni út frá þessu mati og úttektum til að tryggja að ekki sé farið yfir viðtekinn dagskammt.

5) Viðmiðunarskammtur bráðrar eitrunar (ArfD) hefur verið skilgreindur fyrir asefat, asetamípríð, karbendasím, klórmekvat, klórþalóníl, klórpýrifos, sýflútrín, sýpermetrín, sýrómasín, díeldrín, dímetóat, esfenvalerat, famoxadón, fenítróþíón, indoxakarb, lambda-sýhalótrín, mepanípýrim, metalaxýl-M, metídaþíón, metoxýfenósíð, pýmetrósín, pýraklóstróbín, þíaklópríð og þíófanatmetýl. Bráð váhrif á neytendur frá öllum matvælum, sem kunna að innihalda leifar þessara varnarefna, hafa verið metin í samræmi við þær reglur og venjur sem er fylgt innan Bandalagsins, að teknu tilliti til þeirra viðmiðunarreglna sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur gefið út. Tekið er tillit til álits vísindanefndarinnar um plöntur, einkum ráðlegginga og tilmæla um vernd þeirra sem neyta matvæla sem hafa verið meðhöndluð með varnarefnum ([2]). Ákvarða skal hámarksgildi leifa fyrir þessi varnarefni á grundvelli mats á magni sem tekið er inn með fæðu til að tryggja að ekki sé farið yfir viðmiðunarskammt bráðrar eitrunar. Að því er varðar hin efnin hefur mat á fyrirliggjandi upplýsingum leitt í ljós að ekki er þörf á að ákvarða viðmiðunarskammt bráðrar eitrunar og þar af leiðandi er ekki þörf á mati á váhrifum til skamms tíma.

6) Ef leyfileg notkun varnarefna hefur ekki í för með sér greinanlegar varnarefnaleifar í eða á matvælunum eða ef engin notkun er leyfð eða ef notkun, sem aðildarríkin hafa leyft, hefur ekki verið studd nauðsynlegum gögnum eða ef notkun í þriðju löndum, sem hefur í för með sér efnaleifar í eða á matvælum sem kunna að fara í dreifingu á markað Bandalagsins, hefur ekki verið studd nauðsynlegum gögnum skulu hámarksgildi leifa fastsett við neðri greiningarmörk.

7) Setning eða breyting bráðabirgðahámarksgilda leifa á vettvangi Bandalagsins kemur ekki í veg fyrir að aðildarríkin geti sett bráðabirgðahámarksgildi leifa fyrir asetamípríð, asíbensólar-S-metýl, famoxadón, fenamífos, glýfosfat, indoxakarb, mepanípýrim, metoxýfenósíð, pýmetrósín, pýraklóstróbín, þíaklópríð og tríflóxýstróbín í samræmi við f-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 91/414/EBE og VI. viðauka við þá tilskipun. Talið er að fjögur ár séu nægur tími til þess að heimila víðtækari notkun þessara efna. Eftir það ættu bráðabirgðahámarksgildi Bandalagsins að verða endanleg.

8) Nauðsynlegt er því að breyta þeim hámarksgildum leifa, sem eru sett í tilskipunum 86/362/EBE, 86/363/EBE og 90/642/EBE, svo að unnt sé að koma við nægilegri vöktun og hafa eftirlit með notkun viðkomandi plöntuvarnarefna og vernda neytendur. Ef hámarksgildi leifa hafa þegar verið skilgreind í viðaukunum við þessar tilskipanir er rétt að breyta þeim. Ef hámarksgildi leifa hafa enn ekki verið skilgreind er rétt að fastsetja þau nú.

9) Samráð hefur verið haft, eftir því sem þörf er á, við viðskiptaaðila Bandalagsins, fyrir milligöngu Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, og tillit hefur verið tekið til athugasemda þeirra um þessi hámarksgildi.

10) Því ber að breyta tilskipunum 86/362/EBE, 86/363/EBE og 90/642/EBE til samræmis við þetta.

11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Tilskipun 86/362/EBE er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa tilskipun.

2. gr.

Tilskipun 86/363/EBE er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa tilskipun.

3. gr.

Tilskipun 90/642/EBE er breytt í samræmi við III. viðauka við þessa tilskipun.

([1]) Viðmiðunarreglur um áætlun á magni varnarefnaleifa sem berast með fæðu (endursk.), samdar af matvælasviði Alþjóðlega umhverfiseftirlitsins (GEMS/Food Programme) í samráði við Codex-nefndina um varnarefnaleifar, útg.: Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin 1997 (WHO/FSF/FOS/97.7).

([2]) Álit varðandi spurningar um að breyta viðaukunum við tilskipanir ráðsins 86/362/EBE, 86/363/EBE og 90/642/EBE (álit vísindanefndarinnar um plöntur, gefið 14. júlí 1998); álit varðandi breytilegar varnarefnaleifar í aldinum og grænmeti (álit vísindanefndarinnar um plöntur, gefið 14. júlí 1998) http://europa.eu.int/comm/food/fs/sc/scp/outcome_ppp_en.html

4. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 14. september 2008. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða og samsvörunartöflu milli viðkomandi ákvæða og þessarar tilskipunar.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 15. september 2008.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

5. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

6. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 19. febrúar 2008.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Markos KYPRIANOU

framkvæmdastjóri.

I. VIÐAUKI

Í A-hluta II. viðauka við tilskipun 86/362/EBE bætast eftirfarandi upplýsingar við um fenítróþíón og í stað upplýsinganna um sýpermetrín, famoxadón, mepanípýrim, metídaþíón og þíaklópríð kemur eftirfarandi:

Varnarefnaleifar	Hámarksgildi í mg/kg
„Sýpermetrín, ásamt öðrum blöndum efnisþátta (summa hverfnanna)	2 hveiti, bygg, hafrar, rúgur, rúghveiti 0,01 (*) aðrar korntegundir
Famoxadón	0,2 hafrar 0,02 (*) aðrar korntegundir
Fenítróþíón	0,5 (t) hveiti, bygg, rúgur, rúghveiti 0,05 (*) aðrar korntegundir
Mepanípýrim og umbrotsefni þess (2-anilín-4-(2-hýdroxýpropýl)-6-metýlpýrimídín), gefið upp sem mepanípýrim	0,01 (*) (p) korn
Metídaþíon	0,1 maís, 0,2 dúrra, 0,02 (*) aðrar korntegundir
Þíaklópríð	0,1 hveiti, 1 bygg, hafrar, 0,05 (p) aðrar korntegundir

(t) Bráðabirgðahámarksgildi leifa til 1. júní 2009. Verði ekki sett nýtt hámarksgildi í stað þessa með tilskipun eða reglugerð fyrir þá dagsetningu gilda viðeigandi greiningarmörk.“

II. VIÐAUKI

Í B-hluta II. viðauka við tilskipun 86/363/EBE komi eftirfarandi í stað upplýsinganna um glýfosat:

	Hámarksgildi í mg/kg (milljónarhlutar)		
Varnarefnaleifar	í kjöti, þ.m.t. fita, unnar kjötvörur, innmatur og dýrafita, sem skráð er í I. viðauka undir númerum úr 0201, 0202, 0203, 0204, 0205 00 00, 0206, 0207, úr 0208, 0209 00, 0210, 1601 00 og 1602	í mjólk og mjólkurvörum sem skráðar eru í I. viðauka undir SAT-númerum 0401, 0402, 0405 00 og 0406	í skurnlausum, nýjum eggjum, í fuglseggjum og eggjarauðu sem skráð eru í I. viðauka undir númerum 0407 00 og 0408
„Glýfosat	2 (p) nýru úr nautgripum 0,2 (p) lifur úr nautgripum 0,5 (p) nýru úr svínum 0,1 (p) lifur úr alifuglum 0,05 (*) (p) annað	0,05 (*) (p)	0,05 (*) (p)

(*) Neðri greiningarmörk.
(p) Hámarksgildi leifa hefur verið ákvarðað til bráðabirgða í samræmi við f-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 91/414/EBE.“

III. VIÐAUKI

Í A-hluta II. viðauka við tilskipun 90/642/EBE komi eftirfarandi í stað dálkanna fyrir asefat, asetamípríð, asíbensólar-S-metýl, aldrín, benalaxýl, benómýl, karbendasím, klórmekvat, klórþalóníl, klórpýrifos, klófentesín, sýflútrín, sýrómasín, díeldrín, dímetóat, díþíókarbamöt, esfenvalerat, famoxadón, fenhexamíð, fenvalerat, indoxakarb, lambda-sýhalótrín, mepanípýrim, metalaxýl(-M), metídaþíón, metoxýfenósíð, pýmetrósín, pýraklóstróbín, pýrimetaníl, spíroxamín, þíaklópríð, þíófanatmetýl og trífloxýstróbín.

„Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem þessi hámarksgildi leifa eiga við um	Asefat	Asetamípríð	Asíbensólar-s-metýl	Aldrín og díeldrín, (aldrín og díeldrín í samsetningu, gefin upp sem díeldrín) (F)	Benalaxýl, ásamt öðrum blöndum skyldra hverfna, þ.m.t. benalaxýl-M (summa hverfnanna)	Karbendasím og benómýl (summa benómýls og karbendasíms, gefin upp sem karbendasím)	Klórmekvat	Klórpýrifos	Klórþalóníl	Klófentesín
1. **Aldin, ný, þurrkuð eða ósoðin, rotvarin með frystingu, án viðbætts sykurs; hnetur**	***0,02 (*)***			0,01 (*)						
i. SÍTRUSÁVEXTIR		1 (p)	0,02 (*) (p)		0,05 (*)	***0,5***	0,05 (*)		0,01 (*)	0,5
Greipaldin										
Sítrónur								0,2		
Súraldin (límónur)										
Mandarínur (þ.m.t. klementínur og aðrir blendingar)								2		
Appelsínur										
Pómelónur										
Annað								0,3		
ii. TRJÁHNETUR (í skurn eða skurnlausar)		0,01 (*) (p)			0,05 (*)	0,1 (*)	0,1 (*)	0,05 (*)	0,01 (*)	0,05 (*)
Möndlur										
Parahnetur										
Kasúhnetur										

Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem þessi hámarksgildi leifa eiga við um	Sýflútrín, (sýflútrín ásamt öðrum blöndum skyldra hverfna (summa hverfnanna)) (F)	Sýrómasín	Dímetóat (summa dímetóats og ómetóats, gefin upp sem dímetóat)	Díþíókarbamöt, gefin upp sem CS_2, þ.m.t maneb, mankóseb, metíram, própíneb, þíram og síram°([1]), ([2])	Famoxadón	Fenhexamíð	Fenvalerat og esfenvalerat (summa hverfnanna RR og SS) (F)	Indoxakarb (summa hverfnanna S og R)	Lambda-sýhalótrín (F)	Mepanípýrim og umbrotsefni þess (2-anilín-4-(2-hýdroxýpropýl)-6-metýlpýrimídín), gefið upp sem mepanípýrim
1. **Aldin, ný, þurrkuð eða ósoðin, rotvarin með frystingu, án viðbætts sykurs; hnetur**		0,05 (*)								
i. SÍTRUSÁVEXTIR	0,02 (*)		0,02 (*)	5 (mz)	0,02 (*)	0,05 (*) (p)	0,02 (*)	0,02 (*) (p)		0,01 (*) (p)
Greipaldin									0,1	
Sítrónur									0,2	
Súraldin (límónur)									0,2	
Mandarínur (þ.m.t. klementínur og aðrir blendingar)									0,2	
Appelsínur									0,1	
Pómelónur									0,1	
Aðrir									0,02 (*)	
ii. TRJÁHNETUR (í skurn eða skurnlausar)	0,02 (*)		0,05 (*)		0,02 (*)	0,05 (*) (p)	0,02 (*)	0,05 (*) (p)	0,05 (*)	0,01 (*) (p)
Möndlur										
Parahnetur										
Kasúhnetur										

Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem þessi hámarksgildi leifa eiga við um	Metalaxýl og metalaxýl-M (metalaxýl ásamt öðrum blöndum skyldra hverfna, þ.m.t. metalaxýl-M (summa hverfnanna))	Metídaþíón	Metoxýfenósíð (F)	Pýmetrósín	Pýraklóstróbín	Pýrimetaníl	Spíroxamín	Trífloxýstróbín	Þiaklópríð (F)	Þíófanatmetýl
1. **Aldin, ný, þurrkuð eða ósoðin, varin skemmdum með frystingu, án viðbætts sykurs; hnetur**										
i. SÍTRUSÁVEXTIR	0,5	***5***	1	0,3	1 (p)	10 (p)	0,05 (*)	0,3 (p)	0,02 (*) (p)	0,1 (*)
Greipaldin										
Sítrónur										
Súraldin (límónur)										
Mandarínur (þ.m.t. klementínur og aðrir blendingar)										
Appelsínur										
Pómelónur										
Aðrir										
ii. TRJÁHNETUR (í skurn eða skurnlausar)	0,05 (*)	0,05 (*)	0,02 (*)	0,02 (*)			0,05 (*)	0,02 (*) (p)	0,02 (*) (p)	0,2
Möndlur						0,2 (p)				
Parahnetur										
Kasúhnetur										

Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem þessi hámarksgildi leifa eiga við um	Asefat	Asetamípríð	Asíbensólar-s-metýl	Aldrín og díeldrín, (aldrín og díeldrín í samsetningu, gefin upp sem díeldrín) (F)	Benalaxýl, ásamt öðrum blöndum skyldra hverfna, þ.m.t. benalaxýl-M (summa hverfnanna)	Karbendasím og benómýl (summa benómýls og karbendasíms, gefin upp sem karbendasím)	Klórmekvat	Klórpýrifós	Klórþalóníl	Klófentesín
Kastaníuhnetur										
Kókoshnetur										
Heslihnetur			0,1 (*) (p)							
Goðahnetur (makadamíuhnetur)										
Pekanhnetur										
Furuhnetur										
Pistasíuhnetur										
Valhnetur										
Aðrar			***0,02*** **(*) (p)**							
iii. KJARNAÁVEXTIR		0,1 (p)	0,02 (*) (p)		0,05 (*)	0,2		0,5	1	0,5
Epli										
Perur							0,2 (t)			
Kveði										
Aðrir							0,05 (*)			
iv. STEINALDIN			0,02 (*) (p)		0,05 (*)		0,05 (*)			
Apríkósur		0,1 (p)				0,2			1	
Kirsuber		0,2 (p)				0,5		0,3		
Ferskjur (þ.m.t. nektarínur og áþekkir blendingar)		0,1 (p)				0,2		0,2	1	

Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem þessi hámarksgildi leifa eiga við um	Sýflútrín, (sýflútrín ásamt öðrum blöndum skyldra hverfna (summa hverfnanna)) (F)	Sýrómasín	Dímetóat (summa dímetóats og ómetóats, gefin upp sem dímetóat)	Díþíókarbamöt, gefin upp sem CS_2, þ.m.t maneb, mankóseb, maneb, metríam, própíneb, þíram og síram°(1), (2)	Famoxadón	Fenhexamíð	Fenvalerat og esfenvalerat (summa hverfnanna RR og SS) (F)	Indoxakarb (summa hverfnanna S og R)	Lambda-sýhalótrín (F)	Mepanípýrim og umbrotsefni þess (2-anilín-4-(2-hýdroxýprópýl)-6-metýlpýrimídín), gefið upp sem mepanípýrim
Kastaníuhnetur										
Kókoshnetur										
Heslihnetur										
Goðahnetur (makadamíuhnetur)										
Pekanhnetur										
Furuhnetur										
Pistasíuhnetur										
Valhnetur				0,1 (mz)						
Önnur				0,05 (*)						
iii. KJARNAÁVEXTIR	0,2		0,02 (*)	5 (ma, mz, me, pr, t, z)	0,02 (*)	0,05 (*) (p)	0,05		0,1	0,01 (*) (p)
Epli								0,5 (p)		
Perur										
Kveði										
Aðrir								0,3 (p)		
iv. STEINALDIN					0,02 (*)					0,01 (*) (p)
Apríkósur	0,3			2 (mz, t)		5 (p)	***0,1***	***0,3* (p)**	0,2	
Kirsuber	0,2		1	2 (mz, me, pr, t, z)		5 (p)			0,1	
Ferskjur (þ.m.t. nektarínur og áþekkir blendingar)	0,3			2 (mz, t)		5 (p)	***0,1***	***0,3* (p)**	0,2	

Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem þessi hámarksgildi leifa eiga við um	Metalaxýl og metalaxýl-M (metalaxýl ásamt öðrum blöndum skyldra hverfna, þ.m.t. metalaxýl-M (summa hverfnanna))	Metídaþíón	Metoxýfenósíð (F)	Pýmetrósín	Pýraklóstróbín	Pýrimetaníl	Spíroxamín	Trífloxýstróbín	Þíaklópríð (F)	Þíófanatmetýl
Kastaníuhnetur										
Kókoshnetur										
Heslihnetur										
Goðahnetur (makadamíuhnetur)										
Pekanhnetur										
Furuhnetur										
Pistasíuhnetur					1 (p)	0,2 (p)				
Valhnetur										
Önnur					0,02 (*) (p)	0,05 (*) (p)				
iii. KJARNAÁVEXTIR	1	***0,05***	2	0,02 (*)	0,3 (p)	5 (p)	0,05 (*)	0,5 (p)	0,3 (p)	0,5
Epli										
Perur										
Kveði										
Aðrir										
iv. STEINALDIN	0,05 (*)						0,05 (*)			
Apríkósur			***0,3***	0,05	0,2 (p)	3 (p)		***1*** **(p)**	***0,3*** **(p)**	2
Kirsuber		***0,2***			***0,3*** **(p)**			1 (p)	0,3 (p)	0,3
Ferskjur (þ.m.t. nektarínur og áþekkir blendingar)			0,3	0,05	0,2 (p)	10 (p)		***1*** **(p)**	***0,3*** **(p)**	2

Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem þessi hámarksgildi leifa eiga við um	Asefat	Asetamípríð	Asíbensólar-s-metýl	Aldrín og díeldrín, (aldrín og díeldrín í samsetningu, gefin upp sem díeldrín) (F)	Benalaxýl, ásamt öðrum blöndum skyldra hverfna, þ.m.t. benalaxýl-M (summa hverfnanna)	Karbendasím og benómýl (summa benómýls og karbendasíms, gefin upp sem karbendasím)	Klórmekvat	Klórpýrifós	Klórþalóníl	Klófentesín
Plómur		***0,02 (p)***				0,5		0,2		0,2
Önnur		0,01 (*) *(p)*				0,1 (*)			0,01 (*)	0,02 (*)
v. BER OG ÖNNUR SMÁ ALDIN		0,01 (*) *(p)*	0,02 (*) *(p)*				0,05 (*)			
a) Vínber og þrúgur					0,2			0,5		
Vínber						0,3			1	0,02 (*)
Þrúgur						0,5			3	1
b) Jarðarber (önnur en villt)					0,05 (*)	0,1 (*)		0,2	3	2
c) Klungurber (önnur en villt)					0,05 (*)	0,1 (*)			0,01 (*)	
Brómber								***0,5***		3
Daggarber (elgsber)										
Logaber										
Hindber								***0,5***		3
Önnur								***0,05*** (*)		0,3
d) Önnur smá aldin og ber (önnur en villt)					0,05 (*)	0,1 (*)				
Aðalbláber										
Trönuber									2	
Rifsber (rauð og hvít) og sólber								1	10	0,5
Stikilsber								1	10	
Önnur								0,05 (*)	0,01 (*)	0,02 (*)

Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem þessi hámarksgildi leifa eiga við um	Sýflútrín, (sýflútrín ásamt öðrum blöndum skyldra hverfna (summa hverfnanna)) (F)	Sýrómasín	Dímetóat (summa dímetóats og ómetóats, gefin upp sem dímetóat)	Díþíókarbamöt, gefin upp sem CS_2, þ.m.t maneb, mankóseb, metíram, própíneb, þíram og síram°([1]), ([2])	Famoxadón	Fenhexamíð	Fenvalerat og esfenvalerat (summa hverfnanna RR og SS) (F)	Indoxakarb (summa hverfnanna S og R)	Lambda-sýhalótrín (F)	Mepanípýrim og umbrotsefni þess (2-anilín-4-(2-hýdroxýpropýl)-6-metýlpýrimídín), gefið upp sem mepanípýrim
Plómur	0,2			2 (mz, me, t, z)		1 (p)			0,1	
Önnur	0,02 (*)		0,02 (*)	0,05 (*)		0,05 (*) (p)	0,02 (*)	0,02 (*) (p)	0,1	
v. BER OG ÖNNUR SMÁ ALDIN			0,02 (*)							
a) Vínber og þrúgur	0,3			5 (ma, mz, me, pr, t)	2	5 (p)	0,1	2 (p)	0,2	3 (p)
Vínber										
Þrúgur										
b) Jarðarber (önnur en villt)	0,02 (*)			10 (t)	0,02 (*)	5 (p)	0,02 (*)	0,02 (*) (p)	0,5	2 (p)
c) Klungurber (önnur en villt)	0,02 (*)			0,05 (*)	0,02 (*)	10 (p)	0,02 (*)	0,02 (*) (p)		0,01 (*) (p)
Brómber										
Daggarber (elgsber)										
Logaber										
Hindber									0,2	
Önnur									0,02 (*)	
d) Önnur smá aldin og ber (önnur en villt)	0,02 (*)			5 (mz)	0,02 (*)	5 (p)	0,02 (*)			0,01 (*) (p)
Aðalbláber										
Trönuber										
Rifsber (rauð og hvít) og sólber								1 (p)	0,1	
Stikilsber								1 (p)	0,1	
Önnur								0,02 (*) (p)	0,02 (*)	

Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem þessi hámarksgildi leifa eiga við um	Metalaxýl og metalaxýl-M (metalaxýl ásamt öðrum blöndum skyldra hverfna, þ.m.t. metalaxýl-M (summa hverfnanna))	Metídaþíón	Metoxýfenósíð (F)	Pýmetrósín	Pýraklóstróbín	Pýrimetaníl	Spíroxamín	Trífloxýstróbín	Þíaklópríð (F)	Þíófanatmetýl
Plómur		0,2			***0,2 (p)***	3 *(p)*		0,2 *(p)*	0,1 *(p)*	0,3
Önnur		0,02 (*)	0,02 (*)	0,02 (*)	0,02 (*) *(p)*	0,05 (*) *(p)*		0,02 (*) *(p)*	0,02 (*) *(p)*	0,1 (*)
v. BER OG ÖNNUR SMÁ ALDIN										
a) Vínber og þrúgur		0,02 (*)	1	0,02 (*)		5 *(p)*	1	5 *(p)*	0,02 (*) *(p)*	
Vínber	2		1		1 *(p)*					0,1 (*)
Þrúgur	1		1		2 *(p)*					3
b) Jarðarber (önnur en villt)	0,5	0,02 (*)	0,02 (*)	0,5	0,5 *(p)*	5 *(p)*	0,05 (*)	0,5 *(p)*	0,5 *(p)*	0,1 (*)
c) Klungurber (önnur en villt)	0,05 (*)	0,02 (*)	0,02 (*)				0,05 (*)	0,02 (*) *(p)*		0,1 (*)
Brómber				3	***1 (p)***	10 *(p)*			3 *(p)*	
Daggarber (elgsber)										
Logaber										
Hindber				3	***1 (p)***	10 *(p)*			3 *(p)*	
Önnur				0,02 (*)	0,02 (*) *(p)*	0,05 (*) *(p)*			1 *(p)*	
d) Önnur smá aldin og ber (önnur en villt)	0,05 (*)	0,02 (*)	0,02 (*)			5 *(p)*	0,05 (*)		1 *(p)*	0,1 (*)
Aðalbláber										
Trönuber										
Rifsber (rauð og hvít) og sólber				0,1	***2 (p)***			1 *(p)*		
Stikilsber								1 *(p)*		
Önnur				0,02 (*)	***0,5 (p)***			0,02 (*) *(p)*		

Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem þessi hámarksgildi leifa eiga við um	Asefat	Asetamípríð	Asíbensólar-s-metýl	Aldrín og díeldrín, (aldrín og díeldrín í samsetningu, gefin upp sem díeldrín) (F)	Benalaxýl, ásamt öðrum blöndum skyldra hverfna, þ.m.t. benalaxýl-M (summa hverfnanna)	Karbendasím og benómýl (summa benómýls og karbendasíms, gefin upp sem karbendasím)	Klórmekvat	Klórpýrifós	Klórþalóníl	Klófentesín
e) Villt ber og önnur villt aldin					0,05 (*)	0,1 (*)		0,05 (*)	0,01 (*)	0,02 (*)
vi. ÝMIS ALDIN		0,01 (*) (p)			0,05 (*)					
Lárperur										
Bananar			0,1 (p)					3	0,2	***2***
Döðlur										
Fíkjur										
Kíví								2		
Dvergappelsínur										
Litkaber										
Mangó			***0,5*** **(p)**			***0,5***				
Ólífur (til átu)							0,1 (*)			
Ólífur (til olíuframleiðslu)							0,1 (*)			
Papæjualdin						0,2			20	
Píslaraldin										
Ananas										
Granatepli										
Önnur			0,02 (*) (p)			0,1 (*)	0,05 (*)	0,05 (*)	0,01 (*)	0,02 (*)

Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem þessi hámarksgildi leifa eiga við um	Sýflútrín, (sýflútrín ásamt öðrum blöndum skyldra hverfna (summa hverfnanna)) (F)	Sýrómasín	Dímetóat (summa dímetóats og ómetóats, gefin upp sem dímetóat)	Díþíókarbamöt, gefin upp sem CS_2, þ.m.t maneb, mankóseb, metíram, própíneb, þíram og síram°([1]), ([2])	Famoxadón	Fenhexamíð	Fenvalerat og esfenvalerat (summa hverfnanna RR og SS) (F)	Indoxakarb (summa hverfnanna S og R)	Lambda-sýhalótrín (F)	Mepanípýrim og umbrotsefni þess (2-anilín-4-(2-hýdroxýprópýl)-6-metýlpýrimídín), gefið upp sem mepanípýrim
e) Villt ber og önnur villt aldin				0,05 (*)		0,05 (*) (p)		0,02 (*) (p)	***0,2***	0,01 (*) (p)
vi. ÝMIS ALDIN	0,02 (*)				0,02 (*)		0,02 (*)			0,01 (*) (p)
Lárperur										
Bananar				2 (mz, me)				0,2 (p)	***0,1***	
Döðlur										
Fíkjur										
Kíví						10 (p)				
Dvergappelsínur										
Litkaber										
Mangó				2 (mz)					0,1	
Ólífur (til átu)			2	5 (mz, pr)					0,5	
Ólífur (til olíuframleiðslu)			2	5 (mz, pr)					0,5	
Papæjualdin				7 (mz)						
Píslaraldin										
Ananas										
Granatepli										
Önnur			0,02 (*)	0,05 (*)		0,05 (*) (p)		0,02 (*) (p)	0,02 (*)	

Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem þessi hámarksgildi leifa eiga við um	Metalaxýl og metalaxýl-M (metalaxýl ásamt öðrum blöndum skyldra hverfna, þ.m.t. metalaxýl-M (summa hverfnanna))	Metídaþíón	Metoxýfenósíð (F)	Pýmetrósín	Pýraklóstróbín	Pýrimetaníl	Spíroxamín	Trífloxýstróbín	Þíaklópríð (F)	Þíófanatmetýl
e) Villt ber og önnur villt aldin		0,02 (*)		0,02 (*)	0,02 (*) (p)	0,05 (*) (p)	0,05 (*)	0,02 (*) (p)	0,02 (*) (p)	0,1 (*)
vi. ÝMIS ALDIN	0,05 (*)			0,02 (*)						
Lárperur										
Bananar						0,1 (p)	***3***	0,05 (p)		
Döðlur										
Fíkjur										
Kíví			1							
Dvergappelsínur										
Litkaber										
Mangó					0,05 (p)			0,5 (p)		***1***
Ólífur (til átu)		1						0,3 (p)		
Ólífur (til olíuframleiðslu)								0,3 (p)		
Papæjualdin					0,05 (p)			1 (p)	0,5 (p)	1
Píslaraldin										
Ananas		***0,05***								
Granatepli										
Önnur		0,02 (*)	0,02 (*)		0,02 (*) (p)	0,05 (*) (p)	***0,05*** (*)	0,02 (*) (p)	0,02 (*) (p)	0,1 (*)

Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem þessi hámarksgildi leifa eiga við um	Asefat	Asetamípríð	Asíbensólar-s-metýl	Aldrín og díeldrín, (aldrín og díeldrín í samsetningu, gefin upp sem díeldrín) (F)	Benalaxýl, ásamt öðrum blöndum skyldra hverfna, þ.m.t. benalaxýl-M (summa hverfnanna)	Karbendasím og benómýl (summa benómýls og karbendasíms, gefin upp sem karbendasím)	Klórmekvat	Klórpýrifós	Klórþalóníl	Klófentesín
2. **Grænmeti, ferskt eða ósoðið, fryst eða þurrkað**	0,02 (*)									
i. RÓTARÁVEXTIR OG HNÝÐI		0,01 (*) (p)	0,02 (*) (p)		0,05 (*)	0,1 (*)	0,05 (*)			0,02 (*)
Rauðrófur										
Gulrætur								0,1	1	
Kassava										
Hnúðsilla									1	
Piparrót										
Ætifífill										
Nípur				0,02 (h)						
Steinseljurót										
Hreðkur								0,2		
Hafursrót										
Sætuhnúðar										
Gulrófur										
Næpur										
Kínakartöflur										
Annað				0,01 (*)				0,05 (*)	0,01 (*)	

Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem þessi hámarksgildi leifa eiga við um	Sýflútrín, (sýflútrín ásamt öðrum blöndum skyldra hverfna (summa hverfnanna)) (F)	Sýrómasín	Dímetóat (summa dímetóats og ómetóats, gefin upp sem dímetóat)	Díþíókarbamöt, gefin upp sem CS_2, þ.m.t maneb, mankóseb, metíram, própíneb, þíram og síram°([1]), ([2])	Famoxadón	Fenhexamíð	Fenvalerat og esfenvalerat (summa hverfnanna RR og SS) (F)	Indoxakarb (summa hverfnanna S og R)	Lambda-sýhalótrín (F)	Mepanípýrim og umbrotsefni þess (2-anilín-4-(2-hýdroxýprópýl)-6-metýlpýrimídín), gefið upp sem mepanípýrim
2. **Grænmeti, ferskt eða ósoðið, fryst eða þurrkað**										
i. RÓTARÁVEXTIR OG HNÝÐI	0,02 (*)				0,02 (*)	0,05 (*) (p)	0,02 (*)			0,01 (*) (p)
Rauðrófur				0,5 (mz)						
Gulrætur		1		0,2 (mz)						
Kassava										
Hnúðsilla			0,1	0,3 (ma, me, pr, t)					0,1	
Piparrót				0,2 (mz)						
Ætifífill										
Nípur				0,2 (mz)						
Steinseljurót				0,2 (mz)						
Hreðkur								0,2 (p)	0,1	
Hafursrót				0,2 (mz)						
Sætuhnúðar										
Gulrófur										
Næpur										
Kínakartöflur										
Annað		0,05 (*)	0,02 (*)	0,05 (*)				0,02 (*) (p)	0,02 (*)	

Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem þessi hámarksgildi leifa eiga við um	Metalaxýl og metalaxýl-M (metalaxýl ásamt öðrum blöndum skyldra hverfna, þ.m.t. metalaxýl-M (summa hverfnanna))	Metídaþíón	Metoxýfenósíð (F)	Pýmetrósín	Pýraklóstróbín	Pýrimetaníl	Spíroxamín	Tríflóxýstróbín	Þíaklópríð (F)	Þíófanatmetýl
2. **Grænmeti, ferskt eða ósoðið, fryst eða þurrkað**							0,05 (*)			
i. RÓTARÁVEXTIR OG HNÝÐI		0,02 (*)	0,02 (*)	0,02 (*)						0,1 (*)
Rauðrófur										
Gulrætur	0,1				0,1 (p)	1 (p)		0,05 (p)		
Kassava										
Hnúðsilla									0,1 (p)	
Piparrót	0,1				0,3 (p)					
Ætifífill										
Nípur	0,1				0,3 (p)					
Steinseljurót					***0,1*** **(p)**					
Hreðkur	0,1				***0,2*** **(p)**					
Hafursrót					***0,1*** **(p)**					
Sætuhnúðar										
Gulrófur										
Næpur										
Kínakartöflur										
Annað	0,05 (*)				0,02 (*) (p)	0,05 (*) (p)		0,02 (*) (p)		

Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem þessi hámarksgildi leifa eiga við um	Asefat	Asetamípríð	Asíbensólar-s-metýl	Aldrín og díeldrín, (aldrín og díeldrín í samsetningu, gefin upp sem díeldrín) (F)	Benalaxýl, ásamt öðrum blöndum skyldra hverfna, þ.m.t. benalaxýl-M (summa hverfnanna)	Karbendasím og benómýl (summa benómýls og karbendasíms, gefin upp sem karbendasím)	Klórmekvat	Klórpýrifós	Klórþalóníl	Klófentesín
ii. LAUKAR		0,01 (*) (p)	0,02 (*) (p)	0,01 (*)		0,1 (*)	0,05 (*)			0,02 (*)
Hvítlaukur									0,5	
Laukur					0,2			0,2	0,5	
Skalottlaukur									0,5	
Vorlaukur									***10***	
Aðrir					0,05 (*)			0,05 (*)	0,01 (*)	
iii. ALDINGRÆNMETI							0,05 (*)			
a) Náttskuggaætt				0,01 (*)				0,5	2	
Tómatar		0,1 (p)	1 (p)		***0,5***	0,5				0,3
Paprikur		0,3 (p)			0,2					
Eggaldin		0,1 (p)			***0,5***	0,5				
Okra						2				
Annað		0,01 (*) (p)	0,02 (*) (p)		0,05 (*)	0,1 (*)				0,02 (*)
b) Graskersætt — með ætu hýði		0,3 (p)	0,02 (*) (p)		0,05 (*)	0,1 (*)		0,05 (*)		0,02 (*)
Gúrkur					0,05 (*)				1	
Smágúrkur									5	
Dvergbítar				***0,05***						
Annað				0,02 (h)					0,01 (*)	
c) Graskersætt — með óætu hýði		0,01 (*) (p)	0,02 (*) (p)	0,03 (h)		0,1 (*)		0,05 (*)	1	
Melónur					0,1					0,1
Grasker										
Vatnsmelónur					0,1					
Annað					0,05 (*)					0,02 (*)

Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem þessi hámarksgildi leifa eiga við um	Sýflútrín, (sýflútrín ásamt öðrum blöndum skyldra hverfna (summa hverfnanna)) (F)	Sýrómasín	Dímetóat (summa dímetóats og ómetóats, gefin upp sem dímetóat)	Díþíókarbamöt, gefin upp sem CS_2, þ.m.t maneb, mankóseb, metíram, própíneb, þíram og síram°([1]), ([2])	Famoxadón	Fenhexamíð	Fenvalerat og esfenvalerat (summa hverfnanna RR og SS) (F)	Indoxakarb (summa hverfnanna S og R)	Lambda-sýhalótrín (F)	Mepanípýrim og umbrotsefni þess (2-anilín-4-(2-hýdroxýprópýl)-6-metýlpýrimídín), gefið upp sem mepanípýrim
ii. LAUKAR	0,02 (*)	0,05 (*)			0,02 (*)	0,05 (*) (p)	0,02 (*)	0,02 (*) (p)		0,01 (*) (p)
Hvítlaukur				0,1 (mz)						
Laukur				1 (ma, mz)						
Skalottlaukur				1 (ma, mz)						
Vorlaukur			2	1 (mz)					0,05	
Aðrir				0,05 (*)					0,02 (*)	
iii. ALDINGRÆNMETI			0,02 (*)							
a) Náttskuggaætt		1								
Tómatar	0,05			3 (mz, me, pr)	1	1 (p)	0,05	0,5 (p)	0,1	1 (p)
Paprikur	0,3			5 (mz, pr)		2 (p)		0,3 (p)	0,1	
Eggaldin	***0,1***			***3 (mz, me)***	***1***	1 (p)	0,02 (*)	0,5 (p)	0,5	***1 (p)***
Okra				0,5 (mz)					0,1	
Annað	0,02 (*)			0,05 (*)	0,02 (*)	0,05 (*) (p)	0,02 (*)	0,02 (*) (p)	0,02 (*)	0,01 (*) (p)
b) Graskersætt — með ætu hýði		1		2 (mz, pr)	0,2	1 (p)	0,02 (*)	0,2 (p)	0,1	0,01 (*) (p)
Gúrkur	0,1									
Smágúrkur										
Dvergbítar										
Annað	0,02 (*)									
c) Graskersætt — með óætu hýði	0,02 (*)			1 (mz, pr)		0,05 (*) (p)	0,02 (*)	0,1 (p)	0,05	0,01 (*) (p)
Melónur		0,3			0,3					
Grasker										
Vatnsmelónur		0,3								
Annað		0,05 (*)			0,02 (*)					

Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem þessi hámarksgildi leifa eiga við um	Metalaxýl og metalaxýl-M (metalaxýl ásamt öðrum blöndum skyldra hverfna, þ.m.t. metalaxýl-M (summa hverfnanna))	Metídaþíón	Metoxýfenósíð (F)	Pýmetrósín	Pýraklóstróbín	Pýrimetaníl	Spíroxamín	Trífloxýstróbín	Þiaklópríð (F)	Þíófanatmetýl
ii. LAUKAR			0,02 (*)	0,02 (*)				0,02 (*) (p)	0,02 (*) (p)	0,1 (*)
Hvítlaukur	0,5				0,2 (p)					
Laukur	0,5	***0,1***			0,2	0,1 (p)				
Skalottlaukur	0,5				0,2 (p)					
Vorlaukur	0,2									
Aðrir	0,05 (*)	0,02 (*)			0,02 (*) (p)	0,05 (*) (p)				
iii. ALDINGRÆNMETI										
a) Náttskuggaætt										
Tómatar	0,2	0,1	2	0,5	0,2 (p)	1 (p)		0,5 (p)	0,5 (p)	2
Paprikur	0,5		1	1	0,5 (p)	2 (p)		0,3 (p)	1 (p)	
Eggaldin			0,5	0,5	0,2 (p)	1 (p)			0,5 (p)	2
Okra				***1***						1
Annað	0,05 (*)	0,02 (*)	0,02 (*)	0,02 (*)	0,02 (*) (p)	0,05 (*) (p)		0,02 (*) (p)	0,02 (*) (p)	0,1 (*)
b) Graskersætt — með ætu hýði			0,02 (*)	0,5	0,02 (*) (p)	1 (p)		0,2 (p)	0,3 (p)	0,1 (*)
Gúrkur	0,5	***0,05***								
Smágúrkur										
Dvergbítar										
Annað	0,05 (*)	0,02 (*)								
c) Graskersætt — með óætu hýði		0,02 (*)	0,02 (*)	0,2	0,02 (*) (p)	0,05 (*) (p)				0,3
Melónur	0,2							0,3 (p)	0,2 (p)	
Grasker								0,2 (p)		
Vatnsmelónur	0,2							0,2	0,2 (p)	
Annað	0,05 (*)							0,02 (*) (p)	0,02 (*) (p)	

Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem þessi hámarksgildi leifa eiga við um	Asefat	Asetamípríð	Asíbensólar-s-metýl	Aldrín og díeldrín, (aldrín og díeldrín í samsetningu, gefin upp sem díeldrín) (F)	Benalaxýl, ásamt öðrum blöndum skyldra hverfna, þ.m.t. benalaxýl-M (summa hverfnanna)	Karbendasím og benómýl (summa benómýls og karbendasíms, gefin upp sem karbendasím)	Klórmekvat	Klórpýrifós	Klórþalóníl	Klófentesín
d) Sykurmaís		0,01 (*) (p)	0,02 (*) (p)		0,05 (*)	0,1 (*)		0,05 (*)	0,01 (*)	0,02 (*)
iv) KÁL			0,02 (*) (p)	0,01 (*)	0,05 (*)		0,05 (*)			0,02 (*)
a) Blómstrandi kál		***0,01*** **(*)**				0,1 (*)		0,05 (*)	3	
Spergilkál (þ.m.t. kalabríukál)										
Blómkál										
Annað										
b) Kálhöfuð										
Rósakál		***0,05***				0,5			3	
Höfuðkál								1	3	
Annað		***0,01*** **(*)**				0,1 (*)		0,05 (*)	0,01 (*)	
c) Blaðkál		***0,01*** **(*)**				0,1 (*)			0,01 (*)	
Kínakál								0,5		
Grænkál										
Annað								0,05 (*)		
d) Hnúðkál		***0,01*** **(*)**				0,1 (*)		0,05 (*)	0,01 (*)	
v) BLAÐGRÆNMETI OG FERSKAR KRYDDJURTIR				0,01 (*)		0,1 (*)	0,05 (*)	0,05 (*)		0,02 (*)
a) Salat og áþekkt grænmeti			0,02 (*) (p)						0,01 (*)	
Karsi										
Lambasalat		5								

Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem þessi hámarksgildi leifa eiga við um	Sýflútrín, (sýflútrín ásamt öðrum blöndum skyldra hverfna (summa hverfnanna)) (F)	Sýrómasín	Dímetóat (summa dímetóats og ómetóats, gefin upp sem dímetóat)	Díþíókarbamöt, gefin upp sem CS_2, þ.m.t maneb, mankóseb, metíram, própíneb, þíram og síram°([1]), ([2])	Famoxadón	Fenhexamíð	Fenvalerat og esfenvalerat (summa hverfnanna RR og SS) (F)	Indoxakarb (summa hverfnanna S og R)	Lambda-sýhalótrín (F)	Mepanípýrim og umbrotsefni þess (2-anilín-4-(2-hýdroxýpropýl)-6-metýlpýrimídín), gefið upp sem mepanípýrim
d) Sykurmaís	0,02 (*)	0,05 (*)		0,05 (*)	0,02 (*)	0,05 (*) (p)	0,02 (*)	0,02 (*) (p)	0,05	0,01 (*) (p)
iv. KÁL		0,05 (*)			0,02 (*)	0,05 (*) (p)				0,01 (*) (p)
a) Blómstrandi kál	***0,05***			***1 (mz)***	***0,1***		***0,02*** **(*)**	***0,3 (p)***	0,1	
Spergilkál (þ.m.t. kalabríukál)										
Blómkál			0,2							
Annað			0,02 (*)							
b) Kálhöfuð					***0,02*** **(*)**					
Rósakál			0,3	2 (mz)			0,05		0,05	
Höfuðkál	***0,3***		***1***	***3 (mz)***			***0,1***	***3 (p)***	0,2	
Annað	0,2		0,02 (*)	0,05 (*)			0,02 (*)	0,02 (*) (p)	0,02 (*)	
c) Blaðkál	***0,3***		***0,02*** **(*)**	***0,5 (mz)***	***0,02*** **(*)**		***0,02*** **(*)**	0,2 (p)	1	
Kínakál										
Grænkál								0,2 (p)		
Annað								0,02 (*) (p)		
d) Hnúðkál	***0,02*** **(*)**		***0,02*** **(*)**	***1 (mz)***	***0,02*** **(*)**		***0,02*** **(*)**	***0,02*** **(*) (p)**	0,02 (*)	
v. BLAÐGRÆNMETI OG FERSKAR KRYDDJURTIR					0,02 (*)		0,02 (*)			0,01 (*) (p)
a) Salat og áþekkt grænmeti	***1***	***15***		***5 (mz, me, t)***		30 (p)				
Karsi									1	
Lambasalat								1 (p)	1	

Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem þessi hámarksgildi leifa eiga við um	Metalaxýl og metalaxýl-M (metalaxýl ásamt öðrum blöndum skyldra hverfna, þ.m.t. metalaxýl-M (summa hverfnanna))	Metíðaþíón	Metoxýfenósíð (F)	Pýmetrósín	Pýraklóstróbín	Pýrimetaníl	Spíroxamín	Trífloxýstróbín	Þíaklópríð (F)	Þíófanatmetýl
d) Sykurmaís	0,05 (*)	0,02 (*)	0,02 (*)	0,02 (*)	0,02 (*) (p)	0,05 (*) (p)		0,02 (*) (p)	0,1 (p)	0,1 (*)
iv. KÁL			0,02 (*)			0,05 (*) (p)				
a) Blómstrandi kál	***0,2***	0,02 (*)		**0,02 (*)**	0,1 (p)				**0,1 (p)**	0,1 (*)
Spergilkál (þ.m.t. kalabríukál)								0,05 (p)		
Blómkál								0,05 (p)		
Annað								0,02 (*) (p)		
b) Kálhöfuð		**0,1**						**0,2 (p)**		
Rósakál					0,2 (p)				0,05 (p)	1
Höfuðkál	*1*			*0,05*	0,2 (p)				**0,2 (p)**	
Annað	0,05 (*)[j]			0,02 (*)	0,2 (*) (p)				0,02 (*) (p)	0,1 (*)
c) Blaðkál		0,02 (*)		***0,2***	0,2 (*) (p)			**0,02 (*) (p)**	**1 (p)**	0,1 (*)
Kínakál										
Grænkál	0,2									
Annað	0,05 (*)									
d) Hnúðkál	***0,05 (*)***	0,02 (*)		**0,02 (*)**	*0,02 (*) (p)*			**0,02 (*) (p)**	**0,05 (p)**	0,1 (*)
v. BLAÐGRÆNMETI OG FERSKAR KRYDDJURTIR		0,02 (*)	0,02 (*)					0,02 (*) (p)		0,1 (*)
a) Salat og áþekkt grænmeti				2						
Karsi	0,05 (*)									
Lambasalat	0,2				10 (p)					

Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem þessi hámarksgildi leifa eiga við um	Asefat	Asetamípríð	Asíbensólar-s-metýl	Aldrín og díeldrín, (aldrín og díeldrín í samsetningu, gefin upp sem díeldrín) (F)	Benalaxýl, ásamt öðrum blöndum skyldra hverfna, þ.m.t. benalaxýl-M (summa hverfnanna)	Karbendasím og benómýl (summa benómýls og karbendasíms, gefin upp sem karbendasím)	Klórmekvat	Klórpýrifós	Klórþalóníl	Klófentesín
Salat		5			0,5					
Vetrarsalat (salatfífill með breiðum blöðum)		5								
Klettasalat		***5***								
Lauf og stilkar af káli		***5***								
Annað		0,01 (*)(p)			0,05 (*)					
b) Spínat og áþekkt grænmeti		0,01 (*)(p)			0,05 (*)				0,01 (*)	
Spínat			***0,3 (*)***							
Blaðbeðja										
Annað			0,02 (*)(p)							
c) Brunnperla		0,01 (*)(p)	0,02 (*)(p)		0,05 (*)				0,01 (*)	
d) Jólasalat		0,01 (*)(p)	0,02 (*)(p)		0,05 (*)				0,01 (*)	
e) Kryddjurtir			***0,3 (*)***		0,05 (*)				5	
Kerfill										
Graslaukur										
Steinselja		5								
Blaðsellerí										
Aðrar		0,01 (*)(p)								

Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem þessi hámarksgildi leifa eiga við um	Sýflútrín, (sýflútrín ásamt öðrum blöndum skyldra hverfna (summa hverfnanna)) (F)	Sýrómasín	Dímetóat (summa dímetóats og ómetóats, gefin upp sem dímetóat)	Díþíókarbamöt, gefin upp sem CS_2, þ.m.t maneb, mankóseb, maneb, metríam, própíneb, þíram og síram°(1), (2)	Famoxadón	Fenhexamíð	Fenvalerat og esfenvalerat (summa hverfnanna RR og SS) (F)	Indoxakarb (summa hverfnanna S og R)	Lambda-sýhalótrín (F)	Mepanípýrim og umbrotsefni þess (2-anilín-4-(2-hýdroxýpropýl)-6-metýlpýrimídín), gefið upp sem mepanípýrim
Salat			0,5					2 (p)	0,5	
Vetrarsalat (salatfífill með breiðum blöðum)								2 (p)	1	
Klettasalat									1	
Lauf og stilkar af káli								1 (p)	1	
Annað			0,02 *(*)*					0,02 (*) (p)	1	
b) Spínat og áþekkt grænmeti	***0,02 (*)***		***0,02 (*)***	***0,05 (*)***		0,05 (*) (p)		***0,02* (*) (p)**	0,5	
Spínat								2 (p)		
Blaðbeðja		20								
Annað		0,05 *(*)*								
c) Brunnperla	0,02 *(*)*	0,05 *(*)*	0,02 *(*)*	0,3 (mz)		0,05 (*) (p)		0,02 (*) (p)	0,02 *(*)*	
d) Jólasalat	0,02 *(*)*	0,05 *(*)*	0,02 *(*)*	0,5 (mz)		0,05 (*) (p)		0,02 (*) (p)	0,02 *(*)*	
e) Kryddjurtir	0,02 *(*)*	15	0,02 *(*)*	5 (mz, me)		30 (p)		2 (p)	1	
Kerfill										
Graslaukur										
Steinselja										
Blaðsellerí										
Aðrar										

Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem þessi hámarksgildi leifa eiga við um	Metalaxýl og metalaxýl-M (metalaxýl ásamt öðrum blöndum skyldra hverfna, þ.m.t. metalaxýl-M (summa hverfnanna))	Metídaþíón	Metoxýfenósíð (F)	Pýmetrósín	Pýraklóstróbín	Pýrimetaníl	Spíroxamín	Trífloxýstróbín	Þíaklópríð (F)	Þíófanatmetýl
Salat	2					10 (p)				
Vetrarsalat (salatfífill með breiðum blöðum)	1					***10 (p)***				
Klettasalat	*2*								3 (p)	
Lauf og stilkar af káli	*2*									
Annað	0,05 (*)				2 (p)	0,05 (*)(p)			2 (p)	
b) Spínat og áþekkt grænmeti	***0,05 (*)***			***0,02 (*)***	***0,5 (p)***	***0,05 (*)(p)***			***0,02 (*) (p)***	
Spínat										
Blaðbeðja										
Annað										
c) Brunnperla	0,05 (*)			0,02 (*)	0,02 (*)(p)	0,05 (*)(p)			0,02 (*)(p)	
d) Jólasalat	0,3			0,02 (*)	0,02 (*)(p)	0,05 (*)(p)			0,02 (*)(p)	
e) Kryddjurtir	2			***2***	2 (p)	3 (p)			3 (p)	
Kerfill										
Graslaukur										
Steinselja										
Blaðsellerí										
Aðrar										

Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem þessi hámarksgildi leifa eiga við um	Asefat	Asetamípríð	Asíbensólar-s-metýl	Aldrín og díeldrín, (aldrín og díeldrín í samsetningu, gefin upp sem díeldrín) (F)	Benalaxýl, ásamt öðrum blöndum skyldra hverfna, þ.m.t. benalaxýl-M (summa hverfnanna)	Karbendasím og benómýl (summa benómýls og karbendasíms, gefin upp sem karbendasím)	Klórmekvat	Klórpýrifós	Klórþalóníl	Klófentesín
vi. BELGÁVEXTIR (ferskir)		0,01 (*)(p)	0,02 (*)(p)	0,01 (*)	0,05 (*)		0,05 (*)	0,05 (*)		0,02 (*)
Baunir (með fræbelg)						0,2			5	
Baunir (án fræbelgs)									2	
Ertur (með fræbelg)						0,2			2	
Ertur (án fræbelgs)									0,3	
Aðrir						0,1 (*)			0,01 (*)	
vii. STÖNGULGRÆNMETI (ferskt)		0,01 (*)(p)	0,02 (*)(p)	0,01 (*)	0,05 (*)	0,1 (*)	0,05 (*)			0,02 (*)
Spergill										
Salatþistill										
Sellerí									10	
Fennika										
Ætiþistill								1		
Blaðlaukur								***0,5***	10	
Rabarbari										
Annað								0,05 (*)	0,01 (*)	
viii. SVEPPIR		0,01 (*)(p)	0,02 (*)(p)	0,01 (*)	0,05 (*)			0,05 (*)		0,02 (*)
a) Ræktaðir ætisveppir						***1***	10		2	
b) Villtir ætisveppir						0,1 (*)	0,05 (*)		0,01 (*)	
3. **Belgávextir**	0,02 (*)	0,01 (*)(p)	0,02 (*)(p)	0,01 (*)	0,05 (*)	0,1 (*)	0,05 (*)	0,05 (*)	0,01 (*)	0,02 (*)
Baunir										
Linsubaunir										
Ertur										

Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem þessi hámarksgildi leifa eiga við um	Sýflútrín, (sýflútrín ásamt öðrum blöndum skyldra hverfna (summa hverfnanna)) (F)	Sýrómasín	Dímetóat (summa dímetóats og ómetóats, gefin upp sem dímetóat)	Díþíókarbamöt, gefin upp sem CS_2, þ.m.t maneb, mankóseb, maneb, metríam, própíneb, þíram og síram°([1]), ([2])	Famoxadón	Fenhexamíð	Fenvalerat og esfenvalerat (summa hverfnanna RR og SS) (F)	Indoxakarb (summa hverfnanna S og R)	Lambda-sýhalótrín (F)	Mepanípýrim og umbrotsefni þess (2-anilín-4-(2-hýdroxýprópýl)-6-metýlpýrimidín), gefið upp sem mepanípýrim
vi. BELGÁVEXTIR (ferskir)	0,05				0,02 (*)			0,02 (*)(p)		0,01 (*)(p)
Baunir (með fræbelg)		***5***		***1 (mz)***		***2 (p)***			***0,2***	
Baunir (án fræbelgs)				0,1 (mz)						
Ertur (með fræbelg)		5	1	1 (ma, mz)			***0,1***		0,2	
Ertur (án fræbelgs)				0,1 (mz)					0,2	
Aðrir		***0,05 (*)***	***0,02 (*)***	***0,05 (*)***		***0,05 (*)(p)***	***0,02 (*)***		***0,02 (*)***	
vii. STÖNGULGRÆNMETI (ferskt)	0,02 (*)		0,02 (*)			0,05 (*)(p)	0,02 (*)			0,01 (*)(p)
Spergill				0,5 (mz)						
Salatþistill										
Sellerí		2						2 (p)	0,3	
Fennika									0,3	
Ætiþistill		2						0,1 (p)		
Blaðlaukur				3 (ma, mz)	***2***				0,3	
Rabarbari				0,5 (mz)						
Annað		0,05 (*)		0,05 (*)	0,02 (*)		0,02 (*)	0,02 (*)(p)	0,02 (*)	
viii. SVEPPIR	0,02 (*)		0,02 (*)	0,05 (*)		0,05 (*)(p)		0,02 (*)(p)		0,01 (*)(p)
a) Ræktaðir ætisveppir		5							0,02 (*)	
b) Villtir ætisveppir		0,05 (*)					0,02 (*)		0,5	
3. **Belgávextir**	0,02 (*)	0,05 (*)	0,02 (*)		0,02 (*)	0,05 (*)(p)	0,02 (*)	0,02 (*)(p)	0,02 (*)	0,01 (*)(p)
Baunir				0,1 (mz)						
Linsubaunir										
Ertur				0,1 (mz)						

Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem þessi hámarksgildi leifa eiga við um	Metalaxýl og metalaxýl-M (metalaxýl ásamt öðrum blöndum skyldra hverfna, þ.m.t. metalaxýl-M (summa hverfnanna))	Metídaþíón	Metoxýfenósíð (F)	Pýmetrósín	Pýraklóstróbín	Pýrimetaníl	Spíroxamín	Trífloxýstróbín	Þíaklópríð (F)	Þíófanatmetýl
vi. BELGÁVEXTIR (ferskir)	0,05 (*)				0,02 (*)(p)					0,1 (*)
Baunir (með fræbelg)			***0,2***	***2***		***2 (p)***		***0,5 (p)***	***1 (p)***	
Baunir (án fræbelgs)										
Ertur (með fræbelg)		0,1								
Ertur (án fræbelgs)						0,2 (p)			0,2 (p)	
Aðrir		0,02 (*)	***0,02 (*)***	***1***		***0,05 (*)(p)***		***0,02 (*)(p)***	***0,02 (*)(p)***	
vii. STÖNGULGRÆNMETI (ferskt)		0,02 (*)	0,02 (*)	0,02 (*)						0,1 (*)
Spergill										
Salatþistill										
Sellerí									0,3 (p)	
Fennika										
Ætiþistill										
Blaðlaukur	0,2				0,5 (p)	1 (p)		0,2 (p)		
Rabarbari										
Annað	0,05 (*)		0,02 (*)	0,02 (*)	0,02 (*)(p)	0,05 (*)(p)		0,02 (*)(p)	0,02 (*)(p)	
viii. SVEPPIR	0,05 (*)	0,02 (*)	0,02 (*)	0,02 (*)	0,02 (*)(p)	0,05 (*)(p)		0,02 (*)(p)	0,02 (*)(p)	0,1 (*)
a) Ræktaðir ætisveppir										
b) Villtir ætisveppir										
3. **Belgávextir**	0,05 (*)		0,02 (*)	0,02 (*)	0,3 (p)	0,5 (p)	0,05 (*)	0,02 (*)(p)	0,1 (p)	0,1 (*)
Baunir										
Linsubaunir										
Ertur		***0,1***								

Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem þessi hámarksgildi leifa eiga við um	Asefat	Asetamípríð	Asíbensólar-s-metýl	Aldrín og díeldrín, (aldrín og díeldrín í samsetningu, gefin upp sem díeldrín) (F)	Benalaxýl, ásamt öðrum blöndum skyldra hverfna, þ.m.t. benalaxýl-M (summa hverfnanna)	Karbendasím og benómýl (summa benómýls og karbendasíms, gefin upp sem karbendasím)	Klórmekvat	Klórpýrifós	Klórþalóníl	Klófentesín
Úlfabaunir										
Aðrir										
4. **Olíufræ**			0,05 (*)(p)	0,02 (*)(m)	0,05 (*)			0,05 (*)		0,05 (*)
Hörfræ							***7***			
Jarðhnetur									0,05	
Valmúafræ										
Sesamfræ										
Sólblómafræ										
Repjufræ							***7***			
Sojabaunir	0,3					0,2				
Mustarðsfræ										
Baðmullarfræ		***0,02 (*)***								
Hampfræ										
Graskersfræ				(m)						
Önnur	0,05 (*)	0,01 (*)(p)				0,1 (*)	0,1 (*)		0,01 (*)	
5. **Kartöflur**	0,02 (*)	0,01 (*)(p)	0,02 (*)(p)	0,01 (*)	0,05 (*)	0,1 (*)	0,05 (*)	0,05 (*)	0,01 (*)	0,02 (*)
Sumarkartöflur										
Kartöflur af haustuppskeru										
6. **Te (þurrkuð lauf og stilkar, einnig gerjuð, *Camellia sinensis*)**	0,05 (*)	0,1 (*)(p)	0,05 (*)(p)	0,02 (*)	0,1 (*)	0,1 (*)	0,1 (*)	0,10 (*)	0,1 (*)	0,05 (*)
7. **Humlar (þurrkaðir), þ.m.t. humlakögglar og óþykkt duft**	0,05 (*)	0,1 (*)(p)	0,05 (*)(p)	0,02 (*)	0,1 (*)	0,1 (*)	0,1 (*)	0,10 (*)	50	0,05 (*)

Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem þessi hámarksgildi leifa eiga við um	Sýflútrín, (sýflútrín ásamt öðrum blöndum skyldra hverfna (summa hverfnanna)) (F)	Sýrómasín	Dímetóat (summa dímetóats og ómetóats, gefin upp sem dímetóat)	Díþíókarbamöt, gefin upp sem CS_2, þ.m.t maneb, mankóseb, metíram, própíneb, þíram og síram°([1]), ([2])	Famoxadón	Fenhexamíð	Fenvalerat og esfenvalerat (summa hverfnanna RR og SS) (F)	Indoxakarb (summa hverfnanna S og R)	Lambda-sýhalótrín (F)	Mepanípýrim og umbrotsefni þess (2-anilín-4-(2-hýdroxýprópýl)-6-metýlpýrimídín), gefið upp sem mepanípýrim
Úlfabaunir										
Annað				0,05 (*)						
4. **Olíufræ**		0,05 (*)	0,05 (*)		0,05 (*)	0,1 (*)(p)	0,05 (*)		0,05 (*)	0,02 (*)(p)
Hörfræ										
Jarðhnetur										
Valmúafræ										
Sesamfræ										
Sólblómafræ										
Repjufræ	0,05			0,5 (ma, mz)						
Sojabaunir								0,5 (p)		
Mustarðsfræ										
Baðmullarfræ										
Hampfræ										
Graskersfræ										
Önnur				0,1 (*)				0,05 (*)(p)		
5. **Kartöflur**	0,02 (*)	1	0,02 (*)	0,3 (ma, mz, me, pr)	0,02 (*)	0,05 (*)(p)	0,02 (*)	0,02 (*)(p)	0,02 (*)	0,01 (*)(p)
Sumarkartöflur										
Kartöflur af haustuppskeru										
6. **Te (þurrkuð lauf og stilkar, einnig gerjuð, *Camellia sinensis*)**	0,1 (*)	0,05 (*)	0,05 (*)	0,1 (*)	0,05 (*)	0,1 (*)(p)	0,05 (*)	0,05 (*)(p)	1	0,02 (*)(p)
7. **Humlar (þurrkaðir), þ.m.t. humlakögglar og óþykkt duft**	20	0,05 (*)	0,05 (*)	25 (pr)	0,05 (*)	0,1 (*)(p)	0,05 (*)	0,05 (*)(p)	10	0,02 (*)(p)

Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem þessi hámarksgildi leifa eiga við um	Metalaxýl og metalaxýl-M (metalaxýl ásamt öðrum blöndum skyldra hverfna, þ.m.t. metalaxýl-M (summa hverfnanna))	Metídaþíón	Metoxýfenósíð (F)	Pýmetrósín	Pýraklóstróbín	Pýrimetaníl	Spíroxamín	Trífloxýstróbín	Þíaklópríð (F)	Þíófanatmetýl
Úlfabaunir										
Annað		0,02 (*)								
4. **Olíufræ**					0,05 (*) (p)	0,1 (*) (p)	0,05 (*)	0,05 (*) (p)		
Hörfræ	0,1 (*)									
Jarðhnetur										
Valmúafræ										
Sesamfræ										
Sólblómafræ		***0,5***								
Repjufræ		***0,1***							0,3 (p)	
Sojabaunir			2							0,3
Mustarðsfræ									0,2 (p)	
Baðmullarfræ		1	2	0,05						
Hampfræ		***0,1***								
Graskersfræ										
Önnur		0,02 (*)	0,05 (*)	0,02 (*)				0,02 (*) (p)	0,05 (*) (p)	0,1 (*)
5. **Kartöflur**	0,05 (*)	0,02 (*)	0,02 (*)	0,02 (*)	0,02 (*) (p)	0,05 (*) (p)	0,05 (*)	0,02 (*)(p)	0,02 (*) (p)	0,1 (*)
Sumarkartöflur										
Kartöflur af haustuppskeru										
6. **Te (þurrkuð lauf og stilkar, einnig gerjuð, *Camellia sinensis*)**	0,1 (*)	***0,5***	0,05 (*)	0,1 (*)	0,05 (*)(p)	0,1 (*)(p)	0,1 (*)	0,05 (*)(p)	0,05 (*)(p)	0,1 (*)
7. **Humlar (þurrkaðir), þ.m.t. humlakögglar og óþykkt duft**	10	***5***	0,05 (*)	15	10 (p)	0,1 (*)(p)	0,1 (*)	30 (p)	0,1	0,1 (*)

(*) Neðri greiningarmörk.
([1]) Hámarksgildi leifa sem gefin eru upp sem CS_2, geta stafað frá mismunandi díþíókarbamötum og endurspegla því ekki tiltekna, góða starfsvenju í landbúnaði. Því þykir ekki rétt að nota þessi hámarksgildi leifa til að kanna samræmi við tiltekna, góða starfsvenju í landbúnaði.
([2]) Uppspretta efnaleifanna er tilgreind innan sviga (ma: maneb, me: metíram, mz: mankóseb, pr: própíneb, t: þíram, z: síram).
(F) Fituleysanlegt.
(h) Byggt á bakgrunnsgildum sem stafa af fyrri notkun aldríns og díeldríns.
(m) Vöktunargögn leiða í ljós að díeldrín getur mælst í styrk, sem er allt að 0,02/kg, í graskersfræi sem olía er unnin úr.
(p) Hámarksgildi leifa hefur verið ákvarðað til bráðabirgða í samræmi við f-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 91/414/EBE.
(t) Bráðabirgðahámarksgildi leifa hefur verið ákvarðað 0,2 mg/kg og gildir til 31. júlí 2009.“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 61/2008 **2013/EES/04/26**

frá 24. janúar 2008

um breytingu á II. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu að því er varðar dínóprostón (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 frá 26. júní 1990 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu ([1]), einkum 3. gr.,

með hliðsjón af áliti Lyfjastofnunar Evrópu sem nefndin um dýralyf setur fram,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Öll lyfjafræðilega virk efni, sem notuð eru innan Bandalagsins í lyf fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis, skulu metin í samræmi við reglugerð (EBE) nr. 2377/90.

2) Efnin dínóprosttrómetamín og dínóprost eru skráð í II. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2377/90 í flokkinn lífræn efnasambönd, að því er varðar allar tegundir spendýra. Farið hefur verið fram á það við nefndina um dýralyf (CVMP) að hún rannsaki hvort matið og þær niðurstöður sem komist var að, hvað varðar dínóprosttrómetamín og dínóprost, gildi einnig um dínóprostón. Nefndin um dýralyf taldi að öryggismatið, sem hefur verið gert fyrir dínóprosttrómetamín og dínóprost, gildi einnig um dínóprostón vegna þess að því svipar til byggingar dínóprosttrómetamíns og dínóprosts og það breytist hratt með efnaskiptum í dínóprost. Af þessum sökum komst nefndin um dýralyf að þeirri niðurstöðu að engin þörf væri á að ákvarða hámarksgildi leifa fyrir þetta efni. Í framhaldi af niðurstöðum nefndarinnar um dýralyf þykir rétt að bæta nýrri færslu við í II. viðauka í flokknum lífræn efnasambönd fyrir dínóprostón, að því er varðar allar tegundir spendýra.

3) Því ber að breyta reglugerð (EBE) nr. 2377/90 til samræmis við það.

4) Veita skal nægilegan frest áður en reglugerð þessari er beitt svo að aðildarríkin fái svigrúm til að gera nauðsynlegar breytingar, í ljósi þessarar reglugerðar, á leyfum til að setja viðkomandi dýralyf á markað sem hafa verið veitt í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/82/EB frá 6. nóvember 2001 um Bandalagsreglur um dýralyf ([2]).

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýralyf.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2377/90 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 25. mars 2008.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. janúar 2008.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Günter VERHEUGEN

varaforseti.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 22, 25.1.2008, bls. 8. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 99/2008 frá 26. september 2008 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 70, 20.11.2008, bls. 9.

([1]) Stjtíð. EB L 224, 18.8.1990, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1353/2007 (Stjtíð. ESB L 303, 21.11.2007, bls. 6).

([2]) Stjtíð. EB L 311, 28.11.2001, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2004/28/EB (Stjtíð. ESB L 136, 30.4.2004, bls. 58).

VIÐAUKI

Eftirfarandi efni er bætt við í II. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2377/90 (skrá yfir efni þar sem hámarksgildi leifa hafa ekki verið ákveðin):

2. **Lífræn efnasambönd**

Lyfjafræðilega virk(t) efni	Dýrategundir
Dínóprostón	Allar tegundir spendýra

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 715/2008 2013/EES/4/27

frá 24. júlí 2008

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 474/2006 um að stofna skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2111/2005 frá 14. desember 2005 um að stofna skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins og um að upplýsa flugfarþega um hvaða flugrekendur annast flutning og um niðurfellingu 9. gr. tilskipunar 2004/36/EB, einkum 4. gr. ([1]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi

1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 474/2006 frá 22. mars 2006 var stofnuð skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins sem um getur í II. kafla reglugerðar (EB) nr. 2111/2005 ([2]).

2) Í samræmi við 2. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 2111/2005 og 2. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 473/2006 frá 22. mars 2006, þar sem mælt er fyrir um framkvæmdarreglur um skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins sem um getur í II. kafla reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2111/2005 , fór eitt aðildarríkjanna fram á að skrá Bandalagsins yrði uppfærð.

3) Í samræmi við 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 2111/2005 sendu nokkur aðildarríki framkvæmdastjórninni viðeigandi upplýsingar í tengslum við uppfærslu á skrá Bandalagsins. Þriðju lönd sendu einnig viðeigandi upplýsingar. Á grundvelli þessa er rétt að uppfæra skrá Bandalagsins.

4) Framkvæmdastjórnin upplýsti alla hlutaðeigandi flugrekendur, annaðhvort beint eða, þegar því varð ekki við komið, fyrir milligöngu yfirvalda sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með þeim, um mikilvægar staðreyndir og forsendur sem ákvörðun um bann við flugrekstri þeirra innan Bandalagsins myndi byggjast á eða um breytingar á skilyrðum fyrir flugrekstrarbanni flugrekanda sem er í skrá Bandalagsins.

5) Framkvæmdastjórnin gaf viðkomandi flugrekendum tækifæri til að kynna sér gögnin, sem aðildarríkin lögðu fram, til að leggja fram skriflegar athugasemdir og koma munnlegum athugasemdum á framfæri við framkvæmdastjórnina innan tíu virkra daga og við flugöryggisnefndina sem komið var á fót með reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 frá 16. desember 1991 um samræmingu á tæknikröfum og stjórnsýslumeðferð á sviði flugmála ([4]).

6) Yfirvöld, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með viðkomandi flugrekendum, hafa fengið ráðgjöf hjá framkvæmdastjórninni og einnig, í sérstökum tilvikum, hjá nokkrum aðildarríkjum.

7) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 474/2006 til samræms við það.

Mahan Air

8) Eins og fyrirhugað er í 41. forsendu í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 331/2008 og að fengnum tilmælum frá flugrekandanum Mahan Air tókst evrópskur sérfræðingahópur á hendur gagnaöflunarverkefni í Íran frá 16. til 20. júní 2008 til að sannprófa framkvæmd aðgerða til úrbóta af hálfu flugrekandans sem ætlað var að ráða bót á þeim annmörkum í öryggismálum sem áður höfðu komið í ljós. Skýrslan sýnir að flugrekandinn hefur náð verulegum árangri síðan hann var færður í skrá Bandalagsins og staðfest hefur verið að flugrekandinn hafi lokið nauðsynlegum aðgerðum til úrbóta til að lagfæra alla annmarkana sem leiddu til þess að hann var settur í bann.

9) Skýrslan sýnir einnig nokkra aðra annmarka sem gætu eigi að síður haft áhrif á áframhaldandi lofthæfi hluta af flugflota flugrekandans, að undanskildum tveimur loftförum af gerðinni Airbus A-310 sem eru skráð í Frakklandi (F-OJHH og F-OJHI). Nokkrar yfirstandandi ráðstafanir, s.s. nýr hugbúnaður og tilnefning nýs tæknistjóra og nýs gæðastjóra, eiga að koma í veg fyrir slík frávik í framtíðinni. Framkvæmdastjórnin tekur einnig tillit til þess að flugrekandinn hyggst einungis starfrækja þessi tvö loftför, sem eru skráð í Frakklandi, á flugleiðum til Bandalagsins.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 197, 25.7.2008, bls. 36. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 104/2008 frá 26. september 2008 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 70, 20.11.2008, bls. 19.

([1]) Stjtíð. ESB L 344, 27.12.2005, bls. 15.

([2]) Stjtíð. ESB L 84, 23.3.2006, bls. 14. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 331/2008 (Stjtíð. ESB L 102, 12.4.2008, bls. 3).

([3]) Stjtíð. ESB L 84, 23.3.2006, bls. 8.

([4]) Stjtíð. ESB L 373, 31.12.1991, bls. 4. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 8/2008 (Stjtíð. ESB L 10, 12.1.2008, bls. 1).

10) Á grundvelli sameiginlegu viðmiðananna er það metið svo að flugrekandinn Mahan Air hafi gert allar nauðsynlegar ráðstafanir til að uppfylla viðkomandi öryggisstaðla og því megi fella hann brott úr skránni í viðauka A. Framkvæmdastjórnin mun halda áfram að fylgjast náið með frammistöðu flugrekandans. Aðildarríkin munu staðfesta reglubundið hvort viðeigandi öryggisstöðlum sé fylgt á skilvirkan hátt með því að setja það í forgang að loftfar þessa flugrekanda sé skoðað á hlaði samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 351/2008 frá 16. apríl 2008 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/36/EB að því er varðar forgangsröðun skoðunar flugvéla, sem nota Bandalagsflugvelli, á hlaði ([1]).

Flugrekendur frá Gabon

11) Færðar hafa verið sönnur á verulega annmarka í öryggismálum af hálfu tiltekinna flugrekenda sem hafa fengið vottun í Gabon. Alþjóðaflugmálastofnunin gerði úttekt árið 2007, sem var unnin í tengslum við alþjóðlegt eftirlit með öryggismálum (Universal Safety Oversight Audit), og hefur greint frá fjölmörgum, verulegum annmörkum að því er varðar getu flugmálayfirvalda í Gabon til að gæta ábyrgðar sinnar á sviði eftirlits með flugöryggi. Yfir 93% af stöðlum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar voru ekki komnir til framkvæmda við lok úttektar hennar.

12) Færðar hafa verið sönnur á verulega, endurtekna annmarka í öryggismálum af hálfu flugrekenda sem hafa fengið vottun í Gabon og starfrækja flug til Bandalagsins. Þessir annmarkar komu í ljós við skoðun á hlaði sem lögbær yfirvöld í Frakklandi sáu um samkvæmt SAFA-áætluninni ([2]).

13) Breska konungsríkið tilkynnti framkvæmdastjórninni að með hliðsjón af úttektarskýrslu Alþjóðaflugmálastofnunarinnar hefði það neitað að veita Gabon Airlines Cargo flugrekstrarleyfi 4. apríl 2008, að teknu tilliti til sameiginlegu viðmiðanna í samræmi við 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 2111/2005. Að auki, í ljósi þess að Alþjóðaflugmálastofnunin dregur í efa getu Gabons til að viðhafa nægilegt öryggiseftirlit með flugrekendum sem þau hafa veitt leyfi, lagði Breska konungsríkið fram beiðni 7. apríl 2008 um að skrá Bandalagsins yrði uppfærð í samræmi við 2. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 2111/2005 og 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 473/2006, í því skyni að banna öllum flugrekendum, sem hafa fengið vottun hjá lögbærum yfirvöldum í Gabon, að stunda flugrekstur.

14) Framkvæmdastjórnin hefur, með hliðsjón af niðurstöðum úttektar Alþjóðaflugmálastofnunarinnar og með hliðsjón af beiðni Breska konungsríkisins, lagt fyrir lögbær yfirvöld í Gabon spurningar um þær aðgerðir sem þau hafa skuldbundið sig til að gera til að bæta úr annmörkunum sem Alþjóðaflugmálastofnunin og aðildarríkin hafa staðfest að væru fyrir hendi. Lögbær yfirvöld í Gabon brugðust tafarlaust við þessum áhyggjum og létu í ljós eindreginn vilja til að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í framkvæmd gildandi stöðlum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar og tryggja að farið yrði að ákvæðum þeirra eins fljótt og auðið er. Þar að auki létu lögbær yfirvöld í Gabon framkvæmdastjórninni í té sönnun þess efnis að samþykktar hefðu verið nýjar reglur um almenningsflug í maí 2008 og að í undirbúningi væru sérstakar rekstrarreglur um lofthæfi og rekstur og tilkynntu þau að ákvörðun hefði verið tekin um að koma á fót sjálfstæðri stofnun á sviði almenningsflugs (ANAC) sem vænst er að verði tilkynnt um í júlí 2008. Þessi mikilvægu framtaksverkefni, sem Gabon hefur hrundið í framkvæmd, fljótt og með góðum árangri, leggja grunninn að alveg nýju almenningsflugskerfi sem gæti orðið unnt að innleiða í desember 2008. Lögbær yfirvöld í Gabon hafa einnig tilkynnt framkvæmdastjórninni og Flugöryggisnefndinni að gerður hafi verið samningur til eins árs við Alþjóðaflugmálastofnunina frá og með júlí 2008 um að aðstoða Gabon í þróun hins nýja eftirlitskerfis þeirra í almenningsflugi.

15) Gabon tilkynnti framkvæmdastjórninni og Flugöryggisnefndinni að meðan beðið væri eftir að sjálfstæða stofnunin á sviði almenningsflugs yrði að fullu starfhæf og að flugrekendur fengju aftur viðurkenningu samkvæmt nýja laga- og stofnanarammanum yrðu gerðar ýmsar tafarlausar ráðstafanir: flugrekandaskírteini (AOC) fyrir Gabon Airlines Cargo var afturkallað 13. júní 2008, takmarkanir hafa verið settar á rekstur gabonskra flugrekenda sem fljúga til Bandalagsins í því skyni að koma í veg fyrir að þeir noti loftför sem skráð eru utan Gabon, skyldubundin fyrirflugsskoðun skal gerð á öllum loftförum sem fljúga frá gabonskum flugvöllum til Bandalagsins og þau sem reynast vera í ófullnægjandi ástandi skulu kyrrsett þar til bætt hefur verið úr þeim annmörkum sem eru á öryggi.

16) Endurskoðun framkvæmdastjórnarinnar á ástandi flugrekendaskírteina flugrekendanna Solenta Aviation Gabon, Sky Gabon, Nouvelle Air Affaires Gabon, SCD Aviation, Nationale et Régionale Transport, Air Services SA og Air Tourist (Allegiance) leiðir í ljós áhyggjuefni að því er varðar rekstrarforskriftir. Einkum það að samkvæmt flugsvæði er leyfður rekstur á heimsvísu, jafnvel þótt lögbær yfirvöld Gabon staðfesti að þeir

([1]) Stjtíð. ESB L 109, 19.4.2008, bls. 7.
([2]) DGAC/F-2007-1595, DGAC/F-2007-1950, DGAC/F-2007-2291, DGAC/F-2008-176, DGAC/F-2008-405, DGAC/F-2008-44.

takmarkist við Gabon og/eða undirsvæði þess. Enn fremur virðist reksturinn takmarkast við sjónflugsreglur en það er ekki fullnægjandi fyrir örugga starfrækslu í Evrópu. Lögbær yfirvöld í Gabon hafa greint frá því að þau hyggist skýra málið hið fyrsta. Framkvæmdastjórnin telur að þar til öryggisástand í Gabon verður endurskoðað á næsta fundi flugöryggisnefndarinnar og þar til þessir flugrekendur hafa fengið endurvottun í samræmi við staðla Alþjóðaflugmálastofnunarinnar skuli þeir sæta rekstrarbanni og því skráðir í viðauka A á grundvelli sameiginlegu viðmiðananna.

17) Að teknu tilliti til niðurstaðna skoðunar á hlaði, sem fram fer á flugvöllum í Bandalaginu samkvæmt áætluninni um öryggisskoðun erlendra loftfara (SAFA-áætlunin), svo og þeirrar skuldbindingar lögbærra yfirvalda í Gabon að gera samning við erlenda skoðunarmenn um að framkvæma kerfisbundið skoðun á hlaði fyrir brottför í alþjóðaflugi til Bandalagsins og þeirrar ákvörðunar ríkisstjórnar Gabon að banna allt slíkt flug ef vart verður við annmarka varðandi öryggi, telur framkvæmdastjórnin að rétt sé að leyfa þeim tveimur flugrekendunum sem eftir eru, Gabon Airlines og Afrijet, flug til Bandalagsins að því tilskildu að slíkur flugrekstur takmarkist algerlega við núverandi ástand þeirra flugvéla sem þegar eru í notkun. Á grundvelli hinna sameiginlegu viðmiðana skulu þeir því skráðir í viðauka B.

18) Framkvæmdastjórnin mun halda áfram að fylgjast náið með frammistöðu þessara tveggja flugrekanda. Aðildarríkin munu sannreyna á kerfisbundinn hátt hvort viðeigandi öryggisstöðlum sé fylgt á skilvirkan hátt með því að setja það í forgang að loftfar þessa flugrekanda sé skoðað á hlaði samkvæmt reglugerð (EB) nr. 351/2008.Framkvæmdastjórnin hyggst, í samvinnu við aðildarríkin, sannprófa að þær ráðstafanir sem tilkynnt hefur verið um hafi verið framkvæmdar á fullnægjandi hátt með því að fara tímanlega í vettvangsheimsókn.

Flugrekendur frá Kirgistan

19) Yfirvöld í Kirgistan hafa látið framkvæmdastjórninni í té upplýsingar þess efnis að þau hafi veitt eftirfarandi flugrekendum flugrekandaskírteini: Valor Air og Artic Avia. Þar eð framangreind yfirvöld hafa sýnt vangetu til að hafa fullnægjandi öryggiseftirlit með flugrekendum, sem hafa fengið vottun af þeirra hálfu, skulu þessir tveir flugrekendur sömuleiðis skráðir í viðauka A.

20) Yfirvöld í Kirgistan hafa látið framkvæmdastjórninni í té sönnun þess að þau hafi afturkallað flugrekendaskírteini eftirfarandi flugrekenda: Botir Avia, Intal Avia og Air Central Asia. Þar sem þessir flugrekendur hafa af þeim sökum hætt starfsemi sinni skal fella þá brott úr skránni í viðauka A.

Cubana de Aviación SA

21) Eins og fyrirhugað er í 24. forsendu reglugerðar nr. 331/2008 tilkynntu lögbær yfirvöld á Kúbu framkvæmdastjórninni 19. júní 2008 að endurbætt jarðvarakerfi (EGPWS) hafi verið sett upp í loftförum af gerðinni Ilyushin IL-62 með skráningarmerkjunum CU-T1284 og CU-T1280 hjá flugrekandanum Cubana de Aviación. Loftfar af gerðinni IL-62 með skráningarnúmerinu CU-T1283 hefur verið tekið úr notkun þar sem það er komið fram yfir endingartíma sinn. Enn fremur tilkynntu lögbær yfirvöld á Kúbu framkvæmdastjórninni að þau hafi sannprófað að þessi flugrekandi hafi lagfært, á skilvirkan hátt, alla þá annmarka í öryggismálum sem áður hafa komið í ljós.

22) Framkvæmdastjórnin hefur skoðað þessar upplýsingar og telur að ráðstafanirnar séu viðeigandi þannig að með þeim megi ráða bót á öllum annmörkum í öryggismálum sem áður fundust í loftfari sem flugrekandinn Cubana de Aviación hefur starfrækt til flugs til Bandalagsins. Aðildarríkin munu sannprófa á kerfisbundinn hátt hvort viðeigandi öryggisstöðlum sé fylgt á skilvirkan hátt með því að setja það í forgang að loftfar þessa flugrekanda sé skoðað á hlaði samkvæmt reglugerð (EB) nr. 351/2008.

Iran Air

23) Færðar hafa verið sönnur á að ekki sé farið að sérstökum öryggisstöðlum, sem settir voru með Chicago-samningnum, af hálfu flugrekandans Iran National Airlines (Iran Air) í starfrækslu hans á flugi til Bandalagsins. Þessir annmarkar komu í ljós við skoðanir á hlaði sem lögbær yfirvöld í Austurríki, Frakklandi, Þýskalandi, Ítalíu, Hollandi, Svíþjóð, Breska konungsríkinu og Sviss sáu um samkvæmt SAFA-áætluninni ([1]).

([1]) ACG-2007-63, ACG-2007-90, ACG-2007-139, ACG-2008-58, ACG-2008-105, DGAC/F-2004-198, DGAC/F-2004-456, DGAC/F-2004-1218, DGAC/F-2005-194, DGAC/F-2005-523, DGAC/F-2005-1333, DGAC/F-2006-197, DGAC/F-2006-404, DGAC/F-2006-531, DGAC/F-2006-767, DGAC/F-2006-1696, DGAC/F-2007-185, DGAC/F-2007-575, DGAC/F-2007-1064, DGAC/F-2007-1802, DGAC/F-2007-2074, DGAC/F-2007-2254, DGAC/F-2007-2471, DGAC/F-2008-303, DGAC/F-2008-732, LBA/D-2004-42, LBA/D-2004-359, LBA/D-2004-780, LBA/D-2005-504, LBA/D-2005-521, LBA/D-2005-593, LBA/D-2006-234, LBA/D-2006-425, LBA/D-2007-463, LBA/D-2007-520, LBA/D-2007-536, LBA/D-2007-724, LBA/D-2008-209, LBA/D-2008-278, LBA/D-2008-441, ENAC-IT-2004-349, ENAC-IT-2005-85, ENAC-IT-2005-168, ENACIT-2005-349, ENAC-IT-2006-843, ENAC-IT-2007-387, ENAC-IT-2007-417, ENAC-IT-2007-572, ENAC-IT-2007-637, ENAC-IT-2008-104, CAA-NL-2004-91, CAA-NL-2004-92, CAA-NL-2005-15, CAA-NL-2005-36, CAA-NL-2005-117, CAA-NL-2007-190, CAA-NL-2008-43, SCAA-2005-32, SCAA-2005-57, SCAA-2007-60, CAA-UK-2004-24, CAA-UK-2004-150, CAA-UK-2004-158, CAA-UK-2004-208, CAA-UK-2005-34, CAA-UK-2008-76, CAAUK-2008-100, FOCA-2005-308, FOCA-2007-494.

24) Flugrekandinn setti fram nokkrar aðgerðir til úrbóta, sem hafa verið lagðar til við lögbær yfirvöld framangreindra aðildarríkja, ásamt áætlun um aðgerðir til úrbóta sem er sniðin að því að taka á kerfisbundinn hátt á annmörkum sem hafa áhrif á ýmis svið sem eru á ábyrgð flugrekandans. Að fengnum tilmælum flugrekandans og lögbærra yfirvalda í Íran (islamska lýðveldinu) tókst evrópskur sérfræðingahópur á hendur gagnaöflunarverkefni frá 16. til 20. júní 2008 til að sannprófa framkvæmd ýmissa aðgerða til úrbóta af hálfu flugrekandans. Skýrslan sýnir að flugrekandinn hefur komið á fót einingu innan á gæðastjórnunardeildar sinnar, sem hefur að markmiði eftirfylgni og lagfæringu á þeim annmörkum í öryggismálum sem komið hafa í ljós og greiningu á frumorsök þeirra til að koma í veg fyrir að þeir komi aftur fram.

25) Á grundvelli sameiginlegu viðmiðananna er það metið svo að flugrekandinn Iran Air sé stöðugt að koma í framkvæmd öllum nauðsynlegum aðgerðum til að lagfæra á fullnægjandi hátt alla annmarka í öryggismálum, sem áður höfðu komið í ljós, í samræmi við viðeigandi öryggisstaðla. Á þessu stigi er því ekki nauðsynlegt að grípa til frekari aðgerða. Framkvæmdastjórnin mun halda áfram að fylgjast náið með frammistöðu flugrekandans. Aðildarríkin munu sannprófa á kerfisbundinn hátt hvort viðeigandi öryggisstöðlum sé fylgt á skilvirkan hátt með því að setja það í forgang að loftfar þessa flugrekanda sé skoðað á hlaði samkvæmt reglugerð (EB) nr. 351/2008.

Yemenia — Yemen Airways

26) Færðar hafa verið sönnur á að ekki er farið að sérstökum öryggisstöðlum, sem settir voru með Chicagosamningnum, af hálfu flugrekandans Yemenia — Yemen Airways þegar hann starfrækir flug til Bandalagsins. Þessir annmarkar komu í ljós við skoðanir á hlaði sem lögbær yfirvöld í Frakklandi, Þýskalandi og Ítalíu sáu um samkvæmt áætlun um öryggisskoðun erlendra loftfara (SAFA-áætluninni) ([1]).

27) Flugrekandinn Yemenia hefur gert samning við loftfarsframleiðandann Airbus þar sem hinn síðarnefndi mun láta honum í té tæknilega sérfræðinga og úttektarmenn til að þjálfa starfsfólk (flugmenn og flugvirkja) og fylgjast með frammistöðu hans á tveimur sérsviðum: á sviði viðhalds og tæknimála og á sviði starfrækslu loftfara. Airbus gerði úttekt á flugrekandanum á þessum tveimur sviðum í nóvember og desember 2007 og lagði síðan fram nokkrar aðgerðir til úrbóta til að bæta frammistöðu í öryggismálum og einnig til að lagfæra á kerfisbundinn hátt annmarka í öryggismálum sem komu í ljós við skoðun á hlaði og höfðu áhrif á þessi svið. Áætlun um aðgerðir til úrbóta var lögð fram 26. maí 2008.

28) Framkvæmdastjórnin telur að í áætluninni um aðgerðir til úrbóta sé ekki brugðist á fullnægjandi hátt við öllum öryggisvandamálum sem hafa komið í ljós. Jafnvel þótt flugrekandinn hafi sýnt fram á að uppbygging og skipulag hans sé skilvirkt og að hann geti tryggt að stefnu í öryggismálum sé að öllu jöfnu fylgt eru óútkljáð vandamál á tilteknum sviðum. Að því er varðar starfrækslu, einkum að því er varðar þjálfun á jörðu niðri og flugþjálfun, hefur ekki verið sýnt fram á með fullnægjandi hætti hvort og á hvaða hátt aðgerðum til úrbóta verður komið í framkvæmd þar sem ekki liggja fyrir neinar upplýsingar um nauðsynlega menntun og hæfi og reynslu starfsfólks sem falið er tilskilin störf. Fjölmörgum þáttum er enn ólokið í aðgerðaráætluninni á sviði viðhalds- og tæknistjórnunar, s.s. fjarflug (ETOPS), viðhaldsstjórnun, tæknilegt bókasafn, sem liggja til grundvallar öruggum flugrekstri eða skipulegri viðhaldsstarfsemi. Ekki er unnt að meta aðgerðaráætlunina í heild á þessu sviði þar sem flugrekandinn hefur ekki gefið fullnægjandi svör. Viðbótargögn hafa einnig verið send til framkvæmdastjórnarinnar 12. og 25. júní 2008.Í þessum gögnum er að finna endurskoðaða áætlun um aðgerðir til úrbóta í kjölfar frekari viðræðna við Airbus. Fylgigögn með endurskoðaðri áætlun um aðgerðir til úrbóta voru afhent framkvæmdastjórninni 7. júlí 2008.

29) Til að framkvæmdastjórnin og aðildarríkin geti lokið mati á ítarlegum fylgigögnum, sem Yemenia leggur fram, mun framkvæmdastjórnin fara fram á það við fyrirtækið að fá frekari skýringar varðandi endurskoðaða áætlun um aðgerðir þess til úrbóta með hliðsjón af viðræðum flugrekandans og Airbus.

30) Framkvæmdastjórnin viðurkennir þá viðleitni sem Yemenia hefur sýnt til að leiðrétta öryggisannmarka sem hafa komið í ljós. Auk þess hafa ekki komið í ljós meiri háttar annmarkar nýverið við skoðun á hlaði í Bandalaginu. Framkvæmdastjórnin telur þó að aðgerðir til úrbóta sem Yemenia ber að gera verði að framkvæma að fullu og hafa verði náið eftirlit með þeim og að aðildarríkjunum beri að sannreyna á kerfisbundinn hátt hvort viðeigandi öryggisstöðlum sé fylgt á skilvirkan hátt með því að setja það í forgang að loftför þessa flugrekanda séu skoðuð á hlaði samkvæmt reglugerð (EB) nr. 351/2008.

31) Þess vegna lítur framkvæmdastjórnin svo á að flugrekandinn skuli ekki skráður í viðauka A eins og sakir standa .Að loknu mati á endurskoðaðri áætlun um aðgerðir til úrbóta og fylgigögnum mun framkvæmdastjórnin taka ákvörðun um viðeigandi ráðstafanir.

([1]) DGAC/F-2005-270, DGAC/F-2005-471, DGAC/F-2005-1054, DGAC/F-2005-1291, DGAC/F-2006-60, DGAC/F-2006-601, DGAC/F-2006-716, DGAC/F-2006-1465, DGAC/F-2006-1760, DGAC/F-2006-2066, DGAC/F-2007-119, DGAC/F-2007-1002, DGAC/F-2007-1332, DGAC/F-2007-2066, DGAC/F-2008-478, DGAC/F-2008-1129, LBA/D-2006-47, LBA/D-2006-103, LBA/D-2006-157, LBA/D-2007-477, ENAC-IT-2005-51, ENAC-IT-2005-218, ENAC-IT-2005-648, ENAC-IT-2006-330, ENAC-IT-2008-126.

Flugrekendur frá Kambódíu

32) Færðar hafa verið sönnur á verulega annmarka í öryggismálum af hálfu allra flugrekenda sem hafa fengið vottun í Kambódíu. Alþjóðaflugmálastofnunin (ICAO) gerði úttekt í Kambódíu í nóvember og desember 2007 þar sem fram kemur að í fjölmörgum tilvikum er ekki er farið að alþjóðlegum stöðlum þar í landi. Þar að auki tilkynnti Alþjóðaflugmálastofnunin öllum samningsaðilum um verulegar áhyggjur sínar af öryggismálum að því er varðar getu flugmálayfirvaldi í Kambódíu til að gæta ábyrgðar sinnar á sviði eftirlits með flugöryggi.

33) Lögbær yfirvöld í Kambódíu sýndu vanmátt sinn til að koma í framkvæmd öryggisstöðlum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar og framfylgja þeim. Kambódía hefur, nánar tiltekið, gefið út níu flugrekandaskírteini án þess að komið hafi verið á fót kerfi sem annast vottun flugrekanda þar í landi. Starfsfólk á sviði tæknimála og starfrækslu á skrifstofu flugmálayfirvalda (SSCA) tekur ekki þátt í samþykkisferli umsækjenda. Skrifstofa flugmálayfirvalda getur ekki tryggt að handhafar flugrekandaskírteina uppfylli ákvæði 6. viðauka Alþjóðaflugmálastofunarinnar og innlendar kröfur þar að lútandi. Enn fremur var ekki hægt að ákvarða á óyggjandi hátt hver væri núverandi lofthæfistaða loftfara sem skráð eru í Kambódíu.

34) Framkvæmdastjórnin hefur haft samráð við lögbær yfirvöld Kambódíu um þær aðgerðir sem þau hafa skuldbundið sig til að gera til að lagfæra annmarkana sem Alþjóðaflugmálastofnunin hefur staðfest að væru fyrir hendi. Skrifstofa flugmálayfirvalda hefur látið í ljós eindreginn vilja til að bæta ástandið og hefur hafið nokkrar mikilvægar aðgerðir til úrbóta, m.a. að koma á fót loftfarsskráningu, afskráningu verulegs hluta flugflotans, afturköllun fjögurra af níu flugrekendaskírteinum og útgáfu nokkurra reglugerða sem verða ófrávíkjanlegar í nóvember 2008. Framkvæmdastjórnin telur að þessar fyrstu aðgerðir til úrbóta séu hvetjandi og að taka megi á öryggisvandamálunum, sem Alþjóðaflugmálastofnunin kemst að raun um að séu fyrir hendi, þegar allar aðgerðir eru að fullu komnar til framkvæmda.

35) Framkvæmdastjórnin hvetur skrifstofu flugmálayfirvalda til að hefja afgerandi aðgerðir varðandi öryggisannmarka, einkum með tilliti til fullrar endurvottunar flugrekenda sem eru sem stendur með leyfi frá Kambódíu í fullu samræmi við staðla Alþjóðaflugmálastofnunarinnar. Í því skyni er rétt að skrifstofa flugmálayfirvalda leggi fram allar viðeigandi upplýsingar fyrir næsta fund Flugöryggisnefndarinnar í nóvember 2008 að því er varðar framkvæmd aðgerða til úrbóta á öryggisannmörkum sem Alþjóðaflugmálastofnunin hefur komist að raun um að séu fyrir hendi en sé það ekki gert er framkvæmdastjórninni nauðugur einn kostur að ákveða að skrá alla flugrekendur sem hafa fengið leyfi í Kambódíu í viðauka A.

Flugrekendur frá Síerra Leóne

36) Lögbær yfirvöld í Síerra Leóne hafa tilkynnt framkvæmdastjórninni að þau hafi gert ráðstafanir til að hefjast handa við afskráningu allra loftfara sem eru skráð í Síerra Leóne og hafi óskað eftir því að allir flugrekendur, sem hafa fengið flugrekstrarleyfi þar, verði felldir brott úr viðauka A. Þar að auki tilkynntu þau framkvæmdastjórninni að flugrekandinn Bellview Airlines (SL) sé ekki lengur handhafi flugrekandaskírteinis og því beri að fella hann brott úr viðauka A.

37) Framkvæmdastjórnin telur ekki réttlætanlegt að fella brott úr skránni í viðauka A alla flugrekendur sem hafa flugrekstrarleyfi í Síerra Leóne, þ.m.t. Bellview Airlines (SL), vegna þess að engin sönnun er fyrir því að þessir flugrekendur hafi hætt rekstri. Því skulu þessir flugrekendur áfram vera skráðir í viðauka A.

38) Að því er varðar drög að áætlun um aðgerðir til úrbóta, sem lögbær yfirvöld í Síerra Leóne sendu Alþjóðaflugmálastofnuninni, hefur framkvæmdastjórnin ekki enn fengið í hendur sönnun (viðeigandi gögn) fyrir því að tekið hafi verið á annmörkum í öryggismálum og tengdum stöðlum og ráðlögðum starfsvenjum á sviði almenningsflugs innan þess frests sem var gefinn.

Flugrekendur frá Indónesíu

39) Hinn 16. maí bárust framkvæmdastjórninni nýjar upplýsingar á um það hvernig miðar með framkvæmd áætlunar um aðgerðir til úrbóta af hálfu lögbærra yfirvalda í Indónesíu. Viðeigandi skjöl því til sönnunar, sem framkvæmdastjórninni bárust 16. júní 2008, sýna að innlend yfirvöld hafa ekki á þessu stigi getu til að tryggja eftirlit með flugrekendum, sem þau hafa vottað, einkum á sviði eftirlits með starfrækslu flugs.

40) Framkvæmdastjórninni bárust einnig, 2. júní 2008, upplýsingar frá lögbærum yfirvöldum í Indónesíu um skipulag og framkvæmd eftirlitsstarfsemi þeirra í tengslum við flugrekendurna Garuda Indonesia, Ekpres Transportasi Antar Benua, Airfast Indonesia og Mandala Airlines. Viðeigandi skjöl því til sönnunar, sem framkvæmdastjórninni bárust 16. júní 2008, sýna að eftirlit með starfrækslu flugs framangreindra flugrekenda er ófullnægjandi.

41) Lögbær yfirvöld í Indónesíu kynntu fyrirhugaðar aðgerðir til úrbóta fyrir Flugöryggisnefndinni hinn 10. júlí 2008 sem ætlað var að ráða bót á öryggisannmörkum sem Alþjóðaflugmálastofnunin hefur komist að raun um að séu fyrir hendi. Kynning þeirra varpaði ljósi á fylgigögn varðandi innleiðingu framkvæmdar áætlunar um aðgerðir til úrbóta sem voru lögð fram af hálfu Indónesíu 1. júlí 2008. Lögbær yfirvöld í Indónesíu hafa sýnt umtalsverða viðleitni til umbóta á öryggisástandinu í landi sínu með því að hefja framkvæmd nokkurra yfirgripsmikilla aðgerða til úrbóta sem nú standa yfir og ætti að ljúka á næstu mánuðum. Yfirvöldin staðfestu einnig að Alþjóðaflugmálastofnunin hefði ekki enn samþykkt lyktir neinna þeirra mála sem komu í ljós í síðustu úttektum hennar í nóvember 2000, apríl 2004 og febrúar 2007.

42) Flugrekandinn Garuda Indonesia lagði fram 7. maí 2008 viðbótarupplýsingar, sem framkvæmdastjórnin óskaði eftir við skýrslugjöf flugrekandans fyrir Flugöryggisnefndinni 3. apríl 2008 varðandi aðgerðir til úrbóta sem voru gerðar á sviði innri eftirlitskerfa og við uppsetningu endurbætts jarðvarakerfis (E-GPWS) í B-737 flugflotanum. Við skoðun skjalanna virðist sem Garuda Indonesia hafi lokið öllum nauðsynlegum aðgerðum til að uppfylla staðla Alþjóðaflugmálastofnunarinnar. Í kjölfar tveggja áþekkra flugatvika, sem áttu sér stað 9. og 28. maí 2008, hafa menn þó enn áhyggjur af flugrekstri þar.

43) Á grundvelli sameiginlegu viðmiðananna og í ljósi þess að enn sem komið er hefur Alþjóðaflugmálastofnunin ekki samþykkt lyktir neinna þeirra mála sem komu í ljós við úttektir hennar er það metið svo að eins og sakir standa hafi lögbær yfirvöld í Indónesíu ekki getað sýnt fram á að þau hafi gætt ábyrgðar sinnar á sviði reglusetningar og eftirlits í samræmi við staðla Alþjóðaflugmálastofnunarinnar með tilliti til allra flugrekenda sem þau votta. Þar af leiðandi er, eins og sakir standa, ekki hægt að fella neina aðra indónesíska flugrekendur brott úr skrá Bandalagsins.

44) Framkvæmdastjórnin mun hafa náið samstarf við Alþjóðaflugmálastofnunina vegna mats síns á getu lögbærra yfirvalda í Indónesíu til að koma alþjóðlegum öryggisstöðlum í framkvæmd og framfylgja þeim. Framkvæmdastjórnin hyggst heimsækja Indónesíu áður en nokkur breyting verður gerð á núverandi ráðstöfunum.

45) Flugrekendurnir Airfast Indonesia, Garuda Indonesia og Mandala Airlines lögðu hver fram sína beiðni um að leggja athugasemdir sínar munnlega fyrir Flugöryggisnefndina og fengu svo áheyrn 9. og 10. júlí 2008.

46) Lögbær yfirvöld í Indónesíu hafa látið framkvæmdastjórninni í té gögn um að flugrekandinn Adam Sky Connection Airlines hafi verið sviptur flugrekandaskírteini sínu. Þar eð þessi flugrekandi hefur síðan hætt starfsemi sinni skal fella hann brott úr skránni í viðauka A.

47) Lögbær yfirvöld í Indónesíu hafa látið framkvæmdastjórninni í té uppfærða skrá yfir flugrekendur sem hafa flugrekandaskírteini. Eins og sakir standa eru flugrekendur með vottun frá Indónesíu þessir: Garuda Indonesia, Merpati Nusantara, Kartika Airlines, Mandala Airlines, Trigana Air Service, Metro Batavia, Pelita Air Service (AOCs 121-008 and 135-001), Indonesia Air Asia, Lion Mentari Airlines, Wing Adabi Nusantara, Riau Airlines, Transwisata Prima Aviation, Tri MG Intra Airlines (AOCs 121-018 og 135-037), Ekspres Transportasi Antar Benua, Manunggal Air Service, Megantara Airlines, Linus Airways, Indonesia Air Transport, Sriwijaya Air, Travel Expres Airlines, Republic Expres Airlines, Airfast Indonesia, Helizona, Sayap Garuda Indah, Survei Udara Penas, Travira Utama, Derazona Air Service, National Utility Helicopter, Deraya Air Taxi, Dirgantara Air Service, SMAC, Kura- Kura Aviation, Gatari Air Service, Intan Angkasa Air Service, Air Pacific Utama, Transwisata Prima Aviation, Asco Nusa Air, Atlas Deltasatya, Pura Wisata Baruna, Panarbangan Angkasa Semesta, ASI Pujiastuti, Aviastar Mandiri, Dabi Air Nusantara, Balai Kalibrasi Fasilitas Penerbangan, Sampurna Air Nusantara og Eastindo. Uppfæra skal skrá Bandalagsins til samræmis við þetta og þessir flugrekendur skulu skráðir í viðauka A.

48) Auk þess hafa lögbær yfirvöld í Indónesíu tilkynnt framkvæmdastjórninni að flugrekendaskírteini flugrekendanna Helizona, Dirgantara Air Service, Kura-Kura Aviation, Asco Nusa Air og Tri MG Intra Airlines hafi verið felld úr gildi. Þar eð þessar ráðstafanir eru til bráðabirgða telur framkvæmdastjórnin að ekki sé réttlætanlegt að fella þá brott úr skránni í viðauka A.

Flugrekendur frá Filippseyjum

49) Flugmálastjórn Bandaríkjanna (FAA), deild innan bandaríska samgönguráðuneytisins, lækkaði öryggisflokkun Filippseyja í áætlun sinni um alþjóðlegt flugöryggismat (International Aviation Safety Assessment, IASA) af þeirri ástæðu að lögbær yfirvöld þar uppfylltu ekki alþjóðlega öryggisstaðla sem Alþjóðaflugmálastofnunin setur. Þar af leiðandi mega flugrekendur frá Filippseyjum því aðeins halda áfram rekstri sínum, eins og hann er að umfangi nú, að Flugmálastjórn Bandaríkjanna viðhafi aukið eftirlit með þeim. Þessum flugrekendum er óheimilt að auka eða breyta þjónustunni til Bandaríkjanna.

50) Alþjóðaflugmálastofnunin hefur tilkynnt að hún muni í nóvember 2008 láta fara fram ítarlega skoðun á Skrifstofu flutninga í lofti (Air Transporation Office) á Filippseyjum innan ramma úttektar í tengslum við alþjóðlegt eftirlit með öryggismálum (USOAP).

51) Framkvæmdastjórnin hefur hafið samráð við lögbær yfirvöld á Filippseyjum og vakið máls á áhyggjum manna af rekstraröryggi þeirra flugrekenda sem hafa flugrekstrarleyfi í landinu. Filippseyingar hafa greint frá því að ný lög um almenningsflug hafi verið samþykkt í mars 2008 og að verið sé að endurskipuleggja lögbæru yfirvöldin og gera þau að algjörlega sjálfstæðum aðila sem hafi hafið starfsemi 7. júlí 2008. Ítarleg áætlun um aðgerðir til úrbóta hefur þó ekki verið lögð fram enn.

52) Framkvæmdastjórnin telur að fresta skuli ákvörðun um hugsanlega skráningu allra flugrekenda, sem hafa fengið vottun á Filippseyjum, í Bandalaginu þar til niðurstöður úttektar Alþjóðaflugmálastofnunarinnar eru kunnar. Þangað til munu framkvæmdastjórnin og aðildarríkin halda áfram að fylgjast með ástandi öryggis hjá þessum flugrekendum.

Flugrekendur frá Rússneska sambandsríkinu

53) Í kjölfar samþykktar reglugerðar (EB) nr. 331/2008 hlýddu framkvæmdastjórnin og nokkur aðildarríki á kynningu 13 rússneskra flugrekenda 21. til 23. apríl sem hefur verið bannað að stunda flugrekstur vegna ákvörðunar lögbærra yfirvalda í Rússneska sambandsríkinu. Skjölin, sem þessir flugrekendur lögðu fram og kynningar af hálfu yfirvalda um eftirlitsábyrgð, gerðu kleift að skýra ástand öryggis hjá þessum flugrekendum og að hvaða marki þeir uppfylla staðla Alþjóðaflugmálastofnunarinnar sem gilda um alþjóðlegan rekstur. Skýrslugjöfin leiddi einnig til þeirrar niðurstöðu að nokkur loftför eru, samkvæmt skjölum sem flugmálayfirvöld í Rússneska sambandsríkinu lögðu fram, ekki nægilega vel tækjum búin fyrir alþjóðlegt flug, samkvæmt stöðlum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, einkum þar sem þau eru ekki búin landslagsgreiningarkerfi og jarðvarakerfi (TAWS/E-GPWS) eins og þeim ber skylda til að hafa. Þessi yfirvöld skuldbundu sig til að gera nauðsynlegar ráðstafanir, samkvæmt rússneskum lögum, til að koma í veg fyrir starfrækslu þessara loftfara til flugs inn í loftrými Bandalagsins, innan þess og út úr því, sem og flugs inn í, innan og út úr loftrými Íslands, Noregs og Sviss, og til að endurskoða flugrekandaskírteini og forsendur starfrækslu hlutaðeigandi flugrekenda til samræmis við það. Framkvæmdastjórninni verður tilkynnt um endurskoðað flugrekandaskírteini ásamt heildarrekstarforskriftum 1 áður en starfræksla slíkra loftfara til flugs inn í loftrými Bandalagsins hefst. Lögbær yfirvöld í Rússneska sambandsríkinu samþykktu, 25. apríl 2008, ákvörðun sem öðlaðist gildi 26. apríl 2008.

54) Í samræmi við þessa ákvörðun eru eftirfarandi loftför útilokuð frá starfrækslu flugs til Bandalagsins, innan þess og frá því:

a) Aircompany Yakutia: Tupolev TU-154: RA-85007 og RA-85790; Antonov AN-140: RA-41250; AN-24RV: RA-46496, RA-46665, RA-47304, RA-47352, RA-47353, RA-47360; AN-26: RA-26660;

b) Gazpromavia: Tupolev TU-154M: RA-85625 og RA-85774; Yakovlev Yak-40: RA-87511, RA-88186 og RA-88300; Yak-40K: RA-21505 og RA-98109; Yak-42D: RA-42437; allar (22) þyrlur Kamov Ka-26 (óþekkt skráningarnúmer); allar (49) þyrlur Mi-8 (óþekkt skráningarnúmer); allar (11) þyrlur Mi-171 (óþekkt skráningarnúmer); allar (8) þyrlur Mi-2 (óþekkt skráningarnúmer); allar (1) þyrlur EC-120B (óþekkt skráningarnúmer);

c) Kavminvodyavia: Tupolev TU-154B: RA-85307, RA- 85494 og RA-85457;

d) Krasnoyarsky Airlines: Tupolev TU-154B: RA-85505 og RA-85529; TU-154M: RA-85672, RA-85678, RA-85682, RA-85683, RA-85694, RA-85759, RA- 85801, RA-85817 og RA-85821; Ilyushin IL-86: RA-86121, RA-86122, RA-86137 og RA-86145; Kuban Airlines: Yakovlev Yak-42: RA-42331, RA-42336, RA-42350, RA-42526, RA-42538 og RA-42541;

e) Orenburg Airlines: Tupolev TU-154B: RA-85602; allar TU-134 (óþekkt skráningarnúmer); allar Antonov An-24 (óþekkt skráningarnúmer); allar An-2 (óþekkt skráningarnúmer); allar þyrlur Mi-2 (óþekkt skráningarnúmer); allar þyrlur Mi-8 (óþekkt skráningarnúmer) ([1]);

f) Siberia Airlines: Tupolev TU-154M: RA-85613, RA- 85619, RA-85622, RA-85690 og RA-85618;

g) Tatarstan Airlines: Yakovlev Yak-42D: RA-42347, RA-42374, RA-42433; Yak-40: RA-88287; allar Tupolev TU-134A, þ.m.t.: RA-65065, RA-65102, RA-65691, RA-65970 og RA-65973; allar Antonov AN-24RV, þ.m.t.: RA-46625 og RA-47818;

([1]) Lögbær yfirvöld Rússneska sambandsríkisins tilkynntu framkvæmdastjórninni 6. júní 2008 að sett hefði verið upp endurbætt jarðvarakerfi í Tupolev TU-154B loftförum flugrekandans Orenburg Airlines með skrásetningarmerki RA-85603, RA-85604. Þau lögðu einnig fram breyttar rekstrarforskriftir flugrekandaskírteinis flugrekandans.

h) Ural Airlines: Tupolev TU-154B: RA-85319, RA-85337, RA-85357, RA-85375, RA-85374, RA-85432 og RA-85508 ([1]);

i) UTAir: Tupolev TU-154M: RA-85727, RA-85733, RA-85755, RA-85788, RA-85789, RA-85796, RA-85803, RA-85806, RA-85820, RA-85681 og RA-85685; TU-154B: RA-85504, RA-85550, RA-85557; allar (29) TU-134: RA-65005, RA-65024, RA-65033, RA-65055, RA-65127, RA-65143, RA-65148, RA- 65560, RA-65565, RA-65572, RA-65575, RA- 65607, RA-65608, RA-65609, RA-65611, RA- 65613, RA-65616, RA-65618, RA-65620, RA- 65622, RA-65728, RA-65755, RA-65777, RA- 65780, RA-65793, RA-65901, RA-65902, RA- 65916 og RA-65977; allar (1) TU-134B: RA-65716; allar (4) Antonov AN-24B: RA-46267, RA-46388, RA- 47289 og RA-47847; allar (3) AN-24 RV: RA-46509, RA-46519 og RA-47800; allar (10) Yakovlev Yak-40: RA-87292, RA-87348, RA-87907, RA-87941, RA- 87997, RA-88209, RA 88210, RA-88227, RA- 88244 og RA-88280; allar þyrlur Mil-26: (óþekkt skráningarnúmer); allar þyrlur Mil-10: (óþekkt skráningarnúmer); allar þyrlur Mil-8 (óþekkt skráningarnúmer); allar þyrlur AS-355 (óþekkt skráningarnúmer); allar þyrlur BO-105 (óþekkt skráningarnúmer);

j) Rossija (STC Russia): Tupolev TU-134: RA-65093, RA-65109, RA-65113, RA-65553, RA-65555, RA-65759, RA-65904, RA-65905, RA-65911, RA-65912, RA-65921, RA-65979 og RA-65994; TU-214: RA-64504, RA-64505; Ilyushin IL-18: RA-75454 og RA-75464; Yakovlev Yak-40: RA- 87203, RA-87968, RA-87969, RA-87971, RA- 87972 og RA-88200.

55) Engin slík loftför voru auðkennd að því er varðar flugrekendurna Airlines 400 JSC og Atlant Soyuz.

56) Lögbær yfirvöld í Rússneska sambandsríkinu og framkvæmdastjórnin einsetja sér að halda áfram nánu samstarfi sín á milli og að skiptast á öllum nauðsynlegum upplýsingum varðandi öryggi flugrekenda sinna. Aðildarríkin munu sannprófa á kerfisbundinn hátt hvort viðeigandi öryggisstöðlum sé fylgt á skilvirkan hátt með því að setja það í forgang að loftför þessara flugrekenda séu skoðuð á hlaði samkvæmt reglugerð (EB) nr. 351/2008.

Flugrekendur frá Úkraínu

Ukraine Cargo Airways

57) Eins og fram kemur í 18. forsendu reglugerðar nr. 331/2008 lagði flugrekandinn Ukraine Cargo Airways fram endurskoðaða áætlun 1. apríl 2008 um aðgerðir til úrbóta sem endurspegla þær breytingar sem lögbær yfirvöld í Úkraínu kröfðust í kjölfar úttektar á flugrekandanum. Hinn 11. apríl 2008 krafðist framkvæmdastjórnin að lögbær yfirvöld í Úkraínu legðu fram, eigi síðar en 10. maí 2008, sönnunargögn um hvaða árangur hefði náðst með framkvæmd endurskoðaðrar áætlunar um aðgerðir til úrbóta.

58) Lögbær yfirvöld í Úkraínu tilkynntu framkvæmdastjórninni 19. júní 2008 að þau væru ekki í aðstöðu til að staðfesta hvort flugrekandinn Ukraine Cargo Airways hefði komið í framkvæmd aðgerðum til úrbóta. Þau greindu enn fremur frá því að þau telji sumar aðgerðanna til úrbóta ófullnægjandi. Hinn 27. júní lögðu þessi yfirvöld fram fylgigögn sem veittu framkvæmdastjórninni upplýsingar um að hjá flugrekandanum hefðu orðið „veigamiklar framfarir í umbótum á tæknilegum skilyrðum flugflota hans, skjalahaldi, stefnu og aðferðum, svo og í þjálfun áhafnar“ en að „flugrekandinn standi illa að vígi varðandi tíma og aðrar kringumstæður, þ.m.t. tafir af völdum viðhaldsfyrirtækja, til að ljúka verkinu til fulls á öllum loftförum og bæta þjálfun flugáhafna“. Lögbær yfirvöld í Úkraínu staðfestu að þau væru reiðubúin til að hafa áfram alhliða eftirlit með Ukraine Cargo Airways og þau skuldbinda sig til að veita Flugöryggisnefndinni afdráttarlausan úrskurð að því er varðar skilvirkni framkvæmda Ukraine Cargo Airways á áætlun flugrekandans um aðgerðir til úrbóta. Hinn 8. júlí lögðu lögbær yfirvöld í Úkraínu fram ákvörðun sína um að létta flugrekstrartakmörkunum af tilteknum loftförum hjá Ukraine Cargo Airways í kjölfar sannprófunar á framkvæmd flugrekandans á áætlun um aðgerðir til úrbóta.

59) Samkvæmt gögnunum sem lögbær yfirvöld í Úkraínu og Ukraine Cargo Airways lögðu fyrir Flugöryggisnefndina 10. júlí 2008 hafði skoðun á hlaði á 15 loftförum leitt í ljós að áætlunin um aðgerð til úrbóta var einungis framkvæmd á 6 loftförum sem uppfylla staðla Alþjóðaflugmálastofnunarinnar og nefndin hafði ákveðið að aflétta af þeim öllum takmörkunum sem áður höfðu verið lagðar á þau. Enn fremur, samkvæmt þessum yfirvöldum, höfðu loftförin níu, sem eftir voru, ekki reynst samrýmanleg þeim aðgerðum sem krafist er til að stöðlum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar sé framfylgt og voru því áfram háð flugrekstrartakmörkunum í Úkraínu.

([1]) Lögbær yfirvöld Rússneska sambandsríkisins tilkynntu framkvæmdastjórninni 6. júní 2008 að sett hefði verið upp endurbætt jarðvarakerfi í Ilyushin IL-86 loftfari flugrekandans Ural Airlines með skrásetningarmerki RA-86078, RA-86093, RA-86114 og RA-86120. Þau lögðu einnig fram breyttar rekstrarforskriftir flugrekandaskírteinis flugrekandans.

60) Framkvæmdastjórnin viðurkennir að flugrekandinn hafi sýnt vilja sinn til aðgerða til úrbóta og til að takast á við öryggisannmarka sem hafa áhrif á allan flugflota hans. Samt sem áður er það álit hennar, á grundvelli skjalfestra sannana varðandi niðurstöður af sannprófunum sem lögbær yfirvöld í Úkraínu hafa gert fram að þessu og einnig andmælanna sem þessi yfirvöld lögðu fram gagnvart Flugöryggisnefndinni, að rekstraraðilinn hafi ekki framkvæmt áætlunina að fullu þar eð sannprófun þar til bærra yfirvalda í Úkraínu gefi til kynna að nokkuð skorti á að aðgerðir til úrbóta, sem hafa verið framkvæmdar til þessa, séu nægilega viðeigandi og skilvirkar. Framkvæmdastjórnin hefur enn áhyggjur af því að flugrekandinn gat einungis staðhæft að hluti af flugflota hans samrýmdist öryggisstöðlum en samkvæmt áætlun hans átti fyrirtækið að koma á fót stjórnunarkerfi fyrir flugflotann sem tryggði að allar ráðstafanir giltu jafnt um öll loftför hans. Á grundvelli sameiginlegu viðmiðananna er því óheimilt á þessu stigi að fella flugrekandann brott úr skránni í viðauka A.

Heildareftirlit með öryggi flugrekanda frá Úkraínu

61) Eins og fyrirhugað er skv. 21. forsendu reglugerðar nr. 331/2008 hvatti framkvæmdastjórnin, 11. apríl 2008, lögbær yfirvöld í Úkraínu til að leggja fram, eigi síðar en 10. maí 2008, áætlun um ráðstafanir til að auka öryggiseftirlit með rekstraraðilum, sem heyra undir eftirlitsyfirvöld þeirra, og loftförum sem eru skráð í Úkraínu. Á samráðsfundum með lögbærum yfirvöldum í Úkraínu, skv. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 473/2006 frá 22. maí 2008, endurnýjaði framkvæmdastjórnin beiðni sína um slíkar upplýsingar. Lögbær yfirvöld í Úkraínu lögðu fram slíka áætlun 31. maí 2008. Í þessari áætlun er lögð áhersla á eftirfarandi: löggjöf varðandi þróun, framkvæmd og fullnustu nákvæmra, bindandi og skýrra laga og staðla í Úkraínu til að samþykkja og hafa eftirlit með fyrirtækjum, loftförum og starfsfólki; tilföngum Flugmálastjórnar í Úkraínu að því er varðar menntun og hæfi og þjálfun starfsfólks til að tryggja að fjöldi, menntun og hæfi og reynsla starfsfólks, þ.m.t. grunnþjálfun og reglubundin starfsþjálfun, sé fullnægjandi til að standast það vinnuálag sem fylgir öryggiseftirliti með flugrekendum, loftförum og starfsfólki í Úkraínu, og að lokum eftirlit með áframhaldandi lofthæfi og viðhaldi loftfara að því er varðar það hvernig lögbær yfirvöld í Úkraínu ábyrgjast að áframhaldandi lofthæfi loftfara undir eftirliti þeirra sé tryggt og að loftförum sé viðhaldið í samræmi við samþykktar viðhaldsáætlanir sem eru endurskoðaðar með reglulegu millibili.

62) Lögbær yfirvöld í Úkraínu lögðu einnig fram sönnun um lagaákvæði sem gilda þar til nýjar reglur um flug, sem einnig hafa áhrif á öryggisþætti, hafa verið samþykktar og öðlast gildi.

63) Framkvæmdastjórnin telur að aðgerðaáætlunin, sem lögð var fram, feli í sér aðgerðir sem miða að því að auka og efla eftirlit í Úkraínu. Ekki er þó unnt að meta árangur af þessari áætlun á þessu stigi þar sem tímaáætlun aðgerða til úrbóta nær til ársins 2011 en lokið skal við að innleiða flestar ráðstafanir, sem hafa áhrif á eftirlit með áframhaldandi lofthæfi og viðhaldi, eigi síðar en í lok ársins 2008.

64) Í ljósi þess sem að framan greinir telur framkvæmdastjórnin nauðsynlegt að fylgjast náið með áframhaldandi framkvæmd þessarar áætlunar. Lögbær yfirvöld í Úkraínu eru hvött til að leggja fram framvinduskýrslu á þriggja mánaða fresti. Þar af leiðandi hyggst framkvæmdastjórnin heimsækja lögbær yfirvöld í Úkraínu til að sannreyna árangur af framkvæmd þessara aðgerða sem þarf að vera lokið eigi síðar en við lok ársins 2008. Aðildarríkin munu enn fremur sannreyna á kerfisbundinn hátt hvort viðeigandi öryggisstöðlum sé fylgt á skilvirkan hátt með því að setja það í forgang að loftfar flugrekanda með flugrekstrarleyfi í Úkraínu sé skoðað á hlaði samkvæmt reglugerð (EB) nr. 351/2008.

Almennar forsendur að því er varðar hina flugrekendurna sem eru skráðir í viðauka A og B

65) Engar sannanir fyrir fullri framkvæmd viðeigandi aðgerða til úrbóta af hálfu hinna flugrekendanna, sem eru skráðir í skrá Bandalagsins, sem var uppfærð 16. apríl 2008, eða yfirvalda, sem er skylt að hafa lögbundið eftirlit með þessum flugrekendum, hafa borist framkvæmdastjórninni enn sem komið er, þrátt fyrir bein tilmæli hennar þar að lútandi. Á grundvelli sameiginlegu viðmiðananna er það því metið svo að þessum flugrekendum skuli áfram bannað að stunda flugrekstur (viðauki A) eða takmarkanir settar á flugrekstur þeirra (viðauki B), eftir því sem við á.

66) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit flugöryggisnefndarinnar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 474/2006 er breytt sem hér segir:

1. Í stað viðauka A komi viðauki A við þessa reglugerð.

2. Í stað viðauka B komi viðauki B við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. júlí 2008.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Antonio TAJANI

varaforseti.

VIÐAUKI A

SKRÁ YFIR FLUGREKENDUR SEM ER BANNAÐ AÐ STUNDA ALLAN FLUGREKSTUR INNAN BANDALAGSINS ([1])

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda
AIR KORYO	Óskráð	KOR	Norður-Kórea
AIR WEST CO. LTD	004/A	AWZ	Súdan
ARIANA AFGHAN AIRLINES	009	AFG	Afganistan
SILVERBACK CARGO FREIGHTERS	Óskráð	VRB	Rúanda
TAAG ANGOLA AIRLINES	001	DTA	Angóla
UKRAINE CARGO AIRWAYS	145	UKS	Úkraína
UKRAINIAN MEDITERRANEAN AIRLINES	164	UKM	Úkraína
VOLARE AVIATION ENTREPRISE	143	VRE	Úkraína
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Austur-Kongó (alþýðulýðveldið), þ.m.t.		—	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
AFRICA ONE	409/CAB/MIN/TC/0114/2006	CFR	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
AFRICAN AIR SERVICES COMMUTER SPRL	409/CAB/MIN/TC/0005/2007	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
AIGLE AVIATION	409/CAB/MIN/TC/0042/2006	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
AIR BENI	409/CAB/MIN/TC/0019/2005	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
AIR BOYOMA	409/CAB/MIN/TC/0049/2006	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
AIR INFINI	409/CAB/MIN/TC/006/2006	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
AIR KASAI	409/CAB/MIN/TC/0118/2006	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
AIR NAVETTE	409/CAB/MIN/TC/015/2005	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
AIR TROPIQUES S.P.R.L.	409/CAB/MIN/TC/0107/2006	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
BEL GLOB AIRLINES	409/CAB/MIN/TC/0073/2006	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
BLUE AIRLINES	409/CAB/MIN/TC/0109/2006	BUL	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
BRAVO AIR CONGO	409/CAB/MIN/TC/0090/2006	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
BUSINESS AVIATION S.P.R.L.	409/CAB/MIN/TC/0117/2006	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
BUTEMBO AIRLINES	409/CAB/MIN/TC/0056/2006	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
CARGO BULL AVIATION	409/CAB/MIN/TC/0106/2006	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
CETRACA AVIATION SERVICE	409/CAB/MIN/TC/037/2005	CER	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
CHC STELLAVIA	409/CAB/MIN/TC/0050/2006	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
COMAIR	409/CAB/MIN/TC/0057/2006	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)

([1]) Unnt væri að heimila að allir flugrekendur, sem eru skráðir í viðauka A, nýti flugréttindi, með því að nota loftfar í þjónustuleigu frá flugrekanda, sem er ekki bannað að stunda flugrekstur, að því tilskildu að viðeigandi öryggiskröfur séu uppfylltar.

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda
COMPAGNIE AFRICAINE D'AVIATION (CAA)	409/CAB/MIN/TC/0111/2006	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
DOREN AIR CONGO	409/CAB/MIN/TC/0054/2006	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
EL SAM AIRLIFT	409/CAB/MIN/TC/0002/2007	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
ESPACE AVIATION SERVICE	409/CAB/MIN/TC/0003/2007	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
FILAIR	409/CAB/MIN/TC/0008/2007	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
FREE AIRLINES	409/CAB/MIN/TC/0047/2006	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
GALAXY INCORPORATION	409/CAB/MIN/TC/0078/2006	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
GOMA EXPRESS	409/CAB/MIN/TC/0051/2006	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
GOMAIR	409/CAB/MIN/TC/0023/2005	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
GREAT LAKE BUSINESS COMPANY	409/CAB/MIN/TC/0048/2006	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
HEWA BORA AIRWAYS (HBA)	409/CAB/MIN/TC/0108/2006	ALX	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
I.T.A.B. — INTERNATIONAL TRANS AIR BUSINESS	409/CAB/MIN/TC/0022/2005	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
KATANGA AIRWAYS	409/CAB/MIN/TC/0088/2006	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
KIVU AIR	409/CAB/MIN/TC/0044/2006	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
LIGNES AÉRIENNES CONGOLAISES	Undirskrift ráðherra (tilskipun 78/205)	LCG	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
MALU AVIATION	409/CAB/MIN/TC/0113/2006	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
MALILA AIRLIFT	409/CAB/MIN/TC/0112/2006	MLC	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
MANGO AIRLINES	409/CAB/MIN/TC/0007/2007	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
PIVA AIRLINES	409/CAB/MIN/TC/0001/2007	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
RWAKABIKA BUSHI EXPRESS	409/CAB/MIN/TC/0052/2006	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
SAFARI LOGISTICS SPRL	409/CAB/MIN/TC/0076/2006	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
SAFE AIR COMPANY	409/CAB/MIN/TC/0004/2007	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
SERVICES AIR	409/CAB/MIN/TC/0115/2006	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
SUN AIR SERVICES	409/CAB/MIN/TC/0077/2006	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
TEMBO AIR SERVICES	409/CAB/MIN/TC/0089/2006	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
THOM'S AIRWAYS	409/CAB/MIN/TC/0009/2007	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
TMK AIR COMMUTER	409/CAB/MIN/TC/020/2005	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
TRACEP CONGO	409/CAB/MIN/TC/0055/2006	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
TRANS AIR CARGO SERVICE	409/CAB/MIN/TC/0110/2006	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
TRANSPORTS AERIENS CONGOLAIS (TRACO)	409/CAB/MIN/TC/0105/2006	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
VIRUNGA AIR CHARTER	409/CAB/MIN/TC/018/2005	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
WIMBI DIRA AIRWAYS	409/CAB/MIN/TC/0116/2006	WDA	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)
ZAABU INTERNATIONAL	409/CAB/MIN/TC/0046/2006	Óskráður	Austur-Kongó (alþýðulýðveldið)

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Miðbaugs-Gíneu, þ.m.t.			Miðbaugs-Gínea
CRONOS AIRLINES	Óskráð	Óskráður	Miðbaugs-Gínea
CEIBA INTERCONTINENTAL	Óskráð	CEL	Miðbaugs-Gínea
EUROGUINEANA DE AVIACION Y TRANSPORTES	2006/001/MTTCT/DGAC/SOPS	EUG	Miðbaugs-Gínea
GENERAL WORK AVIACION	002/ANAC	á ekki við	Miðbaugs-Gínea
GETRA — GUINEA ECUATORIAL DE TRANSPORTES AEREOS	739	GET	Miðbaugs-Gínea
GUINEA AIRWAYS	738	á ekki við	Miðbaugs-Gínea
UTAGE — UNION DE TRANSPORT AEREO DE GUINEA ECUATORIAL	737	UTG	Miðbaugs-Gínea
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Indónesíu, þ.m.t.			Indónesía
AIR PACIFIC UTAMA	135-020	Óskráður	Indónesía
AIRFAST INDONESIA	135-002	AFE	Indónesía
ASCO NUSA AIR TRANSPORT	135-022	Óskráður	Indónesía
ASI PUDJIASTUTI	135-028	Óskráður	Indónesía
ATLAS DELTASATYA	135-023	Óskráður	Indónesía
AVIASTAR MANDIRI	135-029	Óskráður	Indónesía
BALAI KALIBRASI FASITAS PENERBANGAN	135-031	Óskráður	Indónesía
DABI AIR NUSANTARA	135-030	Óskráður	Indónesía
DERAYA AIR TAXI	135-013	DRY	Indónesía
DERAZONA AIR SERVICE	135-010	Óskráður	Indónesía
DIRGANTARA AIR SERVICE	135-014	DIR	Indónesía
EASTINDO	135-038	Óskráður	Indónesía
EKSPRES TRANSPORTASI ANTAR BENUA	135-032	Óskráður	Indónesía
GARUDA INDONESIA	121-001	GIA	Indónesía
GATARI AIR SERVICE	135-018	GHS	Indónesía
HELIZONA	135-003	Óskráður	Indónesía
INDONESIA AIR ASIA	121-009	AWQ	Indónesía
INDONESIA AIR TRANSPORT	135-017	IDA	Indónesía
INTAN ANGKASA AIR SERVICE	135-019	Óskráður	Indónesía
KARTIKA AIRLINES	121-003	KAE	Indónesía
KURA-KURA AVIATION	135-016	Óskráður	Indónesía
LION MENTARI ARILINES	121-010	LNI	Indónesía

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda
LINUS AIRWAYS	121-029	Óskráður	Indónesía
MANDALA AIRLINES	121-005	MDL	Indónesía
MANUNGGAL AIR SERVICE	121-020	Óskráður	Indónesía
MEGANTARA AIRLINES	121-025	Óskráður	Indónesía
MERPATI NUSANTARA	121-002	MNA	Indónesía
METRO BATAVIA	121-007	BTV	Indónesía
NATIONAL UTILITY HELICOPTER	135-011	Óskráður	Indónesía
PELITA AIR SERVICE	121-008	PAS	Indónesía
PELITA AIR SERVICE	135-001	PAS	Indónesía
PENERBANGAN ANGKASA SEMESTA	135-026	Óskráður	Indónesía
PURA WISATA BARUNA	135-025	Óskráður	Indónesía
REPUBLIC EXPRES AIRLINES	121-040	RPH	Indónesía
RIAU AIRLINES	121-017	RIU	Indónesía
SAMPURNA AIR NUSANTARA	135-036	Óskráður	Indónesía
SAYAP GARUDA INDAH	135-004	Óskráður	Indónesía
SMAC	135-015	SMC	Indónesía
SRIWIJAYA AIR	121-035	SJY	Indónesía
SURVEI UDARA PENAS	135-006	Óskráður	Indónesía
TRANSWISATA PRIMA AVIATION	135-021	Óskráður	Indónesía
TRAVEL EXPRES AIRLINES	121-038	XAR	Indónesía
TRAVIRA UTAMA	135-009	Óskráður	Indónesía
TRI MG INTRA AIRLINES	121-018	TMG	Indónesía
TRI MG INTRA AIRLINES	135-037	TMG	Indónesía
TRIGANA AIR SERVICE	121-006	TGN	Indónesía
WING ABADI NUSANTARA	121-012	WON	Indónesía
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Kirgistan, þ.m.t.		—	Kirgistan
AIR MANAS	17	MBB	Kirgistan
ARTIK AVIA	13	ART	Kirgistan
ASIA ALPHA AIRWAYS	32	SAL	Kirgistan
AVIA TRAFFIC COMPANY	23	AVJ	Kirgistan
BISTAIR-FEZ BISHKEK	08	BSC	Kirgistan
CLICK AIRWAYS	11	CGK	Kirgistan
DAMES	20	DAM	Kirgistan

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda
EASTOK AVIA	15	Óskráður	Kirgistan
ESEN AIR	2	ESD	Kirgistan
GOLDEN RULE AIRLINES	22	GRS	Kirgistan
ITEK AIR	04	IKA	Kirgistan
KYRGYZ TRANS AVIA	31	KTC	Kirgistan
KYRGYZSTAN	03	LYN	Kirgistan
KYRGYZSTAN AIRLINES	01	KGA	Kirgistan
MAX AVIA	33	MAI	Kirgistan
OHS AVIA	09	OSH	Kirgistan
S GROUP AVIATION	6	Óskráður	Kirgistan
SKY GATE INTERNATIONAL AVIATION	14	SGD	Kirgistan
SKY WAY AIR	21	SAB	Kirgistan
TENIR AIRLINES	26	TEB	Kirgistan
TRAST AERO	05	TSJ	Kirgistan
VALOR AIR	07	Óskráður	Kirgistan
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Líberíu		—	Líbería
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Gabon, að undanskildum Gabon Airlines og Afrijet, þ.m.t.			Gabon
AIR SERVICES SA	0002/MTACCMDH/SGACC/DTA	Óskráður	Gabon
AIR TOURIST (ALLEGIANCE)	0026/MTACCMDH/SGACC/DTA	NIL	Gabon
NATIONALE ET REGIONALE TRANSPORT (NATIONALE)	0020/MTACCMDH/SGACC/DTA	Óskráður	Gabon
NOUVELLE AIR AFFAIRES GABON (SN2AG)	0045/MTACCMDH/SGACC/DTA	NVS	Gabon
SCD AVIATION	0022/MTACCMDH/SGACC/DTA	Óskráður	Gabon
SKY GABON	0043/MTACCMDH/SGACC/DTA	SKG	Gabon
SOLENTA AVIATION GABON	0023/MTACCMDH/SGACC/DTA	Óskráður	Gabon
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Síerra Leóne, þ.m.t.	—	—	Síerra Leóne
AIR RUM, LTD	Óskráð	RUM	Síerra Leóne
BELLVIEW AIRLINES (S/L) LTD	Óskráð	BVU	Síerra Leóne

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda
DESTINY AIR SERVICES, LTD	Óskráð	DTY	Síerra Leóne
HEAVYLIFT CARGO	Óskráð	Óskráður	Síerra Leóne
ORANGE AIR SIERRA LEONE LTD	Óskráð	ORJ	Síerra Leóne
PARAMOUNT AIRLINES, LTD	Óskráð	PRR	Síerra Leóne
SEVEN FOUR EIGHT AIR SERVICES LTD	Óskráð	SVT	Síerra Leóne
TEEBAH AIRWAYS	Óskráð	Óskráður	Síerra Leóne
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Svasílandi, þ.m.t.	—	—	Svasíland
AERO AFRICA (PTY) LTD	Óskráð	RFC	Svasíland
JET AFRICA SWAZILAND	Óskráð	OSW	Svasíland
ROYAL SWAZI NATIONAL AIRWAYS CORPORATION	Óskráð	RSN	Svasíland
SCAN AIR CHARTER, LTD	Óskráð	Óskráður	Svasíland
SWAZI EXPRESS AIRWAYS	Óskráð	SWX	Svasíland
SWAZILAND AIRLINK	Óskráð	SZL	Svasíland

VIÐAUKI B

SKRÁ YFIR FLUGREKENDUR SEM SÆTA REKSTRARTAKMÖRKUNUM INNAN BANDALAGSINS ([1])

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekanda-skírteinis (AOC)	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda	Gerð loftfars	Skráningarmerki og framleiðsluraðnúmer ef það er fyrir hendi	Skráningarríki
AFRIJET ([1])	0027/MTAC/SG ACC/DTA		Gabon	Öll loftför, að undanskildu: 2 loftförum af gerðinni Falcon 50, 1 loftfari af gerðinni Falcon 900	Öll loftför, að undanskildu TR-LGV, TR-LGY, TR-AFJ	Gabon
AIR BANGLADESH	17	BGD	Bangladesh	B747-269B	S2-ADT	Bangladesh
AIR SERVICE COMORES	06-819/TA-15/ DGACM	KMD	Kómoreyjar	Öll loftför, að undanskildu LET 410 UVP	Öll loftför, að undanskildu D6-CAM (851336)	Kómoreyjar
GABON AIRLINES ([2])	0040/MTAC/SG ACC/DTA	GBK	Gabon	Öll loftför, að undanskildi 1 loftfari af gerðinni Boeing B-767-200	Öll loftför, að undanskildu TR-LHP	Gabon

([1]) Afrijet er einungis heimilt að nota það loftfar sem er tilgreint fyrir núverandi starfsemi þess innan Evrópubandalagsins.
([2]) Gabon Airlines er einungis heimilt að nota það loftfar sem er tilgreint fyrir núverandi starfsemi þess innan Evrópubandalagsins.

([1]) Unnt væri að heimila að allir flugrekendur, sem eru skráðir í viðauka B, nýti flugréttindi, með því að nota loftfar í þjónustuleigu frá flugrekanda, sem er ekki bannað að stunda flugrekstur, að því tilskildu að viðeigandi öryggiskröfur séu uppfylltar.

TILMÆLI FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2013/EES/4/28**

frá 5. júní 2008

um takmörkun á einkaréttarábyrgð löggiltra endurskoðenda og endurskoðunarfyrirtækja (*)

(tilkynnt með númeri C(2008) 2274)

(2008/473/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum öðrum undirlið 211. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB frá 17. maí 2006 um lögboðna endurskoðun ársreikninga og samstæðureikninga, um breytingu á tilskipunum ráðsins 78/660/EBE og 83/349/EBE ([1]) og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 84/253/EBE var komið á lágmarkssamhæfingu á kröfum um lögboðna endurskoðun. Skv. 31. gr. þeirrar tilskipunar skal framkvæmdastjórnin gera grein fyrir áhrifum landsbundinna reglna aðildarríkja um einkaréttarábyrgð á framkvæmd lögboðinnar endurskoðunar á evrópskum fjármagnsmarkaði og á tryggingarskilmála fyrir löggilta endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki ásamt því að leggja fram tillögur eftir því sem hún telur eiga við.

2) Snurðulaus starfsemi fjármagnsmarkaða krefst sjálfbærrar endurskoðunar og samkeppnismarkaðar fyrir endurskoðunarþjónustu þar sem nægilegt framboð er á endurskoðunarfyrirtækjum sem hafa getu og vilja til að framkvæma lögboðna endurskoðun fyrirtækja sem hafa fengið hlutabréf sín skráð á skipulegum markaði í aðildarríki. Meiri sveiflur í markaðsverðmæti fyrirtækja hafa þó leitt til mun meiri áhættu að því er varðar bótaábyrgð, samhliða því að aðgangur að tryggingum gegn áhættu, sem stafar af þess háttar endurskoðun, hefur takmarkast í síauknum mæli.

3) Þar eð ótakmörkuð, óskipt bótaábyrgð kann að aftra endurskoðunarfyrirtækjum og netum þeirra frá að fara inn á alþjóðlegan endurskoðunarmarkað fyrir skráð félög í Bandalaginu eru litlar líkur á því að fram komi ný net endurskoðunarfyrirtækja sem eru í aðstöðu til að framkvæma lögboðna endurskoðun slíkra fyrirtækja.

4) Af þeim sökum skal bótaábyrgð endurskoðenda og endurskoðunarfyrirtækja, þ.m.t. endurskoðendur samstæðu sem framkvæma lögboðna endurskoðun skráðra félaga, vera takmörkuð. Takmörkun á bótaábyrgð er þó ekki réttlætanleg þegar um er að ræða ásetningsbrot endurskoðanda á starfsbundnum skyldum hans og á takmörkunin ekki við í þeim tilvikum. Þess háttar takmörkun skal ekki heldur hafa áhrif á rétt tjónþola til sanngjarnra bóta.

5) Með tilliti til þess að umtalsverður munur er á einkaréttarábyrgðarkerfum í aðildarríkjunum er rétt, á þessu stigi, að hvert aðildarríki geti valið þá aðferð til takmörkunar sem það telur hentugasta fyrir einkaréttarábyrgðarkerfi sitt.

6) Í samræmi við það skulu aðildarríkin geta, samkvæmt landslögum sínum, ákvarðað þak að því er varðar bótaábyrgð endurskoðenda. Á hinn bóginn skulu aðildarríki geta, samkvæmt landslögum sínum, komið á kerfi með hlutfallslegri ábyrgð þar sem ábyrgð löggiltra endurskoðenda og endurskoðunarfyrirtækja fer einungis eftir hlut þeirra í því tjóni sem varð en ekki er borin óskipt ábyrgð með öðrum aðilum. Í aðildarríkjum, þar sem aðeins félögin, sem eru endurskoðuð, geta gert bótakröfur á löggilta endurskoðendur en ekki einstakir hluthafar eða einhver annar þriðji aðili, skulu aðildarríkin einnig geta heimilað félaginu, hluthöfum þess og endurskoðandanum að ákvarða takmörkun á bótaábyrgð endurskoðandans, að teknu tilliti til viðeigandi verndarráðstafana vegna fjárfesta í félaginu sem er endurskoðað,

LAGT TIL EFTIRFARANDI:

Viðfangsefni

1. Tilmæli þessi varða einkaréttarábyrgð endurskoðenda og endurskoðunarfyrirtækja sem framkvæma lögboðna endurskoðun á samstæðureikningum eða ársreikningum félags, sem er skráð í aðildarríki, og hlutabréf þess eru skráð á skipulegan markað í aðildarríki.

Takmörkun á bótaábyrgð

2. Einkaréttarábyrgð endurskoðenda og endurskoðunarfyrirtækja vegna brota á starfsbundnum skyldum skal takmörkuð nema í þeim tilvikum þar sem um er að ræða ásetningsbrot á skyldum löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 162, 21.6.2008, bls. 39. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 39/2009 frá 17. mars 2009 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 28, 28.5.2009, bls. 33.

([1]) Stjtíð. EB L 157, 9.6.2008, bls. 87. Tilskipuninni var breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/30/EB (Stjtíð. ESB L 81, 20.3.2008, bls. 53.)

3. Takmörkun bótaábyrgðar gildir um félagið, sem er endurskoðað, og hvern þann þriðja aðila sem á rétt, samkvæmt landslögum aðildarríkja, á að leggja fram kröfu um bætur.

4. Takmörkun á einkaréttarábyrgð skal ekki hafa áhrif á rétt tjónþola til sanngjarnra bóta.

Aðferðir til að takmarka bótaábyrgð

5. Aðildarríkin skulu gera ráðstafanir til að takmarka bótaábyrgð. Mælt er með að í þeim tilgangi verði ein eða fleiri eftirfarandi aðferða notaðar:

a) ákvörðuð verði hámarksfjárhæð eða reikniformúla til að reikna þá fjárhæð,

b) settar verði meginreglur í þá veru að löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarfyrirtæki beri ekki ábyrgð umfram raunverulegan hlut í tapi sem kröfuhafi verður fyrir og beri samkvæmt því ekki óskipta ábyrgð með öðrum brotlegum aðilum,

c) ákvæði sem heimila félagi, sem skal endurskoða, og löggiltum endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki að ákvarða takmörk bótaábyrgðar með samningi.

6. Ef bótaábyrgð er takmörkuð með samningi, eins og um getur í c-lið 5. liðar, skulu aðildarríkin sjá til þess að öll eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) samningurinn sé með fyrirvara um endurskoðunarvald dómstóla,

b) að því er varðar félagið sem skal endurskoða ákveða stjórnarmenn í stjórn, framkvæmdastjórn og eftirlitsstjórn, sem um getur í 50. gr. b í tilskipun ráðsins 78/660/EBE [1] eða, þegar um er að ræða endurskoðun samstæðu, í 36. gr. a í tilskipun ráðsins 83/349/EBE [2], og skulu hluthafar félagsins, sem skal endurskoða, samþykkja slíka ákvörðun,

c) takmörkunin og breytingar á henni eru birtar í skýringum með reikningum félagsins sem er endurskoðað.

7. Áður en gerðar eru ráðstafanir til framkvæmdar einhverri af aðferðunum, sem um getur í a-, b- og c-lið 5. liðar, eða einhverjum öðrum aðferðum til takmörkunar á bótaábyrgð, sem eru í samræmi við 2., 3. og 4. lið, skal aðildarríki taka tillit til áhrifa á fjármálamarkað og fjárfesta og á skilyrði fyrir aðgangi að markaði lögboðinnar endurskoðunar fyrir skráð félög ásamt áhrifum á gæði endurskoðunar, tryggingarhæfi og félögin sem skal endurskoða.

Eftirfylgni

8. Aðildarríkin eru hvött til að tilkynna framkvæmdastjórninni um aðgerðir sem gerðar eru með hliðsjón af þessum tilmælum eigi síðar en 5. júní 2010.

Viðtakendur

9. Þessum tilmælum er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel, 5. júní 2008.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Charlie McCREEVY

framkvæmdastjóri.

([1]) Stjtíð. EB L 222, 14.8.1978, bls. 11. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/46/EB (Stjtíð. ESB L 224, 16.8.2006, bls. 1).

([2]) Stjtíð. EB L 193, 18.7.1983, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2006/99/EB (Stjtíð. ESB L 363, 20.12.2006, bls. 137).

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2013/EES/4/29**

frá 21. febrúar 2008

um viðbótarábyrgðir í viðskiptum innan Bandalagsins með svín í tengslum við Aujeszkys-veiki og um viðmiðanir fyrir upplýsingar sem skal veita um sjúkdóminn (*)

(tilkynnt með númeri C(2008) 669)

(Kerfisbundin útgáfa)

(2008/185/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 64/432/EBE frá 26. júní 1964 um vanda á sviði heilbrigðis dýra sem hefur áhrif á viðskipti innan Bandalagsins með nautgripi og svín ([1]), einkum 8. gr., 9. gr. (2. mgr.) og 10. gr. (2. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/618/EB frá 23. júlí 2001 um viðbótarábyrgðir í viðskiptum innan Bandalagsins með svín í tengslum við Aujeszkys-veiki, viðmiðanir um að veita upplýsingar um sjúkdóminn og um að fella úr gildi ákvarðanir 93/24/EBE og 93/244/EBE°([2]) hefur nokkrum sinnum verið breytt í veigamiklum atriðum ([3]). Til glöggvunar og hagræðingar ber því að kerfisbinda ákvörðunina.

2) Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunin (OIE) er alþjóðastofnun sem við beitingu GATT-samningsins frá 1994 var tilnefnd samkvæmt samningi um beitingu ráðstafana um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna til að bera ábyrgð á að fastsetja alþjóðlegar reglur um dýraheilbrigði vegna viðskipta með dýr og dýraafurðir. Reglurnar eru birtar í alþjóðaheilbrigðisreglum um dýr.

3) Kaflanum um Aujeszkys-veiki í alþjóðaheilbrigðisreglunum um dýr hefur verið breytt í veigamiklum atriðum.

4) Rétt er að breyta viðbótarábyrgðunum, sem krafist er í viðskiptum innan Bandalagsins með svín í tengslum við Aujeszkys-veiki, til að tryggja að þær séu í samræmi við alþjóðlegar reglur um þennan sjúkdóm og til að tryggja betri varnir í Bandalaginu.

5) Ákveða skal viðmiðanir um þær upplýsingar sem aðildarríkjunum ber að veita um Aujeszkys-veikina í samræmi við 8. gr. tilskipunar 64/432/EBE.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Leyfilegt er að senda svín, sem ætluð eru til undaneldis eða framleiðslu, til aðildarríkja eða svæða, sem eru laus við Aujeszkys-veiki og eru skráð í I. viðauka, og koma frá öðru aðildarríki eða svæði sem ekki er skráð í þann viðauka, með eftirfarandi skilyrðum:

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 59, 4.3.2008, bls. 19. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 55/2009 frá 29. maí 2009 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 47, 3.9.2009, bls. 1.

([1]) Stjtíð. EB 121, 29.7.1964, bls. 1977/64. Tilskipuninni var síðast breytt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/729/EB (Stjtíð. ESB L 294, 13.11.2007, bls. 26).

([2]) Stjtíð. EB L 215, 9.8.2001, bls. 48. Ákvörðuninni var síðast breytt með ákvörðun 2007/729/EB.

([3]) Sjá V. viðauka.

1. Aujeszkys-veikin verður að vera tilkynningarskyld í upprunaaðildarríkinu,

2. áætlun um varnir gegn og útrýmingu á Aujeszkys-veiki, sem uppfyllir viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 9. gr. tilskipunar 64/432/EBE, verður að vera fyrir hendi í upprunaaðildarríkinu eða á upprunasvæðunum undir eftirliti lögbærs yfirvalds. Viðeigandi ráðstafanir varðandi flutninga og ferðir svína skulu vera fyrir hendi í samræmi við þessa áætlun til þess að koma í veg fyrir að sjúkdómurinn breiðist út milli bújarða með mismunandi stöðu,

3. að því er varðar upprunabújörð svínanna:

   a) engar klíniskar, meinafræðilegar eða sermifræðilegar vísbendingar um Aujeszkys-veikina hafa verið skráðar á umræddri bújörð undanfarna 12 mánuði,

   b) engar klíniskar, meinafræðilegar eða sermifræðilegar vísbendingar um Aujeszkys-veikina hafa verið skráðar á 5 km svæði umhverfis upprunabújörð svínanna undanfarna 12 mánuði; þetta ákvæði gildir þó ekki ef vöktunarráðstöfunum og ráðstöfunum til útrýmingar hefur verið beitt reglulega á síðarnefndu bújörðunum undir eftirliti lögbærs yfirvalds og í samræmi við áætlun um útrýmingu, sem um getur í 2. lið, og þessar ráðstafanir hafa með skilvirkum hætti komið í veg fyrir að sjúkdómurinn breiðist til umræddrar bújarðar,

   c) bólusetning gegn Aujeszkys-veiki hefur ekki verið framkvæmd í a.m.k. 12 mánuði,

   d) gerð hefur verið sermifræðileg athugun á svínunum a.m.k. tvisvar sinnum með a.m.k. fjögurra mánaða millibili til að athuga hvort mótefni gegn ADV-gE eða ADV-gB eða ADV-gD eða heilum veirum Aujeszkys-veikinnar sé fyrir hendi. Athugunin verður að hafa leitt í ljós að Aujeszkys-veikin sé ekki fyrir hendi og að bólusett svín séu laus við gE-mótefni,

   e) engin svín hafa komið frá bújörðum, sem eru með lægri heilbrigðisstöðu dýra að því er varðar Aujeszkys-veikina undanfarna 12 mánuði, nema þau hafi verið prófuð með tilliti til Aujeszkys-veikinnar með neikvæðum niðurstöðum,

4. svín sem á að flytja:

   a) hafa ekki verið bólusett,

   b) hafa verið í einangrun í vistarverum, sem lögbært yfirvald hefur samþykkt, í 30 daga fyrir flutning og á þann hátt að komið er í veg fyrir alla hættu á að Aujeszkys-veikin berist til þessara svína,

   c) verða að hafa verið á upprunabújörðinni eða á bújörð með sambærilega stöðu frá fæðingu og hafa verið á upprunabújörðinni í a.m.k.:

      i. 30 daga ef um er að ræða svín sem ætluð eru til framleiðslu,

      ii. 90 daga ef um er að ræða svín sem ætluð eru til undaneldis,

   d) hafa verið sett í a.m.k. tvær sermiprófanir fyrir ADV-gB eða ADV-gD eða heila veiru Aujeszkys-veikinnar, með neikvæðum niðurstöðum, og með a.m.k. 30 daga millibili milli prófana. Ef um er að ræða svín yngri en fjögurra mánaða má þó einnig nota sermiprófun fyrir ADV-gE. Sýnataka vegna síðustu prófunar verður að fara fram innan 15 daga fyrir sendingu. Fjöldi svína í einangruninni sem er prófaður verður að vera nægilegur til að greina:

      i. ef um er að ræða svín í einangruninni sem ætluð eru til framleiðslu: 2% mótefnaalgengi með 95% öryggi,

      ii. ef um er að ræða svín í einangruninni sem ætluð eru til undaneldis: 0,1% mótefnaalgengi með 95% öryggi.

   Fyrra prófið af tveimur eru þó ekki nauðsynlegt ef:

      i. sermifræðileg athugun hefur verið gerð á upprunabújörðinni, sem liður í áætluninni sem um getur í 2. lið, á bilinu 45–170 dögum fyrir sendingu, sem sýndi að mótefni Aujeszkys-veikinnar voru ekki fyrir hendi og að bólusett svín voru laus við gE-mótefni,

      ii. svínin sem á að flytja hafa verið á upprunabújörðinni frá fæðingu,

      iii. engin svín hafa verið flutt á upprunabújörðina meðan svínum sem á að flytja hefur verið haldið í einangrun.

2. gr.

Leyfilegt er að senda svín, sem ætluð eru til slátrunar, til aðildarríkja eða svæða sem eru laus við Aujeszkys-veiki og eru skráð í I. viðauka, og koma frá öðru aðildarríki eða svæði sem ekki er skráð í þann viðauka, með eftirfarandi skilyrðum:

1. Aujeszkys-veikin verður að vera tilkynningarskyld í upprunaaðildarríkinu,

2. áætlun um varnir gegn og útrýmingu á Aujeszkys-veiki, sem uppfyllir viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 1. gr., er fyrir hendi í upprunaaðildarríkinu eða á upprunasvæðum svínanna,

3. flytja skal öll svín sem um ræðir beint í viðtökusláturhús og annaðhvort:

a) koma þau frá bújörð sem uppfyllir skilyrðin, sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 1. gr., eða

b) þau voru bólusett gegn Aujeszkys-veiki a.m.k. 15 dögum fyrir sendingu og koma frá upprunabújörð þar sem:

i. vöktunarráðstöfunum og ráðstöfunum til útrýmingar að því er varðar Aujeszkys-veikina hefur verið beitt reglulega undanfarna 12 mánuði, sem liður í áætluninni sem um getur í 2. lið, undir eftirliti lögbærs yfirvalds,

ii. þeim var haldið í a.m.k. 30 daga fyrir sendingu og þar sem engar klínískar eða meinafræðilegar vísbendingar um þennan sjúkdóm hafa fundist þegar lokið er við heilbrigðisvottorðið sem um getur í 7. gr. eða

c) þau hafa ekki verið bólusett og koma frá bújörð þar sem:

i. vöktunarráðstöfunum og ráðstöfunum til útrýmingar að því er varðar Aujeszkys-veikina hefur verið beitt reglulega undanfarna 12 mánuði, sem liður í áætluninni sem um getur í 2. lið, undir eftirliti lögbærs yfirvalds og engar klínískar, meinafræðilegar eða sermifræðilegar vísbendingar um Aujeszkys-veikina hafa verið skráðar undanfarna sex mánuði,

ii. lögbært yfirvald hefur bannað bólusetningu gegn Aujeszkys-veiki og flutning bólusettra svína inn á bújörðina þar eð bújörðin er við það að ná bestu stöðu að því er varðar Aujeszkys-veikina í samræmi við áætlunina sem um getur í 2. lið,

iii. þau voru haldin í a.m.k. 90 daga fyrir sendingu.

3. gr.

Svín til undaneldis sem ætluð eru til aðildarríkja eða svæða, sem eru skráð í II. viðauka, þar sem samþykktar áætlanir um útrýmingu Aujeszkys-veikinnar eru fyrir hendi, verða annaðhvort:

1. að koma frá aðildarríkjum eða svæðum sem eru skráð í I. viðauka eða

2. koma frá:

a) aðildarríkjum eða svæðum sem eru skráð í II. viðauka og

b) bújörð sem uppfyllir kröfurnar í 3. mgr. 1. gr. eða

3. fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

a) Aujeszkys-veikin verður að vera tilkynningarskyld í upprunaaðildarríkinu,

b) áætlun um varnir gegn og útrýmingu á Aujeszkys-veiki, sem uppfyllir viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 1. gr., er fyrir hendi í upprunaaðildarríkinu eða á upprunasvæðinu,

c) engar klínískar, meinafræðilegar eða sermifræðilegar vísbendingar um Aujeszkys-veikina hafa verið skráðar á upprunabújörð svínanna sem um ræðir undanfarna 12 mánuði,

d) svínin verða að hafa verið í einangrun í vistarverum, sem lögbært yfirvald hefur samþykkt, síðustu 30 dagana fyrir flutning og haldið einangruðum á þann hátt að komið er í veg fyrir alla hættu á að Aujeszkys-veikin breiðist út,

e) svínin verða að hafa verið sett í sermiprófun, með neikvæðri niðurstöðu, til að athuga hvort gE-mótefni er fyrir hendi. Sýnataka vegna síðustu prófunar verður að fara fram innan 15 daga fyrir sendingu. Fjöldi svína sem er prófaður verður að vera nægilegur til að greina 2% mótefnaalgengi með 95% öryggi í þessum svínum,

f) svínin verða að hafa verið á upprunabújörðinni eða á bújörð með sambærilega stöðu frá fæðingu og hafa verið á upprunabújörðinni í a.m.k. 90 daga.

4. gr.

Svín til framleiðslu sem ætluð eru til aðildarríkja eða svæða, sem eru skráð í II. viðauka, þar sem samþykktar áætlanir um útrýmingu Aujeszkys-veikinnar eru fyrir hendi, verða annaðhvort:

1. að koma frá aðildarríkjum eða svæðum sem eru skráð í I. viðauka eða

2. koma frá:

   a) aðildarríkjum eða svæðum sem eru skráð í II. viðauka og

   b) bújörð sem uppfyllir kröfurnar í 3. mgr. 1. gr. eða

3. fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

   a) Aujeszkys-veikin verður að vera tilkynningarskyld í upprunaaðildarríkinu,

   b) áætlun um varnir gegn og útrýmingu á Aujeszkys-veiki, sem uppfyllir viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í 2. lið. 1. gr., er fyrir hendi í upprunaaðildarríkinu eða á upprunasvæðinu,

   c) engar klínískar, meinafræðilegar eða sermifræðilegar vísbendingar um Aujeszkys-veikina hafa verið skráðar á upprunabújörð svínanna sem um ræðir undanfarna 12 mánuði,

   d) sermifræðileg athugun með tilliti til Aujeszkys-veikinnar hefur verið gerð á upprunabújörðinni, á bilinu 45-170 dögum fyrir sendingu, sem sýndi að veikin var ekki til staðar og að bólusett svín voru laus við gE-mótefni,

   e) svínin verða annaðhvort að hafa verið á upprunabújörðinni frá fæðingu eða verið haldin á slíkum bújörðum í a.m.k. 30 daga eftir flutning frá bújörð með sambærilega stöðu þar sem gerð var sermifræðileg athugun sem er sambærileg við rannsóknina sem um getur í d-lið.

5. gr.

Sermiprófanirnar, sem gerðar voru til að vakta eða greina Aujeszkys-veiki í svínum í samræmi við þessa ákvörðun, verða að uppfylla staðlana sem mælt er fyrir um í III. viðauka.

6. gr.

Með fyrirvara um 3. mgr. 10. gr. tilskipunar 64/432/EBE verður hvert aðildarríki, a.m.k. árlega, að veita upplýsingar um það hvort Aujeszkys-veikin hefur komið upp, þ.m.t. upplýsingar um vöktunar- og útrýmingaráætlanir, sem eru í framkvæmd í aðildarríkjunum sem eru skráð í II. viðauka, og í öðrum aðildarríkjum eða svæðum, sem ekki eru skráð í þann viðauka, ef vöktunar- og eftirlitsáætlanir eru fyrir hendi, í samræmi við samræmdar viðmiðanir sem mælt er fyrir um í IV. viðauka.

7. gr.

1. Með fyrirvara um ákvæði varðandi heilbrigðisvottorð, sem mælt er fyrir um í löggjöf Bandalagsins, skal opinber dýralæknir, áður en C-hluti heilbrigðisvottorðsins sem krafist er samkvæmt tilskipun 64/432/EBE er fylltur út, að því er varðar svín sem ætluð eru til aðildarríkja eða svæða sem skráð eru í I. eða II. viðauka, ganga úr skugga um:

a) stöðu upprunabújarðarinnar og upprunaaðildarríkis eða upprunasvæðis svínanna sem um ræðir að því er varðar Aujeszkys-veikina,

b) stöðu viðtökubújarðar og viðtökuaðildarríkis eða viðtökusvæða svínanna sem um ræðir, að því er varðar Aujeszkys-veikina, ef um er að ræða svín sem eru ekki upprunnin í aðildarríki eða á svæði sem er laust við sjúkdóminn,

c) að svínin sem um ræðir uppfylli skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari ákvörðun.

2. Að því er varðar svín sem ætluð eru til aðildarríkja eða svæða, sem skráð eru í I. eða II. viðauka, skal fylla út vottorðið undir 4. lið í C-hluta heilbrigðisvottorðsins, sem um getur í 1. mgr., og bæta við það sem hér segir:

a) í fyrsta undirlið, á eftir orðinu „sjúkdómur“, skal bæta við orðinu „Aujeszkys-veiki“,

b) í öðrum undirlið skal vísa til þessarar ákvörðunar. Í sömu línu skal tilgreina innan sviga númer greinarinnar í þessari ákvörðun sem skiptir máli varðandi svínin sem um ræðir.

8. gr.

Aðildarríkin skulu sjá til þess að þegar svín, sem ætluð eru til aðildarríkja eða svæða sem skráð eru í I. eða II. viðauka, eru flutt komist þau ekki í snertingu við svín með aðra stöðu eða óþekkta stöðu að því er varðar Aujeszkys-veikina meðan á flutningi eða umflutningi stendur.

9. gr.

Ákvörðun 2001/618/EB er felld úr gildi.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu ákvörðunina sem tilvísanir í þessa ákvörðun og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í VI. viðauka.

10. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 21. febrúar 2008.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

I. VIÐAUKI

Aðildarríki eða svæði þeirra sem eru laus við Aujeszkys-veiki og þar sem bólusetning er bönnuð

ISO-kóði	Aðildarríki	Svæði
CZ	Tékkland	Öll svæði
DK	Danmörk	Öll svæði
DE	Þýskaland	Öll svæði
FR	Frakkland	Þessar sýslur: Ain, Aisne, Allier, Alpes-de-Haute-Provence, Alpes-Maritimes, Ardèche, Ardennes, Ariège, Aube, Aude, Aveyron, Bas-Rhin, Bouches-du-Rhône, Calvados, Cantal, Charente, Charente-Maritime, Cher, Corrèze, Côte-d'Or, Creuse, Deux-Sèvres, Dordogne, Doubs, Drôme, Essonne, Eure, Eure-et-Loir, Gard, Gers, Gironde, Hautes-Alpes, Hauts-de-Seine, Haute Garonne, Haute-Loire, Haute-Marne, Hautes-Pyrénées, Haut-Rhin, Haute-Saône, Haute-Savoie, Haute-Vienne, Hérault, Indre, Indre-et-Loire, Isère, Jura, Landes, Loire, Loire-Atlantique, Loir-et-Cher, Loiret, Lot, Lot-et-Garonne, Lozère, Maine-et-Loire, Manche, Marne, Mayenne, Meurthe-et-Moselle, Meuse, Moselle, Nièvre, Oise, Orne, Paris, Pas-de-Calais, Pyrénées-Atlantiques, Pyrénées-Orientales, Puy-de-Dôme, Réunion, Rhône, Sarthe, Saône-et-Loire, Savoie, Seine-et-Marne, Seine-Maritime, Seine-Saint-Denis, Somme, Tarn, Tarn-et-Garonne, Territoire de Belfort, Val-de-Marne, Val-d'Oise, Var, Vaucluse, Vendée, Vienne, Vosges, Yonne, Yvelines
CY	Kýpur	Allt yfirráðasvæðið
LU	Lúxemborg	Öll svæði
AT	Austurríki	Allt yfirráðasvæðið
SK	Slóvakía	Öll svæði
FI	Finnland	Öll svæði
SE	Svíþjóð	Öll svæði
UK	Breska konungsríkið	Öll svæði Englands, Skotlands og Wales

II. VIÐAUKI

Aðildarríki eða svæði þeirra þar sem samþykktar áætlanir um varnir gegn Aujeszkys-veiki eru fyrir hendi

ISO-kóði	Aðildarríki	Svæði
BE	Belgía	Allt yfirráðasvæðið
ES	Spánn	Yfirráðasvæði sjálfsstjórnarhéraðanna Galisíu, País Vasco, Asturias, Cantabria, Navarra og La Rioja Yfirráðasvæði sýslnanna León, Zamora, Palencia, Burgos, Valladolid og Ávila í sjálfsstjórnarhéraðinu Castilla y León Yfirráðasvæði sýslunnar Las Palmas á Kanaríeyjum
FR	Frakkland	Sýslurnar Côtes-d'Armor, Finistère, Ille-et-Vilaine, Morbihan og Nord
IT	Ítalía	Bolzano-sýsla.
NL	Holland	Allt yfirráðasvæðið.

III. VIÐAUKI

Staðlar fyrir sermiprófanir með tilliti til Aujeszkys-veikinnar — Aðferðarlýsing vegna ELISA-prófunar (enzyme linked immunosorbent assay) til að greina mótefni gegn veiru Aujeszkys-veikinnar (heilar veirur), glýkóprótíni B (ADV-gB), glýkóprótíni D (ADV-gD) eða glýkóprótíni E (ADV-gE)

1. Þær stofnanir sem taldar eru upp í d-lið 2. liðar skulu meta ELISA-ADV-gE-prófanir og prófunarsett á grundvelli viðmiðanna í a-, b- og c-lið 2. liðar. Lögbært yfirvald í hverju aðildarríki skal sjá til þess að einungis ELISA-ADV-gE-prófunarsett sem uppfylla þessa staðla séu skráð. Þær rannsóknir, sem taldar eru upp í a- og b-lið 2.liðar, skal framkvæma áður en prófunin er samþykkt og eftir það verður a.m.k. að framkvæma rannsóknina í c-lið 2. liðar á hverri framleiðslulotu.

2. Stöðlun, næmi og sérhæfni prófunarinnar.

   a) Prófunin skal vera nógu næm til að eftirfarandi viðmiðunarsermi Bandalagsins sýni jákvæða svörun:

      — EB-viðmiðunarsermi ADV 1, þynnt 1:8,

      — EB-viðmiðunarsermi ADV-gE A,

      — EB-viðmiðunarsermi ADV-gE B,

      — EB-viðmiðunarsermi ADV-gE C,

      — EB-viðmiðunarsermi ADV-gE D,

      — EB-viðmiðunarsermi ADV-gE E,

      — EB-viðmiðunarsermi ADV-gE F.

   b) Prófunin skal vera nógu sérhæfð til að eftirfarandi viðmiðunarsermi Bandalagsins sýni neikvæða svörun:

      — EB-viðmiðunarsermi ADV-gE G,

      — EB-viðmiðunarsermi ADV-gE H,

      — EB-viðmiðunarsermi ADV-gE J,

      — EB-viðmiðunarsermi ADV-gE K,

      — EB-viðmiðunarsermi ADV-gE L,

      — EB-viðmiðunarsermi ADV-gE M,

      — EB-viðmiðunarsermi ADV-gE N,

      — EB-viðmiðunarsermi ADV-gE O,

      — EB-viðmiðunarsermi ADV-gE P,

      — EB-viðmiðunarsermi ADV-gE Q.

   c) Við eftirlit með framleiðslulotum verður EB-viðmiðunarsermið ADV 1 að sýna jákvæða svörun við þynningu 1:8 og eitt af EB-viðmiðunarsermunum frá ADV-gE G til ADV-gE Q, eins og tilgreint er í b-lið, verður að sýna neikvæða svörun.

      Við eftirlit með framleiðslulotum fyrir ADV-gB- og ADV-gD-prófunarsett verður EB-viðmiðunarsermið ADV 1 að sýna jákvæða svörun við þynningu 1:2 og EB-viðmiðunarsermi Q, sem um getur í í b-lið, verður að sýna neikvæða svörun.

   d) Þær stofnanir sem taldar eru upp hér á eftir skulu að auki bera ábyrgð á að hafa eftirlit með gæðum ELISA-aðferðarinnar í hverju aðildarríki og einkum að framleiða og staðla innlent viðmiðunarsermi við viðmiðunarsermi Bandalagsins.

AT	AGES: Österreichische Agentur für Gesundheit und Ernährungssicherheit GmbH — Institut für veterinärmedizinische Untersuchungen Mödling (Austrian Agency for Health and Consumer Protection — Institute for veterinary investigations Mödling) Robert Koch-Gasse 17 A-2340 Mödling Sími: +43 (0) 505 55-38112 Bréfasími +43 (0) 505 55-38108 Tölvupóstfang: vetmed.moedling@ages.at
BE	CODA — CERVA — VAR Veterinary and Agrochemical Research Centre Groeselenberg 99 B-1180 Brussels
CY	State Veterinary Laboratory Veterinary Services 1417 Athalassa Nicosia
CZ	—
DE	Friedrich-Loeffler-Institut Bundesforschungsinstitut für Tiergesundheit Standort Wusterhausen Seestraße 55 D-16868 Wusterhausen Sími: + 49 33979 80-0 Bréfasími + 49 33979 80-200
DK	National Veterinary Institute, Technical University of Denmark Lindholm DK-4771 Kalvehave
EE	Veterinaar- ja Toidulaboratoorium Kreutzwaldi 30, 51006 Tartu, Estonia Sími: + 372 7 386 100 Bréfasími: + 372 7 386 102 Tölvupóstfang: info@vetlab.ee
ES	Laboratorio Central de Sanidad Animal de Algete Carretera de Algete, km 8 Algete 28110 (Madrid) Sími: +34 916 290 300 Bréfasími +34 916 290 598 Tölvupóstfang: lcv@mapya.es
FI	Finnish Food Safety Authority Animal Diseases and Food Safety Research Mustialankatu 3 FI-00790 Helsinki, Finland Tölvupóstfang: info@evira.fi Sími: +358 20 772 003 (exchange) Bréfasími +358 20 772 4350
FR	Laboratoire d'études et de recherches avicoles, porcines et piscicoles AFSSA site de Ploufragan/Brest — LERAPP BP 53 22440 Ploufragan
UK	Veterinary Laboratories Agency New Haw, Addlestone, Weybridge Surrey KT15 3NB, UK Sími: (44-1932) 341111 Bréfasími (44-1932) 347046
GR	Centre of Athens Veterinary Institutes 25 Neapoleos Street, GR-153 10 Agia Paraskevi Attiki Sími: +30 2106010903

HU	Mezőgazdasági Szakigazgatási Hivatal Központ, Állat-egészségügyi Diagnosztikai Igazgatóság Central Agricultural Office, Veterinary Diagnostic Directorate Heimilisfang: 1149 Budapest, Tábornok u. 2. Póstfang: 1581 Budapest, 146. Pf. 2. Sími: +36 1 460-6300 Bréfasími +36 1 252-5177 Tölvupóstfang: titkarsag@oai.hu
IE	Virology Division Central Veterinary Research Laboratory Department of Agriculture and Food Laboratories Backweston Campus Stacumny Lane Celbridge Co. Kildare
IT	Centro di referenza nazionale per la malattia di Aujeszky — Pseudorabbia c/o Istituto zooprofilattico sperimentale della Lombardia e dell'Emilia Romagna, Via Bianchi, 9; 25124 Brescia
LT	National Veterinary Laboratory (Nacionalinė veterinarijos laboratorija) J. Kairiūkščio 10 LT-08409 Vilnius
LU	CODA — CERVA — VAR Veterinary and Agrochemical Research Centre Groeselenberg 99 B-1180 Brussels
LV	Nacionālais diagnostikas centrs (National Diagnostic Centre) Lejupes iela 3, Rīga, LV-1076 Sími: +371 7620526 Bréafsími +371 7620434 Tölvupóstfang: ndc@ndc.gov.lv
MT	—
NL	Centraal Instituut voor Dierziekte Controle CIDC-Lelystad Hoofdvestiging: Houtribweg 39 Nevenvestiging: Edelhertweg 15 Postbus 2004 8203 AA Lelystad
PL	Laboratory Departement of Swine Diseases Państwowy Instytut Weterynaryjny – Państwowy Instytut Badawczy al. Partyzantów 57, 24-100 Puławy Sími: +48 81 889 30 00 Bréfasími +48 81 886 25 95 Tölvupóstfang: sekretariat@piwet.pulawy.pl
PT	Laboratório Nacional de Investigação Veterinária (LNIV) Estrada de Benfica, 701 P-1549-011 Lisboa
SE	Statens veterinärmedicinska anstalt Department of Virology S-751 89 Uppsala Sími: (46-18) 67 40 00 Bréfasími (46-18) 67 44 67
SI	Univerza v Ljubljani Veterinarska fakulteta Nacionalni veterinarski inštitut Gerbičeva 60, SI-1000 Ljubljana
SK	Štátny veterinárny ústav Pod dráhami 918 960 86 Zvolen Slovenska republika

IV. VIÐAUKI

Viðmiðanir um upplýsingar sem á að veita um það hvort Aujeszkys-veikin hefur komið upp og um áætlanir um vöktun og útrýmingu á þessum sjúkdómi í samræmi við 8. gr. tilskipunar ráðsins 64/432/EBE

1. Aðildarríki: .....

2. Dagsetning: .....

3. Skýrslutímabil: .....

4. Fjöldi bújarða þar sem Aujeszkys-veikin hefur greinst með klínískum, sermifræðilegum eða veirufræðilegum athugunum: .....

5. Upplýsingar um bólusetningar gegn Aujeszkys-veiki, sermifræðilegar rannsóknir og flokkun bújarða (fylla skal út töfluna sem fylgir):

Svæði	Fjöldi svínabújarða	Fjöldi svínabújarða sem falla undir áætlun varðandi Aujeszkys-veiki ([1])	Fjöldi svínabújarða sem ekki eru sýktar af Aujeszkys-veiki (með bólusetningu) ([2])	Fjöldi svínabújarða sem eru lausar við Aujeszkys-veiki án bólusetningar ([3])
Alls				

([1]) Áætlun undir eftirliti lögbærs yfirvalds.
([2]) Svínabújarðir þar sem sermiprófanir með tilliti til Aujeszkys-veiki hafa verið framkvæmdar með neikvæðum niðurstöðum í samræmi við opinbera áætlun um Aujeszkys-veikina og þar sem bólusetning hefur farið fram undanfarna 12 mánuði.
([3]) Svínabújarðir sem uppfylla skilyrðin í 3. mgr. 1. gr.

6. Frekari upplýsingar um sermifræðilega vöktun á sæðingarstöðvum vegna útflutnings, sem liður í öðrum eftirlitsáætlunum, o.s.frv.....

.....

.....

.....

V. VIÐAUKI

NIÐURFELLD ÁKVÖRÐUN MEÐ SKRÁ YFIR SÍÐARI BREYTINGAR HENNAR

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/618/EB (Stjtíð EB L 215, 9.8.2001, bls. 48).	
Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/746/EB (Stjtíð EB L 278, 23.10.2001, bls. 41).	Einungis að því er varðar tilvísun í 1. gr. í ákvörðun 2001/618/EB
Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/905/EB (Stjtíð EB L 335, 19.12.2001, bls. 22).	Einungis að því er varðar tilvísun í 2. gr. í ákvörðun 2001/618/EB
Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/270/EB (Stjtíð EB L 93, 10.4.2002, bls. 7).	Einungis 3. gr
Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/130/EB (Stjtíð ESB L 52, 27.2.2003, bls. 9).	
Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/575/EB (Stjtíð ESB L 196, 2.8.2003, bls. 41).	
Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/320/EB (Stjtíð ESB L 102, 7.4.2004, bls. 75).	Einungis 2. gr. og II. viðauki
Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/768/EB (Stjtíð ESB L 290, 4.11.2005, bls. 27).	
Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/911/EB (Stjtíð ESB L 346, 9.12.2006, bls. 41).	Einungis að því er varðar tilvísun í 1. gr. í ákvörðun 2001/618/EB og 12. lið viðaukans
Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/603/EB (Stjtíð ESB L 236, 8.9.2007, bls. 7).	
Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/729/EB (Stjtíð ESB L 294, 13.11.2007, bls. 26).	Einungis að því er varðar tilvísun í 1. gr. í ákvörðun 2001/618/EB og 10. lið viðaukans

VI. VIÐAUKI

Samsvörunartafla

Ákvörðun 2001/618/EB	Þessi ákvörðun
a- og b-liður 1. gr.	1. og 2. liður 1. gr.
fyrsti til fimmti undirliður c-liðar í 1. gr.	a- til e-liður 3. liðar í 1. gr.
fyrsti til fjórði undirliður d-liðar í 1. gr.	a- til d-liður 4. liðar í 1. gr.
a- og b-liður 2. gr.	1. og 2. liður 2. gr.
fyrsti til þriðji undirliður c-liðar í 2. gr.	a- til c-liður 3. liðar í 2. gr.
a-liður 3. gr.	1. liður 3. gr.
fyrsti og annar undirliður b-liðar í 3. gr.	a- og b-liður 2-liðar í 3. gr.
fyrsti til sjötti undirliður c-liðar í 3. gr.	a- til f-liður 3. liðar í 3. gr.
a-liður 4. gr.	1. liður 4. gr.
fyrsti og annar undirliður b-liðar í 4. gr.	a- og b-liður 2-liðar í 4. gr.
fyrsti til fimmti undirliður c-liðar í 4. gr.	a- til e-liður 3. liðar í 4. gr.
5.–8. gr.	5.–8. gr.
9. gr.	—
10. gr.	—
—	9. gr.
11. gr.	10. gr.
I.-IV. viðauki	I.-IV. viðauki
—	V. viðauki
—	VI. viðauki

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2013/EES/4/30**

frá 5. ágúst 2008

um samræmda notkun tíðnirófs fyrir þráðlausar sendingar á tíðnisviðinu 5 875–5 905 MHz til öryggistengdrar notkunar í skynvæddum flutningakerfum (*)

(tilkynnt með númeri C(2008) 4145)

(2008/671/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 676/2002/EB frá 7. mars 2002 um regluramma um stefnu Evrópubandalagsins varðandi tíðniróf fyrir þráðlausar sendingar (ákvörðun um tíðniróf fyrir þráðlausar sendingar) ([1]), einkum 3. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Ráðið ([2]) og Evrópuþingið ([3]) hafa lagt áherslu á mikilvægi þess að auka umferðaröryggi í Evrópu. Skynvædd flutningakerfi (ITS) gegna mikilvægu hlutverki í samþættri stefnu um umferðaröryggi ([4]) því þau bæta upplýsinga- og fjarskiptatækni við samgöngugrunnvirki og ökutæki til að koma í veg fyrir að hættulegar aðstæður skapist í umferðinni og fækka slysum.

2) Skilvirk og samfelld notkun tíðnirófsins fyrir þráðlausar sendingar skiptir sköpum fyrir þróun á nýjum þráðlausum búnaði í Bandalaginu ([5]).

3) Meðal skynvæddra flutningakerfa eru samvirk kerfi sem byggja á flutningi á upplýsingum í rauntíma frá ökutæki til ökutækis, frá ökutæki til samgöngugrunnvirkja og frá samgöngugrunnvirki til ökutækis. Þessi kerfi geta boðið upp á miklar framfarir í skilvirkni flutningakerfa með öryggi fyrir alla vegfarendur og þægilegri ferðamáta. Í þeim tilgangi að uppfylla þessi markmið þurfa samskiptin milli ökutækja og vegagrunnvirkja að vera áreiðanleg og hröð.

4) Vegna hreyfanleika ökutækja og þörfinni á að tryggja að innri markaðnum verði komið á og að auka umferðaröryggi í Evrópu, skal tíðnirófið sem skynvædd flutningakerfi nota vera tiltækt á samræmdan hátt í öllu Evrópusambandinu.

5) Samkvæmt 2. mgr. 4. gr. ákvörðunar nr. 676/2002/EB fól framkvæmdastjórnin þann 5. júlí 2006 Samtökum póst- og fjarskiptastjórna í Evrópu (CEPT) að sannprófa tíðnirófsþarfir vegna notkunar þar sem öryggi skiptir sköpum í tengslum við skynvædd flutningakerfi og kerfi sem vinna með þeim og til að annast rannsóknir á tæknilegu samhæfi milli notkunar á skynvæddum flutningakerfum þar sem öryggi skiptir sköpum og þráðlausrar fjarskiptaþjónustu sem gæti hugsanlega orðið fyrir áhrifum á því tíðnisviði sem um ræðir. Óskað var eftir við Samtök póst- og fjarskiptastjórna í Evrópu að þau þróuðu kjörrásir fyrir þau tíðnisvið sem skynvædd flutningakerfi nota.

6) Viðeigandi niðurstöður af vinnu Samtaka póst- og fjarskiptastjórna í Evrópu mynda tæknilegan grundvöll fyrir þessa ákvörðun.

7) Samtök póst- og fjarskiptastjórna í Evrópu komust að þeirri niðurstöðu í skýrslu sinni frá 21. desember 2007 (20. skýrsla CEPT) að viðeigandi sé að nota 5 GHz tíðnisviðið, sér í lagi á bilinu 5 875-5 905 MHz, til öryggistengdrar notkunar í skynvæddum flutningakerfum, sem bæta umferðaröryggi með því að auka upplýsingar til ökumanns og til ökutækis um umhverfið, önnur ökutæki og aðra vegfarendur. Auk þess eru skynvædd flutningakerfi samrýmanleg við alla þjónustu á tíðnisviðinu sem var skoðuð og við alla aðra skoðaða núverandi þjónustu á tíðnisviðinu undir 5 850 MHz og yfir 5 925 MHz, svo lengi sem þau uppfylla tiltekin mörk varðandi útsendingar sem skilgreind eru í skýrslu Samtaka póst- og fjarskiptastjórna í Evrópu. Valið á þessu tíðnisviði er einnig í samræmi við notkun tíðnirófsins annars staðar í heiminum og ýtir þar af leiðandi undir hnattræna samræmingu. Auk þess ættu skynvædd flutningakerfi ekki tilkall til verndar gegn jarðstöðvum fastaþjónustu um gervihnött (FSS) og takmarka þyrfti óæskilegar útsendingar frá búnaði skynvædds flutningakerfis til að vernda fastaþjónustu um gervihnött.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 220, 15.8.2008, bls. 24. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 96/2009 frá 25. september 2009 um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptapjónusta) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 61, 19.11.2009, bls. 3.

([1]) Stjtíð. EB L 108, 24.4. 2002, bls. 1.

([2]) Ályktanir ráðsins 15101/03 frá 5.12.2003 og niðurstöður frá Veróna 2, 26.10.2004.

([3]) Stjtíð. ESB C 244 E, 18.10.2007, bls. 220.

([4]) COM(2006) 314.

([5]) Niðurstöður ráðsins 15530/04 og 15533/04 frá 3.12.2004.

8) Fjarskiptastaðlastofnun Evrópu (ETSI) er að ganga frá samræmdum staðli EN 302 571 í samræmi við samhæfisprófanir Samtaka póst- og fjarskiptastjórna í Evrópu til að ganga út frá samræmi við 2. mgr. 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 1999/5/EB frá 9. mars 1999 um fjarskiptabúnað og endabúnað til fjarskipta og gagnkvæma viðurkenningu á samræmi þeirra ([1]), og tryggja þannig að búnaður skynvædda flutningakerfisins sem er í samræmi við kröfur valdi ekki skaðlegri truflun. Sendum skynvædds flutningakerfis er ætlað að hámarka not á tíðnirófinu og stýra sendiafli sínu þannig að það sé í lágmarki í þeim tilgangi að nýta tíðnirófið sem skynvædda flutningakerfinu hefur verið úthlutað á skilvirkan hátt í því skyni að forðast skaðlega truflun.

9) Af framangreindri ástæðu er kveðið á um í staðlinum að stýring á sendiafli (TPC) á sviðinu sé a.m.k. 30 dB með tilliti til hámarks sendiafls sem er að meðaltali 33 dBm skilvirk, einsátta útgeislun (e.i.r.p.). Ef einhverjir framleiðendur velja að nota ekki þá tækni sem er tilgreind er í þessum staðli þurfa aðrar aðferðir sem þeir velja að nota til að draga úr truflun að uppfylla a.m.k. jafngildar kröfur og þær sem settar eru fram í staðlinum.

10) Samhæfing samkvæmt þessari ákvörðun skal ekki útiloka möguleikann á því að aðildarríki beiti, í rökstuddum tilvikum, umbreytingartímabilum eða tilhögun við samnýtingu tíðnirófs fyrir þráðlausar sendingar.

11) Gert er ráð fyrir að aðildarríkin geri tíðnirófið aðgengilegt til samskipta með skynvæddu flutningakerfi frá ökutækis til ökutækis innan sex mánaða, en á því tímabili skulu þau úthluta tíðnisviðinu 5 875-5 905 MHz í samræmi við þessa ákvörðun. Að því er varðar samskipti frá grunnvirki til ökutækis og frá ökutæki til grunnvirkis getur það þó reynst aðildarríkjunum erfitt að ganga frá viðeigandi leyfisveitingarramma eða samræmingaraðferðum fyrir uppsetningu grunnvirkja í vegkanti frá ólíkum rekstraraðilum skynvæddra flutningakerfa innan þessa tímaramma. Allar tafir, umfram þetta tímabil, á því að gera tíðnirófið aðgengilegt geta haft neikvæð áhrif á víðtæka innleiðingu þess til öryggistengdrar notkunar í skynvæddum flutningakerfum í Evrópusambandinu og ættu þar af leiðandi að vera takmarkaðar og rökstuddar á viðeigandi hátt.

12) Að teknu tilliti til markaðsþróunar og framfara í tækni kann að vera nauðsynlegt í framtíðinni að endurskoða gildissvið og beitingu þessarar ákvörðunar, einkum á grundvelli upplýsinga um slíka þróun og framfarir sem aðildarríkin láta í té.

13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um tíðniróf fyrir þráðlausar sendingar.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Markmið þessarar ákvörðunar er að samhæfa skilyrði fyrir aðgang að og skilvirkri notkun tíðnisviðsins 5.875-5.905 MHz til öryggistengdrar notkunar í skynvæddum flutningakerfum í Bandalaginu.

2. gr.

Í þessari ákvörðun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „Skynvædd flutningakerfi“ ýmis kerfi og þjónusta sem byggja á upplýsinga- og fjarskiptatækni, þ.m.t. vinnsla, stýring, staðsetningarkerfi, samskipti og rafeindatækni sem er nýtt í vegaflutningakerfi,

2. „meðaltals skilvirk, einsátta útgeislun (e.i.r.p.)“: skilvirk, einsátta útgeislun meðan á sendingarhrinu sem samsvarar mesta afli stendur, sé aflstýring innleidd.

3. gr.

1. Aðildarríkin skulu eigi síðar en sex mánuðum eftir gildistöku þessarar ákvörðunar, úthluta tíðnisviðinu 5 875- 5 905 MHz til skynvæddra flutningakerfa og eins fljótt og unnt er eftir úthlutunina gera tíðnisviðið tiltækt án einkaaðgangs. Slík úthlutun skal vera í samræmi við þær kennistærðir sem kveðið er á um í viðaukanum.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er aðildarríkjum heimilt að fara fram á umbreytingartímabil og/eða tilhögun við samnýtingu tíðnirófs fyrir þráðlausar sendingar skv. 5. mgr. 4. gr. ákvörðunarinnar um tíðniróf fyrir þráðlausar sendingar.

4. gr.

Aðildarríkin skulu fylgjast með notkun tíðnisviðsins 5 875-5 905 MHz og skila framkvæmdastjórninni skýrslu um niðurstöður sínar svo að unnt sé að endurskoða þessa ákvörðun ef þarf.

([1]) Stjtíð. ESB L 91, 7.4.1999, bls. 10. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1882/2003 (Stjtíð. EB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

5. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 5. ágúst 2008.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Viviane Reding

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

Tæknilegar kennistærðir vegna öryggistengdrar notkunar skynvæddra flutningakerfa á tíðnisviðinu 5 875-5 905 MHz.

Kennistærð	Gildi
Hámarkslitrófsafl þéttni (skilvirk, einsátta útgeislun)	23 dBm/MHz
Hámarkssendiafl (skilvirk, einsátta útgeislun)	33 dBm
Reglur um aðgang og notkun rása	Nota skal aðferðir við að draga úr truflunum sem eru a.m.k. jafn áhrifaríkar og þær aðferðir sem lýst er í samhæfðum stöðlum sem samþykktir voru með tilskipun 1999/5/EB. Þessar aðferðir kalla á stýringu á sendiafli sem nemur a.m.k. 30 dB.

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2013/EES/4/31**

frá 13. ágúst 2008

um breytingu á ákvörðun 2005/928/EB um samræmingu á tíðnisviðinu 169,4–169,8125 MHz í Bandalaginu (*)

(tilkynnt með númeri C(2008) 4311)

(2008/673/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 676/2002/EB frá 7. mars 2002 um regluramma um stefnu Evrópubandalagsins varðandi tíðniróf fyrir þráðlausar sendingar (ákvörðun um tíðniróf fyrir þráðlausar sendingar) ([1]), einkum 3. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/928/EB ([2]) var tíðnisviðið 169,4–169,8125 MHz samræmt.

2) Í tíðniskipulaginu sem er að finna í viðaukanum við ákvörðun 2005/928/EB er lýst rasta fyrir rásir sem mismunandi notkunarsvið, sem notuð eru samkvæmt skilyrðunum sem sett eru fram í þessari ákvörðun, skulu fylgja. Með slíkum rasta fyrir rásir er miðað að því að samhæfing notkunarsviða sem leyfð eru á þessu tíðnisviði verði möguleg og samhliða notkun þeirra auðvelduð.

3) Í tíðniskipulaginu eru settir rastar fyrir rásir sem eru 12,5 kHz á tíðnisviðinu 169,4000-169,4750 MHz og rastar fyrir rásir sem eru 50 kHz á tíðnisviðinu 169,4875-169,5875 MHz.

4) Í kjölfar samþykktar ákvörðunar 2005/928/EB, leiddi frekari rannsókn á tæknilegum kennistærðum, sem skilgreindar eru í þessari ákvörðun í ljós að rastar fyrir rásir á tíðnisviðinu 169,4000-169,4750 MHz og 169,4875-169,5875 MHz, teljast óþarflega takmarkandi í ljósi tækniþróunar. Ef leyfðir eru nokkrir valmöguleikar að því er varðar rasta fyrir rásir eykst sveigjanleiki notenda til að velja kjörbandbreidd í allt að 50 kHz í samræmi við gæðakröfur tiltekins notkunarsviðs.

5) Samtök póst- og fjarskiptastjórna í Evrópu (CEPT) hafa staðfest að aukning valmöguleika að því er varðar rasta fyrir rásir á þessum tínisviðum sé möguleg og hún skuli því leyfð.

6) Því ber að breyta ákvörðun 2005/928/ESB til samræmis við það. Með því að breyta þeirri ákvörðun er mögulegt að rásir verði allt að 50 kHz fyrir tíðnisviðin 169,4000-169,4750 MHz og 169,4875-169,5875 MHz.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um tíðniróf fyrir þráðlausar sendingar.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvörðun 2005/928/EB er breytt sem hér segir:

1. Í stað tölunnar „12,5“ fyrir rasta fyrir rásir (í kHz) að því er varðar rásir 1a, 1b, 2a, 2b, 3a og 3b í fjórðu röð á tíðniskipulaginu í viðaukanum komi „allt að 50 kHz“.

2. Í stað tölunnar „50“ fyrir rasta fyrir rásir (í kHz) að því er varðar rásir 4b + 5 +6a og 6b + 7 + 8a í fjórðu röð á tíðniskipulaginu í viðaukanum komi „allt að 50 kHz“.

2. gr.

Ákvæði 1. gr. gilda frá og með 31. október 2008.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 13. ágúst 2008.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Viviane Reding

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 220, 15.8.2008, bls. 29. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 96/2009 frá 25. september 2009 um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptapjónusta) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 61, 19.11.2009, bls. 3.

([1]) Stjtíð. EB L 108, 24.4. 2002, bls. 1.

([2]) Stjtíð. EB L 344, 27.12. 2005, bls. 47.

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2013/EES/4/32**

frá 30. júní 2008

um samráðsvettvang um visthönnun (*)

(2008/591/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/32/EB frá 6. júlí 2005 um ramma til að setja fram kröfur um visthönnun að því er varðar vörur sem nota orku og um breytingu á tilskipun ráðsins 92/42/EBE og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 96/57/EB og 2000/55/EB ([1]), einkum 18. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í samræmi við 18. gr. tilskipunar 2005/32/EB, skal framkvæmdastjórnin gæta að því í störfum sínum, að því er varðar hverja framkvæmdarráðstöfun, að jafnvægi sé í þátttöku aðildarríkjanna og hagsmunaaðila.

2) Í tilskipun 2005/32/EB er kveðið á um að þessir aðilar skuli hittast á samráðsvettvangi. Því er nauðsynlegt að skilgreina verkefni og uppbyggingu þessa samráðsvettvangs.

3) Samráðsvettvangurinn skal aðstoða framkvæmdastjórnina við að útbúa vinnuáætlun og taka þátt í að skilgreina og endurskoða framkvæmdarráðstafanir, kanna skilvirkni hefðbundinna markaðseftirlitskerfa og meta frjálsa samninga og aðrar sjálfseftirlitsráðstafanir.

4) Samráðsvettvangurinn skal skipaður fulltrúum aðildarríkjanna og þeim aðilum sem eiga hagsmuna að gæta í tengslum við viðkomandi vöru eða vöruflokk, s.s. úr atvinnulífi, þ.m.t. litlum og meðalstórum fyrirtækjum og handverksfyrirtækjum, stéttarfélögum, kaupmönnum, smásölum, innflytjendum, umhverfisverndarsamtökum og neytendasamtökum.

5) Kveðið skal á um reglur um birtingu aðila samráðsvettvangsins á upplýsingum, með fyrirvara um þær reglur um öryggi sem fylgja með í viðauka við starfsreglur framkvæmdastjórnarinnar í ákvörðun 2001/844/EB, KSE, KBE ([2]).

6) Vinna skal persónuupplýsingar um aðila samráðsvettvangsins í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 frá 18. desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnanir og aðilar Bandalagsins hafa unnið, og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ([3]).

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Verkefni

Verkefni aðila samráðsvettvangsins um visthönnun, hér á eftir nefndur „vettvangurinn“, er að veita álit í tengslum við mótun og breytingu á vinnuáætluninni sem um getur í 1. mgr. 15. gr. tilskipunar 2005/32/EB og að vera framkvæmdastjórninni til ráðgjafar um mál er varða framkvæmd tilskipunar 2005/32/EB, eins og kveðið er á um í 2. mgr. 16. gr., 18. gr. og 23. gr.

2. gr.

Samráð

Framkvæmdastjórninni er heimilt að hafa samráð við vettvanginn um hvaðeina sem lýtur að framkvæmd tilskipunar 2005/32/EB.

3. gr.

Aðild

1. Framkvæmdastjórnin skal skipa vettvanginn aðilum sem eiga hagsmuna að gæta í tengslum við viðkomandi vöru eða vöruflokk og hafa svarað auglýsingu um umsóknir.

2. Allt að 60 aðilar skulu skipa vettvanginn sem hér segir:

a) einn fulltrúi frá hverju aðildarríki,

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 190, 18.7.2008, bls. 22. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 124/2009 frá 4. desember 2009 um breytingu á IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 12, 11.3.2010, bls. 8.

([1]) Stjtíð. ESB L 191, 22.7.2005, bls. 29. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 2008/28/EB (Stjtíð. ESB L 81, 20.3.2008, bls. 48).

([2]) Stjtíð. EB L 317, 3.12.2001, bls. 1. Ákvörðuninni var síðast breytt með ákvörðun 2006/548/EB, KBE (Stjtíð. EB L 215, 5.8.2006, bls. 38).

([3]) Stjtíð. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1.

b) einn fulltrúi frá hverju aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins,

c) allt að 30 fulltrúar hagsmunaaðila eins og um getur í 18. gr. tilskipunar 2005/32/EB.

3. Hver aðili skal tilnefna einstakling, sem kemur fram fyrir hans hönd á fundum vettvangsins, á grundvelli hæfni hans og reynslu á því sviði sem fjallað er um.

4. Aðilar vettvangsins eru skipaðir til þriggja ára tímabils í senn, sem má endurnýja, og skulu halda embættinu þar til aðrir hafa verið skipaðir í þeirra stað, í samræmi við 3. mgr., eða skipunartíma þeirra lýkur.

5. Aðila má leysa af hólmi til loka skipunartíma þeirra, í eftirfarandi tilvikum:

a) þegar aðili segir af sér,

b) þegar aðili er ekki lengur fær um að leggja sitt af mörkum til umræðna vettvangsins á skilvirkan hátt,

c) þegar aðili fer ekki að 287. gr. sáttmálans.

6. Skrá yfir aðila og allar síðari breytingar á þeirri skrá, skal birta á vefsetrum stjórnarsviðs á sviði fyrirtækja og iðnstefnu og stjórnarsviðs orku- og flutningamála sem og í skrá framkvæmdastjórnarinnar yfir sérfræðihópa.

4. gr.

Starfsemi

1. Vettvangurinn skal vera undir formennsku fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar.

2. Heimilt er, með samþykki formanns, að setja á fót undirhópa til að skoða sérstök álitaefni í samræmi við þær starfsskyldur sem vettvangurinn ákveður. Slíkir undirhópar skulu leystir upp um leið og þeir ljúka þeim verkefnum sem umboð þeirra tekur til.

3. Formaður getur boðið sérfræðingum eða áheyrnarfulltrúum, með sérþekkingu á þeim málum sem eru á dagskrá, að taka þátt í umræðum vettvangsins eða undirhópsins ef það telst nauðsynlegt eða gagnlegt.

4. Ekki má skýra frá upplýsingum sem fást með þátttöku í umræðum vettvangsins eða undirhópa ef upplýsingarnar varða trúnaðarmál að áliti framkvæmdastjórnarinnar.

5. Vettvangurinn og undirhópar hans skulu allajafna halda fundi í húsnæði framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við málsmeðferð og áætlanir sem hún fastsetur. Framkvæmdastjórnin skal sjá fyrir skrifstofuþjónustu. Aðrir embættismenn stjórnarinnar, sem hafa áhuga á málsmeðferðinni, geta setið fundi vettvangsins og undirhópa hans.

6. Starfsreglur vettvangsins eru settar fram í viðaukanum.

7. Framkvæmdastjórnin getur birt eða sett á Netið samantektir, niðurstöður eða hlutaniðurstöður, eða vinnuskjöl vettvangsins, á upprunalegu tungumáli viðkomandi skjals.

5. gr.

Endurgreiðsla kostnaðar

Framkvæmdastjórnin skal endurgreiða ferðakostnað og, eftir því sem við á, dvalarkostnað fyrir einn fulltrúa frá hverju aðildarríki og tæknisérfræðinga, sem boðið er skv. 3. mgr. 4. gr. í tengslum við starfsemi vettvangsins, í samræmi við reglur framkvæmdastjórnarinnar um þóknun til utanaðkomandi sérfræðinga.

Aðilar vettvangsins, sérfræðingar og áheyrnarfulltrúar skulu ekki launaðir fyrir þau störf sem þeir leysa af hendi.

Þar til bær deild framkvæmdastjórnarinnar skal endurgreiða kostnað vegna fundahalda innan ramma árlegrar fjárveitingar til vettvangsins.

Gjört í Brussel 30. júní 2008.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Günter VERHEUGEN

varaforseti.

VIÐAUKI

Starfsreglur samráðsvettvangs um visthönnun

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af tilskipun 2005/32/EB, einkum 18. gr.,

með hliðsjón af stöðluðum starfsreglum sem framkvæmdastjórnin hefur birt,

SAMÞYKKT EFTIRFARANDI STARFSREGLUR:

1. gr.

Fundarboðun

1. Formaður boðar til funda vettvangsins.

2. Boða má til sameiginlegra funda vettvangsins með öðrum hópum til að ræða mál á ábyrgðarsviði hvers um sig.

2. gr.

Dagskrá fundar

1. Formaður skal semja dagskrá fundarins og leggja hana fyrir vettvanginn.

2. Í dagskránni skal gera greinarmun á:

a) samráði hagsmunaðila vettvangsins um:

– mótun og breytingu á vinnuáætluninni, í samræmi við 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 2005/32/EB,

– skilgreiningu og endurskoðun framkvæmdarráðstafana, í samræmi við 2. mgr. 16. gr. og 18. gr. tilskipunar 2005/32/EB,

– könnun á skilvirkni hefðbundinna markaðseftirlitskerfa, í samræmi við 18. gr. tilskipunar 2005/32/EB,

– mat á frjálsum samningum og öðrum sjálfseftirlitsráðstöfunum, í samræmi við 18. gr. tilskipunar 2005/32/EB,

– mat á árangri tilskipunarinnar og framkvæmdarráðstafana hennar, mörk framkvæmdarráðstafana, markaðseftirlitskerfi og allar viðeigandi sjálfseftirlitsráðstafanir, í samræmi við 23. gr. tilskipunar 2005/32/EB,

b) öðrum málum sem lögð eru fyrir vettvanginn, til fróðleiks eða svo skiptast megi á skoðunum, annaðhvort að frumkvæði formanns eða með skriflegri beiðni fulltrúa vettvangsins með fyrirvara um samþykki formanns.

3. Vettvangurinn skal samþykkja dagskrána við upphaf fundar.

3. gr.

Framsending skjala til aðila vettvangsins

1. Eigi síðar en mánuði fyrir dagsetningu fundar skal formaður senda fundarboð, dagskrá fundarins og þau vinnuskjöl sem bera á undir hagsmunaaðila vettvangsins, sem og öll önnur vinnuskjöl, til aðila vettvangsins í samræmi við 2. mgr. 12. gr.

2. Aðilar vettvangsins geta, eigi síðar en viku fyrir dagsetningu fundar, lagt viðbótarvinnuskjöl og skriflegar yfirlýsingar fyrir formanninn. Slík skjöl skulu gerð tiltæk aðilum vettvangsins við móttöku.

3. Í áríðandi tilvikum er formanni heimilt, að beiðni aðila vettvangsins eða að eigin frumkvæði, að stytta afhendingarfrestinn, sem um getur í 1. og 2. mgr., í fimm almanaksdaga fyrir dagsetningu fundar.

4. Formaður getur ákveðið að gera skjöl, sem eru upprunnin hjá og lögð fram af hagsmunaaðilum sem ekki eiga aðild, aðgengileg sem vinnuskjöl vettvangsins.

4. gr.

Álit vettvangsins

1. Formaður skal skrá þau álit sem fulltrúar aðildarríkjanna og hinir ýmsu hagsmunaaðilar vettvangsins láta í ljós.

2. Álit fulltrúa aðildarríkjanna og hagsmunaaðila geta einnig verið yfirlýsingar sem lagðar eru fram skriflega í samræmi við 3. gr.

3. Skriflegar viðbótaryfirlýsingar má leggja fram í kjölfar umræðna vettvangsins í allt að þrjár vikur að loknum fundi.

4. Ef nauðsyn krefur er heimilt að beita skriflegri málsmeðferð sem kveðið er á um í 8. gr.

5. gr.

Fyrirsvar

1. Til að tryggja að jafnvægi sé í þátttöku viðkomandi hagsmunaaðila, að því er varðar hvern vöruflokk sem rætt er um, getur formaður boðið hagsmunaðilum, sem ekki eiga aðild að vettvanginum, að ræða tiltekna dagskrárliði á vissum fundum.

2. Hver aðili að vettvanginum skal tilnefna einn einstakling til að koma fram fyrir sína hönd á fundum vettvangsins og tilkynna það formanni. Með heimild formanns, geta sérfræðingar fylgt tilnefndum fulltrúum á kostnað aðila. Aðilar skulu tilkynna formanni fyrir fram, eigi síðar en tveimur vikum fyrir dagsetningu fundar, um þá sérfræðinga sem þeir óska eftir að fylgi fulltrúum sínum. Andmæli formaður ekki þátttöku sérfræðingsins eigi síðar en viku fyrir dagsetningu fundar, telst heimildin veitt.

3. Aðila er heimilt að koma fram fyrir hönd annarra aðila. Sá aðili er veitir fyrirsvar skal fyrir fundinn færa formanni skriflega sönnur á samþykki aðilans er nýtur fyrirsvars.

4. Aðilar skulu tryggja að hagsmunaaðilar sem njóta fyrirsvars þeirra, séu upplýstir um umræður vettvangsins á viðeigandi hátt.

5. Aðilar skulu tryggja fullnægjandi samráð við þá hagsmunaaðila sem þeir veita fyrirsvar og taka afstöðu sem lýsir áliti þeirri.

6. gr.

Undirhópar

Formanni er heimilt að setja á fót undirhópa til að taka sérstök álitaefni til meðferðar. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar fer með formennsku í undirhópunum. Undirhóparnir skili skýrslu til vettvangsins. Í þessu skyni er þeim heimilt að tilnefna skýrslugjafa.

7. gr.

Aðgangur þriðju aðila

Formaður getur ákveðið að bjóða þriðju aðilum að sitja fund og sérfræðingum að taka til máls um tiltekin efni.

8. gr.

Skrifleg málsmeðferð

1. Ef nauðsyn krefur er heimilt að beita skriflegri málsmeðferð til að skila áliti aðildarríkjanna og hagsmunaaðila vettvangsins. Í þessu skyni skal formaður senda aðilum vettvangsins þau vinnuskjöl sem leitað er álits á hjá aðildarríkjum og hagsmunaaðilum vettvangsins, í samræmi við 2. mgr. 12. gr. Frestur til að koma athugasemdum á framfæri má ekki vera skemmri en 14 almanaksdagar og ekki fara yfir einn mánuð.

2. Í áríðandi tilvikum skal fresturinn, sem kveðið er á um í 3. mgr. 3. gr., gilda.

9. gr.

Skrifstofa

Framkvæmdastjórnin skal láta vettvanginum í té skrifstofuaðstöðu.

10. gr.

Fundargerðir

1. Fundargerð hvers fundar skal samin undir forsjá formanns og skal einkum innhalda álit, sem látin eru í ljós á fundinum á vinnuskjölum, sem unnin hafa verið af þjónustudeild framkvæmdastjórnarinnar sem um getur í a-lið 2. mgr. 2. gr., og ef þörf er á álit um þau mál sem um getur í b-lið 2. mgr. 2. gr. Skrá yfir tilvísanir í viðeigandi skriflegar yfirlýsingar, sem lagðar eru fram skv. 4. gr., skal fylgja í sérstökum viðauka. Fundargerðir skal senda til aðila vettvangsins og til þeirra sem tóku þátt í fundinum og ekki eiga aðild, innan mánaðar.

2. Aðilar vettvangsins skulu innan tveggja vikna senda formanni þær athugasemdir sem þeir kunna að hafa við fundargerðina. Upplýsa skal vettvanginn um þessar athugasemdir. Sé uppi ágreiningur, skal vettvangurinn ræða breytinga-tillöguna. Sé ágreiningur áfram til staðar, skal breytingin fylgja í viðauka við fundargerðina.

11. gr.

Fundarseta

Á hverjum fundi skal formaður halda skrá yfir viðveru, sem tilgreinir nafn hvers þátttakanda, þá stofnun sem hann tilheyrir og, eftir því sem við á, þann hagsmunaaðila sem hann er fulltrúi fyrir.

12. gr.

Bréfaskipti

1. Bréf sem varða vettvanginn skal merkja formanni og senda til framkvæmdastjórnarinnar með rafrænum hætti.

2. Bréf til aðila vettvangsins skal senda þeim með rafrænum hætti. Aðilar skulu tilnefna tengilið sem senda skal bréf til og tilkynna formanni það skriflega.

13. gr.

Vernd persónuupplýsinga

Öll vinnsla persónuupplýsinga að því er varðar þessar starfsreglur skal vera í samræmi við reglugerð (EB) nr. 45/2001.

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2013/EES/4/33**

frá 3. febrúar 2009

um breytingu á ákvörðun 2002/364/EB um sameiginlegar tækniforskriftir fyrir lækningabúnað til sjúkdómsgreiningar í glasi (*)

(tilkynnt með númeri C(2009) 565)

(2009/108/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/79/EB frá 27. október 1998 um lækningabúnað til sjúkdómsgreiningar í glasi ([1]), einkum annarri undirgrein 3. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Mælt er fyrir um sameiginlegar tækniforskriftir fyrir lækningatæki (áður lækningabúnaður) til sjúkdómsgreiningar í glasi í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/364/EB ([2]).

2) Í þágu lýðheilsu og til þess að endurspegla framfarir á sviði tækni, þ.m.t. þróun á lækningatækjum með tilliti til nothæfi og næmleika í efnagreiningu, er rétt að endurskoða sameiginlegu tækniforskriftirnar sem mælt er fyrir um í ákvörðun 2002/364/EB.

3) Skilgreiningin á flýtiprófun skal umorðuð svo að hún verði nákvæmari. Til glöggvunar skulu nýjar skilgreiningar koma til viðbótar.

4) Nauðsynlegt er að uppfæra fjölda vísindalegra og tæknilegra tilvísana til þess að laga sameiginlegu tækniforskriftirnar að gildandi vísindalegum og tæknilegum aðferðum.

5) Skýra þarf nánar kröfurnar um skimunarprófanir fyrir HIV. Til þess að tryggja að sameiginlegu tækniforskriftirnar endurspegli nothæfisviðmiðanir sem samræmast nútímatækni er nauðsynlegt að bæta við kröfum fyrir samsettar HIV-mótefna/-ónæmisvakaprófanir og tilgreina nánar kröfur varðandi sýni fyrir tilteknar prófanir.

6) Því ber að breyta viðaukanum við ákvörðun 2002/364/EB til samræmis við þetta og til glöggvunar skal annar viðauki koma í staðinn.

7) Framleiðendur tækja, sem eru þegar komin á markað, skulu fá tiltekinn umbreytingartíma til þess að laga sig að nýjum, sameiginlegum tækniforskriftum. Í þágu lýðheilsu skulu framleiðendur þó geta notað nýju, sameiginlegu tækniforskriftirnar fyrir lok umbreytingartímans ef þeir svo óska.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 2. mgr. 6. gr. tilskipunar ráðsins 90/385/EBE ([3]).

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 39, 10.2.2009, bls. 34. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 139/2009 frá 4. desember 2009 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 12, 11.3.2010, bls. 32.

([1]) Stjtíð. EB L 331, 7.12.1998, bls. 1.

([2]) Stjtíð. EB L 131, 16.5.2002, bls. 17.

([3]) Stjtíð. EB L 189, 20.7.1990, bls. 17.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað viðaukans við ákvörðun 2002/364/EB komi viðaukinn við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessi gildir frá 1. desember 2010 fyrir lækningatæki sem sett voru á markað í fyrsta sinn fyrir 1. desember 2009.

Hún gildir frá 1. desember 2009 fyrir öll önnur tæki.

Aðildarríkin skulu þó heimila framleiðendum að beita kröfunum, sem settar eru fram í viðaukanum, fyrir dagsetningarnar í 1. og 2. mgr.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 3. febrúar 2009.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Günter VERHEUGEN

varaforseti.

„VIÐAUKI

VIÐAUKI

SAMEIGINLEGAR TÆKNIFORSKRIFTIR FYRIR LÆKNINGATÆKI TIL SJÚKDÓMSGREININGAR Í GLASI

1. GILDISSVIÐ

Sameiginlegu tækniforskriftirnar, sem settar eru fram í þessum viðauka, skulu gilda um tæki í skrá A í II. viðauka við tilskipun 98/79/EB.

2. SKILGREININGAR OG HUGTÖK

Næmleiki (í sjúkdómsgreiningu)

Líkindi á að tækið gefi jákvæða niðurstöðu þegar markvísirinn (e. target marker) er fyrir hendi.

Sannjákvætt sýni

Sýni sem vitað er að er jákvætt fyrir markvísinum og tækið flokkar á réttan hátt.

Falsneikvætt sýni

Sýni sem vitað er að er jákvætt fyrir markvísinum en tækið flokkar ranglega.

Sértæki (í sjúkdómsgreiningu)

Líkindi á að tækið gefi neikvæða niðurstöðu þegar markvísirinn er ekki fyrir hendi.

Falsjákvætt sýni

Sýni sem vitað er að er neikvætt fyrir markvísinum en tækið flokkar ranglega.

Sannneikvætt sýni

Sýni sem vitað er að er neikvætt fyrir markvísinum og tækið flokkar á réttan hátt.

Næmleiki í efnagreiningu

Heimilt er að gefa næmleika í efnagreiningu upp sem greiningarmörk, þ.e. minnsta magn markvísisins sem greina má með nákvæmni.

Sérhæfni í efnagreiningu

Sérhæfni í efnagreiningu er hæfni aðferðarinnar til að ákvarða einungis markvísinn.

Kjarnsýrumögnun

Hugtakið „kjarnsýrumögnunartækni“ (e. nucleic acid amplification technique (NAT)) er notað um prófanir til að greina og/eða magnákvarða kjarnsýrur með því að magna markröð eða merki eða beita þáttatengingu.

Flýtiprófun

Flýtiprófun er eigindlegt eða að hálfu megindlegt lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi sem er notað eitt sér eða í litlum röðum og með aðferðum, sem hafa ekki verið gerðar sjálfvirkar, og er sniðið til þess að veita skjótar niðurstöður.

Traustleiki

Traustleiki efnagreiningaraðferðar er hæfni hennar til að haldast óbreytt, þrátt fyrir litlar en meðvitaðar breytingar á mæliþáttum aðferðarinnar, og veitir vísbendingar um áreiðanleika hennar í venjulegri notkun.

Tíðni bilana í heildarkerfinu

Tíðni bilana í heildarkerfinu er tíðni bilana þegar farið er í gegnum allt ferlið eftir fyrirmælum framleiðandans.

Staðfestingarprófun

Staðfestingarprófun er prófun sem er notuð til þess að staðfesta svörun úr skimunarprófun.

Tegundargreining veira

Tegundargreining veira er prófun sem er notuð til tegundargreiningar með þekktum, jákvæðum sýnum en er ekki notuð til aðalgreiningar á sýkingu eða til skimunar.

Mótefnavent HIV-sýni

Með mótefnaventum HIV-sýnum er átt við:

– sýni sem eru jákvæð fyrir p24-vaka og/eða fyrir HIV-RNA

– og greinast með öllum mótefnaskimunarprófunum og

– staðfestingarprófanir gefa jákvæða eða óvissa niðurstöðu.

Sýni með snemmkominni HIV-mótefnavendingu

Með sýnum með snemmkominni HIV-mótefnavendingu er átt við:

– sýni sem eru jákvæð fyrir p24-vaka og/eða fyrir HIV-RNA

– og greinast ekki með öllum mótefnaskimunarprófunum og

– staðfestingarprófanir gefa óvissa eða neikvæða niðurstöðu.

3. SAMEIGINLEGAR TÆKNIFORSKRIFTIR FYRIR TÆKI SEM UM GETUR Í SKRÁ A Í II. VIÐAUKA TILSKIPUNAR 98/79/EB

3.1. **Sameiginlegar tækniforskriftir fyrir mat á nothæfi prófefna og prófefnisafurða til að greina, staðfesta og magnákvarða vísa fyrir HIV-sýkingu (HIV-1 og -2), HTLV-I og -II og lifrarbólgu B, C og D í sýnum úr mönnum**

Almennar meginreglur

3.1.1. Öll tæki til að greina veirusýkingar, sem eru sett á markað til notkunar við skimunar- eða greiningarprófanir, skulu uppfylla kröfur um næmi og sértæki sem settar eru fram í töflu 1. Sjá einnig meginreglu 3.1.11 fyrir skimunarprófanir.

3.1.2. Öll tæki, sem af hálfu framleiðenda eru ætluð til prófunar á öðrum líkamsvökvum en sermi eða blóðvökva, t.d. þvagi eða munnvatni, skulu uppfylla sömu kröfur í sameiginlegu tækniforskriftunum, að því er varðar næmi og sértæki, og sermi- eða blóðvökvaprófanir. Við mat á nothæfi skal prófa sýni úr sömu einstaklingum í báðum þeim prófunum sem sótt er um viðurkenningu á og þessi sýni skal prófa í samsvarandi sermi- eða blóðvökvaprófunum.

3.1.3. Öll tæki, sem af hálfu framleiðanda eru ætluð til sjálfsprófunar, þ.e. til heimanotkunar, skulu uppfylla sömu kröfur í sameiginlegu tækniforskriftunum, að því er varðar næmi og sértæki, og samsvarandi tæki sem eru ætluð til faglegra nota. Láta skal leikmenn í hópi notenda vinna (eða endurtaka) viðeigandi hluta nothæfismatsins til að meta virkni tækisins og notkunarleiðbeiningar.

3.1.4. Allt mat á nothæfi skal unnið í beinum samanburði við viðurkennt tæki sem byggist á nýjustu og fullkomnustu tækni. Tækið, sem er notað til samanburðar, skal vera CE-merkt ef það er á markaði á þeim tíma sem nothæfismatið er unnið.

3.1.5. Komi ósamhljóða prófunarniðurstöður fram í matinu skal endurmeta niðurstöðurnar að því marki sem unnt er, t.d.:

– með því að meta sýni, sem gefa ósamhljóða niðurstöður, með öðrum prófunarkerfum,

– með því að nota staðgönguaðferð eða staðgönguvísi,

– með því að endurmeta klínískt ástand sjúklings og sjúkdómsgreiningu hans og

– með því að prófa eftirfylgnisýni.

3.1.6. Mat á nothæfi skal byggjast á þýði sem er lýsandi fyrir Evrópubúa.

3.1.7. Jákvæð sýni, sem eru notuð við mat á nothæfi, skulu valin þannig að þau endurspegli mismunandi stig viðkomandi sjúkdóms eða sjúkdóma, mismunandi mótefnamynstur, mismunandi arfgerðir, mismunandi undirtegundir, stökkbrigði o.s.frv.

3.1.8. Meta skal næmi sannjákvæðra sýna og mótefnaventra sýna með eftirfarandi hætti:

3.1.8.1. Næmi greiningarprófunar við mótefnavendingu skal vera í samræmi við nýjustu og fullkomnustu tækni. Ef tilkynnti aðilinn eða framleiðandinn gera frekari prófanir með sama safni eða viðbótarsafni mótefnaventra sýna skulu niðurstöðurnar staðfesta upphaflegu nothæfismatsgögnin (sjá töflu 1). Söfn mótefnaventra sýna skulu byrja á neikvæðu blóðsýni eða -sýnum og sýnin skulu tekin með stuttu millibili.

3.1.8.2. Að því er varðar blóðskimunartæki (þó ekki HBsAg-próf og and-HBc-próf) skal tækið, sem á að CE-merkja, greina öll sannjákvæð sýni sem jákvæð (tafla 1). Að því er varðar HBsAg-próf og and-HBc-próf skal heildarnothæfi nýja tækisins a.m.k. jafngilda heildarnothæfi viðurkennda tækisins (sjá lið 3.1.4).

3.1.8.3. Að því er varðar HIV-prófanir:

– öll mótefnavent HIV-sýni skulu greind sem jákvæð og

– a.m.k. 40 sýni með snemmkominni HIV-mótefnavendingu skulu prófuð. Niðurstöður skulu vera í samræmi við nýjustu og fullkomnustu tækni.

3.1.9. Mat á nothæfi skimunarprófana skal taka til 25 jákvæðra, nýrra sermi- og/eða blóðvökvasýna (ef þau eru fáanleg þegar um er að ræða sjaldgæfar sýkingar) sem tekin eru samdægurs (≤ 1 degi eftir sýnatöku).

3.1.10. Neikvæð sýni, sem eru notuð við mat á nothæfi, skulu skilgreind þannig að þau endurspegli markþýðið sem prófunin er ætluð fyrir, s.s. blóðgjafa, innlagða sjúklinga eða þungaðar konur.

3.1.11. Við mat á nothæfi skimunarprófana (tafla 1) skal rannsóknin beinast að þýðum blóðgjafa á a.m.k. tveimur blóðsöfnunarstöðvum og felast í blóðgjöfum í samfelldri röð og ekki skal velja þannig að þeir sem gefa í fyrsta sinn séu útilokaðir.

3.1.12. Sértæki tækisins, að því er varðar blóðgjafir, skal a.m.k. vera 99,5% nema annað sé tekið fram í tilheyrandi töflum. Við útreikning á sértæki skal nota tíðni endurtekinnar svörunar (þ.e. falsjákvæðrar svörunar) hjá blóðgjöfum sem eru neikvæðir fyrir markvísinum.

3.1.13. Liður í mati á nothæfi tækja skal vera að staðfesta áhrif efna sem hafa hugsanlega truflandi áhrif á það. Það ræðst að nokkru leyti af samsetningu prófefnisins og uppsetningu greiningarinnar hvaða efni skulu metin með tilliti til hugsanlega truflandi áhrifa. Liður í áhættugreiningunni, sem krafist er í grunnkröfunum fyrir öll ný tæki, er að sanngreina efni sem hafa hugsanlega truflandi áhrif en þau geta t.d. verið:

– sýni sem eru dæmi um „skyldar“ sýkingar,

– sýni úr fjölbærum, þ.e. konum sem hafa orðið þungaðar oftar en einu sinni, eða sjúklingum sem eru jákvæðir fyrir iktarþætti,

– fyrir endurraðaða ónæmisvaka: mótefni úr mönnum gegn þáttum í tjáningarkerfinu, t.d. mótefni gegn kólígerlum eða gersveppum,

3.1.14. Að því er varðar tæki, sem framleiðandinn ætlast til að séu notuð fyrir sermi og blóðvatn, skal nothæfismatið sýna fram á að virkni þeirra sé jafngóð hvort sem um sermi eða blóðvökva er að ræða. Sýna skal fram á þetta fyrir a.m.k. 50 blóðgjafir (25 jákvæðar og 25 neikvæðar).

3.1.15. Að því er varðar tæki, sem eru ætluð fyrir blóðvökva, skal nothæfismatið staðfesta nothæfi tækjanna við notkun allra segavarnarefna sem framleiðandinn tilgreinir að nota skuli með tækjunum. Sýna skal fram á þetta fyrir a.m.k. 50 blóðgjafir (25 jákvæðar og 25 neikvæðar).

3.1.16. Liður í tilskilinni áhættugreiningu er að ákvarða tíðni bilana í heildarkerfinu, sem leiða til falsneikvæðra niðurstaðna, með endurtekinni greiningu á sýnum sem eru vægjákvæð.

3.1.17. Ef nýtt lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi í skrá A í II. viðauka fellur ekki sérstaklega undir sameiginlegu tækniforskriftina gildir sameiginlega tækniforskriftin fyrir skylt tæki. Hægt er að sanngreina skylt tæki á mismunandi grundvelli, t.d. eftir sömu eða svipuðum tilætluðum notum eða eftir svipaðri áhættu.

3.2. **Viðbótarkröfur varðandi samsetta HIV-mótefna- og HIV-vakaprófun**

3.2.1. Samsett HIV-mótefna- og HIV-vakaprófun, sem er ætluð til greiningar á HIV-mótefnum og p24-vaka og sem er tilgreint að geti greint p24-vakann eingöngu, skal fylgja töflu 1 og töflu 5, þ.m.t. viðmiðanir fyrir næmleika í efnagreiningu varðandi p24-vakann.

3.2.2. Samsett HIV-mótefnaprófun og HIV-vakaprófun, sem er ætluð til greiningar á HIV-mótefnum og p24-vökum en sem ekki er tilgreint að geti greint p24-vakann eingöngu, skal fylgja töflu 1 og töflu 5, að undanskildum viðmiðunum fyrir næmleika í efnagreiningu varðandi p24-vakann.

3.3. **Viðbótarkröfur fyrir kjarnsýrumögnun**

Viðmiðanir fyrir mat á nothæfi kjarnsýrumögnunargreininga eru í töflu 2.

3.3.1. Að því er varðar mögnunargreiningar á markröð skal eftirlit með virkni tækisins fyrir hvert sýni, sem er prófað (innra eftirlit), endurspegla fullkomnustu tækni sem völ er á. Eftirlitið skal notað, eftir því sem kostur er, í öllu ferlinu, þ.e. í útdrætti, mögnun/þáttatengingu og greiningu.

3.3.2. Næmleiki í efnagreiningu eða greiningarmörk fyrir kjarnsýrumögnunargreiningar skulu gefin upp sem jákvætt þröskuldsgildi (95%). Þetta er styrkur greiniefnisins þar sem 95% keyrðra prófana gefa jákvæðar niðurstöður í kjölfar raðþynninga á alþjóðlegu viðmiðunarefni, t.d. WHO-staðli eða kvörðuðu viðmiðunarefni.

3.3.3. Sýna skal fram á greiningu arfgerðar með viðeigandi fullgildingu á hönnun lykils (e. primer) eða þreifara (e. probe) og einnig skal fullgilda hana með því að prófa sýni með skilgreindri arfgerð.

3.3.4. Niðurstöður megindlegra kjarnsýrumögnunargreininga skulu vera rekjanlegar til alþjóðlegra staðla eða kvarðaðra viðmiðunarefna, ef um þau er að ræða, og þær skulu gefnar upp í alþjóðlegum einingum sem eru notaðar á viðkomandi sviði.

3.3.5. Heimilt er að nota kjarnsýrumögnunargreiningar til að greina veiru í mótefnaneikvæðum sýnum, þ.e. í sýnum sem eru tekin áður en mótefnavending á sér stað (e. pre-seroconversion sample). Veirur, sem eru tengdar mótefnaflókum (e. immune-complexes), geta hegðað sér ólíkt óbundnum veirum, t.d. við skiljun í skilvindu. Því er brýnt að í rannsóknum á traustleika séu einnig notuð mótefnaneikvæð sýni (sýni sem eru tekin áður en mótefnavending á sér stað).

3.3.6. Við rannsóknir á hugsanlegu smiti skal í rannsóknum á traustleika endurtaka prófanirnar a.m.k. fimm sinnum með sýnum sem eru ýmist sterkjákvæð eða neikvæð. Sterkjákvæðu sýnin skulu vera sýni sem eru með náttúrulegan, háan veirutítra.

3.3.7. Tíðni bilana í heildarkerfinu, sem leiða til falsneikvæðra niðurstaðna, skal ákvörðuð með prófunum á sýnum sem eru vægjákvæð. Veirustyrkur í vægjákvæðum sýnum skal samsvara þreföldu jákvæðu þröskuldsgildi (95%).

3.4. **Sameiginlegar tækniforskriftir fyrir lokasamþykktarprófanir prófefna og prófefnisafurða sem nota á til að greina, staðfesta og magnákvarða merkigen fyrir HIV-sýkingu (HIV-1 og -2), HTLV-I og -II og lifrarbólgu B, C og D (ónæmisfræðilegar greiningar eingöngu) í sýnum úr mönnum**

3.4.1. Viðmiðanir framleiðandans fyrir lokasamþykktarprófanir skulu tryggja að allar framleiðslulotur greini með samræmdum hætti viðkomandi ónæmisvaka, vakaeiningar og mótefni.

3.4.2. Lokasamþykktarprófanir framleiðandans á skimunarprófum skulu ná a.m.k. til 100 sýna sem eru neikvæð fyrir viðkomandi greiniefni.

3.5. **Sameiginlegar tækniforskriftir fyrir mat á nothæfi prófefna og prófefnaafurða til að ákvarða eftirfarandi blóðflokkavaka: ABO-blóðflokkakerfi: ABO1 (A), ABO2 (B), ABO3 (A,B), Rhesus-blóðflokkakerfi: RH1 (D), RH2 (C), RH3 (E), RH4 (c), RH5 (e) og Kell-blóðflokkakerfi: KEL1 (K)**

Tækniforskriftir fyrir mat á nothæfi prófefna og prófefnaafurða til að greina eftirfarandi blóðflokkavaka: ABO-blóðflokkakerfi: ABO1 (A), ABO2 (B), ABO3 (A,B), Rhesus-blóðflokkakerfi: RH1 (D), RH2 (C), RH3 (E), RH4 (c), RH5 (e) og Kell-blóðflokkakerfi: KEL1 (K) er að finna í töflu 9.

3.5.1. Allt mat á nothæfi skal unnið í beinum samanburði við viðurkennt tæki sem byggist á nýjustu og fullkomnustu tækni. Tækið, sem er notað til samanburðarins, skal vera CE-merkt ef það er á markaði á þeim tíma sem nothæfismatið er unnið.

3.5.2. Komi ósamhljóða prófunarniðurstöður fram í matinu skal endurmeta niðurstöðurnar að því marki sem unnt er, t.d.:

– með því að meta sýni, sem gefa ósamhljóða niðurstöður, með öðrum prófunarkerfum eða

– með því að nota aðra aðferð.

3.5.3. Mat á nothæfi skal byggjast á þýði sem er lýsandi fyrir Evrópubúa.

3.5.4. Jákvæð sýni, sem eru notuð við mat á nothæfi, skulu valin þannig að þau endurspegli breytilega og veika tjáningu ónæmisvaka.

3.5.5. Liður í mati á nothæfi tækja skal vera að staðfesta áhrif efna sem hafa hugsanlega truflandi áhrif á það. Það ræðst að nokkru leyti af samsetningu prófefnisins og uppsetningu greiningarinnar hvaða efni skulu metin með tilliti til hugsanlega truflandi áhrifa. Liður í áhættugreiningunni, sem krafist er í grunnkröfunum fyrir öll ný tæki, er að sanngreina efni sem hafa hugsanlega truflandi áhrif.

3.5.6. Að því er varðar tæki, sem eru ætluð fyrir blóðvökva, skal nothæfismatið staðfesta nothæfi tækjanna við notkun allra segavarnarefna sem framleiðandinn tilgreinir að nota skuli með tækjunum. Sýna skal fram á þetta fyrir a.m.k. 50 blóðgjafir.

3.6. **Sameiginlegar tækniforskriftir fyrir lokasamþykktarprófanir prófefna og prófefnisafurða sem nota á til ákvörðunar á eftirfarandi blóðflokkavökum: ABO-blóðflokkakerfi: ABO1 (A), ABO2 (B), ABO3 (A,B), Rhesus-blóðflokkakerfi: RH1 (D), RH2 (C), RH3 (E), RH4 (c), RH5 (e) og Kell-blóðflokkakerfi: KEL1 (K)**

3.6.1. Viðmiðanir framleiðandans fyrir lokasamþykktarprófanir skulu tryggja að allar framleiðslulotur greini með samræmdum hætti viðkomandi ónæmisvaka, vakaeiningar og mótefni.

3.6.2. Kröfur fyrir lokasamþykktarprófanir framleiðanda eru tilgreindar í töflu 10.

Tafla 1

„Skimunarprófanir“: and-HIV-1 og -2, and-HTLV-I og -II, and-HCV, HBsAg og and-HBc

		And-HIV-1/-2	And-HTLV-I/-II	And-HCV	HBsAg	And-HBc
Næmleiki í sjúkdómsgreiningu	Jákvæð sýni	400 HIV-1 100 HIV-2, þ.m.t. 40 sem eru ekki af B-undirtegund, fyrir allar fyrirliggjandi undirtegundir HIV/1 skulu vera a.m.k. 3 sýni fyrir hverja undirtegund	300 HTLV-I 100 HTLV-II	400 (jákvæð sýni), þ.m.t. sýni sem eru af mismunandi stigum sýkingar og endurspegla mismunandi mótefnamynstur Arfgerð 1-4: > 20 sýni á hverja arfgerð (þ.m.t. þær undirtegundir arfgerðar 4 sem eru ekki a-undirtegund), 5. > 5 sýni, 6: ef fyrirliggjandi	400, þ.m.t. undirtegundir	400, þ.m.t. mat á öðrum HBV-vísum
	Söfn mótefnaventra sýna	20 sýnasöfn 10 viðbótarsýnasöfn (hjá tilkynntum aðila eða framleiðanda)	Skilgreinist ef fyrirliggjandi	20 sýnasöfn 10 viðbótarsýnasöfn (hjá tilkynntum aðila eða framleiðanda)	20 sýnasöfn 10 viðbótarsýnasöfn (hjá tilkynntum aðila eða framleiðanda)	Skilgreinist ef fyrirliggjandi
Næmleiki í efnagreiningu	Staðlar				0,130 a.e./ml (annar alþjóðlegur staðall fyrir HBsAg, undirtegund adw2, arfgerð A, NIBSC-kóði: 00/588)	
Sértæki	Gjafar, ekki valdir (þ.m.t. þeir sem gefa í fyrsta sinn)	5000	5000	5000	5000	5000
	Innlagðir sjúklingar	200	200	200	200	200
	Blóðsýni sem sýna hugsanlega víxlsvörun (RF+, skyldar veirur, þungaðar konur o.s.frv.)	100	100	100	100	100

Tafla 2

Kjarnsýrumögnunargreiningar fyrir HIV-1, HCV, HBV og HTLV-I/II (eigindlegar og megindlegar; ekki sameindafræðilegar tegundargreiningar)

	HIV-1		HCV		HBV		HTLV-I/-II		
Kjarnsýrumögnun	eigindleg	megindleg	eigindleg	megindleg Megindlegar prófanir eins og fyrir HIV	eigindleg	megindleg Megindlegar prófanir eins og fyrir HIV	eigindleg	megindleg Megindlegar prófanir eins og fyrir HIV	Samþykktar viðmiðanir
Næmleiki Greiningarmörk Skilgreining á næmleika í efnagreiningu (a.e./ml, skilgreindur samkvæmt WHO-stöðlum eða kvörðuðum viðmiðunarefnum)	Í samræmi við leiðbeiningar fyrir EP-fullgildingu : nokkrar þynningarraðir að markstyrk; tölfræðileg greining (t.d. probit-greining) sem byggist a.m.k. á 24 samhliða sýnum; útreikningur á þröskuldsgildi (95%)	Greiningarmörk: eins og í eigindlegum prófunum; magngreiningarmörk: þynningar (hálflogri10 eða þar undir) kvarðaðra viðmiðunarblandna, skilgreining á neðri og efri magngreiningarmörkum, samkvæmni, nákvæmni, „línulegu“ mælisviði, „styrksviði“ (e. dynamic range). Tilgreina skal samanburðarnákvæmni við mismunandi styrk.	Í samræmi við leiðbeiningar fyrir EP-fullgildingu : nokkrar þynningarraðir að markstyrk; tölfræðileg greining (t.d. probit-greining) sem byggist a.m.k. á 24 samhliða sýnum; útreikningur á þröskuldsgildi (95%)		Í samræmi við leiðbeiningar fyrir EP-fullgildingu : nokkrar þynningarraðir að markstyrk; tölfræðileg greining (t.d. probit-greining) sem byggist a.m.k. á 24 samhliða sýnum; útreikningur á þröskuldsgildi (95%)		Í samræmi við leiðbeiningar fyrir EP-fullgildingu : nokkrar þynningarraðir að markstyrk; tölfræðileg greining (t.d. probit-greining) sem byggist a.m.k. á 24 samhliða sýnum; útreikningur á þröskuldsgildi (95%)		
Skilvirkni í greiningu/magnákvörðun arfgerðar/-undirtegundar	A.m.k. 10 sýni fyrir hverja undirtegund (ef þau liggja fyrir)	Þynningarraðir fyrir allar viðeigandi arfgerðir/undirtegundir, helst úr viðmiðunarefnum, ef fyrirliggjandi	A.m.k. 10 sýni fyrir hverja arfgerð (ef þau liggja fyrir)		Svo fremi kvörðuð viðmiðunarefni fyrir arfgerð liggi fyrir		Svo fremi kvörðuð viðmiðunarefni fyrir arfgerð liggi fyrir		

	HIV-1		HCV		HBV		HTLV-I/-II		Samþykktar viðmiðanir
Kjarnsýrumögnun	eigindleg	megindleg	eigindleg	megindleg Megindlegar prófanir eins og fyrir HIV	eigindleg	megindleg Megindlegar prófanir eins og fyrir HIV	eigindleg	megindleg Megindlegar prófanir eins og fyrir HIV	
	Frumuræktarflot (getur komið í stað sjaldgæfra undirtegunda HIV-1) Í samræmi við leiðbeiningar fyrir EP-fullgildingu gætu umrit í glasi verið kostur ef kvarðað viðmiðunarefni af undirtegund er fyrirliggjandi	Nota má umrit eða plasmíð sem hafa verið magngreind með viðeigandi aðferðum.	Í samræmi við leiðbeiningar fyrir EP-fullgildingu gætu umrit í glasi verið kostur ef kvarðað viðmiðunarefni af undirtegund er fyrirliggjandi		Í samræmi við leiðbeiningar fyrir EP-fullgildingu gætu umrit í glasi verið kostur ef kvarðað viðmiðunarefni af undirtegund er fyrirliggjandi		Í samræmi við leiðbeiningar fyrir EP-fullgildingu gætu umrit í glasi verið kostur ef kvarðað viðmiðunarefni af undirtegund er fyrirliggjandi		
Sértæki í sjúkdómsgreiningu, neikvæð sýni	500 blóðgjafar	100 blóðgjafar	500 blóðgjafar		500 blóðgjafar		500 einstakar blóðgjafir		
Hugsanlegir víxlsvarandi vísar	Samkvæmt sönnun sem er fengin með viðeigandi tilhögun prófunar (t.d. raðsamanburði) og/eða prófun á a.m.k. 10 sýnum sem eru jákvæð fyrir retróveiru í mönnum (t.d. HTLV)	Eins og í eigindlegum prófunum	Staðfest með greiningu og/eða prófun á a.m.k. 10 sýnum sem eru jákvæð gagnvart flavíveiru í mönnum (t.d. HGV eða YFV)		Staðfest með greiningu og/eða prófun á a.m.k. 10 sýnum sem eru jákvæð gagnvart öðrum DNA-veirum		Samkvæmt tilhögun prófunar og/eða prófun á a.m.k. 10 sýnum sem eru jákvæð fyrir retróveiru í mönnum (t.d. HIV)		
Traustleiki		Eins og í eigindlegum prófunum							

	HIV-1		HCV		HBV		HTLV-I/-II		Samþykktar viðmiðanir
Kjarnsýrumögnun	eigindleg	megindleg	eigindleg	megindleg Megindlegar prófanir eins og fyrir HIV	eigindleg	megindleg Megindlegar prófanir eins og fyrir HIV	eigindleg	megindleg Megindlegar prófanir eins og fyrir HIV	
Víxlmengun	Fimm prófunar-keyrslur hið minnsta þar sem notuð eru ýmist sterkjákvæð sýni (sem vitað er að koma fyrir náttúrulega) eða neikvæð sýni		Fimm prófunar-keyrslur hið minnsta þar sem notuð eru ýmist sterkjákvæð sýni (sem vitað er að koma fyrir náttúrulega) eða neikvæð sýni		Fimm prófunar-keyrslur hið minnsta þar sem notuð eru ýmist sterkjákvæð sýni (sem vitað er að koma fyrir náttúrulega) eða neikvæð sýni		Fimm prófunar-keyrslur hið minnsta þar sem notuð eru ýmist sterkjákvæð sýni (sem vitað er að koma fyrir náttúrulega) eða neikvæð sýni		
Hömlun	Innra eftirlit, helst í öllu kjarnsýru-mögnunarferlinu		Innra eftirlit, helst í öllu kjarnsýru-mögnunarferlinu		Innra eftirlit, helst í öllu kjarnsýru-mögnunarferlinu		Innra eftirlit, helst í öllu kjarnsýru-mögnunarferlinu		
Tíðni bilana í heildarkerfinu sem leiða til falsneikvæðra niðurstaðna	Minnst 100 veiruíbætt sýni 100 sýni þar sem styrkur veiru er þrefalt meiri en jákvætt þröskulds-gildi (95%)		Minnst 100 veiruíbætt sýni 100 sýni þar sem styrkur veiru er þrefalt meiri en jákvætt þröskulds-gildi (95%)		Minnst 100 veiruíbætt sýni 100 sýni þar sem styrkur veiru er þrefalt meiri en jákvætt þröskulds-gildi (95%)		Minnst 100 veiruíbætt sýni 100 sýni þar sem styrkur veiru er þrefalt meiri en jákvætt þröskulds-gildi (95%)		99% jákvæðar magngreiningar

(1) Leiðbeiningar Evrópsku lyfjaskrárinnar.

Athugasemdir: Samþykktarviðmiðanir fyrir „tíðni bilana í heildarkerfinu sem leiða til falsneikvæðra niðurstaðna“ eru 99 jákvæðar greiningar af hverjum 100.
Í megindlegum kjarnsýrumögnunargreiningum skal rannsókn gerð á að minnsta kosti 100 jákvæðum sýnum sem endurspegla venjubundnar aðstæður hjá notendum (þ.e. ekkert forval á sýnum). Samhliða þessu skal framleiða samanburðarniðurstöður með öðru kerfi kjarnsýrumögnunargreiningar.
Í eigindlegum kjarnsýrumögnunargreiningum skal rannsókn á næmleika í sjúkdómsgreiningu framkvæmd með að minnsta kosti 10 söfnum mótefnaventra sýna. Samhliða þessu skal framleiða samanburðarniðurstöður með öðru kerfi kjarnsýrumögnunargreiningar.

Tafla 3

Flýtiprófanir: and-HIV-1 og -2, and-HCV, HBsAg, and-HBc og and-HTLV-I og -II.

		And-HIV-1 og -2	And-HCV	HBsAg	And-HBc	And-HTLV-I og -II	Samþykktarviðmiðanir
Næmleiki í sjúkdómsgreiningu	Jákvæð sýni	Sömu viðmiðanir og fyrir skimunarprófanir	Sömu viðmiðanir og fyrir skimunarprófanir	Sömu viðmiðanir og fyrir skimunarprófanir	Sömu viðmiðanir og fyrir skimunarprófanir	Sömu viðmiðanir og fyrir skimunarprófanir	Sömu viðmiðanir og fyrir skimunarprófanir
	Söfn mótefnaventra sýna	Sömu viðmiðanir og fyrir skimunarprófanir	Sömu viðmiðanir og fyrir skimunarprófanir	Sömu viðmiðanir og fyrir skimunarprófanir	Sömu viðmiðanir og fyrir skimunarprófanir	Sömu viðmiðanir og fyrir skimunarprófanir	Sömu viðmiðanir og fyrir skimunarprófanir
Sértæki í sjúkdómsgreiningu	Neikvæð sýni	1000 blóðgjafir 200 klínísk sýni 200 sýni úr þunguðum konum 100 sýni sem hugsanlegt er að valdi truflun	1000 blóðgjafir 200 klínísk sýni 200 sýni úr þunguðum konum 100 sýni sem hugsanlegt er að valdi truflun	1000 blóðgjafir 200 klínísk sýni 200 sýni úr þunguðum konum 100 sýni sem hugsanlegt er að valdi truflun	1000 blóðgjafir 200 klínísk sýni 100 sýni sem hugsanlegt er að valdi truflun	1000 blóðgjafir 200 klínísk sýni 200 sýni úr þunguðum konum 100 sýni sem hugsanlegt er að valdi truflun	≥ 99 % (and-HBc: <96 %)

Tafla 4

Staðfestingar-/viðbótarprófanir: and-HIV-1 og -2, and-HTLV-I og -II, and-HCV og HBsAg

		Staðfestingarprófun: and-HIV	Staðfestingarprófun: and-HTLV	Viðbótarprófun fyrir HCV	Staðfestingarprófun fyrir HBsAg	Samþykktarviðmiðanir
Næmleiki í sjúkdómsgreiningu	Jákvæð sýni	200 HIV-1 og 100 HIV-2 Þar með talin sýni sem eru af mismunandi stigum sýkingar og endurspegla mismunandi mótefnamynstur	200 HTLV-I og 100 HTLV-II	300 HCV (jákvæð sýni) Þar með talin sýni sem eru af mismunandi stigum sýkingar og endurspegla mismunandi mótefnamynstur Arfgerðir 1–4: > 20 sýni (þ.m.t. þær undirtegundir arfgerðar 4 sem eru ekki a-undirtegund), 5: > 5 sýni, 6: ef fyrirliggjandi	300 HBsAg Þar með talin sýni af mismunandi stigum sýkingar 20 „sterkjákvæð“ sýni (> 26 ae/ml), 20 sýni í námunda við þröskuldsgildið	Rétt greining sem jákvæð (eða óviss), ekki neikvæð
	Söfn mótefnaventra sýna	15 söfn mótefnaventra sýna/söfn sýna með veikri svörun		15 söfn mótefnaventra sýna/söfn sýna með veikri svörun	15 söfn mótefnaventra sýna/söfn sýna með veikri svörun	
Næmleiki í efnagreiningu	Staðlar				Annar alþjóðlegur staðall fyrir HBsAg, adw2-undirtegund, arfgerð A, NIBSC-kóði: 00/588	
Sértæki í sjúkdómsgreiningu	Neikvæð sýni	200 blóðgjafir 200 klínísk sýni, þ.m.t. úr þunguðum konum 50 sýni sem hugsanlegt er að valdi truflun, þ.m.t. sýni sem gefa óvissa niðurstöðu í öðrum staðfestingarprófunum	200 blóðgjafir 200 klínísk sýni þ.m.t. úr þunguðum konum 50 sýni sem hugsanlegt er að valdi truflun, þ.m.t. sýni sem gefa óvissa niðurstöðu í öðrum staðfestingarprófunum	200 blóðgjafir 200 klínísk sýni þ.m.t. úr þunguðum konum 50 sýni sem hugsanlegt er að valdi truflun, þ.m.t. sýni sem gefa óvissa niðurstöðu í öðrum viðbótarprófunum	10 falsjákvæðar niðurstöður sem liggja fyrir úr mati á nothæfi skimunarprófunarinnar. 50 sýni sem hugsanlegt er að valdi truflun	Engar falsneikvæðar niðurstöður/ engin hlutleysing

Tafla 5

HIV-1-vaki

		Greining á HIV-1-vökum	Samþykktarviðmiðanir
Næmleiki í sjúkdómsgreiningu	Jákvæð sýni	50 jákvæð fyrir HIV-1-Ag 50 frumuræktarflot með mismunandi undirtegundum HIV-1 og HIV-2	Rétt sanngreining (eftir hlutleysingu)
	Söfn mótefnaventra sýna	20 söfn mótefnaventra sýna/söfn sýna með veikri svörun	
Næmleiki í efnagreiningu	Staðlar	HIV-1-p24-vaki, fyrsta alþjóðlega viðmiðunarprófefnið, NIBSC-kóði: 90/636	≤ 2 ae/ml
Sértæki í sjúkdómsgreiningu		200 blóðgjafir 200 klínísk sýni 50 sýni sem hugsanlegt er að valdi truflun	≥ 99,5% eftir hlutleysingu

Tafla 6

Sermigerðar- og arfgerðargreining: HCV

		Sermigerðar- og arfgerðargreining HCV:	Samþykktarviðmiðanir
Næmleiki í sjúkdómsgreiningu	Jákvæð sýni	200 (jákvæð sýni) Þar með talin sýni sem eru af mismunandi stigum sýkingar og endurspegla mismunandi mótefnamynstur Arfgerðir 1–4: ≥ 20 gerðir (þ.m.t. þær undirtegundir arfgerðar 4 sem eru ekki a-undirtegund), 5: ≥ 5 sýni, 6: ef fyrirliggjandi	≥ 95% samræmi milli sermigerðar- og arfgerðargreiningar ≥ 95% samræmi milli arfgerðargreiningar og raðgreiningar
Sértæki í sjúkdómsgreiningu	Neikvæð sýni	100	

Tafla 7

HBV-vísar: and-HBs, and-HBc-IgM, and-HBe og HBeAg

		And-HBs	And-HBc-IgM	And-HBe	HBeAg	Samþykktarviðmiðanir
Næmleiki í sjúkdómsgreiningu	Jákvæð sýni	100 bólusettir 100 náttúrulega sýktir menn	200 Þar með talin sýni af mismunandi stigum sýkingar (bráðri/langvinnri o.s.frv.) Einungis skal beita samþykktarviðmiðunum á sýni af bráðastigi sýkingar.	200 Þar með talin sýni af mismunandi stigum sýkingar (bráðri/langvinnri o.s.frv.)	200 Þar með talin sýni af mismunandi stigum sýkingar (bráðri/langvinnri o.s.frv.)	≥ 98%
	Söfn mótefnaventra sýna	10 eftirfylgnisýni eða sýni með and-HB-mótefnavendingu	Ef fyrirliggjandi			
Næmleiki í efnagreiningu	Staðlar	Fyrsta viðmiðunarefnablanda Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) 1977; NIBSC, Breska konungsríkinu			HBe – viðmiðunarvaki 82, frá PEI, Þýskalandi	And-HBs: < 10 ma.e./ml
Sértæki í sjúkdómsgreiningu	Neikvæð sýni	500 Þar með talin 50 sýni sem hugsanlegt er að valdi truflun	200 blóðgjafir 200 klínísk sýni, 50 sýni sem hugsanlegt er að valdi truflun	200 blóðgjafir 200 klínísk sýni, 50 sýni sem hugsanlegt er að valdi truflun	200 blóðgjafir 200 klínísk sýni, 50 sýni sem hugsanlegt er að valdi truflun	≥ 98%

Tafla 8

HDV-vísar: and-HDV, and-HDV-IgM, Delta-vaki

		And-HDV	And-HDV-IgM	Delta-vaki	Samþykktarviðmiðanir
Næmleiki í sjúkdómsgreiningu	Jákvæð sýni	100 Með tilgreiningu á HBV-vísum	50 Með tilgreiningu á HBV-vísum	10 Með tilgreiningu á HBV-vísum	≥ 98%
Sértæki í sjúkdómsgreiningu	Neikvæð sýni	200 Þ.m.t. klínísk sýni 50 sýni sem hugsanlegt er að valdi truflun	200 Þ.m.t. klínísk sýni 50 sýni sem hugsanlegt er að valdi truflun	200 Þ.m.t. klínísk sýni 50 sýni sem hugsanlegt er að valdi truflun	≥ 98 %

Tafla 9

Blóðflokkavakar í ABO-, Rhesus- og Kell-blóðflokkakerfunum

	1	2	3
Sértæki	Fjöldi prófana fyrir hverja aðferð sem mælt er með	Heildarfjöldi sýna sem skulu prófuð í tengslum við vöru sem á að setja á markað í fyrsta sinn	Heildarfjöldi sýna sem skulu prófuð í tengslum við nýja samsetningu eða notkun vel skilgreindra prófefna
And-ABO1 (and-A), and-ABO2 (and-B), and-ABO3 (and-A,-B)	500	3000	1000
And-RH1 (and-D)	500	3000	1000
And-RH2 (and-C), and-RH4 (and-c), and-RH3 (and-E)	100	1000	200
And-RH5 (and-e)	100	500	200
And-KEL1 (and-K)	100	500	200

Samþykktarviðmiðanir

Öll framangreind prófefni skulu skila sambærilegum niðurstöðum í prófunum og viðurkennd prófefni með viðunandi nothæfi með tilliti til tilgreindrar virkni (e. reactivity) tækisins. Frekari prófanir skulu gerðar í samræmi við kröfurnar, sem eru tilgreindar í 1. dálki (hér að framan), á skilgreindum prófefnum hafi notkun þeirra verið breytt eða hún verið rýmkuð.

Mat á nothæfi and-D-prófefna skal m.a. fela í sér prófanir á röð sýna með vægum RH1-(D)-þætti og hluta RH1-(D)-þáttar, eftir því hver er fyrirhuguð notkun vörunnar.

Nánari skilyrði:

Klínísk sýni: 10% af prófunarþýðinu
Sýni úr nýburum: 2% af prófunarþýðinu
ABO sýni: > 40% A, B jákvæð
„vægt D“: > 2% RH1-(D)-jákvæð

Tafla 10

Lokasamþykktarviðmiðanir fyrir prófefni og prófefnaafurðir sem nota á til að ákvarða blóðflokkavaka í ABO-, Rhesus- og Kell-blóðflokkakerfunum

Kröfur um mat á sértæki fyrir hvert prófefni

1. **Prófefni**

Prófefni fyrir blóðflokka	Lágmarksfjöldi samanburðarfrumna sem skal prófa							
	Jákvæðar svaranir					Neikvæðar svaranir		
	A1	A2B	Ax			B	0	
And-ABO1 (and-A)	2	2	2 (*)			2	2	
	B	A1B				A1	0	
And-ABO2 (and-B)	2	2				2	2	
	A1	A2	Ax	B		0		
And-ABO3 (and-A,-B)	2	2	2	2		4		
	R1r	R2r	vægt D			r'r	r''r	rr
And-RH1 (and-D)	2	2	2 (*)			1	1	1
	R1R2	R1r	r'r			R2R2	r''r	rr
And-RH2 (and-C)	2	1	1			1	1	1
	R1R2	R1r	r'r			R1R1		
And-RH4 (and-c)	1	2	1			3		
	R1R2	R2r	r''r			R1R1	r'r	rr
And-RH3 (and-E)	2	1	1			1	1	1
	R1R2	R2r	r''r			R2R2		
And-RH5 (and-e)	2	1	1			3		
	Kk					kk		
And-KEL1 (and-K)	4					3		

(*) Eingöngu með ráðlögðum aðferðum þar sem svörun gegn þessum ónæmisvökum hefur verið tilgreind.

Athugasemd: Prófa verður fjölklóna prófefni gagnvart stærra safni frumna til þess að staðfesta sértæki þeirra og útiloka viðurvist óæskilegra aðskotamótefna.

Samþykktarviðmiðanir:

Fyrir hverja framleiðslulotu prófefna verða að fást ótvíræðar, jákvæðar eða neikvæðar niðurstöður með öllum ráðlögðum aðferðum í samræmi við niðurstöðurnar sem fengist hafa á grundvelli gagna úr mati á nothæfi.

2. **Efni sem eru notuð til eftirlits (rauðkorn)**

Svipgerð rauðkorna til eftirlits með framangreindum prófefnum, sem eru notuð til blóðflokkunar, skal staðfest með viðurkenndu tæki.

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2013/EES/4/34**

frá 21. desember 2006

um að ákveða samræmdar nýtniviðmiðanir við aðskilda framleiðslu raforku og varma við beitingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/8/EB (*)

(tilkynnt með númeri C(2006) 6817)

(2007/74/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/8/EB um að auka samvinnslu raf- og varmaorku sem byggist á eftirspurn eftir notvarma á innri orkumarkaðinum og um breytingu á tilskipun 92/42/EB ([1]), einkum 1. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt 4. gr. tilskipunar 2004/8/EB skal framkvæmdastjórnin ákveða samræmdar nýtniviðmiðanir við aðskilda framleiðslu á raforku og varma, sem samanstanda af uppistöðugildum sem eru aðgreind af viðkomandi þáttum, þ.m.t. byggingarár og tegund eldsneytis.

2) Framkvæmdastjórnin hefur lokið vel skjalfestri greiningu í samræmi við 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2004/8/EB. Sú þróun á bestu tiltæku og fjárhagslega hagkvæmu tækni, sem fylgst var með á tímabilinu sem greiningin náði til, gefur til kynna að gera þurfi greinarmun að því er varðar byggingarár einingar fyrir samvinnslu raf- og varmaorku í tengslum við samræmdar nýtniviðmiðanir við aðskilda framleiðslu raforku. Enn fremur skal nota leiðréttingarstuðla í tengslum við þessar viðmiðanir sem varða veðurfarsleg skilyrði þar sem varmafræðin, sem snýr að framleiðslu raforku með eldsneyti, er háð umhverfishita. Hvað þessar viðmiðanir varðar skal nota leiðréttingarstuðla í tengslum við tap, sem komist er hjá í dreifikerfi, til að taka tillit til þess orkusparnaðar sem fæst þegar notkun dreifikerfis er takmörkuð með dreifstýrðri framleiðslu.

3) Að því er varðar samræmda nýtniviðmiðun við aðskilda framleiðslu varma sýndi greiningin hins vegar fram á að ekki sé nauðsynlegt að taka tillit til byggingarársins þar sem nettóorkunýtni katla hefur varla batnað á tímabilinu sem greiningin nær til. Ekki er þörf á leiðréttingarstuðlum sem varða loftslagsaðstæður þar sem varmafræðin, sem snýr að framleiðslu varma með eldsneyti, er ekki háð umhverfishita. Enn fremur er ekki þörf á leiðréttingarstuðlum vegna varnartaps í dreifikerfinu þar sem varmaorka er ávallt notuð nálægt framleiðslustað.

4) Samræmdu nýtniviðmiðanirnar hafa verið byggðar á meginreglunum sem kveðið er á um í f-lið III. viðauka við tilskipun 2004/8/EB.

5) Fjárfesting í samvinnslu raf- og varmaorku krefst stöðugra skilyrða og áframhaldandi tiltrú fjárfesta. Í þessu samhengi þykir rétt að láta sömu viðmiðanirnar fyrir einingu fyrir samvinnslu raf- og varmaorku gilda í hæfilega langan tíma, t.d. tíu ár. Þar sem meginmarkmið tilskipunar 2004/8/EB er að stuðla að samvinnslu raf- og varmaorku til að spara frumorku skal þó veita ívilnun fyrir endurnýjun eldri eininga fyrir samvinnslu raf- og varmaorku í því skyni að bæta orkunýtni þeirra. Af þeim ástæðum skulu nýtniviðmiðanirnar fyrir raforku, sem eiga við um einingu fyrir samvinnslu raf- og varmaorku, verða strangari frá ellefta ári eftir byggingarár einingarinnar.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um samvinnslu raf- og varmaorku.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Samræmdar nýtniviðmiðanir ákveðnar

Samræmdu nýtniviðmiðanirnar við aðskilda framleiðslu raf- og varmaorku skulu vera þær sem settar eru fram í I. viðauka annars vegar og II. viðauka hins vegar.

2. gr.

Leiðréttingarstuðlar fyrir samræmdar nýtniviðmiðanir við aðskilda framleiðslu á raforku

1. Aðildarríki skulu nota leiðréttingarstuðlana, sem settir eru fram í a-lið III. viðauka, í því skyni að laga samræmdu nýtniviðmiðanirnar, sem settar eru fram í I. viðauka, að meðalgildum fyrir veðurfarsleg skilyrði í hverju aðildarríki fyrir sig.

Leiðréttingarstuðlarnir, að því er varðar meðalgildi fyrir veðurfarsleg skilyrði, skulu ekki notaðir í tengslum við samvinnslutækni raf- og varmaorku sem byggist á notkun efnarafala.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 32, 6.2.2007, bls. 183. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 140/2009 frá 4. desember 2009 um breytingu á IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 12, 11.3.2010, bls. 33.

([1]) Stjtíð. ESB L 52, 21.2.2004, bls. 50.

Ef opinber veðurfræðigögn á yfirráðasvæði aðildarríkis sýna mun á árlegum umhverfishita sem nemur 5 °C eða meira er aðildarríkinu heimilt, svo fremi framkvæmdastjórnin fái tilkynningu þar um, að nota mörg loftslagsbelti í samræmi við fyrstu undirgrein með því að nota aðferðina sem sett er fram í b-lið III. viðauka.

2. Aðildarríki skulu nota leiðréttingarstuðlana, sem settir eru fram í IV. viðauka, í því skyni að laga samræmdu nýtniviðmiðanirnar, sem settar eru fram í I. viðauka, að tapi sem komist er hjá í dreifikerfi.

Leiðréttingarstuðlarnir fyrir tap sem komist er hjá í dreifikerfi gilda ekki um viðareldsneyti og lífgas.

3. Ef aðildarríki nota bæði leiðréttingarstuðlana sem settir eru fram í a-lið III. viðauka og þá sem settir eru fram í IV. viðauka skulu þau nota stuðlana í a-lið III. viðauka áður en þau nota stuðlana í IV. viðauka.

3. gr.

Notkun samræmdra nýtniviðmiðana

1. Aðildarríki skulu nota samræmdu nýtniviðmiðanirnar sem settar eru fram í I. viðauka og svara til byggingarárs einingar fyrir samvinnslu raf- og varmaorku. Þessar samræmdu nýtniviðmiðanir skulu gilda í tíu ár frá byggingarári einingar fyrir samvinnslu raf- og varmaorku.

2. Frá ellefta ári eftir byggingarár einingar fyrir samvinnslu raf- og varmaorku skulu aðildarríki nota samræmdu nýtniviðmiðanirnar, sem gilda skv. 1. mgr., fyrir tíu ára gamlar einingar í tengslum við samvinnslu raf- og varmaorku. Þessar samræmdu nýtniviðmiðanir skulu gilda í eitt ár.

3. Að því er þessa grein varðar telst byggingarár einingar fyrir samvinnslu raf- og varmaorku vera almanaksárið þegar raforkuframleiðsla hófst fyrst.

4. gr.

Endurnýjun einingar fyrir samvinnslu raf- og varmaorku

Ef núverandi eining fyrir samvinnslu raf- og varmaorku er endurnýjuð og fjárfestingarkostnaður vegna endurnýjunarinnar fer yfir 50% af fjárfestingarkostnaði fyrir nýja sambærilega einingu fyrir samvinnslu raf- og varmaorku telst byggingarár hennar, skv. 3. gr, vera almanaksárið þegar rafmagnsframleiðsla hófst fyrst í endurnýjuðu einingunni fyrir samvinnslu raf- og varmaorku.

5. gr.

Eldsneytissamsetning

Ef einingin fyrir samvinnslu raf- og varmaorku gengur fyrir eldsneyti af mismunandi tegundum skal nota samræmda nýtniviðmiðanir við aðskilda framleiðslu í réttu hlutfalli við vegið meðaltal orkuílags mismunandi eldsneytis.

6. gr.

Viðtakendur

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 21. desember 2006.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Andris PIEBALGS

framkvæmdastjóri.

I. VIÐAUKI

Samræmd nýtniviðmiðun við aðskilda framleiðslu á raforku (sem um getur í 1. gr.)

Í eftirfarandi töflu eru samræmdar nýtniviðmiðanir við aðskilda framleiðslu á raforku byggðar á nettóvarmagildi og venjulegum ISO-skilyrðum (umhverfishiti: 15 °C, loftþrýstingur: 1013 bör, rakastig: 60%).

%

	Byggingarár: Eldsneytistegund:	til og með 1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006-2011
Fast eldsneyti	Harðkol/koks	39,7	40,5	41,2	41,8	42,3	42,7	43,1	43,5	43,8	44,0	44,2
	Brúnkol/brúnkolakögglar	37,3	38,1	38,8	39,4	39,9	40,3	40,7	41,1	41,4	41,6	41,8
	Mór/mókögglar	36,5	36,9	37,2	37,5	37,8	38,1	38,4	38,6	38,8	38,9	39,0
	Viðareldsneyti	25,0	26,3	27,5	28,5	29,6	30,4	31,1	31,7	32,2	32,6	33,0
	Lífmassi úr landbúnaði	20,0	21,0	21,6	22,1	22,6	23,1	23,5	24,0	24,4	24,7	25,0
	Lífbrjótanlegur (heimilis- og rekstrar-) úrgangur	20,0	21,0	21,6	22,1	22,6	23,1	23,5	24,0	24,4	24,7	25,0
	Óendurnýjanlegur (heimilis-, rekstrar- og iðnaðar-) úrgangur	20,0	21,0	21,6	22,1	22,6	23,1	23,5	24,0	24,4	24,7	25,0
	Olíuleirsteinn	38,9	38,9	38,9	38,9	38,9	38,9	38,9	38,9	38,9	38,9	39,0
Fljótandi eldsneyti	Olía (gasolía + eldsneytisolíuleifar), fljótandi jarðolíugas	39,7	40,5	41,2	41,8	42,3	42,7	43,1	43,5	43,8	44,0	44,2
	Lífeldsneyti	39,7	40,5	41,2	41,8	42,3	42,7	43,1	43,5	43,8	44,0	44,2
	Lífbrjótanlegur úrgangur	20,0	21,0	21,6	22,1	22,6	23,1	23,5	24,0	24,4	24,7	25,0
	Óendurnýjanlegur úrgangur	20,0	21,0	21,6	22,1	22,6	23,1	23,5	24,0	24,4	24,7	25,0
Loftkennt eldsneyti	Jarðgas	50,0	50,4	50,8	51,1	51,4	51,7	51,9	52,1	52,3	52,4	52,5
	Olíuhreinsunargas/vetni	39,7	40,5	41,2	41,8	42,3	42,7	43,1	43,5	43,8	44,0	44,2
	Lífgas	36,7	37,5	38,3	39,0	39,6	40,1	40,6	41,0	41,4	41,7	42,0
	Koksofnagas, háofnagas, annað úrgangsloft, endurheimtur frávarmi	35	35	35	35	35	35	35	35	35	35	35

II. VIÐAUKI

Samræmd nýtniviðmiðun við aðskilda framleiðslu á varmaorku (sem um getur í 1. gr.)

Í eftirfarandi töflu eru samræmdar nýtniviðmiðanir við aðskilda framleiðslu á varmaorku byggðar á nettóvarmagildi og venjulegum ISO-skilyrðum (umhverfishiti: 15 °C, loftþrýstingur: 1013 bör, rakastig: 60%).

%

	Eldsneytistegund:	Gufa (*) /heitt vatn	Bein notkun útblásturslofts(**)
Fast eldsneyti	Harðkol/koks	88	80
	Brúnkol/brúnkolakögglar	86	78
	Mór/mókögglar	86	78
	Viðareldsneyti	86	78
	Lífmassi úr landbúnaði	80	72
	Lífbrjótanlegur (heimilis- og rekstrar-) úrgangur	80	72
	Óendurnýjanlegur (heimilis- og iðnaðar-) úrgangur	80	72
	Olíuleirsteinn	86	78
Fljótandi eldsneyti	Olía (gasolía + eldsneytisolíuleifar), fljótandi jarðolíugas	89	81
	Lífeldsneyti	89	81
	Lífbrjótanlegur úrgangur	80	72
	Óendurnýjanlegur úrgangur	80	72
Loftkennt eldsneyti	Jarðgas	90	82
	Olíuhreinsunargas/vetni	89	81
	Lífgas	70	62
	Koksofnagas, háofnagas + annað úrgangsloft	80	72

(*) Í einingu fyrir samvinnslu raf- og varmaorku skal lækka orkunýtnina um fimm prósentustig ef aðildarríki, sem beitir 2. mgr. 12. gr. tilskipunar 2004/8/EB, tekur þéttivökva sem leiddur er til baka (e. condensate return) með í útreikningum.

(**) Nota skal gildin fyrir beina h itun ef hitastigið er 250°C eða hærra.

III. VIÐAUKI

Leiðréttingarstuðlar að því er varðar meðalgildi fyrir veðurfarsleg skilyrði og aðferð við að ákvarða loftslagsbelti vegna notkunar á samræmdum nýtniviðmiðunum við aðskilda framleiðslu á raforku (sem um getur í 1. mgr. 2. gr.)

a) Leiðréttingarstuðlar að því er varðar meðalgildi fyrir veðurfarsleg skilyrði

Leiðrétting á umhverfishita er byggð á mismuninum á árlegum meðalhita í aðildarríki og venjulegum ISO-skilyrðum (15 °C). Leiðréttingarnar eru sem hér segir:

Tap á orkunýtni sem samsvarar 0,1 prósentustigi fyrir hverja gráðu yfir 15 °C,

Aukning á orkunýtni sem samsvarar 0,1 prósentustigi fyrir hverja gráðu undir 15 °C.

Dæmi:

Ef árlegur meðalhiti í aðildarríki er 10 °C þarf að hækka viðmiðunargildi einingar fyrir samvinnslu raf- og varmaorku í aðildarríkinu um 0,5 prósentustig.

b) Aðferð við að ákvarða loftslagsbelti

Loftslagsbeltin eru afmörkuð með jafnhitalínum (í heilum gráðum á selsíus) fyrir árlegan meðalumhverfishita með a.m.k. 4 °C mun.Hitamismunurinn á milli árlegs meðalumhverfishita á samliggjandi loftslagsbeltum verður að vera a.m.k. 4 °C.

Dæmi:

Í aðildarríki er árlegur meðalumhverfishiti á stað A 12 °C og á stað B er hann 6 °C. Munurinn er meiri en 5 °C. Aðildarríkið á þess nú kost að taka upp tvö loftslagssvæði sem jafnhitalínan við 9 °C skilur að þannig að til verði eitt loftslagsbelti milli jafnhitalínanna við 9 og 13 °C með árlegan meðalumhverfishita sem er 11 °C og annað loftslagsbelti milli jafnhitalínanna við 5 og 9 °C með árlegan meðalumhverfishita sem er 7 °C.

IV. VIÐAUKI

Leiðréttingarstuðlar að því er varðar tap sem komist er hjá í dreifikerfi vegna beitingar samræmdra nýtniviðmiðana við aðskilda framleiðslu á raforku (sem um getur í 2. mgr. 2. gr.)

Spenna:	Fyrir raforku sem flutt er út í dreifikerfið	Fyrir raforku sem notuð er á staðnum
> 200 kV	1	0,985
100-200 kV	0,985	0,965
50-100 kV	0,965	0,945
0,4-50 kV	0,945	0,925
< 0,4 kV	0,925	0,860

Dæmi:

Eining fyrir samvinnslu raf- og varmaorku, sem er 100 kWel, með stokkhreyfil sem knúinn er með jarðgasi framleiðir raforku með 380 V spennu. Af þessari raforku eru 85% til eigin nota og 15% er mötuð inn í dreifikerfið. Orkuverið var byggt árið 1999. Árlegur meðalumhverfishiti er 15°°C (þannig að ekki er þörf á leiðréttingu vegna veðurfars).

Samkvæmt I. viðauka þessarar ákvörðunar er samræmda nýtniviðmiðunin 51,1% fyrir jarðgas árið 1999. Eftir leiðréttinguna á tapi í dreifikerfi reiknast nýtniviðmiðunin við aðskilda framleiðslu á raforku í þessari einingu fyrir samvinnslu raf- og varmaorku (á grundvelli vegins meðaltals stuðlanna í þessum viðauka) með eftirfarandi hætti:

Ref Eη = 51,1% * (0,860 * 85% + 0,925 * 15%) = 44,4%

Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar **2013/EES/4/35**

frá 23. janúar 2009

um viðmiðunarreglur um bestu starfsvenjur við framkvæmd að því er varðar eftirlit með skráningarbúnaði sem á að fara fram við vegaeftirlit eða á viðurkenndu verkstæði (*)

(tilkynnt með númeri C(2009) 108)

(2009/60/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/22/EB frá 15. mars 2006 um lágmarksskilyrði fyrir framkvæmd reglugerða ráðsins (EBE) nr. 3820/85 og (EBE) nr. 3821/85 varðandi félagsmálalöggjöf er varðar flutningastarfsemi á vegum og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 88/599/EBE ([1]), einkum 1. mgr. 11. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt 1. mgr. 11. gr. í tilskipun 2006/22 skal framkvæmdastjórnin setja viðmiðunarreglur um bestu starfsvenjur við framkvæmd að því er varðar eftirlit með ökutækjum, sem skal vera í höndum eftirlitsmanna, - annaðhvort við vegaeftirlit eða á athafnasvæði fyrirtækja- eða á vegum viðurkennds verkstæðis eða ísetningarstofu.

2) Nauðsynlegt er að hafa skráningarbúnað í ökutækjum í flutningum á vegum til að skrá aksturs- og hvíldartíma ökumanna, en einnig til að tryggja skilvirkt eftirlit þar til bærra, eftirlitsaðila í hverju aðildarríki með félagsmálalöggjöf er varðar flutninga á vegum.

3) Reglubundnar skoðanir og eftirlit eru nauðsyn eftir að skráningarbúnaðurinn hefur verið settur upp, til að tryggja að slíkur skráningarbúnaður starfi rétt og örugglega og að skráning gagna sé tryggð.

4) Hins vegar virðast reglubundnar skoðanir og eftirlit ekki eiga sér stað nógu oft til að koma í veg fyrir að þeir ökumenn og rekstraraðilar, sem leitast við að misnota kerfið með tækjum sem ætluð eru til að hagræða gögnum eða öðrum svipuðum aðferðum, geri það

5) Rannsóknir og upplýsingar frá sérfræðingum hafa sýnt fram á að tilraunir til að svindla á ökuritakerfum hafa verið algengar í ökutækjum með hliðrænum ökuritum. Svipaðar árásir og ógnir steðja nú að stafræna ökuritakerfinu.

6) Sömu rannsóknir sýna að fjöldi aðferða til að hagræða gögnum, í því skyni að svindla á ökuritum, eru bæði mögulegar og þekktar á sviði flutninga á vegum og á það einkum við um stafræna ökuritakerfið.

7) Umferðaröryggi stafar veruleg hætta af þessum tilraunum og ógnum og einnig hafa þær óviðunandi neikvæð áhrif á sanngjarna samkeppni og félagslegar aðstæður ökumanna sem stunda flutninga á vegum.

8) Bætt öryggi stafrænna ökurita samanborið við hliðræna ökurita veldur því að auðveldara er að greina ógnir og tilraunir til árása á kerfið og í samræmi við það aukast líkurnar á að óprúttnir ökumenn og rekstraraðilar séu teknir með slíkan búnað og ætti það að vera verulega letjandi.

9) Markmið þessara tilmæla er þannig að hvetja og styðja aðildarríkin í að innleiða verklagsreglur og aðferðir sem

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 21, 24.1.2009, bls. 87. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 143/2009 frá 4. desember 2009 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 12, 11.3.2010, bls. 37.

([1]) Stjtíð. EB L 102, 11.4.2006, bls. 35.

samkvæmt rannsóknum og tæknilegri sérþekkingu á þessu sviði auka verulega líkurnar á að hægt sé að koma í veg fyrir og greina tilraunir til svika.

10) Í þessum tilmælum eru settar fram bestu starfsvenjur við framkvæmd eftirlits, sem komið hafa fram við rannsóknir, sem unnar hafa verið í sameiginlegu rannsóknarmiðstöðinni.

11) Þessi tilmæli mynda, ásamt fyrirhugaðri tilskipun um viðbótarskoðanir í tengslum við vegaeftirlit, pakka með ráðstöfunum til framfylgdar lögum, sem ætlað er að bæta verulega leit að og varnir gegn tækjum sem ætluð eru til að svindla á stafræna ökuritakerfinu.

12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessum tilmælum, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 1. mgr. 18. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 3821/85 ([1]).

LAGT TIL EFTIRFARANDI:

1. Samþykkja skal og beita þeim viðmiðunarreglum um bestu starfsvenjur sem settar eru fram í viðaukanum við þessi tilmæli varðandi eftirlit með ökutækjum, sem skal vera í höndum eftirlitsmanna við vegaeftirlit eða á athafnasvæði fyrirtækja, eða í höndum ísetningaraðila eða tæknimanna á verkstæðum, sem hlotið hafa samþykki lögbærra yfirvalda aðildarríkis, í því skyni að greina og koma í veg fyrir notkun tækja sem ætluð eru til að hagræða gögnum í skráningarbúnaði, sem notaður er við flutninga á vegum.

2. Beita skal þessum viðmiðunarreglum, eftir því sem við á, í tengslum við þær eftirlitsáætlanir hvers aðildarríkis, sem um getur í 2. gr. tilskipunar 2006/22/EB.

Gjört í Brussel 23. janúar 2009.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Antonio Tajani

varaforseti.

([1]) Stjtíð. EB L 370, 31.12.1985, bls. 8.

VIÐAUKI

TILMÆLI UM GAGNRÁÐSTAFANIR SEM AÐILDARRÍKI SKULU SAMÞYKKJA TIL AÐ GREINA OG KOMA Í VEG FYRIR NOTKUN TÆKJA SEM ÆTLUÐ ERU TIL HAGRÆÐINGAR Á GÖGNUM

EFNISYFIRLIT

1. KAFLI INNGANGUR

2. KAFLI SKILVIRKT VEGAEFTIRLIT

A. Skipulag og búnaður

B. Aðferðir með tvöfaldar eftirlitsstöðvar þar sem greindur er raunverulegur hraði og akstursvegalengd ökutækja

C. Aðferðir með einfaldar eftirlitsstöðvar sem byggjast á ítarlegri greiningu á niðurhöluðum gögnum

D. Aðferðir, þar sem notaðar eru einfaldar eftirlitsstöðvar og sem byggjast á tæknilegu eftirliti með innsiglum

E. Ökutæki vísað á verkstæði

F. Athugun á ökutækjum eða gögnum á athafnasvæðum fyrirtækja

3. KAFLI ÞJÁLFUN OG BESTU STARFSVENJUR

4. KAFLI SKOÐUN Á VERKSTÆÐI

A. Lagastoð

B. Innsigli rofið eða vantar

C. Greining á gagnaskrám

D. Eftirlit með pörun hreyfinema og skráningarhluta ökurita

E. Sérstök málsmeðferð í kjölfar vegaeftirlits

5. KAFLI SKÝRSLUR VERKSTÆÐA OG ÚTTEKT Á VERKSTÆÐUM

6. KAFLI LOKAÁKVÆÐI

1. kafli: Inngangur

1.1. Þessi tilmæli framkvæmdastjórnarinnar lýsa því hvað hægt er að hvetja aðildarríki til að gera til að mæta þeirri ógnun sem stafar af notkun tækja, sem ætluð eru til hagræðingar á gögnum í ökuritum, og um leið efla og styðja fyrirbyggjandi gagnráðstafanir sem aðildarríki beita gegn þessari ógnun.

1.2. Það að tæki, sem ætluð eru til hagræðingar á gögnum og sem eiga að trufla rétta notkun og virkni stafrænna ökurita, séu til staðar í ökutækjum, felur í sér eina alvarlegustu ógnina gagnvart ökuritakerfinu. Notkun eða ásetningur um notkun slíkra tækja skekkir sanngjarna samkeppni með þeim hætti að óprúttnir rekstraraðilar og ökumenn ná ósanngjörnum viðskiptalegum ávinningi og eins hefur það óviðunandi neikvæð félagsleg áhrif á ökumenn, þar sem það gerir þeim kleift eða neyðir þá til að aka mun lengri tíma en lög leyfa. Hugsanlegar afleiðingar þessara þátta draga úr umferðaröryggi allra vegfarenda, en framkvæmdastjórnin hefur skuldbundið sig til auka það á næstu árum.

1.3. Enn fremur verða löghlýðnir rekstraraðilar og ökumenn að geta treyst stafræna ökuritanum og eftirlitsaðilar hvers aðildarríkis í gervöllu Bandalaginu verða að geta reitt sig á sannvottaðan uppruna og heilleika gagnanna, sem skráð eru og geymd í búnaðinum, óháð því hvort þau eru höluð niður og greind úr skráningarhluta ökuritans eða ökumannskortinu. Til að tryggja áreiðanleika gagnanna verður að framkvæma reglubundið eftirlit og skoðanir á búnaðinum, svo tryggt sé að hann virki og starfi rétt.

1.4. Til lengri tíma litið er heildaröryggi kerfisins og íhluta þess grundvallaratriði ef tryggja á heilleika og sannvottaðan uppruna skráðra gagna. Framkvæmdastjórnin mun, eins og við á, skoða möguleikann á að innleiða ítarlegri lagaákvæði við endurskoðun á reglugerð (EBE) nr. 3821/85 og viðaukum hennar, í því skyni að stöðva algengustu aðferðirnar við misnotkun og tilraunir til að svindla á kerfinu.

1.5. Engu að síður geta lögbær yfirvöld aðildarríkja þróað viðeigandi og skilvirkar ráðstafanir til skemmri tíma til þess að auka líkurnar á að tæki, sem ætluð eru til hagræðingar á gögnum, finnist og draga þannig úr hættunni á að rekstraraðilar og ökumenn noti slík tæki.

1.6. Þótt aðildarríkjum beri lagalega ábyrgð á að krefjast þess að skoðanir og eftirlit sé með þeim hætti að það tryggi skilvirka framkvæmd félagsmálalöggjafar Bandalagsins er varðar flutninga á vegum, getur reglubundin skoðun ekki tryggt að slík tæki séu ekki sett upp og notuð seinna, eftir að slík skoðun hefur farið fram. Reynslan sýnir að mun líklegra er að slík tæki finnist við vegaeftirlit þar sem hægt er að skoða ökutæki nánar. Hvetja ætti aðildarríki til að auka tíðni og umfang eftirlitsins og auka þannig fælandi áhrif þess með því að auka líkurnar á að tækin finnist.

1.7. Í 10. viðbæti (Sameiginleg öryggismarkmið) 1. viðauka B við reglugerð (EBE) nr. 3821/85 eru settar fram þær öryggisaðgerðir sem eru nauðsynlegar til að tryggja heildaröryggi stafræna ökuritakerfisins. Nálgast verður öryggismarkmið kerfisins alls og ógnir við það með því að sameina mismunandi tæknilegar lausnir, sem standast mat á öryggi í upplýsingatækni (ITSEC), ásamt hlutbundnum úrræðum eða úrræðum sem lúta að starfsfólki eða verklagsreglum, en það er á ábyrgð aðildarríkja og framleiðenda ökurita að innleiða þær. Tilgangur þessara tilmæla framkvæmdastjórnarinnar er þannig að leggja fyrir aðildarríkin skilvirkustu aðferðirnar, sem byggjast á rannsóknum og þekktum, bestu starfsvenjum, í því skyni að styðja við þessi úrræði sem tengjast starfsfólki eða verklagsreglum.

1.8. Hins vegar ber ekki að líta svo á að þessi tilmæli framkvæmdastjórnarinnar komi í stað þeirra tæknilegu lausna sem kveðið er á um í ITSEC (1) og í reynd væri ákjósanlegt og auðvelt að nota þau í tengslum við þær og til stuðnings þeim.

1.9. Í skýrslu sameiginlegu rannsóknarmiðstöðvarinnar (2) eru taldar upp þekktar og mögulegar árásir á öryggi stafrænna ökurita. Aðildarríki gætu því notað þessa skýrslu sem grundvöll til að koma á ráðstöfunum og aðgerðum sem nauðsynlegar eru til að tryggja að hægt sé að veita eftirlitsmönnum hvers aðildarríkis fullnægjandi upplýsingar og leiðbeiningar, þannig að þeir geti sinnt eftirliti og skoðunum á vegum. Enn fremur má veita sams konar upplýsingar og leiðbeiningar ísetningarstofum og verkstæðum, sem hafa með höndum lögboðna ísetningu, eftirlit, skoðun og viðhald skráningarbúnaðar, sem notaður er við flutninga á vegum. Umfang leiðbeininganna gæti verið nægilegt til að tryggja að þessir aðilar geti, að fullu og af viðeigandi færni, sinnt því eftirliti sem lýst er í þessum viðauka og að aðildarríki geti lögsótt þá sem staðnir eru að því að misnota eða að reyna að misnota kerfið.

1.10. Eftirfarandi leiðbeiningar og tilmæli eru ekki tæmandi og það kunna að koma upp aðstæður þar sem tilætlaður árangur næst ekki með beitingu þeirra (t.d. í þeim tilvikum þar sem ekki er hægt að tengja viðmiðunarkapalinn við hreyfinemann). Við slíkar aðstæður mætti hvetja aðildarríki til að þróa aðrar aðferðir, sem sannreyna má að séu jafn árangursríkar. Upplýsingum um slíkar aðferðir má deila almennt meðal þeirra aðila sem hafa með höndum framkvæmdina.

1.11. Þótt þessum tilmælum framkvæmdastjórnarinnar sé ætlað að fjalla um báðar gerðir ökurita í skilningi reglugerðar (EBE) nr. 3821/85 og viðauka hennar geta aðildarríki þegar verið komin með aðferðir, verklagsreglur og leiðbeiningar varðandi eftirlit með hliðrænum ökuritum og leit að tækjum sem ætluð eru til hagræðingar á gögnum. Þess vegna skal ekki líta svo á að þessi tilmæli framkvæmdastjórnarinnar komi í staðinn fyrir eða dragi úr þeim úrræðum sem þegar eru til staðar, heldur styðji frekar við þau, sérstaklega með vísun til stafrænna ökurita, þar sem aðferðirnar geta verið aðrar en markmiðið er hið sama. Við þær aðstæður þar sem ráðstafanir vegna eftirlits með hliðrænum ökuritum eru þegar til staðar er mælt með að aukið sé við þær, eftir því sem við á, þannig að þær nái einnig til stafrænna ökurita (t.d. varðandi greiðslu til verkstæða fyrir sérstök verkefni, sem mælt er fyrir um af eftirlitsmanni, sem hefur vísað ökutæki á viðurkennt verkstæði, eins og lýst er í þætti F).

1.12. Aðildarríkin ættu að starfa af öryggi og njóta stuðnings við að setja, hvert í sínar innlendu eftirlitsáætlanir, sínar aðferðir og ferli við að mæta þeirri vaxandi ógnun sem steðjar að ökuritakerfinu. Aðildarríkin geta skipst á upplýsingum um slíkar bestu starfsvenjur.

(1) ITSEC Information Technology Security Evaluation Criteria 1991 (Viðmiðanir við mat á öryggi í upplýsingatækni 1991).

(2) Tækniskýrsla sameiginlegu rannsóknamiðstöðvarinnar. „Report on the attacks to security of the digital tachograph and on the risk associated with the introduction of adaptors to be fitted into light vehicles“. Takmarkað upplag fyrir áhættustjórnendur hvers aðildaríkis (29. nóvember 2007).

2. kafli: Skilvirkt vegaeftirlit

A. Skipulag og búnaður

2.1. Eftirlitsmenn skulu hafa yfir að ráða öllum nauðsynlegum búnaði og hafa hlotið rétta þjálfun til að geta haldið uppi fullu og skilvirku eftirliti. Þeir ættu a.m.k. að vera með eftirlitskort og viðeigandi tæki til að hala niður gagnaskrám úr skráningarhluta ökuritans og ökumannskortinu og geta greint slíkar gagnaskrár og útprent úr skráningarbúnaði af þeirri gerð sem lýst er í 1. viðauka B ásamt skráningarblöðum og töflum úr búnaði sem fellur undir 1. viðauka. Eftirlitsmenn ættu einnig að hafa yfir að ráða hugbúnaði sem getur greint slík gögn hratt og með sem minnstu óhagræði, þar eð viðurkennt er að þegar finna á tæki sem ætluð eru til að hagræða gögnum, er ekki auðvelt að greina útprent við vegaeftirlit, vegna stærðar og innihalds sumra skráa sem þarf að prenta.

2.2. Eftir því sem við verður komið, ættu eftirlitsmenn, hvort sem um er að ræða vegaeftirlit eða eftirlit á athafnasvæði fyrirtækis, og hvort sem er við athugun á því hvort farið sé að ákvæðum um aksturstíma, við prófun á akstursháefni eða við annað eftirlit, einnig að geta nýtt þann tíma sem gefst til að prófa rétta virkni og notkun ökuritans og út frá slíkum athugunum komið upp um notkun tækja sem ætluð eru til hagræðingar á gögnum.

2.3. Í þessu skyni er mælt með að aðildarríki reyni að skipuleggja eftirlit með því hvort tæki til að hagræða gögnum séu í ökutækjum, í tengslum við annað eftirlit (eins og t.d. prófun á akstursháefni, skoðun á hvort farið sé að ákvæðum um aksturstíma, o.s.frv.) og að til viðmiðunar séu a.m.k. 10 % af heildarfjölda skoðaðra ökutækja skoðuð með tilliti til þess hvort tæki til að hagræða gögnum séu til staðar. Það er aðildarríkjanna að skilgreina viðeigandi aðferðafræði og aðstæður fyrir framkvæmd á slíku viðbótareftirliti, en inntakið ætti að endurspegla heildareftirlitsáætlun þeirra hvers um sig.

2.4. Skilvirkt eftirlit má t.d. framkvæma með eftirfarandi aðferðum:

tvöfaldar eftirlitsstöðvar þar sem greindur er hraði eða akstursvegalengd ökutækja (sjá B),

einfaldar eftirlitsstöðvar þar sem ítarleg greining á gögnum fer fram (sjá C),

einfaldar eftirlitsstöðvar þar sem tæknilegt eftirlit fer fram (sjá D).

2.5. Ef eftirlitsmaður telur að hann hafi safnað nægum sönnunargögnum getur hann vísað ökutækinu á verkstæði til frekari prófana (sjá E).

2.6. Aðildarríki geta að sjálfsögðu beitt viðbótaraðferðum eða öðrum aðferðum við eftirlit með ökutækjum.

B. Aðferðir með tvöfaldar eftirlitsstöðvar þar sem greindur er raunverulegur hraði og akstursvegalengd ökutækja

2.7. Hraðamælingar á tilteknum tíma: Þessari aðferð má beita þannig að eftirlitsmenn, sem nota fasta eða færanlega myndavél eða hraðabyssu, mæla raunverulegan hraða ökutækisins áður en það er stöðvað við vegaeftirlit á tilteknum tíma. Þeir geta svo halað niður sundurliðuðu skrána með hraðaskráningu síðustu 24 klst. úr skráningarhluta ökuritans og borið saman hraðann sem skráður var á þessum tilgreinda tíma við þann sem mældur var nokkrum kílómetrum áður. Á eftirlitsstöðinni þarf, ef þessari aðferð er beitt, aðeins að bera saman tvær tölur þegar búið er að hala niður sundurliðuðu skrána með hraðaskráningu síðustu 24 klst.

2.8. Eftirlit miðað við fasta vegalengd á tilteknum tíma: Þessari aðferð má beita þannig að eftirlitsstöð er staðsett í þekktri fjarlægð frá tilteknum stað, þar sem eftirlitsmenn hafa aðstöðu eða búnað til að skrá tímann þegar auðkennt ökutæki er stöðvað eða fer um staðinn (vegatollsmiðar, skráning með myndavél, skýrslur landamæraeftirlits o.s.frv.). Á eftirlitsstöðinni geta eftirlitsmenn halað niður sundurliðuðu skrána með hraðaskráningu síðustu 24 klst. úr skráningarhluta ökurita og borið með skjótum hætti meðalhraðann, sem skráður er á milli eftirlitsstöðvarinnar og tilgreinda staðarins, saman við hraðann sem reiknaður er út frá þekktu fjarlægðinni og tímanum sem þarf til að aka að eftirlitsstöðinni.

2.9. Með báðum aðferðum þurfa eftirlitsmenn á eftirlitsstöðinni aðeins að bera saman tvær tölur þegar þeir eru búnir að hala niður sundurliðuðu skrána með hraðaskráningu síðustu 24 klst. og hafa mælt eða reiknað raunverulegan meðalhraða. Komi í ljós umtalsverður munur getur það vakið grunsemdir hjá eftirlitsmanni um að hagræðingarbúnaður hafi verið notaður. Eftirlitsmaðurinn getur þá vísað ökumanni og ökutæki á verkstæði án þess að þurfa nauðsynlega að framkvæma frekari skoðun á staðnum.

2.10. Um gögn úr ökuritum sem falla undir I. viðauka B gildir að allar skrár, sem halaðar eru niður af eða í gegnum skráningarbúnaðinn, verða að vera með viðeigandi stafræna undirskrift, sem upphaflega kemur úr skráningarhluta ökuritans eða ökumannskortinu, svo hægt sé að staðfesta sannvottaðan uppruna og heilleika gagnanna, og eftirlitsmenn geta einnig athugað hvort þessar upplýsingar hafi líka verið halaðar niður.

C. Aðferðir með einfaldar eftirlitsstöðvar sem byggjast á ítarlegri greiningu á niðurhöluðum gögnum

2.11. Ef verið er að nota tæki sem ætlað er til hagræðingar á gögnum þegar vegaeftirlit fer fram, eða var í notkun þar til skömmu fyrir eftirlitið, er hægt að finna vísbendingar um að gögnum hafi verið hagrætt með ýmsum einföldum aðferðum.

2.12. Til að staðfesta grunsemdir um að tæki til að hagræða gögnum sé til staðar, sem myndi réttlæta að eftirlitsmenn grípi til allra aðgerða sem þeir telja nauðsynlegar til að finna það, geta þeir:

— Borið saman upplýsingar um starfsathafnir ökumanns, sem halaðar eru niður af ökumannskortinu og skráningarhluta ökuritans, við önnur skjöl í ökutækinu og yfirlýsingar ökumanns. Ósamræmi á milli þessara gagna getur orðið til þess að grunsemdir vakni. Í því tilviki getur eftirlitsmaður rannsakað málið nánar.

— Skoðað skrána um sértilvik og bilanir, sem geymd er í skráningarhluta ökuritans, einkum gögn síðustu 10 daga um:

— tilraun til öryggisbrots,

— rof á straumi (lengsta sértilvikið),

— villu í hreyfigögnum (lengsta sértilvikið),

— bilun í nema.

Ef ökumaðurinn getur ekki útskýrt eða rökstutt hvert sértilvik eða bilun getur eftirlitsmaður rannsakað málið nánar.

— Skoðað tæknigagnaskrár sem geymdar eru í skráningarhluta ökurita, einkum:

— tímastillingargögn,

— kvörðunargögn (fimm síðustu kvarðanir, heiti verkstæðis og kortanúmer).

— Síðastnefndu gögnin nýtast vel til að greina hvort of margar kvarðanir hafi átt sér stað, sem gæti verið vísbending um að þær hafi verið gerðar með stolnu verkstæðiskorti (eða verkstæðiskorti sem hefur verið tilkynnt glatað). Það er mælt með því að eftirlitsmenn athugi hjá yfirvaldinu sem gefur kortið út ([1]) hver sé staða slíkra verkstæðiskorta og hvort þau hafi verið í gildi þegar þau voru notuð til að kvarða skráningarhluta ökuritans.

2.13. Ef eftirlitsmaður telur enn að eitthvað sé að, þegar búið er að greina öll gögnin sem nefnd eru í liðum 2.14–2.19, getur hann halað niður sundurliðuðu skrána með hraðaskráningu síðustu 24 klst. og athugað með hjálp hugbúnaðar hvort finna megi óeðlilega breytingu á hröðun ökutækisins og, ef við á, hvort ferðamynstrið sé í samræmi við önnur skjöl í ökutækinu og yfirlýsingar ökumanns (fjöldi hléa, hraði í fjalllendi eða þéttbýli ...). Þessar vísbendingar ásamt fyrrnefndum gögnum geta gefið tilefni til að grunsemda um að tæki til að hagræða gögnum sé til staðar.

2.14. Þessi aðferð krefst þess að á eftirlitsstöðinni sé til staðar viðeigandi hugbúnaður, sem getur sýnt læsilegt yfirlit yfir þróun hraðabreytinga svo hægt sé að benda nákvæmlega á óeðlilegar breytingar á hraðaaukningu og hraðaminnkun, til að draga fram og að almennt vekja sjálfvirkt athygli á:

— óeðlilegri hraðaaukningu eða hraðaminnkun ökutækis,

— allri grunsamlegri kvörðun skráningarhluta ökuritans,

— rof á straumi.

D. Aðferðir, þar sem notaðar eru einfaldar eftirlitsstöðvar og sem byggjast á tæknilegu eftirliti með innsiglum

2.15. Þar sem það er hægt og einnig öruggt að gera það getur eftirlitsmaður skoðað innsiglin. Ef innsiglin hafa verið fjarlægð eða eru rofin eða skemmd skal biðja ökumanninn að útskýra ástæðu þess.

([1]) Nota skal TACHONET til að senda beiðnir til annarra yfirvalda sem gefa út kort.

2.16. Ef ökumaðurinn getur lagt fram skriflega yfirlýsingu um ástæður þess, eins og mælt er fyrir um í 4. lið V. kafla 1. viðauka, eða 253. kröfu í I. viðauka B í reglugerð (EBE) nr. 3821/85, þá getur eftirlitsmaður krafist þess að ökumaðurinn fari á verkstæði og láti endurinnsigla kerfið og endurkvarða búnaðinn.

2.17. Ef ekki, getur verið um brot að ræða og er þá mælt með að ökumanni ásamt ökutæki sé vísað tafarlaust á viðurkennt verkstæði í fylgd eftirlitsmannsins, svo að hægt sé að skoða búnaðinn eins og mælt er fyrir um í 3. kafla hér að neðan.

E. Ökutæki vísað á verkstæði

2.18. Ef rökstuddur grunur um að tæki til að hagræða gögnum hafi verið komið fyrir, er enn til staðar eftir vegaeftirlit þar sem ofangreindum aðferðum er beitt, getur eftirlitsmaður vísað ökutækinu á viðurkennt verkstæði. Veita mætti eftirlitsmönnum eða viðeigandi landsyfirvaldi heimild til að gefa viðurkenndum verkstæðum fyrirmæli um að framkvæma tiltekna prófun til að finna tæki til að hagræða gögnum.

2.19. Með þessum tilteknu prófunum er, í flestum tilvikum, hægt að greina ranga pörun eða tengingu milli hreyfinemans og skráningarhluta ökuritans, sem getur verið vísbending um að tæki til að hagræða gögnum sé til staðar. Þessar prófanir geta falið í sér (sjá lýsingu í 3. kafla):

— skoðun á innsiglum og uppsetningarplötum,

— prófun með viðmiðunarkapli

— greining á niðurhöluðum gagnaskrám.

2.20. Ef tæki, sem ætlað er til hagræðingar á gögnum, finnst, hvort sem það hefur verið notað eða ekki, er hægt að fjarlægja tækið úr ökutækinu og nota það sem sönnunargagn (en þetta gæti verið tækið sjálft, skráningarhluti ökuritans eða íhlutir hans og ökumannskortið).

2.21. Enn fremur er hægt að krefjast þess að viðurkennd verkstæði skoði einnig hvort skráningarbúnaðurinn: a) starfi rétt, b) skrái og geymi gögn rétt, og c) að kvörðunarfæribreytur séu réttar.

2.22. Að því er varðar ökutæki með skráningarbúnað sem fellur undir I. viðauka B er mælt með að skráningarbúnaðurinn sé endurkvarðaður og ný uppsetningarplata sett á, þ.e. þegar búið er að hala niður allar gagnaskrár (með óskaddaðar stafrænar undirskriftir) og greina þær og ganga úr skugga um að ekki sé til staðar tæki sem ætlað er til hagræðingar á gögnum. Enn fremur er mælt með að viðurkennd verkstæði endurinnsigli kerfið eingöngu undir stjórn eftirlitsstofnunar.

2.23. Þegar búið er að fjarlægja tæki sem ætlað er til hagræðingar á gögnum má skoða skráningarbúnað sem fellur undir 1. viðauka með tilliti til réttrar virkni og notkunar, endurkvarða hann og setja á nýja uppsetningarplötu. Mælt er með að viðurkennd verkstæði endurinnsigli kerfið eingöngu undir stjórn eftirlitsstofnunar.

F. Eftirlit með ökutækjum eða gögnum á athafnasvæðum fyrirtækja

2.24. Mælt er með að lögbær yfirvöld aðildarríkja nýti sér möguleikann á að hafa eftirlit með ökutækjum (og skráningarhluta ökurita) og ökumönnum (og ökumannskorti) sem kunna að vera á staðnum þegar eftirlit á athafnasvæði fyrirtækis fer fram.

2.25. Geyma skal gögn sem eru í vörslu fyrirtækis í a.m.k. eitt ár og veita aðgang að þeim til skoðunar þegar eftirlitsmaður óskar þess. Það getur því verið hluti af staðlaðri aðferð við eftirlit að eftirlitsmenn skoði sérhvert ökutæki sem þeir finna á athafnasvæði fyrirtækis og geri þær prófanir eða noti þau úrræði sem þeir telja nauðsynleg, en haldi um leið töfum ökumanna og ökutækja í lágmarki.

2.26. Við þessar skoðanir á athafnasvæðum fyrirtækja skal gera ráð fyrir þeim möguleika að þar kunni að vera ökutæki og skráningarbúnaður, sem falla undir annað hvort I. viðauka eða 1. viðauka B og því þurfa eftirlitsmenn að vera viðbúnir aðstæðum og með réttan búnað.

SAMANTEKT

FORVARNIR GEGN ÁRÁSUM Á STAFRÆNA ÖKURITA MEÐ VEGAEFTIRLITI EÐA EFTIRLITI Á ATHAFNASVÆÐI FYRIRTÆKIS

Þróa má eftirlitsáætlun í hverju aðildarríki fyrir sig til að stuðla að skilvirku eftirliti með og skoðunum á ökutækjum, sem kunna að vera búin tækjum sem ætluð eru til hagræðingar á gögnum, annað hvort við vegaeftirlit eða við skoðun sem fram fer á athafnasvæðum fyrirtækja.

Eftirlitsmenn, sem hafa nægilega þjálfun og viðeigandi búnað, geta með skjótum hætti halað niður og greint gögn úr skráningarhluta ökurita, framkvæmt tafarlaust eftirlit og gert samskonar greiningu á gögnum, sem eru á rafrænu formi eða ásamt skráningarblöðum, töflum og útprenti.

Aðildarríki geta þróað áætlanir sem tryggja að eigi síðar en 2010 verði ökutæki, sem skoðuð eru með tilliti til tækja sem ætluð eru til hagræðingar á gögnum, skoðuð með einni af eftirfarandi aðferðum:

— tvöfaldar eftirlitsstöðvar þar sem greindur er raunverulegur hraði og akstursvegalengd ökutækja,

— einfaldar eftirlitsstöðvar með ítarlegri greiningu á niðurhöluðum gögnum,

— einfaldar eftirlitsstöðvar sem byggjast á tæknilegu eftirliti með innsiglum.

Til viðmiðunar væri hægt að skoða 10 % af ökutækjum, sem tekin eru til eftirlits (hvort sem það er prófun á akstursháfni, athugun á því hvort farið sé að ákvæðum um aksturstíma, eða annað eftirlit), til að sjá hvort þau séu búin tækjum sem ætluð eru til hagræðingar á gögnum, þótt það sé aðildarríkja að þróa skilvirkustu úrræðin, sem skulu skilgreind í áætlunum þeirra.

Ef nægar vísbendingar finnast til að vekja rökstuddan grun geta eftirlitsmenn vísað ökutæki á viðurkennt verkstæði þar sem gerðar eru frekari prófanir.

Ef tæki til hagræðingar á gögnum finnst, hvort sem ökumaður hefur notað það eða ekki, er mælt með að það sé fjarlægt úr ökutækinu og notað sem sönnunargagn, í samræmi við innlendar málsmeðferðarreglur viðkomandi aðildarríkis um sönnunargögn. Eftirlitsmenn geta beitt viðeigandi ferlum og viðurlögum þegar notkun slíkra tækja hefur verið staðfest, þar eð það felur í sér alvarlegt brot.

3. kafli: Þjálfun, búnaður og bestu starfsvenjur

3.1. Þótt aðildarríki eigi að tryggja að eftirlitsmenn fái nægilega þjálfun til að geta innt verkefni sín af hendi, má einnig veita öðrum viðeigandi aðilum þjálfun, en það er bæði hagstætt og mjög æskilegt ef skipulagðar eru gagnkvæmar heimsóknir og samstarf eftirlitsmanna milli aðildarríkja, í því skyni að samræma bestu starfsvenjur og skiptast á reynslu sem starfsmenn á sviðinu hafa viðað að sér.

3.2. Eftirlitsmenn skulu hafa fullnægjandi búnað til að þeir geti framkvæmt allt eftirlit sem tengist stafrænum ökuritum. Þetta felur í sér að þeir skulu vera með réttu tækin til að geta lesið, prentað og halað niður gögn úr slíkum skráningarbúnaði. Aðildarríki geta gert ráðstafanir til að tryggja að nægilegur fjöldi eftirlitsmanna sé með þennan búnað.

3.3. Hægt er að skiptast á upplýsingum um og efla bestu starfsvenjur við greiningu og forvarnir, hvort sem er við vegaeftirlit eða á athafnasvæði fyrirtækis (og má t.d. nefna notkun viðmiðunarkapals, eftirlit sem miðast við fasta vegalengd, greiningu á óeðlilegu hraðamynstri eða vegalengdum, straumrof, rofin innsigli o.þ.h).

4. kafli: Skoðun á verkstæði

Verkstæði og ísetningarstofur eru mikilvægur þáttur í öryggi ökuritakerfisins, hvort sem um er að ræða hliðræna eða stafræna ökurita. Samþykki og viðurkenning þeirra þarf að byggjast á skýrum viðmiðunum hvers aðildarríkis, sem staðfesta áreiðanleika þeirra og traust. Í þessu skyni er mælt með að aðildarríki tryggi að verkstæði, sem hafa heimild til að setja upp, virkja, kvarða, skoða og gera við skráningarbúnað, séu samþykkt, undir reglulegu eftirliti, vottuð og fái tímanlega viðeigandi uppfærslur og upplýsingar. Einnig er mælt með að lögbær yfirvöld veiti ísetningarstofum og verkstæðum skýr fyrirmæli og leiðbeiningar um skyldur þeirra og ábyrgð, einkum er varðar skilning þeirra á því hlutverki sem þau gegna í heildaröryggi kerfisins. Þá er einnig mælt með að þau yfirvöld, sem samþykkja verkstæði og ísetningarstofur, veiti aðildarríkjum, fyrir milligöngu framkvæmdastjórnarinnar, nákvæmar og reglulega uppfærðar upplýsingar um merkingar á innsiglum og um öll verkstæði á yfirráðasvæðinu og stöðu þeirra.

A. Lagastoð

4.1. Að öllu jöfnu þurfa ökutæki að fara á verkstæði til skoðunar þegar:

a) ökuritinn þarfnast skoðunar í samræmi við viðauka reglugerðar (EBE) nr. 3821/85,

b) ökutækið fer í árlega prófun á akstursháefni samkvæmt ákvæðum II. viðauka tilskipunar 96/96/EB,

c) eftirlitsmenn vísa ökutækinu á verkstæði svo unnt sé að framkvæma ítarlegri skoðun á skráningarbúnaðinum,

d) gera þarf við eða skipta um skráningarbúnaðinn.

4.2. Í öllum þessum tilvikum má gefa verkstæðum eða ísetningarstofum fyrirmæli um að ganga úr skugga um það með sjónrænni skoðun og efnislegri athugun að skráningarbúnaðurinn sé innsiglaður og að hann sé bæði með upplýsingaplötu framleiðandans og uppsetningarplötuna.

4.3. Lögbært yfirvald aðildarríkis getur einnig reglulega minnt verkstæði á að í hvert sinn sem þau skoða og endurinnsigla ökuritakerfin og festa á þau uppsetningarplötu eru þau í reynd að staðfesta að kerfið sé öruggt, að það starfi eðlilega, skrái rétt og að við það séu ekki tengd nein tæki, sem ætluð eru til hagræðingar á gögnum.

4.4. Þá má einnig minna verkstæði á að þau geti verið að fremja alvarlegt brot ef þau vísvitandi endurinnsigla ökuritakerfið án þess að fjarlægja fyrst tæki sem ætluð eru til hagræðingar á gögnum, sem þau finna sjálf, eða biðja um að tækin séu fjarlægð áður en innsiglað er. Komi síðar í ljós að tæki, sem ætlað er til hagræðingar á gögnum, sé til staðar, óháð því hvort það hafi verið notað eða ekki, og að verkstæðið hafi endurinnsiglað kerfið og sett á það uppsetningarplötu, þá gætu verkstæðið og einstakir ísetningaraðilar hafa gerst sekir um alvarlegt brot.

4.5. Með tilliti til þess hve verkstæði og ísetningarstofur gegna mikilvægu hlutverki varðandi öryggi kerfisins er mælt með að lögbær yfirvöld aðildarríkja íhugi hæfileg viðurlög, sem gætu jafnvel leitt til afturköllunar samþykkis eða heimildar til að vinna við ökurita, ef ekki er lengur hægt að treysta verkstæðum.

4.6. Á hinn bóginn geta aðildarríki minnt verkstæði á að þau hafa rétt til að synja um frekari skoðanir eða kvarðanir ef grunur eða vissa er um að ökutæki sé búið tæki sem ætlað er til hagræðingar gögnum. Lögbær yfirvöld geta stutt verkstæði ef það fer fram á að tæki, sem ætlað er til hagræðingar á gögnum, sé fjarlægt áður en skoðun er haldið áfram. Verkstæði getur alltaf neitað að endurinnsigla skilflatartengingar eða festa á uppsetningarplötu þar til tækið hefur verið fjarlægt.

4.7. Þau aðildarríki, sem telja það viðeigandi, geta óskað eftir að viðurkennd verkstæði tilkynni tilvik á borð við þau sem lýst er í liðum 4.4 til 4.6.

4.8. Á hinn bóginn geta aðildarríki, sem telja ekki viðeigandi að verkstæði sinni þessu, farið fram á það við þau að skýrslur um slík tilvik séu geymdar í tiltekinn tíma og afhentar lögbæru yfirvaldi þegar þess er óskað. Þessi tími gæti verið að minnsta kosti 24 mánuðir, sem er í samræmi við lágmarkstímann á milli skoðana á búnaðinum.

4.9. Einnig má minna verkstæði á að ekki sé nóg að fjarlægja tæki sem ætlað er til hagræðingar á gögnum til að leysa rekstraraðila eða ökumann undan ábyrgð á broti, þar sem það eru miklar líkur á að gögnum, sem hafa verið skráð í skráningarhluta ökuritans eða á einstök ökumannskort, hafi þegar verið hagrætt. Með því að tilkynna ekki þessi tilvik gætu verkstæðin sjálf orðið aðilar að broti sem framið er af rekstraraðilum eða ökumönnum og gætu átt von á að sæta sömu viðurlögum, ef upp kemst.

4.10. Samt sem áður geta verkstæði og ísetningarstofur tilkynnt notkun eða tilvist tækja sem ætluð eru til hagræðingar á gögnum til lögbærra yfirvalda, sem gætu síðan fyrir sitt leyti íhugað t.d. umbunar- eða hvatakerfi til að hvetja verkstæði til að veita upplýsingar sem stuðla að greiningu og forvörnum gegn tækjum sem ætluð eru til að hagræða gögnum eða gegn öðrum árásum á kerfið.

4.11. Eftirfarandi leiðbeiningar og tilmæli eru ekki tæmandi og við vissar aðstæður getur gerst að ekki náist tilætlaður árangur með beitingu þeirra (t.d. í þeim tilvikum þar sem ekki er hægt að tengja viðmiðunarkapalinn (liður 1.23) við hreyfinemann). Í þeim tilvikum geta aðildarríki þróað aðrar aðferðir sem eru jafn skilvirkar. Þeir aðilar aðrir, sem hafa með höndum framkvæmdina, geta deilt með sér upplýsingum um þessar aðferðir.

4.12. Þar sem þessar leiðbeiningar varða báðar gerðir ökurita í skilningi reglugerðar (EBE) nr. 3821/85 og viðaukum hennar gætu aðildarríki þegar verið komin með aðferðir, verklagsreglur og leiðbeiningar varðandi eftirlit með hliðrænum ökuritum og leit að tækjum sem ætluð eru til hagræðingar á gögnum. Þess vegna skal ekki líta svo á að þessi tilmæli framkvæmdastjórnarinnar komi í staðinn fyrir eða dragi úr þeim úrræðum sem þegar eru til staðar, heldur styðji frekar við þau, sérstaklega með vísun til stafrænna ökurita, þar sem aðferðirnar geta verið aðrar en markmiðið er hið sama. Við þær aðstæður þar sem ráðstafanir vegna eftirlits með hliðrænum ökuritum eru þegar til staðar er mælt með, eftir því sem við á, að aukið sé við þær þannig að þær nái einnig til stafrænna ökurita. Þetta á t.d. við um greiðslur til verkstæða fyrir sérstök verkefni, sem mælt er fyrir um af eftirlitsmanni, sem hefur vísað ökutæki á viðurkennt verkstæði.

B. Innsigli rofið eða vantar

4.13. Verkstæði geta alltaf athugað hvort innsigli vantar, er rofið eða skemmt.

4.14. Ekki má undir neinum kringumstæðum endurinnsigla ökutæki eða setja á það uppsetningarplötu fyrr en kerfið fullnægir aftur kröfum reglugerðarinnar.

4.15. Verkstæði geta skráð í skoðunarskýrslu eða -skrá þegar innsigli vantar og framkvæmt frekari skoðun (t.d. skoðun með viðmiðunarkapli) til að tryggja að ekki séu til staðar tæki sem ætluð eru til hagræðingar á gögnum í ökutækinu.

4.16. Ef búið er að fjarlægja innsigli, eins og fjallað er um í 4. lið V. kafla I. viðauka og 252. kröfu í I. viðauka B í reglugerð (EBE) nr. 3821/85, vegna neyðarástands eða til að setja upp eða gera við hraðatakmörkunarbúnað, þarf að útbúa skriflega yfirlýsingu um ástæður þess í hvert sinn sem innsigli er rofið og láta í té lögbæru yfirvaldi.

4.17. Að öðrum kosti getur verkstæði framkvæmt heildarskoðun með eftirfarandi ráðlögðum aðferðum og gefið lögbæru yfirvaldi nákvæma skýrslu um hvað fannst og var gert.

C. Greining á gagnaskrám

4.18. Um stafræna ökurita gildir sérstaklega að gögn, sem hægt er að hala niður á verkstæðinu, með stafrænni undirskrift sé þess kostur, og sem færð eru í úttektarskýrsluna, skulu samræmast kröfum sem settar eru fram í lið 4.4 (sameiginleg öryggismarkmið varðandi hreyfinema) og lið 4.4 (sameiginleg öryggismarkmið varðandi skráningarhluta ökurita) í 10. viðbæti við I. viðauka B í reglugerð (EBE) nr. 3821/85. Í 1. viðbæti er að finna tæmandi skrá yfir upplýsingarnar í úttektarskýrslunni.

4.19. Verkstæðið getur einnig halað niður og greint skrána um sértilvik og bilanir, sem geymd er í skráningarhluta ökuritans. Til sértilvika og bilana teljast t.d. (sjá einnig tæmandi skrá í 2. viðauka):

— tilraun til öryggisbrots,

— sannvottun hreyfinema bregst,

— óheimil breyting á hreyfinema,

— óheimil opnun hlífar,

— sértilvikið straumrof,

— bilun í nema.

4.20. Einnig er erfitt að greina notkun á tæki til að hagræða gögnum þegar búið er að fjarlægja það. Hins vegar getur skoðun á skránni um sértilvik og bilanir gefið vísbendingar um tilvik þar sem orðið hefur straumrof sem ekki er hægt að gefa viðhlítandi skýringar á. Þar að auki getur greining á nákvæma hraðaferlinum gefið vísbendingar um að hraðamerkið sé afbrigðilegt. Óeðlileg hraðaminnkun eða hraðaaukning geta verið til marks um að verið sé að kveikja og slökkva á tækjum sem ætluð eru til hagræðingar á gögnum.

4.21. Í öllum tilvikum geta verkstæði prentað gögn og látið fylgja skoðunarskýrslunni eða -skránni (sjá 4. kafla) og, eftir því sem við á, vísað í gögn sem halað er niður með verkstæðiskortinu.

4.22. Ef ekki er hægt að hala niður gögn úr skráningarhluta ökuritans með aðstoð verkstæðiskortsins má líta svo á að skráningarhluti ökuritans sé bilaður eða ónýtur. Í slíkum tilvikum geta verkstæði reynt að gera við búnaðinn. Ef tilraun til viðgerðar ber ekki þann árangur að hægt sé að hala niður gögn skal gefa út vottorð um að ekki sé hægt að hala niður gögn og geyma afrit af því með skoðunarskýrslunni.

4.23. Einnig er mælt með að ökumenn varðveiti vottorð um að ekki sé hægt að hala niður gögn, sem verkstæði lætur þeim í té, ef til þess skyldi koma að þeir lendi í skoðun með ökutæki, sem er með bilaðan stafrænan ökurita. Ef ökumaður skiptir um ökutæki er jafnframt mælt með að slík vottorð séu varðveitt í ökutækinu þar til flutningafyrirtækið getur tekið við vottorðinu sem hluta af skráningarskyldum gögnum og látið gera við búnaðinn.

D. Eftirlit með pörun hreyfinema og skráningarhluta ökurita

4.24. Komi í ljós að gögn um sértilvik, eins og lýst er í fyrri lið, hafi komið fyrir síðan síðasta skoðun átti sér stað getur verkstæðið borið saman auðkennisgögn hreyfinemans sem tengdur er við gírkassann við auðkennisgögn hreyfinemans sem skráður er í skráningarhluta ökuritans.

4.25 Notkun viðmiðunarkapals er skilvirk aðferð til að prófa hvort ákveðnar gerðir tækja til að hagræða gögnum hafi verið settar í ökutækið. Viðmiðunarkaplinum er stungið í samband aftan á skráningarhluta ökuritans og hinn endinn er tengdur við hreyfinemann. Ef hreyfineminn í gírkassanum hefur ekki verið paraður við skráningarhluta ökuritans fæst sértilvikið „villa í hreyfigögnum“ eða nemabilun. Þessi villuboð geta verið vísbending um tæki til að hagræða gögnum sé til staðar. Komi þetta sértilvik upp er hægt að leita að földum tækjum í ökutækinu.

4.26. Einnig má, meðan eftirlit fer fram, taka hreyfinemann úr sambandi og fjarlægja. Ef ekki hefur verið átt við ökuritakerfið birtast villuboð (hreyfinema vantar). Ef þessi villuboð birtast ekki er það vísbending um annan falinn hreyfinema eða annars konar rafeindatæki sem ætlað er til hagræðingar á gögnum.

4.27. Þó skal bent á að áður en notaðar eru aðferðir með viðmiðunarkapli verða tæknimenn á verkstæði (eða skoðunarmenn) að setja verkstæðiskort sitt í tækið svo það fáist skýring á hvers vegna „sértilvikið straumrof“ hafi verið skráð í skrána um sértilvik og bilanir í skráningarhluta ökuritans. Sé það ekki gert getur það gefið rangar vísbendingar við síðari skoðun um að ökumaður eða rekstraraðili hafi reynt að spilla öryggi hreyfinemans.

4.28. Þótt það sé ekki alltaf hægt má einnig bera merkingar á hreyfinemanum á gírkassanum saman við auðkennisgögn paraða hreyfinemans, sem skráður er í skráningarhluta ökuritans. Verkstæði geta því gert eftirfarandi:

— borið saman upplýsingarnar sem skráðar eru á uppsetningarplötunni og upplýsingarnar í skráningarhluta ökuritans. Ef ósamræmi er í upplýsingunum má tilkynna það eftirlitsyfirvaldi aðildarríkis og skrá tilvikið á skoðunarskýrslu og -skrá.

— borið saman kenninúmerið sem prentað er utan á hreyfinemann og upplýsingarnar í skráningarhluta ökuritans. Ef þess gerist þörf má nota rafrænt prófunartæki til að athuga rafrænt auðkenni hreyfinemans. Ef misræmi er á auðkennum má gera ráð fyrir að tæki sem ætlað er til hagræðingar á gögnum sé til staðar. Þetta má tilkynna eftirlitsyfirvöldum aðildarríkis og skrá tilvikið á skoðunarskýrslu og -skrá.

E. Sérstakar verklagsreglur í kjölfar vegaeftirlits

4.29. Eftirlitsmenn geta vísað grunsamlegu ökutæki á verkstæði. Í þessum tilvikum geta eftirlitsmenn fyrst gefið verkstæðum og ísetningarstofum fyrirmæli um að hala niður allar gagnaskrár úr skráningarhluta ökuritans. Til þessara skráa teljast yfirlitskráin, nákvæmar upplýsingar um hraða, tæknigögn og skrá um sértilvik og bilanir. Viðeigandi stafrænar undirskriftir verða að fylgja þessum skrám.

4.30. Hægt er að framkvæma ítarlega skoðun á skráðum gögnum og einnig með tæknilegum úrræðum (viðmiðunarkapall, skoðun á innsiglum o.s.frv.).

4.31. Ef vart verður verulegs ósamræmis, en tæki til að hagræða gögnum finnst ekki, mætti álykta að slíkur búnaður hafi verið í notkun en síðan fjarlægður. Í slíkum tilvikum ætti skoðunarmaður að tilkynna það til stofnunarinnar um samræmingu eftirlitsaðgerða, skv. 2. gr. tilskipunar 2006/22/EB og/eða stofnunarinnar um samráð innan Bandalagsins, skv. 7. gr. sömu tilskipunar, ef ökutækið er skráð í öðru aðildarríki. Þetta getur leitt til frekari rannsóknar á ökutækjum fyrirtækisins.

5. kafli: Skýrslur verkstæða og úttektir á verkstæðum

5.1. Verkstæði geta gert skoðunarskýrslu fyrir hverja skoðun ökutækis, þar sem krafist er skoðunar á skráningarbúnaði, hvort sem skoðunin telst til reglubundinnar skoðunar eða er gerð að sérstakri kröfu lögbærs, innlends yfirvalds viðkomandi aðildarríkis. Einnig geta þau fært allar skoðunarskýrslurnar í skrá.

5.2. Verkstæðið getur varðveitt skoðunarskýrsluna í a.m.k. tvö ár frá skráningu hennar og afhent lögbæru, innlendu yfirvaldi viðkomandi aðildarríkis allar skoðunar- og kvörðunarskrár fyrir tímabilið, sé þess krafist.

5.3. Niðurstöður skoðunar hjá viðurkenndum verkstæðum (skráning þegar innsigli er rofið, skemmt eða vantar, ef uppsetningaplötu vantar, ófullnægjandi skráning eða ósamræmi milli upplýsinga í skráningarhluta ökuritans og hreyfinemanum, tæki til hagræðingar á gögnum finnst, afrit af skránni um sértilvik og bilanir og öll önnur viðeigandi útprent) geta verið liður í reglubundinni skýrslugerð og lögbær yfirvöld aðildarríkja eru hvött til að tryggja að svo sé.

5.4. Aðildarríki geta litið svo á að ef verkstæði skilar ekki rétt útfylltum skoðunarskýrslum hafi það brotið gegn reglunum og geti það leitt til þess að viðurkenning verkstæðisins verði afturkölluð.

5.5. Aðildarríki geta gert úttekt á skoðunarskýrslum og -skrám verkstæða a.m.k. annað hvert ár. Slíkar úttektir geta falið í sér úrtakskönnun á skoðunarskýrslum sem tengjast skoðun og kvörðun stafrænna ökurita. Einnig má skoða verkstæðiskort og sækja reglulega úr þeim gögn til að tryggja að gögn tapist ekki eða að skrifað sé yfir þau.

SAMANTEKT

FORVARNIR GEGN ÁRÁSUM Á STAFRÆNA ÖKURITA VIÐ SKOÐUN Á VERKSTÆÐI

Þegar aðildarríki viðurkenna verkstæði og skoða þau með reglubundnum hætti skulu þau sjá til þess að starfsfólk þeirra hafi nægilega þjálfun og aðgang að öllum nauðsynlegum búnaði sem þarf til að hala niður gögn og framkvæma tilteknar prófanir.

Lögbært yfirvald getur gefið verkstæðum fyrirmæli um að endurinnsigla ekki stafrænan ökurita þar sem fundist hefur tæki til að hagræða gögnum nema það hafi verið fjarlægt og búið sé að endurkvarða ökuritann þannig að hann skrái rétt. Einnig getur lögbært yfirvald veitt verkstæði fyrirmæli um að fjarlægja uppsetningarplötuna.

Eftirlit verkstæðis getur falist í eftirfarandi:

— eftirlit með ástandi innsigla, uppsetningarplötu og plötu framleiðanda,

— greining á niðurhöluðum gögnum, einkum skránni um sértilvik og bilanir,

— prófun með viðmiðunarkapli, eftir því sem við á.

Verkstæði geta skráð í skoðunarskýrslu ef innsigli vantar eða þau eru skemmd og látið útprent af niðurhöluðum gögnum fylgja skýrslunni. Gera má skoðunarskýrslurnar aðgengilegar landsyfirvöldum í tvö ár.

Reglubundið eftirlit aðildarríkja með verkstæðum getur falið í sér úttekt á verklagsreglum við skoðun, þ.m.t. úrtakskönnun á skoðunarskýrslum.

Aðildarríki geta séð til þess að verkstæði tilkynni lögbæru yfirvaldi þegar þau verða vör við tæki til að hagræða gögnum, eða vart verður verulegs ósamræmis sem bendir til notkunar tækis til hagræðingar á gögnum, sem búið er að fjarlægja.

Í þessum tilvikum og þegar ökutæki er skráð í öðru aðildarríki geta aðildarríkin tilkynnt það stofnuninni sem fer með samráð innan Bandalagsins svo að hægt sé að gera frekari rannsóknir á ökutækjum viðkomandi fyrirtækis.

6. kafli: Lokaákvæði

6.1. Leit að tækjum sem ætluð eru til hagræðingar á gögnum í ökuritakerfinu og forvarnir gegn þeim er viðvarandi verkefni, sem krefst stöðugrar árvekni. Samhliða tækniþróun þróast einnig ógnirnar og aðferðirnar sem beitt er gegn kerfinu. Því hafa allir aðilar sem tengjast öryggi ökuritakerfisins hlutverki að gegna, hvort sem það eru eftirlitsmenn, viðurkennd verkstæði og ísetningarstofur eða lögmætir og löghlýðnir rekstraraðilar og ökumenn.

6.2. Á landsvísu skal hvetja aðildarríki til að safna eins miklum upplýsingum og unnt er, að þróa eigin áætlanir um úrræði gegn þessum ógnum og styðja vel við skipti á upplýsingum um þessi málefni. Nýjar eða öðruvísi ógnir eða tilraunir til að svindla á kerfinu skal tilkynna framkvæmdastjórninni.

6.3. Framkvæmdastjórnin mun á vettvangi Bandalagsins halda áfram að endurmeta stöðuna og beitingu reglna og leita eftir stuðningi og samstarfi allra aðildarríkja og hagsmunaaðila.

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2013/EES/4/36**

frá 17. desember 2008

um breytingu á ákvörðun 2007/589/EB í því skyni að fella inn í hana viðmiðunarreglur um vöktun og skýrslugjöf vegna losunar á nituroxíði (*)

(tilkynnt með númeri C(2008) 8040)

(2009/73/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB ([1]), einkum 1. mgr. 14. gr. og 3. mgr. 24. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Altæk, samræmd, gagnsæ og nákvæm vöktun og skýrslugjöf að því er varðar losun nituroxíðs (N2O) í samræmi við viðmiðunarreglurnar, sem mælt er fyrir um í þessari ákvörðun, eru grundvallaratriði fyrir rekstur kerfisins fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda (viðskiptakerfi ESB fyrir losunarheimildir), sem komið var á fót með tilskipun 2003/87/EB, í tengslum við stöðvar sem falla undir viðskiptakerfi ESB fyrir losunarheimildir skv. 24. gr. þeirrar tilskipunar að því er varðar losun þeirra á nituroxíði.

2) Viðmiðunarreglurnar um vöktun og skýrslugjöf, sem settar eru fram í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/589/EB frá 18. júlí 2007 um að setja viðmiðunarreglur um vöktun á losun gróðurhúsalofttegunda og skýrslugjöf um losunina samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB ([2]), ná ekki yfir losun á nituroxíði.

3) Holland hefur sótt um að losun nituroxíðs frá stöðvum, þar sem framleidd er saltpéturssýra, falli undir viðskiptakerfi ESB fyrir losunarheimildir að því er varðar tímabilið 2008–2012.

4) Sértækum viðmiðunarreglum fyrir ákvörðun á losun nituroxíðs um kerfi með samfelldri mælingu losunar skal því bætt við.

5) Hnatthlýnunarmáttur 1 tonns af nituroxíði, að því er varðar losun á tímabilinu 2008–2012, skal teljast jafngilda 310 tonnum af koltvísýringi, sem er gildið sem gefið er upp í annarri matsskýrslu milliríkjanefndarinnar um loftslagsbreytingar (hnatthlýnunargildi (HHM-gildi) frá milliríkjanefndinni um loftslagsbreytingar 1995).

   Nota skal þetta gildi til að algert samræmi sé milli skýrslna frá stöðvum og skýrslna aðildarríkjanna um landsskrárnar um losun samkvæmt rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og Kýótóbókuninni.

6) Því ber að breyta ákvörðun 2007/589/EB til samræmis við það.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um loftslagsbreytingar.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á ákvörðun 2007/589/EB

Ákvörðun 2007/589/EB er breytt sem hér segir:

1. Í stað fyrstu málsgreinar 1. gr. komi eftirfarandi:

   „Viðmiðunarreglurnar um vöktun og skýrslugjöf vegna losunar gróðurhúsalofttegunda frá starfseminni sem tilgreind er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB og starfsemi sem fellur undir 1. mgr. 24. gr. þeirrar tilskipunar eru settar fram í viðaukunum við þessa ákvörðun“.

2. Bæta skal eftirfarandi færslu við í töflunni yfir viðauka:

   „XIII. viðauki: Sértækar viðmiðunarreglur til að ákvarða losun á nituroxíði frá framleiðslu á saltpéturssýru, adipínsýru, kaprólaktami, glýoxali og glýoxýlsýru“.

3. Ákvæðum I. viðauka er breytt eins og sett er fram í A-hluta viðaukans við þessa ákvörðun.

4. Ákvæðum XIII. viðauka er bætt við eins og sett er fram í B-hluta viðaukans við þessa ákvörðun.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 24, 28.1.2009, bls. 18. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 148/2009 frá 4. desember 2009 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 12, 11.3.2010, bls. 46.

([1]) Stjtíð. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32.

([2]) Stjtíð. ESB L 229, 31.8.2007, bls. 1.

2. gr.

Gildissvið

Ákvörðun þessi gildir frá 1. janúar 2008.

3. gr.

Viðtakendur

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 17. desember 2008.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Stavros Dimas

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

A. Ákvæðum I. viðauka er breytt sem hér segir:

1. Lið 2 er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi komi í stað inngangssetningarinnar:

„Að því er varðar þennan viðauka og II.–XIII. viðauka gilda skilgreiningarnar í tilskipun 2003/87/EB“.

b) Í stað g-liðar 1. mgr. komi eftirfarandi:

„g) „aðferðarþrep“: tiltekinn liður í aðferð til að ákvarða gögn um starfsemi, losunarstuðla, árlega losun, árlegt klukkustundarmeðalgildi losunar og oxunar- eða breytistuðla,“.

2. Í 3. lið komi eftirfarandi í stað annarrar málsgreinar:

„*Heilleiki*. Vöktun og skýrslugjöf fyrir stöð skal taka til allrar losunar við vinnslu og brennslu frá öllum upptökum losunar og efnisstraumum, sem tengjast starfsemi sem tilgreind er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB og annarri viðeigandi starfsemi sem er talin með skv. 24. gr. tilskipunarinnar, og allra þeirra gróðurhúsalofttegunda sem tilgreindar eru í tengslum við þessa starfsemi, án þess þó að tvítelja.“

3. Lið 4,3 er breytt sem hér segir:

a) Í stað g-liðar komi eftirfarandi:

„g) staðfestingu á að óvissumörk séu virt að því er varðar gögn um starfsemi og aðra þætti (þar sem við á) fyrir þau aðferðarþrep sem eru notuð fyrir hvern efnisstraum og/eða upptök losunar,“

b) Í stað m-liðar komi eftirfarandi:

„m) lýsingu á aðferðum við gagnaöflun, gagnameðhöndlun og eftirlit, auk lýsingar á starfseminni (sjá lið 10.1–3 og 8. lið í XIII. viðauka),“

4. Lið 6 er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrstu málsgreinar í lið 6.1. komi eftirfarandi:

„Eins og fram kemur í lið 4.2 er heimilt að ákvarða losun gróðurhúsalofttegunda með því að beita mælimiðaðri aðferð með hjálp kerfa fyrir samfelldar mælingar á losun frá öllum eða völdum upptökum losunar þar sem notaðar eru staðlaðar eða samþykktar aðferðir ef lögbær yfirvöld hafa veitt rekstraraðilanum samþykki sitt, áður en skýrslutímabilið hefst, fyrir því að notkun kerfis fyrir samfelldar mælingar á losun nái fram meiri nákvæmni en útreikningar á losun með hjálp nákvæmasta aðferðarþrepsins. Mælt er fyrir um sértækar aðferðir fyrir mælimiðaðar aðferðir í XII. og XIII. viðauka. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þær stöðvar sem nota kerfi fyrir samfelldar mælingar á losun sem hluta af vöktunarkerfi sínu skv. 21. gr. tilskipunar 2003/87/EB.“

b) Lið 6.2 er breytt sem hér segir:

i. Í stað fyrstu málsgreinar komi eftirfarandi:

„Rekstraraðili stöðvar skal nota hæstu aðferðarþrepin skv. XII. og XIII. viðauka fyrir hver losunarupptök sem eru tilgreind í leyfinu fyrir losun gróðurhúsalofttegunda og sem viðeigandi losun gróðurhúsalofttegunda er ákvörðuð fyrir með því að nota kerfi fyrir samfelldar mælingar á losun.“

ii. Í stað þriðju málsgreinar komi eftirfarandi:

„Fyrir skýrslutímabilin 2008–2012 skal að lágmarki nota aðferðarþrep 2 í XII. viðauka að því er varðar losun koltvísýrings og lágmarksaðferðarþrepin í XIII. viðauka að því er varðar losun nituroxíðs, nema það sé ekki tæknilega framkvæmanlegt.“

c) Lið 6.3 er breytt sem hér segir:

i. í stað a-liðar komi eftirfarandi:

„a) ***Sýnatökutíðni***

Reikna skal út klukkustundarmeðaltöl („gild klukkustundargögn") fyrir alla þætti ákvörðunar losunar (eins og við á), í samræmi við XII. og XIII. viðauka, með því að nota alla gagnapunkta sem eru tiltækir fyrir viðkomandi klukkustund. Ef búnaður starfar ekki eðlilega eða er ekki í rekstri hluta klukkustundarinnar skal reikna klukkustundarmeðaltalið hlutfallslega á grundvelli eftirstandandi gagnapunkta fyrir viðkomandi klukkustund. Ef ekki er unnt að reikna út gild klukkustundargögn fyrir þátt í ákvörðun á losun, sökum þess að minna en 50% af hámarksfjölda gagnapunkta fyrir hverja klukkustund liggja fyrir, er klukkustundin ekki höfð með í reikningunum. Í hvert sinn sem ekki er unnt að reikna út gild klukkustundargögn skal reikna út staðgöngugildi samkvæmt ákvæðunum í þessum lið."

ii. Í stað inngangshluta fyrstu málsgreinar c-liðar komi eftirfarandi:

„Samhliða ákvörðun á losun með mælimiðaðri aðferð í samræmi við XII. og XIII. viðauka skal árleg losun hverrar gróðurhúsalofttegundar ákvörðuð með útreikningi sem byggist annaðhvort á:"

iii. Í stað fjórðu málsgreinar c-liðar komi eftirfarandi:

„Ef samanburður við niðurstöður, sem fengnar eru með reiknimiðuðu aðferðinni, sýnir greinilega að niðurstöður, sem fengnar eru með mælimiðuðu aðferðinni, eru ekki gildar skal rekstraraðilinn nota staðgöngugildi eins og lýst er í þessum lið (að undanskilinni vöktun í samræmi við XIII. viðauka)."

5. Í stað inngangshlutans í fyrstu málsgrein í lið 7.2 komi eftirfarandi:

„Eins og fram kemur í lið 4.2 getur rekstraraðili réttlætt notkun mælimiðaðrar aðferðar ef hún leiðir örugglega til minni óvissu en reiknimiðaða aðferðin (sjá einnig lið 4.2) eða þess er krafist að hann noti mælimiðaða aðferð í samræmi við XIII. viðauka. Til að réttlæta aðferðarvalið fyrir lögbæru yfirvaldi skal rekstraraðilinn tilgreina megindlegar niðurstöður úr viðtækari óvissugreiningu með hliðsjón af eftirfarandi uppruna óvissu, að teknu tilliti til EN 14181:"

6. Í stað tíundu málsgreinar í í 8. lið komi eftirfarandi:

„Losun skal gefin upp sem tonn af CO_2 eða $CO_{2(e)}$, námunduð að heilli tölu (t.d. 1 245 978 tonn). Gögn um starfsemi, losunarstuðlar og oxunarstuðlar eða breytistuðlar skulu námunduð þannig að eingöngu séu teknir með aukastafir sem skipta máli fyrir bæði útreikninga á losun og skýrslugjöf."

7. Lið 13.5 er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi komi í stað fyrirsagnarinnar:

„13.5 KRÖFUR ER VARÐA ÁKVÖRÐUN Á EIGINLEIKUM ELDSNEYTIS OG EFNIS OG SAMFELLDA MÆLINGU Á LOSUN".

b) Í stað liðar 13.5.1 komi eftirfarandi:

„13.5.1. NOTKUN RANNSÓKNARSTOFA SEM HAFA FENGIÐ FAGGILDINGU

Rannsóknarstofan (þ.m.t. aðrir þjónustuveitendur), sem notuð er til að ákvarða losunarstuðulinn, nettóvarmagildið, oxunarstuðulinn, kolefnisinnihaldið, lífmassahlutann eða gögn um samsetningu eða til kvörðunar og viðeigandi mats fyrir kerfi samfelldar mælingar á losun, skal fá faggildingu samkvæmt EN ISO 17025:2005 (General requirements for the competence of testing and calibration laboratories)."

8. Í 14. lið bætist við eftirfarandi tafla:

„14.7 **SKÝRSLUGJÖF UM LOSUN N_2O FYRIR STÖÐVAR SEM FRAMLEIÐA SALTPÉTURSSÝRU, ADIPÍNSÝRU, GLÝOXAL OG GLÝOXÝLSÝRU**

Losun frá starfsemi sem fellur undir I. viðauka - saltpéturssýra, adipínsýra o.s.frv.													
Flokkar	IPCC CRF-flokkur - losun við vinnslu	IPPC-kóði fyrir EPRTR-flokk	Vöktunar-aðferð og aðferðarþrep	Aðferðar-þrepum breytt? Já/nei	Framleiðslu-afköst tonn/ári og tonn/klst.	Óvissa að því er varðar útblásturs-streymi (árlegt klukkustundar meðaltal eða árleg samtala) %	Óvissa að því er varðar styrk N_2O (árlegt klukkustundar meðaltal eða árleg samtala) %	Óvissa að því er varðar árlega heildarlosun (ef þörf krefur) %	Óvissa að því er varðar árlegt klukkustundar meðaltal losunar %	Losun tonn/ári	Árlegt klukkustundar meðaltal losunar (kg/klst.)	Hnatthlýnunar gildið sem er notað	Losun $tCO_{2(e)}$ og CO_2/ári
Starfsemi													
Starfsemi 1													
Starfsemi 2													
Starfsemi N													
Heildarlosun í $tCO_{2(e)}$ og tCO_2 á ári“													

B. Eftirfarandi bætist við sem XIII. viðauki:

„XIII VIÐAUKI

Sértækar viðmiðunarreglur til að ákvarða losun á nituroxíði frá framleiðslu á saltpéturssýru, adipínsýru, kaprólaktami, glýoxali og glýoxýlsýru

1. **MÖRK OG HEILLEIKI**

Sértæku viðmiðunarreglurnar í þessum viðauka gilda um vöktun vegna losunar á nituroxíði frá framleiðslu á saltpéturssýru, adipínsýru, kaprólaktami, glýoxali og glýoxýlsýru innan viðkomandi stöðva sem falla hér undir skv. 24. gr. tilskipunar 2003/87/EB.

Að því er varðar starfsemi sem leiðir til losunar á nituroxíði skulu öll upptök losunar á nituroxíði falla hér undir, þ.m.t. þar sem losun á nituroxíði frá framleiðslu fer í gegnum hreinsunarbúnað. Þetta tekur til:

— framleiðslu á saltpéturssýru — losun á nituroxíði frá hvataðri oxun á ammoníaki og/eða frá hreinsunarbúnaði fyrir NO_x/N_2O.

— framleiðslu á adipínsýru — losun á nituroxíði, þ.m.t. losun frá oxunarhvörfum, hvers kyns búnaði fyrir beina loftun við vinnslu og/eða mengunarvarnarbúnaði.

— framleiðslu á glýoxali og glýoxýlsýru — losun á nituroxíði, þ.m.t. losun frá efnahvörfum við vinnslu, hvers kyns búnaði fyrir beina loftun við vinnslu og/eða mengunarvarnarbúnaði.

— Framleiðslu á kaprólaktami — losun á nituroxíði, þ.m.t. losun frá efnahvörfum við vinnslu, hvers kyns búnaði fyrir beina loftun við vinnslu og/eða mengunarvarnarbúnaði.

Þessi ákvæði gilda ekki um losun nituroxíðs við bruna eldsneytis.

Öll viðkomandi losun koltvísýrings, sem tengist framleiðsluferlinu beint (og sem viðskiptakerfi ESB fyrir losunarheimildir tekur ekki til nú þegar) og fellur undir leyfi stöðvarinnar til losunar gróðurhúsalofttegunda, skal vöktuð og gera skal grein fyrir henni í samræmi við þessar leiðbeiningar.

Ákvæði 16. liðar í I. viðauka gilda ekki um vöktun vegna losunar á nituroxíði.

2. **ÁKVÖRÐUN Á LOSUN $CO_{2(e)}$ OG N_2O**

2.1. ÁRLEG LOSUN Á N_2O

Mæla skal losun á nituroxíði frá framleiðslu á saltpéturssýru með því að nota samfellda mælingu (að undanskildum minni háttar upptökum – liður 6.3).

Vakta skal losun á nituroxíði frá framleiðslu á adipínsýru, kaprólaktami, glýoxali og glýoxýlsýru með því að nota samfellda mælingu fyrir losun með hreinsun og reikniaðferðina (á grundvelli massajöfnuðaraðferðarinnar (liður 2.6)) fyrir tímabundna losun án hreinsunar.

Árleg heildarlosun á nituroxíði frá viðkomandi stöð er summa árlegrar losunar á nituroxíði frá öllum losunarupptökum hennar.

Fyrir hver upptök losunar þar sem samfelldri mælingu er beitt er árleg heildarlosun summa allrar losunar á klukkustund samkvæmt eftirfarandi formúlu:

$$N_2O\text{-losun}_{\text{árleg}}\ [t] = \Sigma[N_2O\text{-styrkur}_{\text{klst.}}\ [mg/Nm^3] \times \text{útblástursstreymi}_{\text{klst.}}\ [Nm^3/h]] \times 10^{-9}$$

þar sem:

$N_2O\text{-losun}_{\text{árleg}}$ = árleg heildarlosun á N_2O frá upptökum losunar í tonnum af N_2O

N_2O styrkur klst. = styrkur N_2O á klukkustund í mg/Nm^3 í útblástursstreyminu sem er mælt við starfrækslu

Útblástursstreymi = útblástursstreymi eins og það er reiknað út hér á eftir í Nm^3/h fyrir hvern styrk á klukkustund

2.2. LOSUN N_2O Á KLUKKUSTUND

Árlegt klukkustundarmeðaltal losunar N_2O fyrir hver upptök þar sem samfelldri mælingu er beitt skal reiknað út með eftirfarandi jöfnu:

$$N_2O\text{-losun klst.meðaltal [kg/h]} = \frac{\Sigma\ (N_2O\text{-styrkur}_{klst.}\ [mg/Nm^3] \times \text{útblástursstreymi}\ [Nm^3/h] \times 10^{-6}}{\text{klukkustundir í starfrækslu [h]}}$$

þar sem:

$N_2O\text{-losun}_{klst.meðaltal}$ = árlegt klukkustundarmeðaltal losunar N_2O í kg/h frá upptökunum

N_2O styrkur $_{klst.}$ = styrkur N_2O á klukkustund í mg/Nm^3 í útblástursstreyminu sem er mælt við starfrækslu

Útblástursstreymi = útblástursstreymi eins og það er reiknað út hér á eftir í Nm^3/h fyrir hvern styrk á klukkustund

Heildaróvissa árlegs klukkustundarmeðaltals losunar fyrir hver upptök losunar skal ekki vera yfir gildunum fyrir aðferðarþrep sem sett eru fram hér á eftir. Allir rekstraraðilar skulu nota aðferðina sem byggist á hæsta aðferðarþrepi. Aðeins má nota næsta aðferðarþrep fyrir neðan ef lögbæru yfirvaldi hefur verið sýnt fram á að ekki sé tæknilega mögulegt að nota hæsta aðferðarþrepið eða að það hafi óhóflegan kostnað í för með sér. Fyrir skýrslutímabilið 2008–12 skal að lágmarki nota aðferðarþrep 2 nema það sé ekki tæknilega mögulegt.

Þegar það er ekki tæknilega framkvæmanlegt eða myndi leiða til óhóflegs kostnaðar að beita a.m.k. kröfum um aðferðarþrep 1 fyrir öll upptök losunar (nema minni háttar upptök) skal rekstraraðilinn beita og sýna samræmi við viðeigandi aðferðarþrep fyrir árlega heildarlosun skv. 2. lið í XII. viðauka. Fyrir skýrslutímabilið 2008–12 er lágmarkskrafan aðferðarþrep 2, nema það sé ekki tæknilega mögulegt. Aðildarríkin skulu greina framkvæmdastjórninni frá því hvaða stöðvar beita þessari aðferð skv. 21. gr. tilskipunar 2003/87EB.

Aðferðarþrep 1

Fyrir hver upptök losunar skal ná heildaróvissu fyrir árlegt klukkustundarmeðaltal losunar ± 10%.

Aðferðarþrep 2

Fyrir hver upptök losunar skal ná heildaróvissu fyrir árlegt klukkustundarmeðaltal losunar ± 7,5%.

Aðferðarþrep 3

Fyrir hver upptök losunar skal ná heildaróvissu fyrir árlegt klukkustundarmeðaltal losunar ± 5%.

2.3. LOSUN N_2O Á KLUKKUSTUND

Ákvarða skal styrk N_2O á klukkustund (mg/Nm^3) í útblæstri frá hverjum upptökum losunar með samfelldri mælingu á viðmiðunarpunkti, eftir notkun hreinsibúnaðar fyrir NO_x/N_2O (hafi hann verið notaður).

Hentugar mæliaðferðir eru m.a. innrauð litrófsgreining en heimilt er að nota aðrar aðferðir í samræmi við 2. mgr. liðar 6.1 í I. viðauka, svo fremi tilskildu óvissustigi fyrir losun N_2O sé náð. Aðferðirnar, sem notaðar eru, skulu henta til að mæla styrk N_2O frá öllum upptökum losunar, bæði þegar hreinsun fer fram og þegar hún fer ekki fram (t.d. á tímabilum þegar hreinsibúnaður bilar og styrkur eykst). Ef óvissa eykst á slíkum tímabilum skal taka tillit til þess við óvissumatið.

Allar mælingar skulu miðaðar við þurrt loft og tilgreindar á samræmdan hátt.

2.4. ÁKVÖRÐUN Á ÚTBLÁSTURSSTREYMI

Nota skal aðferðirnar til að vakta útblástursstreymi sem settar eru fram í XII. viðauka til að mæla útblástursstreymið fyrir vöktun losunar á nituroxíði.

Beita skal aðferð A að því er varðar framleiðslu á saltpéturssýru, nema það sé ekki tæknilega mögulegt en þá má nota staðgönguaðferð, s.s. massajöfnuðaraðferð, sem byggist á mikilvægum mæliþáttum (s.s. ammoníaksílagi) eða ákvörðun á streymi með samfelldum mælingum á losunarstreymi, að því tilskildu að lögbært yfirvald hafi samþykkt hana sem hluta af mati á vöktunaráætluninni og vöktunaraðferðinni sem í henni er að finna.

Að því er varðar aðra starfsemi er heimilt að nota aðrar aðferðir, sem lýst er í XII. viðauka, við að vakta útblástursstreymi, að því tilskildu að þær séu samþykktar af lögbæru yfirvaldi sem hluti af mati á vöktunaráætluninni og vöktunaraðferðinni sem í henni er að finna.

Aðferð A — framleiðsla á saltpéturssýru

Reikna skal út útblástursstreymið í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$V_{\text{útblástursstreymi}}\ [Nm^3/h] = V_{\text{loft}} \times (/1 - O_{2,\ \text{loft}}) / (1-O_{2,\ \text{útblástur}})$$

þar sem:

V_{loft} = heildarstreymi inntakslofts í Nm^3/h við staðalskilyrði,

$O_{2\ \text{loft}}$ = rúmmálshluti O_2 í þurru lofti [= 0,2095],

$O_{2\ \text{útblástur}}$ = rúmmálshluti O_2 í útblæstri.

Reikna skal V_{loft} sem summuna af öllu því loftstreymi sem fer inn í framleiðslueininguna fyrir saltpéturssýru.

Stöðin skal nota eftirfarandi formúlu, nema annað komi fram í vöktunaráætlun hennar:

$$V_{\text{loft}} = V_{\text{megin}} + V_{\text{auka}} + V_{\text{innsiglað}}$$

þar sem:

V_{megin} = meginstreymi inntakslofts í Nm^3/h við staðalskilyrði,

V_{auka} = aukastreymi inntakslofts í Nm^3/h við staðalskilyrði,

$V_{\text{innsiglað}}$ = innsiglað streymi inntakslofts í Nm^3/h við staðalskilyrði,

V_{megin} er ákvarðað með samfelldri streymismælingu áður en blöndun með ammoníaki fer fram. V_{auka} er ákvarðað með samfelldri streymismælingu, t.d. áður en varmaendurheimt fer fram. $V_{\text{innsiglað}}$ er hreinsað loftstreymi innan saltpéturssýruframleiðsluferlisins (ef við á).

Að því er varðar streymi inntakslofts sem samtals er minna en 2,5% af heildarloftstreyminu er lögbæru yfirvaldi heimilt að samþykkja matsaðferðir til að ákvarða loftstreymið sem rekstraraðilinn hefur lagt til á grundvelli bestu starfsvenja í iðnaðinum.

Rekstraraðilinn skal nota mælingar við venjulegar notkunaraðstæður til að færa sönnur á að útblástursstreymið, sem mælt er, sé nægilega stöðugt til að unnt sé að beita fyrirhugaðri mæliaðferð. Ef þessar mælingar sýna óstöðugt streymi verður að taka tillit til þess þegar viðeigandi vöktunaraðferðir eru ákvarðaðar og þegar óvissa í tengslum við losun á nituroxíði er reiknuð út.

Allar mælingar skulu miðaðar við þurrt loft og tilgreindar á samræmdan hátt.

2.5. SÚREFNI (O_2)

Mæla skal styrk súrefnis í útblæstri ef það er nauðsynlegt til að reikna út útblástursstreymið samkvæmt lið 2.4. Kröfurnar, sem lýst er vegna mælinga á styrk í 6. lið I. viðauka, gilda. Viðeigandi mæliaðferðir eru m.a.: meðseglandi, breytilegur þrýstingur, segulmögnuð snúningsvog eða sirkondíoxíðkanni. Taka skal tillit til óvissu í mælingum á styrk súrefnis þegar óvissan í tengslum við losun á nituroxíði er ákvörðuð.

Allar mælingar skulu miðaðar við þurrt loft og tilgreindar á samræmdan hátt.

2.6. ÚTREIKNINGUR Á LOSUN N_2O

Fyrir sérstaka, reglubundna, óhreinsaða losun á nituroxíði frá framleiðslu á adipínsýru, kaprólaktami, glýoxali og glýoxýlsýru (s.s. óhreinsaða losun frá loftun af öryggisástæðum og/eða þegar hreinsunarbúnaðurinn bilar) þar sem stöðug vöktun með losun á nituroxíði er ekki tæknilega möguleg má reikna út losun á nituroxíði með massajöfnuðaraðferðinni. Reiknimiðaða aðferðin skal byggjast á mögulegri hámarkslosun á nituroxíði frá efnahvarfinu sem fer fram á þeim tíma og því tímabili sem losunin á sér stað. Reiknimiðaða aðferðin sem notuð er skal samþykkt af lögbæru yfirvaldi sem hluti af mati á vöktunaráætluninni og vöktunaraðferðinni sem í henni er að finna.

Við ákvörðun á árlegu klukkustundarmeðaltali óvissu fyrir tiltekin upptök losunar skal taka tillit til óvissunnar í útreiknaðri losun fyrir upptökin. Nota skal sömu aðferðarþrep fyrir losun, sem er að öllu leyti mæld með samfelldri mælingu á losun, og losun, sem er reiknuð út, eða þegar bæði útreikningi og samfelldri mælingu er beitt til að ákvarða losun nituroxíðs.

3. **ÚTREIKNINGAR Á ÁRLEGUM JAFNGILDISEININGUM KOLTVÍSÝRINGS ($CO_{2(e)}$)**

Árlegri heildarlosun á N_2O frá öllum upptökum losunar (sem er mæld í tonnum með þremur aukastöfum) skal umbreyta í árlega losun $CO_{2(e)}$ (í tonnum og skal hún námunduð að heilli tölu) með eftirfarandi formúlu:

$$CO_{2(e)}\,[t] = N_2O_{\,árleg}\,[t] \times HHM_{\,N2O}$$

Að því er varðar losun á tímabilinu 2008–12 skal nota hnatthlýnunarmáttinn HHM_{N2O} = 310 t $CO_{2(e)}$/t N_2O sem er gildið sem gefið er upp í annarri matsskýrslu milliríkjanefndarinnar um loftslagsbreytingar (hnatthlýnunargildi (HHM-gildi) frá milliríkjanefndinni um loftslagsbreytingar 1995).

Árlegu heildarmagni $CO_{2(e)}$ frá öllum upptökum losunar og allri beinni losun CO_2 frá öðrum upptökum losunar (ef hún er tilgreind í leyfinu til losunar gróðurhúsalofttegunda) skal bætt við árlega heildarlosun á CO_2 frá viðkomandi stöð og notað til skýrslugjafar og innskila í tengslum við losunarheimildir.

4. **ÁKVÖRÐUN Á FRAMLEIÐSLUGETU STARFSEMI**

Reikna skal framleiðslugetu með því að nota skýrslur um daglega framleiðslu og fjölda klukkustunda í starfrækslu.

5. **VÖKTUNARÁÆTLUN**

Til viðbótar við kröfurnar, sem settar eru fram í a-, b-, c-, d-, j-, k-, m-, og n-lið liðar 4.3 í I. viðauka, skulu vöktunaráætlanirnar fyrir stöðvarnar sem falla undir þennan viðauka innihalda eftirfarandi upplýsingar:

a) upplýsingar um alla viðeigandi losunarpunkta meðan á dæmigerðri starfrækslu stendur og á takmörkunar- og umbreytingartímabilum (t.d. tímabilum þegar bilanir eiga sér stað eða prófun á starfshæfni fer fram) skulu koma fram í skýringarmynd yfir vinnsluferlið,

b) hvaða aðferð og mæliþættir eru notuð til að ákvarða magn efna (t.d. ammoníaks) sem notað er í framleiðsluferlinu og hámarksmagn efnis sem notað er við fulla afkastagetu,

c) hvaða aðferð og mæliþættir eru notuð til að ákvarða vörumagnið sem er framleitt á klukkustund, gefið upp sem saltpéturssýra (100%), adipínsýra (100%), glýoxal og glýoxýlsýra og kaprólaktam á klukkustund,

d) hvaða aðferð og mæliþættir eru notuð til að ákvarða styrk nituroxíðs í útblæstri frá hverjum upptökum losunar, starfrækslusvið upptakanna og óvissu og upplýsingar um hugsanlegar staðgönguaðferðir sem skal beita, falli styrkurinn utan starfrækslusviðsins, og við hvaða aðstæður slíkt á sér stað,

e) hvaða aðferð er notuð til að ákvarða heildarútblástursstreymið (gefið upp í Nm^3 á klukkustund) frá hverjum upptökum losunar, starfrækslusvið þeirra og óvissu. Ef niðurstöður eru fengnar með útreikningum skal gefa upplýsingar um sérhvert vaktað útblástursstreymi,

f) hvaða reikniaðferð er notuð til að ákvarða losun á nituroxíði frá reglubundnum, óhreinsuðum upptökum við framleiðslu á adipínsýru, kaprólaktami, glýoxali og glýoxýlsýru,

g) hvernig viðkomandi stöð starfar undir misjöfnu álagi og hvernig rekstrarstjórnun fer fram,

h) hvaða aðferð og reikniformúlur eru notaðar til að ákvarða árlega losun nituroxíðs frá hverjum upptökum losunar,

i) upplýsingar um vinnsluskilyrði sem eru frábrugðin venjulegri starfrækslu, vísbendingu um hugsanlega tíðni og tímalengd slíkra skilyrða ásamt vísbendingu um umfang losunar á nituroxíði meðan á frávikunum á vinnsluskilyrðum stendur (s.s. vegna bilunar í hreinsibúnaði),

j) upplýsingar um matið sem er notað til að sýna að farið sé að kröfunum um óvissu í tengslum við aðferðarþrep, sem um getur í 2. lið þessa viðauka, og að aðferðarþrepinu sé náð,

k) upplýsingar um gildið, sem gefið er upp í kg/N_2O á klukkustund og hefur verið ákvarðað í samræmi við a- og b-lið liðar 6.3 í I. viðauka og nota skal ef mælibúnaður bilar eða virkar ekki á réttan hátt,

l) upplýsingar um frávik frá kröfunum í almennu stöðlunum, s.s. EN 14181 og ISO 14956:2002.

Til viðbótar við kröfurnar í lið 4.3 í I. viðauka skal veruleg breyting á vöktunaraðferðinni þegar hún er hluti af vöktunaráætluninni háð samþykki lögbærs yfirvalds ef hún varðar:

— verulegar breytingar á starfsemi stöðvarinnar, sem hafa áhrif á heildarmagn losunar á nituroxíði, styrk nituroxíðs, straumhraðann eða aðra mæliþætti útblástursins, einkum ef hreinsibúnaður fyrir nituroxíð er settur upp eða endurnýjaður,

— breytingar á aðferðunum sem notaðar eru til að ákvarða losun á nituroxíði, þ.m.t. breytingar á samfelldum mælingum á styrk, súrefnisstyrk og útblástursstreymi, eða reiknimiðaðri aðferð sem hefur veruleg áhrif á heildaróvissu losunarinnar,

— breytingar á mæliþáttunum sem eru notaðir til að ákvarða árlega losun og/eða framleiðslu á saltpéturssýru, adipínsýru, kaprólaktami, glýoxali og glýoxýlsýru,

— breytingar á óvissumati.

6. **ALMENNT**

6.1. SÝNATÖKUTÍÐNI

Reikna skal út gilt klukkustundarmeðaltal í samræmi við a-lið liðar 6.3 í I. viðauka að því er varðar:

— styrk N_2O í útblæstrinum,

— heildarútblástursstreymi ef það er mælt beint og ef þess er krafist,

— allt loftstreymi og súrefnisstyrk sem er nauðsynlegt til að ákvarða heildarútblástursstreymi með óbeinum hætti.

6.2. GÖGN VANTAR

Ef gögn vantar skal taka á því í samræmi við a- og b-lið liðar 6.3 í I. viðauka. Ef gögn vantar meðan hreinsibúnaður er bilaður skal gera ráð fyrir því að losun fyrir alla þá klukkustund sem áhrifin vara sé óhreinsuð og reikna út staðgöngugildi til samræmis við það.

Rekstaraðilinn skal gera allar raunhæfar ráðstafanir til að tryggja að búnaður til stöðugrar vöktunar losunar sé ekki óstarfhæfur í meira en eina viku á almanaksári. Ef slíkt gerist skal rekstraraðilinn tilkynna lögbæru yfirvaldi um það þegar í stað.

6.3. MINNI HÁTTAR UPPTÖK N_2O

„Minni háttar efnisstraumar“ fyrir upptök losunar á N_2O: einn eða fleiri óverulegir, óhreinsaðir efnisstraumar, sem rekstraraðilinn velur, valda samanlagðri losun sem er 1 000 tonn af $CO_{2(e)}$ eða minna á ári eða sem valda losun sem er minni en 20 000 tonn af $CO_{2(e)}$ á ári og leggja til minna en 2% af árlegri heildarlosun viðkomandi stöðvar á $CO_{2(e)}$.

Að fengnu samþykki lögbærs yfirvalds er rekstraraðilanum heimilt að nota aðferðir við vöktun og skýrslugjöf sem taka mið af hans eigin matsmeðferð, sem styðst við þrepalausa aðferð, að því er varðar minni háttar efnisstrauma niturоxíðs.

6.4. ÚTREIKNINGAR TIL STAÐFESTINGAR Á LOSUN

Ákvæði c-liðar í lið 6.3 í I. viðauka gilda við staðfestingu á tilkynntri losun á niturоxíði (frá samfelldri mælingu á losun og útreikningi) og skal staðfestingin fara fram með notkun framleiðslugagna og leiðbeininga milliríkjanefndarinnar um loftslagsbreytingar frá 2006 og með aðferðinni sem tilgreind er í lið 10.3.3 í I. viðauka „Lárétt aðferð“.

7. MAT Á ÓVISSU

Mat á óvissu, sem krafist er til að sýna samræmi við viðeigandi aðferðarþrep í 2. lið, skal ákvarðað með útreikningi á skekkjuuppsöfnun með tilliti til óvissunnar í tengslum við alla viðkomandi þætti útreikninganna á losun. Að því er varðar samfellda mælingu skal meta eftirfarandi orsakir óvissu í samræmi við EN 14181 og ISO 14956:2002:

— tilgreindu óvissunnar í búnaði til samfelldrar mælingar, þ.m.t sýnataka,

— óvissu í tengslum við kvörðun og frekari óvissu sem tengist því hvernig vöktunarbúnaðurinn er í raun notaður.

Við útreikninga á heildaróvissunni, sem nota ber í lið 2.2, skal nota styrk niturоxíðs á klukkustund eins og hann er ákvarðaður samkvæmt lið 2.3. Eingöngu við útreikninga á óvissu skal staðalgildið 20 mg/Nm^3 koma í stað styrks N_2O á klukkustund sem er minni en 20 mg/Nm^3.

Rekstraraðilinn skal, með hjálp gæðatryggingar- og gæðaeftirlitsferlisins, stýra og draga úr þeirri óvissu sem eftir er í gögnunum um losun í losunarskýrslu sinni. Meðan á sannprófunarferlinu stendur skal sannprófandinn hafa eftirlit með því hvort samþykktri vöktunaraðferð sé beitt á réttan hátt og meta stýringu og minnkun þeirrar óvissu, sem eftir er, með hjálp gæðatryggingar- og gæðaeftirlitsferla rekstraraðilans.

8. **EFTIRLIT OG SANNPRÓFUN**

8.1. EFTIRLIT

Til viðbótar við kröfurnar í liðum 10.1, 10.2 og 10.3 í I. viðauka gilda eftirfarandi verklagsreglur að því er varðar gæðatryggingu:

— gæðatrygging á samfelldum mælingum á styrk niturоxíðs og súrefnis skal fara fram í samræmi við EN 14181,

— mælibúnaðurinn skal kvarðaður með samhliða mælingum á þriggja ára fresti,

— ef viðmiðunarmörk fyrir losun eru venjulega notuð til grundvallar kvörðun á búnaði til stöðugrar vöktunar og ef viðmiðunarmörk fyrir losun eru ekki fyrir hendi fyrir nituroxíð eða súrefni skal nota árlegt klukkustundarmeðaltal styrks sem áætlað gildi fyrir slík viðmiðunarmörk,

— QAL 2 skal gert með viðeigandi viðmiðunarlofttegundum ásamt sýnatökuloftinu til að tryggja að nógu vítt kvörðunarsvið sé metið,

— kvarða skal mælibúnaðinn, sem notaður er til að mæla magn útblástursstreymis, árlega eða við viðhald stöðvarinnar, eftir því hvort ber fyrr að. Gæðatrygging á magni útblástursstreymis þarf ekki að fara fram í samræmi við EN 14181,

— Ef innri endurskoðun er ekki í samræmi við EN 14181 eða ef endurkvörðun verður að fara fram skal tilkynna það lögbæru yfirvaldi án ótilhlýðilegrar tafar.

8.2. SANNPRÓFUN

Til viðbótar við sannprófunarkröfurnar, sem settar eru fram í lið 10.4, verður eftirfarandi yfirfarið:

— hvort kröfunum í stöðlunum, sem tilgreindir eru í 7. lið og lið 8.1 í þessum viðauka, sé beitt á réttan hátt,

— reikniaðferðir og niðurstöður útreikninga þar sem útreiknuð gildi hafa komið í stað gagna sem vantar,

— marktækni staðgöngugilda, sem reiknuð eru út, og mæligilda,

— samanburðarmat sem staðfestir niðurstöður varðandi losun og reiknimiðaðar aðferðir og skýrslugjöf í tengslum við gögn um starfsemi, losunarstuðla o.s.frv.

9. **SKÝRSLUGJÖF**

Árleg heildarlosun á N_2O skal skráð í tonnum með þremur aukastöfum og sem tonn af $CO_{2(e)}$, námunduð að heilli tölu.

Til viðbótar við upplýsingakröfurnar, sem settar eru fram í 8. lið í I. viðauka, skulu rekstraraðilar stöðvanna, sem falla undir þennan viðauka, tilgreina eftirfarandi upplýsingar fyrir viðkomandi stöð:

a) árlegan starfrækslutíma vinnslueiningar og starfrækslutíma stöðvarinnar allrar,

b) framleiðslugögn fyrir hverja einingu og upplýsingar um aðferðina sem notuð var til að ákvarða vörumagnið,

c) mæliviðmiðanir sem notaðar voru við ákvörðun hvers mæliþáttar,

d) óvissuna fyrir hvern mældan og reiknaðan mæliþátt (þ.m.t. gasstyrkur, útblástursstreymi, reiknuð losun) og síðan heildaróvissuna fyrir álag á klukkustund og/eða tölu fyrir árlega losun,

e) upplýsingar um hugsanlegar bilanir í búnaði sem höfðu áhrif á losun og mælingar og útreikninga á losun/útblástursstreymi, þ.m.t. fjöldi tilvika, fjöldi klukkustunda sem áhrifin vörðu, lengd og dagsetningar bilananna,

f) upplýsingar um hvenær beita þurfti lið 6.2 í þessum viðauka, þ.m.t. fjöldi tilvika, fjöldi klukkustunda sem áhrifin vörðu, útreikningar og staðgöngugildin sem voru notuð,

g) ílagsgögnin sem voru notuð við staðfestingarmat í samræmi við c-lið liðar 6.3 og lið 4.3 í I. viðauka til að yfirfara árlega losun á nituroxíði.“

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2013/EES/4/37**

frá 16. apríl 2009

um breytingu á ákvörðun 2007/589/EB í því skyni að fella inn í hana viðmiðunarreglur um vöktun og skýrslugjöf vegna losunar og upplýsinga um tonnkílómetra í tengslum við flugstarfsemi (*)

(tilkynnt með númeri C(2009) 2887)

(2009/339/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB ([1]), einkum 1. mgr. 14. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/101/EB frá 19. nóvember 2008 um breytingu á tilskipun 2003/87/EB þannig að kerfið fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins taki til flugstarfsemi ([2]) var flugstarfsemi felld undir kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins.

2) Samkvæmt 1. mgr. 14. gr. tilskipunar 2003/87/EB skal framkvæmdastjórnin samþykkja viðmiðunarreglur um vöktun og skýrslugjöf vegna losunar í tengslum við flugstarfsemi og er varða vöktun og skýrslugjöf á upplýsingum um tonnkílómetra í flugstarfsemi í tengslum við umsókn skv. 3. gr. e eða 3. gr. f þeirrar tilskipunar.

3) Ábyrgðaraðildarríkið skal sjá til þess að sérhver umráðandi loftfars leggi vöktunaráætlanir fyrir lögbært yfirvald í ábyrgðarríkinu, þar sem gerð er grein fyrir ráðstöfunum til að vakta og gefa skýrslu um árlega losun og upplýsingar um tonnkílómetra vegna umsóknar um að fá úthlutað losunarheimildum sem úthluta skal án endurgjalds, og að lögbært yfirvald hafi samþykkt áætlanirnar í samræmi við viðmiðunarreglurnar sem voru samþykktar skv. 1. mgr. 14. gr. þeirrar tilskipunar.

4) Því ber að breyta ákvörðun 2007/589/EB frá 18. júlí 2007 um að setja viðmiðunarreglur um vöktun á losun gróðurhúsalofttegunda og skýrslugjöf um losunina samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB ([3]) til samræmis við það.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndar um loftslagsbreytingar sem um getur í 23. gr. tilskipunar 2003/87/EB.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvörðun 2007/589/EB er breytt sem hér segir:

1. Í stað 1. gr. komi eftirfarandi:

„1. gr.

Viðmiðunarreglur um vöktun og skýrslugjöf vegna losunar gróðurhúsalofttegunda frá þeirri starfsemi, sem tilgreind er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB, og þeirri starfsemi sem fellur undir 1. mgr. 24. gr. þeirrar tilskipunar, eru

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 103, 23.4.2009, bls. 10. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 148/2009 frá 4. desember 2009 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 12, 11.3.2010, bls. 46.

([1]) Stjtíð. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32.

([2]) Stjtíð. ESB L 8, 13.1.2009, bls. 3.

([3]) Stjtíð. ESB L 229, 31.8.2007, bls. 1.

settar fram í I. til XIV. viðauka við þessa ákvörðun. Viðmiðunarreglur um vöktun og skýrslugjöf á upplýsingum um tonnkílómetra vegna flugstarfsemi í tengslum við umsókn skv. 3. gr. e eða 3. gr. f í tilskipun 2003/87/EB eru settar fram í XV. viðauka.

Viðmiðunarreglurnar byggjast á meginreglunum sem settar eru fram í IV. viðauka við þá tilskipun.“

2. Eftirfarandi færslur bætast við skrána yfir viðauka:

„XIV. viðauki: Sértækar viðmiðunarreglur fyrir ákvörðun á losun frá flugstarfsemi sem tilgreind er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB

XV. viðauki: Sértækar viðmiðunarreglur fyrir ákvörðun á upplýsingum um tonnkílómetra vegna flugstarfsemi í tengslum við umsókn skv. 3. gr. e eða 3. gr. f í tilskipun 2003/87/EB.“

3. Ákvæðum I. viðauka er breytt eins og sett er fram í A-hluta viðaukans við þessa ákvörðun.

4. Ákvæðum XIV. viðauka er bætt við eins og sett er fram í B-hluta viðaukans við þessa ákvörðun.

5. Ákvæðum XV. viðauka er bætt við eins og sett er fram í C-hluta viðaukans við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 16. apríl 2009.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Stavros Dimas

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

A. Ákvæðum I. viðauka er breytt sem hér segir:

1. Í 1. lið komi „II.–XI. og XIII.–XV. viðauka“ í stað „II.–XI. viðauka“.

2. Ákvæðum 2. liðar er breytt sem hér segir:

a) Í stað inngangssetningarinnar komi eftirfarandi:

„Að því er varðar þennan viðauka og II.–XV. viðauka gilda skilgreiningarnar í tilskipun 2003/87/EB. Samt sem áður, að því er varðar þennan viðauka, er „rekstraraðili“ sá rekstraraðili sem um getur í f-lið 3. gr. tilskipunar 2003/87/EB og „umráðandi loftfars“ eins og um getur í o-lið þeirrar greinar.“

b) Ákvæðum 1. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Í stað c-liðar komi eftirfarandi:

„c) „upptök losunar”: stakur og sanngreinanlegur hluti (staður eða ferli) stöðvar, eða loftfars, ef um flugstarfsemi er að ræða, þaðan sem viðkomandi gróðurhúsalofttegundir losna.“

ii. Í stað e-liðar komi eftirfarandi:

„e) „vöktunaraðferðir”: allar aðferðir, sem rekstraraðili eða umráðandi loftfars notar, til að ákvarða losun tiltekinnar stöðvar eða flugstarfsemi.“

iii. Í f-lið komi orðin „stöðvar eða umráðanda loftfars“ í stað „stöðvar“.

iv. Í stað g-liðar komi eftirfarandi:

„g) „aðferðarþrep“: tiltekinn liður í aðferð til að ákvarða gögn um starfsemi, losunarstuðla, árlega losun, árlegt klukkustundarmeðalgildi losunar og oxunar- eða breytistuðla og jafnframt farmþunga.“

v. Í stað i-liðar komi eftirfarandi:

„i) „skýrslutímabil”: eitt almanaksár þar sem skylt er að vakta og tilkynna losun eða upplýsingar um tonnkílómetra.“

vi. Í stað punktsins í lok j-liðar komi eftirfarandi:

„að því er varðar flugstarfsemi þýðir viðskiptatímabil tímabilið sem um getur í 1. og 2. mgr. 3. gr. c þeirrar tilskipunar.“

c) Í stað h-liðar 2. mgr. komi eftirfarandi:

„h) „staðlað eldsneyti á markaði“: alþjóðlega staðlað markaðseldsneyti sem sýnir 95% öryggisbil og fer ekki meira en ± 1% yfir tilgreint brennslugildi þess, þ.m.t. gasolía, létt brennsluolía, bensín, lampaolía, steinolía, etan, própan, bútan, steinolía fyrir þotur (Jet A1 eða Jet A), þotubensín (Jet B) og flugvélabensín (AvGas).“

d) Ákvæðum 4. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Í stað síðustu setningar a-liðar komi eftirfarandi:

„Að því er varðar stöðvar eða umráðendur loftfars, þar sem slík eldri gögn eru ekki fyrir hendi, skal nota gögn frá dæmigerðri stöð eða umráðanda loftfars, þar sem sama eða sambærileg starfsemi fer fram, sem viðmiðun og þau umreiknuð í samræmi við afköst viðkomandi stöðva eða umráðenda loftfars.“

ii. Í stað c-liðar komi eftirfarandi:

„c) „*minni háttar efnisstraumar*“: hópur óverulegra efnisstrauma, sem rekstraraðilinn velur og valda samanlagðri losun sem er 1 kílótonn eða minna af koltvísýringi úr jarðefnaeldsneyti á ári eða sem leggja til minna en 2% (þó mest 20 kílótonn af koltvísýringi úr jarðefnaeldsneyti í heild á ári) af árlegri heildarlosun koltvísýrings úr jarðefnaeldsneyti viðkomandi stöðvar eða umráðanda loftfars áður en fluttur koltvísýringur er dreginn frá, eftir því hvort gildið er hærra að því er varðar heildarlosun.“

iii. Í stað e-liðar komi eftirfarandi:

„e) „óverulegir efnisstraumar”: þeir efnisstraumar, sem rekstraraðilinn velur og valda samanlagðri losun sem er 5 kílótonn eða minna af koltvísýringi úr jarðefnaeldsneyti á ári, eða sem leggja til minna en 10% (þó mest 100 kílótonn af koltvísýringi úr jarðefnaeldsneyti í heild á ári) af árlegri heildarlosun koltvísýrings úr jarðefnaeldsneyti viðkomandi stöðvar eða umráðanda loftfars áður en fluttur koltvísýringur er dreginn frá, eftir því hvort gildið er hærra að því er varðar heildarlosun.“

e) Ákvæðum 5. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Í stað e-liðar komi eftirfarandi:

„e) „fullnægjandi áreiðanleiki”: hátt en ekki fullkomið áreiðanleikastig, sem er tilgreint á skýran hátt í sannprófunarálitinu, er varðar það að losunarskýrsla, sem á að sannprófa, sé laus við verulegar rangfærslur og að ekki sé um neitt meiri háttar ósamræmi að ræða í tengslum við stöðina eða umráðanda loftfarsins.“

ii. Í stað g-liðar komi eftirfarandi:

„g) „áreiðanleikastig”: hugtak sem vísar til þess hversu fullviss sannprófandinn er, út frá niðurstöðum sannprófunarinnar, um að tilgreindar upplýsingar í skýrslunni um árlega losun fyrir stöð eða umráðanda loftfars séu lausar við verulegar rangfærslur.“

iii. Í stað h- og i-liðar fimmtu málsgreinar komi eftirfarandi:

„h) „ósamræmi”: allar aðgerðir, sem stöð eða umráðandi loftfars, sem sanngreina skal, gerir eða lætur vera að gera, annaðhvort af ásetningi eða án ásetnings, og samræmast ekki kröfunum í vöktunaráætluninni sem lögbært yfirvald samþykkir samkvæmt leyfi stöðvarinnar eða skv. 3. gr. g í tilskipun 2003/87/EB.“

i) „meiri háttar ósamræmi”: ósamræmi við kröfurnar í vöktunaráætluninni, sem lögbært yfirvald samþykkir samkvæmt leyfi stöðvarinnar eða skv. 3. gr. g í tilskipun 2003/87/EB, gæti leitt til mismunandi meðferðar af hálfu lögbærs yfirvalds að því er varðar viðkomandi stöð eða umráðanda loftfars.“

f) Eftirfarandi 6. mgr. bætist við:

„6. Eftirfarandi skilgreiningar gilda í tengslum við losun og upplýsingar um tonnkílómetra vegna flugstarfsemi:

a) „brottfararflugvöllur“: flugvöllur, þar sem flug hefst, með flugstarfsemi sem fellur undir þá sem tilgreind er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB,

b) „komuflugvöllur“: flugvöllur, þar sem flug endar, með flugstarfsemi sem fellur undir þá sem tilgreind er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB,

c) „flugvallarpar“: par sem samanstendur af brottfararflugvelli og komuflugvelli,

d) „massa- og jafnvægisskrár“: skrár sem eru tilgreindar í alþjóðlegri eða landsbundinni framkvæmd á stöðlum og ráðlögðum starfsvenjum (e. *Standards and Recommended Practices* (SARPs)) sem mælt er fyrir um í 6. viðauka (Starfræksla loftfars) við Chicago-samninginn (*), þ.m.t. eins og tilgreint er í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 (EU-OPS), eins og henni var breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 859/2008 frá 20. ágúst 2008, í J-kafla III. viðauka, eða jafngildum alþjóðareglum,

e) „farþegar“: einstaklingar, að undanskildum flugverjum, sem eru um borð í loftfarinu meðan á flugi stendur,

f) „farmþungi“: heildarmassi vöru, pósts, farþega og farangurs um borð í loftfari meðan á flugi stendur,

g) „vegalengd“: stórbaugsbogi milli brottfararflugvallar og komuflugvallar, auk 95 km fasts viðbótarstuðuls,

h) „tonnkílómetri“: flutningur á einu tonni farmþunga í einn kílómetra.

(*) Samþykkt um alþjóðaflugmál ásamt viðaukum, undirrituð í Chicago 7. desember 1944.“

3. Ákvæðum 3. liðar er breytt sem hér segir:

a) Í annarri málsgrein komi orðin „stöð og umráðendur loftfars“ í stað orðsins „stöð“.

b) Í stað fimmtu málsgreinar komi eftirfarandi:

„*Réttleiki*. Tryggja skal að ákvörðun á losun sé hvorki kerfisbundið yfir né undir raunverulegri losun. Greina skal uppruna óvissu og draga úr henni eins og unnt er. Tryggja skal af tilhlýðilegri kostgæfni að útreikningar og mælingar á losun séu eins nákvæm og auðið er. Rekstraraðilinn skal sjá til þess að unnt sé með viðunandi vissu að ákvarða að tilkynnt losun sé rétt. Ákvarða skal losun með viðeigandi vöktunaraðferðum sem settar eru fram í þessum viðmiðunarreglum. Öll mælitæki og annar prófunarbúnaður, sem eru notuð til að skrá vöktunargögn, skulu notuð, kvörðuð, yfirfarin og þeim viðhaldið á viðeigandi hátt. Töflureiknar og önnur tæki, sem eru notuð til að geyma og meðhöndla vöktunargögn, skulu vera villulaus. Losunarskýrslur og tengdar greinargerðir skulu ekki innihalda neinar verulegar rangfærslur, vera án skekkja í vali og framsetningu upplýsinga og gefa trúverðuga og jafna mynd af losun stöðvar eða umráðanda loftfars.“

c) Í stað þriðju setningar sjöttu málsgreinar komi eftirfarandi:

„Í vöktunaráætluninni skal séð til þess að rekstraraðilinn fái skýrar og rökréttar leiðbeiningar, að komið sé í veg fyrir tvíverknað og að tekið sé tillit til kerfanna sem fyrir eru í stöðinni eða eru í notkun hjá umráðanda loftfars.“

4. Lið 4.1 er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrstu málsgreinar komi eftirfarandi:

„Vöktunar- og skýrslugjafarferli fyrir stöð eða umráðanda loftfars skal taka til allrar losunar gróðurhúsalofttegunda frá öllum upptökum losunar og/eða efnisstraumum sem tengist starfsemi, sem fer fram í stöðinni eða hjá umráðanda loftfars og tilgreind er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB, ásamt starfsemi og gróðurhúsalofttegundum sem aðildarríki tilgreinir skv. 24. gr. tilskipunar 2003/87/EB. Auk þess skulu umráðendur loftfara sjá til þess að skjalfestar verklagsreglur séu til staðar sem rekja allar breytingar á skránni yfir upptök losunar, t.d. vegna leigu eða kaupa á loftfari, og tryggja þannig heilleika gagna um losun og koma í veg fyrir tvítalningu.“

b) Í stað annarrar setningar annarrar málsgreinar komi eftirfarandi:

Því skal tilgreina í leyfinu öll þau upptök losunar og efnisstrauma frá starfsemi sem tilgreind er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB sem skal vakta og tilkynna eða, ef um flugstarfsemi er að ræða, falla undir vöktunaráætlunina.“

c) Í stað þriðju málsgreinar komi eftirfarandi:

„Ekki skal taka losun frá færanlegum brunahreyflum, sem eru notaðir til flutninga, með í áætlunum um losun stöðva.“

5. Í stað fyrstu setningarinnar í lið 4.2. komi eftirfarandi:

„Samkvæmt IV. viðauka við tilskipun 2003/87/EB er heimilt að ákvarða losun stöðva annaðhvort með:“

6. Lið 4.3 er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi setning bætist við í fyrstu málsgreinina:

„Samkvæmt 3. gr. g í þeirri tilskipun skulu umráðendur loftfara leggja vöktunaráætlun fyrir lögbært yfirvald þar sem gerð er grein fyrir ráðstöfunum til að vakta og gefa skýrslu um losun og upplýsingar um tonnkílómetra.“

b) Í stað þriðju málsgreinar komi eftirfarandi:

„Lögbært yfirvald skal yfirfara og samþykkja vöktunaráætlunina, sem rekstraraðilinn útbýr, áður en skýrslutímabilið hefst og aftur eftir hvers kyns verulegar breytingar á vöktunaraðferðinni, sem beitt er í stöð eða af umráðanda loftfars. Sé þess krafist í viðauka varðandi tiltekna starfsemi skal leggja fram vöktunaráætlun fyrir tiltekna dagsetningu og á stöðluðu sniðmáti.“

7. Ákvæðum 5. liðar er breytt sem hér segir:

a) Í stað þriðju málsgreinar í lið 5.1. undir fyrirsögninni „Losun við brennslu“, komi eftirfarandi:

„Gögn um starfsemi skulu byggjast á eldsneytisnotkun. Magn eldsneytis, sem notað er, skal gefið upp sem orkuinnihald í TJ, nema annað sé tekið fram í þessum viðmiðunarreglum. Notkun nettóvarmagildis telst ekki nauðsynleg fyrir tiltekna starfsemi ef fram kemur í viðaukunum varðandi þá tilteknu starfsemi að hægt sé að nota þá losunarstuðla, sem gefnir eru upp sem t CO_2 á hvert tonn af eldsneyti, með svipuðu nákvæmnisstigi. Losunarstuðullinn skal gefinn upp sem t CO_2/TJ, nema annað sé tekið fram í þessum viðmiðunarreglum. Þegar eldsneyti er notað oxast ekki allt kolefni eldsneytisins í koltvísýring. Ófullkomin oxun kemur til vegna ófullnægjandi brunaferlis þar sem hluti af kolefninu brennur ekki eða oxast að hluta til og myndar sót eða ösku. Kolefni, sem ekki er oxað eða er oxað að hluta, er reiknað með í oxunarstuðlinum sem skal gefinn upp sem hlutfall. Oxunarstuðullinn skal gefinn upp sem hlutfall af einum. Niðurstaðan er eftirfarandi formúla:“

b) Í stað fyrstu setningarinnar í lið 5.2. komi eftirfarandi:

„Í viðmiðunarreglunum, sem eru sértækar fyrir tiltekna starfsemi og eru settar fram í II.–XI. viðauka og XIV. og XV. viðauka, eru sérstakar aðferðir til að ákvarða eftirfarandi breytur: gögn um starfsemi (sem fela í sér tvær breytur, þ.e. streymi eldsneytis/efnis og nettóvarmagildi), losunarstuðla, gögn um samsetningu, oxunar- og breytistuðla og farmþunga.“

c) Í stað fyrirsagnarinnar í lið 5.3. komi eftirfarandi:

„5.3. VARAAÐFERÐIR FYRIR STAÐBUNDNAR STÖÐVAR“

d) Í stað fyrirsagnarinnar í lið 5.4. komi eftirfarandi:

„5.4. GÖGN UM STARFSEMI STAÐBUNDINNA STÖÐVA“

e) Í stað annarrar málsgreinar í lið 5.5. komi eftirfarandi:

„Í því skyni að ná sem mestu gagnsæi og samræmi milli landsskráa yfir gróðurhúsalofttegundir má aðeins gefa losunarstuðla losunar við brennslu fyrir eldsneyti upp sem t CO_2/t ef það hefði óhóflegan kostnað í för með sér fyrir rekstraraðilann að gefa þá upp sem t CO_2/TJ og í þeim tilvikum sem skilgreind eru í viðaukum við þessar viðmiðunarreglur varðandi tiltekna starfsemi.“

8. Í stað fyrirsagnarinnar í lið 6. komi eftirfarandi:

„6. **MÆLIMIÐAÐAR AÐFERÐIR FYRIR STAÐBUNDNAR STÖÐVAR“**

9. Lið 7.1 er breytt sem hér segir:

a) Í stað annarrar málsgreinar komi eftirfarandi:

„Samkvæmt reiknimiðuðu aðferðinni, sem er í samræmi við ákvæði liðar 5.2., hefur lögbæra yfirvaldið samþykkt samsetningu aðferðarþrepa fyrir hvern efnisstraum í tiltekinni stöð og samþykkt alla aðra þætti vöktunaraðferðarinnar fyrir þá stöð eins og fram kemur í leyfi stöðvarinnar eða vöktunaráætlun umráðanda loftfars ef um flugstarfsemi er að ræða. Þar með hefur lögbæra yfirvaldið samþykkt óvissuna sem leiðir beint af réttri beitingu samþykktu vöktunaraðferðarinnar og staðfesting á samþykkinu kemur fram í inntaki leyfisins, eða inntaki samþykktu vöktunaráætlunarinnar ef um flugstarfsemi er að ræða. Tilgreining á samsetningu aðferðarþrepa í losunarskýrslunni svarar til tilkynningar á óvissu samkvæmt tilskipun 2003/87/EB. Því er ekki gerð frekari krafa um að tilkynna óvissu ef reiknimiðuðu aðferðinni er beitt.“

b) Í stað fyrstu setningar fimmtu málsgreinar komi eftirfarandi:

„Í öllum öðrum tilvikum skal rekstraraðilinn leggja fram skriflega sönnun um óvissustigið, sem tengist uppgjöri á gögnum um starfsemi fyrir hvern efnisstraum, í því skyni að sýna fram á að farið sé að óvissumörkunum sem eru skilgreind í II.–XI. viðauka og XIV. og XV. viðauka við þessar viðmiðunarreglur.“

10. Ákvæðum 8. liðar er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrstu málsgreinar komi eftirfarandi:

„Í IV. viðauka við tilskipun 2003/87/EB eru settar fram kröfur um skýrslugjöf fyrir stöðvar og umráðendur loftfara. Skýrslusniðið, sem sett er fram í 14. lið þessa viðauka, og upplýsingarnar, sem þar er krafist, skulu notuð sem grundvöllur fyrir framlagningu megindlegra upplýsinga, nema framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hafi gefið út samsvarandi, rafræna, staðlaða aðferðarlýsingu fyrir árlega skýrslugjöf. Ef skýrslusnið er tilgreint í viðauka varðandi tiltekna starfsemi skal nota það skýrslusnið og þær upplýsingar, sem þar er krafist, til skýrslugjafar.“

b) Í stað elleftu málsgreinar komi eftirfarandi:

„Í því skyni að ná fram samræmi milli gagna, sem skýrt er frá samkvæmt tilskipun 2003/87/EB, gagna, sem aðildarríkin skýra frá samkvæmt rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og annarra gagna, sem skýrt er frá í samræmi við Evrópuskrá yfir losun og flutning mengunarefna (EPRTR), skal hver sú starfsemi, sem stöð eða umráðandi loftfars annast, vera merkt, eftir því sem við á, kóðum eftirfarandi tveggja tilkynningarkerfa:“

11. Ákvæðum 9. liðar er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrstu og annarrar málsgreinar komi eftirfarandi:

„Rekstraraðili skal skrá og geyma vöktunargögn fyrir losun stöðvar eða umráðanda loftfars frá öllum upptökum losunar og/eða efnisstraumum sem tengjast starfsemi, sem tilgreind er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB, að því er varðar losun gróðurhúsalofttegunda sem tilgreindar eru í tengslum við þessa starfsemi.

Vöktunargögn, sem eru skráð og geymd, skulu nægja til að gera það kleift að sannprófa skýrsluna um árlega losun stöðvar eða umráðanda loftfars sem rekstraraðilinn leggur fram skv. 3. mgr. 14. gr. tilskipunar 2003/87/EB í samræmi við viðmiðanirnar sem settar eru fram í V. viðauka við þá tilskipun.“

b) Í fjórðu málsgrein komi orðið „rekstraraðili“ í stað orðanna „rekstraraðili stöðvar“.

c) Í stað fimmta undirliðar fimmtu málsgreinar komi eftirfarandi:

„— gögn um öflun gagna um starfsemi fyrir stöðina eða umráðanda loftfars og tilheyrandi efnisstrauma.“

d) Eftirfarandi málsgrein bætist við í lok 9. liðar:

„Varðveita skal eftirfarandi viðbótarupplýsingar vegna flugstarfsemi:

— skrá yfir eigin loftför og leigð loftför og nauðsynlega staðfestingu á heilleika skrárinnar,

— skrá yfir flug á hverju skýrslutímabili og nauðsynlega staðfestingu á heilleika skrárinnar,

— gögn sem notuð eru til að ákvarða farmþunga og vegalengd flugs á þeim árum sem skýrslur eru gefnar um upplýsingar um tonnkílómetra,

— upplýsingaskjöl um aðferðina varðandi eyður í gögnum, ef við á, og gögnin sem notuð eru til að fylla í eyðurnar í gögnunum þar sem þær koma fyrir.“

12. Ákvæðum 10. liðar er breytt sem hér segir:

a) Í þriðju málsgrein í lið 10.3.3. komi orðin „stöð eða umráðanda loftfars“ í stað orðsins „stöðinni“.

b) Í stað þriðju málsgreinar í lið 10.4.1. komi eftirfarandi:

„Rekstraraðilinn skal leggja losunarskýrsluna og afrit af samþykktri vöktunaráætlun eða vöktunaráætlunum og allar aðrar upplýsingar, sem máli skipta, fyrir sannprófandann.“

c) Í stað annars undirliðar a-liðar annarrar málsgreinar í lið 10.4.2. komi eftirfarandi:

„— hafa skilning á allri starfsemi sem stöðin eða umráðandi loftfars annast, upptökum losunar, efnisstraumum innan stöðvarinnar eða viðeigandi flugstarfsemi umráðanda loftfars, mælibúnaðinum, sem notaður er til að vakta eða mæla gögn um starfsemi, uppruna og beitingu losunarstuðla og oxunar-/breytistuðla, og öllum öðrum gögnum, sem notuð eru til að reikna eða mæla losun, ásamt því umhverfi sem stöðin er rekin í eða umráðandi loftfars starfar í.“

d) Í stað töflu 3 í lið 10.4.2. komi eftirfarandi tafla:

„Tafla 3

	Mikilvægisstig
Stöðvar í flokki A og B eða umráðendur loftfara þar sem árleg losun koltvísýrings er 500 kílótonn eða minni	5%
Stöðvar í flokki C eða umráðendur loftfara þar sem árleg losun koltvísýrings er meiri en 500 kílótonn	2%“

13. Á eftir færslunni „Steinolía“, í töflu 4 í 11. lið bætast eftirfarandi færslur við:

Eldsneyti	Losunarstuðull (t CO_2/TJ)	Nettóvarmagildi (TJ/Gg)
	IPCC-viðmiðunarreglur frá 2006 (að undanskildum lífmassa)	IPCC-viðmiðunarreglur frá 2006
„Flugvélabensín (AvGas)	70,0	44,3
Þotubensín (Jet B)	70,0	44,3
Steinolía fyrir þotur (Jet A1 eða Jet A)	71,5	44,1“

14. Í stað þriðju setningar fyrstu málsgreinar í lið 13.5.2. komi eftirfarandi:

„Viðkomandi rannsóknarstofur og greiningaraðferðir skulu tilgreindar í vöktunaráætluninni.“

15. Í stað fyrstu setningar fyrstu málsgreinar 14. liðar komi eftirfarandi:

„Ef annað er ekki tekið fram í viðauka varðandi tiltekna starfsemi skal nota eftirfarandi töflur sem grundvöll fyrir skýrslugjöf og má aðlaga þær í samræmi við fjölda af tegundum mismunandi starfsemi, gerðir stöðva, eldsneytis og vinnslu sem eru vöktuð.“

16. Ákvæðum 15. liðar er breytt sem hér segir:

a) Í töflulið 1.A í lið 15.1. bætast eftirfarandi línur við á undan línunni „4. Aðrir geirar“:

„3. **Flutningar**
a) Almenningsflug“

b) Í töfluliðnum „MINNISATRIÐI“ í lið 15.1. bætist eftirfarandi lína við á eftir línunni „Losun koltvísýrings úr lífmassa“:

„Alþjóðlegir eldsneytisgeymar, flugsamgöngur“

B. Eftirfarandi XIV. viðauki bætist við:

„XIV. VIÐAUKI

Sértækar viðmiðunarreglur fyrir ákvörðun á losun frá flugstarfsemi sem tilgreind er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB

1. **MÖRK OG HEILLEIKI**

Nota skal viðmiðunarreglurnar í þessum viðauka, sem eru sértækar fyrir tiltekna starfsemi, til að vakta og gefa skýrslu um losun frá flugstarfsemi sem tilgreind er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB. Ákvæði II. viðauka um brennslu eldsneytis gilda ekki um hreyfanleg upptök á borð við loftför.

Taka skal með allt flug sem tilgreint er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB og er á vegum umráðanda loftfars á skýrslutímabilinu. Í þeim tilgangi að tilgreina sérstakan umráðanda loftfars, sem skilgreindur er í o-lið 3. gr. tilskipunar 2003/87/EB og ber ábyrgð á tilteknu flugi, skal nota kallmerkið sem notað er af flugumferðarstjórn (ATC). Kallmerkið er kennimerki Alþjóðaflugmálastofnunarinnar í reit 7 á flugáætluninni eða, liggi það ekki fyrir, skrásetningarmerki loftfarsins. Ef auðkenni umráðanda loftfars er óþekkt skal líta á eiganda loftfarsins sem umráðanda þess nema hann sýni fram á, með þeim hætti sem lögbært yfirvald samþykkja, hver annar sé þá umráðandi loftfarsins.

2. **ÁKVÖRÐUN Á LOSUN KOLTVÍSÝRINGS**

Reikna skal losun koltvísýrings frá flugstarfsemi með eftirfarandi formúlu:

Losun koltvísýrings = Eldsneytisnotkun × losunarstuðull

2.1. VAL Á AÐFERÐ

Umráðandi loftfars skal taka fram í vöktunaráætluninni hvaða vöktunaraðferð er notuð fyrir hverja tegund loftfars. Ef umráðandi loftfars ætlar að nota leigð loftför eða aðrar tegundir loftfara, sem ekki eru taldar upp í vöktunaráætluninni þegar hún er lögð fyrir lögbært yfirvald, skal umráðandi loftfarsins leggja fram lýsingu í vöktunaráætluninni á þeirri aðferð sem notuð verður til að skilgreina vöktunaraðferðina fyrir þessar tegundir loftfara til viðbótar. Umráðandi loftfars skal sjá til þess að þeirri vöktunaraðferð, sem valin hefur verið, sé beitt með samræmdum hætti.

Umráðandi loftfars skal taka fram í vöktunaráætluninni fyrir hverja tegund loftfars:

a) hvaða reikniformúla verði notuð (aðferð A eða aðferð B),

b) gagnagjafann sem notaður er til að ákvarða gögn varðandi áfyllt eldsneytismagn og eldsneyti í geyminum og aðferðirnar við að senda, varðveita og sækja þau gögn,

c) hvaða aðferð er notuð, eftir því sem við á, til að ákvarða eðlismassa. Þegar samsvörunartöflur fyrir eðlismassa/hitastig eru notaðar skal rekstraraðilinn tilgreina hvaðan þau gögn koma.

Ef það er nauðsynlegt vegna sérstakra aðstæðna, t.d. er eldsneytisbirgjar geta ekki veitt allar upplýsingar sem krafist er um tilteknar aðferðir, er heimilt, að því er varðar b- og c-lið, að skráin yfir þær aðferðir sem beitt er innihaldi skrá yfir frávik frá hinni almennu aðferð fyrir sérstaka flugvelli.

2.2. ELDSNEYTISNOTKUN

Eldsneytisnotkun er gefin upp sem það eldsneyti sem notað er í massaeiningum (tonnum) á skýrslutímabilinu.

Vakta skal eldsneytisnotkunina fyrir hvert flug og hverja tegund eldsneytis og taka skal með eldsneyti sem aukaaflstöð notar eins og kveðið er á um í reikniformúlunum hér á eftir. Heimilt er að ákvarða áfyllt eldsneytismagn á grundvelli mælinga eldsneytisbirgja eins og skjalfest er á afhendingarseðlum eldsneytis eða reikningum fyrir hvert flug. Að öðrum kosti er einnig hægt að ákvarða áfyllt eldsneytismagn með því að nota innbyggt mælikerfi í loftfarinu. Gögnin skulu fengin frá eldsneytisbirginum eða tekin úr massa- og jafnvægisskrám eða tækniflugbók loftfarsins eða send rafrænt frá loftfarinu til umráðanda loftfarsins. Ákvarða má eldsneytismagn í geyminum með því að nota innbyggt mælikerfi í loftfarinu og skrá upplýsingarnar í massa- og jafnvægisskrárnar eða í tækniflugbók loftfarsins eða senda þær rafrænt frá loftfarinu til umráðanda loftfarsins.

Rekstraraðilinn skal velja þá aðferð sem skilar heillegustu og tímaréttustu gögnunum með sem minnstri óvissu án þess að það hafi óhóflegan kostnað í för með sér.

2.2.1. *REIKNIFORMÚLUR*

Raunveruleg eldsneytisnotkun skal reiknuð út með annarri hvorri eftirfarandi aðferða:

AÐFERÐ A:

Nota skal eftirfarandi formúlu:

Raunveruleg eldsneytisnotkun í hverri flugferð (tonn) = magn eldsneytis í geymum loftfars eftir að áfyllingu eldsneytis fyrir flugið er lokið (tonn) – magn eldsneytis í geymum loftfars eftir að áfyllingu eldsneytis fyrir næsta flug er lokið (tonn) + áfyllt magn eldsneytis fyrir síðarnefnda flugið (tonn).

Ef ekki er um áfyllingu eldsneytis að ræða fyrir flugið eða fyrir næsta flug skal magn eldsneytis í geymi loftfarsins ákvarðað við hlaðfarartíma flugsins eða næsta flugs. Í undantekningartilviki þar sem loftfar er notað í annað en flug, t.d. gengst undir meiri háttar viðhald, sem felur í sér að geymar þess eru tæmdir, eftir flugið þar sem fylgst er með eldsneytisnotkun, getur umráðandi loftfars skipt út tölunum fyrir „magn eldsneytis í geymum loftfars eftir að áfyllingu eldsneytis fyrir næsta flug er lokið + áfyllt magn eldsneytis fyrir síðarnefnda flugið“ fyrir „magn eldsneytis sem eftir er í geymum við upphaf síðari notkunar loftfarsins“ samkvæmt upplýsingunum í tækniflugbókum.

AÐFERÐ B:

Nota skal eftirfarandi formúlu:

Raunveruleg eldsneytisnotkun í hverri flugferð (tonn) = magn eldsneytis, sem eftir er í geymum loftfars við hlaðkomutíma í lok síðasta flugs (tonn) + magn áfyllts eldsneytis fyrir flugið – magn eldsneytis í geymum við hlaðkomutíma í lok flugsins (tonn)

Hlaðkomutími getur talist svara til þess tíma þegar slökkt er á vélunum. Ef loftfar fór ekki í flug fyrir flugið, þar sem eldsneytisnotkunin er mæld, geta umráðendur loftfara, í stað þess að færa inn „magn eldsneytis sem eftir er í geymum loftfars við hlaðkomutíma í lok síðasta flugs“, gefið upp magn eldsneytis sem eftir er í geymum loftfarsins í lok fyrri notkunar loftfarsins samkvæmt upplýsingunum í tækniflugbókum.

2.2.2. *KRÖFUR UM MAGNÁKVÖRÐUN*

Aðferðarþrep 1

Eldsneytisnotkun á skýrslutímabilinu skal ákvörðuð með hámarksóvissu sem er minni en ± 5,0%.

Aðferðarþrep 2

Eldsneytisnotkun á skýrslutímabilinu skal ákvörðuð með hámarksóvissu sem er minni en ± 2,5 %.

Umráðendur loftfara, þar sem tilkynnt, árleg losun á síðasta viðskiptatímabili (eða varfærnislegt mat eða spá ef upplýsingar um tilkynnta losun eru ekki tiltækar eða eiga ekki lengur við) er að meðaltali 50 kílótonn eða minna af koltvísýringi úr jarðefnaeldsneyti, skulu beita a.m.k. aðferðarþrepi 1 fyrir meiri háttar efnisstrauma. Allir aðrir umráðendur loftfara skulu beita aðferðarþrepi 2 fyrir meiri háttar efnisstrauma.

2.2.3. *EÐLISMASSI ELDSNEYTIS*

Ef áfyllt eldsneytismagn eða magn eldsneytisins, sem eftir er í geymunum, er ákvarðað í rúmmálseiningum (lítrar eða rúmmetrar), skal umráðandi loftfars umreikna magnið úr rúmmáli í massa með því að nota gildi fyrir raunverulegan eðlismassa. Raunverulegur eðlismassi er sá eðlismassi sem gefinn er upp sem kg/lítra og skal ákvarðaður við raunverulega hitastigið við tiltekna mælingu. Ef ekki er hægt að nota innbyggð mælikerfi skal raunverulegi eðlismassinn vera sá sem eldsneytisbirgirinn mælir við áfyllingu eldsneytis og skráður er á reikningnum fyrir eldsneytinu eða afhendingarseðlinum. Ef slíkar upplýsingar liggja ekki fyrir skal ákvarða raunverulega eðlismassann með stöðluðum samsvörunartöflum fyrir eðlismassa/hitastig út frá hitastigi eldsneytisins við áfyllingu samkvæmt upplýsingum eldsneytisbirgis eða því sem tilgreint er á flugvellinum þar sem áfyllingin á sér stað. Aðeins skal beita stöðluðum eðlismassastuðli, 0,8 kg/lítra, í þeim tilvikum þar sem sýnt hefur verið fram á með þeim hætti sem lögbært yfirvald samþykkir að raunveruleg gildi liggi ekki fyrir.

2.3. LOSUNARSTUÐULL

Eftirfarandi viðmiðunarstuðlar, gefnir upp sem t CO2/t eldsneytis, sem byggja á viðmiðunargildum fyrir nettóvarmagildi og losunarstuðlum, sem tilgreindir eru í 11. lið I. viðauka, skulu notaðir fyrir allar tegundir flugvélaeldsneytis:

Tafla 1

Losunarstuðlar fyrir flugvélaeldsneyti

Eldsneyti	Losunarstuðull (t CO_2/t eldsneytis)
Flugvélabensín (AvGas)	3,10
Þotubensín (Jet B)	3,10
Steinolía fyrir þotur (Jet A1 eða Jet A)	3,15

Í tengslum við skýrslugjöf fellur þessi aðferð undir aðferðarþrep 1.

Varðandi annars konar eldsneyti, þar sem viðmiðunargildi hafa ekki verið skilgreind, skal ákvarða losunarstuðla, sem eru sértækir fyrir tiltekna starfsemi, eins og tilgreint er í lið 5.5 og 13. lið í I. viðauka. Í þeim tilvikum skal ákvarða og tilkynna nettóvarmagildið sem minnisatriði. Innihaldi annars konar eldsneyti lífmassa skulu þær kröfur gilda sem settar eru fram í I. viðauka varðandi vöktun og skýrslugjöf í tengslum við innihald lífmassa.

Að því er varðar eldsneyti á markaði má ákvarða losunarstuðulinn eða kolefnisinnihaldið, sem liggur honum til grundvallar, innihald lífmassans og nettóvarmagildið út frá innkaupaskrá eldsneytisbirgisins fyrir viðkomandi eldsneyti, að því tilskildu að ákvörðunin byggist á viðurkenndum, alþjóðlegum stöðlum.

3. **MAT Á ÓVISSU**

Umráðandi loftfars skal hafa skilning á því hver eru helstu upptök óvissu við útreikning á losun. Umráðendur loftfara þurfa ekki að vinna nákvæmt mat á óvissu eins og sett er fram í lið 7.1. í I. viðauka, að því tilskildu að umráðandi loftfars greini uppruna óvissu og tilgreini tengd óvissustig. Þessar upplýsingar skulu notaðar þegar vöktunaraðferð er valin skv. lið 2.2.

Þegar áfyllt eldsneytismagn er ákvarðað eingöngu út frá magni eldsneytis á reikningi eða öðrum viðeigandi upplýsingum sem eldsneytisbirgir veitir, t.d. með afhendingarseðlum fyrir áfyllt eldsneytismagn fyrir hvert flug, þarf ekki frekari sönnun fyrir óvissustiginu.

Ef innbyggð kerfi um borð eru notuð til að mæla áfyllt eldsneytismagn skal óvissustigið, sem tengist mælingu eldsneytisins, vera stutt kvörðunarvottorðum. Ef slík vottorð eru ekki fyrir hendi skal umráðandi loftfars:

— leggja fram nákvæmar forskriftir framleiðanda loftfarsins fyrir ákvörðun óvissustigsins í innbyggða eldsneytismælikerfinu og

— leggja fram staðfestingu á því að fram hafi farið venjubundið eftirlit með því að eldsneytismælikerfin séu starfrækt á fullnægjandi hátt.

Óvissa varðandi alla aðra þætti vöktunaraðferðarinnar má byggjast á varfærnislegu sérfræðiáliti með tilliti til áætlaðs fjölda flugferða á skýrslutímabilinu. Ekki eru gerðar kröfur um að taka tillit til uppsafnaðra áhrifa frá öllum þáttum mælikerfisins á óvissuna í árlegum gögnum um starfsemina.

Umráðendur loftfara skulu reglulega milligáta magn áfyllts eldsneytis samkvæmt vörureikningi og magn áfyllts eldsneytis eins og það kemur fram á innbyggða mælitækinu og grípa til aðgerða til leiðréttingar í samræmi við lið 10.3.5 ef frávika verður vart.

4. EINFÖLDUÐ MÁLSMEÐFERÐ FYRIR SMÁLOSENDUR

Umráðendur loftfara, sem annast færri en 243 flugferðir á hverju tímabili í þrjú samfelld, fjögurra mánaða tímabil, og umráðendur loftfara, sem annast flugferðir þar sem árleg heildarlosun er minni en 10 000 tonn koltvísýrings, teljast smálosendur.

Umráðendur loftfara, sem teljast smálosendur, geta áætlað eldsneytisnotkun með tækjum sem Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu hefur tekið upp eða önnur viðeigandi stofnun, sem getur tekið til meðferðar allar viðeigandi upplýsingar um flugumferð, s.s. þær sem aðgengilegar eru Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu. Viðkomandi tæki skulu eingöngu notuð hafi framkvæmdastjórnin samþykkt þau, þ.m.t. beiting leiðréttingarstuðla til að bæta upp ónákvæmni í þeim aðferðum sem hafðar eru til að setja upp líkön.

Umráðandi loftfars, sem nýtir sér einfaldaða málsmeðferð og fer yfir mörkin fyrir smálosendur á skýrslugjafarári, skal tilkynna það lögbæru yfirvaldi. Umráðandi loftfarsins skal uppfæra vöktunaráætlunina til að uppfylla þær kröfur sem mælt er fyrir um í 2. og 3. lið nema hann sýni fram á, með þeim hætti sem lögbært yfirvald samþykkir, að ekki verði aftur farið yfir mörkin frá og með næsta skýrslutímabili. Endurskoðuðu vöktunaráætlunina skal leggja án ástæðulausrar tafar fyrir lögbært yfirvald til samþykkis.

5. AÐFERÐIR VARÐANDI EYÐUR Í GÖGNUM

Umráðandi loftfars skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að upplýsingar vanti með því að hrinda í framkvæmd viðeigandi eftirlitsstarfsemi sem um getur í liðum 10.2–10.3 í I. viðauka við þessar viðmiðunarreglur.

Komist lögbært yfirvald, umráðandi loftfars eða sannprófandinn að raun um það fyrir flug, sem fellur undir I. viðauka tilskipunar 2003/87/EB, að hluta upplýsinganna vantar, sem eru nauðsynlegar til að ákvarða losun, vegna aðstæðna sem umráðandi loftfars fær ekki við ráðið og ekki er hægt að ákvarða með annarri aðferð sem skilgreind er í vöktunaráætluninni er heimilt að umráðandinn ákvarði losunina með því að nota þau tæki sem tilgreind eru í 4. lið. Tilgreina skal magn losunar, þar sem slík aðferð er notuð, í skýrslunni um árlega losun.

6. VÖKTUNARÁÆTLUN

Umráðendur loftfara skulu leggja vöktunaráætlun sína fyrir lögbært yfirvald til samþykkis a.m.k. fjórum mánuðum fyrir upphaf fyrsta skýrslutímabilsins.

Lögbært yfirvald skal sjá til þess að umráðandi loftfars endurskoði vöktunaráætlunina fyrir upphaf hvers viðskiptatímabils og leggi fram endurskoðaða vöktunaráætlun eftir því sem við á. Í kjölfar þess að lögð er fram vöktunaráætlun fyrir skýrslugjöf um losun frá 1. janúar 2010 skal endurskoðun vöktunaráætlunarinnar fara fram fyrir upphaf viðskiptatímabilsins, sem hefst árið 2013.

Við slíka endurskoðun skal umráðandi loftfars meta, með þeim hætti sem lögbært yfirvald samþykkir, hvort hægt sé að breyta vöktunaraðferðinni til að auka gæði gagnanna, sem koma fram í skýrslunum, án þess að það hafi óhóflegan kostnað í för með sér. Tilkynna skal lögbæru yfirvaldi um tillagðar breytingar á vöktunaráætluninni, ef einhverjar eru. Verulegar breytingar á vöktunaraðferðinni, sem leiða til þess að uppfæra þarf vöktunaráætlunina, skulu háðar samþykki lögbærs yfirvalds. Verulegar breytingar teljast:

— breyting á tilkynntri, árlegri losun sem leiðir til þess að umráðandi loftfarsins verður að nota annað aðferðarþrep, eins og mælt er fyrir um í lið 2.2.2.,

— breyting á fjölda flugferða eða árlegri heildarlosun sem veldur því að umráðandi loftfars fer yfir efri mörkin fyrir smálosendur, eins og mælt er fyrir um í 4. lið,

— verulegar breytingar á eldsneytistegundinni sem notuð er.

Þrátt fyrir lið 4.3 í I. viðauka skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram í vöktunaráætluninni:

Fyrir alla umráðendur loftfara:

1) auðkenni umráðanda loftfars, kallmerki eða önnur einkvæm kennimerki sem notuð eru við flugumferðarstjórn, samskiptaupplýsingar umráðanda loftfars og ábyrgs aðila hjá umráðanda loftfars, heimilisfang tengiliðar,

2) útgáfunúmer vöktunaráætlunarinnar,

3) upphafleg skrá yfir tegundir loftfara í flugflota sem umráðandinn rekur á þeim tíma þegar vöktunaráætlunin er lögð fram, fjölda loftfara af hverri tegund og viðmiðunarskrá yfir tegundir loftfara til viðbótar sem búast má við að verði notaðar, þ.m.t. áætlaður fjöldi loftfara af hverri tegund, liggi hann fyrir, og eldsneytisstraumar (tegundir eldsneytis) í tengslum við hverja tegund loftfars,

4) lýsing á aðferðum, kerfum og ábyrgð sem notuð eru til að rekja heilleika skrárinnar yfir upptök losunarinnar á vöktunarárinu, þ.e. til að tryggja heilleika vöktunarinnar og skýrslugjafarinnar um losun loftfara, sem eru í eigu umráðanda, auk leigðra loftfara,

5) lýsing á þeim aðferðum, sem notaðar eru til að vakta heilleika skrárinnar yfir flug sem starfrækt eru undir einkvæmu kennimerki flugvallarpars, og aðferðunum, sem notaðar eru til að ákvarða hvort flug falli undir I. viðauka tilskipunar 2003/87/EB, sem tryggir heilleika og kemur í veg fyrir tvítalningu,

6) lýsing á starfsemi varðandi gagnasöfnun og -meðhöndlun, eftirlitsstarfsemi, starfsemi varðandi gæðaeftirlit og -tryggingu, þ.m.t. viðhald og kvörðun mælibúnaðar (sjá lið 10.3 í I. viðauka),

7) upplýsingar, eftir því sem við á, um viðeigandi tengsl við starfsemi umhverfisstjórnunarkerfis Bandalagsins (EMAS) og annarra umhverfisstjórnunarkerfa (t.d. ISO14001:2004), einkum að því er varðar aðferðir og eftirlit sem varða vöktun og skýrslugjöf í tengslum við losun gróðurhúsalofttegunda.

Til viðbótar við 1.–7. lið skulu koma fram í vöktunaráætlun allra umráðenda loftfara, að undanskildum smálosendum, sem vilja nýta sér einfölduðu málsmeðferðina sem skilgreind er í 4. lið, eftirfarandi atriði:

8) lýsing á aðferðunum til að vakta eldsneytisnotkun loftfara, bæði eigin loftfara og þeirra loftfara sem þeir leigja, þ.m.t.:

   a) sú aðferð, sem valin er (aðferð A eða aðferð B) til útreiknings á eldsneytisnotkun; ef sama aðferð er ekki notuð fyrir allar tegundir loftfara þarf að rökstyðja þessa aðferð og leggja fram skrá þar sem tilgreindar eru hvaða aðferðir eru notaðar og við hvaða aðstæður,

   b) aðferðir til að mæla áfyllt eldsneytismagn og eldsneytismagn í geymum, þ.m.t. valin aðferðarþrep, lýsing á mælitækjum sem notuð eru og aðferðir við að skrá, sækja, senda og varðveita upplýsingar varðandi mælingar, eftir því sem við á,

c) aðferð við að tryggja að heildaróvissan við eldsneytismælingar sé í samræmi við kröfur þess aðferðarþreps, sem valið er, með vísun í kvörðunarvottorð mælikerfa, landslög, ákvæði í viðskiptamannasamningum eða staðla eldsneytisbirgja fyrir nákvæmni,

9) aðferðir, sem notaðar eru við mælingu eðlismassans í tengslum við áfyllt eldsneytismagn og eldsneytismagn í geymum, þ.m.t. lýsing á viðeigandi mælitækjum eða, ef mælingar eru ekki framkvæmanlegar, staðalgildið sem notað er og rökstuðningur fyrir þeirri aðferð,

10) losunarstuðlar sem notaðir eru fyrir hverja tegund eldsneytis eða, ef um er að ræða annars konar eldsneyti, aðferðir við að ákvarða losunarstuðla, þ.m.t. aðferðir við sýnatöku, greiningaraðferðir, lýsing á rannsóknarstofum sem notaðar eru og faggildingu þeirra og/eða aðferðir þeirra við gæðatryggingu.

Til viðbótar við 1.–7. lið skal eftirfarandi koma fram í vöktunaráætluninni fyrir þá smálosendur sem vilja nýta sér einfölduðu málsmeðferðina, sem skilgreind er í 4. lið:

11) staðfesting á því að viðmiðunarmörkin, sem skilgreind eru fyrir smálosendur í 4. lið, séu virt,

12) staðfesting á því hvaða tæki verði notað, eins og lýst er í 4. lið, þ.m.t. lýsing á tækinu.

Lögbært yfirvald getur farið fram á það við umráðanda loftfars að hann noti rafrænt sniðmát við framlagningu vöktunaráætlunarinnar. Framkvæmdastjórninni er heimilt að birta staðlað, rafrænt sniðmát eða forskrift að skráasniði. Lögbært yfirvald skal í þeim tilvikum samþykkja notkun umráðanda loftfarsins á því sniðmáti eða þeirri forskrift, nema sniðmát lögbæra yfirvaldsins krefjist a.m.k. sama gagnaílags.

7. SKÝRSLUSNIÐ

Umráðendur loftfara skulu nota sniðið, sem sett er fram í 8. lið, fyrir skýrslugjöf um árlega losun. Lögbært yfirvald getur farið fram á það við umráðanda loftfars að hann noti rafrænt sniðmát til að afhenda skýrsluna um árlega losun. Framkvæmdastjórninni er heimilt að birta staðlað, rafrænt sniðmát eða forskrift að skráasniði. Lögbært yfirvald skal í þeim tilvikum samþykkja notkun umráðanda loftfarsins á því sniðmáti eða þeirri forskrift, nema sniðmát lögbæra yfirvaldsins krefjist a.m.k. sama gagnaílags.

Losun skal gefin upp sem tonn af koltvísýringi, námunduð að heilli tölu. Losunarstuðlar skulu námundaðir þannig að marktækir tölustafir séu aðeins þeir sem skipta máli fyrir bæði útreikninga á losun og skýrslugjöf. Eldsneytisnotkun í hverju flugi skal gefin upp með öllum marktækum aukastöfum í tengslum við útreikninga.

8. INNTAK SKÝRSLUNNAR UM ÁRLEGA LOSUN

Hver umráðandi loftfars skal láta eftirfarandi upplýsingar koma fram í skýrslu sinni um árlega losun:

1) upplýsingar til sanngreiningar á umráðanda loftfars eins og sett er fram í IV. viðauka við tilskipun 2003/87/EB og kallmerki eða önnur einkvæm kennimerki, sem notuð eru við flugumferðarstjórn, ásamt viðeigandi samskiptaupplýsingum,

2) heiti og heimilisfang sannprófanda skýrslunnar,

3) skýrslugjafarárið,

4) tilvísun í viðkomandi, samþykkta vöktunaráætlun og útgáfunúmer hennar,

5) breytingar á starfseminni, sem máli skipta, og frávik frá samþykktu vöktunaráætluninni á skýrslutímabilinu,

6) skráningarnúmer loftfaranna og tegundir þeirra loftfara, sem notuð eru á tímabilinu, sem skýrslan tekur til, til flugstarfseminnar sem fellur undir I. viðauka tilskipunar 2003/87/EB og er á vegum umráðandans,

7) heildarfjöldi flugferða sem skýrslan tekur til,

8) gögnin samkvæmt töflu 2.

9) Minnisatriði: magn lífmassa, sem notað er sem eldsneyti á skýrslugjafarárinu (í tonnum eða rúmmetrum), tilgreint eftir eldsneytistegund.

Tafla 2

Skýrslusnið fyrir árlega losun frá flugstarfsemi

Mæliþáttur	Einingar	Efnisstraumur			Samtals
		Eldsneytistegund 1	Eldsneytistegund 2	Eldsneytistegund n	
Heiti eldsneytis					
Upptök losunar við notkun hverrar tegundar efnisstraums (almennar tegundir loftfara):					
Heildareldsneytisnotkun	t				
Nettóvarmagildi eldsneytis ([1])	TJ/t				
Losunarstuðull fyrir þetta eldsneyti	t CO_2/t eða t CO_2/TJ				
Uppsöfnuð heildarlosun koltvísýrings frá öllu hæfu flugi þar sem þetta eldsneyti er notað	t CO_2				
þar sem brottfararaðildarríkið er það sama og komuaðildarríkið (innanlandsflug)	t CO_2				
ásamt öllu öðru flugi (millilandaflug bæði innan og utan ESB)	t CO_2				
Uppsöfnuð losun koltvísýrings frá öllu flugi þar sem brottfararaðildarríkið er það sama og komuaðildarríkið (innanlandsflug):					
Aðildarríki 1	t CO_2				
Aðildarríki 2	t CO_2				
Aðildarríki n	t CO_2				
Uppsöfnuð losun koltvísýrings í öllum flugferðum sem flognar eru frá hverju aðildarríki til annars aðildarríkis eða til þriðja lands ([2]):					
Aðildarríki 1	t CO_2				
Aðildarríki 2	t CO_2				
Aðildarríki n	t CO_2				
Uppsöfnuð losun koltvísýrings í öllum flugferðum til hvers aðildarríkis frá þriðja landi ([2]):					
Aðildarríki 1	t CO_2				
Aðildarríki 2	t CO_2				
Aðildarríki n	t CO_2				

([1]) Á ekki við um staðlaðar eldsneytistegundir á markaði, sem eru tilgreindar í töflu 1 í þessum viðauka, og notaðar eru í flugstarfsemi.
([2]) Uppsöfnuð losun þriðja lands sem tilkynnt er fyrir hvert land.

Hver umráðandi loftfars skal láta eftirfarandi upplýsingar koma fram sem viðauka við skýrslu sína um árlega losun:

— Árleg losun og árlegur fjöldi flugferða fyrir hvert flugvallarpar.

Rekstraraðilinn getur gert þá kröfu að farið verði með þennan viðauka sem trúnaðarupplýsingar.

9. **SANNPRÓFUN**

Sannprófandinn skal, til viðbótar við kröfurnar varðandi sannprófunina sem settar eru fram í lið 10.4, taka tillit til eftirfarandi:

— heilleika gagna varðandi flug og losun í samanburði við upplýsingar um flugumferð sem Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu tekur saman,

— samræmis milli tilkynntra gagna og massa- og jafnvægisskráa,

— samræmis milli gagna um uppsafnaða eldsneytisnotkun og gagna um eldsneyti sem er keypt eða útvegað á annan hátt fyrir loftfarið sem notað er við flugstarfsemina.“

C. Eftirfarandi XV. viðauki bætist við:

„XV. VIÐAUKI

Sértækar viðmiðunarreglur fyrir ákvörðun á upplýsingum um tonnkílómetra vegna flugstarfsemi í tengslum við umsókn skv. 3. gr. e eða 3. gr. f í tilskipun 2003/87/EB

1. **INNGANGUR**

Í þessum viðauka eru almennar viðmiðunarreglur um vöktun, skýrslugjöf og sannprófun upplýsinga um tonnkílómetra fyrir flugstarfsemina sem tilgreind er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB.

Ákvæði I. viðauka gilda um vöktun, skýrslugjöf og sannprófun upplýsinga um tonnkílómetra eftir því sem við á. Því skal túlka tilvísanir í losun sem tilvísun í upplýsingar um tonnkílómetra. Liðir 4.1, 4.2 og 5.1 og liðir 5.3 til 5.7, 6. og 7. liður og 11. til 16. liður í I. viðauka eiga ekki við um upplýsingar um tonnkílómetra.

2. **MÖRK OG HEILLEIKI**

Nota skal viðmiðunarreglurnar í þessum viðauka, sem eru sértækar fyrir tiltekna starfsemi, til að vakta og gefa skýrslu með upplýsingum um tonnkílómetra í flugstarfseminni sem tilgreind er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB. Allt flug, sem fellur undir I. viðauka við þá tilskipun og er á vegum umráðanda loftfars á skýrslutímabilinu, skal tekið með.

Í þeim tilgangi að tilgreina sérstakan umráðanda loftfars, sem skilgreindur er í o-lið 3. gr. tilskipunar 2003/87/EB og ber ábyrgð á tilteknu flugi, skal nota kallmerkið sem notað er af flugumferðarstjórn (ATC). Kallmerkið er kennimerki Alþjóðaflugmálastofnunarinnar í reit 7 á flugáætluninni eða, liggi það ekki fyrir, skrásetningarmerki loftfarsins. Ef auðkenni umráðanda loftfars er óþekkt skal líta á eiganda loftfarsins sem umráðanda þess nema hann færi sönnur á það með fullnægjandi hætti fyrir lögbæru yfirvaldi hver sé þá umráðandi loftfarsins.

3. **VÖKTUNARÁÆTLUNIN**

Samkvæmt 3. gr. g í tilskipun 2003/87/EB skulu umráðendur loftfara leggja fram vöktunaráætlun þar sem gerð er grein fyrir ráðstöfunum til að vakta og gefa skýrslu um upplýsingar um tonnkílómetra.

Umráðendur loftfara skulu leggja vöktunaráætlun sína fyrir lögbært yfirvald til samþykkis a.m.k. fjórum mánuðum fyrir upphaf fyrsta skýrslutímabilsins.

Umráðandi loftfars skal taka fram í vöktunaráætluninni hvaða vöktunaraðferð er notuð fyrir hverja tegund loftfars. Ef umráðandi loftfars ætlar að nota leigð loftför eða aðrar tegundir loftfara, sem ekki eru taldar upp í vöktunaráætluninni þegar hún er lögð fyrir lögbært yfirvald, skal umráðandi loftfarsins leggja fram lýsingu í vöktunaráætluninni á þeirri aðferð sem notuð verður til að skilgreina vöktunaraðferðina fyrir þessar tegundir loftfara til viðbótar. Umráðandi loftfars skal sjá til þess að þeirri vöktunaraðferð, sem valin hefur verið, sé beitt með samræmdum hætti.

Þrátt fyrir lið 4.3 í I. viðauka skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram í vöktunaráætluninni:

1) auðkenni umráðanda loftfars, kallmerki eða önnur einkvæm kennimerki, sem notuð eru við flugumferðarstjórn, samskiptaupplýsingar umráðanda loftfars og ábyrgs aðila hjá umráðanda loftfars, heimilisfang tengiliðar,

2) útgáfunúmer vöktunaráætlunarinnar,

3) upphafleg skrá yfir tegundir loftfara í flugflota sem umráðandi rekur á þeim tíma sem vöktunaráætlunin er lögð fram, fjölda loftfara af hverri tegund og viðmiðunarskrá yfir tegundir loftfara til viðbótar sem búast má við að verði notaðar, þ.m.t. áætlaður fjöldi loftfara af hverri tegund, liggi þær upplýsingar fyrir,

4) lýsing á aðferðum, kerfum og ábyrgð, sem notuð eru til að rekja heilleika skrárinnar yfir starfrækt loftför á vöktunarárinu, þ.e. til að tryggja heilleika vöktunarinnar og skýrslugjafarinnar um upplýsingar um tonnkílómetra fyrir loftför, sem eru í eigu umráðanda, auk leigðra loftfara,

5) lýsing á þeim aðferðum, sem notaðar eru til að vakta heilleika skrárinnar yfir flug sem starfrækt eru undir einkvæmu kennimerki flugvallarpars, og aðferðunum, sem notaðar eru til að ákvarða hvort flug falli undir I. viðauka tilskipunar 2003/87/EB, sem tryggir heilleika og kemur í veg fyrir tvítalningu,

6) lýsing á starfsemi varðandi gagnasöfnun og -meðhöndlun og eftirlitsstarfsemi í samræmi við lið 10.3. í I. viðauka,

7) upplýsingar um tengsl, er máli skipta, við starfsemi innan gæðastjórnunarkerfis, einkum að því er varðar aðferðir og eftirlit sem varða vöktun og skýrslugjöf upplýsinga um tonnkílómetra, ef við á,

8) lýsing á aðferðum við ákvörðun upplýsinga um tonnkílómetra fyrir hvert flug, þ.m.t.

   a) aðferðir, ábyrgð, gagnagjafar og reikniformúlur fyrir ákvörðun og skráningu á vegalengd fyrir hvert flugvallarpar,

   b) hvort staðalmassinn 100 kg fyrir hvern farþega (aðferðarþrep 1) sé notaður eða farþegamassinn úr massa- og jafnvægisskrá (aðferðarþrep 2). Ef um er að ræða aðferðarþrep 2 skal leggja fram lýsingu á aðferð við að fá út farþegamassa,

   c) lýsing á aðferðum sem notaðar eru til að ákvarða massa vöru og pósts,

   d) lýsing á mælitækjunum, sem notuð eru til að mæla massa farþega, vöru og pósts, eftir því sem við á.

Lögbært yfirvald getur farið fram á það við umráðanda loftfars að hann noti rafrænt sniðmát við framlagningu vöktunaráætlunarinnar. Framkvæmdastjórninni er heimilt að birta staðlað, rafrænt sniðmát eða forskrift að skráasniði. Lögbært yfirvald skal í þeim tilvikum samþykkja notkun umráðanda loftfarsins á því sniðmáti eða þeirri forskrift, nema sniðmát lögbæra yfirvaldsins krefjist a.m.k. sama gagnaílags.

4. AÐFERÐIR VIÐ ÚTREIKNING UPPLÝSINGA UM TONNKÍLÓMETRA

4,1. REIKNIFORMÚLA

Umráðendur loftfara skulu vakta og gefa skýrslu um upplýsingar um tonnkílómetra með reiknimiðaðri aðferð. Útreikningar upplýsinga um tonnkílómetra skulu byggjast á eftirfarandi formúlu:

tonnkílómetrar (t km) = vegalengd (km) × farmþungi (t)

4.2. VEGALENGD

Reikna skal vegalengd með eftirfarandi formúlu:

vegalengd (km) = stórbaugsbogi (km) + 95 km

Stórbaugsboginn er skilgreindur sem stysta vegalengdin milli tveggja punkta á yfirborði jarðar, sem skal áætluð með því að nota kerfið sem um getur í grein 3.7.1.1. í 15. viðauka við Chicago-samninginn (WGS 84).

Breiddar- og lengdargráða flugvalla skal annað hvort fengin úr upplýsingum um staðsetningu flugvallar sem birt eru í flugupplýsingahandbókum (e. *Aeronautical Information Publications*, AIP) í samræmi við 15. viðauka Chicago-samningsins eða frá gagnagjöfum sem styðjast við slík gögn úr flugupplýsingahandbókum.

Einnig er heimilt að nota vegalengdir sem reiknaðar eru út með hugbúnaði eða af hálfu þriðja aðila, að því tilskildu að reikniaðferðin byggist á formúlunni hér að framan og upplýsingum úr flugupplýsingahandbókum.

4,3. FARMÞUNGI

Reikna skal farmþunga með eftirfarandi formúlu:

farmþungi (t) = massi vöru og pósts (t) + massi farþega og skráðs farangurs (t)

4.3.1. *MASSI VÖRU OG PÓSTS*

Nota skal raunverulegan massa eða staðalmassa sem gefinn er upp í massa- og jafnvægisskránni fyrir viðkomandi flugferðir við útreikning á farmþunga. Umráðendur loftfara, sem þurfa ekki að halda massa- og jafnvægisskrár, skulu leggja fram tillögu um viðeigandi aðferð við ákvörðun massa vöru og pósts í vöktunaráætluninni til samþykkis af hálfu lögbærs yfirvalds.

Töruþungi allra vörubretta og gáma, sem telst ekki farmþungi eða þyngd í rekstri (e. service weight), skal vera undanskilinn frá raunverulegum massa vöru og pósts.

4.3.2. *MASSI FARÞEGA OG SKRÁÐS FARANGURS*

Umráðendum loftfara er heimilt að nota annað af tveimur mismunandi aðferðarþrepum til að ákvarða massa farþega. Umráðandi loftfarsins getur að lágmarki valið aðferðarþrep 1 til að ákvarða massa farþega og skráðs farangurs. Nota skal það aðferðarþrep, sem valið er, fyrir öll flug á sama viðskiptatímabili.

Aðferðarþrep 1

Staðalgildið 100 kg er notað fyrir hvern farþega og skráðan farangur hans.

Aðferðarþrep 2

Massinn fyrir farþega og skráðan farangur, sem finna má í massa- og jafnvægisskránni fyrir hvert flug, er notaður.

5. **MAT Á ÓVISSU**

Umráðandi loftfars skal hafa skilning á því hver eru helstu upptök óvissu við útreikning á upplýsingum um tonnkílómetra. Ekki er þörf á nákvæmri greiningu á óvissu, eins og sett er fram í 7. lið I. viðauka, þegar kemur að aðferðinni um ákvörðun á upplýsingum um tonnkílómetra.

Umráðandi loftfars skal viðhafa reglulegt og hæfilegt eftirlit, sem sett er fram í lið 10.2. og 10.3. í I. viðauka, og grípa tafarlaust til aðgerða til úrbóta í samræmi við lið 10.3.5. ef frávika verður vart.

6. **SKÝRSLUGJÖF**

Krafist er skýrslugjafar varðandi upplýsingar um tonnkílómetra í tengslum við umsókn skv. 3. gr. e og 3. gr. f í tilskipun 2003/87/EB, eingöngu að því er varðar þau vöktunarár sem þar eru skilgreind.

Umráðendur loftfara skulu nota sniðið, sem sett er fram í 7. lið hér á eftir, fyrir framlagningu upplýsinga um tonnkílómetra. Lögbært yfirvald gestur farið fram á það við umráðanda loftfars að hann noti rafrænt sniðmát við framlagningu skýrslunnar um upplýsingar um tonnkílómetra. Framkvæmdastjórninni er heimilt að birta staðlað, rafrænt sniðmát eða forskrift að skráasniði. Lögbært yfirvald skal í þeim tilvikum samþykkja notkun umráðanda loftfarsins á því sniðmáti eða þeirri forskrift, nema sniðmát lögbæra yfirvaldsins krefjist a.m.k. sama gagnaílags.

Tonnkílómetrar skulu gefnir upp sem námunduð tala [t km]. Við útreikning skal nota allar upplýsingar fyrir hvert flug með öllum marktækum aukastöfum.

7. **EFNI SKÝRSLUNNAR UM UPPLÝSINGAR UM TONNKÍLÓMETRA**

Hver umráðandi loftfars skal láta eftirfarandi upplýsingar koma fram í skýrslu sinni um upplýsingar um tonnkílómetra:

1) upplýsingar um umráðanda loftfars eins og sett er fram í IV. viðauka við tilskipun 2003/87/EB og kallmerki eða önnur einkvæm kennimerki, sem notuð eru í tengslum við flugumferðarstjórn, ásamt þeim samskiptaupplýsingum sem máli skipta,

2) heiti og heimilisfang sannprófanda skýrslunnar,

3) skýrslugjafarárið,

4) tilvísun í viðkomandi, samþykkta vöktunaráætlun og útgáfunúmer hennar,

5) breytingar á starfseminni, sem máli skipta, og frávik frá samþykktu vöktunaráætluninni á skýrslutímabilinu,

6) skráningarnúmer loftfaranna og tegundir þeirra loftfara, sem notuð eru á tímabilinu, sem skýrslan tekur til, til flugstarfseminnar sem fellur undir I. viðauka tilskipunar 2003/87/EB og er á vegum umráðandans,

7) aðferð sem notuð er við útreikning á massa farþega og skráðs farangurs, svo og vara og pósts,

8) heildarfjöldi farþegakílómetra og tonnkílómetra fyrir öll flug á árinu, sem skýrslan tengist og fellur undir flugstarfsemina sem tilgreind er í I. viðauka,

9) fyrir hvert flugvallarpar: kennimerki Alþjóðaflugmálastofnunarinnar fyrir báða flugvellina, vegalengd (= stórbaugsbogi + 95 km) í kílómetrum, heildarfjöldi flugferða fyrir hvert flugvallarpar á skýrslutímabilinu, heildarmassi farþega og skráðs farangurs (tonn) á skýrslutímabilinu fyrir hvert flugvallarpar, heildarfjöldi farþega × kílómetrar fyrir hvert flugvallarpar, heildarmassi vöru og pósts (tonn) á skýrslutímabilinu fyrir hvert flugvallarpar, tonnkílómetrar samtals fyrir hvert flugvallarpar (t km).

8. **SANNPRÓFUN**

Sannprófandinn skal, til viðbótar við kröfurnar varðandi sannprófunina sem settar eru fram í lið 10.4, taka tillit til eftirfarandi:

— heilleika upplýsinga varðandi flug og tonnkílómetra í samanburði við upplýsingar um flugumferð, sem Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu tekur saman, til að ganga úr skugga um að aðeins sé tekið tillit til hæfra fluga í skýrslu umráðandans,

— samræmis milli tilkynntra gagna og massa- og jafnvægisskráa.

Mikilvægisstigið varðandi upplýsingar um tonnkílómetra skal vera 5%.“